Í þetta sinn er gengið þannig frá áætlun Áfengisverzlunarinnar, og einnig Tóbakseinkasölunnar, að það er tekinn inn í fjárlögin aðeins áætlaður hagnaður, en ekki sundurliðun um reksturinn. Þetta er gert vegna þess, að fjármálaráðherra mun leggja fyrir Alþingi frumvarp um að sameina þessi fyrirtæki í eitt fyrirtæki, og verði það samþykkt, breytist reksturinn svo mjög á næsta ári, að ekki er eðlilegt að gera áætlun um hann í sama horfi og áður.

4. Tóbakseinkasala ríkisins. Hagnaður af Tóbakseinkasölunni varð 26.9 millj. kr. á árinu 1949. Nettóhagnaður hennar á þessu ári er nokkuð drýgri en í fyrra. Sýnist ekki óvarlegt að áætla tekjur af þessari verzlun 22 millj. kr., og er það gert í þessu frumvarpi.

5. Rekstraráætlun útvarpsins er tekin í frumvarpið eins og hún kom frá menntamálaráðuneytinu.

Til athugunar er framtíð Trésmiðju ríkisins, hvort seld verði eða rekin áfram. Áætlun fyrir hana er því ekki tekin í frv., a. m. k. ekki að svo stöddu.

Um olíuflutningskipið „Þyril“ vísast til athugasemda um 13. gr. B.

Rekstraráætlanir Ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg, Áburðareinkasölu ríkisins, Grænmetisverzlunar ríkisins, Landssmiðjunnar, Tunnuverksmiðju ríkisins, Innkaupastofnunar ríkisins og ríkisbúsins á Bessastöðum, eru teknir í frumvarpið eins og viðkomandi ráðuneyti hafa gengið frá þeim.

Um 7. gr.

Vextir og afborganir af föstum lánum 1951 sundurliðast þannig:

I. Innlend lán:

Vextir: (7. gr. 1) Kr.	Afborganir: (20. gr. út, I,1,a) Kr.	
520.00	2 600.00	Lán vegna kaupa á Reykjatorfu.
250 68	4 177.87	Lán vegna kaupa á húseigninni „Gimli“.
321.75	5 850.00	Lán vegna kaupa á húseigninni Austurstræti 20, Rvík.

6 998.75	8 483.28	Lán vegna kaupa á fasteignum á Eyrarbakka og Stokkseyri.
23 375.00	42 500.00	Innanríkislán 1938.
832.00	3 466.72	Lán vegna kaupa á Amtmannsstíg 1.
1 569.51	5 231.65	Lán vegna kaupa á Kaldaðarnestorfu.
44 299.63	70 450.00	Innanríkislán 1940.
288 000.00	400 000.00	Innanríkislán 1941.
19 300.00	580 000.00	Innanríkislán 1944.
131 250.00	450 000.00	Innanríkislán 1944.
675.00	15 000.00	Lán vegna kaupa á landeignum í Hveragerði.
150 000.00	1 000 000.00	Lán til styrktar síldarútveginum 1947.
234 000.00	1 910 000.00	Lán hjá Landsbanka Íslands vegna framlags til Alþjóðabanka og gjaldeyrissjóðs.
20 000.00	800 000.00	Lán hjá Búnaðarbanka Íslands vegna laga um landnám, nýbyggðir o. fl.
5 500.00	50 000.00	Lán vegna embættisbústaðar sakadómara í Reykjavík.
82 315.20	374 160.00	Af eignakönnunarbréfum.
8 400.00	30 000.00	Lán hjá Helga Tryggvasyni vegna kaupa á blaðasafni.
3 663.00	24 420.00	Lán vegna kaupa á búi Kvenfélagsins Hringurinn í Kópavogi.
750 000.00		Happdrættislán A-flokkur.
750 000.00		Happdrættislán B-flokkur.
916 000.00	7 630 000.00	Fiskábyrgðir.
396 000.00	400 000.00	Lán hjá Landsbanka Íslands vegna Skipaútgerðar ríkisins o. fl. (L. 90/1945.)
10 000.00	200 000.00	Lán hjá byggingarsjóði ríkisútvarpsins vegna byggingarkostnaðar á Keldum.
100 000.00	1 000.000.00	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins.
66 000.00	300 000.00	Lán til greiðslu á skuld síldarverksmiðja ríkisins við Eimskipafélag Íslands vegna síldarflutninga veturinn 1947—1948.
4 375.00	87 500.00	Lán vegna flutnings á tilraunastöðinni á Hafursá til Skriðuklausturs.
110 640.00	429 385.00	Lán til byggingar landshafnar í Keflavík og Njarðvíkum.
85 050.00	610 000.00	Lán til byggingar þjóðminjasafnshúss.
20 000.00	100 000.00	Lán vegna Landssímans, sbr. fjárl. 1949, 22. gr. XXIII.
8 125.00	115 000.00	Lán vegna kaupa á bæjarfógetabústað í Keflavík.
5 000.00	50 000.00	Lán vegna sýslumannsbústaðar í Vík í Mýrdal.
33 600.00	84 000.00	Lán vegna afurðatjónsbóta bænda milli Héraðsvatna og Blöndu, er slátruðu fé sínu haustið 1949.
13 750.00	10 000.00	Vegna eignarnáms á Egilsstaðalandi (ræktunarland fyrir þorpið).
175 000.00		Afurðatjónsbætur vegna fjárskipta bænda milli Héraðsvatna og Miðfjarðar 1948, skuldabréfalán 1950.
309 750.00	2 600 000.00	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins vegna skuldaskipta frá 1949.
	1 500 000.00	Lán hjá Búnaðarbanka Íslands til þriggja ára vegna lána og framlags í sambandi við óþurrkana 1950.
4 774 560.52	20 892 224.59	

II. Erlend lán:

Vextir: (7. gr. 2) Kr.	Afborganir: (20. gr. út, I,1,b) Kr.	
2 663.19	4 836.81	Forsörgelsesforeningen Bicuben, Köbenhavn, (til Vífilsstaðahælis 1909).
25 706.43	104 293.57	Statsanstalten for Livsforsikring, Köbenhavn, (til veðdeildarbréfakaupa).
7 300.84	26 007.16	Det Forenede Danske Livsforsikringsaktieselskab „Hafnia", Köbenhavn, 1927.
43 300.28	86 113.72	Det Forenede Danske Livsforsikringsaktieselskab „Hafnia", Köbenhavn, 1927.
43 300.28	86 113.72	Dansk Folkeforsikringsanstalt, Köbenhavn 1927.
122 271.02	307 364.98	danskar krónur eða
288 926.42	726 303.44	íslenzkar krónur.

Á frumvarpi til fjárlaga 1950 var gert ráð fyrir vaxtagreiðslu af láni 1948 hjá Export-Import Bank, Washington, til kaupa á síldarvinnslutækjum o. fl.; samkvæmt samningi, er gerður var, eftir að fjárlögin 1950 voru samin, ber lán þetta ekki vexti fyrr en frá og með 30. júní 1952, og falla því vaxtagreiðslur niður til þess tíma.

Greiðslur vegna landshafnar í Keflavík og Njarðvíkum hafa lækkað allverulega frá fyrri áætlun, þar sem nú fyrst er unnt að gera sér grein fyrir greiðslugetu hafnarinnar sjálfrar.

Hækkun vaxta og afborgana af erlendum lánum stafar eingöngu af gengislækkuninni.

Lækkun á lausaskuldavöxtum stafar af því, að við vaxtaútreikning af lausaskuld ríkisins í Landsbankanum verður inneign mótvirðissjóðs tekin til greina á móti.

Um 8. gr.

Tillögur forsætisráðuneytisins hafa verið teknar óbreyttar í frumvarpið.

Sú breyting verður á greininni frá síðustu fjárlögum, að kostnaðurinn er sundurliðaður, og Fálkaorðan flutt á 10. gr., sem sérstakur kostnaðarliður við forsætisráðuneytið. Er þetta gert til samræmingar.

Um 9. gr.

Alþingiskostnaður er áætlaður í samræmi við það, sem hann varð árið 1949.

Um 10. gr.

I. *Stjórnarráðið.* Nokkrar tilfærslur á starfsfólki hafa orðið milli atvinnumálaráðuneytisins, dómsmálaráðuneytisins og félagsmálaráðuneytisins, og breytast launagreiðslur ráðuneytanna í samræmi við það. Sjúkramáladeild og örkumla hefur verið lögð niður, en störf hennar lögð undir félagsmálaráðuneytið. Færast starfsmenn hennar úr atvinnumálaráðuneytinu og yfir til félagsmálaráðuneytisins og dómsmálaráðuneytisins. Fækkað hefur verið um einn fulltrúa í utanríkisráðuneytinu, og ákveðið hefur verið að fækka um einn fulltrúa í félagsmálaráðuneytinu og einn ritara í utanríkisráðuneytinu. Þá verður einnig fækkað um einn fulltrúa í viðskiptamálaráðuneytinu. Vegna mikilla anna í endurskoðunardeildinni var í ársbyrjun ráðinn þangað nýr fulltrúi. Nokkrar breytingar eru á launum vegna aldurshækkana.

Annar kostnaður við stjórnarráðið er áætlaður óbreyttur frá núgildandi fjárlögum.

II. *Hagstofan.* Grunnlaun hækka um tæpar þúsund krónur vegna aldurshækkana. Vegna verðhækkunar hækkar prentun hagskýrslna um 10 000 kr. og húsaleiga,

ljós og hiti um 10 000 kr., að talsverðu leyti vegna viðbótarhúsnæðis fyrir skýrslugerðarvélar. Prentun eyðublaða lækkar aftur á móti um 5 þús. kr., þar eð prentun manntalseyðublaða er lokið. Liðurinn „Annar kostnaður“ hækkar um 50 000 kr. vegna vélaleigu, sem greiða þarf í dollurum, en láðist að hækka í þessa árs fjárlögum í samræmi við gengislækkunina.

III. Fylgt hefur verið nær alveg tillögum utanríkisráðuneytisins. Risna og staðaruppbót er nú fært með laununum, enda eðlilegt, þar sem hér er um raunverulega launagreiðslu að ræða.

1. Lækkar um 1 700 kr. vegna ofreiknaðra launa í núgildandi fjárlögum.

2. Laun óbreytt, en annar kostnaður hækkar um 12 000 kr., sem einkum stafar af hækkun húsaleigu, ljóss og hita.

3. Laun hækka um 26 400 kr., aðallega vegna launauppbótar til sendiherra, en annar kostnaður lækkar um 6 100 kr. Heildarhækkun verður 20 300 kr.

4. Hækkar um 700 kr., aðallega vegna smámisreiknings við gengisbreytinguna. Þar sem ríkisstjórnin mun leggja til, að sendiráðið í Moskva verði lagt niður, er ekki áætluð nein fjárveiting til þess.

5. Kostnaður við sendiráðið í París hækkar um 199 300 kr. Stafar þessi mikla hækkun af því, að starfsmönnum þessa sendiráðs eru greidd laun í dollurum, en þegar síðasta fjárhagsáætlun fyrir sendiráðið var samin, hafði láðst að reikna með fyrri gengislækkun krónunnar gagnvart dollar. Þá hafa laun sendiráðunauts einnig verið hækkuð um 30 000 kr., vegna húsaleigukostnaðar.

6. Laun lækka um 1 800 kr. vegna leiðréttingar. Annar kostnaður hækkar um 3 000 kr., aðallega vegna hækkaðrar húsaleigu. Hækkun alls 4.800 kr.

7. Laun lækka um 8 200 kr. vegna minni aðkeyptrar vinnu. Annar kostnaður er áætlaður 10 300 kr. hærri en í ár, aðallega vegna hækkunar húsaleigu. Hækkun alls 2 100 kr.

8. Hækkar um 2 700 kr.

Aðrir liðir eru áætlaðir óbreyttir. 15. liður í núgildandi fjárlögum, 150 000 kr., fellur niður.

Um 11. gr. A.

1. Grunnlaun óbreytt. Útgáfukostnaður hæstaréttardóma hækkar um 5 000 kr. vegna verðhækkunar á pappír og prentun.

2. Grunnlaun óbreytt. Annar kostnaður hækkar um 3 000 kr.

3. Grunnlaun óbreytt. Húsnæði, ljós, hiti og ræsting hækkar um 1 000 kr. vegna hækkaðrar húsaleigu.

4. Tekin eru nú í fjárlög laun fulltrúa, sem fer með umferðarmál, en hann var ráðinn fyrir síðustu áramót. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækka um 5 500 kr. Annar kostnaður hækkar um 10 200 kr. Ráðgert er að fækka um eina bifreið við embættið og sparast við það um 20 000 kr.

5. Grunnlaun óbreytt. Aukavinna hækkar um 2 500 kr. og er það mikil lækkun frá tillögu lögreglustjóra. Ljós, hiti ræsting og húskostnaður hækkar um rúmar 10 000 kr. vegna launahækkana og aukins viðhaldskostnaðar. Annar kostnaður lækkar um 17 000 kr.

6. a. Grunnlaun hækka lítið eitt vegna aldurshækkana og einnig þess, að bæjarfógeti er nú kominn í stað lögreglustjóra í Keflavík.

b. Dómsmálaráðuneytið telur ógerlegt að áætla skrifstofukostnaðinn lægri en hér er gert, og er það í samræmi við reynslu síðustu ára. Er þessi áætlun aðeins lítið hærri en í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 1949, en þá var áætlunin lækkuð verulega í meðferð þingsins og sú tala aftur tekin óbreytt í núgildandi fjárlög. Ráðuneytið telur þýðingarlaust að áætla þenna kostnað mun lægri en hann raunverulega er, þótt það telji mjög æskilegt, að hægt væri að draga úr honum.

Athugað hefur verið nokkuð, hversu mikill hluti af störfum sýslumanna- og bæjarfógetaembættanna sé í þágu almannatrygginganna. Mun það að meðaltali vera

um 25—30%. Í samræmi við það þykir sanngjarnt, að hluti Tryggingastofnunar ríkisins af skrifstofukostnaði hækki um 300 000 kr.

7. Laun hreppstjóra hækka sem nemur uppbótum.

8. Grunnlaun hækka sem nemur launum tveggja nýrra lögreglumanna. Aðrir liðir hækka einnig nokkuð vegna aukins kostnaðar, einkum einkennisfatnaður. Tekinn er sem sérliður fæðisstyrkur lögreglumanna á Keflavíkurflugvelli, 73 200 kr. Hefur þessi styrkur verið greiddur undanfarin ár, vegna hins mjög háa fæðiskostnaðar á Keflavíkurflugvelli. Þess ber að gæta í sambandi við þessi útgjöld, að 30% skattur til ríkissjóðs er lagður á alla fæðissölu til Íslendinga í hóteli Keflavíkurflugvallar.

Hluti ríkissjóðs af lögreglukostnaði í Reykjavík er of lágt áætlaður í núgildandi fjárlögum.

9. Kostnaður við landhelgisgæzlu hækkar um 400 000 kr. Gert er ráð fyrir, að hið nýja varðskip, sem er í smíðum í Danmörku, verði tekið í notkun á síðari hluta næsta árs.

10. a. Grunnlaun óbreytt, en annar kostnaður hækkar allmikið vegna þess, að fangelsisrýmið hefur stækkuð um þriðjung við brottflutning Hæstaréttar.

b. Grunnlaun óbreytt, en önnur gjöld hækka nokkuð, vegna verðhækkunar á matvörum o. fl. Tekjur lækka um 5 000 kr.

c. Hækkun 4 000 kr. Ekki þykir ástæða til að sundurliða kostnaðinn.

d. Óbreytt.

14. Þessi liður varð um 100 000 kr. árið 1949, en er áætlaður hér 70 000 kr.

15. Til viðgerða á bæjarfógetahúsinu í Neskaupstað vegna skemmda af skriðuhlaupi eru veittar 100 000 kr. á núgildandi fjárlögum. Sú fjárhæð mun ekki nægja, og er lagt til, að 50 000 kr. verði veittar til viðbótar.

16. Launauppbót eða verðlagsuppbót verður ekki greidd á laun dómara í félagsdómi.

Um 11. gr. B.

1. Grunnlaun óbreytt og einnig annar kostnaður. Áætlað er, að tekjur verði jafnar gjöldum.

2. Grunnlaun hækka lítið eitt vegna aldurshækkana, og ferðakostnaður hækkar um 5000 kr. Tekjur eru áætlaðar jafnar gjöldum.

3. Dregið er úr útgjöldum frá tillögum stofnunarinnar, og dómsmálaráðuneytisins í því trausti, að hægt sé að draga úr kostnaðinum. Dómsmálaráðuneytið hefur tilkynnt, að það hafi nú ákveðið að segja upp einum bifreiðaeftirlitsmanni.

Tekjur eru áætlaðar jafnar gjöldum. Ákveðið hefur verið að hækka skoðunargjöld bifreiða úr 60 kr. í 80 kr., og ætti sú hækkun að auka tekjurnar allverulega.

4. Grunnlaun óbreytt. Annar kostnaður hækkar lítið eitt, en er lækkaður verulega frá tillögum atvinnumálaráðuneytisins. Tekjuáætlun hækkar um 27 000 kr. vegna fyrirhugaðrar 40% hækkunar á gjaldskrá.

5. Ákveðið hefur verið að fækka um einn starfsmann og í trausti þess, að unnt reynist að fækka um tvo, lækka grunnlaun sem því nemur. Aðrir kostnaðarliðir óbreyttir frá núgildandi fjárlögum. Tekjur þykir ekki fært að hækka neitt að ráði, að óbreyttum skipulagsgjöldum, og verður því rekstrarhalli 17 509. kr.

6. Við matvælaeftirlitið fækkar um einn starfsmann. Tekjur eru áætlaðar jafnar gjöldum.

7. Kostnaður við fiskmatið hefur verið of lágt áætlaður í núgildandi fjárlögum, og verður því um óumflýjanlega umframgreiðslu að ræða á þessu ári. Grunnlaun eru óbreytt, en annar kostnaður hækkar. Veittar eru 15 000 kr. til námskeiða fiskmatsmanna, sem ráð er fyrir gert í lögum um fiskmat. Ferðakostnaður fiskmatsmanna er nú færður sérstaklega.

Kostnaður við annað afurðamat hækkar aðeins sem nemur launauppbótum.

8.—9. Óbreytt. Vísitöluuppbót ekki greidd.

10. Grunnlaun óbreytt.

11. Óbreytt. Vísitöluuppbót ekki greidd.

13. Hluti ríkissjóðs af kostnaði við húsaleigunefndir er nú færður ósundurliðaður. Hann er lækkaður um ⅓ með það fyrir augum, að greiðsla til nefndanna og annar kostnaður verði lækkaður.

Ekki er enn vitað, hvers kostnaðar má vænta af eftirliti með gjaldeyrisverzlun og verðlagi á næsta ári, því að nú er verið að framkvæma breytingar á þessu eftirliti. Fullvíst má telja, að kostnaður verði ekki meiri en leyfisgjöldin. Er því þeim lið sleppt að svo stöddu.

Um 11. gr. C.

I. Grunnlaun hækka vegna aldurshækkana um rúmar 10 000.00. Aftur á móti lækka launin sem svarar launum tveggja skattritara. Húsnæði, ljós og hiti hækkar um 10 000.00 og annar kostnaður um 10 000.00. Er það þó 45 000 kr. lægra en í áætlun tollstjóra.

b. Grunnlaun hækka lítið eitt vegna aldurshækkana. Húsaleiga, ljós og hiti og annar kostnaður við tollgæzluna í Reykjavík hækkar um 30 000 kr. og er það 40 000 kr. lægra en í áætlun tollstjóra.

II. a. Launauppbót ekki greidd á laun ríkisskattanefndar. Annar kostnaður óbreyttur.

b. Fækkað hefur verið um einn ritara í skattstofunni í Reykjavík. Kostnaðaráætlun skattstofunnar hefur verið mikið lækkuð. Er þessi lækkun gerð með hliðsjón af því, að greiddur verði af stóreignaskatti kostnaður við álagningu hans.

c. Hækkun um 50 000 kr. vegna launauppbóta.

d. Óbreytt.

e. Hækkar um 50 000 kr. með hliðsjón af reynslu ársins 1949.

Ákveðið hefur verið að leggja niður embætti skattdómara, og fellur því sá liður niður.

Um 11. gr. D.

Vegna hækkunar á burðargjöldum, símagjöldum og pappírs- og prentkostnaði er óumflýjanlegt að hækka þessa liði um samtals 200 000 kr.

Um 12. gr.

II. Laun lækka sem nemur launum héraðslæknis í Reykjavík, en það embætti hefur nú verið lagt niður.

IV. Fylgt hefur verið að mestu tillögum stjórnar ríkisspítalanna, en ýmsir gjaldaliðir þó lækkaðir allmikið. Er enn um allverulega gjaldahækkun að ræða, vegna hækkandi verðlags. Nokkrar breytingar hafa orðið samkv. samningum frá 1949 til hækkunar á launakjörum sumra lækna, einkum við Landsspítalann, en á móti fellur niður fastur árlegur utanfararstyrkur þeirra. Í tillögum stjórnar ríkisspítalanna er gert ráð fyrir nýjum vélgæzlumanni við Kleppsspítala, starfsmanni við næturvakt á Kleppjárnsreykjahæli og tveimur gangastúlkum í Kristneshæli. Á þessa fjölgun starfsfólks vill ráðuneytið ekki fallast, og er því áætlun viðkomandi sjúkrahúsa lækkuð sem þessu nemur.

Tekið er inn sem nýr liður 70 þús. kr. fjárveiting til drykkjumannahælis á Úlfarsá, sem gert er ráð fyrir, að taki til starfa á næstunni.

V. Útgjöld vegna lögboðinna framlaga til berklasjúklinga eru áætluð í samræmi við tillögur félagsmálaráðuneytisins.

VI. Sama um þenna lið.

Aðrir liðir greinarinnar eru áætlaðir óbreyttir frá núgildandi fjárlögum.

XXII., XXIII. og XXV. liður núgildandi fjárlaga, samtals 85 000 kr., falla niður.

Um 13. gr. A.

Farið er að mestu leyti eftir tillögum vegamálastjóra.

I. Grunnlaun hækka um 8 400 kr. vegna aldurshækkana. Annar kostnaður er

óbreyttur, en ferðakostnaður hækkar um 50 000 kr. vegna hækkunar á fæði og gistingu. Rétt þykir, að mælinga- og ferðakostnaður verkfræðinga færist að einhverju leyti á framkvæmdir, sem unnið er við, einkum þær stærri, og er því tekinn upp tekjuliður, 250 000 kr., með hliðsjón af þessu.

II. Vegamálastjóri leggur til, að 7.5 millj. kr. sé varið til nýrra akvega, en ekki þykir fært að leggja til, að sú fjárveiting verði hærri en 7 millj. kr.

Til viðhalds er áætlað að verja sömu fjárhæð og í ár, 12.8 millj. kr., og er það 700 000 kr. lægra en tillaga vegamálastjóra.

III. Tekjur úr brúarsjóði til umráða 1950 eru taldar muni verða um 1.1 millj. kr., en áætlaðar 1.8 millj. á næsta ári. Með hliðsjón af þessu er lækkað framlag til brúargerða um 500 000 kr. frá núgildandi fjárlögum, og er það í samræmi við tillögur vegamálastjóra.

IV.—X. Óbreytt.

IX. Lagt til, að þessi liður lækki um 20 000 kr.

XI. Rétt þykir að fallast á að hækka liðinn um 4 000 kr., til þess að hægt verði að greiða nokkra uppbót

XIII. Þessi liður varð 418 000 kr. 1949, og þar sem gera má ráð fyrir eigi minni kaupgreiðslum á næsta ári, er liðurinn áætlaður 420 000 kr.

Um 13. gr. B.

I. Fylgt hefur verið að mestu leyti tillögum forstjóra Skipaútgerðarinnar, enda virðast þær hóflegar. Gerðar verða ráðstafanir til þess að afnema þann mikla halla, sem verið hefur á vöruafgreiðslunni.

Olíuflutningaskipið „Þyrill“ hefur verið afhent Skipaútgerðinni til fullra umráða, og er því talið með í þessari rekstraráætlun, en fellt niður af 3. gr.

Viðhald og endurbætur skipa og vörur til véla og skipa hefur verið lækkað um 200 000 kr. frá tillögum forstjóra Skipaútgerðarinnar og tekjuáætlunin hækkuð um 100 000 kr. Verður hallinn því 1 782 000, eða 518 000 kr. minni en í núgildandi fjárlögum, þegar „Þyrill“ er með talinn.

II. Lagt er til að framlag til flóabáta verði 750 000 kr. og er það 208 000 kr. lægra en í núgildandi fjárlögum.

III. liður núgildandi fjárlaga fellur niður, þar eð áætlunarbifreiðar póststjórnarinnar hafa verið seldar. Hefur verið tap á þeim rekstri undanfarið, þótt eigi væri áætlað fyrir því í fjárlögum.

III. Tillögur forstjóra Ferðaskrifstofu ríkisins eru teknar að mestu óbreyttar, enda lækkar heldur halli sá, sem talið er þurfa að greiða úr sérleyfissjóði.

Samkvæmt tillögu forsætisráðuneytisins er tekin upp 30 000 kr. fjárveiting til umbóta við Geysi í Haukadal.

Um 13. gr. C.

Bætt er við einum verkfræðingi, þar eð vitamálastjóri tekur nú aftur við störfum, og hækka því launagreiðslur samkvæmt því. Hins vegar er gert ráð fyrir, að af launum verkfræðinga færist á hafnir 200 000 kr. í stað 155 492 sem vitamálastjórnin leggur til, þannig að launagreiðslur hækka aðeins í samræmi við þá launahækkun, er Alþingi gerði ráð fyrir í þessa árs fjárlögum, og væntanlegri vísitöluhækkun. Af sömu ástæðu hækka laun vitavarða um tæp 100 þús. kr.

Þá er lagt til, að til lendingarbóta og hafnargerða verði varið 3 750 000 kr., sem er tæpum 750 þús. kr. minna en í núgildandi fjárlögum. Til hafnarbótasjóðs er áætlað 500 þús. kr.

Framlag til ferjuhafna er fellt niður.

Um 13. gr. D.

Fylgt er í öllum meginatriðum tillögum flugráðs með breytingum flugmálaráðuneytisins.

I. Launagreiðslur lækka sem nemur launum flugmálastjóra, en það embætti hefur verið ákveðið að leggja niður. Endurgreiðsla frá alþjóðaflugmálastofnuninni er nú færð sérstaklega til frádráttar, en í núgildandi fjárlögum eru gjaldaliðir vegna stjórnar og skrifstofukostnaðar færðir nettó.

II. Annar kostnaður hækkar um 94 700 kr. vegna hækkaðs verðs á ljósi, hita o. fl. Um verulega lækkun er þó að ræða frá tillögum flugráðs.

III. Annar kostnaður er áætlaður 90 000 kr. Hefur sú liður sýnilega verið of lágt áætlaður í núgildandi fjárlögum. Tillaga flugráðs er allmiklu hærri.

IV. Til skýringa eru nú sundurliðaðar greiðslur vegna annarra flugvalla. Á þenna lið færist nú engin þátttaka í kostnaði á öðrum liðum.

V.—XIII. Eðlilegt þykir að færa saman í einn lið útgjöld vegna alþjóða flugþjónustunnar. Framlag til ICAO hækkar sem nemur gengisbreytingunni. Vegna fjölgunar nema, sem þjálfaðir eru í flugvallastörfum, hækkar sá liður um 75 000 kr. Ýmsir aðrir liðir breytast lítið eitt.

Tekjur eru áætlaðar um þriðjungi hærri en í núgildandi fjárlögum. Er þetta gert með hliðsjón af reynslu þessa árs.

Um 14. gr. A.

1. Óbreytt, nema eðlileg launaviðbót.

II. Laun sóknarpresta og prófasta eru nú færð í einu lagi. Áætlun biskupsskrifstofunnar er alltof lág, miðað við hinar raunverulegu launagreiðslur til presta og prófasta. Grunnlaun hækka allverulega frá núgildandi fjárlögum, og stafar sú hækkun af því, að ekki mun þar vera reiknað með lögboðnu framlagi til prestakallasjóðs, en hér er það með talið þannig, að áætlað er, að öllum prestaköllum sé þjónað. Greiðsla til prestakallasjóðs nemur í ár 108 000 kr.

Frá heildarlaunaupphæðinni hefur svo verið dregin nokkur fjárhæð með hliðsjón af því, að lagt mun verða fram stjórnarfrumvarp um sameiningu nokkurra prestakalla.

Til endurbóta á gömlum íbúðarhúsum á prestsetrum mun óumflýjanlegt að verja 50 000 kr. hærra en á núgildandi fjárlögum.

Sanngjarnt verður að teljast að greiða nokkra uppbót á eftirlaunaviðbót uppgjafapresta og prestsekkna, og er því sá liður áætlaður 45 000 kr.

V. Nýr liður, sem rétt þykir að taka sérstaklega í fjárlög, en húsaleigan hefur orðið þessi síðustu árin.

Aðrir liðir óbreyttir. VIII. liður í núgildandi fjárlögum fellur niður.

Um 14. gr. B.

Fylgt er að mestu leyti tillögum menntamálaráðuneytisins.

I. Föst laun hafa hækkað um 14 000 kr. vegna tveggja aukakennara. Hiti, ljós og ræsting lækka um 12 000 kr. vegna sparnaðar í ræstingu. Kostnaður við stundakennslu hækkar vegna launauppbótar. Kostnaður Háskólans af rannsóknarstofu í líffæra- og lífeðlisfræði, sem í núgildandi fjárlögum er 26 000 kr., fellur niður. Önnur gjöld eru áætluð 140 000 kr., og er það 40 000 kr. lægra en í tillögum háskólarektors. Bætt er við nýjum lið, til kaupa á eðlisfræðilegum tækjum, samkvæmt ósk menntamálaráðuneytisins.

Annar kostnaður við Keldur hækkar um 6 000 kr., en tekjur hækka um 16 000 kr.

II. a-liður hækkar um 25 000 kr., en b-liður lækkar um sömu upphæð. Aðrir liðir, samtals 290 500 kr., falla niður.

III. Grunnlaun lækka um 9 200 kr. Annar kostnaður hækkar um 5 000 kr.

IV. Laun hliðstæð og á núgildandi fjárlögum. Hiti, ljós og ræsting hækka um 10 000 kr. Vegna efnisskorts seinkar heildaraðgerð á skólahúsinu. Er því hægt að lækka fjárveitinguna til viðhalds húsa og áhalda um 250 000 kr. Annar kostnaður lækkar um 10 000 kr., en til prófdómara hækkar um 4 000. Lagt er til að verja 3 000 kr. til námsferða, og mun sá styrkur hafa verið greiddur að undanförnu.

V. Grunnlaun hækka um laun eins fastakennara. Hiti, ljós og ræsting hækka um 30 000 kr. vegna nýja heimavistarhússins. Tekin er upp sama fjárveiting til námsferða og við M. R. Aðrir liðir óbreyttir.

VI. Grunnlaun óbreytt. Hiti, ljós og ræsting hækka um 5 000 kr. og viðhald um 5 000 kr. vegna verðlagshækkunar.

VII. Áætlað svipað og á núgildandi fjárlögum. Niður er þó felld fjárveiting til námskeiða utan Reykjavíkur, 40 000 kr. í þessa árs fjárlögum, þar eð skólastjóri telur ekki ástæðu til að halda slík námskeið á næstunni vegna mjög lítils áhuga og þátttöku í þeim tveimur námskeiðum, sem haldin hafa verið síðustu 5 árin.

VIII. Hækkar um 7 000 kr., auk launauppbóta.

IX. Útgjöld hækka samtals um 23 000 kr., en tekjur um 14 000 kr. Rekstrarhalli eykst því um 9 000 kr.

X. 1. Grunnlaun óbreytt. Hiti, ljós og ræsting hækka um 5 000 kr. og til viðhalds húsa um 5 000 kr. Til byggingar votheysturna, 48 000 kr. fellur niður, en í staðinn kemur 20 000 kr. fjárveiting til vélaverkstæðis, sem mikil nauðsyn er að koma upp.

2. Gert er ráð fyrir óbreyttu kennaraliði og sama kostnaði við framhaldsnám. Til viðgerðar á fjósi staðarins eru áætlaðar 70 000 kr., og mun þó tæplega hrökkva til að ljúka verkinu, sem mun kosta yfir 700 000 kr. Lagt er til, að veittar verði 50 000 kr. til raforkuframkvæmda.

3. Grunnlaun óbreytt. Til kennsluáhalda er lækkað um 5 000 kr., en til viðhalds skólahúsa hækkar um 5 000 kr. Til raforkuframkvæmda lækkar um 20 400 kr.

XI. Óbreytt.

XII. Sama styrkupphæð á hvern nemanda og í núgildandi fjárlögum.

XIII. Grunnlaun fastakennara hækka um 100 000 kr. vegna óumflýjanlegrar fjölgunar kennara skv. lögum.

Aukakennsla lækkar um 20 000 kr.

Fækkað verður um einn námsstjóra barnafræðslunnar a. m. k., og lækka launin, sem því nemur.

Framkvæmd sundskyldu hækkar verulega vegna fjölgunar sundnáms-barna og eðlilegrar launahækkunar.

Styrkur til barnaskólabygginga er veittur jafn hár og á núgildandi fjárlögum, en tillaga fræðslumálastjóra er 5 millj. kr.

Akstur skólabarna hækkar um 20 000 kr.

XIV. 1. Grunnlaun óbreytt. Ljós, hiti og ræsting hækkar um 15 000 kr., enda nýtt húsrými tekið í notkun. Annar kostnaður hækkar um 5 000 kr.

2. Grunnlaun kennara gagnfræðastigsins hækka um 400 000 kr. Er gert ráð fyrir, að fjölga þurfi föstum kennurum um 20. Þar sem þessi fjölgun dregur allmikið úr stundakennslu, er stundakennslustyrkurinn lækkaður um 200 000 kr.

Ráðuneytið getur ekki fallizt á að fjölga námsstjórum gagnfræðaskólastigsins, og eru því aðeins tekin í frv. laun eins námsstjóra.

Til útgáfu námsbóka lækkar um 15 000 kr.

XV. Óbreytt, nema launahækkanir vegna uppbóta og 3. liður í núgildandi fjárlögum, 22 000 kr., fellur niður og fjárveiting til útgáfu námsbóka lækkar um 5 000 kr.

XVI. Annar kostnaður við íþróttakennaraskólann lækkar um 2 500 kr., en grunnlaun eru óbreytt.

Íþróttafulltrúi telur fjárþörf íþróttasjóðs vera 915 000 kr. á næsta ári, en lagt er til, að veittar verði 500 000 kr., eins og í ár.

Aðrir liðir hækka um 12 000 kr. auk launahækkana vegna uppbóta, en niður falla 9.—12. liður í núgildandi fjárlögum, samtals 49 000 kr.

XVII. Nokkur lækkun verður á grunnlaunum, þar eð stundakennsla, 16 000 kr., fellur nú niður. Fæðiskostnaður hækkar um 12 000, en annar kostnaður lækkar um 3 600 kr.

XVIII.—XXV. óbreytt.

XXVI.—XXVII. liður í núgildandi fjárlögum, kr. 7 200, falla niður.

XXVI. Rannsóknir þessar eru nú að komast á lokastig. Einn aðstoðarmaður hefur unnið þetta ár og í fyrra með dr. Matthíasi Jónassyni, án þess laun hans hafi verið tekin í fjárlög. Er nú áætlað fyrir launum hans. Annar kostnaður lækkar um 17 100 kr.

XXVIII. óbreytt.

Um 15. gr. A.

Fylgt hefur verið tillögum menntamálaráðuneytisins.

I. Liðirnir til bóka-, tímarita- og handritakaupa og til bókbands eru nú sameinaðir og hækka um 79 000 kr., aðallega vegna launahækkana og annars aukins kostnaður á bókbandsvinnustofu safnsins. Aftur á móti er 6. og 7. liður lækkaður um 15 000 kr. Grunnlaun við safnið sjálft eru óbreytt.

II. Grunnlaun óbreytt. Felld er niður fjárveiting til að ljósmynda handrit o. fl., 15 000 kr.

III. Grunnlaun óbreytt. Aðrir liðir hækka um 20 000 kr., en niður falla 3 000 kr. til endurbóta á Borgarvirki.

IV. Grunnlaun óbreytt. Önnur gjöld áætluð óbreytt frá núgildandi fjárlögum.

V.—XVI. liður eru að mestu óbreyttir frá núgildandi fjárlögum, nema hvað beinar launagreiðslur til safnvarða hækka eftir almennum reglum. Þá eru styrkir til bókaútgáfu og ritstarfa og til skálda, rithöfunda og listamanna færðir í einu lagi í stað grunnstyrks og verðlagsuppbótar og eru án hinnar nýju verðlagsuppbótar. Felldar eru niður 25 000 kr. til að þýða rit Jóns Dúasonar á ensku, en styrkur til íslenzkra stúdenta í Kaupmannahöfn hækkaður um 1 000 kr. og styrkur til Ara Arnalds um 1 500 kr.

VIII. 22. Tekinn er upp nýr liður til endurskoðunar dansk-íslenzkrar orðabókar 15 000 kr.

XVII. Þar sem þjóðleikhúsið er nú tekið til starfa og leikskóli í sambandi við það, þykir ástæðulaust að veita sérstakan styrk til leikskóla eða til Leikfélags Reykjavíkur. Til þess að bæta leikfélögum utan Reykjavíkur dálítið upp hina góðu aðstöðu, sem þjóðleikhúsið hefur skapað leikmennt í höfuðborginni, er lagt til, að styrkur til leikfélaga þeirra, sem talin eru í 1.—10. lið hækki um 50% frá núgildandi fjárlögum.

XVIII.—XXVI. Felldir eru niður nokkrir námsstyrkir, þar eð ekki er kunnugt, hversu ástatt er með nám þess fólks. Lokið er greiðslum til Guðjóns Samúelssonar og fellur því sá liður niður. Einnig er lagt til, að framlag til umbóta á Þingvöllum lækki um 20 000 kr. Lokið er greiðslu framlags til minnismerkis Jóns Arasonar í Skálholti, og fellur því sá liður niður.

Um 15. gr. B.

I. 1. Bætt hefur verið við aðstoðarstúlku í iðnaðardeild, án samþykkis ráðuneytisins. Launaáætlun deildarinnar hefur verið lækkuð sem þessu nemur, þar eð ráðuneytið getur ekki fallizt á þessa ráðstöfun. Annar kostnaður er áætlaður 4 800 kr. hærri en í núgildandi fjárlögum. Tekjuáætlunin hækkar um 40 000 kr., aðallega vegna aukinna gerlarannsókna.

2. Grunnlaun lækka um 6 000 kr. vegna mannaskipta. Annar kostnaður óbreyttur.

3. Í tillögum rannsóknaráðs er gert ráð fyrir nýrri starfstúlku og fóðurjurtafræðingi, sem ráðuneytið vill ekki fallast á. Er launaáætlun deildarinnar lækkuð sem því nemur. Annar kostnaður óbreyttur.

Áætlað er, að annar kostnaður við fjárræktarbúið á Hesti lækki um 13 000 kr., en tekjur svipaðar og í ár. Tilraunastöðin á Úlfarsá er flutt að Varmá. Ekki hefur þótt fært að taka upp fjárveitingu til bygginga þar í þetta sinn. Annar kostnaður er lækkaður um 29 000 kr., og tekjuliðinn þykir ekki fært að áætla meira en 5 000 kr. Landbúnaðarráðuneytið hefur ákveðið að leggja niður tilraunabúið í Engey, og er því ekki nein fjárveiting til þess.

Óumflýjanlegt mun vera að halda áfram vítamínrannsóknum á lýsi. Sá kostnaður hefur til þessa verið greiddur af fjörefnasjóði, en hann er nú þrotinn.

4. Sameiginlegur kostnaður hækkar um 105 500 kr., auk launa, en tekjur á móti hækka um 25 000 kr. — Laun lækka sem nemur launum húsvarðar, en hans starf verður lagt niður. Tekinn er sem nýr liður 100 000 kr. til kaupa á rannsóknartækjum.

II. Laun hækka sem nemur hálfum launum forstöðumanns. Skv. samningum frá 1949 er utanfararstyrkur hans felldur niður, en hann hafði ekki áður sérstök laun fyrir þetta starf. Aðstoðarstúlku hefur verið bætt við í áætlun rannsóknarstofunnar, en ráðuneytið getur ekki fallizt á þá aukningu starfsfólks og hefur því lækkað áætlunina, sem þeim launum nemur. Annar kostnaður hækkar í hlutfalli við kostnað sjúkrahúsanna. Tekjur hækka um 136 500 kr. R. H. rannsóknir, 60 000 kr., er nýr tekjuliður.

III. Verðlagsuppbót er ekki greidd á laun rannsóknaráðsins sjálfs. Lagt er til, að 30 000 kr. verði varið til málmleitar og biksteinsrannsókna.

IV. Veruleg lækkun hefur verið gerð á kostnaðaráætlun veðurstofustjóra. Ekki þykir gerlegt að samþykkja ráðningu nýs veðurfræðings við millilandaflug, nema ICAO greiði laun hans. Felld er niður fjárveiting til verkstæðis, 25 000 kr., og annar kostnaður almennu veðurþjónustunnar lækkaður um rúmar 8 000 kr., en tekinn sem sérliður tillag til WMO. Húsaleiga hækkar allmikið vegna nýs og aukins húsnæðis. Mest hækkun, eða 77 000 kr., verður á þjónustu landssímans og ríkisútvarpsins, vegna taxtahækkunar landsímans.

VII. Annar kostnaður við sjómælingar hækkar um 35 000 kr. vegna aukins kostnaðar við sjómælingaskipið.

VIII. Fækkað hefur verið um einn arkitekt á skrifstofu húsameistara og ákveðið að fækka um annan vegna minnkandi starfa. Lækka því grunnlaunin um 57 600 kr. Eðlilegt þykir að færa nokkuð af kostnaði við skrifstofuna á hin ýmsu verk, sem unnin eru. Er sá tekjuliður áætlaður 100 000 kr.

IX. Framlag til mótvirðissjóðs vegna tæknilegrar aðstoðar er áætlað sama og í núgildandi fjárlögum. Er í undirbúningi að notfæra þessa aðstoð á ýmsum sviðum, og hafa þeir sérfræðingar, sem komið hafa á þessu ári, unnið mikið gagn.

Um 16. gr. A.

1. Framlag til Búnaðarfélags Íslands er áætlað 200 000 kr. hærra en í núgildandi fjárlögum vegna aukinna útgjalda félagsins til launa.

4. Gjöld samkv. jarðræktarlögum eru flokkuð nokkuð á annan veg en í núgildandi fjárlögum og skipulegar með hliðsjón af jarðræktarlögum. Þessi gjöld eru áætluð í samræmi við útreikninga Búnaðarfélags Íslands og hækka samtals um 85 000 kr.

5. Þessum útgjöldum var áður blandað saman við gjöld samkv. jarðræktarlögum, en eðlilegra að hafa þau í sérlið. Áætlunin er 150 000 kr. lægri en í núgildandi fjárlögum.

7. Þessi liður hækkar um 89 550 kr. frá núgildandi fjárlögum. Stafar hækkunin mest af f-lið, sem er nýr.

9. Nýr liður. Tilraunaráði búfjárræktar er ekki ætlað neitt fé í núgildandi fjárlögum, en einhver kostnaður við starfsemi þess er óumflýjanlegur. Framlagið er áætlað 60 þús. kr. lægra en í tillögum Búnaðarfélagsins.

10. Þenna lið þykir ekki verða komizt hjá að hækka um 110 000 kr.

Felldir hafa verið niður liðirnir 9 og 13—16 í núgildandi fjárlögum, samtals að upphæð 202 000 kr. Samkvæmt tillögum landbúnaðarráðuneytisins eru áætluð sömu framlög til fyrirhleðslu Þverár og Markarfljóts og Héraðsvatna og í núgildandi fjárlögum.

14. Nýr liður. Unnið hefur verið fyrir þessa fjárhæð, og er hér leitað fjárlagaheimildar fyrir greiðslunni.

16. Sandgræðslan. Áætluð fjárveiting hækkar um 118 075 kr. frá núgildandi

fjárlögum. Þykir ekki verða hjá því komizt að hækka framlagið til sandgræðslustöðva um 75 000 kr. og 25 000 kr. til sandgræðslugirðinga, þar sem hér er um mjög mikilvæga starfsemi að ræða. Mikil lækkun er þó frá tillögum sandgræðslustjóra.

17. Skógræktin. Þótt mikil nauðsyn sé að efla skógræktina sem mest, hefur ráðuneytið ekki talið auðið að fallast á áætlun skógræktarstjóra, án mikillar lækkunar. Laun hækka vegna nýs skógarvarðar í Skagafirði. Með skrifstofukostnaði eru talin laun skrifstofumanns. Til skógræktarfélaga er hækkað um 60 000 kr. og framlag til skógræktar um 80 000 kr., til þess að unnt sé að greiða gamla skuld, sem hvílir á skógræktinni.

18. Lækkað um 100 000 kr. frá núgildandi fjárlögum.

20. Ákveðið hefur verið að leggja til við Alþingi, að embætti veiðimálastjóra verði lagt niður. Einhver kostnaður hlýtur þó að verða vegna þessarar starfsemi. Lækkunin er 58 660 kr. frá núgildandi fjárlögum.

Þá mun einnig verða lagt til, að starf loðdýraræktarráðunauts verði lagt niður, og er hér því engin fjárveiting ætluð til loðdýraræktar.

22. Þenna lið þykir óvarlegt að áætla minna en 90 000 kr.

23. Gert er ráð fyrir tveim dýralæknum í viðbót, og hækka launagreiðslur í samræmi við það. Enn fremur er gert ráð fyrir, að héruð, sem ekki hafa dýralækni, verði styrkt til að halda slíkan mann, svo sem ráðgert er í 13. gr. laga um dýralækna frá 1947, og lagt til, að veittar verði í því skyni kr. 16 146. Loks er lagt til, að veittar verði 26 230, sem styrkur til manna, sem á undanförnum árum hafa notið styrks úr ríkissjóði til að fást við dýralækningar.

24. Til kláðalækninga verður vart komizt af með minna en 5 000 kr.

25. Fjárskiptabætur og önnur útgjöld vegna sauðfjárveikivarna eru áætlaðar eftir tillögu sauðfjársjúkdómanefndar. Hækka þessi gjöld um tæpar 1.5 millj. kr. frá núgildandi fjárlögum. Samkvæmt ákvörðun Alþingis verður þó nokkur hluti fjárskiptabótanna greiddur í skuldabréfum til 5 ára. (Samanber 20. gr. Inn.)

26. Nýr liður, tekinn upp samkvæmt ósk menntamálaráðuneytisins.

Um 16. gr. B.

1. Framlag til Fiskifélags Íslands hækkar um 168 000 kr., vegna launauppbóta, hækkandi verðlags á pappír og prentun o. fl.

2. Afborganir og vextir af skuldum skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda verða 12 500 kr. lægri en í núgildandi fjárlögum.

3. Hækkar um 10 469 kr. vegna hækkunar á tillagi.

4. Óumflýjanlegt mun vera að hækka þenna lið um 5 þús. kr. vegna aukins kostnaðar við reikningaskrifstofuna.

6. Hækkar sem nemur gengisbreytingunni.

7. Þessi liður er hækkaður um 50 000 kr. frá núgildandi fjárlögum.

8. Miðað er við sama útflutning og í núgildandi fjárlögum.

Liðirnir 8 og 10—14 í núgildandi fjárlögum eru allir felldir niður, samtals að upphæð 4 595 600 kr. Er hér um tímabundnar greiðslur að ræða nema til norrænu síldarmálanefndarinnar, en rannsóknaráð telur, að sú greiðsla megi falla niður.

Um 16. gr. C.

Lagt er til, að fjárveitingar í þessum kafla fjárlaganna verði óbreyttar frá núgildandi fjárlögum, nema hvað niður falli 9. liður, 95 000 kr., til undirbúnings sementsverksmiðju, þar eða telja má, að þeim rannsóknum verði lokið á þessu ári. Þá er tekin upp 10 000 kr. fjárveiting til iðnráða, en sú fjárhæð féll niður af vangá við meðferð fjárlaga á síðasta þingi.

Um 16. gr. D.

Allverulegar lækkanir hafa verið gerðar á tillögum raforkumálastjóra.

I. Fækkað hefur verið um einn bókara á raforkumálaskrifstofunni.

II. Lækkar um tæpar 7 000 kr. frá núgildandi fjárlögum.

VII. Kostnaður við rafmagnseftirlitið hækkar um 95 480 kr., en tekjur hækka samsvarandi.

X. Gert er ráð fyrir, að enn verði dregið úr kostnaði við jarðboranir, og eru tillögur raforkumálastjóra teknar upp óbreyttar, að mestu leyti. Lækkun verður 285 000 frá núgildandi fjárlögum.

Um 17. gr.

2. Tryggingastofnun ríkisins hefur í áætlun sinni lagt til, að framlag ríkissjóðs samkv. 116. gr. verði hækkað í 20.7 millj. og framlag til sjúkrasamlaga í 5 millj., vegna aukinna útgjalda. Ráðuneytið telur ekki auðið að leggja til tryggingarsjóðs hærri upphæð en ákveðin er í núgildandi fjárlögum, enda miðast tillögur tryggingaráðs sumpart við lagabreytingar, sem Alþingi hefur ekki afgreitt. Tryggingasjóður er og þannig á vegi staddur, að ekki sýnist þörf á hærra framlagi til hans á næsta ári en greitt er í ár. Framlagið til sjúkrasamlaga þykir óvarlegt að áætla lægra en 4.5 millj. kr. vegna fjölgunar samlagsfélaga og hækkaðra iðgjalda.

4. Vegna kostnaðar, sem fallið hefur á ríkissjóð, aðallega sökum þýzka verkafólksins, mun óumflýjanlegt að hafa þenna lið helmingi hærri en í núgildandi fjárlögum.

7. Byggingu stórhýsisins að Reykjalundi er nú að verða lokið, en margt er enn þá ógert, vinnuskálar o. fl. og er því lagt til, að veita kr. 200 000.

13. Breytingar aðeins í samræmi við hið hækkaða verðlag.

9. Óhjákvæmilegt er að hækka liðinn um 5 þús. kr.

Framlag til vinnumiðlunar, sem í núgildandi fjárlögum er áætlað 100 000 kr., hefur verið fellt niður. Er talið eðlilegt, að bæjarfélögin sjálf beri þessi útgjöld, og mun verða borin fram breyting á lögum um vinnumiðlun í samræmi við það.

23. Vegna aukinna framlaga bæjarfélaganna til byggingarsjóðanna mun ekki verða hjá því komizt að áætla framlag ríkissjóðs 1.5 millj. kr.

26. Nokkrar umsóknir liggja fyrir um styrk til vatnsveitufranikvæmda. Ráðuneytið hefur þó ekki talið fært að veita meira en hér er lagt til.

27. Með hliðsjón af reynslu síðustu ára hefur þessi liður verið lækkaður um 50 þús. kr.

29. Tillag Íslands til ILO hefur hækkað um $ 1 000.00, og hækkar fjárveitingin í samræmi við það.

33. Þetta er lokagreiðsla á framlagi Íslands til IRO. Liðurinn lækkar um 329 700 kr. frá núgildandi fjárlögum.

Fjárveitingar í fjárlagafrumvarpi þessu eru miðaðar við, að laun fastra starfsmanna og fjöldi fari eftir því, sem greinir í skrá þeirri um starfsmenn ríkisins og laun þeirra árið 1951, sem hér fer á eftir. Er þar miðað við það ástand, sem nú er, með þeim breytingum til fækkunar, sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að framkvæma eða ákveðið að leggja fyrir Alþingi frumvörp um.

Nú í októbermánuði hefst sérstök sérfræðileg athugun á starfskerfi ríkisins og vinnuaðferðum með það fyrir augum að reyna að finna leiðir til þess að gera það óbrotnara og bæta vinnuaðferðir. Starfsmannnaskráin er því með þeim fyrirvara látin fylgja frumvarpi þessu til fjárlaga fyrir árið 1951, að breytingar á starfsmannahaldi frá því, sem í henni greinir, verði gerðar í samræmi við það, sem mögulegt reynist, þegar þessari athugun er lokið. Það skal tekið fram, að eigi tókst að fá sérfræðing til þess að stýra hinni sérstöku sérfræðilegu athugun og gefa leiðbeiningar um vinnuaðferðir fyrr en nú í októbermánuði. Það starf tekur alllangan tíma.

Starfsmannaskrá ríkisins 1951.

3. gr. fjárlaga.

1. Pósturinn.

Póstmálaskrifstofan:

Póst- og símamálastjóri (½ laun) (1)	kr.	26 565
Skrifstofustjóri (1)	—	45 643
Póstmálafulltrúi (1)	—	38 088
Aðalbókari (1)	—	38 088
Fulltrúar (2)	—	71 415
Bókarar (4)	—	125 939
Ritarar (3) 20 989, 2×20 183	—	61 355
Samtals	kr.	407 093

Póststofan í Reykjavík:

Póstmeistari (1)	kr.	40 469
Póstfulltrúar (7) 5×35 707, 2×33 327	—	245 189
Póstafgreiðslumenn (46) 24×31 485, 31 081, 30 980, 30 879, 12×30 274, 29 870, 29 769, 4×29 063, 27 852	—	1 415 611
Ritarar (2)	—	48 438
Bréfberar (25) 24×26 641, 24 219	—	663 603
Húsvörður (1)	—	24 970
Bifreiðarstjórar (2)	—	62 938
Samtals	kr.	2 502 218

Póststofan á Akureyri:

Póstmeistari (1)	kr.	43 263
Fulltrúar (2)	—	66 654
Póstafgreiðslumenn (3) 31 485, 31 384, 29 063	—	91 932
Bréfberi (1)	—	26 641
Póstsendlar (2)	—	16 560
Samtals	kr.	245 050

Póstafgreiðslan á Ísafirði:

Fulltrúi (1)	kr.	33 327
Póstafgreiðslumenn (2) 31 479, 19 375	—	50 854
Bréfberi (1)	—	19 375
Samtals	kr.	103 556

Póstafgreiðslan á Seyðisfirði:

Póstafgreiðslumaður (1) (Tekur einnig laun sem stöðvarstjóri símans)	kr.	5 951
Afgreiðslumaður (1)	—	21 797
Aðstoðarmaður (1)	—	10 350
Bréfberi (1)	—	10 350
Samtals	kr.	48 448

Póstafgreiðslan á Siglufirði:

Fulltrúi (1)	kr.	33 327
Póstafgreiðslumenn (2) 31 485, 27 852	—	59 337
Bréfberi (1)	—	21 797
Samtals	kr.	114 461

Póstafgreiðslan í Vestmannaeyjum:

Póstafgreiðslumaður (1)	kr.	31 485
Afgreiðslumenn (2) 19 375, 16 953	—	36 328
Bréfberi (1)	—	19 375
Samtals	kr.	87 188

2. Landssíminn.

Aðalskrifstofan:

Póst- og símamálastjóri (½ laun) (1)	kr.	26 565
Skrifstofustjóri (1)	—	45 643
Aðalgjaldkeri (1)	—	46 368
Aðalbókari (1)	—	38 088
Yfirverkfræðingur (1) (Tekur einnig laun hjá Ríkisútvarpinu, kr. 14 283)	—	34 931
Verkfræðingar (4) 2×43 263, 2×38 088	—	162 702
Yfirteiknari (1)	—	33 327
Teiknarar (2)	—	53 282
Fulltrúar (5) 39 847, 4×33 327	—	173 155
Bókarar (7)	—	219 898
Bréfritarar (2) 31 414, 29 062	—	60 476
Aðstoðargjaldkeri (1)	—	26 641
Símritari (1)	—	31 414
Aðstoðarmenn (2) 27 245, 26 641	—	53 886
Ritarar (4) 2×24 219, 21 797, 20 989	—	91 224
Sendlar	—	16 146
Samtals	kr.	1 113 746

Ritsímastöðin í Reykjavík:

Ritsímastjóri (1)	kr.	44 969
Varðstjórar (5) 3×33 327, 2×24 219	—	148 419
Fulltrúar (2)	—	66 654
Gjaldkeri (1)	—	24 939
Eftirlitsmaður (1)	—	33 327
Símritarar (13) 9×31 485, 2×29 668, 28 457, 24 219	—	395 377
Loftskeytamenn (2)	—	50 860
Bókari (1)	—	26 641
Aðstoðarmenn (3)	—	79 923
Ritarar (9) 7×24 219, 23 412, 18 366	—	211 311
Talsímakonur (72) 15×21 797, 21 393, 20 788, 2×20 586, 20 452, 20 384, 3×19 981, 4×19 779, 19 577, 19 572, 19 375, 7×19 173, 19 039, 7×18 972, 18 770, 18 567, 11×18 366, 2×18 164, 2×17 559, 17 357, 10 375	—	1 273 322
Sendimenn (8)	—	193 752
Sendisveinar (8)	—	66 240
Aðstoðarnæturvörður (1)	—	10 764
Nemar á langlínumiðstöð (8)	—	99 648
Samtals	kr.	2 726 146

Bæjarsími Reykjavíkur og Hafnarfjarðar:

Bæjarsímastjóri (1)	kr.	45 644
Innheimtugjaldkeri (1)	—	39 883
Umsjónarmaður sjálfvirku stöðvarinnar (1)	—	39 848
Símafræðingur (1)	—	35 708
Símstjóri í Hafnarfirði (1)	—	35 708

Fulltrúar (3) 35 397, 2×33 327	kr.	102 051
Verkstjórar (3) 2×37 467, 33 327	—	108 261
Símvirkjar (11) 7×31 485, 3×27 549, 26 641	—	329 683
Bókari (1)	—	31 485
Efnisvörður (1)	—	31 485
Iðnaðarmenn (4) 31 485, 2×28 918, 26 641	—	115 962
Næturvörður (1)	—	29 063
Teiknari (1)	—	28 918
Línuverkstjóri (1)	—	31 485
Línumenn (11)	—	318 098
Ritarar (6) 3×24 219, 2×21 797, 20 183	—	136 434
Talsímakonur (6) 3×21 797, 18 769, 2×17 480	—	119 120
Nemar (4)	—	48 438
Sendisveinar (2)	—	19 375
Samtals	kr.	1 646 649

Loftskeytastöðin í Reykjavík:

Varðstjóri (1)	kr.	33 327
Loftskeytamenn (4) 3×31 414, 28 457	—	122 699
Hlustvörður (1)	—	31414
Samtals	kr.	187 440

Stuttbylgjustöðin:

Stöðvarvörður (1)	kr.	33 327
Varðstjóri (1)	—	17 853
Stöðvargæzlumenn (4) 31 414, 3×25 430	—	107 704
Talbrúarverðir (2)	—	62 828
Ritari (1)	—	23 412
Samtals	kr.	245 124

Radíóverkstæðið:

Fulltrúi (1) (Tekur auk þess 32 414 kr. laun hjá radíóflugþjónustu)	kr.	4 844
Símvirkjar (8) 3×31 414, 2×29 062, 26 641, 2×21 393	—	221 793
Iðnaðarmenn (2)	—	62 828
Afgreiðslumaður (1)	—	31 414
Verkstjóri (1)	—	30 550
Loftskeytamenn (5) 4×26 641, 24 219	—	130 783
Eftirlitsmaður (1)	—	32 137
Samtals	kr.	514 349

Birgðahúsið:

Birgðastjóri (1)	kr.	37 467
Efnisvörður (1)	—	33 327
Bókari (1)	—	31 414
Aðstoðarmenn (5) 4×28 918, 24 219	—	139 891
Samtals	kr.	242 099

Viðhald símanna:

Verkstjóri (1)	kr.	33 327
Línuverkstjórar (8)	—	251 312
Bifreiðaeftirlitsmaður (1)	—	31 414
Línumenn (3) 28 918	—	86 754
Línumenn og bifreiðarstjórar (4) 3×26 641, 28 918	—	108 841
Línumælingamenn (2) 31 414, 29 062	—	60 476
Samtals	kr.	572 124

Viðbót og viðhald stöðva:

Stöðvaviðgerðarmaður (1)	kr.	33 327
Samtals	kr.	33 237

Radíóflugþjónustan:

Varðstjóri (1) (Tekur einnig 17 853 kr. laun hjá Stuttbylgjustöðinni)	kr.	21 993
Loftskeytamenn (30) 5×33 484, 6×31 414, 6×30 273, 29 062, 10×26 034, 2×24 219	—	875 382
Stöðvargæzlumenn (11) 37 467, 4×31 414, 29 466, 26 641, 30 273, 3×25 430	—	325 793
Viðgerðarmaður (1)	—	29 668
Loftnetamaður (1)	—	26 641
Ritarar (10) 2×20 182, 19 780, 19 746, 18 568, 17 963, 3×17 760, 12 110	—	181 811
Samtals	kr.	1 461 288

Aðrar deildir:

Verkstjórar (2)	kr.	66 654
Iðnaðarmenn (3) 31 414, 28 918, 25 430	—	85 762
Símvirki (1)	—	31 414
Línumaður (1)	—	28 918
Húsvörður (1)	—	26 289
Lyftuverðir (2)	—	28 256
Samtals	kr.	267 293

Símastöðin á Akureyri:

Umdæmisstjóri (1)	kr.	43 263
Varðstjórar (2)	—	66 654
Bókari (1)	—	31 414
Símvirkjar (2) 31 414, 24 354	—	55 768
Símritari (1)	—	29 668
Talsímakonur (17) 4×21 797, 21 172, 2×21 089, 20 788, 2×20 182, 19 913, 2×19 375, 19 510, 19 301, 18 365, 17 357	—	344 886
Næturvörður (1)	—	22 765
Sendisveinar (2)	—	26 237
Samtals	kr.	620 655

Símastöðin á Borðeyri:

Umdæmisstjóri (1)	kr.	43 263
Iðnaðarmaður (1)	—	31 414
Símritarar (2)	—	52 068
Talsímakonur (2)	—	34 444
Samtals	kr.	161 189

Ísafjörður:

Umdæmisstjóri (1)	kr.	43 263
Símritarar (2) 31 414, 26 034	—	57 488
Talsímakonur (8) 21 797, 21 191, 19 375, 2×19 027, 18 837, 18 568, 17 760	—	155 582
Næturvörður (1)	—	24 219
Sendisveinar	—	16 146
Samtals	kr.	296 658

Símastöðin á Seyðisfirði:

Umdæmisstjóri (1)	kr.	37 870
Varðstjórar (2)	—	66 654
Símritarar (3) 2×31 414, 28 457	—	91 285
Ritari (1)	—	24 219
Talsímakonur (4) 19 375, 18 769, 18 164, 17 963	—	74 271
Sendlar	—	9 819
Samtals		304 118

Símastöðin á Siglufirði:

Umdæmisstjóri (1)	—	43 263
Fulltrúi (1)	—	32 292
Símritarar (2) 31 414, 28 457	—	59 871
Loftskeytamaður (1)	—	17 492
Talsímakonur (8) 2×17 492, 20 788, 20 182, 17 760, 17 558, 17 357, 16 953	—	145 582
Línumaður (1)	—	26 641
Sendlar	—	29 466
Samtals	kr.	354 607

Vestmannaeyjar:

Stöðvarstjóri (1)	—	43 263
Símritarar (2) 31 414, 28 457	—	59 871
Talsímakonur (10) 18 632, 18 299, 18 164, 3×18 029, 17 760, 17 088, 2×16 953	—	177 936
Samtals	kr.	281 070

5. Ríkisútvarpið.

Yfirstjórn:

Útvarpsstjóri (1)	kr.	46 368
Formaður útvarpsráðs (1)	—	13 455
Útvarpsráð (4)	—	35 880

Aðalskrifstofa:

Skrifstofustjóri (1)	—	38 088
Verkfræðingur (1)	—	14 283
Fulltrúi (1)	—	33 327
Sendisveinn (1)	—	14 283

Innheimtuskrifstofa:

Gjaldkeri (1)	—	33 327
Fulltrúi (1)	—	31 485
Bókari (1)	—	29 063
Ritarar (4) 3×21 797, 20 182	—	85 573
Innheimtumenn (4) 3×24 219, 20 990	—	93 647

Auglýsingaskrifstofa:

Bókari (1)	—	31 485
Ritari (1)	—	14 283
Innheimtumaður (1)	—	24 219

Fréttastofa:

Fréttastjóri (1)	—	38 088
Fréttaritarar (5) 2×33 327, 2×31 740, 25 392	—	155 526
Ritari (1)	—	20 990

Skrifstofa dagskrár:

Skrifstofustjóri (1)	kr.	38 088
Fulltrúar (2) 38 088, 31 740	—	69 828
Ráðunautur (1)	—	8 970
Leikstjóri (1)	—	33 327
Bókari (1)	—	29 063
Ritari (1)	—	22 595

Tónlistardeild:

Tónlistarstjóri (1)	—	19 044
Fulltrúi (1)	—	33 327
Hljómplötuvörður (1)	—	26 641
Ritarar (2) 26 641, 22 595	—	49 236
Hljómsveitarstjóri (1)	—	33 327
Pianoleikari (1)	—	12 420

Þulir:

Þulir (3) 33 327, 31 740, 14 283	—	79 350

Magnarasalur:

Magnaravörður (1)	—	33 327
Útvarpsvirkjar (4) 2×31 485, 26 641, 30 274	—	119 885
Aðstoðarmaður (1)	—	26 641

Vatnsendastöðin:

Stöðvarstjóri (1)	—	33 327
Útvarpsvirkjar (3) 31 485, 2×30 274	—	92 033

Eiðastöðin:

Stöðvarstjóri (1)	—	33 327

Aðrir starfsmenn:

Dyravörður (1)	—	19 375
Smiður (1)	—	21 797
Samtals	kr.	1 588 298

Viðtækjaverzlun ríkisins:

Forstjóri (1)	kr.	40 469
Skrifstofustjóri (1)	—	35 708
Sölumaður (1)	—	29 063
Bókari (1)	—	29 063
Birgðavörður (1)	—	31 485
Afgreiðslumaður (1)	—	26 641
Ritarar (2) 23 250, 21 797	—	45 047
Samtals	kr.	237 476

Viðgerðarstofa útvarpsins:

Forstöðumaður (1)	kr.	33 327
Bókari (1)	—	28 963
Afgreiðslumaður (1)	—	26 641
Útvarpsvirkjar (4)	—	125 940
Aðstoðarmenn (3) 26 641, 21 797, 19 375	—	67 813
Nemandi (1)	—	14 531
Samtals	kr.	297 215

6. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Forstjóri (1)	kr.	44 039
Skrifstofstjóri (1)	—	40 469
Bókari (1)	—	28 154
Símastúlka (1)	—	13 925
Bifreiðarstjóri (1)	—	35 880
Afgreiðslumaður (1)	—	33 368
Sendisveinn (1)	—	9 200
Samtals	kr.	205 035

7. og 8. Áburðarsala ríkisins og grænmetisverzlun ríkisins.

Framkvæmdastjóri (1)	kr.	40 469
Skrifstofustjóri (1)	—	35 708
Gjaldkeri (1)	—	31 485
Sölumaður (1)	—	29 063
Afgreiðslumaður (1)	—	26 641
Ritari (1)	—	18 164
Ræstingarkona (1)	—	9 203
Sendisveinn (1)	—	10 899
Verkstjóri (1)	—	29 063
Bifreiðarstjóri (1)	—	29 063
Aðstoðarmenn (2)	—	40 366
Samtals	kr	300 124

Landssmiðjan.

Forstjóri (1)	kr.	44 039
Skrifstofustjóri (1)	—	42 849
Verkfræðingur (1)	—	42 849
Aðalbókari (1)	—	39 754
Gjaldkeri (1)	—	38 088
Bókarar (2) 38 088, 23 008	—	61 096
Ritarar (2) 23 008, 20 586	—	43 594
Innheimtumaður (1)	—	29 063
Símastúlka (1)	—	19 375
Sendisveinn (1)	—	14 531
Samtals	kr.	375 238

Innkaupastofnun ríkisins.

Forstjóri (1)	kr.	49 335
Fulltrúi (1)	—	35 708
Bókari (1)	—	26 641
Samtals	kr.	111 684

10 gr. fjárlaga.

Stjórnarráðið.

Atvinnumálaráðuneytið:

Skrifstofustjóri (1)	kr.	46 368
Fulltrúar (3) 2×38 088, 35 707	—	111 883
Bókari (1)	—	30 054
Sendisveinn	—	8 477
Samtals	kr.	196 782

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið:

Skrifstofustjóri (1)	kr.	46 368
Fulltrúar (6) 5×38 088, 35 700	—	226 140
Bókari (1)	—	31 478
Ritarar (3) 2×24 219, 23 405	—	71 843
Húsvörður (1)	—	26 634
Aðstoðarmaður (1)	—	24 219
Samtals	kr.	426 682

Félagsmálaráðuneytið:

Skrifstofustjóri (1)	kr.	46 368
Fulltrúar (4) 3×38 088, 35 707	—	149 971
Ritarar (2) 24 219, 20 183	—	44 402
Sendisveinn (½ laun) (1)	—	8 477
Samtals	kr.	249 218

Fjármálaráðuneytið:

Skrifstofustjóri (1)	kr.	46 368
Fulltrúar (5)	—	190 440
Bókarar (2)	—	61 892
Ritari (1)	—	21 797
Aðstoðardyravörður (1)	—	21 394
Samtals	kr.	341 891

Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins:

Aðalendurskoðandi (1)	kr.	46 368
Fulltrúar (13) 3×38 088, 7×35 707, 33 327, 30 550, 28 566	—	456 656
Ritarar (2)	—	47 610
Samtals	kr.	550 634

Forsætis- og menntamálaráðuneytið:

Skrifstofustjóri (1)	kr.	46 368
Fulltrúi (1)	—	37 692
Ritari (1)	—	19 644
Símastúlkur (2) 21 797, 17 256	—	39 053
Bifreiðarstjóri (1)	—	24 219
Samtals	kr.	166 976

Samgöngumálaráðuneytið:

Skrifstofustjóri (1)	kr.	46 368
Fulltrúi (1)	—	38 088
Samtals	kr.	84 456

Utanríkisráðuneytið:

Skrifstofustjóri (1)	kr.	46 368
Deildarstjórar (2)	—	80 936
Skjalavörður (1)	—	38 088
Fulltrúar (4) 2×38 088, 36 303 og 34 121	—	146 600
Blaðafulltrúi (1)	—	26 424
Ritarar (4) 22 200, 21 797, 21 383, 18 366	—	83 756
Bifreiðarstjóri (1)	—	34 983
Sendisveinn (1)	—	14 531
Samtals	kr.	471 686

Viðskiptamálaráðuneytið:

Skrifstofustjóri (1)	kr.	46 368
Fulltrúi (1)	—	36 898
Bókari (1)	—	30 072
Ritari (1)	—	24 219
Samtals	kr.	137 557

Aðrir fastir starfsmenn:

Dyravörður (1)	kr.	26 641
Gæzlumaður (1)	—	12 594
Samtals	kr.	39 235

3. Ríkisféhirzla og ríkisbókhald:

Ríkisféhirðir (1) (auk þessa mistalningarfé 6 440 kr.)	kr.	44 039
Fulltrúar (6) 38 088, 5×35 708	—	216 628
Bókari (1)	—	30 946
Ritarar (2)	—	48 438
Ríkisbókari (1)	—	44 039
Fulltrúar (3) 38 088, 2×35 708	—	109 504
Bókarar (2) 29 365, 27 448	—	56 813
Aðstoðarmaður (1)	—	26 185
Samtals	kr.	576 592

II. Hagstofan:

Hagstofustjóri (1)	kr.	46 368
Fulltúar (4) 38 088, 28 566, 35 707, 30 550	—	132 911
Aðstoðarmenn (5) 3×31 182, 24 521, 22 100	—	140 167
Ritarar (4) 20 182, 2×15 136, 15 036	—	65 490
Samtals	kr.	384 936

11. gr. fjárlaga.

A.

1. Hæstiréttur:

Dómsforseti (1)	kr.	56 925
Dómarar (4)	—	227 700
Hæstaréttarritari (1)	—	38 088
Dómvörður (1)	—	31 485
Ritari (1)	—	16 953
Samtals	kr.	371 151

2. Borgardómaraembættið í Reykjavík:

Borgardómari (1)	kr.	46 368
Fulltrúar (4)	—	152 352
Dómritari (1)	—	29 063
Gjaldkeri (1)	—	24 219
Ritarar (3) 20 048, 20 451, 18 702	—	59 021
Réttarvottur (1)	—	14 532
Samtals	kr.	325 735

3. Borgarfógetaembættið í Reykjavík:

Borgarfógeti (1)	kr.	46 368
Fulltrúar (4)	—	152 352
Aðstoðarmaður (1)	—	29 063

Gjaldkeri (1)	kr.	20 063
Ritarar (3) 21 461, 18 702, 7 266	—	47 429
Bifreiðarstjóri (1)	—	29 063
Samtals	kr.	333 338

4. Sakadómaraembættið í Reykjavík:

Sakadómari (1)	kr.	46 368
Fulltrúar (7) 6×38 088, 31 740	—	260 268
Bókhaldari (1)	—	26 880
Löggæzlumaður (1)	—	19 044
Ritarar (7) 2×23 805, 21 415, 18 647, 18 383, 19 970, 17 523	—	143 558
Samtals	kr.	496 118

5. Lögreglustjóraembættið í Reykjavík:

Lögreglustjóri (1)	kr.	46 368
Fulltrúar (2)	—	76 176
Bókarar (2)	—	62 970
Skrifstofustjóri (1)	—	33 327
Eftirlitsmenn (2)	—	62 970
Ritarar (2) 22 470, 21 864	—	44 334
Aðstoðarmaður (1)	—	15 621
Húsvörður (1)	—	24 219
Samtals	kr.	365 985

6. Embætti sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra utan Reykjavíkur:

a.	Bæjarfógetar (6)	kr.	242 811
	Bæjarfógetar og sýslumenn (7)	—	283 280
	Sýslumenn (9)	—	364 217
	Lögreglustjóri (1)	—	32 930
	Samtals	kr.	923 238
b.	Fulltrúar (25)	—	900 622
	Sýsluskrifarar (22)	—	664 307
	Ritarar (22)	—	373 315
	Samtals	kr.	1 938 244

8. Ríkislögregla:

Varðstjórar (2)	kr.	66 654
Lögregluþjónar (43) 23×31 485, 31 283, 30 980, 6×30 425, 2×30 274, 29 769, 29 365, 29 315, 2×29 214, 29 164, 28 710, 2×28 558, 2×27 852	—	1 347 087
Samtals	kr.	1 413 741

10. Hegningarhús og vinnuhæli.

a. **Hegningarhúsið í Reykjavík:**

Fangaverðir (3) 30 946, 28 566, 27 971	kr.	87 483
Samtals	kr.	87 483

b. **Vinnuhælið á Litla-Hrauni:**

Gæzlumenn (3)	kr.	98 553
Verkstjórar (2)	—	65 702

Bryti (1)	kr.	32 851
Bifreiðarstjóri (1)	—	32 851
Fjósamaður (1)	—	27 674
Samtals	kr.	257 631

B.
Opinbert eftirlit.

1. **Skipaskoðun ríkisins:**

Skipaskoðunarstjóri (1)	kr.	46 368
Fulltrúar (3)	—	94 455
Gjaldkeri (1)	—	24 219
Eftirlitsmenn (5) 29 063, 3×21 797, 16 146	—	110 600
Samtals	kr.	275 642

2. **Eftirlit með verksmiðjum og vélum:**

Verksmiðjuskoðunarstjóri (1)	kr.	40 469
Eftirlitsmaður (1)	—	31 484
Ritari (1)	—	23 483
Samtals	kr.	95 436

3. **Bifreiðaeftirlit ríkisins:**

Forstöðumaður (1)	kr.	33 327
Eftirlitsmenn (15) 12×31 485, 2×30 576, 10 495	—	449 467
Samtals	kr.	482 794

4. **Löggildingarstofan:**

Forstöðumaður (1)	kr.	31 484
Löggildingarmenn (3)	—	72 657
Eftirlitsmaður (1)	—	24 219
Samtals	kr.	128 360

5. **Eftirlit með skipulagi bæja og sjávarþorpa:**

Skipulagsstjóri (1)	kr.	40 469
Arkitekt (1)	—	38 088
Verkfræðingur (1)	—	38 088
Mælingamaður (1)	—	38 088
Yfirteiknari (1)	—	35 708
Aðstoðarteiknari (1)	—	18 232
Ritari (1)	—	18 837
Samtals	kr.	227 509

6. **Matvælaeftirlitið:**

Eftirlitsmenn (2) 38 088 12 589,	kr.	50 677
Samtals	kr.	50 677

7. a. **Fiskmat:**

Fiskmatsstjóri (1)	kr.	40 469
Yfirmatsmenn (8) 39 764, 7×31 484	—	260 152
Bókari (1)	—	31 484
Ritari (1)	—	24 219
Samtals	kr.	356 324

b. **Síldarmat:**

Síldarmatsmenn (3) 33 327, 2×28 566	kr.	90 459
Samtals	kr.	90 459

11. gr. C. Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta.

I. a. **Tollstjóraembættið í Reykjavík:**

Tollstjóri (1)	kr.	46 368
Fulltrúar (11) 38 088, 10×33 327	—	371 358
Lögtaksfulltrúar (3) 38 088	—	114 264
Deildarstjórar (2) 38 088, 35 708	—	111 884
Aðalgjaldkeri (1)	—	35 708
Aðstoðargjaldkerar (2)	—	66 654
Toll- og skattritarar (25) 25 430, 4×24 219, 13×31 485, 3×29 063, 23 008, 27 852, 26 641, 30 274	—	726 575
Innheimtumenn (9) 31 485, 4×29 063, 27 852, 21 797, 2×23 008	—	220 394
Lögskráningarmaður (1)	—	33 327
Ritarar (8) 24 219, 20 990, 4×19 375, 2×16 953	—	156 615
Ræstingarkona (1)	—	20 098
Sendill (1)	—	11 385
Samtals	kr.	1 914 630

b. 1. **Tollgæzlan í Reykjavík:**

Yfirtollverðir (3)	kr.	99 981
Tollverðir (32) 27×31 485, 5×29 063	—	995 410
Tollbátsformenn (2)	—	62 970
Efnafræðiráðunautur (1)	—	8 280
Ræstingarkona (1)		23 440
Samtals	kr.	1 190 081

b. 2. **Tollgæzlan utan Reykjaíkur:**

Yfirtollverðir (4)	kr.	133 308
Tollverðir (14) 7×31 485, 30 274, 30 173, 29 769, 2×29 164, 27 549, 10 091	—	406 579
Samtals	kr.	539 887

II. a. **Ríkisskattanefnd:**

Nefndarmenn (3) 2×14 400, 14 000	kr.	42800
Skrifstofustjóri (1)	—	38 088
Bókarar (3) 36 183, 21 797, 10 495	—	68 475
Ritari (1)	—	7 266
Samtals	kr.	156 629

b. **Skattstofan í Reykjavík:**

Skattstjóri (1)	kr.	44 039
Skrifstofustjóri (1)	—	40 469
Fulltrúar (6)	—	199 962
Bókarar (15) 4×31 485, 3×29 063, 2×27 852, 26 641, 2×25 430, 24 219, 23 008, 14 531	—	408 092
Ritarar (5) 3×21 797, 18 164, 14 531	—	98 086
Samtals	kr.	790 648

c. **Skattstjórar utan Reykjavíkur:**

Skattstjórar (5) 4×40 469, 33 327	kr.	195 203
Fulltrúar (2) 33 327, 28 566	—	61 893
Ritari (1)	—	15 742
Samtals	kr.	272 838

12. gr. fjárlaga.

I. Landlæknisembættið:

Landlæknir (1)	kr.	49 335
Landlæknisritari (1)	—	31 484
Samtals	kr.	80 819

II. Héraðslæknar:

Héraðslæknar utan Reykjavíkur (49)	kr.	1 879 415
Samtals	kr.	1 879 415

Skrifstofa ríkisspítalanna:

Framkvæmdastjóri (1)	kr.	40 469
Fulltrúi (1)	—	35 707
Féhirðir (1)	—	33 327
Bókarar (3) 29 063, 26 640, 24 218	—	79 921
Ritarar (3) 21 797, 20 183, 19 375	—	61 355
Símastúlka (1)	—	19 375
Sendisveinn (1)	—	12 420
Samtals		282 574

IV. A. Landsspítalinn:

Yfirlæknar (3) 42 125, 2×21 062	kr.	84 249
Aðstoðarlæknar (5) 3×40 469, 35 707, 31 485	—	188 599
Sérfræðingar (2)	—	28 980
Kandidatar (4)	—	69 750
Yfirhjúkrunarkona (1)	—	33 327
Aðstoðaryfirhjúkrunarkona (1)	—	31 485
Deildarhjúkrunarkonur (3)	—	87 189
Skurðstofuhjúkrunarkona (1)	—	29 063
Hjúkrunarkona á næturvakt (1)	—	29 063
Röntgendeildarhjúkunarkonur (5) 29 063. 27 852, 26 640, 24 218, 21 797	—	129 570
Aðstoðarhjúkrunarkonur (12) 3×26 640, 3×24 218, 2×23 008, 2×21 797, 2×19 375	—	280 934
Hjúkrunarnemar (32) 10×3 726, 2×2 484, 20×1 656	—	75 348
Nuddkona (1)	—	29 063
Rannsóknakona (1)	—	31 485
Röntgenkonur (9) 31 485, 2×29 063, 2×26 640, 20 586, 16 953, 2×14 531	—	209 492
Vinnustúlkur (30)	—	465 750
Ráðskona (1)	—	33 327
Aðstoðarráðskonur (2) 24 218, 21 797	—	46 015
Vélamenn (3)	—	77 625
Umsjónarmaður (1)	—	26 640
Viðgerðarmaður (1)	—	25 875
Samtals	kr.	2 012 829

B. Fæðingardeild Landsspítalans:

Deildarlæknir (1)	kr.	40 469
Kandidatar (3) 31 485, 2×17 437		66 360
Yfirljósmóðir (1)	—	33 327
Aðstoðarljósmæður (6) 24 218, 23 008, 21 797, 20 586, 2×19 375	—	128 359

Deildarhjúkrunarkonur (2) 29 063, 26 640	kr.	55 703
Skurðstofuhjúkrunarkona (1)	—	29 063
Hjúkrunarkona á næturvakt (1)	—	29 063
Aðstoðarhjúkrunarkonur (8) 2×23 008, 2×21 797, 2×20 586, 2× 19 375		169 532
Hjúkrunarnemar (11)	—	27 324
Vinnustúlkur (10)		155 250
Vinnumaður (1)	—	24 012
Samtals	kr.	758 462

C. Vífilsstaðahælið:

Yfiræknir (1)	kr.	44 039
Aðstoðarlæknar (2) 40 469, 35 707	—	76 176
Yfirhjúkrunarkona (1)	—	33 327
Deildarhjúkrunarkonur (7) 6×29 063, 26 640	—	201 018
Hjúkrunarkonur á næturvakt (2) 29 063, 24 218	—	53 281
Aðstoðarhjúkrunarkonur (3) 21 797, 2×19 375	—	60 547
Hjúkrunarnemar (3)	—	7 452
Vinnustúlkur (50)	—	776 250
Þvotta- og saumakonur (3)	—	46 575
Ráðskona (1)	—	33 327
Aðstoðarráðskona (1)	—	20 700
Aðstoðarmaður (1)	—	22 770
Vélgæzlumenn (3)	—	75 555
Vinnumenn (3)	—	69 966
Viðgerðarmaður (1)	—	25 875
Bifreiðarstjóri (1)	—	25 875
Samtals	kr.	1 572 733

D. Heilsuhælið í Kristnesi:

Yfirlæknir (1)	kr.	44 039
Aðstoðarlæknir (1)	—	40 469
Ráðsmaður (1)	—	33 327
Yfirhjúkrunarkona (1)	—	33 327
Ráðskona (1)	—	29 756
Deildarhjúkrunarkonur (2) 25 430, 24 219	—	49 649
Aðstoðarhjúkrunarkonur (1)	—	21 797
Bifreiðarstjóri (1)	—	25 875
Kyndari (1)	—	24 840
Vinnumaður (1)	—	20 700
Aðstoðarráðskona (1)	—	23 805
Starfsstúlkur (16)	—	242 880
Samtals	kr.	590 464

E. Kleppsspítalinn:

Yfirlæknir (1)	kr.	44 039
Aðstoðarlæknar (2) 40 469, 35 707	—	76 176
Kandidat (1)	—	13 041
Læknanemar (2)	—	13 041
Aðstoðarmaður á rannsóknarstofu (1)	—	22 770
Yfirhjúkrunarkona (1)	—	33 327
Aðstoðaryfirhjúkrunarkona (1)	—	31 485

Deildarhjúkrunarkonur (11) 6×29 063, 2×26 640, 3×24 218 ...	kr.	300 312
Hjúkrunarkonur á næturvakt (2) ...	—	58 126
Aðstoðarhjúkrunarkonur (8) 2×26 640, 2×24 218, 2×21 797, 2×19 375 ...	—	184 060
Hjúkrunarnemar (4) ...	—	14 904
Sjúkrakennarar (2) 24 218, 21 797 ...	—	46 015
Hjúkrunarmenn (8) ...	—	182 160
Vökukonur (8) ...	—	129 168
Vinnustúlkur (40) ...	—	621 000
Ráðskona (1) ...	—	33 327
Aðstoðaráðskona (1) ...	—	21 797
Þvotta- og saumakonur (5) ...	—	79 488
Vélamenn (3) ...	—	75 555
Viðgerðarmaður (1) ...	—	25 185
Bifreiðarstjóri (1) ...	—	25 185
Samtals	kr.	2 030 161

F. Kópavogshælið:

Yfirlæknir (1) ...	kr.	18 649
Yfirhjúkrunarkona (1) ...	—	31 485
Vinnustúlkur (2) ...	—	31 050
Ráðskona (1) ...	—	19 656
Þvottakona (1) ...	—	16 560
Samtals	kr.	117 400

G. Fávitahælið á Kleppjárnsreykjum:

Læknir (1) ...	kr.	4 140
Yfirhjúkrunarkona (1) ...	—	31 485
Aðstoðarhjúkrunarkona (1) ...	—	21 797
Hjúkrunarmaður (1) ...	—	22 770
Vökukona (1) ...	—	16 560
Vinnustúlkur (3) ...	—	46 575
Ráðskona (1) ...	—	18 630
Sauma- og þvottakonur (2) ...	—	32 706
Samtals	kr.	194 663

13. gr. fjárlaga.

A. Vegamál.

Vegamálastjóri (1) ...	kr.	49 335
Yfirverkfræðingur (1) ...	—	40 469
Mælingamenn (2) ...	—	76 176
Verkfræðingar (6) 4×38 088, 35 708, 29 063 ...	—	217 123
Teiknari (1) ...	—	29 063
Skrifstofustjóri (1) ...	—	40 469
Gjaldkeri (1) ...	—	33 327
Bókarar (3) 31 485, 30 274, 26 641 ...	—	88 400
Ritarar (3) 24 219, 2×20 990 ...	—	66 199
Birgðaverðir (2) ...	—	66 654
Aðalverkstjórar (3) ...	—	94 455
Samtals	kr.	801 670

B. I. Skipaútgerð ríkisins:

Forstjóri (1)	kr.	49 335
Skrifstofustjóri (1)	—	40 469
Aðalbókari (1)	—	35 708
Lögfræðingur (1)	—	35 708
Gjaldkeri (1)	—	35 708
Afgreiðslustjóri (1)	—	33 327
Innkaupastjóri (1)	—	33 327
Bókarar (12) 33 327, 2×31 485, 2×29 063, 26 641, 2×25 430, 25 254, 23 598, 21 735, 17 761	—	320 272
Sendisveinar (2)	—	22 080
Samtals	kr.	605 934

III. Ferðaskrifstofa ríkisins:

Forstjóri (1)	kr.	46 368
Fulltrúi (1)	—	38 088
Gjaldkeri (1)	—	38 088
Afgreiðslumenn (3) 2×35 708, 29 063	—	100 479
Ritarar (2) 26 641, 21 797	—	48 438
Verzlunarstjóri (1)	—	24 219
Samtals	kr.	295 680

C. Vitamál.

Vita- og hafnarmálastjóri (1)	kr.	49 335
Yfirverkfræðingur (1)	—	40 469
Verkfræðingar (4)	—	152 352
Skrifstofustjóri (1)	—	38 088
Gjaldkeri (1)	—	33 327
Bókarar (2) 30 274, 25 430	—	55 704
Ritari (1)	—	21 797
Teiknarar (2) 31 740, 19 375	—	51 115
Viðgerðar- og eftirlitsmenn (2) 33 327, 29 063	—	62 390
Efnisvörður (1)	—	33 327
Kafari (1)	—	29 063
Samtals	kr.	566 967

D. Flugmál.

Skrifstofa flugvallastjóra:

Flugvallastjóri (1) (tekur einnig laun sem form. flugráðs kr. 13 455)	kr.	49 335
Fulltrúar (2)	—	88 078
Skrifstofustjóri (1)	—	38 088
Ritarar (2)	—	53 282

Skrifstofa flugráðs:

Aðalgjaldkeri	—	38 088
Bifreiðarstjóri (1)	—	30 273
Aðalbókari	—	38 088
Bókarar (2)	—	71 416
Ritarar (2)	—	43 594
Húsvörður (1)	—	29 063

Reykjavíkurflugvöllur:

Yfirflugumferðarstjóri (1)	—	40 469
Flugumferðarstjórar (5) 40 469, 4×38 088	—	192 821

Aðstoðarflugumferðarstjórar (8) 3×35 708, 33 327, 3×32 137, 31 740	kr.	268 602
Nemar í flugumferðarstjórn (4) 2×32 137, 30 947, 28 566	—	123 787
Yfirverkstjóri (1)	—	38 088
Vélaverkstæði:		
Járnsmiður (1)	—	35 708
Ýtustjóri (1)	—	35 708
Sjóflughöfn:		
Yfirmaður flughafnar (1)	—	35 708
Gæzlumenn (2)	—	62 970
Slökkviliðsdeild:		
Varðstjóri (1)	—	35 708
Slökkviliðsmenn (5)	—	157 425
Keflavíkurflugvöllur:		
Fulltrúi (1)	—	44 039
Gjaldkeri (1)	—	35 708
Ritari (1)	—	21 797
Vestmannaeyjaflugvöllur:		
Eftirlitsmaður (1)	—	33 327
Lóranstöðin í Vík:		
Umsjónarmaður (1)	—	42 849
Loftskeytamenn (4)	—	117 060
Tímaverðir (5) 35 708, 4×29 063	—	151 960
Samtals	kr.	1 953 039

14. gr. fjárlaga.

A. Kirkjumál.

Biskupsembættið:

Biskup (1)	kr.	49 335
Biskupsritari (1)	—	35 708
Ritari (1)	—	19 375
Samtals	kr.	104 418

II. Embætti sóknarpresta og prófasta:

Vígslubiskupar (2)	kr.	76 176
Prófastar (19) 59 513, 47 610, 2×41 659, 15×35 708	—	726 061
Prestar (84) 4×45 230, 43 643, 2×39 278, 38 882,, 37 691, 36 501, 60×33 327, 31 740, 5×30 153, 2×28 566, 2×26 979, 3×23 805, 2 579	—	2 783 402
Samtals	kr.	3 585 639

III. Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar:

Söngmálastjóri (1)	kr.	35 707
Samtals	kr.	35 707

B. Kennslumál.

I. a. Háskólinn:

Prófessorar (sem jafnframt eru yfirlæknar) (4) 3×53 130, 11 006	kr.	170 396
Prófessorar (20)	—	880 780

Háskólabókavörður (1)	kr.	44 039
Efnafræðingur (1)	—	44 039
Dósentar (3)	—	121 407
Aukakennarar (13) 20 586, 3×15 621, 11 706, 10 091, 8 073, 4×7 871, 3 229, 9 284	—	141 316
Íþróttakennari (1)	—	38 088
Tannsmiður (1)	—	26 641
Háskólaritari (1)	—	38 088
Húsvörður (1)	—	24 219
Samtals	kr.	1 529 013

b. Tilraunastöð háskólans að Keldum:

Forstöðumaður (1)	kr.	44 039
Efnafræðingur (1)	—	40 469
Dýralæknir (1)	—	40 469
Aðstoðarmenn (4) 31 485, 25 834, 24 219, 21 864	—	103 402
Ritari (1)	—	20 115
Ráðsmaður (1)	—	31 485
Samtals	kr.	279 979

III. Fræðslumálaskrifstofan:

Fræðslumálastjóri (1)	kr.	46 368
Fulltrúar (2)	—	76 176
Íþróttafulltrúi (1)	—	38 088
Bókari (1)	—	31 485
Aðstoðarmenn (2)	—	62 970
Símastúlka (1)	—	20 317
Samtals	kr.	275 404

IV. Menntaskólinn í Reykjavík:

Rektor (1)	kr.	44 039
Yfirkennarar (4)	—	152 352
Kennarar (9)	—	342 792
Dyravörður (1)	—	24 219
Samtals	kr.	563 402

V. Menntaskólinn á Akureyri:

Skólameistari (1)	kr.	44 039
Kennarar (13) 11×38 088, 31 541, 19 044	—	469 553
Dyravörður (1)	—	22 020
	Kr.	535 612

VI. Kennaraskólinn:

Skólastjóri (1) (hefur auk þess kr. 9 522 fyrir umsjón)	kr.	40 469
Kennarar (8) 7×35 708, 15 473	—	265 429
Samtals	kr.	305 898

VII. Sjómannaskólinn:

Skólastjóri (1)	kr.	40 469
Kennarar (4) 2×35 708, 2×33 327	—	138 070
Samtals	kr.	178 539

VIII. Vélstjóraskólinn:

Skólastjóri (1)	kr.	40 469
Kennarar (3) 2×35 708, 33 327	—	104 743
Samtals	kr.	145 212

IX. Sjómannaskólahúsið:

Húsvörður (1)	kr.	32 200
Samtals	kr.	32 200

XI. 1. Bændaskólinn á Hólum:

Skólastjóri (1)	kr.	40 469
Kennarar (3)	—	107 124
Samtals	kr.	147 593

2. Bændaskólinn á Hvanneyri:

Skólastjóri (1)	kr.	40 469
Kennarar (4)	—	142 832
Samtals	kr.	183 301

3. Garðyrkjuskólinn á Reykjum:

Skólastjóri (1)	kr.	38 088
Kennarar (2)	—	66 654
Samtals	kr.	104 742

XIII. Almenn barnafræðsla:

Skólastjórar í kaupstöðum (18)	kr.	576 610
Skólastjórar utan kaupstaða (104)	—	2 575 232
Kennarar í kaupstöðum (251)	—	6 666 696
Kennarar utan kaupstaða (88)	—	2 032 779
Farkennarar (101)	—	1 286 933
Samtals	kr.	13 138 250

4. Kennslueftirlit:

Námsstjórar (4)	kr.	152 352
Samtals	kr.	152 352

XIV. Gagnfræðamenntun.

1. Eiðaskóli:

Skólastjóri (1)	kr.	39 780
Kennarar (7) 3×31 200, 27 300, 2×19 500, 7 800	—	167 700
Samtals	kr.	207 480

2. Héraðs- og gagnfræðaskólar:

Skólastjórar og kennarar (171)	kr.	5 295 466
Samtals	kr.	5 295 466

4. Námsstjórar við framhaldsskóla:

Námstjórar (2)	kr.	76 176
Samtals	kr.	76 176

XV. Húsmæðrafræðsla.

1. Húsmæðraskólar:

Skólastjórar (12)	kr.	399 924
Kennarar (39)	—	1 067 320
Samtals	kr.	1 467 244

3. Húsmæðrakennaraskólinn:

Skólastjóri (1)	kr.	37 740
Kennarar (2)	—	56 610
Samtals	kr.	94 350

4. Námsstjóri við húsmæðraskóla:

Námsstjóri (1)	kr.	23 805
Samtals	kr.	23 805

XVI. 1. Íþróttakennaraskóli:

Skólastjóri (1)	kr.	38 088
Kennari (1)	—	24 012
Samtals	kr.	62 100

XVII. Málleysingjaskólinn:

Forstöðumaður (1)	kr.	38 088
Kennarar (3) 33 327, 2×24 219	—	81 765
Samtals	kr.	119 853

XXVI. Til rannsókna á þroskastigi íslenzkra skólabarna:

Forstöðumaður (1)	kr.	40 469
Aðstoðarmenn (2)	—	45 916
Samtals	kr.	86 385

15. gr. fjárlaga.

A. I. Landsbókasafnið:

Landsbókavörður (1)	kr.	44 039
Bókaverðir (6)	—	228 528
Ritari (1)	—	14 632
Samtals	kr.	287 199

II. Þjóðskjalasafnið:

Þjóðskjalavörður (1)	kr.	44 039
Skjalaverðir (3)	—	114 264
Samtals	kr.	158 303

III. Þjóðminjasafnið:

Þjóðminjavörður (1)	kr.	44 039
Aðstoðarmenn (2) 38 088, 29 955	—	68 043
Safnverðir (2) 28 466, 11 900	—	40 366
Húsvörður (1)	—	20 578
Samtals	kr.	173 026

IV. Náttúrugripasafnið:

Forstöðumenn (2)	kr.	76 176
Aðstoðarstúlka (1)	—	25 430
Samtals	kr.	101 606

VI. Safnahúsið:

Dyravörður (1)	kr.	24 219
Samtals	kr.	24 219

B. I. Atvinnudeild háskólans.

1. Iðnaðardeild:

Deildarstjóri (1)	kr.	40 469
Efnafræðingar (5)	—	190 440

Gerlafræðingur (1)	kr.	38 088
Jarðfræðingur (1)	—	38 088
Aðstoðarmaður (1)	—	29 756
Aðstoðarstúlkur (4)	—	87 188
Samtals	kr.	424 029

2. Fiskideild:

Deildarstjóri (1)	kr.	40 469
Sérfræðingar (3)	—	114 264
Aðstoðarmenn (3) 2×23 805, 28 566	—	76 176
Aðstoðarstúlkur (5) 28 566, 21 797, 20 183, 17 760, 16 953	—	105 259
Samtals	kr.	336 168

3. Landbúnaðardeild:

Deildarstjóri (1)	kr.	40 469
Sérfræðingar (6)	—	228 528
Samtals	kr.	268 997

4. Vítamínrannsóknir:

Efnafræðingur (1)	kr.	4 761
Aðstoðarmaður (1)	—	28 566
Samtals	kr.	33 327

5. Sameiginlegur kostnaður:

Bókari (1)	kr.	35 708
Ritarar (2)	—	37 136
Viðgerðarmaður (1)	—	33 327
Samtals kr.	kr.	106 171

II. Rannsóknarstofa háskólans:

Forstöðumaður (1) (tekur einnig laun frá háskólanum sem prófessor)	kr.	21 062
Læknar (3) 40 469, 35 707, 20 586	—	96 762
Aðstoðarmenn (4) 2×31 485, 29 063, 24 218	—	116 251
Aðstoðarstúlkur (5) 2×21 797, 20 974, 19 375, 15 742	—	99 685
Vinnustúlkur (2)	—	19 044
Sendisveinn (1)	—	8 280
Samtals	kr.	361 084

III. Rannsóknaráð ríkisins:

Framkvæmdastjóri (1)	kr.	40 469
Ráðsmeðlimir (3)	—	28 080
Samtals	kr.	68 549

IV. Veðurstofan:

Veðurstofustjóri (1)	kr.	44 039
Fulltrúar (2)	—	80 938
Veðurfræðingar (6) 4×38 088, 32 534, 28 566	—	213 452
Bókavörður (1)	—	32 534
Loftskeytamenn (8) 33 327, 5×31 485, 2×29 668	—	250 088
Aðalritari (1)	—	30 173
Bókari (1)	—	30 173
Gjaldkeri (1)	—	19 779
Ritarar (3) 26 641, 21 999, 20 923	—	69 563

Aðstoðarmenn (10) 30 072, 2×29 870, 27 750, 21 999, 21 091, 20 889, 20 586, 20 485	—	222 612
Viðgerðarmaður (1)	—	24 219
Samtals	kr.	1 017 570

VII. Sjómælingar:

Mælingamenn (2)	kr.	76 176
Samtals	kr.	76 176

VIII. Húsameistari ríkisins:

Húsameistari (1)	kr.	49 335
Arkitekt (1)	—	38 088
Teiknari (1)	—	35 708
Gjaldkeri (1)	—	33 327
Byggingameistari (1)	—	35 708
Samtals	kr.	192 166

16. gr. fjárlaga.

A. 16. Sandgræðslan:

Sandgræðslustjóri (1)	kr.	38 088
Ráðsmaður (1)	—	33 327
Sandgræðsluverðir (7)	—	9 660
Samtals	kr.	81 075

17. Skógræktin:

Skógræktarstjóri (1)	—	38 088
Skógarverðir (6) 3×31 485, 26 641, 24 219, 15 742	—	161 057
Samtals	kr.	201 525

Dýralæknar:

Yfirdýralæknir (1)	kr.	44 039
Dýralæknar (6) 5×31 485, 24 219	—	181 644
Samtals	kr.	225 683

D. Raforkumál.

Skrifstofa raforkumálastjóra:

Raforkumálastjóri (1)	kr.	49 335
Gjaldkeri (1)	—	35 708
Aðstoðarmaður (1)	—	33 327
Bókarar (2) 31 485, 20 063	—	60 548
Ritarar (3) 21 730, 20 721, 19 644	—	62 095
Símastúlka (1)	—	19 846
Sendisveinn (1)	—	9 688
Samtals	kr.	270 547

Áætlunar og mælingadeild:

Yfirverkfræðingur (1)	kr.	44 039
Fulltrúi (1)	—	38 088
Byggingaverkfræðingar (2)	—	76 176
Rafmagnsverkfræðingur (1)	—	38 088
Hagfræðingur (1)	—	36 501
Teiknarar (2) 31 485, 27 852	—	59 337
Vatnamælingamaður (1)	—	34 914
Samtals	kr.	327 143

Rafmagnseftirlit ríkisins:

Rafmagnseftirlitsstjóri (1)	kr.	44 039
Yfirverkstjóri (1)	—	33 327
Verkstjórar (2)	—	66 654
Eftirlitsmaður (1)	—	31 485
Bókari (1)	—	30 677
Aðstoðarmaður (1)	—	20 385
Ritari (1)	—	19 913
Samtals	kr.	246 480

Jarðboranir:

Yfirverkfræðingur (1)	kr.	44 039
Verkfræðingur (1)	—	38 088
Samtals	kr.	82 127

17. gr. fjárlaga.

13. Upptökuheimilið að Elliðahvammi:

Læknir (1)	kr.	6 210
Forstöðukona (1)	—	26 641
Ráðskona (1)	—	18 630
Vinnustúlkur (2)	—	31 050
Samtals	kr.	82 531

Utan fjárlaga.

Þjóðleikhúsið:

Þjóðleikhússtjóri (1)	kr.	46 368
Leiksviðsstjóri (1)	—	44 039
Leikkonur (6) 44 039, 3×38 088, 2×31 484	—	221 271
Leikarar (8) 4×44 039, 3×38 088, 31 484	—	321 904
Leiktjaldamálari (1)	—	38 088
Ljósameistari (1)	—	35 706
Leiktjaldasmiðir (2) 33 327, 31 484	—	64 811
Hárkollumeistari (1)	—	21 797
Bókari (1)	—	33 327
Gjaldkeri (1)	—	21 796
Ritari (1)	—	19 375
Bókavörður (1)	—	18 000
Tónlistarráðunautur (1)	—	6 000
Bókmenntaráðunautur (1)	—	8 000
Gjaldkeri miðasölu (1)	—	29 063
Miðasölustúlkur (2)	—	33 120
Saumakonur (3)	—	62 183
Hárgreiðslukona (1)	—	13 800
Húsvörður (1)	—	21 796
Dyraverðir (2)	—	47 610
Ræstingamaður (1)	—	29 063
Sendill (1)	—	16 560
Samtals	kr.	1 153 677

Nd. **2. Frumvarp til laga** [2. mál]

um breyting á lögum nr. 48 25. maí 1949. um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Aftan við síðustu málsgr. 10. gr. laganna komi nýr málsliður, svo hljóðandi:

Þó er sjóðstjórninni heimilt á árinu 1950 að skerða stofnfé síldveiðideildar að fengnu samþykki ráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að atvinnumálaráðherra hefur tjáð mér, að þar sem síldveiðin hefur brugðizt það sem af er þessu sumri og það sé sjötta sumarið í röð, sem síldveiðin bregzt, beri brýna nauðsyn til að veita útvegsmönnum fjárhagslega aðstoð nú þegar til að koma í veg fyrir, að þeir neyðist til að hætta veiðum. Enn fremur að lög um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins, nr. 48 25. maí 1949, séu nú komin til framkvæmda og sé eðlilegast, að sjóðurinn leysi vandræðin eftir því, sem hann hafi fjárhagsgetu til. Handbært fé síldveiðideildar hlutatryggingasjóðs sé nú um 490000 kr., en auk þess eigi síldveiðideildin að fá síðar 2500000 króna stofnfé, sbr. 12. gr. laga nr. 22/1950, og að samkvæmt niðurlagi 10. gr. laga nr. 48/1949, um hlutatryggingasjóðinn, megi aldrei skerða stofnfé hans. Þar sem brýna nauðsyn ber til þess, að sjóðurinn veiti aðstoð á þessu ári, verður ekki komizt hjá því að heimila að skerða stofnfé síldveiðideildarinnar.

Vegna þessa gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Aftan við síðustu málsgr. 10. gr. laganna komi nýr málsliður, svo hljóðandi:

Þó er sjóðstjórninni heimilt á árinu 1950 að skerða stofnfé síldveiðideildar að fengnu samþykki ráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. ágúst 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

Ed. 3. Frumvarp til laga [3. mál]

um breyting á vegalögum nr. 34 22. apríl 1947.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Úr 1. málsgr. 14. gr. laganna falli burtu setningin „Telji vegamálastjóri ráðlegt, að sýslan kaupi slíkar vélar, greiðir ríkissjóður helming af verði vélanna, þar með talinn allur kostnaður við þær, komnar á ákvörðunarstað í sýslunni."

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Tilgangurinn með lagabreytingu þessari er að fella burtu skyldu ríkissjóðs til þess að greiða helming af kostnaði við vélakaup þau, sem um ræðir í greininni, en það er á stórvirkum, vélknúnum tækjum til vegagerða, svo sem jarðýtu og skurðgröfu, þar sem reynslan hefur sýnt, að rekstur slíkra véla getur borið sig án sérstaks styrks eða framlags úr ríkissjóði.

Ed. 4. Frumvarp til laga [4. mál]

um breyting á lögum nr. 60 1939. um gjald af innlendum tollvörutegundum.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1951 með 450% álagi gjald samkvæmt lögum nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum, nema af gosdrykkjum samkvæmt 1. tölulið 4. kafla 2. gr. laganna, sem henni heimilast að innheimta með 550% álagi, og öli samkvæmt 3. tölulið sama kafla, sem heimilað er að innheimta með 600% álagi og kaffibæti samkvæmt 1. lið 3. kafla, sem heimilað er að innheimta með 50% álagi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er til framlengingar á lögum nr. 113/1949. 50% hækkun á kaffibæti, sem innheimt hefur verið undanfarin ár samkvæmt heimild í 3. lið 3. gr. laga nr. 98/1941, er nú tekin upp í þessi lög, því að í frumvarpi því um bráðabirgðabreytingu tollskrárlaganna, sem lagt er fram með þessu frumvarpi, er lagt til, að lög nr. 98/1941 verði felld úr gildi.

Ed. **5. Frumvarp til laga** [5. mál]

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Á árinu 1951 skal innheimta:

A. Vörumagnstoll samkvæmt lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl., og síðari breytingum á þeim lögum, með þessum hækkunum:
   a. Af benzíni, öðru en flugvélabenzíni, samkvæmt 27. kafla tollskrárinnar, 15. lið, með 20 aurum af kg í stað 1 eyris.
   b. Af öllum öðrum vörum með 200% álagi, þó ekki af flugvélabenzíni og vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.

B. Verðtoll samkvæmt sömu lögum með 45% álagi, þó ekki af vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.

2. gr.

Undanþegnar tollhækkun þeirri, er getur í b-lið A og B-lið 1. gr., eru þessar vörur:

Tollskrárkafli 9	nr.	1—2,	kaffi, óbrennt, brennt, eða brennt og malað.
— 10	—	1—7,	korn, ómalað.
— 11	—	1—12,	mjöl og grjón.
— 17	—	1—6,	sykur.
— 22	—	6—38,	drykkjarvörur og ýmislegir vökvar.
— 24	—	1—9,	tóbak.
— 25	—	10,	salt.
— 27	—	1—4,	kol.
—	—	14,	steinolía.

Enn fremur eru vörur, sem sérstakur tollur er greiddur af vegna milliríkjasamninga, undanskildar tollhækkun samkvæmt 1. gr.

3. gr.

Á árinu 1951 skal heimilt:

1. Að fella niður aðflutningsgjöld af:
   a. Belgávöxtum, sem teljast til nr. 5—6 í 7. kafla tollskrár.
   b. Ómöluðu korni, sem telst til nr. 1—7 í 10. kafla tollskrár.
   c. Kornmjöli og grjónum, sem telst til nr. 1—12 í 11. kafla tollskrár.
2. Að lækka um helming aðflutningsgjöld af sykri, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrár, og að heimta ekki verðtoll af flutningsgjaldi af þessum sykri.

4. gr.

Ekki er heimilt að hækka álagningu verzlana á vörur vegna tollahækkana samkvæmt lögum þessum, og er verðlagsyfirvöldum skylt að sjá um, að svo verði ekki gert, annaðhvort með því að banna álagningu á tollahækkunina eða með því að breyta verðlagsákvæðum þannig, að álagningin hækki ekki að krónutölu vegna tollhækkunarinnar frá því, sem er við gildistöku laga þessara.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1951.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er til framlengingar á lögum nr. 2/1950. Hér er þó gert ráð fyrir tveimur breytingum frá þeim lögum:

1. Að álag á verðtoll samkvæmt B-lið 1. gr. sé lækkað úr 65% í 45%, en það er gert í samræmi við 10. gr. laga nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.
2. Að felld verði niður lög nr. 98/1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna, en það, sem enn er notað af þeim heimildum, sem felast í þeim lögum varðandi aðflutningsgjöld, verði tekið inn í þetta frumvarp, en það eru ákvæðin í 1. og 2. lið 3. gr. laganna frá 1941, sbr. auglýsingu nr. 2/1950, og eru þau ákvæði tekin upp í 3. gr. þessa frumvarps. Lög nr. 98/1941 voru sett á styrjaldarárunum, og voru þau fyrst og fremst miðuð við ástand, sem þá ríkti, og ráðstafanir, sem þá þótti rétt að gera. Er ekki ástæða til, að lagaákvæði þessi, að undanteknum ákvæðum 1. og 2. liðs 5. gr. varðandi aðflutningsgjöld og 3. liðs varðandi tollvörugjald af kaffibæti — en ákvæði 3. liðs varðandi kaffibæti eru tekin upp í frumvarpið um breytingu á tollvörugjaldslögunum, sem lagt er fram með þessu frumvarpi — verði látin gilda lengur, og er því lagt til, að þau verði felld niður.

Ed. 6. Frumvarp til laga [6. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast allt að 2250000 króna lán til útgerðarmanna, er stunda síldveiðar á þessu sumri.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast bráðabirgðalán til þeirra útgerðarmanna, er síldveiðar stunda á þessu sumri, og Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h.f. veita.

2. gr.

Samanlögð ábyrgð ríkissjóðs vegna þessara lánveitinga má ekki fara fram úr kr. 2 250 000.00.

3. gr.

Það, sem ríkissjóður kann að greiða af lánunum vegna þessarar ábyrgðar, endurgreiðist honum af fé síldveiðideildar hlutatryggingasjóðs.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um ástæður fyrir frumvarpi þessu, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast allt að 2 250 000 króna lán til útgerðarmanna, er stunda síldveiðar á þessu sumri.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að gefa út lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast bráðabirgðalán til útgerðarmanna, sem síldveiðar stunda í ár.

Sökum þess, að síldveiði hefur enn brugðizt í sumar fram að þessu, og hætta er á, að hún stöðvist alveg vegna erfiðleika síldarútgerðarmanna á að greiða kaup háseta og nauðsynjar til útgerðarinnar, hefur ríkisstjórnin leitað til Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands h.f. um lánveitingu að fjárhæð allt að kr. 2 250 000.00 í þessu skyni, og verði lánin tryggð með ábyrgð ríkissjóðs. Það, sem ríkissjóður kann að greiða af lánunum vegna þessarar ábyrgðar, endurgreiðist honum af fé síldveiðideildar hlutatryggingasjóðs.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt heimild í 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast bráðabirgðalán til þeirra útgerðarmanna, er síldveiðar stunda á þessu sumri, og Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h.f. veita.

2. gr.

Samanlögð ábyrgð ríkissjóðs vegna þessara lánveitinga má ekki fara fram úr kr. 2 250 000.00.

3. gr.

Það, sem ríkissjóður kann að greiða af lánunum vegna þessarar ábyrgðar, endurgreiðist honum af fé síldveiðideildar hlutatryggingasjóðs.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. ágúst 1950.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

Ed. 7. Frumvarp til laga [7. mál]

um skyldu bæjar- og sveitarsjóða til að greiða uppbót á laun skólastjóra og kennara við barnaskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Bæjar- og sveitarsjóðum ber að greiða sömu uppbætur á þann hluta grunnlauna skólastjóra og kennara við barnaskóla, sem greiða á úr bæjar- og sveitarsjóðum, samkv. 15. gr. launalaga nr. 60 1945, eins og ríkissjóður hefur greitt á

sinn launahluta árin 1949 og 1950, samkv. þingsályktunum frá 18. maí og 20. des. 1949, og ber að greiða frá 1. júní til áramóta 1950, samkvæmt ákvæði 19. gr. 2. lið fjárlaga fyrir árið 1950.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um ástæður fyrir frumvarpi þessu, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um skyldu bæjar- og sveitarsjóða til að greiða uppbót á laun skólastjóra og kennara við barnaskóla.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð oss, að nauðsynlegt sé að setja bráðabirgðalög um skyldu bæjar- og sveitarsjóða til að greiða sömu uppbætur á þann hluta launa skólastjóra og kennara barnaskólanna, sem bæjar- og sveitarsjóðir greiða, eins og ríkissjóður greiðir á sinn hluta launanna árin 1949 og 1950. Ákvæðin um launauppbót voru sett af Alþingi með það fyrir augum, að allir, sem laun taka samkvæmt launalögum, skyldu verða þeirra aðnjótandi á öll sín grunnlaun. Hins vegar fólst ekki í þeim lagaleg skylda fyrir bæi og sveitarfélög að inna þessar greiðslur af hendi, og í framkvæmdinni hefur það orðið þannig, að um helmingur bæjar- og sveitarfélaga hafa greitt uppbætur á laun skólastjóra og kennara barnaskólanna, en aðrir ekki.

Með því að vér föllumst á, að brýna nauðsyn beri til þess, að bæjar- og sveitarsjóðir séu nú þegar skyldaðir til að inna þessar greiðslur af hendi, gefum vér út bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Bæjar- og sveitarsjóðum ber að greiða sömu uppbætur á þann hluta grunnlauna skólastjóra og kennara við barnaskóla, sem greiða á úr bæjar- og sveitarsjóðum, samkv. 15. gr. launalaga nr. 60 1945, eins og ríkissjóður hefur greitt á sinn launahluta árin 1949 og 1950, samkv. þingsályktunum frá 18. maí og 20. des. 1949, og ber að greiða frá 1. júní til áramóta 1950, samkvæmt ákvæði 19. gr. 2. lið fjárlaga fyrir árið 1950.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. júní 1950.

Steingrímur Steinþórsson. **Jón Pálmason.** **Þórður Eyjólfsson.**

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

Nd. 8. Frumvarp til laga [8. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1951 með viðauka.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1951 með 100% viðauka vitagjald, þær aukatekjur ríkissjóðs, sem taldar eru í I.—VI. kafla laga nr. 27 27. júní 1921, stimpilgjald samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1921 og síðari lögum, sem hafa ákvæði um stimpilgjald, leyfisbréfagjöld og lestagjald.

Enn fremur heimilast ríkisstjórninni að innheimta á sama tíma með 50% viðauka eignarskatt samkvæmt 14. gr. l. nr. 6 9. jan. 1935, álagðan á árinu 1951, svo og gjöld til ríkissjóðs samkv. IX. kafla laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, að undanskildum gjöldum samkvæmt 58. gr. laganna, með 200% viðauka.

2. gr.

Viðaukann skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1951.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Hér er um að ræða framlenging fyrir árið 1951 á ýmsum gjaldahækkunum, sem gilda í ár, og sömu ástæður eru nú sem áður fyrir þeim.

Nd. 9. Frumvarp til laga [9. mál]

um tekjuskattsviðauka árið 1951.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Auk skatta þeirra, sem í 6. gr. laga nr. 6 1935, sbr. 1. gr. laga nr. 20 1942, og í lögum nr. 21 1942 getur, skal árið 1951 leggja á tekjur ársins 1950 skattauka samkvæmt eftirfarandi reglum:

Af skattskyldum tekjum lægri en 8000 kr. greiðist enginn skattauki.

Af skattskyldum tekjum yfir 8000 kr., en undir 9000 kr., greiðast 2%.

Af	9—	10	þús.	kr.	greiðist	20	kr.	af	9	þús.	kr.	og	4	% af afgangi.
—	10—	12	—	—	—	60	—	—	10	—	—	—	5	— — —
—	12—	14	—	—	—	160	—	—	12	—	—	—	6	— — —
—	14—	17	—	—	—	280	—	—	14	—	—	—	7	— — —
—	17—	20	—	—	—	490	—	—	17	—	—	—	8	— — —
—	20—	25	—	—	—	730	—	—	20	—	—	—	9	— — —
—	25—	30	—	—	—	1180	—	—	25	—	—	—	10	— — —
—	30—	40	—	—	—	1680	—	—	30	—	—	—	11	— — —
—	40—	100	—	—	—	2780	—	—	40	—	—	—	12	— — —
—	100—	125	—	—	—	9980	—	—	100	—	—	—	10	— — —
—	125—	150	—	—	—	12480	—	—	125	—	—	—	7	— — —
—	150—	200	—	—	—	14230	—	—	150	—	—	—	5	— — —
—	200		—	—	—	16730	—	—	200	—				

2. gr.

Um álagningu, gjalddaga, lögtaksrétt, viðurlög og innheimtu þessa skatts fer að lögum um tekjuskatt og eignarskatt (sbr. lög nr. 20 20. maí 1942, 14. gr. a.).

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er samhljóða lögum sem nú eru í gildi, um tekjuskattsviðauka, að öðru leyti en því, að það nær til ársins 1951. Tekjuþörf ríkissjóðs hefur ekki rénað, og því er frumvarpið borið fram.

Nd. 10. Frumvarp til laga [10. mál]

um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Ákvæðin um tekjuöflun, sem sett voru í III. kafla laga nr. 100/1948, skulu gilda til 31. desember 1951, að breyttri 30. gr. laganna, sem orðast svo:

Viðbótargjöld fyrir gjaldeyris- og innflutningsleyfi skal greiða:

a. af gjaldeyrisleyfum til utanferða, öðrum en leyfum til námsmanna og sjúklinga, 25% af leyfisfjárhæð;
b. af innflutningsleyfum fyrir fólksbifreiðum 35% af leyfisfjárhæð. Leyfisgjaldið miðast við tollmat bifreiðanna, að frádregnu flutningsgjaldi og vátryggingariðgjaldi, ef leyfisfjárhæð er ekki tiltekin.

Gjöld þessi skal fjárhagsráð innheimta við afhendingu leyfanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1951.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er samhljóða lögum nr. 24/1950, að öðru leyti en því, að það tekur til ársins 1951. Þær ástæður, sem voru til þessarar tekjuöflunar á s. l. ári, eru enn fyrir hendi, og er frv. þetta þess vegna fram borið.

Nd. 11. Frumvarp til laga [11. mál]

um breyting á lögum nr. 53 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum, og á lögum nr. 45 7. maí 1928, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Sigurður Guðnason, Einar Olgeirsson.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Þá er skip er að veiðum með botnvörpu eða á siglingu milli innlendra hafna og fiskimiðanna, skal jafnan skipta sólarhringnum í fjórar sex stunda vökur eða

tvær tólf stunda vökur, eftir því sem hásetar á viðkomandi skipi kjósa heldur. Skal eigi nema helmingur háseta skyldur að vinna í einu, en hinn helmingurinn eiga hvíld, og skal hver háseti hafa að minnsta kosti 12 klukkustunda hvíld á sólarhring hverjum. Samningar milli sjómannafélaga og útgerðarmanna um lengri vinnutíma en fyrir er mælt í grein þessari skulu ógildir vera.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Skipstjóri og útgerðarmaður bera sameiginlega ábyrgð á því, að fyrirmælum þessara laga sé fylgt, og varðar ítrekað brot skipstjóra stöðumissi.

3. gr.

Í stað „1000—10000‘ í 5. gr. laganna komi: 5000—50000.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, hefur verið flutt hvað eftir annað á Alþingi af þingmönnum Sósialistaflokksins. Skal hér rakin í stuttu máli gangur þess allt til síðasta þings, eins og sagt var frá honum í áliti 1. minni hl. sjávarútvegsnefndar Nd. (Áka Jakobssonar) í nál. 13. apríl 1950:

„Frv. það, sem hér liggur fyrir, var fyrst flutt á Alþingi 1942 (sumarþinginu) af þm. Sósialistaflokksins, þáv. 2. landsk. þm., Ísleifi Högnasyni. Frv. var þá vísað til sjávarútvegsnefndar, en var ekki afgreitt úr nefndinni og dagaði uppi á þinginu. Árið 1942 var allur togaraflotinn á ísfiskveiðum, en meiri hluti háseta dvaldi í landi á meðan á siglingu til Englands stóð, en hún tók venjulega 10 daga. Af þessu leiddi, að þau óeðlilegu fyrirmæli gildandi laga, að hásetar á botnvörpuskipum skuli vinna í 16 klst. á sólarhring, eftir að verkafólk í landi var almennt farið að vinna í 8 klst. á sólarhring, urðu ekki til eins mikils baga og síðar kom fram. Veiðiferðirnar stóðu í allt að 14 daga, og þótt það væri erfið skorpa og jafnvel hættuleg heilsu manna, voru menn þó öruggir um að fá um 10 daga hvíld, þeir sem heima biðu, og miklu hægari vinnu hinir, sem sigldu. Þegar frv. þetta var upphaflega flutt, var ekki ríkjandi nógu almennur skilningur á þýðingu þessa máls.

Næst var mál þetta flutt á þingi 1946 af tveim þm. Sósialistaflokksins, þeim Hermanni Guðmundssyni og Sigurði Guðnasyni. Frv. náði þá enn ekki að verða afgreitt á þinginu, en sjávarútvegsnefnd Nd., sem fékk málið til meðferðar, afgreiddi það þó. Afgreiðslan varð sú, að meiri hl., þeir Sigurður Kristjánsson og Pétur Ottesen, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, og Skúli Guðmundsson, fulltrúi Framsóknarflokksins, lýstu sig andvíga málinu og lögðu til, að frv. yrði fellt. Finnur Jónsson, fulltrúi Alþýðuflokksins, lýsti yfir því, að hann væri ekki við því búinn að taka afstöðu til málsins, en fulltrúi Sósialistaflokksins, Áki Jakobsson, lagði til, að frumvarpið yrði samþykkt.

Meðan málið lá fyrir þinginu 1946 var það mikið rætt meðal sjómanna á togaraflotanum, og kom þá í ljós, að áhugi var mjög mikill og almennur fyrir því að lögfesta 12 tíma hvíldartíma á togurunum. Þessi mikli áhugi kom fram í því, að um 400 starfandi togarasjómenn sendu Alþingi áskorun um að samþykkja frv. Eins og áður er sagt, dagaði frv. þetta uppi á þinginu 1946.

Í þriðja sinn var mál þetta borið fram á þinginu 1947 og þá af hinum sömu tveim þingmönnum Sósialistaflokksins, er fluttu frv. 1946. Enn var máli þessu vísað til sjávarútvegsnefndar Nd., sem afgreiddi það þannig, að meiri hlutinn, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, þeir Sigurður Kristjánsson og Pétur Ottesen, fulltrúi Framsóknarflokksins, Halldór Ásgrímsson, og fulltrúi Alþýðuflokksins, Finnur

Jónsson, lögðu til, að frv. yrði vísað til ríkisstjórnarinnar gegn loforði hennar um að athuga málið sjálf eða skipa nefnd til þeirrar athugunar. Minni hlutinn, fulltrúi Sósialistaflokksins, Áki Jakobsson, lagði hins vegar til, að frv. yrði samþykkt óbreytt. Var málið síðan afgreitt í deildinni þannig, að þingmenn Sjálfstæðisflokksins, Framsóknarflokksins og Alþýðuflokksins samþykktu gegn atkvæðum þingmanna Sósialistaflokksins að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar.

Máli þessu var vísað til ríkisstjórnarinnar í marzmánuði 1948, en hinn 8. júní s. á. skipaði þáv. forsætis- og félagsmálaráðherra, Stefán Jóh. Stefánsson, 6 manna nefnd til að endurskoða gildandi löggjöf um hvíldartíma háseta á botnvörpuskipum. Í nefnd þessa voru skipaðir: Jónatan Hallvarðsson hæstaréttardómari og Torfi Hjartarson tollstjóri án tilnefningar, Karl Guðbrandsson (síðar Borgþór Sigfússon) og Sigfús Bjarnason, tilnefndir af samtökum sjómanna í Rvík og Hafnarfirði, og Skúli Thorarensen og Ingvar Vilhjálmsson af hálfu útgerðarmanna.

Nefnd þessi starfaði í röskt ár. Hún safnaði ýmsum upplýsingum um hvíldartíma sjómanna í öðrum löndum, og verður ekki séð, að hún hafi unnið úr þeim upplýsingum. Nefndarálitin eru þrjú, fulltrúar sjómanna tveir leggja til, að lögboðin verði 12 tíma hvíld á togurunum. Fulltrúar útgerðarmanna tveir leggja til, að frv. um lögfestingu 12 tíma hvíldartíma verði felld. En þeir tveir menn, sem ríkisstjórnin skipaði án tilnefningar, Jónatan Hallvarðsson hæstaréttardómari og Torfi Hjartarson tollstjóri, gerðu enga tillögu um málið, enda lýsa þeir því yfir í áliti sínu, að starf þeirra í nefndinni hafi í rauninni einungis verið í því fólgið að leita sátta um lausn málsins með fulltrúum stétta þeirra, sem hlut eiga að máli, en þau sáttastörf hafi engan árangur borið.

Það kemur raunar engum á óvart, að enginn árangur varð af störfum þessarar milliþinganefndar. Á það var bent þegar, er sú tillaga að vísa máli þessu til ríkisstjórnarinnar var til meðferðar á Alþingi í marz 1948, að upp úr fyrirhugaðri rannsókn fengist ekkert annað en að tefja framgang málsins um stundarsakir, enda snerust ákveðnir andstæðingar þessa máls strax til fylgis við þá tillögu að vísa því til ríkisstjórnarinnar til athugunar í því skyni.

Nefndarskipunin til að gera tillögur um hvíldartíma háseta á botnvörpuskipum hefur því ekki borið annan árangur en þann að tefja framgang þessa máls í nærri tvö ár. Vegna setu þessarar nefndar var ekki unnt að bera fram frv. um lögfestingu 12 tíma hvíldartíma háseta á togurum á þinginu 1948, því að nefndin skilaði ekki áliti sínu fyrr en síðari hluta árs 1949. En á því þingi leituðust flutningsmenn frv. frá þinginu 1947 við að ýta við nefndinni með því að bera fram fyrirspurn til ríkisstjórnarinnar um, hvað liði störfum hennar.

Eftir að milliþinganefndin hafði lokið störfum haustið 1949, var snemma á þessu þingi flutt frv. það, sem hér liggur fyrir. Frv. hefur verið til athugunar í nefndinni, og hefur nefndin, auk þess að kynna sér álit milliþinganefndarinnar, sent frv. til Alþýðusambandsins og Landssambands ísl. útvegsmanna og lagt fyrir þessa aðila spurningar, sem nefndin hefur fengið svör við, sem engar nýjar upplýsingar veita.“

Á síðasta þingi (1949) náði málið ekki afgreiðslu. Meiri hluti sjávarútvegsnefndar, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarfl., lögðu þá til að afgreiða frv. með svo hljóðandi rökstuddri dagskrá:

„Þar sem eðlilegast þykir, að verkamenn og atvinnurekendur semji sjálfir um kaup og kjör, en Alþingi hefur þegar sett lög um lágmarkshvíldartíma háseta á botnvörpuskipum, telur deildin ekki rétt að svo stöddu, að ríkisvaldið hafi frekari afskipti af þessu máli, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.“

Þessi afstaða Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarfl. að binda þannig samþykkt þessa hvíldartímafrumvarps og gera það að deilumáli sjómanna og togaraeigenda hefur þegar orðið þjóðinni dýr, eins og togarastöðvunin sýnir, sem þegar hefur kostað þjóðina um 70 milljónir króna í erlendum gjaldeyri.

Um málið sjálft þarf vart að fjölyrða.

Þegar þetta frv. var flutt 1947, sagði svo um það í greinargerð þeirri, er því fylgdi:

„Frumvarp þetta var flutt vegna einróma samþykktar síðasta þings Alþýðusambands Íslands (þ. e. 1946), sem innan sinna vébanda hefur öll sjómanna- og verkamannafélög landsins, sem togarahásetar eru félagar í. Þau rök, sem færð hafa verið gegn því, hafa eigi komið frá öðrum en togaraeigendum og meiri hluta sjávarútvegsnefndar, er endurtók þá staðhæfingu útgerðarmanna, að lækka yrði kaup togarasjómanna, ef frumvarpið yrði samþykkt, og að það væri eigi framkvæmanlegt vegna vöntunar á plássi í togurunum. Þessi rök eru ekki frambærileg gegn því réttlætismáli, sem er aðalefni frumvarps þessa, að togarasjómenn eigi afdráttarlausa kröfu á 12 tíma hvíld á sólarhring. Enginn sjómaður tekur alvarlega þá mótbáru togaraeigenda, að pláss sé ekki til í skipunum fyrir þá 3—4 menn, sem bæta þarf við, er hvíldartíminn verður lengur, og sú fullyrðing útgerðarmanna, að kaup háseta ætti að lækka, ef fjölgað yrði á skipunum, er aðeins dæmi um það, hve ósanngjarnir atvinnurekendur af gamla skólanum geta enn verið.

Togarasjómenn eru nú samkvæmt lögum skyldir til þess að vinna allt að 16 stundum í sólarhring og bera oft og tíðum ekki meira úr býtum en menn í landi fyrir stuttan vinnutíma. Það er því svo furðulangt frá sanngirni að ympra á því að lækka kaup þeirra, þó að þeim verði tryggð 12 stunda hvíld á sólarhring, að slíkt nær engri átt. Það verður að spara á öðrum liðum útgerðarkostnaðarins. Útgerðin ber það ekki að missa af flotanum, vegna óhóflegs vinnutíma og lélegra launa, það einvalalið, er nú mannar togarana.

Því hefur verið hreyft um þetta frumvarp, eins og hin fyrri vökulög, að það sé flutt í pólitískum tilgangi, án þess að sjómenn hafi sjálfir áhuga á málinu. Eins og í fyrra skipti hafa togarahásetar svarað þessu eftirminnilega. Frá því að frumvarpið var lagt fram á síðasta þingi, hafa um 400 starfandi togarahásetar skorað á Alþingi að samþykkja það, og sams konar áskoranir hafa borizt víðar að. Afstaða sjómanna til frumvarpsins er því ótvírætt sú, að þeir vilja, að frumvarpið verði að lögum.

Með hliðsjón af því, hversu þetta er mikið réttlætismál, verður að ætla, að frumvarpið fái fljóta og þinglega fyrirgreiðslu og Alþingi viðurkenni réttmæti þess og geri það að lögum.“

Síðan þetta var skrifað, hafa svo í sumar verið gerðar tilraunir um 12 tíma hvíldartíma á togurunum, bæði hjá bæjarútgerð Reykjavíkur og á togurum þeim, sem gerðir eru út á Norðfirði. Hafa þessar tilraunir gefizt mjög vel.

Nd. 12. Frumvarp til laga [12. mál]

um breyting á lögum nr. 53 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum, og á lögum nr. 45 7. maí 1928, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Finnur Jónsson.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Þá er skip er að veiðum með botnvörpu eða á siglingu milli innanlendra hafna og fiskimiðanna, skal jafnan skipta sólarhringnum í fjórar sex stunda vökur. Skal eigi nema helmingur háseta skyldur að vinna í einu, en hinn helmingurinn eiga hvíld, og skal hver háseti hafa að minnsta kosti 12 klukkustunda hvíld á sólarhring hverjum. Samningar milli sjómannafélaga og útgerðarmanna um lengri vinnutíma en fyrir er mælt í lögum þessum skulu ógildir vera.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Skipstjóri og útgerðarmaður bera sameiginlega ábyrgð á því, að fyrirmælum þessara laga sé fylgt, og varðar ítrekað brot skipstjóra stöðumissi.

3. gr.

Í stað „1000—10000“ í 5. gr. laganna komi: 5000—50000.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. um lengingu hvíldartíma háseta á botnvörpuskipum hefur verið til umræðu á nokkrum undanförnum þingum. Á síðasta Alþingi gaf flm. þessa frv. út nefndarálit um að lögbinda 12 stunda lágmarkshvíld á togurum, og eru þar færð rök fyrir nauðsyn þeirrar breytingar m. a. á þessa leið:

„Vökur og takmarkalaus þrælkun togarasjómanna gekk á sínum tíma svo úr hófi fram, að hraustbyggðustu menn urðu heilsulausir á unga aldri. Alþýðuflokkurinn hóf þá baráttu fyrir löggjöf til verndar sjómönnum með þeim árangri, að hin alkunnu togaravökulög, sem formaður Alþýðuflokksins, Jón Baldvinsson, fékk samþykkt á Alþingi árið 1921, tryggðu togarahásetum 6 stunda hvíld á sólarhring, meðan skip voru að veiðum. Þetta orðalag var hártogað af sumum skipstjórum. Létu þeir slíta vöktum, þegar lagt var af stað heim, og settu ekki vaktir fyrr en komið var á fiskimiðin aftur. Baráttunni var haldið áfram, og með lögunum, sem gengu í gildi 1. júlí 1928, náðist hin upphaflega 8 tíma hvíldarkrafa, er átti að fyrirbyggja ofþjökun við þessa ströngu vinnu, sem oft var unnin í verstu veðrum. Einnig var svo kveðið á, að vaktir skyldu haldast, meðan skip væri í siglingu milli innlendra hafna og fiskimiðanna. Í þessum lögum var ákveðið að skipta sólarhringnum sem hér segir:

Fyrst 6 tíma hvíld og 18 tíma á þilfari, en síðan 8 tíma hvíld samfellda og 16 tíma á þilfari.

Þegar fyrirkomulag þetta hafði staðið nokkur ár, komust menn á þá skoðun að fenginni reynslu, að heppilegri væri að skipta vöktum þannig, að 6 tíma hvíld kæmi eftir hverja 12 stunda vinnu. Er þetta að vísu nokkur frávikning frá lagabókstafnum, en hefur verið framkvæmt átölulaust, enda verður styttra milli hvílda á þennan hátt við hina erfiðu vinnu.

Þegar togaravökulögin voru sett, var vinnutími í landi almennt 10 stundir. Síðan var hann styttur niður í 8 stundir, en vinnutíminn á togurunum hélzt áfram óbreyttur. Þó var tekinn upp sá háttur í ófriðnum, þegar allir togarar stunduðu ísfiskveiðar allt árið, að 4 hásetar sigldu til útlanda í hverri ferð, en hinir voru í landi, þó eigi lengur en 16 stundir í söluferð. Þeir, sem í landi voru, fengu á þennan hátt hvíld frá erfiðinu, meðan togararnir voru í siglingu og stunduðu eingöngu ísfiskveiðar. Meðan svo var ástatt, virtist ekki brýn ástæða til, að löggjafarvaldið hefði afskipti af málinu, en á þessu hefur nú orðið mikil breyting. Saltfiskveiðar togara hófust á ný árið 1946, en hafa þó eigi verið stundaðar verulega fyrr en á þessu ári. Og er útlit fyrir, að þær veiðar haldi áfram. Við þessa breytingu hefur erfiði togaraháseta aukizt mjög á ný. Hefur málið því verið rætt af samtökum sjómanna og komið til umræðu á Alþingi.

Í tilefni af frv. til l. um tólf stunda hvíld togaraháseta, sem borið var fram á Alþingi 1947, en vísað var til ríkisstjórnarinnar, skipaði þáv. forsætis- og félagsmálaráðherra, Stefán Jóh. Stefánsson, 6 manna milliþinganefnd í málið. Í nefndinni voru Jónatan Hallvarðsson hæstaréttardómari og Torfi Hjartarson tollstjóri, skipaðir án tilnefningar, Borgþór Sigfússon formaður sjómannafélagsins í Hafnarfirði

og Sigfús Bjarnason starfsmaður sjómannafélags Reykjavíkur af hálfu sjómanna, en af hálfu útgerðarmanna Skúli Thorarensen forstjóri og Ingvar Vilhjálmsson útgerðarmaður.

Væntu menn góðs árangurs af starfi nefndarinnar.

Nefndin starfaði í rúmt ár og hefur viðað að sér miklu af gögnum víðs vegar að. Hún klofnaði að lokum í þrennt. Fulltrúar sjómanna lögðu til, að lögboðin yrði 12 stunda hvíld togaraháseta, fulltrúar útvegsmanna lögðust gegn því, en tveir nm. gerðu engar tillögur. Af þessu er augljóst, að samkomulag næst ekki með hásetum og útgerðarmönnum um þetta mál. — — —

Fulltrúar útvegsmanna leggja höfuðáherzlu á, að aukinn hvíldartími mundi mjög draga úr framleiðslu togaranna og mannafjölgun á skipunum, sem nauðsynleg væri til að halda aflamagninu, ef hvíldartími væri aukinn, yrði svo kostnaðarsöm, að ókleift yrði að halda togurunum úti. Jafnframt benda þeir til fristunda sjómanna á ísfiskveiðum, en gera saltfiskveiðarnar lítt að umtalsefni.

Fulltrúar sjómanna segja hins vegar m. a. um þessi atriði:

„Átta stunda vinnudagur hefur verið lögleiddur með flestum menningarþjóðum heims og við hér á landi haft hann um árabil. Víða er enn unnið að styttingu vinnudagsins. Það er því ekki sæmandi, að togarasjómenn þurfi að vinna 16 klukkutíma á sólarhring og ávallt við mun verri aðstæður en menn í landi. Íslenzk togaraútgerð hlýtur að byggjast á því, að menn fáist til að stunda þá atvinnu, en það verður því aðeins, að menn njóti í þeim starfa þeirrar hvíldar og aðbúðar, sem þeim er nauðsynleg. Seinna atriðinu hefur verið séð fyrir með hinum nýju og stóru skipum, sem við eigum nú. En að því er hvíldartímann varðar, verður ekki talið, að nauðsyn sjómanna hafi verið fullnægt, og er þess ekki að vænta, að menn séu fúsir til þess að ráða sig á togara til 16 stunda vinnu á sólarhring, er fáanleg er vinna í landi, þar sem 8 stunda vinnudagur er gildandi.

Það er vitað mál, að togaravinna er engin íhlaupavinna og stór hópur manna gerir hana að lífsstarfi sínu, en eins og nú er háttað um vinnutíma, er ekki hægt fyrir menn nema á bezta aldri að stunda þessa atvinnu. Þegar menn eru orðnir miðaldra, eru þeir orðnir svo til útslitnir, en oft samt neyddir til að vera áfram á sjónum, sökum þess að þeir fá ekki vinnu í landi. Líðan þessara manna þarf ekki að lýsa.

Útgerðarmenn halda því hins vegar fram, að stytting vinnutímans mundi þýða fleiri menn um borð í skipunum og þar af leiðandi hærri útgerðarkostnað. En við teljum miklar líkur fyrir, að þótt fjölga þyrfti mönnum til að byrja með, mundi það koma fljótt í ljós, að vinnuafköst mundu aukast það mikið við aukna hvíld, að fleiri menn en nú eru um borð í togurunum mundu óþarfir."

Ég fellst á rökstuðning fulltrúa sjómanna í málinu og tel fengna reynslu sanna, að of langur vinnutími við erfiða vinnu dregur mjög úr vinnuafköstum.

Mótbára útgerðarmanna gegn aukningu hvíldartíma hefur eigi við rök að styðjast, hún er nákvæmlega hin sama nú og þegar fyrst var borið fram frumvarp um 6 stunda hvíld og síðar 8 stunda hvíld togaraháseta. Útgerðarmenn töldu í bæði skiptin, að afköstin mundu minnka, en reynslan sýndi, að þau uxu að mun við lengdan hvíldartíma. Það er sama reynslan og kenndi bændum á sinni tíð, að þeir afköstuðu meira við túnasléttinn með orfi og ljá á 10 klukkustundum en á 12—16 stundum áður. Sú ofþjökun, sem togarahásetar eiga nú við að búa á saltfiskveiðunum, er þess eðlis, að við hana verður ekki unað. Til sjósóknar þarf þrek og þor jafnframt fyrirhyggju. Þessa kosti þarf að örva með hæfilegum hvíldartímum. Við þá hörðu vinnu, sem nú er krafizt af togarahásetum, endast fáir lengur en til fimmtugsaldurs, en flestir miklu skemur. Engin sanngirni mælir með, að togarahásetar séu skyldir til að vinna 16 stundir á sólarhring, þegar landmenn vinna 8 stundir, og er munurinn nógu mikill samt, þótt hvíldartími þeirra verði ákveðinn 12 stundir."

Síðan þetta var ritað hefur fengizt talsverð reynsla fyrir þeim hvíldartíma og vaktaskiptum, sem lagt er til með frv. Skipstjóri á togaranum Ingólfi Arnarsyni reið

þar á vaðið. Gaf sú tilraun svo góða raun, að flestir þeir togaraskipstjórar, er fóru til veiða í Hvítahafinu, munu hafa tekið upp 12 stunda hvíld háseta. Hefur þar með ásannazt það, sem fullyrt er hér að framan.

Nú stendur yfir deila milli togaraháseta og útgerðarmanna um kaup og kjör og hvíldartíma. Hefur sáttanefnd að fenginni reynslu lagt til, að samið verði um tólf stunda hvíld á saltfiskveiðum. Engin ástæða virðist til að undanskilja aðrar veiðar þessu ákvæði. Hins vegar mælir öll sanngirni með því, að hvíldartíminn verði lögboðinn, og er eigi ósennilegt, að slík löggjöf gæti orðið nokkur áfangi á þeirri leið að leysa hina hvimleiðu togaradeilu, enda lagasetning sú, sem lögð er til í frv., framhald af því, er Alþingi hefur áður aðhafzt í þessu máli.

Nd. 13. Frumvarp til laga [13. mál]

um breyting á lögum nr. 22 19. marz 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

Flm.: Sigurður Guðnason, Einar Olgeirsson.

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Vísitala framfærslukostnaðar, sbr. 3. gr., skal reiknuð mánaðarlega, og skulu laun hækkka eða lækka mánaðarlega eftir á í samræmi við hreyfingu vísitölunnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt lögum um gengisskráningu o. fl. skulu laun samkvæmt vísitölu breytast 1. janúar 1951 og aftur 1. júlí s. á., en eftir það skulu laun engum breytingum taka samkvæmt lögunum. Þetta fyrirkomulag var rökstutt með því, að verðhækkun af völdum gengislækkunarinnar mundi verða tiltölulega lítil, ekki nema 11—13%, og mestur hluti þessarar verðhækkunar mundi verða kominn fram fyrir 1. júlí 1950. Mundi það því ekki skipta verulegu máli fyrir launþega, þó að kaup breyttist aðeins á 6 mánaða fresti frá þeim tíma og vísitöluumreikningur launa félli niður með öllu á miðju árinu 1951.

Nú vita allir, að önnur hefur orðið raunin á. Vísitala októbermánaðar mun vera yfir 120 stig. Þessi vísitala er þó enginn mælikvarði á hinar gífurlegu verðhækkanir, sem orðið hafa síðan gengi krónunnar var fellt. Taumlausar verðhækkanir hafa orðið á vörum, sem alls ekki eða að óverulegu leyti eru teknar með í vísitöluútreikninginn, enda er hin nýja vísitala launþegum mjög óhagstæð, þar sem einmitt þær vörur, sem mest hafa hækkað í verði, vega miklu minna í vísitölunni en áður. Nú eru laun greidd með 15% álagi í stað að minnsta kosti 20%, sem ætti að greiðast í október, ef farið væri eftir vísitölu mánaðarins. Það þýðir, að algengustu verkamannalaun mánaðarins eru allt að hundrað krónum lægri en ella, ef kaup breyttist mánaðarlega samkvæmt vísitölunni. Þetta er að vísu ekki í neinu samræmi við hinar raunverulegu verðhækkanir, þannig að enda þótt þessi háttur væri hafður á, mundi kaupmáttur launanna lækka með hverjum mánuðinum sem líður. Samt sem áður munar ekki lítið um 100 kr. á mánuði, og næstu mánuði verður munurinn á greiddum launum og því, sem ætti að greiðast samkvæmt vísitölu mánaðarins, enn meiri.

Til þess að bæta nokkuð úr þessu hróplega ranglæti, sem ekki kemur til mála, að verkalýðsfélögin geti sætt sig við, er frumvarp þetta flutt.

Nd. **14. Frumvarp til laga** [14. mál]

um breyting á lögum nr. 22 19. marz 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason, Ásgeir Ásgeirsson, Emil Jónsson, Finnur Jónsson, Stefán Jóh. Stefánsson.

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Vísitala framfærslukostnaðar, sbr. 3. gr., skal reiknuð mánaðarlega, og skulu laun og lífrarpeningar háseta á togurum breytast hinn fyrsta dag hvers mánaðar í samræmi við þá breytingu, sem orðið hefur á vísitölu síðastliðins mánaðar. Hinn 1. nóvember 1950 skal kaupgjald greitt samkvæmt visitölu októbermánaðar o. s. frv., en til ársloka 1950 skal þó greiða kaup samkvæmt vísitölu, er sé 0,75 stigum hærri en vísitala kauplagsnefndar. Við ákvörðun launahækkunar eða launalækkunar skal ekki tekið tillit til þeirrar breytingar á framfærslukostnaði, sem vísitalan sýnir og á rót sína að rekja til breytts verðs á landbúnaðarafurðum samkvæmt 4. gr. l. nr. 94/1947 vegna hækkunar eða lækkunar á launum bónda eða verkafólks hans, þeirrar er leitt hefur af ákvæðum þessarar greinar um breytingar á launum. Ákvæðin taka ekki til launa, sem reiknuð eru á grundvelli verðmætis afurða, svo sem aflahlutar. Þó skulu laun, hluti launa eða aðrar greiðslur til skipverja á togurum og fiskflutningaskipum, sem miðaðar eru við hundraðshluta af afla, aðeins hækka í samræmi við hækkaða vísitölu samkvæmt þessari grein, en ekki hækka að öðru leyti að krónutali vegna gengisbreytingar samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Megintilgangur frv. þessa er að koma því til leiðar, að kaup launþega hækki hinn 1. nóvember n. k. í samræmi við vísitölu októbermánaðar og geti síðan breytzt mánaðarlega í hlutfalli við breytingar á vísitölu kauplagsnefndar. Kaup er nú sem kunnugt er greitt samkvæmt vísitölu 115, að viðbættum 0,75 stigum vegna þess, að kaupgjald var um skeið á síðastliðnu sumri greitt samkvæmt lægri vísitölu en réttmætt var. Talið er, að vísitala októbermánaðar verði um 122 stig og nóvembervísitalan líklega enn hærri. Í gengislögunum er ráð fyrir því gert, að kaupgjald skuli vera óbreytt til áramóta og að það kaup, sem þá verður ákveðið, skuli haldast til miðs árs 1951. Tilgangur þessara ákvæða mun hafa verið sá að reyna að draga úr hraða þeirrar verðhækkunar, sem gert var ráð fyrir, að sigla mundi í kjölfar gengislækkunarinnar, en launþegum var ekki talið mundu reynast þungbært að taka verðhækkunina á herðar sínar í takmarkaðan tíma, þar eð hún yrði lítil, og auk þess mundi efnahagslífið allt standa með blóma vegna hagstæðra áhrifa gengislækkunarinnar og vöruframboð verða mikið. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að þessir spádómar hafa ekki rætzt. Verðhækkunin hefur orðið miklu meiri en gert var ráð fyrir. Horfur í atvinnumálum er nú uggvænlegri en þær hafa verið um langt skeið, og vöruskortur er mikill og að því er virðist vaxandi. Kostur almennings er nú svo þröngur orðinn, að launamenn, og þó einkum hinir lægst launuðu, geta ekki beðið þess í marga mánuði að fá hækkað kaup til þess að vega á móti verðlagshækkuninni.

Gengislögin gera ráð fyrir því, að laun hækki í samræmi við hækkun framfærslukostnaðar. Spurningin er um það eitt, hvenær launin eigi að hækka. Eins og nú er komið, verður ekki sagt, að sá ávinningur, sem útflutningsatvinnuvegunum

var ætlað að hafa af gengislækkuninni, verði rýrður verulega með því, að kauphækkanir verði nokkru fyrr en ella. Gengislækkunin hefur þegar brugðizt sem allsherjarúrræði í efnahagsmálum þjóðarinnar, svo að hvort sem er verður að grípa til annarra ráðstafana til úrbóta. Launþegasamtökin verða með engu móti sökuð um að hafa með stefnu sinni í launamálum átt þátt í því, að úrræði gengislaganna hafa ekki komið að haldi. Þar koma önnur atriði til greina. Þessum samtökum er vel ljóst, að launþegum er skammgóður vermir að kauphækkunum, ef í kjölfar þeirra sigla verðhækkanir, sem rýra jafnóðum kaupmátt launanna. En þegar launþegasamtökin hafa ekki skilyrði til þess að hafa áhrif á þá heildarstefnu, sem ríkisvaldið fylgir í efnahagsmálunum, og þau telja þá stefnu, sem fylgt er, beinlínis andstæða hagsmunum sínum, eiga þau einskis annars úrkosta en að leitast við að gæta hagsmuna launþega með því að koma í veg fyrir, að bil skapist milli launa og framfærslukostnaðar. Telji ríkisvaldið almenna launahækkun varhugaverða, getur það komið í veg fyrir hana með því að sjá svo um, að framfærslukostnaður hækki ekki.

Reynslutími gengislækkunarlaganna er liðinn. Þau hafa ekki reynzt sú lækning, sem spáð var. Þess vegna er ástæðulaust að halda nú í þau ákvæði þeirra, sem ætlað var að auðvelda þeim að bera tilætlaðan árangur, svo sem ákvæðin um, að kaup skyldi ekki breytast nema á misserisfresti á tímabilinu 1. júlí 1950 til 1. júlí 1951. Það er einmitt vegna þess, að löggjöfin hefur brugðizt, það er einmitt vegna dýrtíðar, vöruskorts og alvarlegs viðhorfs í atvinnumálum, sem nauðsynlegt er að afnema þessi ákvæði, þar eð hinir lægst launuðu meðal launþega geta með engu móti borið þær byrðar, sem þeim væru lagðar á herðar með því að þurfa að bíða mánuðum saman eftir bótum fyrir verðlagshækkunina. Þeim er nauðsynlegt að fá bæturnar sem fyrst, eftir að hækkun verðlagsins hefur átt sér stað.

Í frv. er gert ráð fyrir því, að haldið verði þeim ákvæðum gengislaganna, sem ætlað er að koma í veg fyrir víxlhækkun kaups og verðs á landbúnaðarafurðum. Hins vegar eru felld niður ákvæðin um, að óbreytt grunnkaup sé skilyrði þess, að dýrtíðaruppbót sé greidd.

Sþ. 15. Tillaga til þingsályktunar [15. mál]

um skipun nefndar til að gera tillögur um aukna atvinnu í kaupstöðum og kauptúnum.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Ásgeir Ásgeirsson, Emil Jónsson, Finnur Jónsson, Gylfi Þ. Gíslason, Stefán Jóh. Stefánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa 5 manna nefnd til þess að kynna sér atvinnuástand og atvinnuhorfur í kaupstöðum og kauptúnum og gera svo fljótt sem unnt er rökstuddar tillögur um ráðstafanir til atvinnuaukningar, þar sem þess er talin þörf. Skal nefndin leita álits og tillagna verkalýðsfélaga, atvinnurekenda og sveitarstjórna á öllum þeim stöðum, er til athugunar koma.

Tveir nefndarmanna skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, tveir samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, en einn án tilnefningar. Nefndin kýs sér sjálf formann.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Atvinnuhorfur eru nú á þessu hausti alvarlegri en verið hefur um langt skeið. Í fjölmörgum kaupstöðum og kauptúnum úti á landi hefur verið mjög lítið um at-

vinnu, og eru kjör fólks því svo rýr, að segja má, að neyð sé á næstu grösum, ef ekki verða gerðar sérstakar ráðstafanir til atvinnuaukningar.

Þegar atvinnuleysis verður vart í jafnríkum mæli og nú á sér stað, verður þegar í stað að gera ráðstafanir til þess að útrýma því. Annars getur það fyrr en varir orðið að þjóðfélagsmeini, sem orðið getur erfitt að lækna.

Flm. þessarar till. telja brýna nauðsyn bera til þess að hefjast nú þegar handa um sérstakar ráðstafanir til atvinnuaukningar á þeim stöðum, þar sem atvinnuleysis hefur helzt orðið vart. Álíta þeir rétt að skipa nú þegar nefnd til þess að gera tillögur til úrbóta. Þeir telja og sjálfsagt að hafa í þessu sambandi sem nánust samráð við þá aðila, sem vænta má, að kunnugastir séu atvinnuástandinu á hverjum stað, þ. e. verkalýðsfélög, atvinnurekendur og sveitarstjórnir

Sþ. 16. Tillaga til þingsályktunar [16. mál]

um lausn togaradeilunnar.

Flm.: Stefán Jóh. Stefánsson, Emil Jónsson, Gylfi Þ. Gíslason, Finnur Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja kapp á að koma hið allra bráðasta á samkomulagi í deilu þeirri, er staðið hefur um langt skeið á milli sjómanna og togaraeigenda, enda verði þá deilunni lokið með samningum, er tryggi sjómönnum viðunandi kaup og kjör.

Fari svo, að togaraeigendur vilji ekki semja um þau kjör, er sjómenn treysta sér til að fallast á, þá er ríkisstjórninni falið að undirbúa ráðstafanir til þess, með aðstoð bankanna og stofnlánadeildar, að umráð og eignarréttur yfir nýsköpunartogurunum, verði fluttur yfir á hendur ríkis og bæjarfélaga, sem taki að sér að hefja þegar á ný útgerð togaranna.

Greinargerð.

Í hartnær 3½ mánuð hefur staðið deila á milli sjómanna og togaraeigenda, sem leitt hefur til þess, að allir nýsköpunartogararnir sunnanlands hafa legið við landfestar. Því þarf ekki að lýsa, svo mjög sem það liggur í augum uppi, hversu kvíðvænlegt það er, að beztu og fullkomnustu fiskiskipin skuli ekki gerð út. Af því leiðir hvort tveggja gjaldeyris- og atvinnutap. Hingað til hefur ekki tekizt að ná sáttum á milli deiluaðila. Það er beinlínis skylda ríkisstjórnarinnar að leggja sig alla fram til þess að fá deiluna leysta með samkomulagi. Er henni því í tillögu þessari falið að leggja allt kapp á að koma hið bráðasta á samkomulagi. Um leið er það undirstrikað, að nauðsynlegt sé að tryggja sjómönnum viðunandi kaup og kjör.

Það er skylt að reyna samkomulagsleiðina til þrautar. En ef togaraeigendur vilja ekki semja um viðunandi kjör til handa framsæknustu framleiðslustéttinni, sjómönnunum á fiskiflotanum, má það samt ekki leiða til þess, að togararnir verði ekki notaðir til veiða. Sýnist þá eðlilegast, að þjóðarheildin, ríkið og bæjarfélög, fái þá eignarrétt og umráð togaranna og tryggi það með atbeina almannavaldsins, að þessi ágætu skip verði gerð út þannig, að sjómennirnir, er á þeim vinna, fái viðunandi kjör.

Tillaga þessi er flutt til þess, að ríkisvaldið beiti fyrst og fremst öllum áhrifum sínum til sátta á milli deiluaðila. En takist ekki að fá sættir, er skapi sjómönnum lífvænleg kjör, verður að undirbúa framkvæmdir, þar sem þjóðfélagsheildin ýtir skipunum úr naustum um leið og hún tryggir sjómannastéttinni það kaup og þau kjör, er hún fær við unað. Verður í framsögu gerð nánari grein fyrir þessu máli.

Nd. 17. Frumvarp til laga [17. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Flm.: Sigurður Bjarnason.

1. gr.

1. Á eftir B. 50 í 2. gr. laganna koma nýir liðir:
   a. *Sandeyrarvegur:* Frá Bæjum á Snæfjallaströnd að Sandeyri.
   b. *Strandavegur:* Frá Sætúnsbryggju í Grunnavík um Staðarheiði að Dynjanda.
2. Á eftir B. 51 í sömu gr. kemur nýr liður:
   Vatnsfjarðarvegur: Úr Ísafjarðarbotni um Reykjanes og Reykjarfjörð í Skálavík.
3. Á eftir B. 53 í sömu gr. kemur nýr liður:
   Skálavíkurvegur: Frá Bolungavík til Skálavíkur ytri.
4. Á eftir B. 55 í sömu gr. kemur nýr liður:
   Fjarðavegur: Frá Súðavík um Álftafjörð, Seyðisfjörð, Hestfjörð og Skötufjörð í Ögur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frv. þessu er lagt til, að nokkrir vegir í Norður-Ísafjarðarsýslu verði teknir í þjóðvegatölu. Undanfarið hefur verið unnið að því að skapa akvegasamband milli kauptúna og kaupstaða við utanvert Ísafjarðardjúp. Er þeim framkvæmdum nú langt komið. En heita má, að sveitir héraðsins séu algerlega veglausar. Með frumvarpi þessu er lagt til, að vegir um þær verði teknir í þjóðvegatölu. Er það óhjákvæmilegt skilyrði þess, að vegaframkvæmdir í héraðinu haldi áfram.

Nd. 18. Frumvarp til laga [18. mál]

um meðferð opinberra mála.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

I. KAFLI

Um það, til hvaða mála lögin taka.

1. gr.

Þau mál öll, sem handhafar ríkisvaldsins höfða til refsingar lögum samkvæmt, skulu fara eftir ákvæðum laga þessara, nema þau sæti meðferð sérdómstóla, er lög þessi taka ekki til.

2. gr.

Einnig skulu eftirfarandi mál sæta rannsókn og meðferð samkvæmt lögum þessum:

1. Mál, sem höfðað er af hálfu ríkisvaldsins til félagsslita samkvæmt ákvæðum stjórnskipulaga um félög.
2. Rannsókn út af brotum barna og unglinga, sbr. lög um vernd barna og ungmenna.
3. Mál til þess að sanna dauða horfins manns.

4. Mál til sviptingar lögræðis og til brottnáms lögræðissviptingar.
5. Mál til sviptingar erfðarétti sakir brota erfingja gagnvart arfleifanda eða samerfingja.
6. Mál til upptöku eigna vegna brota á landslögum.
7. Mál til staðfestingar lögbanni við útbreiðslu rita, mynda eða annars slíks, er ríkisvaldið hefur látið banna.
8. Mál vegna heitinga.
9. Mál til ógildingar hjúskap.
10. Mál til ákvörðunar atriða samkvæmt VII. kafla almennra hegningarlaga.
11. Mál til brottnáms ólögmæts ástands eða til að koma fram viðurlögum fyrir það, öðrum en refsingu, enda eigi fyrirsvarsmaður almenningshagsmuna aðild.
12. Rannsókn slysa og annarra ófara eða atriða lögum eða venju samkvæmt eða eftir sérstöku boði dómsmálaráðherra.

3. gr.

Kröfur borgararéttar eðlis, er af refsiverðri háttsemi rísa, má hafa uppi, rannsaka og dæma í opinberu máli samkvæmt ákvæðum laga þessara.

II. KAFLI
Um dómendur í héraði.

4. gr.

Sýslumenn utan kaupstaða, bæjarfógetar í kaupstöðum utan Reykjavíkur og sakadómari í Reykjavík rannsaka og fara með opinber mál fyrir dómi og kveða upp dóm í þeim.

Í kaupstöðum, þar sem sérstakur lögreglustjóri er skipaður, innir hann af hendi sömu störf í opinberum málum.

5. gr.

Dómsmálaráðherra getur kveðið svo á, að rannsókn máls og meðferð, annað hvort eða hvort tveggja, skuli fara fram í Reykjavík, eða annars staðar á landinu, þar sem honum þykir bezt við eiga, enda þótt það skyldi annars sæta rannsókn og meðferð dómara í öðru lögsagnarumdæmi, ef mál er vandasamt eða umfangsmikið.

Dómsmálaráðherra getur skipað sérstakan dóm einum eða fleirum dómurum, er halda megi dómþing hvar sem vera skal á landinu, ef málið þykir ofvaxið hinum reglulega dómanda vegna embættisanna eða af öðrum ástæðum.

Dómur getur kvatt tvo kunnáttumenn til dómstarfa með sér í málum, þar sem sérkunnáttu þykir sérstök þörf.

6. gr.

Sjó- og verzlunardómur starfar að þeim málum, er í 1. og 2. tölul. 200. gr. laga um meðferð einkamála í héraði greinir. Siglingadómur fer með þau mál, sem í lögum nr. 68/1947 segir. Um meðferð þessara refsimála fer eftir lögum þessum og ákvæðum 205. og 206. gr. laga um meðferð einkamála í héraði.

Nú verður það uppvíst í sjó- eða verzlunardómsmáli eða ástæða þykir til að ætla, að sökunautur hafi einnig framið aðrar refsiverðar athafnir, og skal þá einnig rannsaka og dæma þær í þeim dómi ásamt sjó- eða verzlunarbrotunum.

Nú kemur það upp í almennu refsimáli eða ástæða þykir til að ætla, að sökunautur hafi einnig framið refsivert sjó- eða verzlunarbrot, og skal þá rannsókn og meðferð þess brots eða þeirra brota sameina rannsókn og meðferð almenna brotsins eða almennu brotanna, enda skal þá nefna meðdómendur samkvæmt 1. málsgrein.

7. gr.

Kirkjudómur fer með refsimál vegna afbrota biskups og presta þjóðkirkjunnar út af hneykslanlegu framferði þeirra í embættisathöfnum eða einkalífi, enda sé ekki

um almenn refsiverð brot að tefla. Forsæti í kirkjudómi skipar viðkomandi héraðsdómari (í Reykjavík sakadómari), en til meðdómenda kveður hann tvo þjónandi þjóðkirkjupresta.

Ákvæði 2. og 3. málsgr. 6. gr. eiga með samsvarandi hætti við mál samkvæmt 1. málsgrein.

8. gr.

Skylt er hverjum manni, karli sem konu, er fullnægir lögmæltum skilyrðum, að taka við kvaðningu héraðsdómara til meðdómendastarfa.

Undan kvaðningu eru skildir:

1. Dómarar og ritari hæstaréttar, aðrir embættisdómarar og fulltrúar þeirra.
2. Ráðherrar og skrifstofustjórar í stjórnarráði.
3. Biskup og prestar þjóðkirkjunnar, nema í kirkjudómi.
4. Löggiltir málflutningsmenn og fulltrúar þeirra.
5. Embættislæknar og ljósmæður.

9. gr.

Almenn skilyrði til meðdómendastarfa eru þessi:

1. Nægilegur andlegur þroski og andleg og líkamleg heilbrigði.
2. Óflekkað mannorð.
3. Lögræði og fjárforræði.
4. Aldur frá 25—70 ára.
5. Sérþekking á sakarefnum.

10. gr.

Um skilyrði meðdómenda til þátttöku í meðferð einstaks máls fer samkvæmt ákvæðum laga um meðferð einkamála í héraði.

11. gr.

Um skyldu og skilyrði meðdómenda samkvæmt 8.—10. gr. dæmir héraðsdómari, en skjóta má úrlausn hans til hæstaréttar eftir reglum um kæru til æðra dóms. Sama er um forföll meðdómenda.

12. gr.

Áður en meðdómandi tekur til starfa fyrsta sinni, skal hann undirrita í þingbók heit að viðlögðum heiðri sínum og drengskap um það, að hann skuli leysa starfann af hendi, svo sem hann hyggur sannast og réttast og helzt að lögum.

Um greiðslu til meðdómenda fer samkvæmt 2. málsgr. 203. gr. laga um meðferð einkamála í héraði.

13. gr.

Í málum samkvæmt 5. gr., 3. málsgr., kveður héraðsdómari meðdómendur til að frumprófi loknu eða síðar, ef þá reynist ástæða til. Taka meðdómendur þátt í rannsókn, málsmeðferð og dómsuppsögu. Héraðsdómari stýrir dómi og kveður einn upp úrskurði, þá er efni verða til, skipar verjanda, ákveður málshöfðun, gefur út stefnur, nefnir skoðunar- og matsmenn, spyr sökunaut og vitni og tekur við staðfestingu þeirra á skýrslum sínum, sér um samningu dóms og áfrýjun og kemur yfir höfuð fram út á við fyrir hönd dómsins. Í fjölskipuðum dómi löglærðra manna framkvæma þeir allir þessar athafnir.

14. gr.

Nú missir meðdómanda við, og kveður héraðsdómari þá annan til, er taki við máli, þar sem hinn þraut, nema héraðsdómara þyki sérstök ástæða til að endurtaka það, sem áður hefur farið fram í málinu. Annars fer sem í 192. gr. laga um meðferð einkamála í héraði segir.

15. gr.

Dómari getur látið löggiltan fulltrúa sinn framkvæma rannsókn fyrir dómi og kveða upp dóma og úrskurði, enda fullnægi hann skilyrðum 1. málsgr. 33. gr. laga um meðferð einkamála í héraði.

Að öðru leyti gilda ákvæði II. kafla laga um meðferð einkamála í héraði, eftir því sem við á.

16. gr.

Málsmeðferð fyrir dómi er opinber, nema dómara þyki ástæður þær, er í 2. mgr. segir, standa því í vegi.

Rannsókn fer fram fyrir luktum dyrum:

a. ef dómari telur þess þörf til að leiða sannleikann í ljós, t. d. á frumstigi rannsóknar;
b. til hlífðar sökunaut, þegar sérstaklega stendur á, eða nánustu vandamönnum hans, vitnum eða öðrum;
c. ef sökunautur er undir 18 ára aldri;
d. af velsæmisástæðum eða
e. annars vegna hagsmuna ríkis eða almennings.

Dómari getur bannað að skýra opinberlega frá atriðum í opinberri rannsókn eða að gera uppdrætti eða myndir af mönnum í þinghaldi eða öðru, sem þar fer fram eða er til sýnis.

17. gr.

Rannsókn opinberra mála og dómsmeðferð að öðru leyti fer fram fyrir sakadómi og á þeim stað og tíma, sem dómari eða dómsformaður ákveður hverju sinni. Dómsmálaráðherra getur þó, að fengnum tillögum viðkomandi dómara, ákveðið, að sakadóm í kaupstöðum eða kauptúnum, sbr. 2. málsgr. 4. gr., til meðferðar opinberra mála skuli halda ákveðna vikudaga og á ákveðinni klukkustund, ef mál eru fyrir hendi.

18. gr.

Hverju héraðsdómaraembætti utan Reykjavíkur og embætti sakadómara í Reykjavík skal fylgja sakadómsbók, ein eða fleiri, þar sem skrá skal að efni til það, sem fram fer í opinberum málum, nema ræður málflytjenda, og sérstök dómabók, þar sem skrá skal dóma í opinberum málum.

Nú er rannsókn framkvæmd á hendur sökunaut vegna margra sakaratriða eða á hendur fleiri sökunautum, og skal þá, ef kostur er, skráð þannig í þingbók, að síðar megi, þegar eftirrit er tekið úr bókinni, hafa samfellt eftir föngum það, sem varðar eitt og sama sakaratriði. Dómsmálaráðherra getur sett nánari fyrirmæli um þetta.

Rétt er að hraðrita eða taka á talvél skýrslur í opinberu máli.

Sakadómari í Reykjavík skal halda sakaskrá fyrir land allt. Dómsmálaráðherra setur fyrirmæli um sakaskrá og sakavottorð.

19. gr.

Ritlaun greiðast ekki fyrir eftirrit úr bókum þeim, er í 18. gr. getur, eða fyrir eftirrit af skjölum, er til opinbers máls heyra, ef eftirritið er nauðsynlegt til sóknar þess eða varnar eða í sambandi við rannsókn þess eða málskot, eða það er veitt til þess að koma fram skaðabótakröfu í opinberu máli eða í þágu handhafa ríkisvaldsins. Eftirrit þessi skal í té láta, svo fljótt sem framast er unnt.

Að öðru leyti gilda ákvæði III. kafla laga um meðferð einkamála í héraði um opinber mál, eftir því sem við getur átt.

III. KAFLI
Um ákæruvaldið.

20. gr.

Dómsmálaráðherra fer með ákæruvaldið, sbr. þó 112.—114. gr. Hann fyrirskipar rannsókn opinbers máls og hefur yfirstjórn hennar með þeim takmörkunum, er í lögum þessum greinir. Hann kveður og á um höfðun og áfrýjun opinbers máls samkvæmt lögum þessum.

21. gr.

Nú skal mál því aðeins höfðað, að sá krefjist þess, sem misgert er við, og skal þá handhafi ákæruvalds og dómari rannsaka það af sjálfsdáðum, hvort sá, er málshöfðunar krefst, er réttur aðili. Ef svo þykir ekki vera, skal málshöfðunar synja og vísa máli frá dómi, ef það hefur farið til dóms.

22. gr.

Handhafi ákæruvalds skal jafnan leita umsagnar viðkomandi ráðuneytis, áður en hann ákveður málshöfðun á hendur starfsmanni til refsingar fyrir brot í opinberu starfi. Ráðuneytinu ber að láta í té rökstudda umsögn og tillögur, svo fljótt sem kostur er.

23. gr.

Ef verknaður felur bæði í sér brot, er opinberri málshöfðun skal sæta, og brot er sætir málshöfðun einstaks aðilja, má höfða opinbert mál fyrir bæði brotin, ef sá aðili óskar þess, enda ber þá að dæma þau og ákveða refsingu í einu lagi. En láta skal þó mál falla niður fyrir það brot, er einstakur aðili átti sök á, ef hann krefst þess, unz dómur er uppkveðinn í héraði.

24. gr.

Nú þykir verknaður að vísu refsiverður að landslögum, en þó þykir mega telja, að hvorki almenningshagsmunir né almenningsálit krefjist málshöfðunar né refsidóms, svo sem ef langt er liðið síðan brot var framið, án þess þó að refsikrafa sé fyrnd, og sökunautur hefur síðan hegðað sér óaðfinnanlega, ef telja má álit manna á verki hafa breytzt sökunaut í hag, síðan refsiákvæði var sett, ef telja má brot mjög lítilsvert eða miklar eru málsbætur, brot hefur valdið sökunaut sjálfum sérstaklega óvenjulegum þjáningum o. s. frv., og getur þá héraðsdómari sent dómsmálaráðherra tillögur um niðurfellingu saksóknar. Dómsmálaráðherra ákveður síðan eða gerir tillögu um, hvort neyta skuli heimildar stjórnarskrár eða annarra laga, er þar um kynnu að vera sett, um niðurfellingu saksóknar.

Binda má niðurfelling saksóknar skilyrðum, svo sem að sökunautur sæti eftirliti einstakra manna, félags eða stofnunar, að honum verði komið í vist á góðu heimili tiltekinn tíma, að hann fremji ekki refsiverðan verknað tiltekinn tíma, allt að fimm árum, neyti ekki áfengra drykkja eða deyfilyfja tiltekinn tíma, greiði tiltekna sekt eða bætur, ef því er að skipta o. s. frv.

IV. KAFLI
Um varnarþing.

25. gr.

Aðalrannsókn opinbers máls fyrir dómi skal þar fara fram, sem varnarþing þess er samkvæmt ákvæðum þessa kafla, að svo miklu leyti sem því verður við komið. En auk þess skal rannsaka mál þessi fyrir dómi eða utan dóms eftir þörfum, þar sem hentugt og nauðsynlegt þykir.

Dómara opinbers máls er rétt að sækja eða láta sækja sökunaut í annað lögsagnarumdæmi og láta birta þar stefnur og aðrar tilkynningar án atbeina héraðsdómara þar.

Nú leikur vafi á því, hvaða héraðsdómari eigi að rannsaka opinbert mál eða hvar hagfelldast sé, að rannsókn þess fari fram, og má þá bera þessi atriði undir dómsmálaráðherra, sem sker úr því til fullnaðar. Með sama hætti getur dómsmálaráðherra af sjálfsdáðum kveðið á um það, fyrir hvaða dómi rannsókn skuli fara fram.

26. gr.

Nú er einn maður fyrir sök hafður, og má mál þá höfða í lögsagnarumdæmi, þar sem brot var framið (brotavarnarþing). Nú er vafasamt, í hvaða lögsagnarumdæmi telja skal brot framið eða eitt eða fleiri brot eru framin í fleirum en einu lögsagnarumdæmi, og má þá höfða mál í hvoru eða hverju þeirra, sem hagfelldast þykir.

Nú verður því ekki komið við eða óhagfellt þykir að höfða mál á brotavarnarþingi, og má þá mál höfða í lögsagnarumdæmi, þar sem sökunautur kann að hafa verið handtekinn, eða þar sem brotið kemst upp eða á heimilis- eða dvalarvarnarþingi hans hér á landi, eftir því sem við verður komið eða hagfelldast þykir.

27. gr.

Nú er brot framið hér á landi utan allra lögsagnarumdæma og ákvæðum næstu greinar hér að ofan verður ekki við komið, og ákveður þá héraðsdómari, hvar mál skuli höfðað, en bera má hann það mál undir dómsmálaráðherra, enda þoli málið þá bið, er þar af verður.

Ef brot er framið á íslenzku skipi eða flugfari utan íslenzkrar hafnar, má höfða mál út af því í lögsagnarumdæmi, þar sem skipið eða flugfarið tekur fyrst höfn þar eftir hér á landi, nema dómsmálaráðherra þyki hagfelldara að reka það annars staðar. Ef ekki hefur þá verið ger reki að málinu, skal fara eftir fyrirmælum 1. málsgreinar.

Nú er brot framið erlendis og sótt verður hér á landi sök út af því, og má þá sækja hana þar, sem sökunautur stígur hér fyrst þar eftir á land, nema dómsmálaráðherra þyki hentara að reka það annars staðar. Nú hefur þá ekki verið ger reki að málinu, og fer þá eftir 1. mgr.

28. gr.

Nú eru fleiri menn en einn á refsiverðan hátt riðnir við brot, eitt eða fleiri, og skal þá að jafnaði sök sækja í einu lagi á hendur þeim báðum eða öllum, enda þótt þeir eigi ekki sama varnarþing samkvæmt ákvæðum undanfarandi greina, þar sem sækja má einn þeirra eða fleiri samkvæmt ákvæðum hér að framan. Ef mál hefur verið höfðað gegn einum eða fleirum sér í lagi eða sitt í hvoru eða hverju lögsagnarumdæmi, getur dómsmálaráðherra ákveðið, að það eða þau skuli niður falla og sökunautar sóttir í einu máli á sama varnarþingi. Með sama hætti getur hann kveðið svo á, að aðgreina skuli mál, er höfðuð hafa verið saman á hendur fleiri en einum manni, ef hann telur málin ekki saman eiga eða óhentugra að sækja þau í einu lagi.

Nú hafa fleiri menn en einn framið brot saman, en sumir þeirra eða allir hafa einnig framið önnur brot, og skal þá að jafnaði höfða mál út af öllum brotunum í einu lagi.

29. gr.

Nú er héraðsdómari í vafa um, á hvaða varnarþingi mál skuli höfða, eða hvort höfða skuli mál gegn fleiri mönnum en einum saman, og getur hann þá borið það atriði undir dómsmálaráðherra, sem sker úr því til fullnaðar.

Dómsmálaráðherra getur, eftir því sem honum virðist henta, valið á milli brotavarnarþings, handtökuvarnarþings og heimilis- og dvalarvarnarþings eða annars varnarþings, ef það þykir hentugra til þess að afla sakargagna, til að hraða máli eða

vegna ráðstafana, sem gera þarf gagnvart sökunaut. Ákvörðunum dómsmálaráðherra um þessi efni verður ekki haggað í dómi, enda verður málsmeðferð í héraði ekki ómerkt af því einu, að mál hafi verið sótt á röngu varnarþingi.

30. gr.

Mál samkvæmt 2. gr. laga þessara skal höfða á varnarþingi, sem dómsmálaráðherra ákveður.

31. gr.

Ákvæði þessa kafla taka og til þeirra mála, er því aðeins skal höfða, að sá krefjist þess, er misgert er við, eftir því sem við getur átt.

V. KAFLI
Um lögreglumenn og upphaf rannsóknar.

32. gr.

Sýslumenn eru lögreglustjórar utan kaupstaða og bæjarfógetar í kaupstöðum utan Reykjavíkur. Í kauptúnum, þar sem sérstakur lögreglustjóri er skipaður, fer hann með lögregluvald. Þar sem sérstakir lögreglumenn eru skipaðir, eru þeir lögreglustjóra til aðstoðar. Annars staðar aðstoða hreppstjórar lögreglustjóra.

Sakadómari í Reykjavík skal stýra rannsóknum opinberra mála þar og fara með stjórn þeirra lögreglumanna, sem ætlað er að rannsaka brot, að því er þau störf varðar.

Dómsmálaráðherra setur lögreglumönnum fyrirmæli um rannsókn brota að fengnum tillögum sakadómara og lögreglustjóra í Reykjavík.

33. gr.

Hver, sem skipaður er lögreglumaður, skal hafa lokið prófi, er sýni, að hann sé þeim kostum búinn og hafi þá kunnáttu, sem nauðsynleg er til starfans. Skulu þeir einir valdir til starfans, sem telja má valinkunna og vandaða. Allir lögreglumenn, bæði þeir, sem nú eru, og þeir, er síðar verða skipaðir, skulu vinna svofellt heit: Því heiti ég og legg við drengskap minn og heiður, að lögreglumannsstarfa minn skal ég rækja með kostgæfni og samvizkusemi í hvívetna og vinna að því eftir fremsta megni að halda uppi stjórnarskrá lýðveldisins og öðrum lögum þess.

Dómsmálaráðherra setur reglur um kennslu lögreglumanna, prófkröfur og önnur hæfiskilyrði að fengnum tillögum sakadómara og lögreglustjóra í Reykjavík. Sakadómari hefur umsjón með kennslu og prófun lögreglumanna í öllu, er lýtur að rannsókn brota.

Dómsmálaráðherra setur lögreglumönnum erindisbréf.

34. gr.

Lögreglumönnum ber að sýna árvekni í starfa sínum og kunna glögg skil á ábyrgð þeirri, sem starfa þeirra fylgir. Hlutverk þeirra er að halda uppi lögum og reglu, greiða götu manna, þar sem það á við, stemma stigu við ólögmætri hegðun og vinna að uppljóstran brota, sem framin eru, og vera rannsóknardómara til aðstoðar í hvívetna. Þeir skulu kynna sér þau lög og reglur, sem þeir eru settir til að viðhalda, svo sem refsilöggjöf, umferðalöggjöf, áfengislöggjöf, lögreglusamþykktir o. s. frv. Þeir skulu vera kunnugir staðháttum á starfssvæði sínu, svo sem föng eru á, og vita skil á brotamönnum og háttum þeirra. Þeim ber að afla sér sérstakrar þekkingar og æfingar í rannsókn vettvangs, þannig að sakargögn fari ekki forgörðum. Kunna skulu þeir að taka skýrslur af mönnum, færa þær skilmerkilega í letur og rita greinargóðar frásagnir um atburði í starfa sínum.

35. gr.

Nú fá lögreglumenn vitneskju eða rökstuddan grun um, að refsiverð háttsemi, er beri undir opinbera ákæruvaldið, hafi drýgð verið í umdæmi þeirra, hvort sem það er fyrir kæru eða skýrslu annarra manna eða með öðrum hætti, og ber þeim þá að hefja af sjálfsdáðum rannsókn málsins og gera þær ráðstafanir, sem löglegar, nauðsynlegar og heppilegar eru til að afla sakargagna og gæta þess, að þau spillist ekki, svo og framkvæma hvað eina, er horfir til glöggvunar á málavöxtum og lög leyfa, svo sem:

1. Leita þeirra, sem brot hafa framið eða grunaðir eru um brot, prófa þá m. a. um háttsemi og dvalarstaði á þeim tíma, sem brot var framið.
2. Finna sjónarvotta og heyrnar og aðra, sem skýrslu kunna að geta gefið til skýringar sakaratriðum, og prófa þá, svo fljótt sem kostur er, þ. á m. afla sem nákvæmastrar frásagnar um orð, útlit og háttsemi grunaðs manns, og þess, sem kveðst hafa orðið fyrir broti, þegar eftir að það tjáist hafa verið framið, athuga fjárhagsmeðferð og efnahag grunaðs manns, bæði fyrir brot og eftir, er því er að skipta.

   Þegar sannreyna skal, hvort maður endurþekki annan mann, skal hann látinn benda á þann mann í hópi fleiri manna, ef þess er kostur.
3. Rannsaka vettvang, gera af honum glöggvan uppdrátt, framkvæma þar mælingar, afgirða hann eða teppa umferð um hann í bili og varna þar við röskun á ummerkjum, unz vettvangsrannsókn hefur farið fram.
4. Hafa uppi á munum, sem brot hefur verið framið með eða ætla má til þess ákveðna, svo og munum, sem brot hefur komið niður á eða gerðir hafa verið með refsiverðum verknaði, og athuga, hvort grunaður maður hefur nokkra þá muni í vörzlum sínum, er benda til vistar hans á vettvangi.
5. Athuga, hvort verknaður hefur látið eftir sig merki á mönnum eða munum, svo sem á líkama manna, klæðum, hjólför á vegi, merki eftir verkfæri, fingraför og fóta, og rannsaka eða láta rannsaka þau.
6. Hlutast til um sérfræðilega rannsókn á mönnum, munum og vettvangi, eftir því sem ástæða er til, svo sem blóðrannsókn og aðra læknisrannsókn, efna- og eðlisfræðilega rannsókn, leturrannsókn o. s. frv.
7. Annast töku ljósmynda af vettvangi, mönnum og munum eftir þörfum.

Gefa skulu lögreglumenn sakadómara í Reykjavík og annars staðar héraðsdómara skýrslu um aðgerðir, svo fljótt sem verða má.

Nú er svo mælt í lögum, að einstakur maður eigi ákæruvald eða skuli taka þátt í því, og skulu lögreglumenn þá tilkynna yfirboðara sínum málavöxtu og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda það ástand, sem er, eða til þess, að síðari rannsókn megi fara sem heppilegast fram, ef reki verður gerður að málinu samkvæmt kröfu aðilja.

36. gr.

Nú fer maður með starfa og brýtur öryggisreglur, sem um hann eru settar, og skal lögreglumaður þá til bráðabirgða varna honum að rækja starfann, m. a. með því að taka af honum atvinnuskírteini, stöðva farartæki hans, loka starfhýsi hans eða með öðrum viðeigandi hætti, ef það er nauðsynlegt til að afstýra hættu eða brot er stórfellt.

37. gr.

Við yfirheyrslu, leit, kyrrsetning muna og aðra rannsókn skal lögreglumaður hafa einn greinargóðan og trúverðugan vott hið fæsta, sé þess kostur.

38. gr.

Lögreglumenn skulu gæta þess í störfum sínum, að mönnum verði ekki gert tjón, óhagræði eða miski framar en óhjákvæmilegt er, eftir því sem á stendur. Ekki

mega þeir beita sakaðan mann neins konar harðræði fram yfir það, sem nauðsynlegt er til þess að vinna bug á mótþróa hans gegn lögmætum aðgerðum, né á annan hátt beita hann ólögmætri þvingun í orði eða verki, svo sem með hótunum o. s. frv.

Nú telur maður sig sæta ólögmætum harðræðum af hendi lögreglumanns, og á hann þá rétt á því að koma fyrir yfirmann lögreglumannsins, svo fljótt sem kostur er, og bera fram kvörtun fyrir honum.

39. gr.

Lögreglumenn skulu stöðugt miða alla rannsókn sína við það, að leiða hið sanna og rétta í ljós í hverju máli, sem þeir hafa til meðferðar, og rannsaka jöfnum höndum þau atriði, sem benda til sektar sakaðs manns og sýknu. Þeir taka skýrslur af grunuðum mönnum og vitnum, áður en til dómara næst, og síðan, eftir því sem þörf þykir og dómari ákveður. Lögreglumaður lætur þann, sem hann prófar, fyrst gera grein fyrir heiti sínu, aldri, stöðu og heimilisfangi eða dvalarstað. Síðan brýnir hann alvarlega fyrir honum að gefa sönn og rétt svör við spurningum og draga ekkert undan, er máli kann að skipta, og ganga skal úr skugga um það, ef ástæða er til, hvort skýrsla prófaðs manns er reist á sjálfs hans skynjan eða sögusögn annarra. Þess skal jafnan gætt vandlega, að svör manna við spurningum séu skilmerkileg og rétt færð í letur og sem orðréttast, einkum ef um svör grunaðra manna er að tefla.

40. gr.

Sökuðum manni, sem lögreglumaður yfirheyrir, skal á það bent, að honum sé óskylt að svara spurningum, er beinlínis varða brot það, sem hann er grunaður um, og jafnframt á það, að þögn hans kunni að verða skýrð honum í óhag.

Spurningar lögreglumanna skulu vera skýrar, stuttar og ótvíræðar. Ekki mega þeir reyna með nokkrum hætti að rugla mann með ósannindum eða á annan hátt, þannig að verða kynni til þess, að hann vissi miður en ella, hverju hann svaraði, eða til þess, að hann svaraði röngu. Þá mega þeir ekki gefa sökuðum manni fyrirheit um ívilnanir eða friðindi, ef hann meðgangi, enda séu slík fyrirheit ólögleg eða það sé ekki á valdi þeirra að veita þau.

Ekki má prófa mann lengur en 6 klukkustundir í einu, enda fái hann að öðru leyti nægilegan svefn og hvíld. Skal hverju sinni bókað, hvenær prófun hefst og hvenær henni lýkur.

Lögreglumenn skulu spyrja hvern mann sér án viðurvistar annarra sakaðra eða vitna, unz ástæða kann að verða til samprófunar á síðara stigi rannsóknar.

Nú skal spyrja barn yngra en 16 ára, og skal þá tilkynna það barnaverndarnefnd, ef þess er kostur, og getur nefndin þá sent fulltrúa sinn til að vera við yfirheyrslurnar.

Nú kann prófaður maður ekki íslenzku eða skjali þarf að snúa af íslenzku á erlent mál eða af erlendu máli á íslenzku, og skal þá, ef kostur er og þurfa þykir, kveðja löggiltan dómtúlk og skjalþýðanda til aðstoðar. Annars kostar skal fá þann, er færastan má telja.

Lögreglumenn gera skriflegar og nákvæmar skýrslur um rannsókn sína og staðfesta þær fyrir dómi samkvæmt ákvörðun dómara.

41. gr.

Skylt er mönnum að viðlögðum sektum, ef þeir eru til þess kvaddir og ef þeir mega án hættu fyrir líf eða heilsu sína eða vandamanna eða annarra, sem þeir eiga að annast, eða án tilfinnanlegs atvinnutjóns, að veita rannsóknardómara og lögreglumönnum lið í þarfir opinberrar rannsóknar. Svo er manni og undir sama skilorði skylt að láta lögreglumönnum í té muni, er hann ræður yfir, í þarfir opinberrar rannsóknar, svo sem hús og flutningatæki, en hafa skal hann endurgjald fyrir verk

og annað, er hann lætur lögreglumönnum í té samkvæmt þessari grein, og fer um það sem um annan sakarkostnað.

Undanþegnir skyldunni eru nánustu vandamenn sökunauts.

42. gr.

Nú telur sakadómari eða lögreglustjóri ekki ástæðu til þess að sinna framkominni kæru eða til að halda áfram rannsókn út af henni, og er honum þá skylt að láta kæranda í té skriflega ályktun sína þar um ásamt skjölum eða eftirriti af skjölum þeim, er málið varða. Og getur kærandi þá borið málið undir dómsmálaráðherra, sem tekur fullnaðarákvörðun um það, hvort kæru skuli sinnt eða rannsókn haldið áfram, sbr. þó 74. gr.

Nú hafa lögreglumenn framkvæmt rannsókn á hendur tilteknum sökuðum manni, en ekki hafa sakaratriði eða sakargögn þótt nægileg til ákæru, og á þá eigi að halda rannsókn áfram eða taka hana upp af nýju gegn þeim manni, nema ný sakargögn séu fram komin eða þau séu líkleg til að koma fram, enda sé refsikrafa þá eigi fyrnd að lögum eða saksókn niður felld samkvæmt ákvæðum stjórnarskrárinnar. Þó gildir áðurgreint ákvæði ekki, ef rannsókn má telja líklega til styrktar skaðabótakröfu vegna brots, ef það þykir standa aðilja á nægilega miklu að koma fram skaðabótakröfu sinni.

Nú hefur rannsókn gegn sökuðum manni verið felld niður, og á hann þá rétt á vottorði sakadómara eða lögreglustjóra um það.

VI. KAFLI

Um hald á munum.

43. gr.

Leggja skal hald á muni, sem ætla má, að hafi sönnunargildi í opinberu máli, þeirra hefur verið aflað á refsiverðan hátt eða ætla má, að þeir verði gerðir upptækir.

Til muna í þessu sambandi teljast einnig skjöl.

44. gr.

Hald má leggja á bréf, símskeyti og aðrar sendingar og muni, sem eru í vörzlum pósts og síma, enda sé það gert til rannsóknar á ætluðu broti, er varðað getur 20000 króna sekt, og heimilt væri að kyrrsetja og athuga slík skjöl og muni, ef komin væri í hendur viðtakanda. Tilkynna skal sendanda og viðtakanda tökuna, ef þeir hafa ekki verið viðstaddir. Dómari kveður á með úrskurði um rannsókn á efni slíkra skjala og sendinga.

45. gr.

Hverjum, sem löglega handtekur sakaðan mann, framkvæmir rannsókn á vettvangi, gerir leit í húsum eða annars staðar eða leit á mönnum, er rétt að leggja hald á muni, sem þá finnast og telja má til sakargagna. En tilkynna skal þetta dómara, svo fljótt sem verða má.

46. gr.

Í þarfir rannsóknar brots má loka herbergjum eða húsum, afgirða ákveðin svæði eða varna mönnum för um þau, gefa út bann við að taka muni úr ákveðnu takmarki o. s. frv.

47. gr.

Dómari getur úrskurðað hlustanir í síma, sem sökunautur hefur eða ætla má hann nota, enda varði brot minnst tveggja ára refsivist.

VII. KAFLI
Um leit.

48. gr.

Nú er rannsókn háð vegna brots, er varðað getur annaðhvort 20000 króna sekt eða sekt og upptöku eignar, og er þá rétt að gera leit í húsum sakaðra manna, geymslustöðum, hirzlum og skipum að munum, sem hald skal á leggja, eða annars til öflunar sakargagna.

Leit má gera hjá öðrum mönnum en sökuðum, þegar slíkt brot hefur verið framið þar eða sakaður maður handtekinn eða gildar ástæður eru til að ætla, að þar finnist munir, sem hald ber að leggja á, eða önnur sakargögn, þar á meðal bækur, bréf og önnur skjöl.

49. gr.

Leit að manni, sem handtaka skal eða leiða á fyrir rannsóknara eða dómara, má gera í húsi hans og húsum annarra manna, ef gild ástæða er til að ætla, að sá, sem leitað er, haldi sig þar.

50. gr.

Í húsakynnum, sem opin eru almenningi, og í húsum, þar sem lausungarlýður og brotamenn venja komur sínar, má leit gera, er þörf þykir, þótt eigi sé fullnægt skilyrðum 48. og 49. greinar.

51. gr.

Leit samkvæmt 48. og 49. gr. skal ákveðin í úrskurði dómara. Þó er lögreglumönnum jafnan rétt að framkvæma leit af sjálfsdáðum, ef bið eftir úrskurði dómara veldur hættu á sakarspjöllum.

52. gr.

Húsráðanda eða staðar, þar sem leit er gerð, skal veittur kostur á að vera viðstaddur leitina, ef unnt er. En ef hann er fjarverandi, skulu heimilisfastir venzlamenn hans, þjónar eða aðrir til þess kvaddir.

53. gr.

Leit má framkvæma á hvaða degi, sem vera skal, og á öllum tímum sólarhrings, ef hún þolir ekki bið.

54. gr.

Leit á manni og líkamsskoðun má gera, ef hann er sakaður um brot, er varðað getur 20000 króna sekt eða sektum og upptöku eigna. Má m. a. taka honum blóð og framkvæma á honum aðra þá rannsókn, er gerð verður á honum heilsu hans að meinalausu.

55. gr.

Á öðrum en sökuðum manni má leit gera, ef ástæða er til að ætla, að hann hafi á sér muni, er hald skal á leggja, eða vitneskja fáist við leitina um sakaratriði, enda geti brot það, sem rannsakað er, varðað 20000 króna sekt eða sekt og upptöku eigna.

56. gr.

Um leit og líkamsrannsókn samkvæmt 54. og 55. gr. skal kveðið á með úrskurði dómara. Þó er lögreglumanni rétt að ákveða slíka rannsókn, ef henni má eigi fresta, unz úrskurður dómara er fenginn.

Leit og líkamsrannsókn á konum skal framkvæmd af konum eða lækni, ef því er að skipta.

57. gr.

Af mönnum má taka myndir og fingraför í þarfir opinberrar rannsóknar.

58. gr.

Haldast skulu sérákvæði í lögum um leit í húsum og á mönnum, svo og um líkamsrannsóknir.

VIII. KAFLI
Um handtöku.

59. gr.

Rétt er dómara jafnan að gefa skipun um handtöku grunaðs manns, er það má telja nauðsynlegt vegna rannsóknar máls. Slíka skipun getur dómari þó ávallt gefið, ef maður sinnir ekki að nauðsynjalausu kvaðningu um að koma fyrir lögreglumann eða dómara.

Rétt er dómara að gefa út handtökuskipan, birta hana opinberlega og skora á hvern sem er að framkvæma hana:

1. Ef handtekinn maður víkur úr gæzlu eða refsivist eða maður brýtur bann dómara við för úr ákveðnu marki eða firrir sig eftirliti, sem dómari hefur sett honum.
2. Ef ókunnugt er um dvalarstað manns, sem sakaður er um brot, sem varðað getur 20000 króna sekt eða 6 mánaða refsivist.

60. gr.

Heimilt er einstökum manni að handtaka mann:

1. Ef dómari hefur skipað handtöku samkvæmt 59. gr., 2. mgr.
2. Ef hann stendur mann að háttsemi, sem varðað getur refsivist og sætir opinberri ákæru.
3. Ef maður ærist á almannafæri eða veldur þar hneyksli.

Handtekinn mann skal tafarlaust leiða fyrir lögreglumann eða dómara.

61. gr.

Skylt er lögreglumönnum að handtaka mann eftir skipun dómara. Þeim er og rétt að taka mann fastan án dómsúrskurðar:

1. Ef þeir standa hann að refsiverðri hegðun, enda sæti brotið opinberri ákæru.
2. Ef maður er grunaður um brot og gefur ekki lögreglumanni skýrslu um nafn sitt og heimilisfang eða reikar um heimilislaus.
3. Ef það þykir nauðsynlegt grunuðum manni eða öðrum til varnar.
4. Ef það þykir nauðsynlegt til þess að aftra grunuðum manni frá því að spilla sakargögnum eða fara úr lögsagnarumdæmi eða torvelda rannsókn máls að öðru leyti, enda megi telja varhugavert að bíða skipunar dómara.
5. Ef maður hefur leyfislaust farið úr gæzlu eða firrt sig eftirliti, sem honum hefur löglega verið sett.
6. Ef maður hefur ekki forfallalaust gegnt kvaðningu lögreglumanns til að gefa skýrslu í opinberu máli.
7. Ef maður ærist á almannafæri eða veldur þar hneyksli, eða hefur hér ekki landvistarleyfi.

Lögreglumaður skal hverju sinni meta, hvort nauðsyn sé handtöku þegar í stað, t. d. vegna hættu á undanskoti sakargagna, flótta sakaðs manns, framhaldi refsiverðrar háttsemi o. s. frv.

Alþingismenn má ekki taka fasta, meðan Alþingi stendur, nema þeir séu staðnir að glæp.

62. gr.

Rétt er lögreglumönnum án dómsúrskurðar að leita manns, sem handtaka skal, á heimili hans, í sjálfs hans húsi eða skipi, eða í húsi, sem stendur opið almenningi, svo og í öðrum húsum eða skipum, ef honum er veitt þangað eftirför, eða hætta er á því, að hann spilli sakargögnum eða komi sér undan, ef beðið er dómsúrskurðar.

63. gr.

Mann, sem tekinn hefur verið fastur, skal leiða fyrir dómara án undandráttar, enda sé hann ekki þegar látinn laus eða fluttur aftur í gæzlu, sem hann hefur sætt samkvæmt dómsúrskurði. Nú verður handtekinn maður, sem sakaður er um refsivert athæfi, ekki þegar í stað leiddur fyrir dómara, og er þá heimilt að hafa hann í haldi, unz til dómara næst, enda sé kyrrsetning hans og einangrun nauðsynleg vegna rannsóknar málsins, svo sem vegna hættu á því, að hann beri sig saman við samseka menn eða vitni, spilli sakargögnum, skjóti þeim undan eða komi sjálfum sér undan.

Nú hafa lögreglumenn handtekið mann, án þess að hann sé sakaður um refsiverða hegðun, sbr. 7. tl. 61. gr., og skal þá tilkynna dómara handtökuna tafarlaust, enda geri hann þá viðeigandi ráðstafanir, svo fljótt sem verða má.

64. gr.

Þess ber lögreglumönnum að gæta eftir föngum, þar á meðal með leit á manni án dómsúrskurðar, að maður, sem tekinn hefur verið fastur, geti ekki unnið tjón á sjálfum sér, og að hann hafi þá aðbúð, að ekki verði heilsu hans eða lífi hætta búin, meðan hann er í gæzlu. Sjúka menn, þungaðar konur eða konu, sem hefur barn á brjósti, skal ekki láta í venjulega fangaklefa, heldur veita þeim þá aðbúð, sem þeim hæfir. Sömu meðferð skal að jafnaði hafa á börnum undir 16 ára aldri.

Ákvæði 2. mgr. 38. gr. eiga hér við.

65. gr.

Lögreglumönnum er rétt að taka grunaða menn undir gæzlu án handtöku, þar á meðal banna þeim för úr ákveðnu takmarki um stund eða fela öðrum eftirlit með þeim.

IX. KAFLI

Um gæzluvarðhald og aðra gæzlu á sökunaut.

66. gr.

Þá er handtekinn maður hefur verið leiddur fyrir dómara, skal hann, nema sökunautur hafi þegar verið látinn laus, innan sólarhrings leggja rökstuddan úrskurð á það, hvort sökunautur skuli settur í varðhald eða ekki. Nú hefur sökunautur ekki verið tekinn fastur, og getur þá dómari þegar í frumprófi ákveðið, að hann skuli setja í varðhald. Svo getur dómari, á hvaða stigi rannsóknar sem er, ákveðið, að varðhaldi skuli beita, og sömuleiðis látið sökunaut lausan úr varðhaldi, jafnskjótt sem honum þykir ástæðulaust að beita því lengur. Gæzluvarðhaldi skal jafnan markaður ákveðinn tími, sem dómari getur þó stytt eða lengt með úrskurði annan ákveðinn tíma, ef ekki þykir fært að láta sökunaut lausan.

67. gr.

Mann má því aðeins setja í gæzluvarðhald, að ástæða þyki til þess að ætla, að hann hafi gerzt sekur um refsiverða hegðun. Gæzluvarðhaldi skal að jafnaði beita:

1. Ef ætla má, að sökunautur muni torvelda rannsókn málsins, ef hann hefur óskert frelsi sitt, svo sem með því að afmá merki eftir brotið eða merki, er í sambandi við það standa, skjóta undan munum eða öðrum gögnum, er brotið varða, hafa áhrif á vitni eða samseka.
2. Ef sökunautur hefur strokið, falið sig eða farið út úr ákveðnu marki eða gert tilraun í þá átt, eða líklegt þykir, að hann muni gera það, eða hann hefur ekki sinnt kvaðningu dómara.
3. Ef sökunautur reikar um án þess að hafa fast heimili eða dvalarstað, svo að vitað sé, ef telja má, að hann hafi ekki möguleika til þess að hafa löglega ofan af fyrir sér, eða ef hann er útlendingur og sennilegar skýrslur vantar um hann sjálfan eða heimilisfang hans.

4. Ef ætla má, að brot hans varði að minnsta kosti tveggja ára fangelsi.
5. Ef ætla má, að hann haldi áfram brotum, ef hann er látinn vera laus, meðan máli hans er ekki lokið.
6. Ef varðhald má telja nauðsynlegt til þess að verja aðra fyrir árásum sökunauts eða hann fyrir árásum eða áhrifum annarra manna.

Enn fremur má setja þann í varðhald, er heitazt hefur við annan mann, ef það telst nauðsynlegt til að verja aðra fyrir árásum þess, er fyrir þeim sökum er hafður.

68. gr.

Ef sökunautur er fyrir dómi, þegar úrskurður um gæzluvarðhald er kveðinn upp, þá skal honum þegar birtur þar úrskurðurinn. Annars kostar skal láta lögreglumann þegar birta honum úrskurðinn, og ef því er að skipta, taka hann fastan og setja hann í varðhald. Eftirrit af úrskurði skal, þegar þess er krafizt, láta í té, svo fljótt sem unnt er, og ekki síðar en sólarhring þar frá.

69. gr.

Gæzluvarðhaldi má ekki beita:

1. Ef brot það, sem um er að tefla, getur ekki að lögum varðað þyngri refsingu en sektum eða varðhaldi.
2. Ef sökunautur er alþingismaður, meðan Alþingi er háð eða meðan fundafrestun stendur, enda hafi hún ekki verið ákveðin í senn lengur en 14 daga. Þetta gildir þó ekki, ef þingdeild hans leyfir gæzluvarðhald eða alþingismaður hefur verið staðinn að glæp.
3. Ef sökunautur er innan 16 ára aldurs. Í stað varðhalds skal hann með úrskurði falinn forsjá barnaverndarnefndar (skólanefndar), er komi honum fyrir á góðu heimili, eða fái honum aðra viðunandi gæzlu eftir þörfum.
4. Sjúklinga og vanfærar konur eða konur með barn á brjósti skal úrskurða til geymslu eftir læknisráði á spítala eða öðrum viðeigandi stað með þeim hætti, að heilsu þeirra sé borgið.

70. gr.

Gæzlufangar sæta þeirri meðferð, sem nauðsynleg er til þess að gæzlan komi að gagni og góð regla haldist í varðhaldinu, en varast skal, svo sem kostur er, að beita þá hörku eða harðýðgi.

Um gæzluna gilda annars þessar reglur:

1. Gæzlufangar skulu ekki hafa lakara viðurværi en refsifangar. Þeim er heimilt að útvega sér sjálfir og taka við fæði og öðrum persónulegum nauðsynjum, þ. á m. fatnaði, að svo miklu leyti, sem það fer ekki í bága við öryggi og góða reglu í varðhaldinu.
2. Gæzlufangar skulu að öllum jafnaði látnir vera í einrúmi, og ekki skulu þeir gegn vilja sínum hafðir með refsiföngum. Eigi skulu gæzlufangar yngri en 18 ára hafðir með eldri föngum.
3. Dómari ákveður, hvort og að hve miklu leyti gæzlufangi megi hafa samband við aðra menn en fangaverði og hvernig eftirliti skuli haga, ef slíkt samband er leyft, enda sé þess jafnan gætt, að leyfa gæzlufanga ekki samband við menn, ef ætla má það varhugavert vegna rannsóknarinnar. Rétt er að verða við óskum gæzlufanga um að hafa samband við lækni og prest, ef þess er kostur.
4. Bréf, skeyti eða önnur skjöl frá gæzlufanga eða til hans lætur dómari athuga og kyrrsetja, ef nauðsyn þykir vegna rannsóknar eða ef efni þeirra er ósæmilegt, en gera skal sendanda viðvart um kyrrsetningu, ef því er að skipta.
5. Gæzlufanga má skylda til að ræsta og hirða klefa sinn eftir fyrirmælum dómara.
6. Gæzluföngum er heimilt að útvega sér vinnu, sem samrýmist öryggi og góðri reglu. Bóka mega þeir og afla sér með samþykki fangavarðar.

Dómari getur svipt gæzlufanga fríðindum, er honum hafa leyfð verið samkvæmt ákvæðum greinar þessarar, ef hann misnotar þau eða verður sekur um agabrot.

Gæzlufangi getur borið fram kvörtun fyrir dómara undan meðferð fangavarðar á sér.

71. gr.

Nú hefur dómari ákveðið að setja sökunaut í gæzluvarðhald, og getur sökunautur þá, ef dómari telur það nægilega tryggt, fengið að halda frelsi sínu að einhverju leyti eða öllu gegn tryggingu, er hann eða aðrir setja, eða gegn ábyrgð annarra manna, venjulega búsettra á landi hér, er dómari tekur gilda. Yfirlýsingu um tryggingu eða ábyrgð bókar dómari í þingbók og lætur viðkomendur undirrita þá bókun eða hann lætur þá gefa út sérstakar skriflegar yfirlýsingar. Ef trygging er sett, þá ber dómara að gera nauðsynlegar ráðstafanir lögum samkvæmt til verndar hennar gagnvart sökunaut og öðrum mönnum. Ef munir eru settir að handveði, ber dómara að geyma þá á tryggum stað.

Trygging eða ábyrgð skal miða við ákveðna fjárhæð, og skal vera tilskilið, að þeirri fjárhæð skuli vera fyrirgert til ríkissjóðs, ef sökunautur fer úr marki því, er dómari setur honum, án leyfis dómara.

Nú brýtur sökunautur boð dómara um dvöl í ákveðnu takmarki, og skal þá af tryggingarfé eða ábyrgðarfé greiddur skaði sá, er sökunautur hefur verið dæmdur til að greiða, ef með þarf. Ef sökunautur kemur af sjálfs sín vilja fyrir dómara innan mánaðar frá því, er hann braut boð dómara, getur dómari ákveðið, að tryggingu eða ábyrgð sé þó ekki fyrirgert, nema að því leyti sem það brot hans hefur valdið sérstökum kostnaði.

Sökunautur skal fá tryggingu leysta, ef hann kýs heldur að fara í gæzluvarðhald. Trygging eða ábyrgð, er annar maður setur, skal leyst, ef hann krefst þess og sökunautur hefur ekki brotið boð dómara um vistarmark hans. Svo fellur trygging eða ábyrgð niður, ef dómari ákveður allt að einu að setja sökunaut í varðhald eða sökunautur andast, rannsókn lýkur án málshöfðunar og þegar úrslitadómur er um málið genginn.

Ágreining vegna tryggingar eða ábyrgðar úrskurðar dómari, og má skjóta þeim úrskurði með kæru til æðra dóms eða með áfrýjun opinbera málsins sjálfs.

72. gr.

Hvort sem trygging eða ábyrgð er sett eða ekki, getur dómari lagt fyrir sökunaut að halda sér í ákveðnu takmarki (hreppi, kaupstað, lögsagnarumdæmi o. s. frv.) eða komið honum til dvalar og gæzlu á ákveðnu heimili með meiri eða minni takmörkunum á frelsi hans. Þar sem fangahúss er ekki kostur, er hverjum, sem er þess megnugur að áliti dómara, skylt að takast á hendur vist og gæzlu fanga, nema hann megi teljast hættulegur lífi manna eða heilbrigði. Ef því er að skipta, ber dómara að gera aðrar viðeigandi ráðstafanir til geymslu fangans, svo sem varðveizlu á honum í aðgreindum, nægilega traustum klefa, ef ekki er fangahús til ráðstöfunar o. s. frv.

Ákvörðun sinni um gæzlu sökunauts samkvæmt þessari grein getur dómari breytt, hvenær sem honum þykir ástæða til.

X. KAFLI

Almennar reglur um rannsókn opinberra mála fyrir dómi.

73. gr.

Héraðsdómari getur, hvenær sem honum þykir nauðsynlegt eða heppilegt, hafið réttarrannsókn í opinberu máli, hvort sem mál hefur verið kært til hans eða ekki. Ef grunaður maður hefur verið tekinn fastur, ber héraðsdómara að setja dóm, svo

fljótt sem unnt er, eftir að hann hefur fengið vitneskju um handtökuna. Í hinu fyrsta þinghaldi (frumprófi) skal dómari reyna eftir föngum að ganga úr skugga um sekt eða sýknu sökunauts. Lýkur dómari þegar rannsókn, ef hann telur það koma fram, að sökunautur muni sýkn vera, hvort sem það er af því, að refsikrafan er fyrnd, sýnt er, að ekki er um refsivert brot að tefla, o. s. frv. Sama er, ef hann telur víst, að máli hljóti að verða vísað frá dómi vegna aðildarskorts opinbera ákæruvaldsins. Annars kostar heldur hann rannsókn áfram, þar til honum þykir það, sem máli skiptir, rannsakað til fullrar hlítar eða örvænt þykir, að rannsókn muni bera árangur. Dómara ber að rannsaka af sjálfsdáðum og sjálfstætt öll sakaratriði, enda þótt lögreglumenn hafi áður rannsakað og gert skýrslu um þau atriði. Nú hefur sökunautur játað á sig brot, og skal dómari þá allt að einu prófa það, hvort sú játning er sannleikanum samkvæm.

Nú æskir dómsmálaráðherra, sækjandi, sökunautur eða verjandi rannsóknar á tilteknum sakaratriðum, og skal dómari þá taka slíka málaleitun til greina, enda megi ætla, að sú rannsókn geti skipt máli.

Dómari skal framkvæma ráðstafanir þær, sem í 36. gr. getur, ef skilyrði eru til, svo og kveða á um framhald þeirra, ef lögreglumenn hafa gert þær. Haldast skulu þessar ráðstafanir, unz dómur gengur, ef því er að skipta, en felldar skulu þær niður, jafnskjótt sem úr er bætt, þar sem það á við, eða rannsókn eða málshöfðun er látin falla niður.

74. gr.

Dómari getur borið það undir dómsmálaráðherra, hvort rannsókn skuli hefja eða fram halda, og tekur þá dómsmálaráðherra ákvörðun um það atriði. Dómsmálaráðherra getur og af sjálfsdáðum farið þess á leit við dómara, að hann hefji rannsókn eða haldi áfram þegar hafinni rannsókn. Ef dómari telur, að krafa dómsmálaráðherra verði eigi tekin til greina, með því að skilyrði laga um refsingu í því máli skorti, svo sem vegna þess að eigi sé um refsiverða háttsemi að tefla, refsikrafa fyrnd, ákæruvaldið bresti aðild o. s. frv., þá veitir dómari dómsmálaráðherra kost á að skýra málið og kveður síðan upp úrskurð um það, hvort taka skuli kröfu dómsmálaráðherra eða ekki til greina.

75. gr.

Dómara ber að rannsaka öll atriði, er varða sekt sökunauts eða sýknu eða honum kynni að verða til málsbóta eða refsiauka, svo sem:

1. Verknaðinn sjálfan, er framinn hefur verið eða ætla má, að framinn hafi verið, stað og stund, og öll nánari atvik, er ætla má, að máli skipti, svo sem það, á hverjum eða hverju brot hefur niður komið, með hvaða hætti það hefur verið framið, hvort um fullframið brot eða tilraun sé að tefla, hversu langt tilraun hafi verið komin o. s. frv., sbr. 35. gr.
2. Það allt, er sökunaut sjálfan varðar, svo sem:
   a. Hugarfar hans (ásetning, gáleysi), er hann framdi brotið, hvatir hans og tilgang, ef þau atriði skipta máli, o. s. frv.
   b. Aldur hans. Og skal hann venjulega sanna með fæðingarvottorði sökunauts, ef þess er kostur málinu án verulegrar tafar. Annars kostar má láta skýrslu sökunauts nægja, enda lýsi þá dómendur og þingvottar áliti sínu á því, hvort sú skýrsla samrýmist útliti hans og öðrum kunnum staðreyndum, ef dómara þykir þess þörf.
   c. Hegðun undanfarið. Og skal það atriði sanna með sakavottorði og öðrum gögnum, sem fyrir hendi kunna að vera.
   d. Þroski, andlegur og líkamlegur, heilbrigðisástand hans, andlegt og líkamlegt, fyrr og síðar, menntun, uppeldi, efnahagur og aðrar ástæður o. s. frv., eftir því sem þörf virðist krefja. Ef ástæða þykir til, skal leggja sökunaut undir viðeigandi læknisrannsókn í þessu skyni.

e. Hegðun og hugarfar sökunauts, eftir að hann framdi brotið eða brotin, svo sem það, hvort hann hefur séð eftir því, boðið fram bætur eða á annan hátt leitazt við að gera yfirbót, eða hvort hann hefur reynt að dylja brotið, neytt hagnaðar af því, reynt að torvelda rannsókn þess o. s. frv.
f. Ef um tilraun er að tefla, hvort hann hafi horfið sjálfkrafa frá henni, eða hvort brot hefur ekki orðið fullframið af öðrum ástæðum.
g. Ef fleiri menn en einn eru við brot riðnir, þá ber eftir föngum að rannsaka, hvern þátt hver (hvor) um sig hafi átt í því, svo sem það, hver (hvor) hafi átt upptökin og hvaða ráðum hafi verið beitt í því efni.

76. gr.

Dómari lætur lögreglumann eða einn stefnuvott tilkynna sökunaut og öðrum þinghöld með hæfilegum fyrirvara, enda nægir, að næsta þinghald sé tilkynnt í þinghaldi þeim, sem þar eru viðstaddir. Nú er sökunautur í gæzlu, og skal honum þá gert kleift að koma fyrir dóm.

77. gr.

Dómari kynnir sér rannsókn lögreglumanna eftir föngum, áður en hann hefur prófun á sökunaut eða öðrum, enda lesi hann ekki fyrir þeim skýrslur lögreglumanna, fyrr en hann hefur spurt þá um þau sakaratriði, er hann telur á því stigi rannsóknar ástæðu til að spyrja um. Ef skýrslu fyrir lögreglumönnum og skýrslu fyrir dómi ber á milli, bendir dómari aðiljum á ósamræmið, þegar hann telur það henta.

Þeir menn, sem spurðir eru fyrir dómi í rannsókn opinbers máls, eiga rétt á að fá vitneskju um það af dómara, þegar mál er orðið svo skýrt, að honum er þess kostur, hvort þeir eru spurðir vegna grunar þeim á hendur um brot eða kvaddir vitnisburðar. Ef dómari kveður mann yfirheyrðan vegna grunar á honum um refsiverða hegðun, þá er honum óskylt að svara spurningum dómarans, er þá hegðun varða, enda ber dómara að benda sökunaut á þetta, þegar er efni standa til, og jafnframt á það, að þögn hans kunni að verða skýrð honum í óhag.

Nú kýs sökunautur að svara spurningum dómara, og skal þá bóka svörin nákvæmlega og orðrétt eða taka þau á talvél, ef ætla má, að orðalag sökunauts skipti máli. Bókanir skal bera undir sökunaut, skrá síðan breytingar og athugasemdir, sem sökunautur vill gera við bókun á svörum sínum, lesa þær bókanir upp fyrir honum og geta þess að lokum, hvort hann hafi viðurkennt bókanir réttar eða ekki.

Ákvæði 38. og 40. gr. gilda og um rannsókn fyrir dómi að breyttu breytanda. Þó er dómara rétt að láta sökunaut hlýða á prófun vitnis eða matsmanns og gæta þar réttar síns, enda sé ekki ástæða til að ætla, að sökunautur kunni að hafa þau áhrif á vitni eða matsmann, að það eða hann segi ekki afdráttarlaust sannleikann, eða návist hans kunni að torvelda rannsókn málsins, svo sem vegna færis sökunauts til undanskots sakargagna eða til þess að dylja sannleikann með öðrum hætti.

Dómari samprófar sökunauta, er honum þykir hættulaust, að rannsókn torveldist þess vegna, til þess að fá samræmi milli skýrslna þeirra, ef þess er kostur, eða staðfestingu á þeim. Ef með mál er farið samkvæmt 130. gr., er rétt að fresta samprófun, nema hætta sé á, að sakargögn fari annars forgörðum.

78. gr.

Dómari kynnir sökunaut efni þeirra skjala, er varða gögn í opinberu máli, þegar er honum þykir það mega verða án hættu á því, að vitneskja sökunauts þar um verði notuð til þess að torvelda eða seinka rannsókn máls, og ávallt eigi síðar en í lok rannsóknar.

XI. KAFLI
Um sækjanda og verjanda.

79. gr.

Nú sætir mál sókn og vörn fyrir dómi eftir málshöfðun, sbr. 130. gr., og skipar þá héraðsdómari sækjanda einhvern hæstaréttarlögmann eða héraðsdómslögmann, enda hafi sá fengið löggildingu dómsmálaráðherra til sóknar opinberra mála í héraði. Ekki má sækjandi vera nokkur sá, er gerði dómara óhæfan til að fara með málið.

Hlutverk sækjanda er að stuðla að því, að hið sanna og rétta komi í ljós og yfir höfuð að létta dómara starfið með málflutningi sínum. Honum ber, þegar er hann hefur fengið skjöl málsins, að athuga gaumgæfilega, hvort rannsókn um einstök atriði kunni að vera áfátt og benda dómara tafarlaust á það, til þess að úr því verði bætt. Í flutningi málsins skal hann lýsa staðreyndum skilmerkilega og án allra óþarfa málalenginga og draga fram öll atriði, sem máli skipta, sbr. 75. gr. Lagaatriði ber honum að greina stutt, ljóslega og hlutlægt. Loks skal hann leiða ályktanir sínar af því, sem hann hefur með greindum hætti fram flutt.

Sækjanda ber þóknun fyrir starf sitt eftir ákvörðun dómara.

80. gr.

Nú er farið með mál samkvæmt 79. gr., og skal þá jafnan skipa verjanda.

Eftir ósk sökunauts skal skipa honum verjanda:

1. Meðan hann sætir gæzluvarðhaldi.
2. Ef hann er sakaður um brot, er að lögum getur valdið honum missi þjóðfélagsréttinda, svo sem missi stöðu, kosningarréttar eða kjörgengis, atvinnuréttinda o. s. frv.
3. Ef brot getur varðað 10000 króna sekt eða tveggja mánaða refsivist eða hefur í för með sér upptöku eigna, er verulegum verðmætum nema, miðað við efnahag og ástæður sökunauts. Þó getur dómari skipað sökunaut verjanda, þótt þessum skilyrðum sé ekki fullnægt, ef sérstaklega stendur á, svo sem ef vafaatriði eru í máli um lög eða staðreyndir, sbr. 2. málsgr.

Án óskar sökunauts skipar dómari honum réttargæzlumann:

1. Hvarvetna þess, er matsmenn eiga að staðfesta framburð eða matsgerð að sökunaut fjarstöddum. Dómari veitir réttargæzlumanni kost á að kynna sér það allt, er staðfesta skal, og annað, sem nauðsynlegt kann að vera til skilnings á því, áður en staðfesting fer fram. Ber réttargæzlumanni að gæta hagsmuna sökunauts við staðfestingu.
2. Dómari getur skipað sökunaut réttargæzlumann í rannsókn máls, ef sökunautur er að áliti dómara sérstaklega sljór eða skilningslítill eða haldinn annmörkum, er torvelda skynjan hans, svo sem sjóndepru, málleysi eða heyrnarleysi, sökunautur er undir 18 ára aldri eða annars er honum svo farið eða framkoma hans fyrir dómi slík, að dómari telji skipun réttargæzlumanns heppilega.

Nú játar sökunautur á sig afdráttarlaust brot, og eigi er vafi um staðreyndir, svo sem þær, er varða hækkun eða lækkun refsingar, refsileysi eða niðurfall refsingar, sakhæfi o. s. frv., eða lagaatriði, og skal þá eigi skipa verjanda.

81. gr.

Dómari skal jafnan, þegar lögskylt er eða ástæða þykir til að skipa sökunaut verjanda eða réttargæzlumann, vekja athygli hans á því atriði og veita honum kost á að benda á einhvern þann mann, er rétt hefur að lögum til þess að fara með það starf fyrir dómi almennt og sérstaklega í því máli. Dómari ákveður svo, hvern skipa skuli.

Nú eru fleiri en einn maður fyrir sökum hafðir, og skal þá vera sami maður verjandi þeirra beggja eða allra, ef telja má, að hagsmunir þeirra rekist ekki á.

Nú vill sökunautur ekki, að honum verði verjandi skipaður, og skal það þá ekki gert, nema dómara þyki allt að einu ástæða til þess. Sjálfum er sökunaut rétt að halda uppi vörn fyrir sig. Svo er honum og rétt að ráða á sinn kostnað hvern þann löghæfan mann, sem dómari samþykkir, til að halda uppi vörn fyrir sig, hvort sem skylt er að skipa verjanda eða ekki.

82. gr.

Í Reykjavík og annars staðar, þar sem kostur er löggiltra málflutningsmanna, skal verjandi tekinn úr hópi þeirra. Þó getur dómari eftir ósk sökunauts skipað honum einhvern annan mann, er fara má með mál annarra manna, þar sem eigi eru löggiltir málflutningsmenn, ef hann telur hag sökunauts borgið í höndum slíks manns og engar sérstakar ástæður mæla því annars í gegn.

83. gr.

Dómari sá, er með aðalrannsókn máls fer, skipar verjanda í því máli. Nú skal staðfesting vitnisburðar, mats- eða skoðunargerðar fara fram í öðru lögsagnarumdæmi, og skipar þá dómari þar verjanda til þess að vera við staðfestingu, nema verjandi í aðalmálinu sé þar við staddur.

84. gr.

Það er borgaraskylda hverjum heilum, lögráða manni að taka að sér starfa sækjanda og verjanda í opinberu máli. Þann, er dómari telur rækja starfann óviðunandi, getur hann leyst frá honum og skipað annan í staðinn. Sama er, ef sækjanda eða verjanda verða forföll, er að áliti dómara hindra þá frá því að inna starfann af hendi.

85. gr.

Ekki má skipa þann mann verjanda, sem hefur borið vitni eða verið mats- eða skoðunarmaður í því máli, eða þann, er vera mundi óhæfur dómari í því sökunaut í óhag, eða þann, er riðinn kann að vera við málið eða hefur að öðru leyti hag eða óhag af úrslitum þess, né heldur þann, er skipun hans gerði dómara óhæfan til að fara með málið.

86. gr.

Verjandi er háður sömu skyldum sem sækjandi, eftir því sem við getur átt, sbr. 79. gr. Honum ber að leiðrétta atvikalýsingu sækjanda, þar er efni þykja standa til, draga fram allt það, er verða má sökunaut til sýknu eða hagsbóta, og gæta réttar hans, er hann sætir varðhaldi eða annarri gæzlu að því leyti. Verjanda er heimilt að tala við sökunaut einslega, þegar hann er í gæzlu, nema dómari telji hættu á, að rannsókn torveldist fyrir það. Ef verjandi er skipaður, áður en rannsókn er lokið, er honum rétt að vera við prófun sökunauts, enda þyki dómara það hættulaust vegna rannsóknar málsins. Þagnarskylda hvílir á verjanda um það, er sökunautur kann að hafa trúað honum fyrir um afstöðu sína til brots eða brota þeirra, sem um er að tefla, og um þau önnur atriði, er hann hefur komizt að í starfa sínum og eigi eru almenningi þegar kunn.

Skipuðum verjanda ber þóknun fyrir starfa sinn eftir ákvörðun dómara, nema hann hafi berum orðum afsalað sér henni.

87. gr.

Dómara er skylt að láta sækjanda og verjanda í té skjöl þau, er mál varða, eða eftirrit þeirra, að svo miklu leyti sem þau eru nauðsynleg til sóknar eða varnar þess, en skylt er þeim að skila þeim aftur til dómara, þegar starfa þeirra er lokið, ef þess er krafizt.

Þóknun skipaðs sækjanda og verjanda skal ákveða í dómi í máli, ef það lýkst með þeim hætti, nema viðkomandi hafi afsalað sér þóknun. Ef máli lýkur ekki með dómi, getur dómari ákveðið þóknun og hver hana greiði með úrskurði, er bóka skal

í þingbók, og er sú ákvörðun bindandi og aðfararhæf sem dómur væri. Dómari getur og með sama hætti ákveðið verjanda eða réttargæzlumanni samkvæmt 80. gr., 2. mgr., 1. tölul., og 3. mgr., þóknun.

Þóknun sækjanda og verjanda greiðist sem annar sakarkostnaður.

88. gr.

Ef sækjandi eða verjandi torveldar rannsókn eða misbeitir stöðu sinni með öðrum hætti eða rýfur þagnarskyldu sína samkvæmt 86. gr., varðar það refsingu eftir ákvæðum hegningarlaganna um brot í embætti og sýslan.

XII. KAFLI

Um vitni, mat, skoðun og skjöl.

89. gr.

Öllum er skylt að koma fyrir dóm í opinberu máli og bera þar vitni. Skorazt geta þó þeir, sem hér segir, undan vitnisburði:

1. Maki sökunauts, meðan hjúskap þeirra er ekki slitið að lögum.
2. Unnusti eða unnusta sökunauts, enda varði vitnisburður ekki atvik, sem gerðust, áður en þau heitbundust.
3. Skyldmenni sökunauts að feðgatali eða niðja.
4. Kjörforeldri sökunauts eða kjörbarn undir samsvarandi skilorði sem í 2. tölul. segir.
5. Tengdaforeldri sökunauts og tengdabarn, systkin hans og jafnmægðir honum.

90. gr.

Dómari getur leyst fósturforeldri sökunauts eða fósturbarn undan vitnaskyldu, ef honum virðist samband þeirra mjög náið.

Sama gildir um vitnisburð unnusta eða unnustu, að því er varðar atvik, er gerðust, áður en þau heitbundust.

91. gr.

Aðilja er ekki skylt að svara spurningu að viðlagðri vitnaábyrgð, ef ætla má, að svar við henni feli í sér játningu eða bendingu um það, að hann eða venzlamenn hans samkvæmt 89. gr. hafi framið refsiverðan verknað eða það gæti orðið þeim til mannorðsspjalla.

92. gr.

Embættis- og sýslunarmönnum er óskylt að koma fyrir dóm til að vitna um atvik, er gerzt hafa í embætti þeirra eða sýslan og leiða má í ljós með vottorði úr embættisbók eða öðru opinberu skjali.

93. gr.

Án leyfis viðkomandi ráðherra skal vitni ekki krafið skýrslu um leynilega samninga ríkisins, ráðagerðir eða ályktanir handhafa ríkisvaldsins um málefni, sem öryggi ríkisins, réttindi eða heill að öðru leyti varða eða hafa mjög mikilvæga fjárhagsþýðingu eða viðskipta fyrir íslenzku þjóðina.

Embættismenn og sýslunar verða ekki krafðir vitnisburðar um það, sem þeir hafa fengið vitneskju um í starfa sínum og leynt á að fara, nema viðkomandi ráðherra leyfi eða forseti sameinaðs Alþingis, ef taka skal skýrslu af alþingismanni eða öðrum starfsmanni Alþingis.

94. gr.

Vitnum þeim, sem hér segir, er óheimilt að svara spurningum án leyfis þess, sem með á:

1. Verjanda um það, er sökunautur hefur trúað honum fyrir um málsatvik, eftir að hann hefur tekið vörnina að sér.

2. Prestum, læknum, ljósmæðrum og lyfsölum um atriði, er varða einkahagi manna og þeim hefur verið trúað fyrir í starfa sínum, nema brot varði minnst tveggja ára refsivist.

Nú má telja vitnisburð nauðsynlegan til varnar sökunaut, og getur dómari þá ákveðið vitnaleiðslu með úrskurði.

95. gr.

Heimilt er dómara, nema leyfi aðilja komi til, að undanþiggja vitni að svara spurningum, er varða leyndarmál um kaupsýslu, uppgötvanir eða önnur slík verk, hvort sem vitnið á sjálft í hlut eða það hefur komizt að vitneskju sinni í þjónustu einstaklings, fyrirtækis eða stofnunar, enda telji dómari hagsmuni aðilja til leyndar ríkari en hagsmuni ákæruvaldsins um skýrslu.

96. gr.

Dómari skal leiðbeina aðiljum um þau atriði, er varða vitnisburð og í 89.—95. gr. getur.

97. gr.

Dómari metur það hverju sinni, hvort barn hafi náð þeim þroska, að það beri það skynbragð á sakaratvik, að vitnisburður þess um það skipti máli.

Samsvarandi hátt hefur dómari á um vanþroska menn eða geðbilaða.

98. gr.

Skylt er vitni að koma fyrir dóm utan varnarþings síns, hvar sem er á landinu, ef nauðsynlegt þykir til samprófunar vitnis við sökunaut eða önnur vitni, enda sé því séð fyrir farkosti og því sem minnstur bagi gerður.

Vitni, sem eigi má koma fyrir dóm á þingstað vegna sjúkleika síns eða heimamanna sinna, má prófa annars staðar, þar sem kostur er að taka af því skýrslu.

Dómari getur úrskurðað vitni skylt að hafa með sér sakargögn til sýningar eða framlagningar í dómi eða athuga bækur sínar, skjöl og aðra muni og gera útdrátt úr tilteknum atriðum í þeim til skýringar málsatvikum.

99. gr.

Dómari getur látið lögreglumann (hreppstjóra) eða einn stefnuvott kveðja vitni til þess að koma fyrir dóm og gefa skýrslu í opinberu máli, að viðlagðri refsingu. Ef vitni sinnir eigi kvaðningu að forfallalausu, getur dómari fært eða látið færa það fyrir dóm með valdi. Beita má ákvæðum 131. gr. laga nr. 85/1936, eftir því sem við á.

100. gr.

Dómari lætur vitni fyrst gera grein fyrir heiti sínu, aldri, stöðu og heimilisfangi eða dvalarstað. Síðan brýnir hann alvarlega fyrir því skyldu þess til að gefa sönn og rétt svör við spurningum sínum og draga ekkert undan, er máli skiptir, hvort sem það varðar málsatvik, hæfi þess, sönnunargildi vitnisburðar eða annað. Loks minnir dómari vitni á þýðingu vitnisburðar um málsúrslit og skýrir fyrir vitninu með tilvísun til viðeigandi ákvæða hegningarlaga þá refsiábyrgð, er vitni kann að baka sér með vísvitandi eða gáleysislega röngum framburði, og þá siðferðislegu ábyrgð, sem röngum framburði er samfara.

Að þessu loknu lætur dómari vitni festa með þeim hætti, er nú greinir, heit um sannan framburð sinn:

1. Ef vitni lýsir sig, að gefnu tilefni frá dómara, trúa á guð, og heit samkvæmt því samræmist trúarsannfæring þess, þá skal það lyfta upp hægri hendi sinni og hafa upp eftir dómara þessi orð: Ég sver það og vitna til guðs míns, að ég skal segja það, er ég veit sannast og réttast, og ekkert undan draga. Svo hjálpi mér guð, sem ég satt segi.

2. Nú má ekki svo með fara, sem í 1. tölul. segir, og festir vitni þá heit sitt með þeim hætti, að það lyftir upp hægri hendi sinni og hefur upp eftir dómara þessi orð: Ég lýsi yfir því og legg þar við drengskap minn og heiður, að ég skal segja það, er ég veit sannast og réttast, og ekkert undan draga.
3. Nú er annar háttur hafður á heitfestingu en sá, er í 1. og 2. tölulið segir, í landi, þar sem vitni hefur dvalizt, svo sem hönd lögð á helga bók, og er þá dómara rétt að hafa þann hátt á, ef hann telur vitni munu fyrir það leggja ríkari helgi og virðingu á heitfestingu.

101. gr.

Eigi skal heitfesta:
1. Barn undir 15 ára aldri.
2. Þann, sem svo er vitsmunavant eða svo geðbilaður, að hann ber ekki skyn á eða er ófær til að meta helgi eða þýðingu heitfestingar.
3. Sakaðan mann eða mann, sem dómari veit eða má ætla, að síðar verði sakaður í því máli.

102. gr.

Að heitfestingu lokinni hefst vitnaleiðsla um sakaratriði. Gæta skal dómari þess, að spurningar hans séu ákveðnar, ekki tvíræðar eða veiðandi, ekki særandi eða móðgandi, framar en efni standa til, og ekki sýnilega þýðingarlausar. Ganga skal úr skugga um það, hvort skýrsla manns er reist á sjálfs hans skynjan eða sögusögn annarra.

Nú hefur vitni eða aðrir gefið skýrslur fyrir lögreglumanni eða aðrir en það fyrir dómi, og kynnir dómari þá slíkar skýrslur eða önnur sakargögn eigi fyrir vitni, fyrr en honum þykir þess þörf til skýringar eða leiðréttingar skýrslu þess. Utanréttarvottorðum þess, er vitni skyldi bera, um sakaratriði, má dómari ekki veita viðtöku, nema skýrslan sé gerð að tilhlutun hans eða lögreglumanns eða dómara þyki standa sérstaklega á, svo sem ef eigi er kostur annarrar skýrslu frá þeim aðilja.

Vitni hvert skal prófa sér og eigi láta önnur vitni hlýða á. Um návist sökunauts fer samkvæmt 77. gr. Samprófa skal vitni við sökunaut og aðra, ef á greinir, þegar dómara þykir hentugt.

Ef með mál er farið samkvæmt 130. gr., er rétt að fresta samprófun, nema hætta sé á, að sakargögn fari annars forgörðum.

Nú er dómþing háð fyrir opnum dyrum og spurning er svo löguð, að svar við henni varðar einkahagi vitnis sjálfs eða annarra, og getur dómari þá lagt spurningu skriflega fyrir vitni og leyft því að svara skriflega og bókað svarið, enda eigi vitnið kost á að sannfæra sig um rétta bókun, án þess að svarið sé lesið upp.

Þar sem verjandi er við rannsókn annars staðar, er honum rétt að beina því til dómara, að hann leggi spurningar um tiltekin atriði fyrir þá, sem prófaðir eru.

Bóka skal svör svo, að ótvírætt og tæmandi komi fram efnið í svörum, og orðrétt jafnan, ef ástæða er til að ætla, að orðrétt bókun geti skipt máli um mál almennt eða einstök sakaratriði.

103. gr.

Dómari rannsakar af sjálfsdáðum öll atriði, er varða skyldu vitnis eða heimild til að gefa skýrslu og hæfi til þess að staðfesta hana. Dómari getur látið vitni eða aðra staðfesta skýrslu sína um þessi efni.

Dómari vitnamáls úrskurðar þau atriði, er í grein þessari segir, og annað, er varðar vitnamálið sjálft. Yfirlýsing vitnis fyrir vitnadómara um það, að úrskurður verði borinn undir æðra dóm, frestar framkvæmd úrskurðar.

104. gr.

Vitni skal greiða eftir kröfu þess og samkvæmt úrskurði dómara útlagðan kostnað þess vegna rækslu vitnaskyldunnar og þóknun fyrir atvinnumissi, sem telja má vitni skipta nokkru máli, miðað við efnahag þess og ástæður.

105. gr.

Ákvæði 136.—144. gr. laga nr. 85/1936 gilda og um opinber mál, eftir því sem við á, og með þeim breytingum og viðaukum, sem hér segir:

1. Dómari rannsakar sjálfur vettvang, muni og verksummerki, eftir því sem við verður komið og hann hefur þekkingu til, bæði á þingstað og annars staðar með kunnáttumönnum og án þeirra, sbr. 35. gr.
2. Dómari framkvæmir eða lætur framkvæma mat og skoðun af sjálfsdáðum svo og samkvæmt tilmælum ákæruvaldsins, sökunauts eða verjanda hans, eftir því sem efni standa til.
3. Dómari gerir sökunaut, sækjanda og verjanda viðvart um dómkvaðningu mats- og skoðunarmanna, ef ástæða er til, en dómkvaðning, matsgerð og staðfesting hennar fer fram, þótt þeir komi ekki.
4. Dómari veitir mats- og skoðunarmönnum leiðbeiningar og úrskurðar, að hverju leyti athugasemdir áðurnefndra aðilja, sbr. 2. tl., skuli til greina teknar. Mats- eða skoðunargerð skal fá dómara í hendur, og ákveður hann staðfestingu samkvæmt þeim reglum, sem hingað til hafa tíðkazt.

106. gr.

Líkskoðun fer fram, hvar sem er og hvarvetna þess, er dómara þykir nauðsynlegt.

Krufning líka má einungis framkvæma samkvæmt úrskurði dómara, nema nánasti venzlamaður eða nánustu venzlamenn leyfi, þegar ástæða þykir til vegna öflunar sakargagna.

Um framkvæmd líkskoðunar og krufningar fer samkvæmt gildandi reglum, þó svo, að dómari ákveður hverju sinni í samráði við hlutaðeigandi kunnáttumann, hvað gera skuli.

107. gr.

Ákvæði 149. gr. laga nr. 85/1936 gildir og í opinberum málum, svo sem við á.

XIII. KAFLI

Um sönnunarbyrði og mat sakargagna.

108. gr.

Sönnunarbyrði um sekt sökunauts og atvik, sem telja má honum til óhags, hvílir á ákæruvaldinu. Dómari metur það hverju sinni, hvort nægileg sönnun, er eigi verði véfengd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert atriði, er varðar sekt og ákvörðun refsingar og aðrar afleiðingar brots, þar á meðal, hverja þýðingu skýrslur sökunauts hafi.

109. gr.

Dómari metur það eftir atvikum, hvert sönnunargildi þær staðreyndir hafi, er eigi varða beinlínis þá staðreynd, sem sanna skal, en leiða kann að mega af ályktanir um hana, svo sem atriði, er í 2.—6. tölul. 35. gr. getur, uppeldi sökunauts, þekking hans og menntunarástand, framkomu í rannsókn málsins o. s. frv.

110. gr.

Dómari metur öll atriði varðandi sönnunargildi vitnisburðar, matsgerðar, skoðunar og skjala, með hliðsjón af ákvæðum 129., 144., 153., 154., 158. og 159. gr. laga nr. 85/1936.

XIV. KAFLI
Um mál ungmenna, sektavald lögreglumanna, dómsáttir og ákæru.

111. gr.

Mál ungmenna á aldrinum 15—18 ára fara samkvæmt 30. gr. laga nr. 19/1940, sbr. lög um vernd barna og ungmenna.

112. gr.

Dómara er heimilt, enda sé það ekki bannað sérstaklega í lögum, að afgreiða opinbert mál án málshöfðunar:

1. Ef brot er mjög smávægilegt, getur dómari lokið máli með áminningu, er hann skráir í þingbók, enda láti sökunautur við það sitja.
2. Ef brot er skýlaust sannað og telja má, að refsing muni ekki fara fram úr sektum, ef dómur gengur um málið, getur dómari ákveðið hæfilega sekt, er greiðist innan tiltekins tíma að viðlagðri viðeigandi refsivist ásamt sakarkostnaði, enda játist sökunautur undir þessa ákvörðun dómara með undirskrift sinni í þingbók. Greina skal í bókun skýrt og stutt brot það, sem um er að tefla, refsiákvæði, sem það varðar við, og ítrekunarverkun á síðari brot, ef því er að skipta. Nú hefur skýlaust sannað brot upptöku eignar í för með sér, og getur dómari undir því skilorði, er nú var sagt, ákveðið eignaupptöku. Ákvörðun um eignaupptöku getur dómari og tekið með bókun í þingbók, ef sökunautur finnst ekki eða er ókunnugur og verðmæti fer ekki fram úr kr. 3000.00.

Senda skal dómsmálaráðherra skrá um mál, sem lokið er samkvæmt 2. tölul. 1. málsgr. þessarar greinar, eftir þeim reglum, er hann ákveður.

Nú telur dómsmálaráðherra, að saklaus maður hafi verið látinn undirgangast greiðslu sektar eða maður hafi ranglega verið látinn sæta upptöku eignar. sbr. 2. tölul. 1. mgr. þessarar greinar, eða verið látinn gangast undir fjarstæð málalok að öðru leyti eða að mál, sem lokið er samkvæmt sama ákvæði, hefði átt að ganga til dóms, og getur hann þá kært málið til hæstaréttar til ónýtingar á ákvörðun dómara.

Nú stendur lögreglumaður vegfaranda að broti á umferðarlögum, bifreiðalögum eða lögreglusamþykkt, og telja má, að refsing muni ekki fara fram úr 300 króna sekt, og getur lögreglumaður þá gert sökunaut hæfilega sekt, er greiðist þegar í stað eða innan tiltekins tíma, enda játist sökunautur undir þessa ákvörðun lögreglumanns með undirskrift sinni í sektabók, er lögreglumaður heldur. Nú greiðist sekt eigi innan tiltekins tíma, og skal lögreglumaður þá senda kæru til dómara með venjulegum hætti. Dómari fellir þá ákvörðun lögreglumanns úr gildi og lýkur máli lögum samkvæmt. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um bókhald lögreglumanna og meðferð þessara mála að öðru leyti. Nú þykir ákvörðun lögreglumanns fjarstæð, og ákveður þá dómari eða dómsmálaráðherra, að mál skuli tekið til meðferðar af nýju, enda fellir dómari þá ákvörðun lögreglumanns úr gildi.

113. gr.

Dómari höfðar mál af sjálfsdáðum á hendur sökunaut, sem ekki hefur komið fyrir dóm, ef:

1. Honum hefur sjálfum verið löglega birt kvaðning fyrir dóm á tilteknum stað og tíma og fullnægi kvaðningin ákvæðum 1.—3. tölul. 115. gr., enda sé skýrt greint í henni, að fjarvist hans verði metin til jafns við viðurkenningu hans og að dómur gangi um málið, þótt hann komi ekki, og að hann megi ekki vænta frekari viðvörunar.
2. Ekki er kunnugt um, að nauðsynjar banni honum komu fyrir dóm.
3. Ætla má, að brot hans varði eigi yfir 3000 króna sekt eða eignaupptöku.
4. Fram er komin fyrir sekt hans skýrsla eins lögreglumanns eða annars opinbers starfsmanns eða gögn, er jafna megi til slíkrar skýrslu.

Ef tveir menn eða fleiri eru sakaðir um sama brot, verður þessi meðferð venjulega því aðeins höfð, að skilyrði 1.—4. tölul. sé fullnægt um þá báða eða alla.

Eigi skal ómerkja í æðri dómi gerðir dómara samkvæmt þessari grein, nema sýnt þyki, að dómara hafi missýnzt í mjög mikilsverðum atriðum.

Ákvæði 112. gr., 2. mgr., um skýrslur til dómsmálaráðherra eiga við um mál samkvæmt þessari grein.

114. gr.

Í málum, þar sem sökunautur hefur skýlaust játað sig hafa haft alla þá háttsemi, sem hann er borinn og máli skiptir, ekkert veikir þá játningu og vafalaust má þykja um aðrar staðreyndir, svo sem þær, er orka kunna refsihækkun eða refsilækkun, refsileysi eða niðurfelling refsingar, sakhæfiskorti o. s. frv., eða notkun lagaákvæða, svo sem um val milli tveggja eða fleiri ákvæða sér eða saman, um aðild o. s. frv., er dómara heimilt að höfða mál af sjálfsdáðum, sbr. þó 22. gr.

Fara skal um þau atriði, sem í grein þessari getur, eftir 3. og 4. málsgr. 113. gr.

115. gr.

Er dómari telur rannsókn lokið, sendir hann dómsmálaráðherra eftirrit af öllu því, sem í henni er fram komið, til ákvörðunar um það, hvað gera skuli. Þegar er dómsmálaráðherra hefur fengið rannsókn máls í hendur, athugar hann, hvort semja skuli ákæru á hendur sökunaut eða sökunautum. Ef honum virðist það, sem fram er komið með framhaldsrannsókn eða án hennar, nægilegt eða líklegt til sakfellis, semur hann ákæru, en annars kostar lætur hann við svo búið standa.

Nú ákveður dómsmálaráðherra málshöfðun, og semur hann þá ákæruskjal, er hann sendir dómara. Í því skal greina, svo og að eigi verði um villzt:

1. Nafn sökunauts, heimilisfang og önnur deili á honum.
2. Hvert það brot, sem sök er gefin á, stað og stund, eftir föngum, er það er talið framið, það heiti, sem það hefur í lögum, eða aðra skilgreining svo og þær lagagreinar, sem það er talið varða við.
3. Þær kröfur, sem gerðar eru, svo sem kröfur um refsingu, réttindamissi, eignartöku, skaðabætur, greiðslu sakarkostnaðar o. s. frv.

Í ákæruskjali má ekki skírskota til fram kominna sannana eða setja þar lögfræðilegar athugasemdir framar en sagt var.

Dómari ritar ákvörðun sína um stað og stund til þingfestingar málsins á ákæruskjal og lætur síðan birta fyrir sökunaut með venjulegum hætti eða fyrir dómi. Um leið og ákæruskjal er birt sökunaut, skal hann spurður, hvort hann vilji halda uppi vörn eða fá verjanda, og hvern, ef því er að skipta.

Nú ákveður dómari málshöfðun samkvæmt 114. gr., og semur hann þá ákæru, er fullnægi ákvæðum 1.—3. tölul., enda fer um birtingu hennar og annað samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

116. gr.

Fresti til þinghalds í opinberum málum má stytta eftir þörfum frá því, sem mælt er í einkamálum. Tilkynningar má birta á sömu stöðum sem í lögum um meðferð einkamála í héraði greinir, svo og í varðhaldi eða á gæzlustað, ef því er að skipta. Rétt er, að lögreglumaður eða einn stefnuvottur birti. Ákærða skal afhenda eftirrit af kvaðningu samkvæmt 113. gr. eða ákæruskjali.

117. gr.

Nú er óvíst um þann mann, er kröfu skal á hendur gera, eða dvalarstað hans, en mál hans sætir þó lögsögu íslenzkra dómstóla, og skal þá birta ákæru eða kröfur í Lögbirtingablaði með ákvörðun um stund og stað til þinghalds og með hæfilegum fyrirvara.

118. gr.

Dómsmálaráðherra getur ávallt svo og dómari samkvæmt 114. gr. gefið út framhaldsákæru, enda sé mál ekki þegar dæmt í héraði:

1. Ef leitt er í ljós, eftir birtingu ákæru, að ákærði hafi eða kunni að hafa drýgt önnur eða frekari brot en í ákæru segir.
2. Ef sýnt er, að ákæru er ábótavant, svo sem háttsemi ákærða ranglega lýst eða saksótt eftir öðrum refsiákvæðum en brot á undir.

Framhaldsákæru skal jafnan gefa út eigi síðar en 3 vikum eftir að þörfin á henni varð kunn, enda skal veita ákærða kost á að koma að vörn eftir þörfum.

Aldrei má dæma sökunaut fyrir aðra hegðun en þá, sem í ákæruskjali greinir, né heldur dæma aðrar kröfur á hendur honum. Rétt er þó dómara að dæma áfall á hendur sökunaut, þótt aukaatriði brots, svo sem staður og stund þess, séu ekki skýrt eða rétt greind, enda telji dómari, að vörn verði ekki áfátt þess vegna. Dómari getur gefið sökunaut, verjanda og sækjanda færi á því að tjá sig um sakaratriði að þessu leyti, ef þurfa þykir. Dómara er og rétt undir sama skilorði að dæma eftir öðrum refsiákvæðum en segir í ákæru, en gefa skal hann þá nefndum aðiljum kost á því að reifa málið að því leyti og af nýju, ef því er að skipta.

119. gr.

Nú hefur rannsókn dómara á hendur tilteknum sökuðum manni eigi leitt í ljós sakaratriði eða sakargögn, sem nægileg hafa þótt til ákæru, og má þá eigi taka það mál upp af nýju, nema skilyrðum 2. málsgreinar 42. gr. sé fullnægt, enda fer um rannsókn skaðabótakröfu sem þar segir.

Ákvæði 3. mgr. 42. gr. gildir hér að breyttu breytanda.

120. gr.

Þegar kvaðning samkvæmt 113. gr. eða ákæra hefur verið birt sökunaut, nefnist hann ákærði og málið er nefnt: Ákæruvaldið gegn N. N.

XV. KAFLI

Um flutning og meðferð opinberra mála fyrir héraðsdómi.

121. gr.

Að liðnum þeim fresti, sem til var tekinn samkvæmt 115. gr., 5. málsgr., eða 117. gr., setur dómari dómþing og þingfestir mál. Leggur hann þá fram eftirrit af dómprófum máls og önnur gögn, er fram hafa komið og unnt er að leggja fram á dómþingi. Kynna skal sökunaut, ef þess er kostur, efni þeirra gagna, er honum hafa ekki áður kynnt verið, og fá viðurkenningu hans um það, að þau varði hann eða málið, ef unnt er. Ef verjanda skal skipa, þá skal gera það í þessu þinghaldi, nema það hafi verið áður gert. Verjanda eða ákærða, ef hann ætlar sjálfur að verja sig, skal fá í hendur málsskjöl og setja frest til varnar, enda skal þá ákveða næsta þinghald.

Frumrit skjals, þar sem eftirrit má eigi að sama gagni koma, eða muni, sem úrslit máls varða, lætur dómari venjulega ekki aðiljum í hendur, nema til athugunar í þinghaldi, enda er rétt að gera ljósmyndir af slíkum gögnum aðiljum til afnota.

122. gr.

Mál skal taka til dóms í þinghaldi samkvæmt 121. gr., nema dómari telji framhaldsrannsóknar þörf, ef:

1. Sökunautur kemur fyrir dóm og óskar eigi skipaðs verjanda, þó að honum væri það rétt, eða að halda uppi vörn annars.
2. Vörn kemur þá þegar fram.

Nú eru sökunautar tveir eða fleiri, og má þá mál því aðeins til dóms taka, að svo standi á um báða eða alla sem í 1. og 2. tölul. segir.

123. gr.

Dómari ákveður hverju sinni, hvort vörn skuli flutt munnlega eða skriflega.

124. gr.

Ákærða eða verjanda hans er rétt, áður en vörn er flutt, ef því er að skipta, að bera sérstaklega undir dómara hvert það atriði, er hann telur varða því, að ekki verði réttilega lagður dómur á mál að efni til, eins og þá stendur á, svo sem að máli beri að vísa frá dómi, að því beri að fresta til frekari rannsóknar eða varnar, að dómari sé óhæfur o. s. frv., og krefjast úrlausnar dómara þar um. Tekur dómari ákvörðun um það, hvort kröfu skuli taka til greina eða ekki, með rökstuddum úrskurði, ef hann telur ekki eiga að gera það, og dómi, ef frávísunarkrafa er tekin til greina.

Nú er krafizt frávísunar máls, og skal þá dómsmálaráðherra veittur kostur á því að tjá sig um málið, áður en dómari tekur ákvörðun um þá kröfu.

Synjunarúrlausn dómara má kæra til æðra dóms, ef dómsmálaráðherra samþykkir.

125. gr.

Nú er vörn fram komin og framhaldsrannsókn lokið, ef því er að skipta, og tekur dómari þá mál til dóms.

Nú verður dómara það ljóst eftir dómtöku, að rannsaka þurfi betur einhver atriði, og gerir hann þá ákærða og verjanda svo og sækjanda, ef því er að skipta, viðvart um það, enda fer um slíka rannsókn með sama hætti sem ella. Rétt er dómara að veita aðiljum kost á því að flytja framhaldsvörn í máli, að rannsókn lokinni, eftir því sem efni standa til. Að svo búnu tekur dómari mál til dóms af nýju.

126. gr.

Nú hefur ákærði ekki sinnt kvaðningu samkvæmt 113. gr. og skilyrðum hennar er að öðru leyti fullnægt, og tekur dómari þá þegar mál til dóms og kveður upp refsidóm á hendur ákærða.

127. gr.

Nú kemur ákærði eða sjálfvalinn verjandi hans ekki fyrir dóm, þegar þingfesta skal mál, og tekur dómari þá mál þegar til dóms, nema:

1. Honum sé kunnugt um nauðsynjar annars þeirra eða beggja.
2. Hann telji rétt að hafa framhaldsrannsókn um sakaratriði.
3. Honum þyki annars standa svo á, að rétt sé að fresta máli og veita aðiljum færi á því að halda uppi vörn.

Dómari gerir aðiljum viðvart um þinghald til framhaldsrannsóknar, og að henni lokinni, ef því er að skipta, frest til varnar og stað og stund til næsta þinghalds. Ef frestað er máli samkvæmt 1. eða 3. tölul., tilkynnir dómari aðiljum það og frest þann, sem ákveðinn er, og stað og stund næsta þinghalds, enda verði mál þá tekið til dóms. Ef ekki er komið fyrir dóm af hendi ákærða að settum frestum liðnum, skal venjulega taka mál til dóms.

128. gr.

Nú skilar skipaður verjandi ekki vörn innan tiltekins tíma, og getur dómari þá sett honum nýjan frest, enda getur dómari falið öðrum löghæfum manni vörn, ef dómari telur mál hafa dregizt eða munu dragast óhæfilega lengi fyrir aðgerðaleysi skipaðs verjanda.

129. gr.

Nú hefur dómari birt ákæru eða kröfur samkvæmt 117. gr., og er þá rétt að taka mál til dóms, þótt ákærði eða stefndi komi þar ekki, ef:

1. Skilyrðum 114. gr. er fullnægt.
2. Dómsmálaráðherra og dómari telja mál fullrannsakað og ákærða hefur verið

skipaður verjandi samkvæmt ósk hans og kostur veittur til varnar eða hann hefur lýst því fyrir dómara, að hann æskti engrar varnar. Annars kostar skal fresta máli að svo stöddu.
3. Gerð er krafa á hendur aðilja um upptöku eignar.

130. gr.

Sókn og vörn samkvæmt ákvæðum 131.—136. gr. fer fram í:
1. Málum, þar sem refsing fyrir brot getur varðað yfir 8 ára fangelsi samkvæmt hegningarlögum nr. 19/1940.
2. Málum, sem sæta ákæru dómsmálaráðherra samkvæmt 115. gr., sbr. 22. gr., ef:
   a. brot getur varðað yfir 5 ára fangelsi samkvæmt lögum nr. 19/1940 og lagaatriði eða sönnunar veita efni til slíkrar meðferðar, t. d. úrslit máls velta á líkum, mál er mjög umfangsmikið eða margbrotið;
   b. sérstaklega þýðingarmikil vafaatriði eru í máli eða úrslit þess hafa annars mikla almenna þýðingu, hvort sem brot varðar við almenn hegningarlög eða önnur lög.

Dómsmálaráðherra rannsakar og ákveður hverju sinni, hvort mál er þess eðlis, að það skuli sæta meðferð samkvæmt 2. tölul. þessarar greinar. Dómari skal í lok rannsóknar leita þess, hvort ákærði æski þess, að sókn og vörn verði flutt í máli hans, ef dómara þykir vera mega heimild til að kveða svo á.

131. gr.

Þegar er dómsmálaráðherra hefur ákveðið meðferð máls samkvæmt 130. gr., sendir hann dómara eða formanni dóms samkvæmt 5. gr. tilkynningu um ákvörðun sína. Dómari (formaður) skipar því næst sækjanda og verjanda og sendir þeim skjöl málsins ásamt tilkynningu um stað og stund næsta þinghalds, sbr. 115. og 116. gr.

132. gr.

Dómari (formaður dóms) veitir sækjanda og verjanda sameiginlegan frest til að undirbúa sókn og vörn. Þeir skulu kynna sér rækilega alla málavöxtu og rannsaka, hvaða sakaratriði sé rétt að leiða betur í ljós en þegar er gert, sbr. 79. og 86. gr. Gera skulu þeir skrá um sakargögn, er athuga þarf, og þau vitni, sem þeir vilja leiða, hvort sem þau hafa verið leidd áður eða ekki. Skulu þeir kynna hvor öðrum efni skrárinnar og fá dómurum hana í hendur fyrir dómþing svo tímanlega, að þeir geti yfirfarið efni hennar.

133. gr.

Á næsta dómþingi skal þingfesta mál með þeim hætti, sem í 121. gr. segir. Þá er máli hefur verið lýst og sækjandi og verjandi hafa gefið sig fram og ákæra hefur verið lesin upp, ber þeim að tjá sig um atriði þau, er því kynnu að varða, að ekki verði réttilega lagður dómur á mál að efni til, og fer þá svo sem í 124. gr. er mælt.

134. gr.

Frekari rannsókn máls fer fram fyrir dómi, ef þess er þörf og kostur, og taka sækjandi og verjandi þátt í henni.

Dómur kveður ákærða og aðra fyrir sig, nefnir skoðunar- og matsmenn, tekur við staðfestingu þeirra og segir fyrir um öflun annarra gagna, eftir því sem efni standa til.

Sækjandi gerir fyrst stuttlega grein fyrir sakaratriðum og ákæru svo og þeim sakargögnum, sem hann ætlar að styðja ákæru við. Þá skal ákærði spurður um sakaratriði og honum veittur kostur á því að tjá sig um þau. Ef frásögn hans fer í atriðum, sem máli skipta, í bága við fyrri skýrslu hans, skal honum bent á ósamræmið og þau atriði prófuð af nýju. Ef ákærði játar brot á sig, ákveður dómur, að hverju leyti þörf er frekari sakargagna.

Því næst flytur sækjandi fram sakargögn og spyr vitni. Verjandi tekur þá við, flytur fram sakargögn af sinni hendi og leiðir vitni. Sækjandi og verjandi gagnspyrja vitni jafnóðum og þau eru spurð. Um vitnaleiðsluna gilda ákvæði 102. gr. Dómendur spyrja ákærða, vitni og aðra eftir þörfum, stjórna prófun sækjanda og verjanda og skera úr öllum vafa- og ágreiningsefnum.

Nú verður ekki hjá því komizt, að rannsókn einstakra atriða fari fram fyrir dómi annars staðar, og er þá rétt, að sækjandi og verjandi komi þar fyrir dóm með sömu skyldum og réttindum sem mælt var, ef dómendum aðalmáls þykir nauðsynlegt.

135. gr.

Þá er gögn öll eru fengin, skal dómur kveða á um það, hvort flytja skuli mál munnlega eða skriflega. Mál skal flytja munnlega, nema bæði sækjandi og verjandi óski skriflegs málflutnings, enda telji dómur skriflegan flutning máls heppilegri, svo sem vegna þess, hve mál er umfangsmikið.

Nú er mál munnlega flutt, og skal málflutningur þá fara fram þegar í fyrsta þinghaldi, sbr. 133. gr., eða þegar gögn öll eru fram komin, sbr. 134. gr. Sækjandi talar fyrst, en verjandi síðan, enda má hvor flytja tvær ræður, en rétt er ákærða að taka einu sinni til máls að loknum ræðum sækjanda og verjanda. Um munnlegan málflutning fer annars eftir 112. gr. laga nr. 85/1936.

Nú er mál skriflega flutt, og leggur sækjandi þá fyrst fram sókn sína, en verjandi síðan vörn. Framhaldssókn og framhaldsvörn má síðan flytja einu sinni af hvors hálfu.

Að lokinni sókn og vörn skal mál taka til dóms.

136. gr.

Nú þykir dómi eftir dómtöku máls svo áfátt um rannsókn einhvers atriðis, að ekki megi við hlíta, og skal þá hafa framhaldsrannsókn þar um, enda megi ætla, að hún kunni að bera árangur. Ákveður dómari (formaður) í samráði við sækjanda og verjanda stund og stað til rannsóknar eða gerir ráðstafanir til þess, að rannsókn fari fram utan síns lögsagnarumdæmis, ef því er að skipta. Um rannsókn samkvæmt þessari grein fer annars samkvæmt 134. gr. Dómur getur, að rannsókn lokinni og eftir að sækjandi og verjandi hafa kynnt sér árangur hennar, veitt þeim kost á að gera athugasemdir til viðbótar málflutningi sínum, ef honum þykir nauðsynlegt eða heppilegt.

Að loknum aðgerðum samkvæmt þessari grein skal taka mál til dóms af nýju.

137. gr.

Fresta skal meðferð máls:

1. Ef nauðsynjar banna dómara, málflytjanda eða öðrum, sem leysa ber af hendi starf í þarfir máls, að inna af hendi störf sín á tilsettum tíma.
2. Ef þeir koma ekki fyrir dóm, er gefa skulu skýrslu í opinberu máli eða staðfesta hana, enda megi ætla hana skipta nokkru máli.
3. Ef óviðráðanleg atvik tálma annars framkvæmdum, svo sem veður eða vötn, sóttkvíun o. s. frv.
4. Ef framhaldsrannsókn er ákveðin, sem eigi er unnt að hafa þá þegar, eða bíða verður annarra aðgerða til framkvæmdar máli, svo sem skipunar dómara eða málflytjanda o. s. frv.

Dómari getur frestað máli:

1. Vegna uppkvaðningar úrskurða og annarra ráðstafana sakir máls.
2. Til sóknar eða varnar máls.

138. gr.

Hraða skal meðferð opinberra mála eftir föngum, enda verði þess jafnan gætt að afla allra fáanlegra skýringa um málavöxtu. Dómari (dómur) ræður gangi máls,

enda er hann óbundinn af yfirlýsingum málflytjenda eða kröfum, nema þær séu borgararéttar eðlis. Eigi skiptir það máli, hvenær yfirlýsingar koma fram í rannsókn eða flutningi máls.

XVI. KAFLI
Um sakarkostnað.

139. gr.

Til sakarkostnaðar í opinberum málum telst:

1. Ferðakostnaður dómara og sækjanda og skipaðs verjanda, ef því er að skipta, enda skal greiða þeim óhjákvæmilegan kostnað af ferðalagi vegna rannsóknar og meðferðar málsins.
2. Þóknun sækjanda og skipaðs verjanda.
3. Þóknun fyrir aðstoð vegna málsins, svo sem skjalþýðingar, dómtúlkun, afnot muna annarra manna o. s. frv.
4. Gæzlu-, varðhalds- og flutningskostnaður ákærða, þar til framkvæmd refsingar hefst samkvæmt ákvæðum dómsins.
5. Þóknun til vitna, mats- og skoðunarmanna.
6. Þingvotta- og birtingargjöld.
7. Kostnaður af kyrrsetningu samkvæmt 144. gr. og fullnustu dóms með aðför.
8. Annar óhjákvæmilegur kostnaður.

Réttargjöld, gjald fyrir eftirrit beinlínis í þágu málsins, stimplun dómsgerða eða staðfestingu skal eigi greiða.

140. gr.

Nú er ákærði sýkn dæmdur af refsikröfum, af hvaða ástæðu sem er, eða refsimál gegn honum fellur niður, án þess að svo sé ástatt sem í 112. gr. segir, og skal þá einnig sýkna hann af málskostnaðarkröfu. Þó skal dæma greiðslu sakarkostnaðar á hendur ákærða að einhverju leyti eða öllu, ef hann hefur orðið kostnaðar valdur með vísvitandi eða stórkostlegu ólögmætu framferði í rannsókn máls eða í sambandi við hana.

Nú eru tveir menn eða fleiri hafðir fyrir sökum, og eru sumir sýknaðir og sumir sakfelldir, og skal þá frá draga þann hluta kostnaðar, er telja má aðeins koma hinum sýknaða eða sýknuðu við, nema telja megi hinn dómfellda eða hina dómfelldu einnig beinlínis valda að honum. Ef slíkur frádráttur verður ekki gerður nákvæmlega, metur dómari það, í hvaða hlutföllum hinn sakfelldi skuli bera sakarkostnað á móti ríkissjóði.

141. gr.

Nú er ákærði sakfelldur fyrir það brot eða þau brot, sem honum er sök á gefin, og skal þá dæma greiðslu sakarkostnaðar á hendur honum.

Nú er ákærði sakfelldur fyrir sum þau brot, er honum er sök á gefin, en sýkn dæmdur af öðrum, og getur dómari þá ákveðið, að hann skuli greiða nokkurn hluta kostnaðar, en að hinn hlutinn skuli greiddur úr ríkissjóði, með þeim hætti, er í 140. gr. segir.

Kostnað, sem sækjandi eða verjandi eða lögreglumenn eru valdir að vegna vanrækslu eða skeytingarleysis í starfi sínu, skal ekki dæma sökunaut til að greiða. Getur dómari ákveðið í dómi refsimálsins eða úrskurði, ef máli lýkur án dóms, skyldu þeirra til að greiða slíkan kostnað, en veita skal hann þeim áður kost á að láta uppi álit sitt.

142. gr.

Nú eru tveir menn eða fleiri sóttir til refsingar í sama máli og sekir dæmdir, og skal þá hvorum (hverjum) þeirra gert að greiða gæzlu- eða varðhaldskostnað sinn og þóknun til skipaðs verjanda síns einum sér, ef hann hefur fengið sér skipaðan annan verjanda en hinn eða hinir. Þá hina sakfelldu, sem eru saman um verjanda, skal dæma in solidum til að greiða þóknun hans.

Nú hafa ákærðu allir eða báðir tekið þátt í broti með vitund og vilja hvor (hver) annars og eru dæmdir til refsingar fyrir það í sama máli, og skal þá venjulega dæma þá til að greiða sakarkostnað in solidum (sbr. þó 1. málsgr.). Ef samband þeirra einhverra eða allra um brot hefur ekki verið slíkt, skiptir dómari sakarkostnaði milli þeirra í þeim hlutföllum, er honum þykir sanngjarnt vera.

143. gr.

Í dómi og úrskurði, ef máli lýkur án dóms, skal almennt kveða á um skyldu ákærða til að greiða sakarkostnað án ákvörðunar fjárhæðar. Þóknun verjanda, sem kemur fyrir dóm utan lögsagnarumdæmis, þar sem með aðalmál er farið, svo og annan kostnað þar ákveður dómari aukamálsins.

Dómari gerir heildarreikning yfir sakarkostnað og sendir hann ásamt fylgiskjölum til dómsmálaráðuneytisins, er úrskurðar reikninginn og greiðir dómara það, sem hann kann að hafa lagt út eða greiða á síðar. Refsidómur ásamt úrskurðuðum reikningi verður þá lögleg heimild til aðfarar í fé ákærða eða ákærðu.

144. gr.

Til tryggingar greiðslu sakarkostnaðar og skaðabóta eða til undirbúnings eignartöku, ef því er að skipta, skal dómari, ef hann hefur jafnframt fógetavald, kyrrsetja eða láta fógeta annars kyrrsetja eignir sökunauts eða sökunauta, ef hættu má telja á því, að þeim verði ella undan skotið eða að þær glatist eða rýrni að mun, svo að ekki verði nægilegt til greiðslu sakarkostnaðar eða bóta á sínum tíma, og fer það eftir álitum dómara, hversu mikið skuli kyrrsetja. Um framkvæmd og þýðingu kyrrsetningar fer sem um kyrrsetningu fjármuna almennt, en þó með þeim afbrigðum, er hér segir:

1. Tryggingu þarf enga að setja.
2. Ábyrgð á kyrrsetningu þessari fer eftir almennum skaðabótareglum.
3. Mál til réttlætingar kyrrsetningu þarf ekki að höfða.

Dómari kveður á um varðveizlu kyrrsettra muna og sér um, að þær ráðstafanir verði gerðar, er með þarf að lögum til verndar kyrrsetningu. Eigi skal stimpilgjald eða þinglýsingar greiða fyrir þessar ráðstafanir.

Kyrrsetning fellur niður, jafnskjótt sem ákærði hefur verið sýknaður með úrslitadómi eða úrskurði af greiðslu sakarkostnaðar og skaðabóta eða málsókn hefur verið undan felld eða látin niður falla og eigi koma ákvæði 112. gr. til greina, og á hann þá heimtingu á því, að honum verði honum að kostnaðarlausu fengin umráð yfir hinum kyrrsettu verðmætum og úr gildi felldar þær ráðstafanir aðrar, sem gerðar kunna að hafa verið til verndar kyrrsetningunni. Ef ákærði hefur greitt sakarkostnað eða dæmdar skaðabætur, á hann og heimtingu til hins sama, en greiða verður hann þá kostnað þar af.

XVII. KAFLI

Um bætur til handa þriðja manni.

145. gr.

Nú kemur það í ljós í rannsókn opinbers máls, að þriðji maður hefur beðið tjón af háttsemi þeirri, sem sökunautur er borinn, og skal dómari þá, þegar er efni standa til, benda þriðja manni á það, að hann eigi þess kost að koma bótakröfu sinni að í væntanlegu refsimáli, og að þar megi dæma hana, ef hún verði nægilega skýrð án verulegra tafa eða óhagræðis í því máli. Ef aðili eða umboðsmaður hans gerir slíka kröfu nægilega ákveðið og nægilega snemma, enda leiðbeini dómari í því efni eftir þörfum, þá skal dómari leita sannana um hana, þar á meðal með matsgerð eða skoðunar fyrir dómtöku, ef því er að skipta. Bera skal slíka kröfu undir ákærða,

enda er sækjanda og verjanda skylt að gera athugasemdir um hana, ef ákærði hefur ekki samþykkt hana, eftir því sem ástæður verða til.

146. gr.

Ef máli er til lykta ráðið samkvæmt 112. gr. og sökunautur samþykkir bótakröfu og samkomulag verður um greiðslu hennar, skal dómari bóka það, og er þann gerning að meta sem sátt fyrir dómi.

Um lyktir bótakröfu í refsimáli fer annars sem hér segir:

Ef dómur gengur ekki um efni refsikröfu fyrir þá háttsemi, sem bótakrafa er sprottin af, þá verður ekki heldur dæmt um hana. Sama er, ef ákærði er sýknaður af þeirri háttsemi vegna þess, að eigi þykir sannað, að hann hafi framið hana. Ef hann er sýkn dæmdur af öðrum rökum, svo sem vegna sakhæfisskorts, eða refsing er látin niður falla, en skilyrðum skaðabótaskyldu er þó talið vera fullnægt, má dæma kröfuna. Ef sannanir þykir skorta um tjón aðilja að öllu leyti, skal vísa kröfu frá dómi. Dómari ákveður annars bætur með venjulegum hætti.

147. gr.

Í æðra dómi skal taka skaðabótakröfu, sem dæmd hefur verið að efni til í héraði, til meðferðar með venjulegum hætti, ef annar hvor aðilja æskir þess, enda gilda þar ákvæði 145. gr. um skyldu sækjanda og verjanda.

Skjóta má sérstaklega til hæstaréttar ákvæði héraðsdóms, þar sem bótakrafa hefur verið dæmd að efni til, ef dóminum er ekki áfrýjað að öðru leyti, enda fer það málsskot að lögum um meðferð einkamála fyrir æðra dómi.

148. gr.

Aðrar kröfur borgararéttareðlis, sem rót sína eiga að rekja til refsiverðrar háttsemi, má og leggja fyrir dómara í refsimáli, svo sem missi erfðaréttar, ógildi hjúskapar o. s. frv., og skal þar dæma þær að efni til, að fullnægðum framangreindum skilyrðum, eftir því sem við á.

149. gr.

Nú hefur leit verið gerð hjá þriðja manni eða hald verið lagt á muni hans í rannsókn opinbers máls, og á hann þá kröfu til bóta fyrir miska, ef aðgerðir þessar hafa fram farið á óþarflega móðgandi eða særandi hátt, og fyrir fjártjón, er aðgerðin hefur valdið honum, enda verði honum eigi gefin sök á því, að hún fór fram eða hvernig hún fór fram. Í stað bótakröfu má láta aðilja í té yfirlýsingu samkvæmt 158. gr., eftir því sem við á.

XVIII. KAFLI

Um bætur til handa sökuðum mönnum o. fl.

150. gr.

Kröfu um bætur samkvæmt þessum kafla má, nema öðruvísi sé sérstaklega mælt, því aðeins taka til greina, að:

1. Sökunautur hafi ekki með vísvitandi eða stórvægilega gáleysislegu ólögmætu framferði valdið þeim aðgerðum, er hann reisir kröfu sína á, svo sem með stroki, ósannindum, tilraunum annars til að torvelda rannsókn o. s. frv., og
2. Rannsókn hafi verið hætt eða ákæra ekki hafin vegna þess, að sú háttsemi, sem hann var borinn, hafi talizt ósaknæm, eða sönnun hafi ekki fengizt um hana eða hann hafi verið sýkn dæmdur með óáfrýjuðum eða óáfrýjanlegum dómi af sömu ástæðum, enda megi fremur telja hann líklegan til að vera sýknan af henni en sekan.

Bæta skal fjártjón og miska, ef því er að skipta.

151. gr.

Dæma má bætur fyrir handtöku, leit á manni, rannsókn á heilsu manns og aðrar aðgerðir, sem hafa frelsisskerðing í för með sér, aðrar en gæzluvarðhald og refsivist, sbr. 152. og 153. gr., svo og fyrir leit í húsum og hald á munum:

1. Ef lögmælt skilyrði hefur brostið til slíkra aðgerða.
2. Ef ekki hefur verið, eins og á stóð, nægilegt tilefni til nefndra aðgerða eða þær hafa verið framkvæmdar á óþarflega hættulegan, særandi eða móðgandi hátt.

152. gr.

Bætur skal að jafnaði dæma fyrir gæzluvarðhald, sem óleyfilegt er samkvæmt 1.—3. tölul. 69. gr., án tillits til ákvæða 1. eða 2. tölul. 150. gr. Sama er um bætur til þeirra, er í 4. tölul. sömu greinar segir, enda hafi mátt sjá, að svo var ástatt um þá, sem þar greinir, eða þeir hafi vakið athygli viðkomenda á því.

Um bætur fyrir gæzluvarðhald annars fer eftir 150. gr.

Taka skal sérstaklega til greina, ef sannað er eða ætla má, að sökunautur hafi liðið tjón á heilsu sinni vegna frelsisskerðingar.

153. gr.

Nú verður það ljóst, að maður hefur saklaus hlotið refsidóm, þolað refsingu eða upptöku eigna, og ber þá að dæma honum bætur fyrir miska og fjártjón, þar á meðal fyrir stöðu- og atvinnumissi, enda þótt skilyrðum 1. tölul. 150. gr. sé ekki fullnægt, en lækka má þó bætur eftir sök aðilja á því, að hann var ranglega dæmdur.

154. gr.

Bótakröfu má hafa uppi sem hér segir:

1. Ef rannsókn hefur ekki leitt til ákæru, getur aðili krafizt úrskurðar rannsóknardómara um rétt sinn á hendur ríkissjóði til bóta. Kveður dómari þá upp úrskurð um kröfuna, að fengnu áliti dómsmálaráðherra. Úrskurði má áfrýja til æðra dóms.
2. Ef mál gengur til dóms, getur aðili krafizt úrlausnar héraðsdóms um bótakröfu á hendur ríkissjóði, enda ber þá sækjanda og verjanda að tjá sig um hana í flutningi máls þar. Ákvæðum dóms um bótakröfu má áfrýja til æðra dóms ásamt málinu eða sérstaklega, ef máli er ekki áfrýjað.
3. Nú eru þær leiðir ekki farnar, sem í 1. og 2. tölul. getur, og er aðilja þá rétt að höfða mál í héraði, þar sem sú aðgerð fór fram, er krafa er á reist, með venjulegum hætti, enda sé dómsmálaráðherra stefnt fyrir hönd ríkisvaldsins til að gæta réttar þess og lögreglumanni og héraðsdómara, ef krafa er gerð á hendur þeim. Fer þá mál eftir reglum um meðferð einkamála, enda skal veita aðilja gjafsókn fyrir báðum dómum. En dæma má hann til greiðslu sakarkostnaðar, ef hann tapar máli, eftir almennum reglum.

155. gr.

Ríkissjóður ábyrgist jafnan greiðslu bóta, en kröfu á hann á hendur dómara eða öðrum, ef telja má þá hafa með ásetningi eða stórkostlegu gáleysi valdið aðgerðum þeim, sem krafa var reist á, eða framkvæmt þær með sama hætti.

Nú er rannsókn á hendur manni, sem hlotið hefur bætur samkvæmt 150.—152. gr., tekin upp af nýju og það kemur í ljós, að grundvöllur sá, sem bótakröfu mátti reisa á, var ekki fyrir hendi, og ber þá að dæma hann til endurgreiðslu bótanna.

156. gr.

Um aðiljaskipti að bótakröfu samkvæmt þessum kafla fer samkvæmt 3. málsgr. 264. gr. almennra hegningarlaga.

157. gr.

Bótakrafa fyrnist á 6 mánuðum frá vitneskju aðilja um ákvörðun um niðurfall rannsóknar eða ákæru eða uppkvaðningu sýknudóms eða frá því, er aðili var laus látinn úr refsivist. Ef refsimál hefur farið til hæstaréttar, telst fyrningarfrestur frá uppkvaðningu dóms þar.

158. gr.

Sökunautur, er orðið hefur fyrir þeim aðgerðum, sem taldar eru í 151.—153. gr., getur í stað bóta krafizt vottorðs þess opinbers starfsmanns, sem máli hans hefur ráðið til lykta, um það, að komið hafi í ljós, að sökunautur hafi ekki verðskuldað aðgerðina. Ef viðkomandi opinber starfsmaður telur, að sökunautur eigi rétt á slíku vottorði, ber honum að láta það í té.

XIX. KAFLI
Um sektir.

159. gr.

Ef sækjandi eða verjandi, hvort sem hann er skipaður eða ekki, gerir sig sekan í vanrækslu eða skeytingarleysi í starfa sínum, getur dómari dæmt honum sekt á hendur frá 200—5000 krónur í dómi eða úrskurði, eftir því sem á stendur.

160. gr.

Sömu sektum, er ákveða má samkvæmt 159. gr., skal sá sæta, er viðhefur ósæmileg ummæli, skrifleg eða munnleg, fyrir dómi um dómara eða aðra eða kemur að öðru leyti hneykslanlega eða ósæmilega fram fyrir dómi.

161. gr.

Sá skal sæta sektum eða varðhaldi, sem brýtur bann dómara samkvæmt 3. málsgr. 16. gr. eða í ræðu eða riti gefur opinberlega vísvitandi eða gálauslega ranga eða villandi skýrslu í verulegum atriðum eða óþarflega særandi um opinbert mál eða rannsókn þess, meðan því máli er ekki að fullu lokið, eða tálmar eða reynir að tálma á ólögmætan hátt rannsókn slíks máls eða hafa að öðru leyti ólöglega áhrif á hana eða málsúrslit.

Ef sækjandi eða verjandi brýtur ákvæði 1. málsgr. og brot þeirra þykja eigi varða nema sektum, enda liggi full vitneskja fyrir um það, má svo með fara, sem í 159. gr. segir.

Mál út af þessum brotum fara annars sem opinber mál almennt.

162. gr.

Ef brot þau, er í 159., 160. og 161. gr. segir, varða þyngri refsingu að lögum en þar segir, skal sækja þá sök í almennu opinberu máli.

163. gr.

Sektir samkvæmt 159.—161. gr. renna í ríkissjóð.

Kæra má sérstaklega refsiákvæði samkvæmt 159., 160. og 161. gr., en ella fer um áfrýjun eftir 175. gr.

XX. KAFLI
Um dóma og úrskurði.

164. gr.

Úrskurði, er kveða þarf upp í sambandi við rannsókn eða flutning opinbers máls, skal kveða upp svo fljótt sem unnt er, eftir að atriði er tekið til úrskurðar. Úrskurðir skulu vera byggðir á forsendum og nægilega skýrir og glöggir.

165. gr.

Ákvæði 191. og 192. gr. laga um meðferð einkamála í héraði skulu og taka til opinberra mála.

166. gr.

Dómar í opinberum málum skulu vera glöggir og skýrir svo sem kostur er á. Ekki má skírskota til sannana eða atvika, er síðar kunna að koma fram.

Í dómi skal greina nafn, stöðu og heimili ákærða, svo að ekki verði um villzt, númer málsins, þing, stað og stund, er dómur er upp kveðinn, hvenær mál var tekið til dóms, nafn dómanda eða nöfn, ef fleiri eru en einn, málsatvik og málsástæður þær, er máli þykja skipta, hugleiðingar dómara um niðurstöðu, skilorð, ef skilorðsbundið er dæmt, réttarfarssektir, ef því er að skipta, um skaðabótakröfu, eignartöku, sakarkostnað og annað, er máli kann að skipta. Niðurstöðu dóms skal síðan saman draga í niðurlag hans, eins og tízka hefur verið, að því leyti sem honum á að fullnægja með aðför, og svo ef ákærði er alsýknaður.

Dómi eða úrskurði má fullnægja með aðför eftir efni sínu, enda þótt eigi sé sett í þá aðfararákvæði sérstaklega.

Ef sektir eru dæmdar eða úrskurðaðar, skal ákveða í dómi eða úrskurði vararefsingu lögum samkvæmt tiltekinn tíma, er ákærði skuli þola, ef sekt greiðist ekki innan ákveðins tíma frá birtingu eða uppsögu dóms eða úrskurðar, sbr. 3. málsgr. 167. gr.

Ákvæði um aðfararfrest skal annars ekki setja í dóma eða úrskurði í opinberum málum, hvorki um refsingu né annað.

167. gr.

Dómari tilkynnir ákærða eða verjanda hans, ef þess er kostur, hvar og hvenær dómur eða úrskurður, ef með þarf og það á við, verði kveðinn upp, og með þeim fyrirvara, er honum þykir hlýða.

Niðurlag dóms eða úrskurðar skal lesa upp á dómþingi í heyranda hljóði. Eftirrit af dómi eða úrskurði skal veita sækjanda og verjanda eða ákærða svo fljótt sem unnt er, ef þess er krafizt.

Ef ákærði er viðstaddur uppsögu dóms eða úrskurðar, þarf ekki að birta honum dóm eða úrskurð. Ella skal birting dóms fram fara með venjulegum hætti, og úrskurðar, er það á við.

Ef ákærði er við dómsuppsögu eða úrskurðar staddur, telst frestur samkvæmt 4. málsgr. 166. gr. frá uppsögudegi, en ella frá birtingardegi.

Dómari gerir nauðsynlegar ráðstafanir til birtingar dóma og úrskurða.

Geta skal þess í þingbók, hvort ákærði hafi verið viðstaddur uppsögu dóms eða úrskurðar. Í eftirriti af dómsathöfnum þessum skal þess og geta.

168. gr.

Dómur bindur ákærða, handhafa ríkisvalds og aðra aðilja um atriði þau, sem þar eru dæmd, svo sem refsingu, skaðabætur, réttindamissi, réttarfarssektir, eignatöku, sakarkostnað o. s. frv.

Ákvæði 2. málsgr. 195. gr. og 196. gr. laga nr. 85/1936 gilda og um opinber mál.

169. gr.

Refsiákvæðum, ákvæði um eignatöku, málskostnað eða skaðabætur í dómi í opinberu máli eða úrskurði má ekki fullnægja með aðför fyrr en afráðið er, að því verði ekki skotið til æðra dóms, en þá má því þegar fullnægja, nema sekt skuli greiða og greiðslufrestur hennar sé ekki liðinn.

XXI. KAFLI
Um kæru til æðra dóms.

170. gr.

Ekki verður skotið til æðra dóms:
1. Ákvörðun um, að meðdómendur skuli til kvaddir.
2. Ákvörðun um, að rannsókn eða meðferð máls skuli fara fram fyrir luktum dyrum.
3. Ákvörðun um brottvísun af dómþingi.
4. Synjun um skoðun skjala og kynningu annarra sakargagna.
5. Ákvörðun um, að verjanda skuli skipa.
6. Ákvörðun um fresti, sbr. þó 172. gr., 9. tölul.
7. Ákvörðun um skriflegan eða munnlegan málflutning.
8. Ákvörðun um að veita verjanda leyfi til viðtals við sökunaut.
9. Ákvörðun um, að rannsókn eða málsmeðferð skuli tekin upp af nýju.

171. gr.

Dómsmálaráðherra einn getur kært til æðra dóms eða leyft aðila að kæra:
1. Úrskurði dómara, að hann eða meðdómandi skuli eða skuli ekki fara með mál.
2. Synjun á kvaðningu meðdómenda.
3. Frávísunardóm og úrskurð dómara samkvæmt 74. gr.
4. Ákvæði um sakarkostnað, sbr. þó 172. gr., 11. tölul.

172. gr.

Aðili getur kært til æðra dóms:
1. Úrskurð um handtöku og rannsókn á sökunaut eða öðrum, leit, hald á munum, kyrrsetningu og rannsókn skjala og bréfa.
2. Ákvörðun um skyldu manna til aðstoðar og um að láta í té muni í þarfir opinbers máls.
3. Úrskurð um varðhald og aðra gæzlu á sökunaut og tryggingu.
4. Synjun um skipun verjanda og ákvörðun um það, hvern skuli skipa.
5. Ákvörðun um þóknun sækjanda og verjanda, ef hún er ekki ákveðin í dómi.
6. Úrskurð um vitnaskyldu, vitnaheimild, þóknun vitnis, viðurlög við brotum á vitnaskyldu og önnur atriði, sem vitni varða.
7. Úrskurð um sams konar efni um mats- og skoðunarmenn.
8. Úrskurð um líkrannsókn.
9. Úrskurð, þar sem synjað er um rannsókn um einstök atriði eða endurupptöku málflutnings.
10. Ákvörðun um önnur efni, er varða rannsókn máls eða meðferð fyrir dómtöku þess og líkt er farið.
11. Ákvæði um greiðslu sakarkostnaðar á hendur ákærða, sem að öðru leyti hefur verið sýkn dæmdur að nokkru eða öllu.

173. gr.

Kæra samkvæmt 172. gr., 1.—4. tölul., frestar ekki framkvæmdum í máli. Kæra samkvæmt 6. og 7. tölul. frestar ekki aðgerðum, ef hún varðar þóknun vitna eða mats- og skoðunarmanna.

Þegar öðruvísi stendur á, frestar kæra samkvæmt 172. gr. þeim framkvæmdum í rannsókn opinbers máls og meðferð, sem fara mundu í bága við niðurstöðu æðra dóms, ef hún yrði andstæð hinni kærðu dómsathöfn, nema slík framkvæmd verði talin brýnt nauðsynleg til þess að rannsókn málsins komi að fullu gagni, enda verður ákvörðun dómara um það efni eigi haggað. Þetta gildir þó ekki um vitnaheimild eða vitnaskyldu né um samsvarandi skyldu matsmanna eða skoðunarmanna.

174. gr.

Þar sem kæra frestar framkvæmdum, skal dómari, eftir því sem unnt er, ganga þegar úr skugga um það, hvort kært verði.

Kærandi skal lýsa kæru sinni innan sólarhrings frá því, er honum var birt ákvörðun sú, er hann vill kæra, bréflega til dómara eða með bókun í þingbók, og gera kröfur sínar ásamt þeim athugasemdum, er honum þykir hlýða, enda mega ný gögn og ný málsatvik koma fyrir æðra dóm. Jafnskjótt sem kæru hefur verið lýst, skal dómari gera eftirrit af því, er kærumálið varðar. Sendir hann þegar æðra dómi fimm eintök þar af með athugasemdum sínum, ef hann vill, en sökunaut eða verjanda hans eitt eintak, svo og þeim öðrum, er kæran varðar (sækjanda, vitni o. s. frv.). Innan 3 sólarhringa eftir móttöku skjalanna getur æðri dómur lagt dóm á kærumálið, enda getur hver aðilja sent honum athugasemdir sínar á þeim fresti.

Athugasemdir, er síðar koma, skal þó taka til greina, ef þær koma, áður en dómur er upp kveðinn.

Ef kæra frestar framkvæmdum rannsóknar eða málsmeðferðar, skal æðri dómur hafa lokið dómsorði á kærumál innan 10 daga frá móttöku skjalanna, nema mál sé sérstaklega margbrotið eða dómurinn telji óhjákvæmilegt, að nýrra gagna sé aflað. Að þeim fengnum fer um dómsuppsögu sem áður segir.

Aldrei má dómsuppsaga dragast lengur en 2 vikur, eftir að skjöl öll, þar á meðal ný sakargögn, hafa til æðra dóms komið, hvort sem kæra frestar framkvæmdum eða ekki.

Sekta skal kæranda um 200—5000 krónur til ríkissjóðs fyrir tilefnislausa kæru.

XXII. KAFLI
Um áfrýjun.

175. gr.

Skylt er dómsmálaráðherra að áfrýja dómi án kröfu ákærða:

1. Ef ákærða er dæmd 5 ára refsivist eða meira.
2. Ef sérstakar ástæður eru til, svo sem ef telja má mann ranglega sýknaðan eða sakfelldan, refsingu að mun of háa eða of lága, réttindi eða eign ranglega dæmda af manni, mann ranglega mæltan undan þessum viðurlögum, eða ranglega hallað á hann í forsendum dóms, þótt hann sé sýknaður, ef það hefur almenna þýðingu að fá úrlausn æðra dóms eða töluverð vafaatriði þykja annars vera í máli, hvort sem þau varða lög eða staðreyndir.

Skylt er dómsmálaráðherra að áfrýja eftir kröfu ákærða:

1. Ef dæmd refsing nemur yfir 3000 króna sekt fyrir fyrsta sinni framið brot eða 5000 króna sekt fyrir ítrekað brot.
2. Ef ákærði er sviptur réttindum eða réttindamissi leiðir af sakfellingu hans.
3. Ef ákærða er mælt upptaka eignar, er nemur yfir 3000 krónum fyrir fyrsta sinni framið brot eða 5000 krónum fyrir ítrekað brot. Jafnan er þó þriðja manni, sem með dómi skal sæta upptöku eignar, rétt að áfrýja að hætti einkamála, ef dómsmálaráðherra vill láta við dóminn sitja.
4. Ef ákærða er dæmd refsivist fyrir fyrsta sinni framið brot eða þriggja mánaða refsivist fyrir ítrekað brot.

Lögráðamaður kemur í stað ákærða um ákvarðanir um áfrýjun, sbr. 177. gr., ef ákærði er yngri en 18 ára eða sviptur sjálfræði.

Að ákærða önduðum, koma maki hans, foreldri, barn, kjörbarn og systkin í stað hans um áfrýjun. Rétt er dómsmálaráðherra að áfrýja ákærða til hagsbóta eftir andlát hans.

176. gr.

Nú er máli áfrýjað að kröfu ákærða, og verður þá refsing eða önnur viðurlög á hendur honum ekki þyngd, nema ákæruvaldið áfrýi málinu í þessu skyni af sinni hálfu.

177. gr.

Nú hefur ákærða verið dæmt áfall og svo er ekki farið sem í 1. tölul. fyrri málsgreinar 175. gr. segir, og skal héraðsdómari þá spyrja ákærða, ef hann er við dómsuppsögu staddur, hvort hann æski áfrýjunar, en ella skulu stefnuvottar gera það eftir fyrirlagi dómara, þegar þeir birta sakfellda dóminn.

Nú er dómsmálaráðherra skylt að áfrýja eftir kröfu ákærða, og skal ákærði þá hafa að forfallalausu tilkynnt dómara kröfu sína um áfrýjun innan 2 vikna frá áðurnefndum tíma. Annars kostar má svo meta sem hann uni við dóminn.

Héraðsdómari skal jafnan afgreiða dómsgerðir til dómsmálaráðherra svo fljótt sem unnt er.

178. gr.

Ákvörðun um áfrýjun samkvæmt 175., sbr. 179. gr., frestar fullnustu ákvæða um refsingu, eignartöku, sakarkostnað, svo og skaðabætur, enda hafi ákærði ekki berum orðum samþykkt skaðabótakröfu að öllu leyti. Ákvörðun um áfrýjun frestar og ákvæðum dóms um réttindamissi, nema þau verði talin sett til verndar lífi, heilsu eða eignum einstakra manna eða almennings, eða óviðurkvæmilegt megi telja, að dómfelldi haldi réttindum þrátt fyrir áfrýjun. Dómari getur þess í dómi, ef ákvörðun um áfrýjun frestar ekki ákvæðum dóms að þessu leyti.

179. gr.

Þegar dómsmálaráðherra hefur fengið dómsgerðir, rannsakar hann, hvort skylt sé eða rétt að áfrýja máli af hálfu ákæruvalds eða eftir ósk ákærða. Ef fleiri en einn eru fyrir sökum hafðir, tekur hann ákvörðun um áfrýjun að því er varðar mál hvers þeirra.

Dómsmálaráðherra skal hafa tekið ákvörðun um áfrýjun eigi síðar en 3 mánuðum eftir að dómsgerðir hafa komið honum í hendur.

Nú er áfrýjun ráðin, og ritar dómsmálaráðherra þá fyrirkall á dómsgerðir til ákærða eða ákærðu og annarra aðilja þess efnis, að málinu sé stefnt til hæstaréttar, að það verði þar þingfest, svo fljótt sem kostur er, og aðili eða aðiljar megi ekki vænta annars fyrirkalls. Síðan sendir dómsmálaráðherra dómara dómsgerðir til birtingar á fyrirkalli fyrir aðiljum. Að lokinni birtingu endursendir dómari dómsgerðir til dómsmálaráðherra, er svo afgreiðir þær til hæstaréttar. Skipar þá forseti dómsins sækjanda og verjanda eða verjendur með áritun á dómsgerðir og sendir þær síðan sækjanda.

180. gr.

Sækjandi undirbýr ágrip dómsgerða með þeim hætti, sem tíðkazt hefur, og lætur síðan, er hann hefur veitt verjanda kost á athugun frumvarps síns, fjölrita ágrip. Þá er ágrip hefur borizt hæstarétti, ákveður forseti þingfestingardag máls og tilkynnir sækjanda og verjanda það með hæfilegum fyrirvara.

181. gr.

Þegar er sækjandi og verjandi hafa fengið málsskjöl í hendur, sbr. 179. gr., ber þeim um leið og þeir undirbúa ágrip dómsgerða að gera skrá um þau atriði, er þeir telja miður rannsökuð en skyldi. Skulu þeir senda hæstarétti skrá þessa, um leið og honum berst ágripið. Hæstiréttur kveður síðan á um það, hvort leita skuli frekari gagna, og hvort dómurinn geri það sjálfur, sbr. 182. gr., eða hvort sækjandi og verjandi skuli gera gangskör að því með frekari prófun máls í héraði. Eftir að þeir hafa aflað þeirra gagna, sem dómur hefur boðið þeim, gera þeir viðbótarágrip, og senda síðan hæstarétti framhaldsrannsókn og viðbótarágrip. Ákveður dómur svo þingfestingu, sem áður segir.

182. gr.

Nú ákveður hæstiréttur framhaldsrannsókn máls þar fyrir dómi, og kveður hann þá fyrir sig sækjanda og verjanda og þá, er prófa skal, enda fer um skyldu manns til þess að gefa skýrslu þar og veita fræðslu um hvert atriði, er dómur telur

máli skipta, um prófun þeirra og um viðurlög með sama hætti, sem segir í lögum þessum um rannsókn og meðferð fyrir héraðsdómi.

183. gr.

Um öll þau atriði, er varða galla á málatilbúnaði í héraði eða hæstarétti eða málsmeðferð í héraði eða undirbúning málsmeðferðar eða hana sjálfa í hæstarétti, getur hæstiréttur kveðið upp úrskurð eða dóm, áður en málflutningur þar hefst, eða á hverju stigi hans sem vera skal, svo sem um frávísun sakar frá dómi, hvort ómerkja skuli héraðsdóm, um fresti, um ágrip dómsgerða, um öflun frekari gagna o. s. frv.

184. gr.

Nú verður það bert í flutningi máls eða við athugun dómenda síðar, að leita þurfi frekari gagna en þegar hefur verið gert, og ætla má, að framhaldsrannsókn kunni að bera árangur, og getur hæstiréttur þá kveðið upp úrskurð, þar sem héraðsdómari, sækjandi og verjandi eru skyldaðir til að afla fræðslu um þau atriði, sem til eru tekin í úrskurði, og um það annað, sem framhaldsprófun veitir efni til.

185. gr.

Hæstiréttur vísar máli frá dómi vegna galla á málatilbúnaði, svo sem ef ákæra hefur ekki verið birt aðiljum eða fyrirkall til hæstaréttar. Ómerkt getur hæstiréttur héraðsdóm, ef verulegir gallar þykja á meðferð hans annars í rannsókn eða málsmeðferð, enda þyki eigi hentara að bæta úr því með þeim hætti, sem í 181. og 182. gr. segir.

186. gr.

Í dómi opinbers máls getur hæstiréttur dæmt héraðsdómara sekt á hendur, 200—2000 krónur til ríkissjóðs, fyrir drátt á opinberum málum og önnur glöp í rannsókn þeirra og meðferð, enda þótt dómara hafi ekki verið stefnt í því skyni, ef sök hans virðist ljós. Einnig er ákærða rétt að krefjast þess, að dómara verði stefnt til ábyrgðar fyrir rannsókn opinbers máls og meðferð, og ber þá dómsmálaráðherra að setja í fyrirkallið kröfu hans í því efni. Svo getur dómsmálaráðherra af sjálfsdáðum gert slíka kröfu í fyrirkalli.

Sækjanda ber að gæta hagsmuna ríkisvaldsins gagnvart dómara, ef hann er krafinn ábyrgðar, en verjanda hagsmuna ákærða að því leyti. Nú kemur héraðsdómari fyrir hæstarétt vegna ábyrgðarkröfu og er sýkn dæmdur, og getur dómurinn þá dæmt ákærða, ef hann hefur gert kröfuna, eða ríkissjóð, ef dómsmálaráðherra hefur gert hana, til þess að greiða dómara málskostnað.

187. gr.

Nú þykir sækjandi eða verjandi hafa gerzt sekur um vanrækslu eða önnur glöp í undirbúningi eða flutningi opinbers máls fyrir hæstarétti, og getur dómurinn þá gert þeim, öðrum eða báðum, 200—2000 króna sekt á hendur til ríkissjóðs.

188. gr.

Nú þykir hæstarétti að vísu vera gallar á verki héraðsdómara, sækjanda, verjanda eða annarra, en ekki slíkir sem sektum eigi að varða, og getur dómurinn þá talið gallana og vítt viðkomendur fyrir þá, eftir því sem honum þykir ástæða til.

189. gr.

Dómar hæstaréttar skulu afgreiddir til dómsmálaráðuneytis með þeim hætti, sem nú tíðkast.

XXIII. KAFLI
Um endurupptöku dæmdra opinberra mála.

190. gr.

Nú hefur óáfrýjaður héraðsdómur eða hæstaréttardómur gengið í opinberu máli, og verður það mál þá ekki síðan tekið upp af nýju, nema til þess séu þau skilyrði, er í þessum kafla segir.

191. gr.

Eftir kröfu dómsmálaráðherra skal taka mál, þar sem ákærði hefur verið sýknaður eða dæmdur fyrir miklu minna brot en það, er hann var borinn, upp af nýju:

1. Ef ákærði hefur, síðan dómur gekk, játað sig hafa framið brot það, sem hann var borinn, eða önnur gögn hafa komið fram, er ótvírætt benda til sektar hans.
2. Ef ákærði eða aðrir hafa haft í frammi refsiverða hegðun í því skyni að fá þau málalok, sem orðin eru, svo sem ef falsvitna er aflað, fölsuð skjöl eru látin fram koma, vitni, mats- eða skoðunarmenn gefa vísvitandi rangar skýrslur, enda megi ætla, að slík skjöl eða hegðun hafi orkað málalokum að öllu eða nokkru leyti.

192. gr.

Eftir kröfu dómfellds manns, sem telur sig sýknan sakfelldan eða sakfelldan fyrir að mun meira brot en það, er hann hefur framið, skal taka mál upp af nýju:

1. Ef fram eru komin ný gögn, sem ljóst eða líklegt gera, að dómfelldi hefði verið sýkn dæmdur eða dæmdur fyrir að mun minna brot, ef þau gögn hefðu komið fyrir dómendur, áður en dómur gekk.
2. Ef ætla má, að falsgögn eða athæfi, sem í 2. tölul. 191. greinar getur, hafi valdið refsidómi að einhverju leyti eða öllu.

Ef nokkur þeirra aðilja, er að lögum eiga að vinna að rannsókn eða meðferð opinberra mála, fá vitneskju eða rökstuddan grun um nokkur þeirra atriða, er í 1. og 2. tölul. segir, þá ber þeim að veita dómfellda vitneskju um það.

Ákvæði 3. og 4. málsgr. 175. gr. taka og til endurupptöku eftir þessari grein.

193. gr.

Hæstiréttur tekur ákvörðun um endurupptöku máls, og skal beiðni um hana stíluð til hæstaréttar og send dómsmálaráðherra. Greina skal í beiðni þau atriði, er vefengd eru í dómi, og þær ástæður, sem til vefengingar eru taldar liggja, sbr. 191. og 192. gr. Skjöl, er beiðni kunna að vera til styrktar, skulu fylgja henni, eftir því sem unnt er.

Nú er beiðandi sviptur frelsi, og skal yfirmaður fangelsis þá taka við og bóka beiðni um endurupptöku eftir ósk aðilja og koma henni á framfæri, enda er dómara skylt að skipa honum þegar réttargæzlumann, ef þess er óskað. Ef gallar þykja vera á beiðni, skal aðilja jafnan veittur kostur á að lagfæra þá, áður en ráðið er, hvort hún skuli tekin til greina eða ekki.

194. gr.

Dómsmálaráðherra sendir beiðnina til hæstaréttar ásamt skjölum málsins og *tillögum sínum, svo og umsögn héraðsdómara, ef um héraðsdóm er að tefla.*

Hæstiréttur lætur héraðsdómara framkvæma nauðsynlega rannsókn, áður en hann tekur ákvörðun um endurupptöku.

Nú leiðir rannsókn í ljós, að beiðni um endurupptöku hafi gengið of skammt, og skal þá veita beiðanda kost á að lagfæra beiðni sína í samræmi þar við.

195. gr.

Nú ákveður hæstiréttur endurupptöku máls, sem dæmt var lokadómi í héraði, og gerir dómsmálaráðherra þá ráðstafanir til áfrýjunar málsins, og fer um meðferð þess fyrir hæstarétti samkvæmt ákvæðum laga þessara.

196. gr.

Nú ákveður hæstiréttur endurupptöku hæstaréttarmáls, og fer þá um rannsókn samkvæmt 181. eða 182. gr.

Um undirbúning málsmeðferðar og flutning fyrir hæstarétti fer samkvæmt ákvæðum laga þessara.

Nú telur hæstiréttur ekki rök hníga til breytingar á dómi, og vísar hann endurupptökumáli þá frá sér. Annars kostar dæmir hæstiréttur málið að efni til.

197. gr.

Nú er mál endurupptekið samkvæmt beiðni dómfellds manns, og má þá hlutur hans aldrei verða lakari en hann var eftir hinum upphaflega dómi.

198. gr.

Nú er mál endurupptekið samkvæmt kröfu dómsmálaráðherra, og fer þá um málskostnað eftir ákvæðum 141. gr.

Kostnaður af endurupptöku máls samkvæmt beiðni dómfellda greiðist úr ríkissjóði, nema aðili hafi aflað úrskurðar til hennar með skýrslum, er hann vissi ósannar vera. Skal þá dæma greiðslu sakarkostnaðar á hendur honum.

199. gr.

Ákvörðun um endurupptöku máls frestar ekki framkvæmd dóms, nema hæstiréttur mæli svo.

Heimil er endurupptaka máls, þótt aðili hafi að fullu þolað refsingu samkvæmt dómi í því máli.

XXIV. KAFLI

Niðurlagsákvæði.

200. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda 1. júlí 1951.

Lögmæti aðgerða þeirra, sem fram hafa farið fyrir gildistöku laga þessara, skal meta eftir eldri lögum.

Aðgerðir, sem fram fara eftir gildistöku laga þessara, skulu fara eftir þeim.

201. gr.

Nú hefur stefna til héraðsdóms eða tilkynning, sem í stað stefnu kemur, verið birt ákærða eða einhverjum þeirra eða öllum, ef fleiri eru, og skal þá málsmeðferð fara eftir eldri lögum, nema dómsmálaráðherra þyki 130. gr. laga þessara taka til sakarefnis og ástæða vera til málsmeðferðar eftir 131.—136. gr. sömu laga. Rétt er og að hafa meðferð á máli slíka sem í 5. gr. laga þessara segir, þótt máli sé svo komið sem áður var sagt, enda sé þá aðiljum veittur kostur varnar eftir þörfum.

202. gr.

Frá þeim degi, er lög þessi koma til framkvæmda, eru eftirfarandi lagafyrirmæli úr gildi numin:

Dönsku Lög Kristjáns fimmta, sbr. 1. gr. tilsk. 24. jan. 1838:

1—2—4, 13, 16, 19, 24 til 26.

1—5—12 og 13.

1—6—18.

1—8—1 til 3.

1—10—1.

1—12—1 til 3.

1—13—1 til 8, 12 til 20.

1—15.

1—17.
1—19.
1—20.
6—17—10.

Tilsk. 21. maí 1751, um óbótamála meðhöndlun í Danmörku og Noregi.

Konungsbr. 16. febr. 1787, um varnarþing í sakamálum.

Kgbr. 23. okt. 1795, um þvingun við menn, sem eru undir rannsókn og vilja eigi svara spurningum, sem fyrir þá eru lagðar.

Tilsk. 3. júní 1796, um tilhlýðilega og greiða dómgæzlu, IX. kap.

Opið bréf um vottorð úr kirkjubókum í sakamálum, 5. maí 1797.

Tilsk. 8. marz 1799, að því leyti sem hún varðar almenn lögreglumál.

Tilsk. 31. maí 1799, um eignareið í þjófnaðarmálum.

Opið bréf 28. marz 1800, um reglur fyrir eignareiði í þjófnaðarmálum.

Kancellíbréf 3. maí 1800, um að beita megi valdi til að láta menn mæta við próf í sakamálum.

Tilsk. 11. júlí 1800, með hverri á Íslandi stiftast landsyfirréttur, 19. gr.

Tilsk. 31. maí 1805, um áfrýjun sakamála til lands- og stiftsyfirréttanna í Danmörku og Noregi og á Íslandi.

Tilsk. 24. okt. 1806, um málflutningslaun við undirdóma, að því er opinber mál varðar.

Opið bréf (frá kancellíinu) um, að lagaákvæðin um fatalia appellationis (frest til áfrýjunar) nái ekki til sakamála, 25. jan. 1816.

Tilsk. 27. nóv. 1816, um skipti eftir andlegrar stéttar menn o. fl., 4.—6. gr.

Opið bréf 23. júlí 1819, er ákveður nánar forgangsrétt þann, er sumar kröfur eiga.

Kancellíbréf um háyfirvaldamyndugleika til að ákvarða kostnað í opinberum málum, 30. júlí 1819.

Tilsk. 13. okt. 1819, um breyting á réttarfarinu í opinberum málum.

Kancellíbréf um prófastsdóma, 31. maí 1823.

Kancellíbréf 27. maí 1828, um innheimtu skaðabóta og málskostnaðar hjá dæmdum mönnum.

Tilsk. 24. jan. 1838, viðvíkjandi misgjörningamálum á Íslandi, sbr. tilsk. nr. 12 23. ág. 1904, I. 11.

Tilsk. 8. sept. 1841, innihaldandi nánari reglur um bevísning í misgjörningsmálum.

Lög nr. 20 2. okt. 1891, um ákvarðanir, er snerta nokkur almenn lögreglumál.

Lög nr. 28 26. okt. 1893, um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju o. fl.

Lög nr. 62 14. nóv. 1917, um stefnufrest til íslenzkra dómstóla, 12. og 13. gr.

Lög nr. 112 18. maí 1935, um hæstarétt, 22., 23. og 30. gr., að því leyti sem hún tekur til opinberra mála.

Svo eru öll önnur fyrirmæli í lögum, er fara í bága við lög þessi, úr gildi numin.

Sérstök meðferð almennra lögreglumála er úr lögum numin.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp til laga um meðferð opinberra mála var lagt fyrir Alþingi 1948 og 1949. Nú hefur því frumvarpi verið skipt, til þess að unnt sé að samþykkja réttarbætur þessa frumvarps, án þess að um leið þurfi að taka afstöðu til stofnunar nýrra embætta. — Hitt frumvarpið má svo samþykkja þegar henta þykir. — Í þessu frumvarpi eru felld niður ákvæði fyrra frumvarpsins um nokkra breytingu á skipun sakadómaraembættis í Reykjavík, ákvæðin um saksóknara ríkisins og rannsóknarstjóra í Reykjavík. Að öðru leyti eru ákvæði hins eldra frumvarps látin haldast, nema að því leyti sem niðurfall téðra ákvæða leiðir auðvitað af sér margar breytingar, þar sem störf saksóknara samkvæmt frumvarpinu hljóta yfirleitt að koma í hlut dómsmálaráðherra og sækjanda í opinberum málum fyrir hæstarétti, en skipun

sækjanda í héraði kemur í hlut héraðsdómara. Störf rannsóknarstjóra falla að mestu í skaut sakadómara í Reykjavík.

Það eru nýmæli í þessu frumvarpi frá því eldra, 1) að dómari geti almennt látið löggiltan fulltrúa sinn vinna öll dómarastörf í opinberum málum (15. gr.), 2) að héraðsdómslögmenn þurfi sérstaka löggildingu til þess að vera sækjendur opinberra mála í héraði (79. gr., 1. mgr.). Sækjandi verður einungis skipaður í meiri háttar málum (130. gr.), og starfið er vandasamt, og getur því miklu varðað, að það sé vel af hendi leyst. 3) Loks er það nýmæli, að lögreglumönnum er falið sektavald fyrir brot á bifreiðalögum, umferðarlögum og lögreglusamþykktum. Er það gert til að spara tíma og kostnað.

Að öðru leyti vísast til athugasemda við eldra frumvarpið.

Nd. 19. Frumvarp til laga [19. mál]

um saksóknara ríkisins og rannsóknarstjóra.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Forseti skipar opinberan ákæranda, er nefnist saksóknari ríkisins. Hann skal fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í lögum til þess að fá skipun í dómaraembætti í hæstarétti og hafa sömu laun og lögkjör að öðru leyti sem hæstaréttardómarar, eftir því sem við verður komið.

Dómsmálaráðherra skipar saksóknara fulltrúa með lögfræðisprófi.

2. gr.

Saksóknari fer með ákæruvaldið og tekur við þeim störfum, sem dómsmálaráðherra og sækjanda fyrir hæstarétti eru falin í lögum um meðferð opinberra mála. Haldast skulu ákvæði laga um ákæruvald héraðsdómara og um ákæruvald dómsmálaráðherra, þar sem svo er sérstaklega mælt í lögum, svo og ákvæði laga um meðferð opinberra mála, er fela dómsmálaráðherra að kveða á um dómaskipun, tíma dómþinga, tilhögun á skráningu í þingbók, reglur um kennslu, próf og hæfi lögreglumanna og útgáfu erindisbréfs þeim til handa.

3. gr.

Saksóknari skal hafa vakandi auga á brotum, sem framin verða. Hann gefur lögreglumönnum fyrirmæli og leiðbeiningar um rannsóknir almennt eða í einstökum atriðum og getur verið við þær sjálfur.

4. gr.

Saksóknari gerir bæði að hvötum héraðsdómara og af sjálfsdáðum tillögur til dómsmálaráðherra um niðurfellingu saksóknar.

5. gr.

Nú er saksóknari svo riðinn við mál aðilja, að hann mætti eigi gegna dómarastörfum í því, og skipar dómsmálaráðherra þá annan löghæfan mann til meðferðar þess máls.

6. gr.

Dómsmálaráðherra hefur eftirlit með framkvæmd ákæruvaldsins og er rétt að krefja saksóknara skýrslna um einstök mál.

7. gr.

Forseti skipar rannsóknarstjóra. Skal hann hafa leyst af hendi lögfræðispróf og aflað sér samkvæmt vottorðum hæfrar stofnunar rækilegrar sérmenntunar í þeim efnum, er eftirgrennslan brota varða. Hann skal lúta saksóknara, hafa skrifstofu í Reykjavík, stýra rannsóknum þar og fara með stjórn þeirra lögreglumanna, sem ætlað er að rannsaka brot, að því er þau störf varðar. Þá skal hann og stjórna rannsóknum hvarvetna annars staðar á landinu, þegar saksóknari telur þess þörf, enda getur hann sent fulltrúa sinn eða rannsóknarlögreglumenn héraðsdómurum til aðstoðar bæði utan réttar og fyrir dómi.

Rannsóknarstjóri nýtur sömu launakjara sem lögreglustjórinn í Reykjavík.

Skipa má rannsóknarstjóra fulltrúa með lögfræðisprófi.

8. gr.

Þau mál, sem sæta sókn og vörn fyrir héraðsdómi eftir málshöfðun, sækir rannsóknarstjóri, er mál skal dæma í umdæmi hans, og annars staðar eftir ákvörðun saksóknara eða fulltrúi rannsóknarstjóra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Í athugasemdum við frumvarp það um meðferð opinberra mála, sem lagt var fram á Alþingi 1948 og 1949, eru raktar rækilega ástæður fyrir því, að rétt sé að setja lög um skipun opinbers saksóknara hér á landi svo og um skipun rannsóknarstjóra. Vísast til þeirra athugasemda frumvarpi þessu til stuðnings, en efni þessa frumvarps hefur verið skilið frá aðalfrumvarpinu, svo að unnt sé að samþykkja réttarbætur þess frumvarps, án þess að um leið þurfi að taka afstöðu til stofnunar hinna nýju embætta samkvæmt þessu frumvarpi. Rétt þykir að taka hér fram, að saksóknara er ætlað að sækja opinber mál fyrir hæstarétti án sérstaks endurgjalds og rannsóknarstjóra að sækja þau mál fyrir héraðsdómi í Reykjavík og víðar. Sparast við það þau laun, er annars þyrfti að greiða sækjendum þeirra mála.

Ed. 20. Frumvarp til laga [20. mál]

um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

3. gr. laganna orðist þannig:

Brot gegn 1. gr. varða sektum, 1000—2000 kr., ef um er að ræða skip allt að 115 rúmlestum að stærð, en 10 000—20 000 kr., ef skipið er yfir 115 rúmlestir. Skulu þá og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs, upptæk.

Brot gegn 2. gr. varða sektum 200—1000 kr., ef um er að ræða skip allt að 115 rúmlestir að stærð, en 2000—10 000 kr., ef skipið er yfir 115 rúmlestir. Um upptekt afla og veiðarfæra fer sem um brot gegn 1. gr., er um ítrekað brot er að ræða.

Nú er það ljóst af öllum atvikum, að skipið hefur hvorki verið að veiðum í landhelgi, né undirbúningur gerður í því skyni, og má þá lúka málinu með áminningu, þegar um fyrsta brot er að ræða, en ef um ítrekað brot er að ræða, með sektum, 200—1600 kr.

Allar sektir samkvæmt grein þessari eru miðaðar við gullkrónur, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924.

Leggja má löghald á skipið og selja það, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar sektum samkv. þessari grein og kostnaði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lægstu sektir fyrir ólöglegar botnvörpuveiðar í landhelgi eru samkvæmt núgildandi lögum 10 000 gullkrónur, en það jafngildir 73 895 ísl. krónum samkvæmt núverandi gengi. Eru sektir þessar miðaðar við landhelgisbrot togara, sem eru mörg hundruð rúmlestir að stærð, og því það háar, að ókleift er fyrir öll smærri skip að greiða þær. Nú í seinni tíð hefur sú breyting orðið á fiskveiðum hér við land, að æ fleiri og smærri togbátar eru farnir að stunda botnvörpuveiðar, og eru flestir þeirra undir 100 rúmlestum að stærð.

Lægstu sektir fyrir ólöglegar dragnótaveiðar í landhelgi eru 2500 gullkrónur = 18 473.75 ísl. kr., sbr. 3. gr. laga nr. 45/1937.

Hefur með öllu reynst óframkvæmanlegt að innheimta hinar háu sektir hjá þessum bátum, og hefur því skapazt föst venja um að lækka þær verulega með náðun. Sá háttur dugar þó ekki til frambúðar, og þykir rétt, að löggjafinn taki afstöðu til málsins. Ef frumvarp þetta nær ekki fram að ganga, mun það því skoðað sem yfirlýsing Alþingis um, að hætta eigi þeim sið, sem upptekinn hefur verið um náðanir af þessum brotum.

Ed. 21. Frumvarp til laga [21. mál]

um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Upphaf 7. tölul. 32. gr. laganna skal orða svo:

Hafi enn fremur 3 ár samtals verið alþingismaður, skrifstofustjóri Alþingis eða fulltrúi í skrifstofu þess, skrifstofustjóri eða fulltrúi í stjórnarráðinu, fulltrúi héraðsdómara, þar á meðal borgardómara, borgarfógeta og sakadómara í Reykjavík, eða fulltrúi lögreglustjórans þar, lögreglustjóri eða bæjarstjóri, ritari forseta Íslands o. s. frv.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi fallin lög nr. 67 28. des. 1944.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Rétt þykir að láta starfstíma ritara forseta Íslands veita sama rétt til embættisgengis og önnur störf, sem talin eru upp í 7. tölul. 32. gr. laga um meðferð einkamála í héraði.

Þegar lögin voru sett árið 1936, var starf þetta ekki til, en þegar 7. tölul. 32. gr. laganna var síðast breytt, í árslok 1944, hafði ríkisstjóraritari og forsetaritari starfað í 3½ ár, en þá var það aukastarf fulltrúa í stjórnarráðinu, sem öðlaðist embættis-

gengi sem stjórnarráðsfulltrúi, og var því ekki tilefni til að taka starf þetta sérstaklega inn í 7. tölul. 32. gr. laganna.

Nú er starf þetta aðalstarf, og þykir því eðlilegt, að það veiti sömu réttindi og önnur sambærileg störf.

Nd. 22. Frumvarp til laga [22. mál]

um breyting á lögum nr. 50 5. apríl 1948, um bráðabirgðabreyting nokkurra laga o. fl.

Flm.: Magnús Kjartansson, Einar Olgeirsson, Sigurður Guðnason.

1. gr.

Fyrsti liður 1. greinar laganna falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að þriðji kafli laga um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og sveitum taki fullt gildi á ný, en í honum fólst sem kunnugt er áætlun um víðtækar íbúðarhúsabyggingar handa almenningi, þannig að útrýmt yrði á stuttum tíma híbýlum, sem heilsutjón stafar af að mati lækna. Þessi löggjöf var við hlið tryggingalaganna og nýju fræðslulöggjafarinnar merkasta félagsmálalöggjöf, sem sett hefur verið hér á landi. Af framkvæmdum varð hins vegar minna en vonir stóðu til. Samkvæmt þessum lögum voru byggðar 64 íbúðir í Reykjavík og fáeinar íbúðir á Ísafirði, en síðan var lagakaflinn raunverulega felldur úr gildi vorið 1948 af fylgismönnum ríkisstjórnar þeirrar, sem Alþýðuflokkurinn veitti þá forustu.

Ástæðan til þeirrar ráðstöfunar var þó ekki sú, að fyrstu stjórn Alþýðuflokksins hefði tekizt að vinna bug á húsnæðiseymdinni, heldur hefur hún farið sívaxandi ár eftir ár. Árið 1946 var framkvæmd rannsókn á húsnæði í Reykjavík, og komst héraðslæknir þá að þeirri niðurstöðu, að af 326 braggaíbúðum væru 200 heilsuspillandi og af 1884 kjallaraíbúðum væru 452 heilsuspillandi (en kjallaraíbúðir eru sem kunnugt er bannaðar með lögum!). Í þessum 652 íbúðum bjuggu þá um 3300 manns, en rannsókn var engan veginn tæmandi, náði t. d. ekki til skúra, súðaríbúða og þvílíkra húsakynna, sem orðið hafa æ algengari. Hliðstæðar tölur eru ekki til frá síðari árum, en ástandið hefur tvímælalaust versnað að miklum mun. T. d. skýrði húsaleigunefndin í Reykjavík frá því s. l. vetur, að hún hefði vitneskju um, að 1677 manns, þar af 419 börn, byggju í bröggum og öðru bráðabirgðahúsnæði, en það er 377 manns fleira en bjó í bröggum 1946.

Á sama hátt og ríkisstjórn sú, sem Alþýðuflokkurinn veitti forstöðu, felldi niður hina myndarlegu og merkilegu áætlun nýsköpunarstjórnarinnar um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis gerði hún sérstakar ráðstafanir til að torvelda einstaklingum að koma sér upp íbúðum af eigin rammleik. Fékk fjárhagsráð einokunarvald til að koma í veg fyrir byggingarframkvæmdir í landinu, og það vald hefur verið notað í sívaxandi mæli. Þá hefur byggingarkostnaður aukizt úr hófi fram sökum sívaxandi dýrtíðar, sem fyrst og fremst stafar af aðgerðum innlendra stjórnarvalda, og fjáröflunarmöguleikar hafa verið stórlega skertir. T. d. skýrði Landsbankinn frá því í bréfi til bæjarstjórnar Reykjavíkur um síðustu áramót, að hann hefði ekkert fé lánað til íbúðarhúsabygginga næstu tvö ár á undan, og ekki mun hafa orðið stefnubreyting í þeirri stofnun síðan.

Afleiðingar þessarar stefnu koma glöggt í ljós, þegar athugað er, hversu margar íbúðir hafa verið fullgerðar á ári undanfarið. Þær tölur eru á þessa leið samkvæmt skýrslum byggingarfulltrúans í Reykjavík:

1938	218
1939	260
1940	25
1941	335
1942	417
1943	354
1944	339
1945	541
1946	634
1947	468
1948	490
1949	366

Á þessu ári verða fullgerðar miklum mun færri íbúðir en í fyrra, og framtíðarhorfurnar má marka af því, að samkvæmt skýrslu byggingarfulltrúans hefur í ár aðeins verið hafin bygging á 35 — þrjátíu og fimm — nýjum íbúðarhúsum í Reykjavík!

Sést glöggt, hversu alvarleg þessi þróun er, þegar þessar tölur eru bornar saman við þær fyrri, um þúsundir manna í húsnæði, sem talið er hættulegt heilsu og lífi, og þegar athuguð er sú staðreynd, að 200—300 nýjar íbúðir þarf á ári til að fullnægja eðlilegri fjölgun Reykvíkinga, halda í horfinu. Í því sambandi er einnig vert að benda á, að iðnaðarmenn og byggingarverkamenn telja mjög alvarlegt atvinnuleysi vera framundan og hafa sent frá sér ítrekaðar áskoranir til stjórnarvaldanna um auknar byggingarframkvæmdir.

Um þjóðfélagslegar afleiðingar húsnæðiseymdarinnar þarf ekki að fjölyrða. Þær voru ræddar á eftirminnilegan hátt í blaði hæstvirts félagsmálaráðherra um síðustu áramót, og mikill meiri hluti alþingismanna lét í ljós fullan skilning á þeim — fyrir síðustu kosningar. Allmargir þessara sömu þingmanna voru að vísu næsta tómlátir á síðasta þingi, þegar þetta mál var flutt, og það jafnvel þeir, sem sízt skyldi og gefið höfðu innilegust loforðin um baráttu gegn húsnæðisskortinum, en þeim mun frekari ástæða er þá til að gefa þeim tækifæri til að endurskoða afstöðu sína. Helzta mótbáran á síðasta þingi var gjaldeyrisskortur, en þau rök verða ekki tekin alvarlega frá þeim mönnum, sem bera ábyrgð á því, að togaraflotinn hefur verið stöðvaður í meira en hundrað daga og að freðfiskframleiðslan er aðeins brot af því, sem eðlilegt væri. Fyrir þann gjaldeyri, sem þannig hefur verið kastað á glæ, hefði mátt byggja margar og góðar íbúðir handa því fólki, sem nú neyðist til að lifa við sárustu eymd.

Það er staðreynd, að „einstaklingsframtakið“ getur ekki leyst húsnæðisvandræðin, allra sízt meðan hendur þess eru fjötraðar af stjórnarvöldum. Hið opinbera getur því með engu móti skotizt undan þeirri skyldu að rétta hlut þess fólks, sem býr við kjör, vansæmandi hverri þeirri þjóð, sem vill láta kenna sig við menningu. Með þessu frumvarpi er lagt til, að snúizt verði við þeim vanda af stórhug og myndarskap, eins og ákveðið var fyrir rúmum fjórum árum.

Nd. **23. Frumvarp til laga** [23. mál]

um breyting á lögum nr. 11 12. febr. 1940, um sölu og útflutning á vörum.

Flm.: Einar Olgeirsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Frjálst er að bjóða til sölu, selja og flytja út íslenzkar afurðir, með þeim takmörkunum einum, sem þessi lög ákveða eða ákveðnar eru í öðrum lögum um gjaldeyrisverzlun.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni heimilast að auglýsa lágmarksverð á hverri vöru, sem út er flutt, og er hver útflytjandi skuldbundinn að bjóða eigi út né selja undir því lágmarksverði.

3. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Nú gerir ríkisstjórnin samning við önnur ríki um sölu ákveðinna vörutegunda þangað, og er henni þá heimilt að ákveða, að eigi megi bjóða til þess ríkis, selja þangað eða flytja það magn af vörutegundum, sem hún hefur samið um sölu á, nema að fengnu leyfi hennar og með þeim skilyrðum, er hún setur.

4. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Nú selur útflytjandi eigi vöru sína gegn frjálsum gjaldeyri né upp í viðskiptasamninga almennt samkvæmt 3. gr. þessara laga, og skal honum þá heimilt að kaupa í skiptum vörur til innflutnings, enda sé innflutningur slíkra vara eigi bannaður eða aðeins leyfður einkasölum ríkisins. Skyldur er hann að hlíta lágmarksverði samkv. 2. gr. Eigi þarf innflutningsleyfi fyrir innflutningi vara, sem þannig eru keyptar, en tilkynna skal fjárhagsráði vörutegundir, verð, magn og komutíma. Skulu vörur þessar verðlagðar samkvæmt venjulegum álagningarreglum og einnig heimilt, ef þörf þykir, að setja á þær sama hámarksverð í smásölu og gildir um samsvarandi vörutegundir keyptar inn í landið fyrir frjálsan gjaldeyri, enda sé lágmarksverð samkv. 2. gr. miðað við sama verðlagsgrundvöll. Þyki þörf á slíku, skal það hámarksverð auglýst sem almennt smásöluverð viðkomandi vörutegunda.

Afhenda skal gjaldeyriseftirlitinu sölu- og kaupreikninga allra slíkra vöruskipta, og er því skylt að athuga, að eigi sé framinn gjaldeyrisflótti með slíkum vöruskiptum.

5. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni heimilast að banna innflutning á vissum vöruflokkum, sem þjóðin er ekki talin hafa efni á að flytja sinn, og skal hún fyrir 1. des. ár hvert birta skrá yfir þá vöruflokka, sem bannað er að flytja inn á komandi ári. Má ríkisstjórnin síðar á því ári fella niður bann á einstökum vöruflokkum, en ekki bæta nýjum við.

6. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Hver sá, sem flytur út vörutegund, sem áður hefur ekki verið flutt út frá landinu, skal hafa sama rétt og fyrir er mælt í 4. gr. og sömu skyldur.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Vöruskortur er orðinn almennur í landinu sökum þeirra stjórnarhátta, sem nú ríkja á sviði innflutnings og útflutnings. Öllum ber saman um nauðsyn þess að efla útflutninginn og gera hann sem margbreytilegastan til þess að afla sem mestra vara inn í landið.

Reynslan hefur sannað, að núverandi fyrirkomulag, að einoka útflutningsverzlunina í höndum ríkisstjórnarinnar, hefur gefizt illa. Þetta frumvarp stefnir að því að vekja meiri áhuga á útflutningnum og tengja saman hagsmuni þeirra, sem flytja út og flytja inn. Það er óhjákvæmilegt, að þeir, sem flytja vörur inn í landið, verði að gera sér ljóst, að til þess að hægt sé að flytja vörurnar inn, þurfi þeir eins og aðrir eftir megni að hjálpa til við að flytja sem mest út og afla sem mestra markaða. Jafnframt er nauðsynlegt, að þeir, sem áhættuna hafa af framleiðslu til útflutnings, geti, ef þörf gerist, að nokkru leyti tekið til sín nokkuð af þeim hagnaði, sem venjulega hefur verið á innflutningsverzlun hér á landi, þótt tap hafi verið á útgerð.

Með þessu frumvarpi yrðu samkvæmt 4. gr. opnaðir möguleikar til vöruskipta við þau lönd, sem ríkisstjórnin hefur ekki gert sérstaka verzlunarsamninga við. Í þeirri hörðu baráttu, sem nú er háð um fiskmarkaðina, er þjóðinni nauðsynlegt, að allir kraftar séu notaðir til markaðsöflunar, og það er óvinnandi verk fyrir Íslendinga að vinna í stórum stíl nýja markaði, ef þeir eru fjötraðir einokunarböndum fjárhagsráðs og ríkisstjórnar hér heima. Og einmitt til þess að hagnýta sér einnig þá möguleika, sem vöruskiptaverzlun („clearingviðskipti“ og „compensation“) kann að bjóða, er nauðsynlegt að slaka á þeim höftum, sem nú eru. En um leið og slíkt yrði gert, þarf að reisa vissar skorður vegna almenningsheilla, og eru þær aðallega þessar:

1. Það þarf að hindra gjaldeyrisflótta. Það er tilgangur 2. gr. laganna. Með því að heimila ríkisstjórninni að setja lágmarksverð á útfluttu vöruna, tryggir hún það tvennt í senn, að þjóðin fái gjaldeyri eða vörur, sem lágmarksverðinu samsvarar, fyrir útfluttu afurðirnar, og að útflytjendur undirbjóði ekki hver annan og skaði þannig hagsmuni þjóðarinnar.

2. Það þarf að tryggja hámarksverð á þeirri vöru, sem inn er flutt. Þetta er nauðsynlegt fyrir alþýðu manna, sem nú berst í bökkum vegna þeirrar dýrtíðar, sem núverandi stjórnarvöld hafa leitt yfir hana og leiða í æ ríkari mæli. — Það er tilgangur 4. gr. laganna að koma í veg fyrir, að vöruskiptaverzlunin verði hagnýtt til slíks. Nú er það svo, að Ísland verzlar eða getur verzlað við allmörg verðlagssvæði í heiminum og þarf að geta hagnýtt sér markaðina í þeim öllum. Á sumum þessara verðlagssvæða fæst ef til vill miklu hærra verð fyrir íslenzkar vörur en á öðrum, en sumar vörur þaðan eru ef til vill líka mun dýrari. Þá þurfa útflytjendur og innflytjendur að eiga þess kost að jafna þessu verði sín á milli, þannig að eigi verði þau viðskipti til að auka dýrtíðina í landinu. Þann kost eiga þeir, ef þeir verða að skila lágmarksverði fyrir útfluttu vörurnar og mega selja innfluttu vöruna miðað við hámarksverð í smásölu, enda sé hvort tveggja miðað við sama verðlagssvæði, sem Ísland vildi halda sínu verðlagi á. Stundum mundu slík vöruskipti ef til vill gefa útflytjendum og innflytjendum ríflegan hagnað, ef heppilega er selt og keypt, stundum yrði vafalaust mjög mjótt á mununum, og yrðu þeir þá að deila sín á milli um, hvernig þeir minnka milliliðakostnaðinn. Er það ekki nema heilbrigt.

3. Það þarf að tryggja það, að fyrst og fremst séu fluttar inn nauðsynja- og menningarvörur, en bannaður óþarfi og lúxus, meðan þjóðin hefur ekki efni á að veita sér hann. Það er tilgangur 5. gr. að tryggja þetta. Samkvæmt þeirri grein getur ríkisstjórnin bannað innflutning á vissum vöruflokkum, — og er þá algerlega bannað að flytja þá til landsins. Þannig gæti ríkisstjórnin t. d. bannað innflutning á bílum, ýmsum lúxusvörum, jafnvel ef hún áliti Coca-cola óþarfa, þá hefði hún heimild til að banna efnin í þann drykk og nota sykurinn, sem í hann fer, til annars. Eigi þjóðin að spara við sig, verður sá sparnaður að ganga jafnt yfir alla, gæðingar valdhafanna

eiga ekki að fá þær vörur, sem almenningi er neitað um að fá innfluttar. — Með þessum ákvæðum getur ríkisstjórnin tryggt, að vöruskiptum sé einbeitt að nauðsynlegri vöru. En nauðsynlegt er, að slíkur bannlisti sé auglýstur fyrir fram fyrir hvert ár, svo að þeir, sem byggja að einhverju leyti framleiðslu sína á vöruskiptum, hafi eitthvað ákveðið að halda sér við. — Rétt er, að innflutningsáætlun yfir þarfir landsmanna sé birt fyrir fram fyrir ár hvert, eins og ætlazt var til, að fjárhagsráð gerði, en að bæði bankar og þeir, sem annast innflutning og útflutning, ekki sízt á vöruskiptagrundvelli, geti á hverjum tíma fengið að vita bæði um áætlunina varðandi hverja vörutegund og hve miklar ráðstafanir séu þegar gerðar til þess að bæta úr þeirri þörf.

Tilgangur 6. gr. er að auka áhuga manna á því að finna nýjar afurðir eða vörur til að flytja út og efla þannig útflutning landsmanna. Það er m. a. nauðsynlegt að gefa íslenzkum iðnaði þennan möguleika. Eigi sá iðnaður að geta borið sig, þarf að vera hægt að reka hann með fullum afköstum, en nú háttar svo til, að mikið af íslenzkum iðnaði hefur nú svo mikil afköst, að hann gerir meira en að fullnægja þjóðarþörf. Það er alkunna, að aðrar þjóðir gera sig sérstaklega samkeppnisfærar í iðnaði með því að sitja í fyrsta lagi sjálfar að heimamarkaðinum, en geta svo flutt umfram vöruna út og hagnýtt þannig afkastagetu verksmiðja til fulls. Það er eitt af verkefnum þjóðarinnar að koma upp iðju og iðnaði í sem stærstum stíl, og það verður ekki gert nema með því, að ýtt sé undir framfarir og framtak í iðnaðinum, full hagnýting verksmiðjanna tryggð, framtaki einstaklinga og ýmissa samtaka gefnar frjálsari hendur og svo samtímis framtaki ríkisins beitt á þeim sviðum stóriðju, sem engum íslenzkum einstaklingum væri fært né heppilegt þjóðarinnar vegna, að þeir legðu í, svo sem áburðarframleiðslu og sementsgerð.

Hefur nú verið gerð nokkur grein fyrir aðalatriðum þessa frumvarps. En ekki er nema eðlilegt, að sú spurning sé lögð fram, hvort hér sé um raunverulega möguleika til aukins útflutnings að ræða, ef svona frv. væri samþykkt. Ég skal því upplýsa eitt dæmi, til þess að sanna, að þessir möguleikar eru til, og vafalaust er svo um viðskiptamöguleika við fleiri lönd. Þetta dæmi er um Austur-Þýzkaland, eða Deutsche Demokratische Republik (DDR) eins og hið opinbera heiti þess ríkis er.

Viðskiptamöguleikarnir við DDR. Ég átti í sumar tal við verzlunarmálaráðherra DDR, herra Handke, og innti hann eftir möguleikum á viðskiptum við Ísland. Í svari verzlunarmálaráðuneytisins var látinn í ljós áhugi fyrir miklum viðskiptum á vöruskiptagrundvelli (clearing), og kvað ráðuneytið hinar ýmsu deildir innkaupastofnunar ríkisins reiðubúnar til þess að taka strax á móti fulltrúum íslenzkra útflytjenda og innflytjenda, er hefðu fulla heimild til að gera samninga um hinar einstöku vörutegundir.

Samkvæmt tillögum verzlunarmálaráðuneytisins var ríkisstjórn DDR reiðubúin til þess að kaupa íslenzkar vörur fyrir um tvær milljónir dollara (33 milljónir ísl. króna). Tiltók hún einkum eftirfarandi vörutegundir og þær upphæðir í amerískum dollurum, er hér greinir:

Hraðfryst fiskflök	500	þús. dollara.
Ísfisk	400	— —
Saltsíld	450	— —
Síldar- og fiskimjöl	250	— —
Síldarlýsi	250	— —

Og enn fremur hafði hún áhuga á að kaupa þorskalýsi, roð, gærur, garnir, ull o. fl. íslenzkar útflutningsvörur.

Þær þýzkar framleiðsluvörur, sem verzlunarmálaráðuneytið lagði til, að kæmu í skiptum, voru sem hér segir:

Vefnaðarvara.

Rafmagnsvörur ýmiss konar, þ. á m. efni til rafleiðslna, rafvélar allt að 100 kw., spennar og spennistöðvar, mælitæki, rafmagnseinangrunarefni, rafmagnstæki, símatæki og símaþræðir o. fl.

Byggingarjárn og hreinlætistæki til húsa.
Gler og glervörur.
Salt.
Ýmiss konar vörur fyrir iðnaðinn.
Sjóntæki hvers konar, lækningatæki, myndavélar, röntgentæki o. fl. þess háttar.

Þessir vöruflokkar, er nú hafa verið greindir, mundu vera rúmur helmingur vara þeirra, er kæmu frá DDR. Hinir vöruflokkarnir yrðu margvíslegri og minna af hverjum, svo sem:

Ýmiss konar byggingarefni, þ. á m. þakpappi, sement o. fl.
Pappavörur.
Önglar, kaðlar, net o. fl.
Landbúnaðarvélar og landbúnaðartæki og varahlutir.
Sauma- og prjónavélar.
Ýmiss konar vélar og varahlutir.
Búsáhöld ýmiss konar.
Verkfæri.
Skrifstofuáhöld, skólatæki, pappírsvörur o. fl.
Hljóðfæri og tónlistarvörur.
Lyf, sjúkratæki, vínandi o. fl.
Áburður.
Útvarpsviðtæki og varahlutar í þau.
Trjávörur, húsgögn o. fl.
Frostlögur.
Kvikmyndir, bækur, tímarit o. fl.
Reiðhjól og varahlutir.
Leirvörur og postulínsvörur.
Efnafræðilegar vörur (chemikalien) og svipuð framleiðsla.
Úr og fleira.

Svo sem sjá má af þessari upptalningu, þá væri þarna um þrjátíu vöruflokka að ræða og ótal vörutegundir innan hvers. Heita má, að allt séu þetta nauðsynlegar vörur og menningarvörur og mikill skortur á flestum.

Það liggur í augum uppi, að það væri óvinnandi vegur að ætla að kaupa allar þessar vörur í vöruskiptum með því að ætla að fá leyfi fjárhagsráðs í hvert skipti fyrir hverri vöru. Reynslan sýnir þegar, að Ísland missir þau viðskipti, sem dauð hönd skriffinnskunnar þannig er lögð á. Væri hins vegar ákveðið opinbert hámarksverð á öllum vörutegundum, þá vissu þeir, sem væru að semja, að hverju þeir yrðu að halda sér í innkaupunum, og gætu hagað þeim eftir því.

Ég skýrði þjóðinni frá þessum viðskiptamöguleikum, er heim kom, m. a. með viðtali við ríkisútvarpið og enn fremur sérstaklega þeim íslenzkum útflytjendum, sem ég þóttist vita, að hefðu mestan áhuga á þeim.

Ríkisstjórnin gaf út opinbera yfirlýsingu út af þessari frásögn minni. Að öðru leyti hef ég ekki orðið var við áhuga ríkisstjórnarinnar á þessum viðskiptum. Ég svaraði þeirri yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar með eftirfarandi yfirlýsingu 13. sept. 1950:

„Út af yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um viðskipti við Austur-Þýzkaland vil ég taka eftirfarandi fram:

1. Ríkisstjórnin hefur aldrei gefið samninganefnd þeirri, er hún sendi til Berlín, fullt umboð til að undirrita verzlunar- og viðskiptasamninga við stjórn Þýzka lýðveldisins. — Það er hér með skorað á ríkisstjórnina að svara því afdráttarlaust, hvort hún hafi gefið slíkt umboð eða ekki.

2. Ríkisstjórnin hefur enga tilburði sýnt til þess að reyna samningsviðræður að nýju í haust, enda var þess ekki að vænta, þar sem tilgangur ríkisstjórnarinnar virð-

ist vera sá einn með viðræðum, að reyna að fá „sannanir“ fyrir því, að ekkert sé hægt að gera.

3. Norðmenn, Svíar og Danir hafa undanfarið gert hvert tilboðið á fætur öðru til þýzku lýðveldisstjórnarinnar um að selja henni fisk, jafnvel með lánskjörum. Ég sneri mér til verzlunarráðherrans þýzka, vegna þess að ég sá, að íslenzka ríkisstjórnin mundi með afskiptaleysi sínu ætla að láta Ísland verða aftur úr í baráttunni um fiskmarkaðinn í Austur-Þýzkalandi. Undirtektir íslenzku ríkisstjórnarinnar sýna nú, að hún er að vísu hrædd við almenningsálitið hér heima, en ætlar sér, með því að halda einokunarvaldinu í sínum höndum, að hindra, að nokkuð verði gert.

4. Íslenzka ríkisstjórnin segist í tilkynningu sinni hafa fyrst og fremst sótzt eftir „sykri, fóðurvörum og rúgmjöli“, með öðrum orðum þeim vörum, sem hún sízt bjóst við, að hægt væri að fá. Mikið má vera, ef hún hefur ekki heimtað stál fyrir freðfisk. Það er því auðséð, að frá upphafi er stílað upp á að láta samningana mistakast. Þær vörur, sem eðlilegt er fyrir Austur-Þýzkaland að láta, eru fyrst og fremst vefnaðarvörur, rafmagnsvörur, ýmiss konar iðnaðarvörur o. fl. o. fl. Og almennt mun þykja gott að geta fengið slíkar vörur í skiptum fyrir fisk.

5. Stjórn Þýzka lýðveldisins lýsti sig reiðubúna til þess að taka á móti fulltrúum íslenzkra útflytjenda og innflytjenda, er hefðu fullt umboð til að gera samninga um kaup og sölu hinna einstöku afurða innan þess heildarsamnings um ca. 33 milljónir króna, sem um er rætt. — Spurningin, sem nú liggur fyrir íslenzku ríkisstjórninni, er, hvort hún ætlar að veita Íslendingum frelsi til þess að gera þessa samninga eða ekki. Það hefur enginn maður trú á, að afskipti ríkisstjórnarinnar og fjárhagsráðs hennar af þessum málum geri annað en eyðileggja alla möguleika. Reynslan er ólygnust í því efni.

En hitt er rétt fyrir þjóðina að athuga, að ríkisstjórn og fjárhagsráð taka á sig ábyrgðina af því að láta fiskinn eyðileggjast hér heima og þær vefnaðarvörur og aðrar nauðsynjavörur vanta, sem hægt væri að fá fyrir hann. Þjóðin krefst frelsis til að vinna, framleiða og verzla. Það er einokunarstjórnin, sem neitar henni um þetta frelsi.

Ég leyfi mér hér með að skora á ríkisstjórnina að gefa Íslendingum verzlunina við Austur-Þýzkaland frjálsa, svo að það fáist á einu litlu sviði sannanir fyrir því, hvað hægt er að gera, ef Íslendingar hafa verzlunarfrelsi, móts við það, sem verzlunareinokun ríkisstjórnarinnar afrekar. — Reykjavík, 13. sept. 1950. Einar Olgeirsson.“

Ríkisstjórnin hefur enn ekki orðið við þeirri áskorun, er ég beindi til hennar. Samtímis versna nú í sífellu markaðs- og framleiðslumöguleikar vorir, beinlínis vegna þess einokunarkerfis, sem þjóðin nú stynur undir.

Ég hef rakið það dæmi, sem nú var greint, svo ýtarlega vegna þess, að það er ein sönnun þess, hve mikil verðmæti eru í húfi og fara forgörðum, ef einokuninni er haldið áfram.

Vöruskorturinn og markaðsvandræðin eru fyrst og fremst sök ríkisstjórnarinnar og einokunarkerfis hennar. Vilji hún ekki lina á einokun sinni, svo sem þetta frv. fer fram á, þá tekur hún opinberlega á sig eina sökina á þeim vöruskorti og því efnahagshruni, sem einokunarstefna hennar er að leiða yfir þjóðina.

Ed. 24. Frumvarp til laga [24. mál]

um aðstoð til bænda á óþurrkasvæðunum á Austur- og Norðurlandi.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka allt að 4½ milljón króna lán og verja fénu til aðstoðar bændum á óþurrkasvæðunum í Austur-Skaftafells-, Múla- og Þingeyjarsýslum, svo og í Árneshreppi í Strandasýslu. Aðstoð þessi verði veitt sem lán og ófafturkræft framlag til hey- og fóðurkaupa á þetta svæði samkvæmt reglum, sem landbúnaðarráðuneytið setur.

2. gr.

Landbúnaðarráðuneytið ákveður, hverjum skuli falið að úthluta fé því, sem um ræðir í 1. gr., og setur nánari ákvæði um framkvæmd laganna og hverjir skuli annast afgreiðslu þeirra lána, sem veitt verða samkvæmt þeim.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um ástæður fyrir frumvarpi þessu, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um aðstoð til bænda á óþurrkasvæðunum á Austur- og Norðurlandi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Landbúnaðarráðherra hefur tjáð mér, að á óþurrkasvæðunum í Austur-Skaftafells-, Múla- og Þingeyjarsýslum, svo og í Árneshreppi í Strandasýslu, sé heyfengur bænda langtum minni en í meðalári, bæði að vöxtum og gæðum, og víða svo lélegur, að þess séu ekki dæmi. Sé því auðsætt, að fjöldi bænda verði að skerða bústofn sinn til mikilla muna, ef þeir fá ekki aðstöðu til að afla sér fóðurbætis og sums staðar heyja.

Á þessu svæði eru einnig þær sveitir, sem harðast urðu úti í vorharðindunum 1949. Til þess að forða neyðarástandi á þessum slóðum og stórfelldum niðurskurði bústofnsins verði ekki komizt hjá því, að ríkissjóður veiti skjóta aðstoð, eftir því sem tök eru á.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka allt að 4½ milljón króna lán og verja fénu til aðstoðar bændum á óþurrkasvæðunum í Austur-Skaftafells-, Múla- og Þingeyjarsýslum, svo og í Árneshreppi í Strandasýslu. Aðstoð þessi verði veitt sem lán og ófafturkræft framlag til hey- og fóðurkaupa á þetta svæði samkvæmt reglum, sem landbúnaðarráðuneytið setur.

2. gr.

Landbúnaðarráðuneytið ákveður, hverjum skuli falið að úthluta fé því, sem um ræðir í 1. gr., og setur nánari ákvæði um framkvæmd laganna og hverjir skuli annast afgreiðslu þeirra lána, sem veitt verða samkæmt þeim.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 5. október 1950.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

Nd. 25. Breytingartillaga [17. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Jóni Sigurðssyni og Steingrími Steinþórssyni.

Við 1. gr. Aftan við gr. bætist:

1. C. 12 skal orða svo:
   Skagavegur: Af Gönguskarðsvegi hjá Skíðastöðum út Laxárdal að Hrauni.
2. Á eftir C. 12 kemur nýr liður:
   Reykjastrandarvegur: Af Gönguskarðsvegi hjá Skarði að Reykjum á Reykjaströnd.
3. Á eftir C. 13 kemur nýr liður:
   Sæmundarhlíðarvegur: Af Sauðárkróksvegi hjá Geitagerði að Fjalli í Sæmundarhlíð.
4. Á eftir C. 14 koma 2 nýir liðir:
   a. *Löngumýrarvegur:* Af Norðurlandsvegi hjá Húsey að húsmæðraskólanum á Löngumýri.
   b. *Dalavegur:* Af Skagafjarðarvegi hjá Tunguhálsi um Jökulsárbrú hjá Goðdölum og Bústaði að Skatastöðum í Austurdal.
5. C. 18 orðast þannig:
   Hólavegur: Af Hofsósvegi hjá Miklhóli um Viðvík og Laufskálaholt að Hólum.
6. Á eftir C. 18 kemur nýr liður:
   Deildardalsvegur: Af Hofsósvegi að Kambi í Deildardal.

Sþ. 26. Tillaga til þingsályktunar [25. mál]

um friðun rjúpu.

Flm.: Jón Pálmason, Bjarni Ásgeirsson.

Alþingi ítrekar ályktun sína frá síðasta þingi um alfriðun rjúpu næstu 5 ár.

Greinargerð.

Síðasta Alþingi samþykkti samhljóða að fela ríkisstjórninni að alfriða rjúpuna hér á landi næstu 5 ár.

Þó að undarlegt megi virðast, hefur þetta mál verið sett undir menntamálaráðuneytið, og hefur alþingismönnum borizt bréf frá menntamálaráðherra, dags. 20. sept. s. l., þar sem neitað er að taka þessa samþykkt til greina, nema hún sé endurnýjuð á þessu þingi. Eru þær einar ástæður færðar til, sem þingmönnum voru kunnar, þá er samþykkt Alþingis var gerð á síðasta vori. Þótt leiðinlegt sé og óvanalegt að taka fyrir mál, sem svo greinilega og ágreiningslaust var samþykkt á síðasta þingi, þá neyðast flutningsmenn til að fara þá leið.

Nd. 27. Frumvarp til laga [26. mál]

um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

Flm.: Emil Jónsson.

I. KAFLI
Gildissvið laganna, tilkynningarskylda o. fl.

1. gr.

Lög þessi ná til sérhverrar starfrækslu, þar sem einn verkamaður eða fleiri vinna, eða notuð er orka, sem er eitt hestafl eða meira, hvort tveggja þó með þeim undantekningum, er greinir í lögum þessum.

Undanþegin lögum þessum eru:

1. siglingar, fiskveiðar og aðrar veiðar, þar með talin aðgerð á veiðinni á skipsfjöl, enda sé ekki um sérstök verksmiðjuskip að ræða,
2. loftferðir,
3. vinna í einkaíbúð vinnuveitanda, enda sé um algeng heimilisstörf að ræða,

Ráðherra getur, í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð, mælt svo fyrir í reglugerð, að vélar og önnur áhöld og mannvirki, sem lög þessi ná ekki til, skuli þó vera háð því eftirliti, er lög þessi mæla fyrir um.

2. gr.

Verkamaður merkir í lögum þessum hvern þann mann, karl eða konu, sem vinnur utan heimilis síns í annars manns þjónustu.

Vinnuveitandi merkir í lögum þessum hvern þann mann, karl eða konu, sem hefur í þjónustu sinni einn eða fleiri verkamenn.

Sé fyrirtæki, sem lög þessi ná til, starfrækt af tveim mönnum eða fleiri í sameiningu, telst aðeins annar eða einn þeirra vinnuveitandi samkvæmt þessum lögum, en hinn eða hinir teljast vera verkamenn, enda vinni þeir við fyrirtækið. Skal það tilkynnt öryggiseftirlitinu, hver sé talinn vinnuveitandi.

Framkvæmdastjóri félags telst vinnuveitandi í merkingu þessara laga.

Sé um opinberan rekstur að ræða, telst vinnuveitandi sá, er umsjón hefur með starfrækslunni, og skal það tilkynnt öryggiseftirlitinu, hver það er.

3. gr.

Sérhvert fyrirtæki, sem lög þessi ná til (sbr. 1. gr.), skal tilkynna öryggiseftirlitinu starfrækslu sína áður liðinn er hálfur mánuður frá því hún hófst. Tilkynningunni skulu fylgja fullnægjandi upplýsingar um starfræksluna, hvers konar og hve mikil orka er notuð, hve margir verkamenn vinni þar að jafnaði og annað það, er máli kann að skipta og krafizt verður.

Þegar gerð er breyting á fyrirtæki, skal senda öryggiseftirlitinu sams konar tilkynningu og um getur í 1. málsgr. þessarar greinar strax og breytingum er lokið.

Eigandi farandvélar skal tilkynna öryggiseftirlitinu, hvar vélin er í notkun á hverjum tíma.

4. gr.

Rísi ágreiningur milli öryggismálastjóra og vinnuveitanda um það, hvort lög þessi nái til starfrækslu, má skjóta ágreiningnum til öryggisráðs, og kveður það upp úrskurð um hann.

II. KAFLI

Almenn ákvæði um tilhögun á vinnustað.

5. gr.

Vinnuveitanda ber að sjá um, að á vinnustað sé öllu svo fyrir komið, að verkamenn séu verndaðir gegn slysum og sjúkdómum eftir því, sem föng eru frekast til.

Vinnuveitanda ber að sjá svo um, að verkamenn fái vitneskju um, ef hætta fylgir störfum þeirra og á hvern hátt bezt sé að forðast hana. Sérstaklega skal leiðbeina óvönum verkamönnum, nemum og ungum verkamönnum í þessu efni.

6. gr.

Verkamenn skulu stuðla að því eftir megni, að allt, sem gert er til að vernda þá gegn slysum og sjúkdómum, komi að sem beztum notum, þeim ber og að stunda reglusemi og nauðsynlega varkárni á vinnustað.

Verkamenn skulu sérstaklega gæta þess, að vélar, verkfæri, áhöld og annar útbúnaður, sem notaður er við vinnuna, sé í góðu lagi, og skulu þeir lagfæra þá galla, sem á kunna að verða, ef unnt er, en annars tilkynna þá yfirmanni sínum.

Verði verkamaður fyrir slysi við vinnu sína, ber honum að tilkynna það yfirmanni sínum svo fljótt sem verða má. Eigi má hann taka upp vinnu sína á ný, fyrr en það hefur verið lagfært, sem kann að hafa verið í ólagi.

Þegar verkamönnum er ætluð sérstök matstofa, sem öryggiseftirlitið hefur viðurkennt, er þeim óheimilt að neyta matar síns annars staðar á vinnustað.

7. gr.

Trúnaðarmaður verkamanna (sbr. 45. gr.) skal reglulega líta eftir því, að allur öryggisútbúnaður sé í góðu lagi og hann notaður á réttan hátt. Verði hann var einhverra ágalla, skal hann tilkynna það vinnuveitanda. Verði trúnaðarmaðurinn þess var, að hægt sé að bæta um öryggisútbúnaðinn á einhvern hátt, ber honum að vekja athygli vinnuveitanda á því. Sömuleiðis skal trúnaðarmaðurinn vekja áhuga verkamanna á notkun alls þess, er til öryggis má verða, og leiðbeina þeim um allt það, er að öryggisútbúnaðinum lýtur.

Trúnaðarmaður skal, í samráði við verkstjóra, hafa gát á því, að óviðkomandi menn séu ekki á ferli á vinnustað.

8. gr.

Þegar um vinnu er að ræða, sem hefur í för með sér óvenjulega mikla hættu fyrir líf, limi eða heilbrigði verkamanna eða er óvenjulega erfið, getur ráðherra sett reglur í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð um öryggisútbúnað umfram það, sem mælt er fyrir um í lögum þessum. Í þeim reglum geta verið ákvæði um takmörkun vinnutímans, að verkamenn innan 18 ára aldurs séu eigi látnir framkvæma verkið og eigi heldur verkamenn, sem hafi annaðhvort ekki nægilegt líkamlegt eða andlegt atgervi til vinnunnar.

9. gr.

Ráðherra getur ákveðið, í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð, að fram fari reglubundin læknisskoðun verkamanna, enda sé ástæða til að ætla, að á þann hátt megi koma í veg fyrir eða hefta atvinnusjúkdóma til muna. Vinnuveitandinn er skyldur að gefa verkamönnunum frí frá störfum, án skerðingar á kaupi, til þess að skoðunin geti farið fram.

10. gr.

Ráðherra er heimilt, í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð, að gefa út reglugerðir og aðrar reglur um tilhögun á vinnustað, starfsháttu og önnur atriði, er varða heilbrigði og velferð verkamanna, svo og um öryggisútbúnað til að forðast slys og sjúkdóma af völdum vinnunnar, allt innan þeirra takmarka, er lög þessi ákveða.

Ef vélar, verkfæri, áhöld og annar útbúnaður, sem notaður er við vinnuna, er þannig gerður, að nauðsynlegt sé að sannreyna styrkleika hans eða önnur gæði eða rannsaka hann á annan hátt, ber seljandinn eða eigandinn allan eða nokkurn hluta kostnaðarins af rannsókninni eftir nánari fyrirmælum ráðherra.

11. gr.

Sérhver, sem ætlar að reisa eða starfrækja verksmiðju eða verkstæði eða breyta eldra fyrirtæki, skal leita umsagnar öryggismálastjóra um, hvort hið fyrirhugaða skipulag sé í samræmi við lög þessi eða reglugerðir settar samkvæmt þeim. Í því skyni skal hann láta í té sundurliðaða greinargerð með nægilegum uppdráttum yfir fyrirkomulag véla og húsakynna og öðrum upplýsingum, er máli kunna að skipta, allt eftir því, sem öryggismálastjóri kann að krefjast.

Vilji hlutaðeigandi ekki una úrskurði öryggismálastjóra, getur hann skotið máli sínu til úrskurðar öryggisráðs.

III. KAFLI

Sérstakar reglur varðandi ráðstafanir til verndar heilbrigði og velferð verkamanna.

12. gr.

Um verksmiðjur, verkstæði, verzlunarstaði og skrifstofur gilda eftirfarandi ákvæði, enda séu þessi fyrirtæki starfrækt að staðaldri á sama stað:

1. *Lofthæð.* Þar, sem unnið er, skal eigi vera lægra undir loft en 2.5 m, en sé hiti mikill, raki, ryk, reykur, óþefur, eitraðar gastegundir, sprengifimar gastegundir eða annað þess háttar, sem eigi er hægt að fjarlægja, skal lofthæð vera a. m. k. 3 m.
2. *Loftrúm.* Við vinnu skal hver verkamaður hafa a. m. k. 15 m^3 loftrúm. Þó má minnka loftrúmið niður í 10 m^3 fyrir hvern verkamann, ef sérstök loftræsting er fyrir hendi, enda samþykki öryggismálastjóri það. En sé hins vegar óhjákvæmilega mikill hiti á vinnustaðnum, raki, ryk, reykur, óþefur, eitraðar gastegundir, sprengifimar gastegundir eða annað þess háttar, getur öryggismálastjóri krafizt þess, að loftrúmið sé aukið allt upp í 25 m^3. Þegar reiknað er út loftrúm, skal eigi taka tillit til hæðar, sem er yfir 4 m.
3. *Gólf.* Á vinnustað skulu gólfin vera úr því efni, er bezt hentar hverju sinni, og efnisvalið fara eftir vinnu þeirri, sem að er unnið.
4. *Þak, veggir og loft.* Á vinnustað skal þak, veggir og loft vera nægilega þétt og hlý. Málningu skal haldið vel við, þar sem málað er, en sé vinnustaðurinn kalkaður, skal kalka á hæfilegum fresti. Öryggismálastjóri getur bannað að nota veggfóður á loft og veggi, ef hann telur það óhentugt af heilbrigðis- eða hreinlætisástæðum.
5. *Lýsing.* Sérhver verkamaður skal hafa þá birtu við vinnu sína, er bezt hentar hverju sinni, svo að sjón hans sé ekki hætta búin.
6. *Hreingerning.* Vinnustaðir skulu vera tilhlýðilega hreinsaðir.
   skal lokið a. m. k. ¼ klst. áður en vinna hefst.
7. *Hiti.* Upphitun skal vera nægileg á vinnustað og í matstofu að dómi trúnaðarmanns verkamanna og öryggismálastjóra, og fari eftir því, hver vinna er stunduð.

8. *Drykkjarvatn.* Verkamenn skulu hafa aðgang að nægilegu og góðu drykkjarvatni, og skal svo vera um búið, að hægt sé að gæta nægilegs hreinlætis, þegar þess er neytt.
9. *Handþvottur og böð.* Á sérhverjum vinnustað skulu vera nægilega margar handlaugar eða annar hentugur útbúnaður með sápu eða öðru þvottaefni fyrir verkamenn til að þrífa sig. Skal handlaugum haldið tilhlýðilega hreinum. Handlaugarnar skulu vera í eða fast við búningsherbergi, ef það er fyrir hendi, en annars í vinnuherbergi. Telji öryggismálastjóri það nauðsynlegt af þrifnaðar- eða heilbrigðisástæðum, getur hann krafizt þess, að heitt vatn sé tiltækilegt til notkunar við þvottinn. Af sömu ástæðum getur hann krafizt þess, að sérstök bað- eða þvottaherbergi séu til afnota, og eru verkamenn þá skyldugir að nota þau.
10. *Búningsherbergi o. fl.* Þegar vinnu er þannig háttað, að nauðsynlegt sé að hafa fataskipti áður en vinna hefst og að henni lokinni, skulu verkamenn hafa aðgang að búningsherbergi, er sé nálægt vinnustað þeirra og hæfilega útbúið, m. a. að því leyti, að hægt sé að geyma fatnaðinn, svo að vel fari. Eigi má geyma fatnaðinn þar, sem matazt er, nema öryggismálastjóri hafi gefið leyfi til þess, eigi heldur í vinnuherbergjum verkstæða og verksmiðja, nema í skápum, sem til þess eru sérstaklega gerðir. Hægt er að krefjast þess, að fatnaður sá, sem verkamenn nota við vinnu sína, sé geymdur annars staðar en fatnaður sá, sem þeir nota ekki við vinnu, enda sé vinnu þannig háttað, að eigi verði hjá því komizt, að vinnufatnaður óhreinkist verulega. Reiðhjól og önnur svipuð farartæki, sem verkamenn nota til og frá vinnu, skal vera hægt að geyma á tryggum og hagkvæmum stað, meðan á vinnu stendur. Frá þessu síðastnefnda ákvæði getur öryggismálastjóri þó gefið undanþágu þeim fyrirtækjum, sem tekin eru til starfa, er lög þessi öðlast gildi, enda sé það verulegum vandkvæðum bundið að koma slíku skýli fyrir.
11. *Vinnufatnaður o. fl.* Verkamenn skulu vera í vinnufötum, sem vel henta fyrir vinnuna. Sé af heilbrigðisástæðum nauðsynlegt að nota sérstök vinnuföt, má krefjast þess, að vinnuveitandinn láti þau í té og annist hreinsun þeirra. Verði ekki hjá því komizt að vinna í miklum hita eða raka, getur öryggismálastjóri lagt svo fyrir, að verkamönnum sé gefinn kostur á því að skipta um föt og fá fatnað sinn þurrkaðan.
12. *Matstofa og dvalarstofa.* Verkamenn skulu hafa aðgang að matstofu eða öðrum hentugum stað til að matast. Þar skal vera hægt að hita upp mat og drykk. (Sbr. enn fremur síðustu málsgr. 6. gr.)
13. *Salerni.* Hæfilega mörg salerni skulu vera til afnota fyrir verkamenn. Þau skulu vera nálægt vinnustað og tilhlýðilega frá þeim gengið. Þar sem 5 kvenmenn eða fleiri vinna að staðaldri, skal þeim ætlað sérstakt salerni.
14. *Stólar.* Þegar verkamönnum er ætlað að vinna sitjandi, skulu þeir hafa til afnota hentuga stóla. Sé þeim hins vegar ætlað að vinna standandi, má krefjast þess, að þeir fái til afnota sæti, sem þeir geta notað, þegar tækifæri gefst við vinnuna.
15. *Loftræsting.* Á vinnustað skal andrúmsloftið endurnýjað nægilega og á þann hátt, er bezt hentar viðkomandi starfrækslu. Þó skal þess gætt, að skaðlegur súgur sé ekki, þar sem unnið er.
16. *Reykur, gufa, eitraðar og sprengifimar gastegundir o. fl.* Gastegundir, sem óhollusta eða sprengihætta stafar af, svo og reykur, gufa, hitasvækja og óþefur, sem myndast í einstökum vinnustofum, skal leitt burt frá stað þeim, þar sem það myndast, eftir því sem frekast er unnt, en þess ætíð gætt, að það berist ekki í aðrar vinnustofur. Þar sem ekki er hægt að komast hjá óhreinindum í andrúmsloftinu, sem hætta stafar af, skal verja verkamenn gegn áhrifum þeirra á viðeigandi hátt. Verkamenn skal verja eftir megni gegn áhrifum mikils hita.

17. *Skaðlegur raki.* Ef vinnuaðferðin hefur í för með sér, að hið venjulega rakastig loftsins breytist til muna, skulu gerðar viðeigandi ráðstafanir til verndar verkamönnum gegn áhrifum rakans.
18. *Ryk.* Aðferðum við vinnuna skal eftir mætti hagað þannig, að ryk myndist ekki. Verði ekki hjá því komizt, að ryk berist í andrúmsloftið, skulu gerðar ráðstafanir til verndar verkamönnum gegn skaðlegum áhrifum þess.
19. *Eitruð efni og önnur efni hættuleg heilsu manna.* Alls staðar þar, sem framleidd eru eitruð efni eða önnur efni, sem eru hættuleg heilsu manna, slík efni myndast, eru notuð, vegin, búið er um þau eða með þau farið á annan hátt, skulu gerðar ráðstafanir til verndar verkamönnum gegn skaðlegum áhrifum þeirra. Sé þess nokkur kostur, skal nota miður hættuleg efni eða hættulaus efni í stað hinna hættulegu, enda hafi það ekki verulegt óhagræði í för með sér fyrir starfræksluna. Í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð getur ráðherra bannað framleiðslu eða notkun sérstaklega hættulegra efna eða sett þau skilyrði fyrir leyfi á notkun þeirra, að sérhvert ílát eða umbúðir, sem efnin eru í hrein eða blönduð öðrum efnum, beri þess greinileg merki.
20. *Smithætta.* Ef sérstök hætta er á, að verkamenn geti smitazt af sjúkdómum við vinnu sína, skulu gerðar nauðsynlegar ráðstafanir til að verja þá smitun.
21. *Hlífðarútbúnaður verkamanna o. fl.* Verkamönnum skal látinn í té sérstakur hlífðarútbúnaður, svo sem grímur, hanzkar, gleraugu, eyrnahlífar og öndunaráhöld, þeim til varnar gegn skaðlegum áhrifum, ef ekki er á annan hátt hægt að verja þá gegn þeim. Kostnaðinn af slíkum hlífðarútbúnaði ber vinnuveitandinn. Verkamönnum ber að nota þennan hlífðarútbúnað, þegar þeir eru við slíka vinnu.
22. *Náttból.* Ef vinnustaður er svo afskekktur, að örðugt sé fyrir verkamenn að útvega sér náttból, skal vinnuveitandi láta verkamönnum í té tilhlýðilegan og ef þörf krefur upphitaðan næturdvalarstað, þar sem karlar og konur geta dvalið hvort í sínu lagi.

13. gr.

Eigi vinnuveitandi að sjá verkamönnum fyrir húsnæði, skal það vera svo rúmgott, að hver verkamaður hafi eigi minna loftrými, þar sem sofið er, en 7 m^3. Hver verkamaður skal hafa hæfilega stórt hvílurúm fyrir sig. Bil milli rúma skal eigi vera minna en 1 m, en liggi rúm samhliða hvort hjá öðru, skal vera þétt skilrúm á milli þeirra. Konur skulu hafa svefnklefa sérgreinda frá svefnklefum karla.

Gera má rúmaraðir tvöfaldar, efri og neðri rúm, en þá má hæð undir loft hvergi vera minni en 2.65 m.

Verkamenn skulu hafa aðgang að nægilega rúmgóðu eldhúsi og hafa til umráða hentuga matargeymslu, enda sjái vinnuveitandi þeim eigi fyrir fæði. Þá skulu þeir og hafa aðgang að nægilega rúmgóðri borðstofu.

Að öðru leyti gilda ákvæði 12. gr. þessara laga um húsnæði verkamanna eftir því, sem við á og ráðherra ákveður í reglugerð í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð.

Sé vinna stunduð aðeins skamma hríð á sama stað, getur öryggismálastjóri gefið undanþágu frá einstökum ákvæðum þessarar greinar.

14. gr.

Ef vinna fer fram að nokkru eða öllu leyti undir berum himni, í opnum skúrum, undir hlífðarþaki eða á annan svipaðan hátt, gilda ákvæði 12. gr. þessara laga að svo miklu leyti, sem við getur átt.

15. gr.

Um starfrækslu, sem ákvæði 12. gr. þessara laga ná ekki til, t. d. byggingavinnu, fermingu og affermingu skipa, mannflutninga og aðra flutninga, matsölustaði, gisti-

hús, skemmtistaði, landbúnað og garðyrkju, ákveður ráðherra samkvæmt tillögum öryggismálastjóra og öryggisráðs, að hve miklu leyti ákvæði 12. gr. skuli ná til slíkrar starfrækslu.

Rísi ágreiningur um það, hvort einhver starfræksla falli undir ákvæði 12. gr. eða þessarar greinar, sker öryggisráð úr ágreiningnum.

IV. KAFLI
Ráðstafanir til að verjast slysum.

16. gr.

Byggingar allar og önnur mannvirki, sem lög þessi ná til, svo og vélar, verkfæri, áhöld og annar útbúnaður skal vera tryggilega gerður, og skal hann notaður og honum haldið við á tilhlýðilegan hátt. Þar sem byggingarsamþykktir eru í gildi, skal farið eftir ákvæðum þeirra, enda séu ekki gerðar strangari kröfur í lögum þessum. Ef nauðsynlegt er, skal vinnuveitandi láta fram fara rannsókn á því, hvort frágangur sé tryggilegur.

Þegar fyrirkomulag bygginga og annarra mannvirkja er ákveðið, skal þess gætt, að gangar, stigar og útgöngudyr séu nægilega greiðfærar, ef eldsvoða ber að höndum. Hættulegar gryfjur, skurðir og annað þess háttar skal vera nægilega varið. Gólfum skal haldið þannig við, að ekki sé sérstök hætta við falli á þeim. Hvarvetna þar sem umferð er, skal vera séð fyrir nægilegri birtu.

Útbúnaður, sem gerður er til varnar slysum, skal vera eins hentugur og frekast eru föng á og settur upp á réttan hátt. Honum skal haldið nægilega vel við.

17. gr.

Enginn framleiðandi eða seljandi má láta af hendi vélar, vélahluta, verkfæri, áhöld eða annan útbúnað, sem lög þessi ná til, nema ákvæðum laga þessara og reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim, sé tryggilega fullnægt, og skal allur nauðsynlegur öryggisútbúnaður fylgja vélunum.

Sá, sem setur upp vélar, vélahluta, verkfæri, áhöld eða annan útbúnað, sem lög þessi ná til, ber ábyrgð á því, að ákvæðum laga þessara og reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim, sé fullnægt.

Ákvæði 1. og 2. málsgr. þessarar greinar skerða þó á engan hátt ábyrgð þá, sem hvílir á vinnuveitanda samkvæmt lögum þessum.

Ráðherra getur ákveðið, að hver sá, sem lætur af hendi aflvélar, verkfæri eða annan útbúnað, sem lög þessi ná til, skuli tilkynna það öryggismálastjóra. Lætur öryggiseftirlitið þá í té ókeypis eyðublöð fyrir tilkynningarnar.

Raforkuver skulu láta öryggiseftirlitinu í té upplýsingar um sölu þeirra á raforku, eftir nánari fyrirmælum ráðherra.

18. gr.

Á sérhverjum vinnustað, sem lög þessi ná til, skal vera tiltækilegur útbúnaður til hjálpar í viðlögum, og skal útbúnaðurinn vera í samræmi við nánari fyrirmæli öryggismálastjóra. Sömuleiðis getur öryggismálastjóri krafizt þess af stærri fyrirtækjum, að þau búi út sérstakar slysastofur eftir nánari fyrirmælum hans.

Í fyrirtækjum, þar sem slysahætta er veruleg, skal einn eða fleiri af verkamönnunum hafa tekið þátt í námskeiði í hjálp í viðlögum, og hafi þá sá eða þeir verkamannanna einir umráð yfir útbúnaði þeim, sem er fyrir hendi til hjálpar í viðlögum.

19. gr.

Sérhver vél, allur búnaður hennar, undirstöður og festing skal vera fulltraust og þannig frá öllu gengið, að notkun vélarinnar hafi sem minnsta slysahættu í för með sér. Ef nauðsynlegt er, skal vélin vera með hentugum öryggisbúnaði, sem byggður sé með henni, sé þess nokkur kostur.

Ef öryggismálastjóri telur það nauðsynlegt af öryggisástæðum, getur hann krafizt þess, að þannig sé frá vél og öryggisbúnaði hennar gengið, að eigi sé hægt að nota vélina, nema öryggisbúnaður hennar sé í fullu lagi.

Eigi má taka öryggisbúnað af vél meðan hún er í notkun.

Gangar ætlaðir til umferðar í vélarúmum eða öðrum stöðum, þar sem vélar eru í notkun, skulu vera svo breiðir og háir, að umferð þar sé hættulaus. Önnur bil milli véla skulu vera lokuð, meðan önnur hvor eða báðar vélarnar eru í gangi, og á þann hátt, er öryggismálastjóri kann að segja fyrir um.

Meðan vél er í gangi má eigi leggja á hana reim, snúru eða annað þess háttar, hreinsa hana, smyrja eða gera annað svipað við hana, nema það sé óumflýjanlega nauðsynlegt og þá því aðeins, að gætt sé ýtrustu varkárni, t. d. þess, að viðkomandi verkamaður sé eigi þannig klæddur, að fötin auki hættuna.

Þegar eigi verður hjá því komizt, t. d. vegna viðgerðar eða annars þess háttar, að unnið sé nálægt eða við hættulegar vélar, skal þeim haldið kyrrum og þannig vera frá þeim gengið, að þær verði eigi settar í gang, unz vinnunni er lokið.

Eigi má nota hanzka, vettlinga eða annað þess háttar við vörzlu véla, ef það kann að auka slysahættu.

20. gr.

Aflvélar skulu vera þannig gerðar, að ræsa megi þær hættulaust, sé gætt venjulegrar varkárni. Öryggismálastjóri getur sett nánari reglur um þetta atriði.

Þegar vélar eru tengdar aflvélinni, má ekki ræsa hana, fyrr en gefið hefur verið greinilegt merki um það, og skal merkið heyrast alls staðar þar, sem þess er þörf. Frá þessu ákvæði getur öryggiseftirlitið gefið undanþágu, ef slysahætta eykst ekki við það að þess áliti.

21. gr.

Frá öllum drifbúnaði skal tryggilega gengið og settar um hann hlífar allt eftir nánari fyrirmælum öryggismálastjóra.

22. gr.

Frá vinnuvélum skal þannig gengið, að hægt sé að stöðva þær fljótt og hættulaust frá vinnustað, enda telji öryggiseftirlitið þá varúðarráðstöfun ekki ónauðsynlega.

Ef vinnuvél er reimknúin frá hreyfli eða drifás og ekki er hægt að ræsa, þegar vinnuvélin er í tengslum, skal vera þannig frá henni gengið, að hún verði á öruggan hátt tekin úr tengslum með búnaði, er öryggismálastjóri samþykkir.

23. gr.

Ílát með gufu eða öðrum gastegundum, sem eru með yfirþrýstingi, skulu vera nægilega sterk og þannig frá þeim gengið að öðru leyti, að sem minnst hætta stafi af þeim. Sérstaklega skal þess gætt, að þrýstingsaukning í þeim hafi ekki verulega aukna hættu í för með sér.

24. gr.

Gæzlu gufukatla og suðukatla, sem eru með yfirþrýstingi, má aðeins fá í hendur reglumönnum og áreiðanlegum mönnum, sem eru fullra 18 ára að aldri.

Sá, sem stendur fyrir gæzlu eða gætir á eigin ábyrgð gufuketils með hitafleti, sem er 30 m^2 eða meira, skal hafa vélstjórapróf eða hafa notið annarrar menntunar, sem ráðherra, í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð, telur fullnægjandi.

Þeir, sem gæta á eigin ábyrgð annarra gufukatla en þeirra, er getur í 2. málsgr. þessarar greinar, þurfa að hafa notið þeirrar menntunar, er öryggismálastjóri tekur gilda, eða að sanna á annan hátt fyrir honum kunnáttu sína, t. d. með því að ganga undir próf hjá honum eða fulltrúa hans.

Verði gæzlumaður gufuketils sannur að sök um óreglu í starfi eða vítaverða óvarkárni, getur öryggismálastjóri svipt hann rétti til gæzlu gufuketils. Úrskurði öryggismálastjóra má áfrýja til öryggisráðs.

Ef ómögulegt er af óviðráðanlegum ástæðum að útvega til gæzlu gufuketils mann, sem hefur réttindi til þess, getur vinnuveitandi falið gæzluna manni, sem hann telur vel til þess fallinn, enda þótt hann hafi eigi rétt til gæzlu gufuketils. Þessi ráðstöfun skal strax tilkynnt öryggiseftirlitinu, og tekur það ákvörðun um, hversu lengi hún megi haldast. Eigi má haga gæzlu gufuketils eins og segir í þessari málsgrein lengur en hálfan mánuð, nema samþykki öryggismálastjóra komi til.

Ráðherra getur, samkvæmt tillögum öryggisráðs og öryggismálastjóra, veitt undanþágur frá ákvæðum þessarar greinar fyrir einstaka gufukatla eða sérstakar gerðir gufukatla.

25. gr.

Ker og önnur ílát, sem soðið er í eða brætt, svo og ílát með ætandi efnum eða öðrum hættulegum efnum, skulu vera þannig útbúin og þannig frá þeim gengið, að hættan af þeim sé svo lítil, sem verða má.

26. gr.

Lyftitæki, gálgar, hengibrautir og önnur slík verkfæri skulu vera sterkbyggð og þannig gerð, að sem minnst hætta stafi af þeim fyrir verkamenn. Á þeim skal sérstaklega athuga:

1. hvort allir burðarhlutar (útleggjarar, keðjur, strengir og annað þess háttar) séu nægilega sterkir og sé vel haldið við;
2. að ofhleðsla eigi sér ekki stað;
3. að byrðin sé fest og losuð á öruggan hátt, og
4. að byrðin setji mann ekki í hættu, meðan hún er á lofti.

Um fermingu og affermingu skipa gilda eftirfarandi sérstök ákvæði: Á flutningsstykki, sem eru 1000 kg að þyngd með umbúðum eða meira og fermd eru í íslenzkri höfn, skal þunginn vera greinilega merktur og þannig, að merkingin máist ekki brátt af. Sé ómögulegt eða illgerlegt að ákveða þungann nákvæmlega, getur öryggiseftirlitið leyft, að ágizkaður þunginn sé merktur á umbúðirnar. Að öðru leyti setur ráðherra reglur um fermingu og affermingu skipa í samræmi við ákvæði þessara laga.

27. gr.

Sé hætta á falli húsa, reykháfa, brúa, geyma eða annarra mannvirkja, falli eða skriðufalli moldarbakka, sands, malar, vörustafla eða annars þess háttar, skal gera nauðsynlegar öryggisráðstafanir, svo að eigi sé hætta á slysum á mönnum.

Þegar unnið er í brunnum, námum, gryfjum, kötlum, geymum eða öðru þess háttar, sömuleiðis þegar unnið er með eitruð efni, sprengifim efni eða efni, sem eru hættuleg á annan hátt, skal gera nægilegar öryggisráðstafanir, svo að eigi sé hætta á, að menn kafni, eitrist, verði fyrir slysi af völdum sprengingar eða slasist á annan hátt.

28. gr.

Ef eigi er hægt að veita verkamönnum nægilega vernd gegn slysum eða sjúkdómum með öðrum hætti, skal gera sérstakar öryggisráðstafanir, þar sem því verður við komið, t. d. nota hentugasta fatnað, öryggisbelti eða hlífðarútbúnað þann, sem nefndur er í 21. tölulið 12. greinar.

Verkamenn eru skyldir að nota þann öryggisútbúnað, sem nefndur er í 1. málsgrein þessarar greinar, þegar þeir þarfnast hans við vinnu sína.

29. gr.

Komi fyrir slys á vinnustað, svo að dauði verkamanns hljótist af, eða verði verkamaður fyrir slysi, sem er þess eðlis, að gera megi ráð fyrir að dómi læknis, að Almannatryggingarnar verði bótaskyldar, skal vinnuveitandi tilkynna það ör-

yggiseftirlitinu svo fljótt, sem verða má, og eigi síðar en að einum sólarhring liðnum. Öryggiseftirlitið skal láta framkvæma rannsókn á orsökum slyssins.

Verði verkamaður veikur af sjúkdómi, sem stafar af atvinnu hans, skal tilkynna það á sama hátt og þegar um slys er að ræða (sbr. 1. málsgr. þessarar greinar).

30. gr.

Hafi læknir verkamann til lækninga, sem þjáist af atvinnusjúkdómi (sbr. 49. gr. laga nr. 50/1946, um almannatryggingar), skal læknirinn tilkynna sjúklinginn og sjúkdóminn til héraðslæknis, er síðan tilkynnir það öryggiseftirlitinu.

Ráðherra setur, í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð, nánari reglur um ákvæði 1. málsgr. þessarar greinar. Þar getur hann og ákveðið, að tilkynningarskyldan nái til fleiri sjúkdóma en þeirra, er 1. málsgr. þessarar greinar nær til, enda geti þeir stafað af aðbúnaði á vinnustað eða öðru, er vinnuna snertir.

V. KAFLI

Lágmarkshvíldartími verkamanna o. fl.

31. gr.

Vinnu skal þannig hagað, að sérhver verkamaður geti notið samfelldrar hvíldar frá vinnu sinni, er eigi sé skemmri en 8 klst. á sólarhring.

Ákvæði 1. málsgreinar þessarar greinar ná þó eigi til:

1. hvers konar björgunarstarfs;
2. björgunar hvers konar framleiðslu frá skemmdum;
3. annars konar vinnu, sem ráðherra, í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð, kann að tiltaka í reglugerð.

Þegar undantekningarákvæði 2. málsgr. þessarar greinar eru í gildi, skal haga vinnu þannig, að verkamenn geti notið samanlagðs lágmarkshvíldartíma á þrem sólarhringum.

32. gr.

Bifreiðastjórar, sem flytja fólk, og stjórnendur véla, sem mönnum getur stafað hætta af, skulu eigi hafa lengri vinnutíma en 12 klst. á sólarhring.

33. gr.

Meðan vinna stendur yfir skulu verkamenn fá hæfilega langa hvíldartíma með hæfilegu millibili. Getur ráðherra, í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð, gefið út nánari reglur um ákvæði þessarar greinar.

VI. KAFLI

Eftirlit með framkvæmd laganna.

34. gr.

Eftirlit með því, að ákvæðum laga þessara og reglugerða settum samkvæmt þeim sé framfylgt, hefur sérstakt öryggiseftirlit, sem stjórnað er af öryggismálastjóra. Ráðherra skipar öryggismálastjóra og fasta starfsmenn öryggiseftirlitsins.

Ráðherra setur öryggiseftirlitinu starfsreglur í samráði við öryggisráð.

35. gr.

Fastir starfsmenn öryggiseftirlitsins eru öryggismálastjóri, öryggiseftirlitsmaður, skoðunarmenn og annað starfsfólk skrifstofu eftirlitsins, og taka þeir laun samkvæmt launalögum, en ráðherra ákveður umdæmisskoðunarmönnum (sbr. 37. gr.) þóknun fyrir störf þeirra.

Öryggiseftirlitið hefur samráð við hlutaðeigandi héraðslækni í öllum málum, er snerta heilbrigði verkamanna.

Trúnaðarlæknir öryggiseftirlitsins er kennari við Háskóla Íslands í heilsufræði.

Eigi mega starfsmenn öryggiseftirlitsins hafa eftirlit í fyrirtækjum, þar sem þeir hafa fjárhagslegra hagsmuna að gæta.

36. gr.

Öryggismálastjóri og öryggiseftirlitsmaður skulu vera véla- eða efnafræðingar, en skoðunarmenn skulu færa sönnur á, að þeir hafi nægilega þekkingu að dómi öryggismálastjóra og öryggisráðs.

Ákvæði 1. málsgr. þessarar greinar koma þó ekki til framkvæmda að því er snertir núverandi starfsmenn véla- og verksmiðjueftirlitsins.

Aðalmenn og varamenn öryggisráðs geta ekki jafnframt verið starfsmenn öryggiseftirlitsins.

37. gr.

Ráðherra skiptir landinu í eftirlitsumdæmi í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð og skipar skoðunarmenn í hvert þeirra. Umdæmisskoðunarmenn eru umboðsmenn öryggiseftirlitsins hver í sínu umdæmi, og framkvæma þeir vandaminni skoðanir undir eftirliti öryggiseftirlitsmanna og öryggismálastjóra.

38. gr.

Þar sem slysahætta er mikil eða vinna þess eðlis, að sérstök hætta er á, að verkamenn bíði tjón á heilsu sinni, skal starfrækslan skoðuð reglulega samkvæmt nánari ákvörðun öryggismálastjóra og öryggisráðs. Önnur starfræksla skal skoðuð, þegar öryggiseftirlitið álítur þess þörf eða ef sérstakt tilefni er til, t. d. vegna breytinga, slysa, er orðið hafa, eða samkvæmt beiðni. Öll stærri fyrirtæki skulu þó skoðuð a. m. k. einu sinni á ári.

Starfsmenn öryggiseftirlitsins skulu fylgjast með því eftir föngum, að lög þessi séu haldin, en jafnframt skulu þeir beita áhrifum sínum í þá átt, að samvinna takist milli vinnuveitenda, verkstjóra og verkamanna til eflingar aukinnar varkárni sérhvers verkamanns, að öryggisútbúnaður og aðrar ráðstafanir til aukins öryggis komi að sem beztu gagni og að umbætur verði gerðar á öryggisútbúnaði. Verkamönnum og trúnaðarmönnum þeirra er heimilt að bera fram kvartanir við öryggiseftirlitið og gera tillögur til umbóta á öryggisútbúnaði. Sé trúnaðarmönnum verkamanna kunnugt um, að eigi sé farið eftir ákvæðum laga þessara, er þeim skylt að tilkynna það öryggiseftirlitinu. Með allar slíkar umkvartanir eða tilkynningar skal fara sem trúnaðarmál.

39. gr.

Öryggiseftirlitið skal beita sér fyrir rannsóknum á útbreiðslu atvinnusjúkdóma og vinna að útrýmingu þeirra.

Trúnaðarlæknir er öryggiseftirlitinu til aðstoðar í öllum þeim málum, sem snert geta heilbrigði verkamanna, og leita skal álits hans áður en læknisskoðun er fyrirskipuð samkv. 9. gr. þessara laga.

Ráðherra setur, í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð, nánari reglur um starfssvið trúnaðarlæknisins.

40. gr.

Öllum starfsmönnum öryggiseftirlitsins skal hvenær sólarhrings sem er heimill frjáls aðgangur að sérhverjum vinnustað, sem lög þessi ná til, enda geri þeir vinnuveitanda ekki ónæði utan venjulegs vinnutíma, nema nauðsyn krefji. Þeim er heimilt að krefjast nauðsynlegra upplýsinga starfi sínu viðkomandi af vinnuveitanda og sérhverjum verkamanni, sem er í vinnu eða hefur verið í vinnu einhvern tíma síðustu þrjá mánuði. Þeim er og heimilt að skoða skjöl þau og skilríki, sem eiga að vera fyrir hendi samkvæmt þessum lögum.

Starfsmenn öryggiseftirlitsins mega ekki nota aðstöðu sína til að afla sér annarra upplýsinga um starfræksluna en þeirra, sem eru nauðsynlegar eða kunna að verða nauðsynlegar vegna eftirlitsins. Eigi mega þeir heldur láta öðrum í té upplýsingar um starfræksluna, verkamenn eða aðra aðila, ef þeir hafa fengið vitneskjuna vegna eftirlits síns og ástæða er til að ætla, að henni skuli haldið leyndri.

41. gr.

Ef öryggiseftirlitið hefur krafizt þess með hæfilegum fyrirvara af einhverju fyrirtæki, að öryggisútbúnaður verði lagfærður eða nýjum öryggisútbúnaði komið fyrir og lagfæringin hefur eigi verið gerð, þegar frestur sá er liðinn, sem öryggiseftirlitið hefur gefið til framkvæmdanna, getur öryggismálastjóri látið framkvæma lagfæringarnar á kostnað fyrirtækisins. Slíkan kostnað má innheimta jafnhliða opinberum gjöldum, og fylgir lögtaksréttur þeim kröfum.

Telji öryggiseftirlitið sérstaka hættu á ferðum fyrir líf eða heilbrigði verkamanna eða annarra, getur það krafizt þess, að strax sé bætt úr því, sem ábótavant er, eða látið hætta vinnu í þeim hluta starfrækslunnar, sem þannig er á sig kominn.

42. gr.

Ákvörðunum öryggismálastjóra skv. 41. gr. þessara laga má innan hálfs mánaðar áfrýja til ráðherra, sem kveður upp úrskurð um deiluefnið í samráði við öryggisráð.

Áfrýjun samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar frestar ekki framkvæmd aðgerða eftir ákvæðum 2. málsgr. 41. gr. þessara laga.

43. gr.

Öryggismálastjóri gerir, í samráði við öryggisráð, útdrátt úr þessum lögum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim. Útdrætti þessa skal festa upp á vinnustað, eftir því sem við á, og skal þannig frá þeim gengið, að verkamenn eigi auðvelt með að kynna sér efni þeirra. Öryggisráð getur þó veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar í samráði við öryggismálastjóra.

Öryggismálastjóri getur fyrirskipað vinnuveitanda að festa upp greinilegar aðvaranir á stöðum, þar sem sérstök nauðsyn er vegna slysahættu eða annars, er lög þessi varðar.

44. gr.

Læknar og sjúkrahús skulu tilkynna héraðslækni alla sjúklinga, sem eru til lækninga hjá þeim og eru með sjúkdóma, sem stafa eða kunna að stafa af atvinnu þeirra, en héraðslæknir gerir öryggiseftirlitinu síðan aðvart. Ráðherra setur, í samráði við landlækni og öryggisráð, nánari reglur um tilkynningarskyldu þessa.

45. gr.

Í hverju fyrirtæki, þar sem 5 verkamenn eða fleiri vinna að staðaldri, skulu þeir velja sér trúnaðarmann, er viðurkenndur sé af vinnuveitanda.

Trúnaðarmaður verkamanna skal fylgjast með starfstilhögun í fyrirtækinu í samráði við vinnuveitanda og líta eftir, að haldnar séu settar reglur um öryggisútbúnað og hollustuhætti. Vinnuveitandi og verkstjórar skulu ráðgast við trúnaðarmann um allt það, er snertir öryggi verkamanna við vinnu og annan aðbúnað þeirra.

Hafi trúnaðarmaður verkamanna kvartað við vinnuveitanda eða verkstjóra um eitthvert atriði, er snertir öryggi verkamanna við vinnu og annan aðbúnað þeirra, skal trúnaðarmanninum tilkynnt að hæfilegum tíma liðnum, hvað gert verður vegna umkvörtunarinnar.

Öryggiseftirlitsmenn skulu jafnan leita upplýsinga um viðkomandi fyrirtæki hjá trúnaðarmanni verkamanna, þegar litið er eftir fyrirtækinu, en trúnaðarmaður er skyldur að gefa eftirlitsmönnunum þær upplýsingar um fyrirtækið, er hann getur í té látið og snerta öryggi verkamanna við vinnu eða hollustuhætti.

Trúnaðarmaður verkamanna nýtur þeirrar verndar, sem ákveðin er í 11. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

46. gr.

Vinnuveitendum, verkstjórum og trúnaðarmönnum verkamanna skulu látin í té ókeypis lög þessi sérprentuð og reglugerðir, sem settar verða samkvæmt þeim, eftir því sem við á.

VII. KAFLI
Öryggisráð.

47. gr.

Ráðherra skipar fimm manna öryggisráð til sex ára í senn. Hann skipar formann þess án tilnefningar, en tvo verkamenn og tvo fulltrúa vinnuveitenda samkvæmt tilnefningu eftirtaldra aðila:

1. Alþýðusambands Íslands,
2. Félags íslenzkra iðnrekenda og
3. Landssambands iðnaðarmanna,

einn frá hvorum hinna fyrsttöldu, en tvo frá hinum síðasttalda, og sé annar þeirra starfandi sveinn, er útnefningin fer fram, en hinn meistari.

Varamenn skulu skipaðir jafnmargir og á sama hátt.

Ráðherra setur öryggisráðinu starfsreglur og ákveður því þóknun fyrir störf þess.

Kostnaður við störf öryggisráðs greiðist úr ríkissjóði.

48. gr.

Ráðherra og öryggismálastjóri geta krafizt af öryggisráðinu yfirlýsingar um mál, er snerta öryggi verkamanna við vinnu og önnur atriði, er lög þessi ná til. Öryggisráðið tekur til athugunar þau mál, sem lög þessi ná til, og lætur álit sitt á þeim í ljós við ríkisstjórnina og öryggiseftirlitið. Það skal og gera tillögur til ráðherra um breytingar á þessum lögum og viðauka við þau, ef því þykir ástæða til.

VIII. KAFLI
Eftirlitsgjald.

49. gr.

Til að standast kostnað af framkvæmd laga þessara skulu eigendur þeirra fyrirtækja, er lög þessi ná til, greiða árlega í ríkissjóð eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá, er ráðherra setur í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð. Eftirlitsgjaldið skal miðað við orkunotkun og vélafjölda fyrirtækis eða fjölda verkamanna, sem vinna í fyrirtækinu, eða hvort tveggja, rúmmál húsa í smíðum, magn þeirrar vöru, sem flutt er úr eða í skip, stærð íbúðarskýla verkamanna og vinnustofa án véla, og enn fremur skal greiða skrásetningargjald nýrra véla miðað við innkaupsverð þeirra. Eftirlitsgjaldið innheimtist jafnhliða opinberum gjöldum, og fylgir því lögtaksréttur.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. þessara laga er ráðherra heimilt, í samráði við öryggisráð, að undanþiggja þá starfrækslu eftirlitsgjaldinu, þar sem fimm verkamenn eða færri vinna, eða notuð er orka, sem eigi fer fram úr 3 hö, enda sé vinnu þannig háttað, að eftirlit sé miður nauðsynlegt.

IX. KAFLI
Refsiákvæði.

50. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum frá 50—5000 krónum, nema þyngri hegning liggi við að öðrum lögum. Sektirnar renna í ríkissjóð.

51. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim skal farið sem almenn lögreglumál.

X. KAFLI
Ýmis ákvæði.

52. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 24 7. maí 1928, um eftirlit með verksmiðjum og vélum, lög nr. 102 3. maí 1935, um viðauka við lög nr. 24 frá 7. maí 1928, um eftirlit með verksmiðjum og vélum, og lög nr. 72 7. maí 1940, um breyting á lögum nr. 24 7. maí 1928, um eftirlit með verksmiðjum og vélum.

53. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta hefur verið flutt á undanförnum tveim þingum, en ekki orðið útrætt. — Vísast til athugasemda þeirra, er fylgdu frv., þegar það var lagt fram fyrst. (Alþt. 1948, þskj. 180).

Nd. 28. Frumvarp til laga [27. mál]

um breyting á lögum nr. 30 1. febrúar 1936, um breyting á og viðauka við siglingalög nr. 56 30. nóvember 1914.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þó skulu kröfur, sem skipstjóri hefur stofnað til vegna úttektar á vistum til skipa þeirra, er síldveiðar stunda sumarið 1950, vegna síldveiðanna, njóta sjóveðsréttar, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 30 1. febrúar 1936, um breyting á og viðauka við siglingalög, nr. 56 30. nóvember 1914.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Atvinnumálaráðherra hefur tjáð mér, að vegna fjárhagsörðugleika síldveiðiflotans sakir aflabrests á yfirstandandi síldarvertíð, sé mjög erfitt að fá keyptar vistir til skipanna, nema því aðeins að kröfur, sem stofnaðar

hafa verið eða stofnaðar verða vegna kaupa á vistunum, verði látnar njóta sjóveðsréttar.

Vegna þessa gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þó skulu kröfur, sem skipstjóri hefur stofnað til vegna úttektar á vistum til skipa þeirra, er síldveiðar stunda sumarið 1950, vegna síldveiðanna, njóta sjóveðsréttar, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 12. ágúst 1950.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Ólafur Thors.

Nd. 29. Frumvarp til laga [28. mál]

um breyting á lögum nr. 69 12. apríl 1945, um stýrimannaskólann í Reykjavík.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Orðið „þýzku“ í 3. gr. laga nr. 69 12. apríl 1945 falli niður.

2. gr.

Á 5. gr. II. sömu laga eru gerðar eftirtaldar breytingar:

1. Orðin „eða stjarna“ í 2. tölulið falli niður.
2. 7. töluliður orðist svo: Þekking á himinhvolfinu og daglegri hreyfingu þess, á bauganeti þess, á því að ákveða afstöðu himinhnatta, þekking á sólinni og hreyfing hennar.
3. 9. töluliður orðist svo: Kunna að finna ristíma og hvarftíma sólarinnar.
4. 10. töluliður orðist svo: Þekking á hæðarleiðréttingum himinhnatta og að kunna að finna breiddina með athugun sólarinnar í hádegisbaug.
5. Nýr tölulíður nr. 11 bætist við greinina: Kunna að finna staðarlínu fyrir skipið með hæðaraðferðinni.

3. gr.

Á 6. gr. sömu laga eru gerðar eftirtaldar breytingar:

1. Málsgreinin „Að kunna að finna breiddina af athugun sólar“ o. s. frv., falli niður.
2. Málsgreinin „Að kunna að finna lengdina með sjóúrinu“ o. s. frv., falli niður.
3. Málsgreinin „Þýzka (skrifleg og munnleg): Krafizt er sömu kunnáttu og í ensku“ falli niður.

4. gr.

12. gr. sömu laga falli niður og greinatala laganna breytist í samræmi við það.

5. gr.

14. gr. sömu laga, sem verður 13. gr., orðist svo:

Við stýrimannaskólann skulu, auk skólastjóra, vera að jafnaði fjórir skipaðir kennarar, þrír kennarar í siglingafræði og tungumálakennari, og stundakennarar eftir þörfum.

Laun fastra kennara við skólann skulu ákveðin í launalögum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta vísast til bréfs skólastjóra stýrimannaskólans, sem prentað er sem fylgiskjal, þar sem mælzt er til, að umræddar breytingar verði gerðar á lögum um stýrimannaskólann í Reykjavík.

Fylgiskjal.

STÝRIMANNASKÓLINN

Reykjavík, 2. september 1950.

Af aðferðum við staðarákvarðanir með athugunum himinhnatta, hefur fiskimannaprófsnemendum við stýrimannaskólann aðeins verið kennt að finna breiddina með athugun sólar eða fastastjörnu í hádegisbaug. Reynslan hefur orðið sú, að fiskimenn nota lítið sem ekkert fastastjörnurnar til þessara athugana á sjónum, og álít ég því í rauninni óþarft, að eyða tíma í þá kennslu í fiskimannadeild. Meiri nauðsyn tel ég vera á því, að kenna þessum nemendum að nota sólina til víðtækari staðarákvarðana, svo að þeir geti fundið með henni bæði breidd og lengd staðarins, þar með athugaðan stað skipsins á sjónum.

Í framtíðinni má búast við, að hin nýju og dýru fiskiskip okkar sæki meir en hingað til á fjarlæg fiskimið, þar sem ef til vill er ekki kostur á að finna ábyggilegan stað skipsins með öðru en himinstaðarlínum. Til slíkra staðarákvarðana er hentugast að nota hina svonefndu *hæðaraðferð*, sem fram að þessu hefur aðeins verið kennd til farmannaprófs, en er tiltölulega auðlærð.

Leyfi ég mér hér með að leggja til, að kennsla í að nota þá aðferð verði tekin upp í fiskimannadeild, en til þess þarf að breyta lögunum um stýrimannaskólann í Reykjavík. Læt ég fylgja hér með eintak af núgildandi lögum, þar sem sýndar eru hinar fyrirhuguðu breytingar þessu viðvíkjandi, og aðrar, sem gera þarf til samræmis við þær breytingar, sem orðið hafa á skólahaldinu, síðan lögin voru sett.

Um þessar mundir er verið að breyta siglingafræðiárbókum flestra siglingaþjóða í nýtt form. Af því leiðir, að gera þarf nokkrar breytingar á kennslu- og dæmabókum, sem notaðar eru við stýrimannaskólann, og er nú unnið að því af kennurum skólans. Verði lögunum um stýrimannaskólann breytt samkvæmt framansögðu, þarf einnig að samræma íslenzka sjómannaalmanakið fyrir árið 1951 þeim breytingum, en vinna við það er nú hafin.

Af þessum ástæðum leyfi ég mér að beiðast þess, að frumvarp um ofangreindar lagabreytingar verði lagt fyrir Alþingi, strax þegar það kemur saman í haust, og verði afgreiðslu þess flýtt svo sem unnt er, svo hægt verði að byrja kennslu samkvæmt hinum nýju lögum, svo fljótt sem unnt er á þessu hausti.

Fr. V. Ólafsson.

Ed. 30. Frumvarp til laga [29. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Flm.: Þorsteinn Þorsteinsson.

1. gr.

a. Á eftir B. 33 í 2. gr. laganna bætast tveir nýir töluliðir:
   1. *Hörðudalsvegur:* Frá Skógarstrandarvegi að Vífilsdal.
   2. *Miðdalavegur:* Frá þjóðveginum við Tunguá um Svarfhól að Fellsenda.

b. Á eftir B. 37 í sömu gr. bætist nýr liður:
   Efribyggðarvegur: Frá þjóðveginum (Klofningsvegi) hjá Helluá um Túngarð og Stórutungu á þjóðveginn utan Kjarlaksstaða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frv. þessu er lagt til, að þrír vegir, sem nú eru sýsluvegir í Dalasýslu, verði teknir í þjóðvegatölu. Hefur hvað eftir annað komið fram hér á Alþingi tillaga um, að vegir þessir verði gerðir að þjóðvegum. Er hin mesta nauðsyn að hraða lagningu vega þessara meir en sýslusjóður hefur fjármagn til, enda fjöldi annarra sýsluvega, sem bíða nýlagningar eða annarra endurbóta.

Nd. 31. Breytingartillögur [17. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Pétri Ottesen.

Við 1. gr. Framan við greinina bætist:

1. Á eftir B. 7 í 2. gr. laganna kemur nýr liður:
   Skorradalsvegur: Frá Háafelli um Fitjar að Efstabæ.
2. Á eftir B. 8 í sömu lagagr. kemur nýr liður:
   Svínadalsvegur: Frá þjóðveginum hjá Hóli, norðan Laxár, á þjóðveginn í Kornahlíð, gegnt Geitabergi.
3. Á eftir B. 14 í sömu lagagr. koma nýir liðir:
   a. *Árbakkavegur:* Af Bæjarsveitarvegi ofanvert við Þórdísarholt um Hvítárbakka að Árbakka.
   b. *Flókadalsvegur:* Af Bæjarsveitarvegi hjá Steðja, upp Flókadal um Skóga að Brennistöðum.
   c. *Reykdælavegur:* Af þjóðveginum hjá Kleppjárnsreykjum, sunnan Reykjadalsár, að brúarstæði á Reykjadalsá undan Steindórsstöðum.

Nd. 32. Breytingartillögur [17. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Jóni Gíslasyni.

Við 1. gr. Framan við greinina bætist:

1. A. 40 í 2. gr. laganna orðist svo:
   Reynishverfisvegur: **Af Suðurlandsvegi á Fossholtum að Görðum í Reynishverfi.**

2. Á eftir A. 40 í sömu gr. kemur nýr liður:
   Mýrdalssandsvegur syðri: Af Suðurlandsvegi fyrir neðan Fagradal, yfir Mýrdalssand að Hraunbæ í Álftaveri.
3. A. 41 í sömu gr. orðist svo:
   Álftaversvegur: Af Suðurlandsvegi við Skálmarbrú á Mýrdalssandi, um Þykkvabæjarklaustur að Mýrum og Jórvík í Álftaveri.
4. Á eftir A. 43 í sömu gr. kemur nýr liður:
   Holtsvegur: Af Suðurlandsvegi austan við Eldhraun um Skaftárbrú vestri að Holti á Síðu.
5. Á eftir A. 44 í sömu gr. kemur nýr liður:
   Brunasandsvegur: Af Suðurlandsvegi austan Fossála á Síðu, um Brunasand sunnan hraunsins að Teygingalæk.

Sþ. 33. Skýrsla

félagsmálaráðuneytisins um 31. þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í San Francisco 1948.

I. Inngangur.

31. þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar var haldið í San Francisco í Kaliforníu í boði Bandaríkjastjórnar dagana 17. júní til 10. júlí 1948.

Þingsókn var að þessu sinni mun lakari en verið hafði á næsta þingi á undan og munu gjaldeyriserfiðleikar ýmissa þjóða hafa átt sök á því, að þær sendu ekki eins fjölmennar sendinefndir og venja þeirra er.

Alls sátu þingið 443 fulltrúar og ráðunautar. Meðal þeirra voru margir ráðherrar, þ. á m. félagsmálaráðherrar Austurríkis og Tékkóslóvakíu og George Isaacs verkamálaráðherra Bretlands. Einnig voru fulltrúar frá Sameinuðu þjóðunum og ýmsum öðrum alþjóðastofnunum, sem eru í sambandi við þær.

Frá því er síðasta þing hafði verið haldið í Genf 1947, höfðu 5 ríki bætzt í hóp aðildarríkjanna, þ. e. El Salvador, Philipseyjar, Burma, Pakistan og Sýrland. Áttu þau öll fulltrúa á þinginu. Þingið samþykkti upptökubeiðni Ceylon, og eru aðildarríki stofnunarinnar þar með orðin 60 að tölu.

Vegna mikils kostnaðar við að senda fulla tölu fulltrúa á þingið í San Francisco, svo og gjaldeyrisörðugleika, varð það að ráði, að einungis einn fulltrúi mætti þar að þessu sinni. Var Jónas Guðmundsson skrifstofustjóri félagsmálaráðuneytisins tilnefndur og honum til aðstoðar Jón S. Ólafsson fulltrúi í sama ráðuneyti, en hann dvaldi þá vestan hafs á vegum Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar. Síðar á þinginu voru Jóni S. Ólafssyni veitt réttindi sem fullgildum ríkisstjórnarfulltrúa.

Dagskrá þingsins var svo hljóðandi:

1. Skýrsla forstjórans.
2. Fjárhagsmál.
3. Skýrslur aðildarríkjanna um framkvæmdir á samþykktum.
4. Skipulag vinnumiðlunar (síðari umræða) og endurskoðun samþykktar nr. 34 frá 1933, um vinnumiðlunarskrifstofur, sem taka gjald fyrir störf sín.
5. Leiðbeiningar um stöðuval.
6. Vinnulaun:
   a. Skýrsla um launamál almennt (undirbúningsumræður).
   b. Ákvæði um sanngjörn laun í samningum hins opinbera (fyrri umræða).
   c. Vernd vinnulauna (fyrri umræða).
7. Félagafrelsi og verndun þess (ein umræða)
8. Framkvæmd grundvallarreglna félagafrelsis o. fl. (fyrri umræða).
9. Breytingar á samþykktum um næturvinnu kvenna.

10. Breytingar á samþykktum um næturvinnu unglinga í iðnaði.
11. Breytingar þær á fylgiskjali samþykktarinnar frá 1947, um að beita lágmarksákvæðum um vinnuskilyrði í ósjálfstæðum löndum, er leiða af breytingum á samþykktum þeim, sem getið er í 9. og 10. dagskrárlið.
12. Forréttindi og undanþágur Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir afgreiðslu hinna ýmsu dagskrármála hvers fyrir sig.

II. Þingsetning og forsetakosningar.

Setning þingsins fór fram í óperuhöll San Franciscoborgar, en þar hafði stofnþing Sameinuðu þjóðanna verið haldið á sínum tíma. Aðrir fundir þingsins voru haldnir í verzlunarháskóla borgarinnar.

Forseti stjórnarinnar, Louis Alvarado frá Perú, mælti fyrst nokkur orð og gaf síðan David A. Morse, þáverandi verkamálaráðherra og fulltrúa Bandaríkjastjórnar, orðið.

David Morse lét í ljós mikla ánægju yfir því, að þetta þing skyldi haldið í San Francisco, og gat þess í því sambandi, að þetta þing væri 5. þing stofnunarinnar, sem haldið væri í Bandaríkjunum, en meðal þeirra var fyrsta þing stofnunarinnar, sem haldið var í Washington árið 1919. Fullvissaði hann þingheim um trú sína og stjórnar sinnar á mikilvægi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Vitnaði hann í því sambandi til þessara orða Trumans forseta: „Þessi stofnun getur lagt og leggur meira af mörkum til heimsfriðarins en svo að segja nokkur önnur stofnun sinnar tegundar.“ Þá flutti hann sérstaka kveðju frá Marshall utanríkisráðherra og að síðustu las hann ávarp til þingsins frá Truman forseta. Í ávarpi þessu harmaði forsetinn að geta ekki verið viðstaddur setningu þingsins. Sendi hann því árnaðaróskir og fór miklum viðurkenningarorðum um Alþjóðavinnumálastofnunina og störf hennar.

Borgarstjórinn í San Francisco bauð þingheyjendur velkomna og lét í ljós ánægju yfir því, að þingið skyldi koma saman á þessum stað. Óskaði hann þingheimi ánægjulegrar dvalar og árangursríks starfs.

Þessu næst flutti stjórnarforsetinn setningarræðu sína, og mælti hann á spánska tungu, en það er í fyrsta sinn í sögu stofnunarinnar, að þingsetningarræða hefur verið flutt á því máli.

Hóf forsetinn ræðu sína með þökkum til Bandaríkjastjórnar, stjórnar Kaliforníuríkis og borgarstjórnar San Francisco fyrir þá aðstoð, sem þessir aðilar hefðu veitt stofnuninni með boði sínu til að halda þingið á þessum stað, og margháttaða fyrirgreiðslu í því sambandi.

Síðan rakti forsetinn hið helzta, sem gerzt hafði, frá því er síðasta þing var haldið í Genf 1947, og skal það rakið hér að nokkru.

Stjórnarskrárbreytingar þær, sem gerðar voru á þinginu í Montreal 1946, gengu í gildi 20. apríl 1948. Þessar breytingar munu hafa víðtæk áhrif til eflingar Alþjóðavinnumálastofnuninni, en þær leggja meiri skyldur á aðildarríkin en áður var.

Á stjórnarfundi, er haldinn var dagana fyrir þingsetningu, var David A. Morse kjörinn til að taka við embætti aðalforstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, þegar Edward Phelan léti af því starfi á komandi hausti fyrir aldurs sakir.

Edward Phelan var einn þeirra, sem unnu að myndun Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og hefur helgað henni alla krafta sína allt frá byrjun, og á hún vöxt sinn og viðgang að mjög miklu leyti honum að þakka. Óhætt er að segja það, að hefði Alþjóðavinnumálastofnunin ekki notið hinna miklu hæfileika hans á erfiðleikatímum síðustu heimsstyrjaldar, hefði hún að öllum líkindum hlotið sömu örlög og aðrar deildir þjóðabandalagsins, þ. e. a. s. liðið undir lok.

David Morse, sem nú tekur við af hr. Phelan, hefur verið vara-verkamálaráðherra Bandaríkjanna og hefur getið sér góðan orstír fyrir stjórn sína á því ráðuneyti. Hann hefur og tekið mikinn þátt í störfum vinnumálaþingsins undanfarin ár.

Þótti mönnum mjög vel hafa tekizt til um val forstjóra, þar sem hr. Morse þótti líklegur til að halda vel uppi merki fyrirrennara sinna.

Forsetinn lagði áherzlu á þýðingu þess, að stjórnin hefði nú ákveðið að stofna nefnd, er fjalli um mál, sem upp koma í sambandi við samvinnu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar við Sameinuðu þjóðirnar og önnur alþjóðleg samtök. Þá skýrði hann frá störfum skrifstofunnar og hinna einstöku nefnda stofnunarinnar.

Að lokinni setningarræðu stjórnarforsetans hófst kosning þingforseta. Fyrir valinu varð Justin Godart fyrrverandi ráðherra, stjórnarfulltrúi frá Frakklandi, og var hann kjörinn einróma.

Hver flokkur kaus síðan að vanda varaforseta úr sínum hópi. Þessir hlutu kosningu: Sumer frá Tyrklandi fyrir stjórnarfulltrúana, H. C. Örsted frá Danmörku fyrir vinnuveitendur og Bengough frá Kanada fyrir verkamenn.

III. Nefndakosningar.

Samkvæmt þingsköpum var fyrst kosin dagskrárnefnd (Selection Committee). Hana skipuðu 32 fulltrúar, 16 stjórnarfulltrúar og 8 frá hvorum, vinnuveitendum og verkamönnum.

Samkvæmt tillögum dagskrárnefndar var kosið í eftirtaldar nefndir, er fjalla skyldu um einstök þingmál:

1. Nefnd til að fjalla um skipulag vinnumiðlunar og leiðbeiningar um stöðuval (4. og 5. dagskrármál), skipuð 60 fulltrúum.
2. Vinnulaunanefnd (6. dagskrármál), skipuð 70 fulltrúum.
3. Nefnd til að fjalla um félagafrelsi og samband vinnuveitenda og verkamanna (7. og 8. dagskrármál), skipuð 80 fulltrúum.
4. Nefnd til að fjalla um breytingar á samþykktunum um næturvinnu kvenna (9. dagskrármál), skipuð 32 fulltrúum.
5. Nefnd til að fjalla um breytingar á samþykktinni um næturvinnu unglinga (10. dagskrármál), skipuð 32 fulltrúum.
6. Nefnd til að rannsaka framkvæmdir á samþykktum (3. dagskrármál), skipuð 28 fulltrúum.

Auk þessa voru eftirtaldar nefndir skipaðar í samræmi við ákvæði þingskapa:

7. Kjörbréfanefnd, skipuð þrem fulltrúum, sínum frá hverjum flokki.
8. Þingskapanefnd, skipuð 16 fulltrúum, 8 stjórnarfulltrúum og 4 frá hvorum hinna flokkanna.
9. Ályktananefnd, skipuð 24 fulltrúum, þar af 12 stjórnarfulltrúum og 6 frá hvorum hinna flokkanna.
10. Fjármálanefnd, skipuð einum fulltrúa hverrar þeirrar ríkisstjórnar, sem fulltrúa átti á þinginu.

Jónas Guðmundsson átti sæti í fjármálanefndinni og nefndinni, sem fjallaði um félagafrelsi. Var Jón S. Ólafsson varamaður hans í þeim báðum. Auk þessa sóttu íslenzku fulltrúarnir fundi í öðrum nefndum eftir föngum.

IV. Rannsókn kjörbréfa.

Að þessu sinni fékk kjörbréfanefndin til meðferðar mótmæli gegn tilnefningu verkamannafulltrúanna frá Argentínu, Frakklandi, Grikklandi, Indlandi, Kúba, Mexico, Perú og Uruguay. Nefndin, sem var undir forsæti Paul Berg, samþykkti einróma að leggja til við þingið, að það meinaði engum þessara fulltrúa þingsetu, þar sem hún taldi mótmælin ekki á nægilegum rökum reist.

Af þeim mótmælum, sem bárust, vöktu mótmælin gegn þingsetu franska verkamannafulltrúans, Leon Jouheaux, mesta athygli og umræður. Leon Jouheaux hefur

fjölda ára verið fulltrúi franskra verkamanna á þingum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og var í stjórn hennar undanfarið kjörtímabil.

Verkalýðssamtökin í Frakklandi eru klofin í tvö sambönd, og tókst stjórninni ekki að fá þau til að sameinast um tilnefningu fulltrúa. Tilnefndi hún þá Jouheaux í samráði við annað sambandið, en hitt, sem er fjölmennara, taldi, að stjórninni hefði borið að hafa samráð við sig um fulltrúavalið, og kærði því til þingsins. Mótmæli gegn þingsetu þessa fulltrúa komu og frá verkamannafulltrúum Tékkóslóvakíu, Ítalíu og Póllands, og voru þau byggð á sams konar rökum. Eins og að framan getur, var kjörbréfanefndin sammála um að hafna réttmæti þessara mótmæla, og var það álit nefndarinnar samþykkt á þingfundi.

V. Einstök þingmál.

1. Skýrsla forstjórans.

Eins og á undanförnum árum varð skýrsla forstjórans tilefni til mikilla umræðna, sem 88 fulltrúar frá 42 þjóðum tóku þátt í. Meðal þeirra voru 7 ráðherrar.

Umræður þessar beinast jafnan að ástandinu í efnahags- og félagsmálum almennt. Gerð er grein fyrir framförum í einstökum löndum, sagður kostur og löstur á skýrslu forstjórans og um það rætt, sem miður eða betur hefur farið í starfsemi stofnunarinnar á undanförnu starfsári.

Umræðurnar um efnahagsmálefnin snerust einkum um Marshallaætlunina. Meiri hluti ræðumanna lét í ljós miklar vonir um árangurinn af þessari samvinnu um endureisn Evrópu. Hjá öðrum kvað þó við nokkuð annan tón. Fulltrúar Austur-Evrópuríkjanna litu á þessa áætlun með andúð og í sumum tilfellum með fullum fjandskap. Einn þeirra lét orð falla á þann veg, að áætlunin byggðist á endurreisn þungaiðnaður Þýzkalands og væri því þegar af þeirri ástæðu ótæk fyrir þau ríki, sem óttuðust endurlífgun iðnaðarmáttar Þýzkalands. Ræðumenn frá löndum utan Evrópu voru yfirleitt fylgjandi Marshallaætluninni, en töldu þó, að slíkar tilraunir til að efla að nýju velmegun þjóða, ætti að gera á alþjóðlegum grundvelli. Einkum voru það fulltrúar Asíuþjóðanna, sem töldu, að sams konar áætlun og þessa bæri að gera varðandi Asíu. Svipuð sjónarmið komu fram hjá fulltrúum Suður-Ameríku. Þá töldu ræðumenn Austur-Evrópuríkjanna skýrslu forstjórans sýna áhugaleysi fyrir hinum stórkostlegu breytingum, er þar hefðu orðið á sviðum efnahags- og félagsmála.

Að því er snertir beina starfsemi stofnunarinnar kom fram mikil ánægja með starfsemi hennar í Asíu í sambandi við sérþing þau, sem þar hefðu verið haldin með góðum árangri.

Gagnrýni kom fram á því, hversu seint gengi með fullgildingar á samþykktum fyrri þinga. Einn ræðumanna vildi kenna því um, að ástandið í fjár- og félagsmálum hefði versnað vegna stríðsins, svo og að menn bæru í brjósti ótta um, hvað framtíðin bæri í skauti sínu, enda væri það ekki óeðlilegt. Annar kvað ráða mega bót á þessu með því að láta samþykktirnar ekki taka svo mjög til smáatriða, þannig að hvert ríki gæti hagað þeim að vild.

Fundið var að því, að skýrslan gæfi ekki nægar upplýsingar um framfarir í félagsmálum á ári því, er hún tekur til. Einkum var óskað nánari upplýsinga um almannatryggingar (social security).

Stjórnarskrármál voru yfirleitt ekki rædd á þessu þingi, og mun það einkum hafa verið vegna hinna nýafstöðnu stjórnarskrárbreytinga. Þó kom fram að nýju krafan um að veita verkamönnum atkvæðamagn til jafns við samanlagt atkvæðamagn hinna flokkanna tveggja, stjórnarfulltrúa og vinnuveitenda.

Undir lok umræðnanna lýsti einn ræðumanna óánægju sinni yfir því, hversu þær hefðu snert mörg mál. Lagði hann til, að framvegis skyldi sá háttur á hafður, að umræðunum skyldi skipt í tvennt. Annar hlutinn skyldi helgaður einhverju ákveðnu umfangsmiklu máli, sem tiltekið væri af stjórninni, en hinn hlutinn sé helgaður hinum mestu alþjóðlegu vandamálum hvers tíma.

Næstum því allir ræðumenn létu í ljós söknuð sinn yfir því, að Edward Phelan léti nú af störfum og létu í ljós mikla aðdáun á hinum ómetanlegu störfum hans í þágu stofnunarinnar. Jafnframt lýstu menn ánægju sinni yfir kosningu David A. Morse og töldu framtíð stofnunarinnar vel borgið undir stjórn hans.

Forstjórinn hóf ræðu sína með því að geta þess, að búizt hefði verið við því að mörgum ríkisstjórnum mundi reynast erfitt að senda fulltrúa til San Francisco, en það, hversu margir fulltrúar sátu þingið þrátt fyrir alla erfiðleika, væri glöggt merki um lífsþrótt stofnunarinnar.

Um þá tillögu, að takmarka bæri umræðurnar við eitt ákveðið efni, sagði forstjórinn, að það væri þegar gert að nokkru leyti með því að taka mál á dagskrá til undirbúningsumræðna. Hins vegar væri þingið alþjóðlegur vettvangur, þar sem aðilar gætu rætt hvert það mál, sem þeir teldu athyglisvert, en vitanlega væru þessi mál margvísleg.

Forstjórinn kvað ósamlyndi það og sundurþykkju, er nú ríkti í heiminum, gera alþjóðlegt samstarf nauðsynlegt öllum, og stefnumál Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um bætt vinnuskilyrði og bætta lífsafkomu væri á engan hátt háð stefnum í stjórnmálum, efnahagsmálum né sérstökum hugsjónakerfum. Þess vegna sagði hann, er návist fulltrúa Austur-Evrópuríkjanna fagnað jafnvel af þeim, sem mest eru mótfallnir sumum skoðunum þeirra, sem öðrum. Grundvöllurinn að félagsmálalöggjöf Austur-Evrópuríkjanna var lagður á árunum milli heimsstyrjaldanna og er runninn af rótum starfsemi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Sérfræðingar frá stofnuninni hefðu og heimsótt þessi lönd til þess að veita þeim tæknilega aðstoð.

Forstjórinn sagði, að Alþjóðavinnumálastofnunin mundi verða öllum til aðstoðar, en tæki ekki við fyrirskipunum frá neinum. Hversu mjög sem ríkisstjórnir væru skiptar í skoðunum á þeim málum, sem Alþjóðavinnumálastofnuninni koma ekki við, hefði slíkt ekki áhrif á stefnu hennar.

Nokkurs misskilnings kvað hann enn þá gæta varðandi afstöðu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar til Alþjóðasambands verkamanna (W.F.T.U.). Alþjóðavinnumálastofnunin væri ekki stéttasamband og því síður keppinautur neins slíks sambands. Stjórnarskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar veitti verkamönnum rétt, sem þeir hefðu ekki í neinni annarri fjölþjóðlegri stofnun. Hann kvað leið hafa verið fundna til náinnar samvinnu milli þessara samtaka, til þess að komizt yrði hjá árekstrum eða tvíverknaði í störfum þeirra, sem annars kynni að koma fyrir.

Að lokum vék forstjórinn að eftirmanni sínum, David A. Morse, sem hann taldi gæddan þeim kjarki, hæfileikum og persónuleika, er gerði honum fært að inna hlutverk sitt af hendi á þann veg, að leiða mundi Alþjóðavinnumálastofnunina fram til aukinna sigursælla framfara. Hann bar og fram þakkir sínar til forseta stjórnarinnar, þingforseta og starfsliðs Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, svo og núverandi og fyrrverandi stjórnarmeðlima fyrir ánægjulegt samstarf.

Alþjóðavinnumálastofnunina kvað forstjórinn stefna og vinna að helztu markmiðum og óskum mannkynsins, þ. e. frelsi og félagslegu réttlæti, og meðan þessi markmið væru í heiðri höfð, mundi hún lifa. Þetta væri orsök þess, að hún lifði stríðið af, jókst og blómgaðist, og þess vegna gæti hann kvatt hana með óskertri trú á framtíð hennar.

2. Fjárhagsmál.

Fyrir fjármálanefndina var lögð fjárhagsáætlun fyrir árið 1949, og nam hún tæpum 5.2 milljónum dollara. Forstjórinn gerði grein fyrir fjárhagsáætluninni og gat þess m. a., að fjárhagsáætlun sú, sem hann lagði upphaflega fyrir stjórnina, hefði verið nokkru hærri. Hann kvaðst hafa búizt við nokkurri lækkun, og hún sýndi, hversu nákvæmri athugun áætlunin hefur sætt hjá stjórninni. Það væru tvö sjónarmið, sagði forstjórinn, sem athuga og samræma þyrfti. Annars vegar þarfir stofnunarinnar fyrir fjármagn til starfa þeirra, sem þing og stjórn leggur henni á herðar, og hins vegar gjaldgeta aðildarríkjanna í þessu augnamiði.

Að loknum umræðum í nefndinni var fjárhagsáætlunin samþykkt þar óbreytt, og síðan var hún að ráði nefndarinnar samþykkt á þingfundi.

Eins og að framan getur eiga einungis fulltrúar ríkisstjórna sæti í fjármálanefnd, og hefur það þótt rétt og eðlilegt, þar sem það eru ríkisstjórnirnar, sem verða að sjá um greiðslur á tillögum til stofnunarinnar.

Að þessu sinni kom fram tillaga þess efnis, að stofna bæri fjármálanefnd, skipaða fulltrúum vinnuveitenda og verkamanna, er fjallaði um fjárhagsáætlunina áður en hún færi til fjármálanefndar ríkisstjórnafulltrúanna. Tillögumaðurinn færði þau rök fyrir máli sínu, að framlög aðildarríkjanna til stofnunarinnar væru greidd af almannafé, sem skattgreiðendur hefðu innt af hendi, og því bæri að tryggja sem bezt eftirlit með hagnýtingu þess fjár. Mikil áherzla var lögð á það, að greiðslur framlaga aðildarríkjanna væru inntar af hendi til fulls, en á því hefur verið nokkur misbrestur undanfarin ár. Í því sambandi lagði Sir John Forbes Watson áherzlu á það, að gæta yrði þess vel, að leggja ekki þær fjárhagslegar byrðar á herðar aðildarríkjunum, sem þau ekki gætu borið. Hann vék og að skattfrelsi starfsfólks stofnunarinnar og taldi, að það bæri að afnema og gera því skylt að greiða skatta í samræmi við lög þess ríkis, sem það dveldi í.

Þá samþykkti þingið reikninga stofnunarinnar fyrir árið 1947 og gerði nokkrar breytingar á reglunum um eftirlaunagreiðslur.

Að undangenginni atkvæðagreiðslu var Búlgaríu veittur atkvæðisréttur á þinginu, þrátt fyrir það, að hún skuldaði árgjald sitt fyrir tvö undanfarin ár. Einnig var gerð ályktun varðandi fyrirkomulag greiðslu á eftirstöðvum á skuldum Búlgaríu, Ungverjalands og Líberíu.

3. Skýrslur um framkvæmdir á samþykktum.

Nefnd sú, sem um þessi mál fjallar, hefur mikið efni til að vinna úr. Fyrst og fremst eru það skýrslur þær, sem aðildarríkin gefa samkvæmt 22. gr. stjórnarskrárinnar og greinargerð um þær frá sérstakri sérfræðinganefnd. Þá eru skýrslur þær, sem aðildarríkin hafa sent eftir þann frest, sem þeim er til þess gefinn, svo og viðbótarupplýsingar, sem borizt hafa vegna fyrirspurna frá sérfræðinganefndinni. Að síðustu eru svo statistiskar skýrslur frá skrifstofunni.

Eftir gildistöku stjórnarskrárbreytinganna frá 1946 hvílir miklu ríkari skylda á aðildarríkjunum en áður var, þar sem þau eiga nú ekki einungis að gefa skýrslur um framkvæmdir á samþykktum, sem þau hafa fullgilt, heldur skulu þau einnig gera grein fyrir því, hvað hamli fullgildingu þeirra á öðrum samþykktum. Þetta hefur í för með sér aukna vinnu fyrir nefndina, og þar sem hún hefði aðeins þingtímann til umráða til starfa sinna yrði hún að geta reitt sig á þær upplýsingar, sem fyrir henni lægju. Það var því talið að nauðsynlegt mundi verða að auka sérfræðinganefndina og láta hana koma oftar saman. Í þessu sambandi kom fram tillaga þess efnis að skýrslurnar yrðu sendar fyrr á árinu, svo að svörin bærust sérfræðingunum fyrr í hendur.

Það kom fram í greinargerð nefndarinnar, að yfirleitt hafa aðildarríkin sent skrifstofunni skýrslur eins og þeim bar, en þó voru nokkrar undantekningar frá því og var það vítt mjög og aðildarríkin hvött alvarlega til þess að rækja skyldur sínar í þessu efni.

Einnig kom fram mikil gagnrýni á þau ríki, sem fullgilt hefðu samþykktir, en ekki hirt um að breyta löggjöf sinni í samræmi við þær, eða höfðu alls enga löggjöf um þau mál, sem þær fjalla um. Var talið að í slíkum tilfellum hefði verið æskilegra að engin fullgilding hefði átt sér stað.

4. Skipulag vinnumiðlunar og leiðbeiningar um stöðuval. (4. og 5. dagskrármál).

Skipulag vinnumiðlunar var fyrst til umræðu á Genfarþinginu 1947, og fór nú fram síðari umræða um það. Fyrir þinginu lágu frumvörp að samþykkt og álitsgerð um málið, sem gerð höfðu verið í samræmi við niðurstöður umræðnanna á Genfarþinginu.

Frumvörp þessi voru bæði samþykkt með lítils háttar breytingum, samþykktin með 129 atkvæðum gegn engu, en álitsgerðin með 102 gegn 24 atkvæðum.

Þeir, sem atkvæði greiddu gegn álitsgerðinni, voru einkum fulltrúar vinnuveitenda, og var það sökum eins sérstaks atriðs, þ. e. orðalags ákvæðisins um hlutleysi vinnumiðlunarstofnananna. Í álitsgerðinni er ekki almennt ákvæði um hlutleysi vinnumiðlunarstofnananna, en það er fyrirskipað í sambandi við vinnu í fyrirtækjum, þar sem vinnudeila stendur yfir, og einnig mega þær ekki vísa mönnum á vinnu þar, sem laun eða vinnuskilyrði eru lakari en venja er til, eða lög ákveða. Þá má vinnumiðlunarstofnun ekki mismuna fólki vegna kynþáttar, litarháttar, kyns eða trúarbragða. Þessi ákvæði voru sett í álitsgerðina eftir miklar og harðar umræður. Brezki ríkisstjórnarfulltrúinn var mjög fylgjandi öðru orðalagi á ákvæðinu um ráðningu verkamanna í vinnu, þar sem laun eða vinnuskilyrði eru lakari en almennt gerist. Hann kvað vinnumiðlunarstofnanirnar settar í vanda með því að skylda þær til að meta hverju sinni, er þær ráða mann í vinnu, hvort fyrirtæki greiddi of lág laun, og mundi það skerða hlutleysi þeirra. Hann lagði því til, að reglunni yrði breytt þannig, að þær skyldu í þessu tilliti einnig gæta fyllsta hlutleysis. Tillaga þessi mætti mótspyrnu frá verkamannafulltrúunum, en var studd af fulltrúum atvinnurekenda og nokkrum stjórnarfulltrúum. Við atkvæðagreiðslu var hún felld.

Fyrir þinginu lágu tillögur til breytinga á Samþykkt nr. 34 um vinnumiðlunarstofnanir, sem taka gjald fyrir störf sín. Þessar fyrirhuguðu breytingar snertu ekki neinar grundvallarreglur samþykktarinnar, en miðuðu að því, að auðvelda framkvæmdir á ákvæðum hennar. Miklar og harðar umræður urðu um þessa samþykkt, einkum út af því atriði, hvort afnema bæri slíkar vinnumiðlunarstofnanir eða setja þær undir opinbert eftirlit. Fulltrúar vinnuveitenda voru fylgjandi því, að leyfa þeim að starfa áfram, en verkamannafulltrúarnir voru því andvígir.

Engar breytingar á samþykktinni náðu fram að ganga, en samþykkt var tillaga þess efnis, að mál þetta skyldi tekið upp að nýju á næsta þingi, að undangenginni nákvæmri athugun á því, og skyldi skrifstofan ráðfæra sig um það við ríkisstjórnir aðildarríkjanna.

Um leiðbeiningar um stöðuval fór fram fyrri umræða á þessu þingi. Fyrir lá frumvarp að álitsgerð um málið, og var það samþykkt með smávægilegum breytingum og ákveðið að taka málið upp til fullnaðarafgreiðslu á næsta árs þingi. Við umræðurnar um leiðbeiningar um stöðuval kom það greinilega fram, hversu menn töldu þetta mál hafa aukna þýðingu í þjóðfélagi nútímans.

5. Vinnulaun. (6. dagskrármál).

Um þetta má fóru einungis fram almennar umræður, og var ekki ætlunin, að um það yrðu gerðar samþykktir eða álitsgerðir að þessu sinni.

Skrifstofan hafði samið almenna greinargerð um vinnulaun svo og sérstakar greinargerðir um launaákvæði í samningum hins opinbera og launavernd.

Greinargerðir þessar voru lagðar til grundvallar fyrir umræðum um málið í nefnd þeirri, er um það fjallaði. Við umræðurnar um almennu greinargerðina bar mest á þeirri kröfu, að sömu laun skuli greidd fyrir sömu vinnu og samþykkt var tillaga, sem leggur áherzlu á það, að innan aðildarríkjanna verði gerðar ráðstafanir til þess að koma þessari reglu í framkvæmd. Felst í ályktun þessari áskorun til skrifstofunnar um að gefa þessu máli sem mestan gaum og setja það á dagskrá þingsins við fyrstu hentugleika.

Þá var rætt um launtryggingar, og var einnig samþykkt ályktun varðandi það mál. Felur hún í sér meðmæli með því, að reglan um launatryggingu skuli í vaxandi mæli látin ná til þeirra launþega, sem líklegir eru til að verða fyrir atvinnuleysi um stundarsakir. Enn fremur er hún hvöt til stjórnarinnar um að láta hinar ýmsu iðnaðarnefndir stofnunarinnar taka mál þetta til athugunar og athuga möguleikana á því, hversu koma megi í veg fyrir stundaratvinnuleysi og óstöðugleika í at-

vinnurekstri. Þá eru og í ályktuninni tilmæli um, að þetta mál verði tekið á dagskrá þingsins fljótlega.

Nefnd sú, sem hafði þessi mál til meðferðar, gat ekki lokið þessum almennu umræðum um þau og var því samþykkt, að þeim skyldi haldið áfram á þingi því, sem væntanlega yrði haldið næsta ár í Genf.

Skal nú vikið lauslega að hinum sérstöku greinargerðum, sem áður voru nefndar.

Að því er tekur til launaákvæða í opinberum samningum, þá var samin spurningalisti, sem senda átti ríkisstjórnum, og með hliðsjón af svörum þeirra skyldi semja frumvarp að samþykkt og leggja það fyrir þingið 1949. Aðaltilgangur samþykktar þessarar skyldi vera að tryggja verkamönnum þeim, sem hún tekur til, jafngóð kjör og þeim, sem ráðnir eru til samsvarandi vinnu, sem framkvæmd er í samræmi við samninga milli félagssamtaka vinnuveitenda og verkamanna.

Á grundvelli svara ríkisstjórna við spurningum varðandi launavernd komust menn að samkomulagi um ýmis atriði, sem leggja skal til grundvallar við samningu frumvarps að samþykkt og álitsgerð. Samþykktinni var ætlað að kveða á um almennar reglur um vernd vinnulauna, þ. á m. um greiðslumátann, launafrádrátt, forgangskröfur, fyrir hve langan tíma laun skuli greidd í einu o. fl. Aftur á móti var álitsgerðinni ætlað að vera samþykktinni til uppfyllingar og nánari skýringar á grundvallarreglum hennar.

6. Félagafrelsi og verndun þess. (7. og 8. dagskrármál).

Frumvarpið að samþykkt um félagafrelsi var fyrst til umræðu á þinginu í Genf 1947, eins og frá er skýrt í skýrslu félagsmálaráðuneytisins um það þing. Á þessu þingi var svo mál þetta tekið upp að nýju og að loknum ýtarlegum umræðum um smærri og stærri atriði frumvarpsins var það samþykkt með 127 atkvæðum gegn engu.

Í samþykktinni var kveðið á um það, að vinnuveitendur og verkamenn skuli eiga óskertan rétt á því, að stofna eða ganga í félög að eigin geðþótta án þess að þurfa að sækja um leyfi til þess. Slíkum félögum skal heimilt að setja sér sjálf lög og reglur, kjósa sér fyrirsvarsmenn og ákveða stefnuskrá sína án afskipta hins opinbera. Ekki má leysa slík félög upp að boði framkvæmdarvalds. Heimilt er félögum þessum að stofna með sér sambönd og gerast aðilar að alþjóðasamtökum.

Miklar umræður urðu um afstöðu félaganna til laga og réttar. Það var sameiginlegt álit, að sú mikla réttarvernd, sem þeim væri veitt, mætti ekki leiða til þess, að þau yrðu nokkurs konar ríki í ríkinu.

Félagafrelsið skal án undantekninga ná til allra vinnuveitenda og verkamanna. Pólverjar komu fram með þá tillögu, að samþykktin skyldi ekki ná til vinnuveitenda, en hún átti aðeins 6 fylgjendur meðal þingfulltrúa. Sömu afdrif hlaut tillaga frá Portúgölum, um að einungis skyldu leyfð ein aðalsamtök fyrir hvora, vinnuveitendur og verkamenn, í hverju landi.

Þar sem samþykkt þessi tekur til allra verkamanna, þá er þar með einnig átt við starfsmenn hins opinbera, en ákveða skal með lögum eða reglugerðum, að hve miklu leyti reglur hennar skuli taka til lögreglumanna og hermanna.

Ákvæði samþykktarinnar hafa enga sérstaka þýðingu fyrir Ísland, þar sem félagafrelsi er hér löngu viðurkennt og tryggt með stjórnarskránni og einnig með lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, að því er tekur til verkalýðsfélaga. Eins og ástandið nú er víða um heim, bæði í einræðisríkjum og einnig ýmsum lýðræðisríkjum, þá verður því ekki mótmælt, að þessi samþykkt er mjög þýðingarmikil fyrir alþjóðlega þróun í félagsmálum. Því hefur jafnvel verið haldið fram, að hún tákni þáttaskipti í alþjóðasamvinnu, þar sem þetta er í fyrsta skipti í sögunni, að kveðið er á um svo mikilsvert mannréttindamál í milliríkjasamningi.

Eins og áður getur, fjallaði 8. dagskrárliður um framkvæmdir á grundvallarreglunum um félagafrelsi og réttinn til að semja sameiginlega, heildarsamninga,

sættir og gerðir í vinnudeilum og samvinnu milli þess opinbera annars vegar og félaga vinnuveitenda og verkamanna hins vegar. Að þessu sinni fóru aðeins fram undirbúningsumræður um þennan dagskrárlið, og byggðust þær á greinargerð, er skrifstofan hafði samið, að höfðu samráði við ríkisstjórnir. Þingið komst ekki yfir að ræða öll atriði þessa dagskrárliðs, en þau, sem rædd voru, skyldu afgreidd að fullu á næsta þingi, en hin koma þá til fyrri umræðu.

7. Breytingar á samþykktum um næturvinnu. (9., 10. og 11. dagskrármál).

Á fyrsta þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar árið 1919 voru gerðar tvær samþykktir um takmarkanir á næturvinnu. Gilti önnur fyrir konur en hin fyrir unglinga. Á þinginu 1934 var gerð ný samþykkt um næturvinnu kvenna, og skyldi hún koma í stað hinnar eldri.

Á þessu þingi fór svo fram endurskoðun á þessum samþykktum í ljósi reynslu þeirrar, sem fengizt hefur af þeim á undanförnum árum. Nokkrar breytingar voru á þeim gerðar, og skal hinna helztu þeirra getið hér.

Hvað snertir samþykktina um næturvinnu kvenna, þá voru það einkum tvær breytingar, sem gerðar voru á henni. Í fyrsta lagi hafði reynsla stríðsáranna sýnt það, að gera yrði ákvæðið um hinn fyrirskipaða næturhvíldartíma teygjanlegra, svo að það kæmi ekki í veg fyrir vaktavinnu. Breyting í þá átt hafði verið gerð með samþykktinni frá 1934, en engu að síður var frekari breyting á þessu nauðsynleg nú. Í hinu nýja ákvæði er stjórnarvöldum gefin víðtækari heimild til að ákveða, á hvaða tíma næturhvíldin skuli veitt án þess að skert séu réttindi verkafólksins til næturhvíldar. Í öðru lagi var rætt um, hversu víðtækt hugtakið „iðnfyrirtæki" skyldi vera í merkingu samþykktarinnar. Komið hafði til mála að láta samþykktina taka til flutningafyrirtækja, þ. e. fyrirtækja, sem annast flutninga á mönnum eða munum á landi, sjó eða í lofti. Um þetta síðara atriði var gerð ályktun þess efnis, að stjórnin skyldi rannsaka málið nánar, þar sem ekki væri upplýst, hversu mikil brögð væru að vinnu kvenna við þessi störf, og einnig vegna þess að litið var svo á, að rétt væri að láta sérstaka nefnd, er fjallar um þessi mál, taka það til athugunar.

Umræðurnar um breytingar á samþykktinni um næturvinnu unglinga snerust einkum um sömu atriði og að framan er getið í sambandi við umræðurnar um samþykktina um næturvinnu kvenna, og hlutu þau sams konar afgreiðslu. Báðar þessar breyttu samþykktir birtast hér með sem fylgiskjal.

Í sambandi við þessar breytingar á næturvinnusamþykktunum gerði þingið ályktun þess efnis, að breyta skyldi fylgiskjali samþykktar nr. 83 frá 1947, um vinnuskilyrði í ósjálfstæðum löndum, á þann veg, að inn í það skuli fella hinn breytta texta samþykkta þessara í stað eldri textanna, sem felldir voru inn í það, er hún var gerð á þinginu 1947. Ekki þykir þörf að prenta hér með þessar breytingar og vísast um þær til fyrrgreindra samþykkta.

8. Önnur mál. (12. dagskrármál o. fl.).

Á þinginu í Genf 1947 hafði komið til tals að gera samþykkt um réttindi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, en þá var því frestað vegna þess, að Sameinuðu þjóðirnar höfðu í hyggju að gefa út eina sameiginlega samþykkt um réttindi allra sérstofnana, sem eru í sambandi við þær. 21. nóv. 1947 gerðu Sameinuðu þjóðirnar þess konar samþykkt. Samþykkt þessi er fyrst og fremst almenns eðlis og inniheldur ákvæði, sem átt geta við allar sérstofnanir og þær geta ekki breytt þeim. Að öðru leyti hefur hún að geyma ákvæði, sem hver sérstofnun getur breytt að vild sinni. Hin almennu ákvæði Samþykktarinnar voru samþykkt á þessu þingi óbreytt, en á hinum hlutanum voru gerðar smávægilegar breytingar.

VI. Stjórnarkosning.

Að síðustu skal hér getið eins máls, sem ekki var á dagskrá, en það var stjórnarkosning.

Stjórn Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar er kosin til þriggja ára í senn. Hún er skipuð 32 mönnum, þar af eru 16 fulltrúar ríkisstjórna og átta frá hvorum, vinnuveitendum og verkamönnum. Fulltrúar vinnuveitenda og verkamanna á þinginu kjósa hvorir fyrir sig sína fulltrúa í sjórn, og eru þeir kosnir persónulega. Ákveðið er, að tveir fulltrúar hvors þessara flokka skuli vera frá ríkjum utan Evrópu, að öðru leyti eru þeir frjálsir í vali sínu. Val fulltrúa ríkisstjórna í stjórnina er með öðrum hætti. Þeir eru ekki kosnir persónulega af ríkisstjórnafulltrúunum á þinginu, heldur eru það ríkisstjórnirnar sjálfar, sem öðlast heimild til að nefna menn í stjórn. Þessu er þann veg háttað, að fyrst og fremst eiga 8 mestu iðnaðarlöndin rétt á að tilnefna einn fulltrúa hvert. Getur það breytzt nokkuð, hvaða lönd verða talin mestu iðnaðarlönd í þessu sambandi. Nú sem stendur eru þau þessi: Bandaríkin, Bretland, Frakkland, Indland, Kína, Kanada og Brasilía, sem tók nú sæti Hollands, og að síðustu Belgía, sem fyrst um sinn skal teljast í þessum flokki.

Hinir átta fulltrúar, sem þá er eftir að nefna, eru tilnefndir af ríkisstjórnum, sem til þess eru kjörnar með leynilegri kosningu af fulltrúum ríkisstjórna á þinginu, annarra en þeirra, sem þegar hafa fengið fulltrúa í stjórn samkvæmt framansögðu. Gæta verður þess jafnan, að a. m. k. sex þeirra ríkja, sem tilnefna skulu fulltrúa í stjórn, séu utan Evrópu. Þau ríki, sem að þessu sinni voru kjörin í þessu skyni, voru: Argentína, Ástralía, Cuba, Danmörk, Ítalía, Perú, Pólland og Tyrkland.

Um nokkuð langt skeið hefur því verið þannig háttað, að Norðurlöndin ættu einn fulltrúa í stjórninni til skiptis, og er mikill áhugi ríkjandi fyrir því, að ekki verði breyting á því, enda um góða samvinnu að ræða meðal þeirra um það mál, sem og fleiri af þeim málum, sem fram koma á þingum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Það varð því að samkomulagi milli fulltrúa Norðurlandanna, að stuðla að kosningu Danmerkur í þetta sinn, en jafnframt var gengið frá því, að þeir tilnefndu Íslending sem varafulltrúa sinn í stjórnina.

Fylgiskjöl.

I. Samþykkt nr. 87 um félagafrelsi og verndun þess.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, saman komið til 31. þingsetu sinnar í San Francisco 17. júní 1948 samkvæmt kvaðningu stjórnarnefndar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, hefur ákveðið að gera í samþykktarformi ákveðnar tillögur um félagafrelsi og verndun þess, en það er sjöunda mál á dagskrá þingsins, og með skírskotun til þess:

að í formála stjórnarskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er því lýst yfir, að „viðurkenning á grundvallarreglum um félagafrelsi“ stuðli að bættum lífsskilyrðum verkalýðsins og friði;

að Philadelphiuyfirlýsingin endurstaðfestir það, að „tjáningarfrelsi og félagafrelsi eru frumskilyrði fyrir áframhaldandi framförum“;

að Alþjóðavinnumálaþingið samþykkti einróma á 30. þingi sínu grundvallarreglur þær, sem vera skyldu undirstaða að alþjóðareglum; — og —

að allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna hefur á öðru þingi sínu fallizt á þessar grundvallarreglur og óskað eftir því, að Alþjóðavinnumálastofnunin héldi áfram hvers konar viðleitni í þá átt, að hægt verði að gera eina eða fleiri alþjóðasamþykktir;

gerir það í dag, níunda júlí árið nítján hundruð fjörutíu og átta, eftirfarandi samþykkt, sem nefna ber Samþykkt frá 1948 um félagafrelsi og verndun þess:

I. KAFLI
Félagafrelsi.

1. gr.

Hvert það aðildarríki Alþjóðavinnumálastofunarinnar, sem samþykkt þessi tekur til, undirgengst að framfylgja eftirfarandi ákvæðum.

2. gr.

Verkamenn og vinnuveitendur skulu án undantekningar hafa rétt til þess að stofna og ganga í félög að eigin geðþótta án undangengins leyfis, og séu þeir aðeins háðir reglum hlutaðeigandi félags um inngöngu í það.

3. gr.

1. Félög verkamanna og vinnuveitenda skulu eiga rétt á að setja sér lög og reglur, að vera algerlega óháð í vali sínu á fyrirsvarsmönnum sínum, að skipuleggja stjórn sína og starfsemi og setja sér stefnuskrá.
2. Opinber stjórnvöld skulu forðast alla íhlutun, er skerða mundi þennan rétt eða hindra löglega beitingu hans.

4. gr.

Handhafar framkvæmdarvalds skulu ekki geta leyst upp félög vinnuveitenda eða verkamanna fyrir fullt og allt eða um stundarsakir.

5. gr.

Félög verkamanna og vinnuveitenda skulu eiga rétt á að stofna og ganga í félagasambönd, og hverju slíku félagi eða sambandi skal heimilt að ganga í alþjóðasamtök verkamanna og vinnuveitenda.

6. gr.

Ákvæði 2., 3. og 4. greinar þessarar samþykktar taka til félagasambanda verkamanna- og vinnuveitendafélaga.

7. gr.

Réttur verkamanna- og vinnuveitendafélaga og sambanda þeirra til að teljast persónur að lögum má ekki vera háður skilyrðum þess eðlis, að þau takmarki framkvæmdir á ákvæðum 2., 3. og 4. greinar þessarar samþykktar.

8. gr.

1. Við beitingu réttinda þeirra, sem kveðið er á um í þessari samþykkt, skulu verkamenn og vinnuveitendur og félagssamtök þeirra, svo og hverjar persónur aðrar eða félagssamtök, virða landslög.
2. Landslögum má ekki vera þann veg háttað, að þau skerði ákvæði samþykktar þessarar, né heldur má framkvæma þau á þann hátt.

9. gr.

1. Ákveða má með lögum eða reglugerðum hvers lands, að hve miklu leyti ákvæði samþykktar þessarar skuli ná til hermanna og lögreglumanna.
2. Í samræmi við grundvallarreglu 8. mgr. 19. greinar stjórnarskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skal fullgilding aðildarríkis á samþykkt þessari ekki talin hafa áhrif á nokkur gildandi lög, úrskurði, venju eða samkomulag, sem veita hermönnum eða lögreglumönnum einhver þau réttindi, sem tryggð eru með þessari samþykkt.

10. gr.

Í samþykkt þessari þýðir orðið „félag“ hvert það félag verkamanna eða vinnuveitenda, sem vinnur að því að bæta og vernda hag verkamanna eða vinnuveitenda.

II. KAFLI
Verndun félagafrelsis.

11. gr.

Hvert það aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem samþykkt þessi tekur til, undirgengst að gera allar nauðsynlegar og viðeigandi ráðstafanir til tryggingar því, að verkamenn og vinnuveitendur geti óháðir neytt félagafrelsisins.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

12. gr.

1. Varðandi landsvæði þau, sem um getur í 35. gr. stjórnarskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, eins og hún er eftir stjórnarskrárbreytinguna frá 1946, að undanteknum þeim landsvæðum, sem talin eru í 4. og 5. mgr. nefndrar greinar þannig breyttrar, skal hvert það aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, láta fullgildingarskjali sínu fylgja eða senda aðalforstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, svo fljótt sem unnt er eftir fullgildingu, yfirlýsingu, er greini:
   a. landsvæði þau, sem það undirgengst að láta ákvæði samþykktarinnar ná til án takmarkana,
   b. landsvæði þau, sem það undirgengst að láta ákvæði þessarar samþykktar ná til með takmörkunum og hverjar þær séu,
   c. landsvæði þau, sem samþykktin tekur ekki til, ásamt upplýsingum um ástæður til þess,
   d. landsvæði þau, sem það áskilur sér rétt til að taka ákvörðun um síðar.
2. Yfirlýsingar þær, sem greindar eru í stafliðum a. og b. í fyrstu málsgrein þessarar greinar, skulu teljast raunverulegur hluti fullgildingarinnar og hafa sama gildi og hún.
3. Sérhvert aðildarríki getur hvenær sem er ógilt að nokkru eða öllu leyti með síðari yfirlýsingu fyrirvara þá, sem það hefur gert í upprunalegri yfirlýsingu sinni í samræmi við stafliðina b., c. eða d. í fyrstu málsgrein þessarar greinar.
4. Í hvert skipti, sem segja má upp samþykkt þessari í samræmi við ákvæði 16. greinar, getur hvert aðildarríki sent aðalforstjóranum yfirlýsingu um hvers konar aðrar breytingar, er dragi úr ákvæðum fyrri yfirlýsinga þess, enda lýsi það því ástandi, sem þá ríkir á þeim landsvæðum, sem það kann að tiltaka.

13. gr.

1. Þegar mál þau, sem samþykkt þessi fjallar um, heyra undir valdsvið heimastjórnar ófullvalda lands, getur aðildarríki það, sem ábyrgð ber á utanríkismálum þess lands, með samþykki heimastjórnarinnar, sent aðalforstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar yfirlýsingu um það, að skuldbindingar þessarar samþykktar skuli gilda fyrir það land.
2. Yfirlýsingar um gildistöku skuldbindinga samþykktar þessarar geta aðalforstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar borizt frá:
   a. tveim eða fleiri aðildarríkjum stofnunarinnar varðandi lönd, sem eru undir sameiginlegum yfirráðum þeirra, eða
   b. fjölþjóðlegu stjórnvaldi, varðandi land, sem það ber stjórnarábyrgð á í samræmi við stofnskrá Sameinuðu þjóðanna eða á annan hátt.
3. Í yfirlýsingum þeim, sem sendar eru aðalforstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í samræmi við fyrri málsgreinar þessarar greinar, skal fram tekið, hvort ákvæðum samþykktarinnar verði beitt til fullnustu eða með takmörkunum í landi því, sem um er að ræða. Þegar yfirlýsingin ber með sér, að samþykktinni skuli beitt með takmörkunum, skulu þær greindar í einstökum atriðum.

4. Aðildarríki eitt eða fleiri eða fjölþjóðlegt stjórnvald, sem í hlut eiga, geta hvenær sem er með síðari yfirlýsingu ógilt að nokkru eða öllu leyti áskilin réttindi til hvers konar takmarkana, er fyrri yfirlýsingin tiltók.
5. Í hvert skipti, sem segja má upp samþykkt þessari í samræmi við ákvæði 16. greinar, geta aðildarríki eða fjölþjóðleg stjórnvöld, sem í hlut eiga, sent aðalforstjóra yfirlýsingu þess efnis, að þau dragi á einhvern annan hátt úr ákvæðum sinna fyrri yfirlýsinga, enda lýsi þau því ástandi, sem þá ríkir um framkvæmd samþykktarinnar.

IV. KAFLI
Lokaákvæði.

14. gr.

Formlegar fullgildingar á samþykkt þessari skal senda aðalforstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

15. gr.

1. Samþykkt þessi skal einungis vera bindandi fyrir þá meðlimi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem látið hafa aðalforstjóra skrá fullgildingar sínar.
2. Hún skal öðlast gildi 12 mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá aðalforstjóra.
3. Eftir það öðlast samþykktin gildi, að því er snertir hvern meðlim, 12 mánuðum eftir að fullgilding hans hefur verið skráð.

16. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, má segja henni upp að 10 árum liðnum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda aðalforstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en einu ári eftir skrásetningu hennar.
2. Hver sá meðlimur, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, en notfærir sér ekki innan þess árs, er kemur næst á eftir þeim 10 ára fresti, sem um getur í fyrri málsgrein, réttindi þau til uppsagnar, sem ráð er fyrir gert í þessari grein, skal bundinn af henni í önnur 10 ár, en má að þeim loknum segja henni upp, og síðan að hverju 10 ára tímabili liðnu, svo sem gert er ráð fyrir í þessari grein.

17. gr.

1. Aðalforstjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum meðlimum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skrásetningu allra fullgildinga, yfirlýsinga og uppsagna, sem meðlimir stofnunarinnar hafa sent honum.
2. Þegar aðalforstjóri tilkynnir meðlimum stofnunarinnar skrásetningu hinnar annarrar fullgildingar, sem honum er send, skal hann vekja athygli þeirra á, hvaða dag samþykktin öðlast gildi.

18. gr.

Aðalforstjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna, til skrásetningar samkvæmt 102. gr. stofnskrár Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar, yfirlýsingar og uppsagnir, sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði næstu greina hér á undan.

19. gr.

Í lok hvers 10 ára tímabils frá gildistöku samþykktar þessarar skal stjórnarnefnd Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd samþykktarinnar, og skal hún jafnframt athuga það, hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins tillögur um endurskoðun hennar allrar eða hluta hennar.

20. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt um breytingar á samþykkt þessari allri eða hluta hennar, skal:
   a. fullgilding meðlims á hinni nýju, endurskoðuðu samþykkt ipso jure skoðast sem tafarlaus uppsögn á þessari samþykkt, hvað sem ákvæðum 16. greinar hér að framan líður, frá þeim tíma, er hin nýja, endurskoðaða samþykkt hefur öðlazt gildi;
   b. meðlimum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt, frá því er hin nýja, endurskoðaða samþykkt öðlast gildi;
   enda sé ekki öðruvísi ákveðið í hinni nýju samþykkt.
2. Samþykkt þessi skal, hvað sem öðru líður, vera í gildi, eins og hún er nú að formi til og efni, hvað snertir þá meðlimi, sem hafa fullgilt hana, en ekki hina endurskoðuðu útgáfu hennar.

21. gr.

Hinn enski og franski texti þessarar samþykktar skulu jafngildir.

II. Samþykkt nr. 88 um skipulagningu vinnumiðlunar.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, saman komið til 31. þingsetu sinnar í San Francisco 17. júní 1948, samkvæmt kvaðningu stjórnarnefndar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, hefur ákveðið að gera ákveðnar tillögur um skipulagningu vinnumiðlunar, en það er þáttur þriðja dagskrárliðs, og þar sem tillögur þessar skulu gerðar í formi alþjóðasamþykktar, gerir þingið í dag, níunda júlí árið nítján hundruð fjörutíu og átta, eftirfarandi samþykkt, sem nefna ber Samþykkt frá 1948 um vinnumiðlun:

1. gr.

1. Hvert það aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem samþykkt þessi tekur til, skal halda uppi eða tryggja það, að haldið sé uppi opinberri ókeypis vinnumiðlun.
2. Aðalverkefni vinnumiðlunarinnar skal vera, að tryggja sem bezta skipulagningu vinnumarkaðarins, en slík skipulagning er ómissandi þáttur í viðleitni hverrar þjóðar til að koma á og viðhalda vinnu fyrir alla ásamt þróun og hagnýtingu framleiðslumöguleikanna. Hafa skal um þetta samvinnu við aðrar hlutaðeigandi stofnanir hins opinbera eða einstaklinga, ef nauðsynlegt þykir.

2. gr.

Vinnumiðlunin skal byggð upp af kerfi af vinnumiðlunarskrifstofum, er nái um allt landið og sé undir einni miðstjórn fyrir allt ríkið.

3. gr.

1. Innan þessa kerfis skulu vera skrifstofur, er taki til einstakra héraða eða landshluta eftir því sem við á, og nægilega margar til þess að fullnægja þörfum hvers hluta landsins. Þær skulu vera vel settar fyrir vinnuveitendur og verkamenn.
2. Niðurskipun vinnumiðlunarskrifstofanna skal:
   a. endurskoðuð:
      I. ávallt þegar verulegar breytingar verða á dreyfingu framkvæmdastarfseminnar eða verkafólksins, og
      II. þegar hlutaðeigandi stjórnvald telur endurskoðun æskilega vegna þeirrar reynslu, sem fengizt hefur á undanförnu reynslutímabili, og
   b. breytt hvenær sem slík rannsókn sýnir, að slíkra breytinga sé þörf.

4. gr.

1. Með milligöngu ráðgefandi nefnda skal gera viðeigandi ráðstafanir til samvinnu við fulltrúa vinnuveitenda og verkamanna um skipulagningu og rekstur vinnumiðlunarinnar og þróun á starfsreglum fyrir hana.

2. Þessar ráðstafanir skulu fela í sér stofnun einnar eða fleiri ráðgefandi nefnda, er taki til landsins alls, svo og nefnda fyrir einstök héruð eða landshluta, ef nauðsyn krefur.
3. Fulltrúar vinnuveitenda og verkamanna í nefndum þessum skulu vera jafnmargir og tilnefndir í samráði við aðalsamtök vinnuveitenda og verkamanna, þar sem þau eru til.

5. gr.

Almennar aðferðir vinnumiðlunarinnar, að því er snertir vísun verkamanna á fáanlega vinnu, skulu mótaðar í samráði við fulltrúa vinnuveitenda og verkamanna fyrir milligöngu þeirra ráðgefandi nefnda, sem kveðið er á um í 4. gr.

6. gr.

Vinnumiðlunin skal þannig skipulögð, að hún tryggi raunverulega útvegun starfsmanna og ráðningar í vinnu, og í þeim tilgangi skal hún:

a. aðstoða verkamenn við að finna vinnu við þeirra hæfi og vinnuveitendur við að fá hæfa verkamenn, og sér í lagi skal hún í samræmi við reglur, er gilda fyrir allt landið:
   I. skrá atvinnuleitendur, athuga hæfni þeirra til starfa, reynslu þeirra og óskir, spyrja þá með tilliti til ráðningar í vinnu, meta líkamlega og faglega hæfni þeirra og aðstoða þá, ef nauðsyn krefur, við að fá leiðbeiningar um stöðuval, fagþjálfun eða endurþjálfun,
   II. afla sér hjá vinnuveitendum nákvæmra upplýsinga um lausar stöður, sem þeir hafa tilkynnt henni og hverjar kröfur séu gerðar til verkamanna þeirra, sem þeir óska eftir,
   III. vísa umsækjendum með viðeigandi hæfni og starfsþrek á fáanlega vinnu,
   IV. senda upplýsingar um vinnuumsóknir og lausar stöður frá einni vinnumiðlunarskrifstofu til annarrar. Þegar sú fyrri getur ekki ráðið umsækjanda í hæfa vinnu eða fyllt lausa stöðu eða þegar aðrar ástæður réttlæta það.
b. gera viðeigandi ráðstafanir til þess:
   I. að greiða fyrir tilfærslumöguleikum í starfsgreinum í því skyni, að jafna mismuninn á vinnuframboði og atvinnumöguleikum í hinum ýmsu starfsgreinum,
   II. að greiða fyrir flutningum milli staða, svo að auðveldara verði fyrir verkamenn að flytja til staða með atvinnumöguleika við þeirra hæfi,
   III. að greiða fyrir flutningum verkamanna um stundarsakir frá einum stað til annars til þess að vinna upp á móti staðbundnu stundarmisræmi milli vinnuframboðs og eftirspurnar,
   IV. greiða fyrir hvers konar flutningum verkamanna frá einu landi til annars, enda séu slíkir flutningar samþykktir af hlutaðeigandi ríkisstjórnum,
c. safna og greina í samvinnu við önnur stjórnarvöld, vinnuveitendur og verkalýðsfélög, þar sem það á við, eins fullkomnum upplýsingum og hægt er um ástandið á vinnumarkaðnum og líklegar breytingar á honum, bæði að því er snertir landið sem heild, einstakar iðnir, starfsgreinar og landsvæði. Gera skal þessar upplýsingar á kerfisbundinn og greiðan hátt aðgengilegar fyrir opinber stjórnarvöld, hlutaðeigandi verkalýðs- og vinnuveitendafélög og allan almenning,
d. taka þátt í stjórn atvinnuleysistrygginga, atvinnuleysishjálpar og öðrum aðgerðum til aðstoðar atvinnulausum mönnum, og
e. aðstoða, eftir því sem þörf krefur, aðrar stofnanir hins opinbera eða einstaklinga, sem vinna að áætlunum á sviði efnahags- og félagsmála, er ætlað sé að tryggja hagkvæmt ástand í vinnumálunum.

7. gr.

Gera skal ráðstafanir til þess:

a. að auðvelda flokkun hjá hinum ýmsu vinnumiðlunarskrifstofum eftir starfsgreinum og iðnum, svo sem í landbúnaði og hverri annarri atvinnugrein, þar sem slík flokkun gæti verið hagkvæm, og
b. að uppfylla til hlítar þarfir sérstakra flokka umsækjenda um vinnu, svo sem manna með lamað starfsþrek.

8. gr.

Innan vébanda vinnumiðlunarstarfseminnar og starfsemi til leiðbeininga um stöðuval, skal taka upp og auka sérstakar ráðstafanir varðandi unglinga.

9. gr.

1. Starfslið vinnumiðlunarinnar skal skipað opinberum starfsmönnum, og skal stöðu þeirra og starfsskilyrðum þannig háttað, að þeir séu óháðir stjórnarskiptum og óhentugum utanaðkomandi áhrifum. Að teknu tilliti til þarfa starfseminnar skal þeim tryggð stöðug atvinna.
2. Að teknu tilliti til ráðningarskilyrða til opinberrar þjónustu, sem sett kunna að verða með landslögum eða reglugerðum, skal starfslið vinnumiðlunarinnar ráðið með hæfileika þess til framkvæmda skyldustarfa þess eina fyrir augum.
3. Hlutaðeigandi stjórnvald ákveður, á hvern hátt þessir hæfileikar skuli staðreyndir.
4. Starfslið vinnumiðlunarinnar skal þjálfað nægilega til framkvæmda skyldustarfa þess.

10. gr.

Vinnumiðlunin og önnur opinber stjórnvöld, þar sem það á við, skulu í samvinnu við félög verkamanna og vinnuveitenda og aðra, sem hlut eiga að máli, gera allar mögulegar ráðstafanir til þess að vinnuveitendur og verkamenn notfæri sér á frjálsum grundvelli til hins ýtrasta þægindi þau, sem vinnumiðlunin veitir.

11. gr.

Hlutaðeigandi stjórnvöld skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja raunhæfa samvinnu milli vinnumiðlunar hins opinbera og einkastofnana, er annast vinnumiðlun og ekki eru starfræktar í ágóðaskyni.

12. gr.

1. Þegar í landi aðildarríkis eru stór svæði, þar sem hlutaðeigandi stjórnvald álítur ógerlegt að framfylgja ákvæðum samþykktar þessarar vegna fólksfæðar þeirra eða þróunarstigs, má það undanskilja slík svæði framkvæmd samþykktarinnar, annað hvort í heild eða með þeim undantekningum, sem því þykja hæfilegar með tilliti til sérstakra fyrirtækja eða starfsgreina.
2. Hvert aðildarríki skal í fyrstu ársskýrslu sinni um framkvæmd samþykktar þessarar, sem leggja ber fram samkvæmt ákvæðum 22. gr. stjórnarskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, geta um landsvæði þau, er það vill láta ákvæði þessarar greinar ná til, og greina ástæður sínar fyrir því. Ekkert aðildarríki skal njóta ákvæða þessarar greinar, eftir að það leggur fram fyrstu ársskýrslu sína, nema að því er tekur til landsvæða þeirra, er þar voru tilgreind.
3. Hvert það aðildarríki, sem notfærir sér ákvæði þessarar greinar, skal síðan í hverri ársskýrslu telja upp landsvæði þau, sem það afsalar sér rétti til að láta ákvæði þessarar greinar ná til.

13. gr.

1. Varðandi landsvæði þau, sem um getur í 35. gr. stjórnarskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, eins og hún er eftir breytinguna frá 1946, að undanteknum þeim landsvæðum, sem talin eru í 4. og 5. mgr. nefndrar greinar, þannig breyttrar, skal hvert aðildarríki stofnunarinnar, sem fullgildir þessa samþykkt, senda

aðalforstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, eins fljótt og auðið er eftir fullgildinguna, yfirlýsingu, er greini:

a. Landsvæði þau, sem það undirgengst að láta ákvæði þessarar samþykktar ná til án takmarkana,
b. landsvæði þau, sem það undirgengst að láta ákvæði samþykktar þessarar ná til með takmörkunum og hverjar þær séu,
c. landsvæði, þar sem samþykktin er óframkvæmanleg og upplýsingum um ástæður til þess,
d. landsvæði þau, sem það áskilur sér rétt til að taka ákvörðun um síðar.

2. Yfirlýsingar þær, sem greindar eru í stafliðunum a. og b. í 1. málsgrein þessarar greinar, ber að skoða sem raunverulegan hluta fullgildingarinnar og hafa sama gildi og hún.
3. Sérhvert aðildarríki getur hvenær sem er ógilt að öllu eða nokkru leyti með síðari yfirlýsingu fyrirvara þá, sem þeir hafa gert í upprunalegri yfirlýsingu sinni, í samræmi við stafliðina b., c. eða d. í 1. málsgr. þessarar greinar.
4. Í hvert skipti, sem segja má upp samþykkt þessari í samræmi við ákvæði 17. gr., getur hvert aðildarríki sent aðalforstjóra yfirlýsingu um hvers konar aðrar breytingar, er dragi úr ákvæðum fyrri yfirlýsinga þess, enda lýsi það því ástandi, sem þá ríkir á landsvæðum þeim, sem það kann að tiltaka.

14. gr.

1. Þegar þau mál, sem samþykkt þessi fjallar um, heyra undir valdsvið heimastjórnar ófullvalda landsvæðis, getur aðildarríki það, sem ábyrgð ber á utanríkismálum slíks landsvæðis, að fengnu samþykki heimastjórnarinnar, sent aðalforstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar yfirlýsingu um, að skuldbindingar samþykktar þessarar gildi fyrir það landsvæði.
2. Yfirlýsingar um gildistöku skuldbindinga samþykktar þessarar getur aðalforstjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar móttekið:
   a. frá tveim eða fleiri aðildarríkjum varðandi landsvæði, sem er undir sameiginlegum yfirráðum þeirra, eða
   b. frá fjölþjóðlegu stjórnvaldi, varðandi landsvæði, sem það ber stjórnarábyrgð á í samræmi við stofnskrá Sameinuðu þjóðanna eða á annan hátt.
3. Í yfirlýsingum þeim, sem sendar eru aðalforstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í samræmi við fyrri málsgreinar þessarar greinar, skal fram tekið, hvort ákvæðum samþykktarinnar verði beitt til fullnustu eða með takmörkunum á landsvæði því, sem um er að ræða. Þegar yfirlýsingin ber með sér, að samþykktinni skuli beitt með slíkum takmörkunum, skulu þær greindar í einstökum atriðum.
4. Aðildarríki, eitt eða fleiri, eða fjölþjóðlegt stjórnvald, sem í hlut eiga, geta hvenær sem er með síðari yfirlýsingu ógilt að öllu eða nokkru leyti áskilin réttindi til takmarkana, er í fyrri yfirlýsingum greinir.
5. Í hvert skipti, sem segja má upp samþykkt þessari í samræmi við ákvæði 17. gr., geta aðildarríki eða fjölþjóðleg stjórnvöld, sem í hlut eiga, sent aðalforstjóra yfirlýsingu þess efnis, að þau dragi á einhvern hátt úr ákvæðum sinna fyrri yfirlýsinga, enda lýsi þau því ástandi, sem þá ríkir um framkvæmd samþykktarinnar.

15.—22. gr.

(Samhljóða 14.—21. gr. samþykktar nr. 87.)

III. Álitsgerð nr. 83 um skipulag vinnumiðlunar.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar saman komið til 31. þingsetu sinnar í San Francisco 17. júní 1948, samkvæmt kvaðningu stjórnarnefndar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, hefur ákveðið að gera ákveðnar tillögur um skipulag vinnu-

miðlunar, sem er þáttur í 4. dagskrármáli þingsins, og þar sem það hefur enn fremur ákveðið, að tillögur þessar skuli gerðar í formi álitsgerðar til uppbótar Álitsgerð um vinnumiðlun frá 1944 og Samþykkt um vinnumiðlun frá 1948, samþykkir þingið nú níunda dag júlímánaðar nítján hundruð fjörutíu og átta eftirfarandi álitsgerð, sem nefna ber Álitsgerð um vinnumiðlun frá 1948.

Þar sem Álitsgerð um vinnumiðlun frá 1944 og Samþykkt um vinnumiðlun frá 1948 kveða á um skipulagningu vinnumiðlunarinnar og æskilegt er að gera frekari tillögur til uppfyllingar ákvæðum þeirra, mælir þingið með því, að sérhvert aðildarríki framfylgi eftirfarandi ákvæðum eins fljótt og innanríkisástæður þess leyfa og gefi Alþjóðavinnumálaskrifstofunni að beiðni stjórnarnefndarinnar skýrslu um þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið til að koma þeim í framkvæmd.

I. Almenn skipulagning.

1. Hin opinbera ókeypis vinnumiðlun skal framkvæmd af einni miðstjórnarskrifstofu, svo og staðar- og héraðsskrifstofum, þar sem þess gerist þörf.
2. Til þess að efla framþróun vinnumiðlunarinnar og tryggja sameiginlega og samræmda stjórn hennar í hverju landi ætti að setja ákvæði um:
   a. að aðalskrifstofan gefi út fyrirmæli um framkvæmdamál, er gildi fyrir viðkomandi land,
   b. setningu lágmarkskrafna fyrir landið varðandi ráðningu starfsliðs og útbúnað skrifstofanna,
   c. nægilegar fjárveitingar frá hinu opinbera til vinnumiðlunarinnar.
   d. skýrslur, sem lægra settir stjórnendur sendi hærra settum stjórnendum með vissu millibili,
   e. eftirlit með öllum staðar- og héraðsskrifstofum á landinu,
   f. að embættismenn miðstjórnarskrifstofanna, staðar- og héraðsskrifstofanna, ásamt eftirlitsfólkinu, haldi með sér fundi á tilteknum fresti.
3. Vinnueftirlitið skal gera viðeigandi ráðstafanir til nauðsynlegrar samvinnu milli vinnuveitenda, fulltrúa verkamanna og nefnda, sem stofnaðar eru til þess að rannsaka sérstök atriði varðandi atvinnuvandamál á einstökum landsvæðum, í einstökum fyrirtækjum, iðngreinum eða flokkum iðngreina.
4. Gera ætti ráðstafanir þar, sem það á við, til þess að koma á innan almennra takmarka vinnumiðlunarinnar:
   a. sérstökum ráðningarstofum, sem sérhæfðar séu til að bæta úr þörfum vinnuveitenda og verkamanna í einstökum iðnum eða starfsgreinum, svo sem hafnarvinnu, siglingum, byggingastarfsemi og mannvirkjagerð, landbúnaði og skógyrkju og heimilisstörfum, enda réttlæti sérstaða eða mikilvægi iðnarins eða starfsgreinarinnar, eða aðrar sérstakar ástæður, að haldið sé uppi slíkum sérstökum skrifstofum,
   b. sérstökum aðgerðum varðandi ráðningu:
      I. unglinga,
      II. öryrkja, og
      III. iðnfræðinga, háskólamenntaðra starfsmanna, fastlaunaðra starfsmanna og skrifstofufólks með framkvæmdavaldi.
   c. viðeigandi aðgerðum til ráðningar kvenna eftir starfshæfni þeirra og líkamsþreki.

II. Upplýsingar um vinnumarkaðinn.

5. Vinnumiðlunin á að safna upplýsingum um vinnumarkaðinn, þar á meðal þeim, er lúta að:
   a. eftirspurn eftir vinnuafli, eins og hún er á hverjum tíma og vænta má, að hún verði (skal þar greina fjölda og greinar verkamanna, sem þörf er fyrir, og skulu þeir flokkaðir eftir iðnum, starfsgreinum og héruðum),

b. framboði á vinnuafli, eins og það er á hverjum tíma og vænta má, að það verði framvegis (skal þar greina fjölda, aldur og kyn verkafólksins, fagkunnáttu þess, störf, iðngreinar og bústaðarhéruð, svo og tölu vinnubeiðenda, hvar sem þeir eru, og upplýsingar um þá).

6. Vinnumiðlunin skal gera stöðugar eða sérstakar rannsóknir á málum eins og:
   a. orsökum og áhrifum atvinnuleysis, þar með talið atvinnuleysi, sem stafar af tæknilegum framförum,
   b. ráðningum sérstakra flokka atvinnuleitenda, svo sem öryrkja og unglinga,
   c. atriðum, er áhrif hafa á jöfnun og eðli vinnunnar,
   d. skipulagningu vinnunnar,
   e. leiðbeiningum um stöðuval í sambandi við ráðningar,
   f. greiningu á stöðugri vinnu og lausavinnu, og
   g. öðrum atriðum, er varða skipulagningu vinnumarkaðsins.
7. Þessum upplýsingum skal þar til hæft og æft starfslið safna í samvinnu við aðrar opinberar stofnanir, þar sem þess gerist þörf, svo og félög vinnuveitenda og verkamanna.
8. Eftir því sem fært og viðeigandi þykir skal til aðferða þeirra, sem notaðar eru við söfnun og greiningu upplýsinganna teljast:
   a. beinar fyrirspurnir til aðila með sérþekkingu á viðkomandi málum, svo sem annarra opinberra aðila, félaga vinnuveitenda og verkamanna, fyrirtækja hins opinbera og einstaklinga og sameiginlegra nefnda.
   b. samvinna við stofnanir, er annast vinnueftirlit, atvinnuleysistryggingar og aðstoð við atvinnulausa,
   c. skýrslugerðir á tilteknum fresti um mál, sem sérstaka þýðingu hafa fyrir vinnumarkaðinn, og
   d. athuganir á sérstökum málum, rannsóknaráætlanir og greiningar, sem vinnumiðlunarstofnanirnar framkvæma.

III. Áætlanir um vinnuafl.

9. Til þess að greiða fyrir sem allra beztri skipulagningu vinnumarkaðsins sem ómissandi þáttar í viðleitni þjóðarinnar til að koma á og viðhalda atvinnu fyrir alla og að auka og nýta framleiðslumöguleikana, ætti að gera árlega áætlun um vinnuaflið eins fljótt og hægt er, og skal hún vera liður í almennu fjárhagsyfirliti.
10. Áætlunin um vinnuaflið skal gerð af vinnumiðlunarstofnunum í samvinnu við önnur opinber stjórnvöld, þar sem það á við.
11. Áætlun um vinnuaflið skal hafa að geyma nákvæma greinargerð um áætlað vinnuafl, hve mikið það verði og hvernig framboð og eftirspurn þess dreifist.

IV. Vísun verkamanna á vinnu.

12. Vinnumiðlunarstofnanirnar skulu:
   a. gæta fyllsta hlutleysis, þegar um er að ræða vinnu, sem fáanleg er í fyrirtæki, þar sem vinnudeila stendur yfir og snertir slíka vinnu,
   b. ekki vísa mönnum á vinnu þar, sem laun eða vinnuskilyrði eru lakari en ákveðið er með lögum, heildarsamningum eða venju,
   c. ekki mismuna umsækjendum um vinnu eftir kynþáttum, litarhætti, kyni eða trúarbrögðum, er þær vísa verkamönnum á vinnu.
13. Vinnumiðlunarstofnanir skulu ábyrgjast að láta vinnuumsækjendum í té allar upplýsingar, er máli skipta, um störf þau, sem slíkum umsækjendum er vísað á, þar með taldar upplýsingar um þau atriði, sem undanfarandi grein fjallar um.

V. Hreyfanleiki vinnuaflsins.

14. Til þess að auðvelda hreyfanleik vinnuaflsins, sem nauðsynlegt er til þess að koma á og viðhalda sem mestri mögulegri framleiðslu og vinnu, ættu vinnumiðlunarstofnanir að gera þær ráðstafanir, sem bent er á í 15.—20. gr. hér á eftir.
15. Safna skal saman og gefa út sem nánastar og áreiðanlegastar upplýsingar um atvinnumöguleika og vinnuskilyrði í öðrum starfsgreinum og landsvæðum, svo og um lífsskilyrði á slíkum landsvæðum (þar á meðal um framboð á viðunandi húsnæði).
16. Gefa skal verkamönnum nauðsynlegar upplýsingar og ráðleggingar í því skyni að eyða mótbárum þeirra gegn því að skipta um atvinnu eða aðsetur.
17. 1. Vinnumiðlunarstofnanir skulu ryðja fjárhagslegum hindrunum úr vegi fyrir þeim flutningum landshluta milli, sem þær telja nauðsynlega, til dæmis með fjárhagslegri aðstoð.
    2. Slík aðstoð skal veitt í þeim tilfellum, sem vinnumiðlunarstofnunin samþykkir, við flutninga, sem framkvæmdir eða samþykktir eru af henni. Einkum skal þess konar aðstoð veitt, þegar engar aðrar ráðstafanir eru gerðar um greiðslu aukakostnaðar af flutningunum en að hlutaðeigandi verkamaður greiði hann sjálfur.
    3. Tekið skal tillit til aðstæðna í hverju landi og hverju einstöku tilfelli, þegar ákveðið er, hversu mikil þessi aðstoð skuli vera.
18. Vinnumiðlunarstofnanir skulu aðstoða stjórnvöld, sem annast atvinnuleysistryggingar og aðstoð við atvinnulausa, við ákvörðun og skýringu á skilyrðum fyrir því, að fáanleg vinna skuli teljast við hæfi atvinnulauss manns, enda þótt hún sé ekki í hans venjulegu atvinnugrein eða hafi í för með sér bústaðaskipti fyrir hann.
19. Vinnumiðlunarstofnanirnar skulu aðstoða hlutaðeigandi stjórnvöld við að koma á fót og bæta þjálfunar- eða endurþjálfunarnámskeið (þar með talið iðnnám, viðbótarnám og sérnám), velja fólk á slík námskeið, og ráða þá, sem þeim hafa lokið, í vinnu.

VI. Ýmis ákvæði.

20. 1. Vinnumiðlunarstofnanirnar skulu hafa samvinnu við aðrar stofnanir hins opinbera og einstaklinga, er fást við atvinnumál.
    2. Í þessu skyni skal vinnumiðlunarstofnunin spurð ráða og sjónarmið hennar tekin til greina af hverri þeirri samræmandi stofnun, sem fæst við setningu og framkvæmd stefnumiða í málum eins og:
       a. dreifingu iðnaðarins,
       b. framkvæmdum hins opinbera og opinberum fjárframlögum til framkvæmda,
       c. iðnfræðilegum framförum í sambandi við framleiðslu og atvinnu,
       d. inn- og útflutningi fólks,
       e. húsnæðismálum,
       f. veitingu félagslegra hagsbóta, svo sem heilsugæzlu, svo og stofnun skóla, hressingarhæla og hvíldarstofnana, og
       g. almennri þjóðfélagslegri skipulagningu og áætlunum, sem áhrif hafa á atvinnumöguleikana.
21. Í því skyni að auka hagnýtingu þeirra hlunninda, sem vinnumiðlunarstofnanir veita, og gera þeim fært að inna hlutverk sitt af hendi á raunhæfan hátt skulu þær gera þær ráðstafanir, sem nefndar eru í 22.—25. gr. hér á eftir.
22. 1. Stöðugt skal kappkostað að hvetja þá, sem vantar menn í vinnu, eða verkamenn til þess að notfæra sér fullkomlega og óþvingað upplýsingar og hlunnindi þau, sem vinnumiðlunarstofnanirnar veita.

2. Í þessu skyni skal m. a. nota kvikmyndir, útvarp og hver önnur tæki til útbreiðslu almennrar þekkingar og til að komast í samband við almenning til þess að útbreiða, einkum meðal vinnuveitenda og verkamanna og félagssamtaka þeirra, þekkingu og viðurkenningu á grundvallarstarfsemi vinnumiðlunarstofnananna við skipulagningu vinnumiðlunarinnar og hagsbótum þeim, sem verkamenn, vinnuveitendur og þjóðin öll nýtur af því að hagnýta vinnumiðlunina sem mest.

23. Verkamenn, sem sækja um atvinnuleysisstyrk eða aðstoð, skulu skyldir til að láta skrá sig sem atvinnuleitendur hjá vinnumiðlunarstofnununum. Sama gildir um þá, sem ljúka fagþjálfunarnámskeiðum innan námskerfis, sem starfrækt er af því opinbera eða styrkt af því.

24. Sérstök áherzla skal lögð á það að hvetja unglinga og alla þá, sem hefja vinnu í fyrsta sinn, eftir því sem hægt er, til að láta skrá sig til vinnu hjá vinnumiðlunarstofnuninni og mæta þar til viðtals varðandi ráðningu þeirra.

25. Atvinnurekendur, þar á meðal stjórnendur opinberra og hálfopinberra fyrirtækja, skulu hvattir til að tilkynna vinnumiðlunarstofnuninni lausar stöður.

26. Gera skal kerfisbundnar ráðstafanir til eflingar vinnumiðlunarstofnununum, þannig að vinnumiðlunarstofnanir einstaklinga útilokist í öllum atvinnugreinum öðrum en þeim, sem hlutaðeigandi stjórnvald telur þær æskilegar eða nauðsynlegar af sérstökum ástæðum.

VII. Alþjóðleg samvinna vinnumiðlunarstofnana.

27. 1. Að svo miklu leyti sem fært og hagkvæmt þykir, skal alþjóðleg samvinna vinnumiðlunarstofnana, með aðstoð Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar þegar þess er óskað, taka til:
   a. kerfisbundinna gagnkvæmra skipta milli tveggja eða fleiri aðila, eða innan ákveðinna svæða, á upplýsingum og reynsluþekkingu varðandi stefnumál og starfsaðferðir vinnumiðlunarstofnana, og
   b. skipulagninga ráðstefna um mál varðandi vinnumiðlun, og taki þær til tveggja aðila eða fleiri eða einstakra svæða.

   2. Í því skyni að auðvelda hverja þá flutninga verkafólks, sem samþykktir eru í samræmi við 6. gr. (b. IV.) í samþykktinni skulu vinnumiðlunarstofnanir eftir beiðni þeirra stjórnvalda innlendra, sem yfir þær eru sett, og í samvinnu við Alþjóðavinnumálaskrifstofuna ef óskað er:
   a. safna í samvinnu við aðrar stofnanir og félög, þar sem það á við, upplýsingum um vinnu og lausar stöður, sem ekki er hægt að ráða í innanlands, í því skyni að stuðla að inn- og útflutningi verkamanna til uppfyllingar þessum umsóknum og lausu stöðum, að svo miklu leyti sem unnt er,
   b. vinna með öðrum hlutaðeigandi stjórnvöldum, innlendum eða erlendum, að undirbúningi og framkvæmd milliríkjasamninga um inn- og útflutning fólks, er taki til tveggja aðila eða fleiri, eða sérstakra svæða.

IV. Samþykkt nr. 89 um næturvinnu kvenna í iðnaði (endurskoðuð 1948).

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar saman komið til 31. þingsetu sinnar í San Francisco 17. júní 1948, samkvæmt kvaðningu stjórnarnefndar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, hefur samþykkt ákveðnar tillögur um breytingar á samþykktinni frá 1919, um næturvinnu kvenna, er gerð var á fyrsta þingi þess, og Samþykktinni um næturvinnu kvenna frá 1934 (endurskoðuð), er gerð var á 18. þingi þess, en þetta er 9. mál á dagskrá þingsins, og þar sem það álítur, að tillögur þessar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar, gerir þingið í dag, 9. júlí 1948, eftirfarandi samþykkt, sem nefna ber Samþykkt frá 1948 (endurskoðuð) um næturvinnu kvenna.

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

1. Með orðinu „iðnfyrirtæki“ er í samþykkt þessari einkum átt við:
   a. fyrirtæki, sem stunda námagröft, grjótnám og aðra starfsemi við vinnslu efna úr jörðu,
   b. fyrirtæki, þar sem vörur eru framleiddar, þeim breytt, þær hreinsaðar, viðgerðar, skreyttar, fullkomnaðar, lagaðar til sölu, brotnar eða leystar upp eða þar sem efnum er breytt, þar með talin fyrirtæki, sem annast skipasmíðar eða framleiðslu, breytingu eða flutning á rafmagni eða hvers konar hreyfiafli,
   c. fyrirtæki, sem annast byggingar og mannvirkjagerð, þar með teljast nýbyggingar, endurbætur, viðhald, breytingar og niðurrif.
2. Hlutaðeigandi stjórnvald skal ákveða mörkin milli iðnaðar annars vegar og landbúnaðar, verzlunar og annarra atvinnugreina, sem ekki teljast til iðnaðar, hins vegar.

2. gr.

Með orðinu „nótt“ er í samþykkt þessari átt við tíma, er taki yfir a. m. k. ellefu samfelldar stundir, þar með talinn tími, er ákveðinn sé af hlutaðeigandi stjórnvaldi og taki yfir minnst sjö samfelldar stundir milli klukkan tíu að kvöldi og sjö að morgni. Hlutaðeigandi stjórnvald getur ákveðið mismunandi tíma fyrir mismunandi héruð, starfsgreinar, iðngreinar eða deildir af þeim, en hafa skal það samráð við samtök vinnuveitenda og verkamanna, er hlut eiga að máli, áður en það kveður á um tímabil, er hefjist eftir klukkan ellefu að kvöldi.

3. gr.

Konur, á hvaða aldri sem er, má ekki ráða til vinnu að nóttu til í neinu iðnfyrirtæki eða grein af því, hvort sem það er starfrækt af því opinbera eða einstaklingum. Undanskilin eru þó fyrirtæki, þar sem einungis meðlimir sömu fjölskyldu vinna.

4. gr.

Ákvæði 3. greinar gilda ekki:

a. þegar fyrir koma óviðráðanleg, utanaðkomandi atvik (force majeure), sem raskað hafa starfsemi fyrirtækisins og ómögulegt var að sjá fyrir, enda séu þau ekki þess eðlis, að þau séu líkleg til að endurtaka sig,
b. þegar vinnan snertir hráefni eða efni, sem verið er að umbreyta og hætt er við skjótum skemmdum á, enda sé slík næturvinna nauðsynleg til að koma í veg fyrir ákveðið tjón á slíkum efnum.

5. gr.

1. Þegar þjóðarhagsmunir krefjast vegna alvarlegs neyðarástands, getur ríkisstjórn, að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök vinnuveitenda og verkamanna, afnumið um stundarsakir bannið við næturvinnu kvenna.
2. Slíkt afnám um stundarsakir skal viðkomandi ríkisstjórn tilkynna aðalforstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í ársskýrslu sinni um framkvæmd samþykktarinnar.

6. gr.

Í iðnfyrirtækjum, sem háð eru áhrifum árstíðaskipta, svo og í öllum þeim tilfellum, sem sérstakar ástæður krefja, má færa næturtímabilið niður í tíu stundir um sextíu daga skeið á ári.

7. gr.

Í löndum, þar sem dagvinna er sérstökum erfiðleikum bundin vegna loftslags, má næturtímabilið vera styttra en tiltekið er í fyrirfarandi greinum, enda komi tilsvarandi hvíld að degi til í þess stað.

8. gr.

Þessi samþykkt tekur ekki til:

a. kvenna, sem gegna ábyrgðarstöðum, sem stjórnendur eða við iðnfræðileg störf, og
b. kvenna, sem vinna að heilbrigðis- og velferðarmálum og vinna yfirleitt ekki líkamlega vinnu.

II. KAFLI
Sérstök ákvæði um einstök lönd.

9. gr.

Í löndum, þar sem ríkisstjórnir hafa ekki enn þá sett ákvæði um næturvinnu kvenna í iðnaði, geta þær ákveðið, að orðið „nótt" skuli um stundarsakir og í hæsta lagi um þriggja ára skeið taka til aðeins tíu stunda tímabils, þar með talið tímabil, er ákveðið sé af hlutaðeigandi stjórnvaldi og eigi sé styttra en sjö samfelldar stundir á tímanum milli klukkan tíu að kvöldi og sjö að morgni.

10. gr.

1. Ákvæði samþykktar þessarar taka til Indlands með þeim takmörkunum, sem í þessari grein segir.
2. Nefnd ákvæði skulu taka til allra héraða, þar sem indverskt löggjafarvald er bært til að setja þau.
3. Orðið „iðnfyrirtæki" skal taka til:
   a. verksmiðja, eins og þær eru skilgreindar í indversku verksmiðjulögunum, og
   b. náma, sem indversku námalögin taka til.

11. gr.

1. Ákvæði samþykktar þessarar taka til Pakistan með þeim takmörkunum, sem í þessari grein segir.
2. Nefnd ákvæði skulu taka til allra héraða, sem háð eru löggjafarvaldi Pakistan.
3. Orðið „iðnfyrirtæki" skal taka til:
   a. verksmiðja, eins og þær eru skilgreindar í verksmiðjulögunum, og
   b. náma, sem námalögin taka til.

12. gr.

1. Alþjóðavinnumálaþingið getur hvenær sem málið er á dagskrá þess samþykkt með ⅔ hlutum atkvæða frumvarp að breytingum á einni grein eða fleirum í II. kafla samþykktar þessarar.
2. Í hverju slíku frumvarpi að breytingum skal greina það eða þau aðildarríki, sem það tekur til, og innan árs frá þingslitum, eða 18 mánaða, ef sérstaklega stendur á, skulu umrædd aðildarríki leggja frumvarpið fyrir það eða þau stjórnarvöld, sem málið heyrir undir til lagasetningar eða annarra aðgerða.
3. Ef slíkt aðildarríki fær samþykki þess eða þeirra stjórnvalda, sem málið heyrir undir, skal það senda aðalforstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar formlega fullgildingu á breytingunni til skrásetningar.
4. Hvert slíkt frumvarp að breytingum gengur í gildi sem breyting á samþykkt þessari um leið og það er fullgilt af því eða þeim aðildarríkjum, sem það tekur til.

III. KAFLI
Lokaákvæði.

13.—20. gr.

(Samhljóða 14.—21. gr. samþykktar nr. 87.)

V. Samþykkt nr. 90, um næturvinnu unglinga í iðnaði (endurskoðuð 1948).

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar saman komið til 31. þingsetu sinnar í San Francisco 17. júní 1948, eftir kvaðningu stjórnarnefndar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, hefur samþykkt ákveðnar tillögur um nokkrar breytingar á Samþykkt frá 1919, um næturvinnu unglinga í iðnaði, er gerð var á fyrstu þingsetu þess, en þetta er 10. mál á dagskrá þingsins, og þar sem það álítur, að tillögur þessar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar, gerir þingið í dag, 10. júlí 1948, eftirfarandi samþykkt, sem nefna ber Samþykkt frá 1948 (endurskoðuð), um næturvinnu unglinga í iðnaði.

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

1. Með orðinu „iðnfyrirtæki" er í samþykkt þessari einkum átt við:
   a. fyrirtæki, sem stunda námagröft, grjótnám og aðra vinnslu efna úr jörðu,
   b. fyrirtæki, þar sem vörur eru framleiddar, þeim breytt, þær hreinsaðar, viðgerðar, skreyttar, fullkomnaðar, lagaðar til sölu, brotnar eða leystar upp, eða þar sem efnum er breytt og teljast þar með fyrirtæki, er stunda skipasmíðar eða framleiðslu, breytingu eða flutning á rafmagni eða hvers konar hreyfiafli,
   c. fyrirtæki, sem annast byggingar eða mannvirkjagerð, þar með teljast nýbyggingar, viðgerðir, viðhald, breytingar og niðurrif,
   d. fyrirtæki, sem annast flutninga á mönnum eða munum, hvort heldur er á vegum eða járnbrautum og telst þar með meðhöndlun vara í skipakvíum, á hafnarbökkum og bryggjum, í geymsluhúsum og flughöfnum.
2. Hlutaðeigandi stjórnvald skal ákveða mörkin milli iðnaðar annars vegar og landbúnaðar, verzlunar og annarra atvinnugreina, sem ekki teljast til iðnaðar, hins vegar.
3. Með landslögum eða reglugerðum má undanskilja ákvæðum þessarar samþykktar vinnu við fjölskyldufyrirtæki, þar sem einungis foreldrar og börn þeirra eða skjólstæðingar starfa, enda teljist vinnan hvorki skaðleg né hættuleg unglingum.

2. gr.

1. Með orðinu „nótt" er í samþykkt þessari átt við a. m. k. tólf stundir samfelldar.
2. Þegar um er að ræða unglinga innan sextán ára aldurs, skal þetta tímabil fela í sér tímann frá klukkan tíu að kvöldi til sjö að morgni.
3. Þegar um er að ræða unglinga, sem náð hafa sextán ára aldri, en eru innan átján ára aldurs, skal tímabil þetta fela í sér tíma, er ákveðinn sé af hlutaðeigandi stjórnvaldi, skal hann vera a. m. k. sjö stundir samfelldar á tímanum frá klukkan tíu að kvöldi til sjö að morgni. Hlutaðeigandi stjórnvald getur ákveðið mismunandi tímabil fyrir mismunandi svæði, iðnir, fyrirtæki eða einstakar greinar iðna eða fyrirtækja, en áður en það ákveður, að tímabilið skuli hefjast eftir klukkan 11 að kvöldi, skal það ráðgast við þau samtök vinnuveitenda og verkamanna, sem hlut eiga að máli.

3. gr.

1. Unglingar innan átján ára aldurs skulu ekki látnir vinna að nóttu til í nokkru iðnfyrirtæki hins opinbera eða einstaklinga eða greinum af þeim, nema í samræmi við eftirfarandi ákvæði.
2. Þegar um er að ræða iðnnám eða starfsþjálfun í sérstökum iðnum eða starfsgreinum, þar sem vinna verður óslitið, getur hlutaðeigandi stjórnvald, að höfðu

samráði við vinnuveitenda- og verkamannafélög þau, sem hlut eiga að máli, leyft næturvinnu unglinga, sem náð hafa 16 ára aldri, en eru innan 18 ára aldurs.
3. Unglingum, sem vinna næturvinnu í samræmi við ákvæði undanfarandi málsgreinar, skal veittur a. m. k. þrettán stunda samfelldur hvíldartími milli hverra tveggja vinnuvakta.
4. Þar, sem næturvinna í bakaraiðn er öllum bönnuð, getur hlutaðeigandi stjórnvald, að því er snertir unglinga þá við iðnnám eða starfsþjálfun, er náð hafa 16 ára aldri, sett tímabilið frá klukkan 9 að kvöldi til 4 að morgni í stað hins a. m. k. sjö stunda langa samfellda tíma milli klukkan 10 að kvöldi og 7 að morgni, sem ákveðinn hefur verið af stjórnvaldinu í samræmi við 3. málsgr. 2. gr.

4. gr.

1. Í löndum, þar sem dagvinna er sérstökum erfiðleikum bundin vegna loftslags, má stytta næturtímabilið og þann tíma, sem bannað er að vinna, úr því, sem tiltekið er í fyrirfarandi greinum, enda komi samsvarandi hvíld að degi til í þess stað.
2. Ákvæði 2. og 3. gr. skulu ekki taka til næturvinnu, sem 16 til 18 ára unglingar vinna af nauðsyn vegna ófyrirsjáanlegra og óviðráðanlegra atvika, sem áhrif hafa á eðlilegan rekstur iðnfyrirtækisins og ekki eru þess eðlis, að þau endurtaki sig á tilteknum fresti.

5. gr.

Þegar þjóðarhagsmunir krefjast vegna neyðarástands, geta ríkisstjórnir afnumið um stundarsakir næturvinnubannið, að því er snertir 16 til 18 ára unglinga.

6. gr.

1. Í lögum þeim eða reglugerðum, sem gefa ákvæðum samþykktar þessarar lagagildi, skulu:
   a. vera viðeigandi ákvæði til tryggingar því, að þau séu kunn þeim mönnum, sem hlut eiga að máli,
   b. greindir þeir menn, sem ábyrgð bera á framkvæmd þeirra,
   c. tiltekin hæfileg viðurlög við hvers konar brotum á þeim,
   d. vera ákvæði um, að haldið skuli uppi eftirliti, er hæft sé til þess að tryggja það, að raunverulega sé farið eftir ákvæðunum, og
   e. vera ákvæði um það, að öllum atvinnurekendum við iðnfyrirtæki einstaklinga eða hins opinbera skuli skylt að færa skrár eða skýrslur, sem opinber aðgangur er að, um nöfn og fæðingardaga allra þeirra manna yngri en 18 ára, sem hjá þeim vinna, svo og um aðrar þær upplýsingar, er máli skipta og hlutaðeigandi stjórnarvald kann að krefjast.
2. Í ársskýrslum þeim, sem aðildarríkin gefa samkvæmt 22. gr. stjórnarskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skulu vera nákvæmar upplýsingar um slík lög og reglugerðir og almennt yfirlit yfir þann árangur, sem náðst hefur af eftirliti framkvæmdu í samræmi við þau.

II. KAFLI
Sérstök ákvæði um einstök lönd.

7. gr.

1. Hvert það aðildarríki, sem fyrir setningu laga þeirra eða reglugerða, sem heimila fullgildingu samþykktar þessarar, hafði sett lög eða reglugerðir um bann gegn næturvinnu unglinga í iðnaði, er ákváðu lægra aldursmark en 18 ár, getur með yfirlýsingu, er fylgi fullgildingu þess, sett lægra aldursmark en 18 ár í stað aldurmarks þess, sem ákveðið er í 1. mgr. 3. greinar, þó aldrei lægra en 16 ár.

2. Hvert það aðildarríki, sem gefið hefur slíka yfirlýsingu, getur ógilt hana hvenær sem er með síðar gerðri yfirlýsingu.
3. Hvert það aðildarríki, sem yfirlýsing samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar gildir fyrir, skal geta þess á hverju ári í ársskýrslu sinni um framkvæmd samþykktarinnar, að hve miklu leyti framfarir hafa orðið í þá átt, að hægt sé að beita ákvæðum samþykktarinnar að fullu.

8. gr.

1. Ákvæði I. kafla þessarar samþykktar taka til Indlands með þeim takmörkunum, sem settar eru í þessari grein.
2. Nefnd ákvæði skulu taka til allra héraða, þar sem indverskt löggjafarvald er bært til að setja þau.
3. Orðið „iðnfyrirtæki" skal taka til:
   a. verksmiðja, eins og þær eru skilgreindar í indversku verksmiðjulögunum,
   b. náma, sem indversku námalögin taka til,
   c. járnbrauta og hafna.
4. 2. málsgr. 2. gr. skal taka til unglinga, sem náð hafa 13 ára aldri, en eru ekki orðnir 15 ára.
5. 3. málsgr. 2. gr. skal taka til unglinga, sem náð hafa 15 ára aldri, en eru ekki orðnir 17 ára.
6. 1. málsgrein 3. gr. og 1. málsgr. 4. gr. skal taka til unglinga innan 17 ára aldurs,
7. 2., 3. og 4. málsgr. 3. gr., 2. málsgr. 4. gr. og 5. gr. skulu taka til unglinga, sem náð hafa 15 ára aldri, en eru ekki orðnir 17 ára.
8. 1. málsgr. e. í 6. grein skal taka til unglinga innan 17 ára aldurs.

9. gr.

1. Ákvæði I. kafla samþykktar þessarar taka til Pakistan með þeim takmörkunum, sem settar eru í þessari grein.
2. Nefnd ákvæði skulu taka til allra héraða, þar sem löggjafarvald Pakistan er bært til að setja þau.
3. Orðið „iðnfyrirtæki" skal taka til:
   a. verksmiðja, eins og þær eru skilgreindar í verksmiðjulögunum,
   b. náma, sem námalögin taka til,
   c. járnbrauta og hafna.
4. 2. málsgr. 2. gr. skal taka til unglinga, sem náð hafa 13 ára aldri, en eru ekki orðnir 15 ára.
5. 3. málsgr. 2. gr. skal taka til unglinga, sem náð hafa 15 ára aldri, en eru ekki orðnir 17 ára.
6. 1. málsgr. 3. gr. og 1. málsgr. 4. gr. skulu taka til unglinga, sem ekki hafa náð 17 ára aldri.
7. 2., 3. og 4. málsgr. 3. gr., 2. málsgr. 4. gr. og 5. gr. skulu taka til unglinga, sem náð hafa 15 ára aldri, en eru ekki orðnir 17 ára.
8. 1. málsgr. e. í 6. gr. skal taka til unglinga innan 17 ára aldurs.

10. gr.

(Samhljóða 12. gr. samþykktar nr. 89.)

III. KAFLI
Lokaákvæði.

11.—18. gr.

(Samhljóða 14.—21. gr. samþykktar nr. 87.)

Ed. **34. Frumvarp til laga** [30. mál]

um iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráð.

Flm.: Gísli Jónsson.

I. KAFLI
Um stjórn iðnaðarmála.

1. gr.

Ráðherra sá, sem fer með iðnaðarmál, skal hafa yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi varða.

2. gr.

Ráðherra skipar iðnaðarmálastjóra til þess að fara með störf þau, sem honum eru ætluð í lögum þessum, og setur honum erindisbréf. Skal hann vera vélaverkfræðingur að menntun og taka laun samkv. III. fl. launalaganna.

Ráðherra skipar og 3 manna framleiðsluráð iðnaðarmálastjóra til aðstoðar. Skal það skipað til 4 ára í senn þannig: einum samkvæmt tilnefningu Landssambands iðnaðarmanna, öðrum samkvæmt tilnefningu rannsóknaráðs ríkisins, þeim þriðja án tilnefningar, og er hann formaður ráðsins. Ráðherra skipar enn fremur og ræður fasta starfsmenn iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráði til aðstoðar, eftir því sem þörf krefur og að fengnum tillögum þeirra. Laun og annar kostnaður við starfið greiðist úr ríkissjóði, og veitist til þess fé árlega í fjárlögum.

Ríkisstjórnin ákveður þóknun til meðlima framleiðsluráðs.

3. gr.

Iðnaðarmálastjóri og framleiðsluráð eru ráðunautar ríkisstjórnarinnar í iðnaðarmálum.

II. KAFLI
Um verkefni iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráðs.

4. gr.

Iðnaðarmálastjóri annast framkvæmdir og dagleg störf samkvæmt lögum þessum. Hann undirbýr tillögur og áætlanir um ný iðjuver, er ríkissjóður lætur reisa eða styrkir aðra til að koma upp, svo og um endurbætur eða stækkanir iðjuvera, sem starfrækt eru af ríkissjóði eða hann styrkir með lánum, framlögum eða á annan hátt. Skal hann og hafa yfirumsjón með öllum slíkum framkvæmdum fyrir hönd ríkissjóðs. Hann skal og veita sams konar aðstoð bæjar- og sveitarfélögum og einstaklingum, ef þess er óskað, gegn hæfilegu gjaldi.

5. gr.

Sameiginleg verkefni iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráðs eru:

1. Að annast rannsóknir á skilyrðum til fullkominnar hagnýtingar á öllum þeim hráefnum, sem landið á yfir að ráða, hvort heldur er úr lofti, jörðu eða sjó.
2. Að gera árlega tillögur til ríkisstjórnarinnar um heildartilhögun á sviði iðnaðarmála með það fyrir augum:
   a. að eðlileg og holl hlutföll haldist á milli atvinnuvega þjóðarinnar um skiptingu á vinnuafli, rekstrarfé, fjárfestingu og opinberri aðstoð;
   b. að framleiðslunni sé beint að þeim greinum, sem hagfelldastar eru fyrir þjóðina og samrýmast bezt þörfum hennar á hverjum tíma;
   c. að hendi sé ekki sleppt af neinum afurðum, er vér öflum, fyrr en þær hafa verið svo úr garði gerðar, að þær skili landinu sem mestum erlendum gjaldeyri, ef út eru fluttar, en spari sem mestan erlendan gjaldeyri, ef þær eru seldar innanlands.

3. Að stuðla að umbótum á vinnslu og meðferð framleiðslunnar m. a. með því:
   a. að fylgjast með öllum nýjungum, sem fram koma meðal annarra þjóða í iðnaðarmálum, og láta þær iðnrekendum í té;
   b. að leiðbeina iðnrekendum um endurbætur á vélum, húsakynnum og vinnutilhögun í iðjuverum;
   c. að leiðbeina iðnrekendum um meðferð hráefna og á hvern hátt gera megi þau sem verðmætust, t. d. með blöndun annarra efna;
   d. að halda uppi sífelldum tilraunum til endurbóta á hinum ýmsu sviðum iðnaðarins.
4. Að stuðla að því, að ekki sé fluttur inn fullunninn varningur, ef unnt er og hagkvæmt að vinna hann hér á landi, heldur sé hann fluttur inn á því stigi, sem hann er ódýrastur, en þó hæfur til að vinnast að fullu í ísl. iðjuverum.
5. Að fylgjast með framleiðslu, eftirspurn og sölu á íslenzkum iðnaðarvörum á hverjum tíma, svo og með innflutningi á sams konar vörum, gæðum þeirra og verði.
6. Að vinna að aukinni hagnýtingu markaða fyrir íslenzkar iðnaðarvörur utan lands og innan.
7. Að gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um ný iðjuver, sem hagkvæmt þykir, að reist verði á kostnað ríkissjóðs eða styrkja beri af opinberu fé, svo og um endurbætur eða stækkun eldri iðjuvera.
8. Að gera tillögur um sölu iðjuvera ríkisins, ef hagkvæmara þykir, að þau séu starfrækt af öðrum aðilum.
9. Að athuga ársreikninga og fjárhagsáætlanir iðjuvera ríkisins og gera tillögur til úrbóta, ef sýnt er, að fyrirtækin eru starfrækt með tapi.

6. gr.

Ef iðnaðarmálastjóri og framleiðsluráð verða eigi sammála um afgreiðslu máls til ríkisstjórnarinnar, ber hverjum aðila fyrir sig að gera henni grein fyrir því, í hverju ágreiningurinn er fólginn og hvernig atkvæði féllu um málið í ráðinu. Skulu sérálit aðilanna síðan send með málsskjölunum til ríkisstjórnarinnar.

7. gr.

Til þess að jafnan sé unnt að hafa heildaryfirlit yfir iðnaðarmálin í landinu, lætur framleiðsluráð stofna og gefa út ár hvert skýrslu um eftirfarandi atriði: Skrásetningu þeirra iðnaðarfyrirtækja, sem starfrækt eru í landinu, hversu margir menn starfa við fyrirtækið og hversu mikinn tíma af árinu það er starfrækt og á hvaða árstíðum, hve mikil vinnulaunagreiðslan er, hver tegund framleiðslunnar er og hvaða framleiðslumagn, úr hvaða efnum er unnið og hvaða meðferð þau hafa fengið, hve mikill hráefnakostnaðurinn er og hvernig hann skiptist á erlendan og innlendan gjaldeyri, hve mikill innflutningstollur er á efni, sem notuð eru til framleiðslunnar, og hve mikill útflutningstollur er greiddur, ef varan er flutt út, hvert sé verðlag vörunnar, þegar hún hefur verið fullunnin, og hvernig það er samanborið við verðlag á sambærilegum innfluttum vörum, hve mikill erlendur gjaldeyrir sparast við að framleiða vöruna fyrir innlendan markað og hve mikinn erlendan gjaldeyri varan skapar í útflutningi.

III. KAFLI
Almenn ákvæði.

8. gr.

Skylt er öllum þeim fyrirtækjum og stofnunum, sem hafa með höndum vinnslu eða sölu íslenzkra afurða, að láta ráðinu í té allar upplýsingar, er því geti að gagni komið við störf þess og þær geta veitt. Sama gildir og um þær opinberar

stofnanir, sem skýrslum safna, og þá einstaklinga, sem skyldur hafa um skýrslugerðir til slíkra stofnana.

Framleiðsluráð lætur búa út skýrsluform til útfyllingar fyrir þá aðila, er það óskar upplýsinga frá.

9. gr.

Skylt skal Atvinnudeild háskólans, og öðrum þeim stofnunum, sem starfræktar eru fyrir fé úr ríkissjóði, að veita framleiðsluráði alla nauðsynlega aðstoð við rannsóknir og tilraunir, eftir því sem þær hafa ástæður til og að gagni má verða fyrir iðnaðarmálin.

10. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði, er nauðsynleg þykja um framkvæmd þessara laga, m. a. ákvæði um gjöld fyrir veitta aðstoð til iðjuvera.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta hefur verið borið fram tvisvar á Alþingi, en ekki fengið þar afgreiðslu, heldur verið vísað frá til frekari athugunar fyrir ríkisstjórnina. Vísast til greinargerðar á þingskjali 9 frá síðasta þingi um nauðsyn þess, að frv. verði sem fyrst að lögum. Er þess vænzt, að þingmenn viðurkenni þessa nauðsyn og samþykki frv. á þessu þingi.

Nd. 35. Breytingartillögur [17. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Ingólfi Jónssyni og Helga Jónassyni.

Við 1. gr. Framan við greinina bætist svolátandi nýir tölul.:

1. A. 29 í 2. gr. laganna orðast þannig:
   Ásvegur: Af Suðurlandsvegi móts við vegamót Landvegar um Ás, Sandhólaferju og Háfshverfi að Hábæ.
2. Á eftir A. 29 í sömu gr. laganna koma 2 nýir liðir:
   a. *Hamravegur:* Af þjóðveginum vestan við Hárlaugsstaði að Syðri-Hömrum og Hamrahól.
   b. *Vetleifsholtsvegur:* Af þjóðveginum utan við Ægissíðu að Vetleifsholti.
3. A. 32 í sömu gr. orðast svo:
   Þykkvabæjarvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Ægissíðu um Hábæ að Bala í Þykkvabæ.
4. Á eftir 33 í sömu gr. koma 3 nýir liðir:
   a. *Gunnarsholtsvegur:* Af þjóðveginum vestan við Varmadal um Gunnarsholt, Kot að Næfurholti.
   b. *Rangárvallavegur efri:* Af þjóðveginum utan við Eystri-Rangá um Stóra-Hof, Reyðarvatn, Geldingalæk, Heiði, Þingskála að Kaldbak.
   c. *Oddavegur:* Af Suðurlandsvegi vestan við Strönd að Odda.
5. Á eftir A. 35 í sömu gr. koma 5 nýir liðir:
   a. *Hólmavegur:* Af Landeyjavegi syðri hjá Búðarhóli um Guðnastaði að Hólmum.
   b. *Skúmsstaðavegur:* Af Bakkabæjavegi hjá Bakkakoti að Skúmsstöðum um Grímsstaði að Ytri-Hól.

c. *Rauðafellsvegur:* Um Seljavelli, Selkot, Raufarfell að Rauðafelli.
d. *Mýravegur:* Af þjóðveginum hjá Fitjarmýri um Nýjabæ, Lambhúshól á þjóðveginn móts við Hvamm.
e. *Hólmabæjarvegur:* Af þjóðveginum hjá Miðey um Svanavatn, Borgareyrar, Dalsel, Bjarkaland og Steinmóðarbæ á þjóðveginn við Steinmóðarbæjarhólma.

Nd. 36. Nefndarálit [8. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1951 með viðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 17. okt. 1950.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Sigurður Ágústsson, fundaskr. Ásg. Ásgeirsson.
Jóhann Hafstein.

Nd. 37. Nefndarálit [9. mál]

um frv. til l. um tekjuskattsviðauka árið 1951.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 17. okt. 1950.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Sigurður Ágústsson, fundaskr. Ásg. Ásgeirsson.
Einar Olgeirsson. Jóhann Hafstein.

Nd. 38. Breytingartillaga [17. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina komi:
Á eftir C. 44 í sömu gr. kemur nýr liður:
Eiðisbraut: Af Langanesvegi utan Krossóss að Eiði.

Ed. 39. Nefndarálit [4. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um frv. Einn nm. (BrB) vill ekki fallast á það, en 3 nm. (BSt, GJ og KK) leggja til, að það verði samþykkt. Einn nm. (ÞÞ) var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 17. okt. 1950.

Bernh. Stefánsson, form., frsm. Gísli Jónsson, fundaskr. Karl Kristjánsson.

Ed. 40. Nefndarálit [7. mál]

um frv. til l. um skyldu bæjar- og sveitarsjóða til að greiða uppbót á laun skólastjóra og kennara við barnaskóla.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarp þetta er samhljóða bráðabirgðalögum frá 16. júní s. l.

Nefndin klofnaði. Minni hlutinn (GJ) leggur til, að frumvarpið verði fellt, en meiri hlutinn (BSt, KK, BrB) lítur svo á, að eðlilegt og sanngjarnt sé, að barnakennarar fái sömu uppbót greidda á laun sín og aðrir opinberir starfsmenn, og þá einnig á þann hluta launanna, er bæjar- og sveitarsjóðir greiða, enda munu allmörg sveitarfélög vera búin að greiða uppbótina.

Meiri hlutinn leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarmanna (ÞÞ) var fjarstaddur og tók þess vegna ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. okt. 1950.

Bernh. Stefánsson, form. Karl Kristjánsson, frsm. Brynjólfur Bjarnason.

Ed. 41. Nefndarálit [7. mál]

um frv. til l. um skyldu bæjar- og sveitarsjóða til að greiða uppbót á laun skólastjóra og kennara við barnaskóla.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Á þetta get ég ekki fallizt af eftirfarandi ástæðum:

Launauppbætur til embættismanna eru sumpart ákveðnar með þál. og sumpart með ákvæðum fjárlaga, án þess að breyta í einu eða öðru gildandi ákvæðum launalaganna. Ég var á sínum tíma á móti því, að þessi aðferð yrði viðhöfð, eins og ég einnig var á móti því, að það væri rétt að hækka laun embættismanna almennt, nema á móti kæmi lengri vinnutími og meiri afköst.

Í athugasemdum frv. er viðurkennt, að lagaleg skylda fyrir bæjar- og sveitarfélög til að inna þessar greiðslur af hendi felist ekki í fyrirmælum Alþingis og sé því nauðsynlegt að setja um þetta lög. En þá er einnig ljóst, að ekki er hægt að skylda þessa aðila til þess að greiða uppbætur fyrir þann tíma, er bráðabirgðalögin eru gefin út, en til þess er þó ætlazt í frv.

Ég legg því til, að málið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti þegar á þessu þingi breyta gildandi launalögum í samræmi við vilja meiri hluta Alþingis, svo að laun séu eigi greidd eftir öðrum reglum en þeim, sem fyrir er mælt í lögum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 17. okt. 1950,

Gísli Jónsson,
fundaskr.

Nd. 42. Frumvarp til laga [31. mál]

um laun skálda, rithöfunda og annarra listamanna og listarráð.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason.

1. gr.

Allt að tólf skáld, rithöfundar og aðrir listamenn skulu njóta árlegra heiðurslauna úr ríkissjóði að upphæð 18000 kr. hver.

2. gr.

Skáld, rithöfundar og aðrir listamenn, sem notið hafa heiðurslauna samkv. 1. gr. í 5 ár, skulu njóta þeirra ævilangt. Skulu þeir skipa listarráð (akademi) og vera menntamálaráðuneyti og menntamálaráði til ráðuneytis um mál, er varða listir.

3. gr.

Fé því, sem veitt er í fjárlögum til skálda, rithöfunda og annarra listamanna umfram heiðurslaun þau, sem um ræðir í 1. gr., skal úthlutað í þremur flokkum, og skal upphæð einstakra fjárveitinga í hverjum flokki vera 9000 kr., 6000 kr. og 3000 kr.

4. gr.

Alþingi ákveður með ályktun sameinaðs þings, hver skáld, rithöfundar og aðrir listamenn skuli njóta heiðurslauna samkv. 1. gr. Úthlutun fjár samkv. 3. gr. annast menntamálaráð, en jafnan skal það senda listarráði og heimspekideild Háskóla Íslands til umsagnar tillögur þær, sem fram koma innan ráðsins, áður en ákvörðun er tekin. Skal úthlutun lokið í síðasta lagi tveimur mánuðum eftir samþykkt fjárlaga.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv., að mestu leyti samhljóða þessu frv., hafa verið flutt á tveim síðustu þingum, en eigi orðið útrædd.

Á undanförnum árum hafa verið uppi háværar raddir um nauðsyn þess að koma fastari skipun á úthlutun listamannalauna. Stjórnskipuð nefnd starfaði að málinu fyrir fjórum árum og samdi frv. til laga um þessi efni. Bandalag íslenzkra lista-

manna hefur og fjallað um málið og samið frv. um úthlutun launa til listamanna. Ekki hefur þó komið til lagasetningar um þessi efni enn, og er það mjög miður. Um alllangt skeið undanfarið hafa orðið óeðlileg og óheppileg átök um úthlutun þess fjár, sem veitt er árlega í fjárlögum til skálda, rithöfunda og annarra listamanna. Að verulegu leyti hafa deilur þessar átt rót sína að rekja til þess, að ekki hefur gætt æskilegrar stefnufestu af hálfu ríkisvaldsins um úthlutun fjárins, enda hefur hún verið í höndum ýmissa aðila, þ. e. Alþingis sjálfs, menntamálaráðs, listamanna sjálfra að nokkru leyti og nú síðast þingkjörinna nefnda. Ýmsum og ólíkum reglum hefur verið fylgt um skiptingu fjárins frá ári til árs, og hefur skáldum og rithöfundum verið skipt í allt að 11 flokka, tónlistarmönnum og leikurum í allt að 8 flokka og myndlistarmönnum í allt að 4 flokka. Hin nákvæma flokkun listamannanna hefur verið mjög óheppileg og valdið miklu um þann styr, sem að jafnaði hefur staðið um úthlutunina, enda hlýtur slík flokkun að minna á einkunnagjöf í skóla, og hefur úthlutunin raunar stundum borið nokkurn keim af því, að hún skyldi jafngilda einkunnagjöf.

Meginatriði þessa frv. er, að allt að tólf skáld, rithöfundar og aðrir listamenn skuli njóta fastra heiðurslauna að upphæð 18000 kr. á ári. Hæstu skáldalaun hafa undanfarið numið 18000 kr., en þau laun hafa aðeins fáir hlotið. Allmargir hafa hins vegar fengið 12000—15000 kr. Flm. þessa frv. telur eðlilegt og réttmætt, að allt að tólf skáld, rithöfundar og aðrir listamenn njóti sérstakra og allríflegra heiðurslauna og haldi þeim ævilangt, ef þeir hafa verið taldir þeirra maklegir fimm sinnum. Ætti aðstaða þeirra listamanna, sem mestrar viðurkenningar njóta, að geta orðið örugg og ekki hætta á stöðugum deilum um úthlutun fjár til þeirra. Jafnframt er gert ráð fyrir því, að þeir menn, sem ákveðið hefur verið, að njóta skuli heiðurslauna ævilangt, skipi listarráð (akademi) og séu ríkisvaldinu til ráðuneytis og leiðbeiningar um málefni, er varða listir, auk þess sem listarráð getur að sjálfsögðu valið sér sjálfstæð verkefni. Því fé, sem veitt er í fjárlögum til listamanna umfram þær allt að 216000 kr., sem heiðurslaunin gætu numið, skal síðan skipt milli annarra rithöfunda, skálda og listamanna, en þó þannig, að því fé verði ekki úthlutað í nema þremur flokkum. Auk heiðurslaunaflokksins virðist eðlilegt að gera ráð fyrir tveimur flokkum fjárveitinga til viðurkenndra listamanna (9000 kr. og 6000 kr.) og enn fremur sérstökum flokki (3000 kr.) til uppörvunar efnilegum byrjendum fyrst og fremst.

Þótt frv. þetta verði að lögum, fylgja því að sjálfsögðu engin ný útgjöld fyrir ríkissjóð. Það fjallar einvörðungu um skiptingu þess fjár, sem veitt er í fjárlögum til listamanna, en það er að vísu lögbundið, að allt að tólf mönnum skuli jafnan veita árleg heiðurslaun að upphæð 18000 kr. Miðað við þá fjárhæð, sem ætluð er listamönnum í fjárlagafrv. hæstv. ríkisstjórnar fyrir 1951, þ. e. 519000 kr., yrði hægt að úthluta 303000 kr. til annarra en þeirra, sem heiðurslauna mega njóta.

Í frv. er Alþingi ætlað að taka ákvörðun um, hverjir njóta skuli heiðurslauna, og því er einnig ætlað að ákveða, með endurveitingu tilskilinn tíma, hverjir skipa skuli listarráð. Menntamálaráði er hins vegar falin úthlutun fjár til annarra listamanna, en þó gert ráð fyrir því, að jafnan sé leitað umsagnar listarráðs og heimspekideildar Háskóla Íslands, áður en ákvörðun er tekin. Eins og nú er komið málum, sýnist ástæðulaust að velja sérstakar nefndir til að annast þessa úthlutun og eðlilegast að fela það menntamálaráði, enda hefur það önnur skyld störf með höndum. Hins vegar er það nýmæli, að leita skuli umsagnir listarráðs og heimspekideildar Háskóla Íslands. Fyrst gert er ráð fyrir því, að hinir viðurkenndustu listamenn þjóðarinnar skipi listarráð (akademi), virðist sjálfsagt, að menntamálaráð leiti umsagnar þeirra, áður en það tekur ákvarðanir um fjárveitingar til annarra listamanna, en um laun þeirra sjálfra hefur Alþingi þegar tekið endanlega ákvörðun.

Ætti með þessu móti að fást mjög aukin trygging fyrir því, að vel sé vandað til ákvarðana í þessu efni, svo að ekki þyrfti að standa um þær óeðlilegur og hvimleiður styr.

Nd. **43. Breytingartillögur** [17. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:

1. Á eftir B. 58 í 2. gr. laganna kemur nýr liður:
   Ingjaldssandsvegur: Frá Núpi í Dýrafirði um Sandsheiði að Sæbóli á Ingjaldssandi.
2. Við B. 59 í sömu lagagr. Liðurinn orðist svo:
   Dýrafjarðarvegur: Frá Alviðruvör um Núp og Gemlufall inn fyrir Dýrafjarðarbotn, um Hvamm til Þingeyrar.
3. Á eftir B. 61 í sömu lagagr. komi nýr liður:
   Lokinhamravegur: Frá Rafnseyri að Lokinhömrum.
4. Við B. 62 í sömu lagagr. (Ketilseyrarvegur). Liðurinn falli niður.

Ed. **44. Breytingartillaga** [29. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Bernharð Stefánssyni.

Við 1. gr. bætist nýr stafl.:
C. 30 (Laugalandsvegur) í 2. gr. laganna orðist svo:
Eyjafjarðarbraut eystri: Af Norðurlandsvegi hjá Kaupangi austan Eyjafjarðarár að Vatnsenda.

Nd. **45. Breytingartillögur** [17. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Halldóri Ásgrímssyni.

Við 1. gr. frv. bætist:

1. Á eftir D. 5 í 2. gr. laganna kemur nýr liður:
   Sunnudalsvegur: Af þjóðveginum sunnan Hofsárbrúar um Sunnudal í Borgir og þaðan í Sírekksstaði, yfir Hofsborgartungu á Vopnafjarðarveg nálægt Hofi.
2. Á eftir D. 6 í sömu lagagr. kemur nýr liður:
   Jökuldalsvegur eystri: Af Jökuldalsvegi hjá Hákonarstöðum yfir Jökulsá og þaðan út Jökuldal austan ár á Austurlandsveg nálægt Þrívörðu við Heiðarenda.
3. Á eftir D. 8 í sömu lagagr. kemur nýr liður:
   Kirkjubæjarvegur: Af Hróarstunguvegi nyrðri hjá Stórabakka, um Hallfreðarstaði á Hróarstunguveg eystri hjá Kirkjubæ.
4. Á eftir D. 9 í sömu lagagr. kemur nýr liður:
   Fellavegur: Af Austurlandsvegi um Hafrafell, Staffell og Fjallssel á Upphéraðsveg nálægt Ormarsstöðum.

5. Á eftir D. 11 í sömu lagagr. kemur nýr liður:
   Seyðisfjarðarvegur nyrðri: Frá Vestdalseyri að Brimnesi.
6. Á eftir D. 12 í sömu lagagr. koma nýir liðir:
   a. *Hjaltastaðavegur:* Af Úthéraðsvegi nálægt Gagnstöð um Sandbrekku að Hjaltastað.
   b. *Borgarfjarðarvegur:* Af þjóðveginum við Bakkagerði inn Borgarfjörð norðan Fjarðarár, um Húsavíkurheiði til Húsavíkur.

Nd. 46. Frumvarp til laga [32. mál]

um framkvæmd á viðskiptasamningum við Pólland, dags. 14. júní 1948 og 7. apríl 1949.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Úr verðjöfnunarsjóði Póllandsviðskipta skal greiða til að lækka verð á dollurum til kaupa á vörum og til greiðslu á þjónustu samkvæmt viðskiptasamningi milli Íslands og Póllands, undirrituðum 14. júní 1948, og viðbótarsamningi undirrituðum 7. apríl 1949, kr. 979.98 á hverja 100 dollara frá skráðu sölugengi Bandaríkjagjaldeyris, sem nú er kr. 1632.00 miðað við 100 dollara. Jafnframt skal gengishagnaður á inneign Landsbanka Íslands, sem myndaðist við gengislækkunina í marz 1950, vegna fyrrnefndra samninga, renna í verðjöfnunarsjóð Póllandsviðskipta.

Komi í ljós, að endurgreiða þurfi að einhverju leyti andvirði vara, sem fluttar hafa verið út til Póllands samkvæmt fyrrnefndum samningum, svo sem vegna skemmda eða af öðrum ástæðum, skal verja fé úr verðjöfnunarsjóði Póllandsviðskipta til að lækka sölugengi þeirra dollara, sem til endurgreiðslu þarf, um kr. 979.98 á hverja 100 dollara, frá skráðu sölugengi Bandaríkjadollars.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er samhljóða bráðabirgðalögum, sem út voru gefin 31. maí 1950, og lagt fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar. Um ástæður vísast til fylgiskjalsins.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um framkvæmd á viðskiptasamningi við Pólland, dags. 14. júní 1948 og 7. apríl 1949.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Viðskiptamálaráðherra hefur tjáð oss, að brýna nauðsyn beri til að gefa út lög um framkvæmd viðskiptasamninga við Pólland, sem undirritaðir voru 14. júní 1948 og 7. apríl 1949.

Bráðabirgðalög um þetta efni, sem sett voru 28. október 1949, hlutu ekki fullnaðarafgreiðslu á nýloknu þingi. Sökum þess að útflutningi til Pól-

lands samkvæmt samningum þessum var lokið áður en gengi íslenzkrar krónu var lækkað í marzmánuði s. l., en innflutningi ólokið enn þá, er enn óráðstafað talsverðum fjárhæðum, sem verja ber til vörukaupa í Póllandi. Til þess að raska ekki grundvelli viðskiptanna við Pólland og halda sölugengi dollars í viðskiptum við það land samkvæmt fyrrgreindum samningum óbreyttum, telur ríkisstjórnin brýna nauðsyn bera til að gefa út bráðabirgðalög samkvæmt heimild í 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Úr verðjöfnunarsjóði Póllandsviðskipta skal greiða til að lækka verð á dollurum til kaupa á vörum og til greiðslu á þjónustu samkvæmt viðskiptasamningi milli Íslands og Póllands, undirrituðum 14. júní 1948, og viðbótarsamningi undirrituðum 7. apríl 1949 kr. 979.98 á hverja 100 dollara frá skráðu sölugengi Bandaríkjagjaldeyris, sem nú er kr. 1632.00 miðað við 100 dollara. Jafnframt skal gengishagnaður á inneign Landsbanka Íslands, sem myndaðist við gengislækkunina í marz 1950, vegna fyrrnefndra samninga, renna í verðjöfnunarsjóð Póllandsviðskipta.

Komi í ljós, að endurgreiða þurfi að einhverju leyti andvirði vara, sem fluttar hafa verið út til Póllands samkvæmt fyrrnefndum samningum, svo sem vegna skemmda eða af öðrum ástæðum, skal verja fé úr verðjöfnunarsjóði Póllandsviðskipta til að lækka sölugengi þeirra dollara, sem til endurgreiðslu þarf, um kr. 979.98 á hverja 100 dollara, frá skráðu sölugengi Bandaríkjadollars.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. maí 1950.

Steingrímur Steinþórsson. **Jón Pálmason.** **Þórður Eyjólfsson.**

(L. S.)

Björn Ólafsson.

Nd. 47. Frumvarp til laga [33. mál]

um breyting á lögum nr. 22/1950 um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Fyrri málsgrein 14. gr. orðist svo:

Skattur samkvæmt 12. gr. laga þessara skal ákveðinn af skattstjóranum í Reykjavík, sem einnig úrskurðar kærur út af álagningu skattsins, og má áfrýja úrskurði hans til fjármálaráðuneytisins. Um innheimtu, lögtaksrétt, vangoldinn skatt og viðurlög fer að öðru leyti eftir því sem við á, eftir ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 6/1935.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er samhljóða bráðabirgðalögum, sem út voru gefin 30. júní 1950, og lagt fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar. Um ástæður vísast til fylgiskjalsins.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Viðskiptamálaráðherra hefur tjáð mér, að nauðsynlegt sé að breyta ákvæðum 14. gr. laga nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl. á þann veg, að skattálagning samkvæmt lögunum verði falin skattstjóranum í Reykjavík, en um innheimtu, lögtaksrétt, vangoldinn skatt og viðurlög fari að öðru leyti, eftir því sem við á, eftir ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 6/1935.

Af framangreindum ástæðum telur viðskiptamálaráðherra brýna nauðsyn bera til, að sett verði með bráðabirgðalögum ákvæði, er breyta 14. gr. fyrrgreindra laga á þann hátt, er að framan segir.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Fyrri málsgrein 14. gr. orðist svo:

Skattur samkvæmt 12. gr. laga þessara skal ákveðinn af skattstjóranum í Reykjavík, sem einnig úrskurðar kærur út af álagningu skattsins, og má áfrýja úrskurði hans til fjármálaráðuneytisins. Um innheimtu, lögtaksrétt, vangoldinn skatt og viðurlög fer að öðru leyti eftir því sem við á, eftir ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 6/1935.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. júní 1950.

Sveinn Björnsson.

Björn Ólafsson.

Nd. 48. Frumvarp til laga [34. mál]

um greiðslu launauppbótar.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Frá 1. júlí til 31. desember 1950 skal greidd uppbót á laun, er miðast við vísitölu 112.

2. gr.

Útreikningur vísitölu framfærslukostnaðar í desember næst komandi og þar á eftir samkvæmt ákvæðum laga nr. 22/1950, svo og launabreytingar í janúar 1951 og þar á eftir samkvæmt sömu lögum, skulu fram fara með sama hætti og verið hefði, ef 1. gr. laga þessari hefði ekki verið í lög tekin.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er samhljóða bráðabirgðalögum, sem út voru gefin 19. júlí 1950, og lagt fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar. Um ástæður vísast til fylgiskjalsins.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um greiðslu launauppbótar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Viðskiptamálaráðherra hefur tjáð mér, að nauðsynlegt sé að setja bráðabirgðalög um greiðslu launauppbótar. Með lögum nr. 56/1950 um breytingar á lögum nr. 37/1943 um húsaleigu, er sett hámark húsaleigu, að viðbættri vísitöluuppbót, sem ákveða má fyrir íbúðarhúsnæði. Hámarksákvæði laganna hafa áhrif til lækkunar yfirleitt á húsaleigu íbúðarhúsnæðis og varð því ekki hjá því komizt fyrir kauplagsnefnd að taka fullt tillit til nefndra laga og þeirrar lækkunar á framfærslukostnaði, sem af þeim leiðir.

Vísitala fyrir júlí hefur með tilliti til þessa verið ákveðin 109 stig og mundi þá að óbreyttum lögum aðeins 5% launahækkun verða greidd til ársloka. En þar sem áðurgreind lög um lækkun húsaleigu eru nýlega sett og því ekki komin til framkvæmda nema að litlu leyti, þykir ekki sanngjarnt að sú vísitölulækkun, sem af þeim stafar, komi til framkvæmda nú nema að litlu leyti. Þess vegna þykir rétt að ákveða, að 12% uppbót skuli greiða á öll laun frá 1. júlí til 31. des. þessa árs.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Frá 1. júlí til 31. desember 1950 skal greidd uppbót á laun, er miðast við vísitölu 112.

2. gr.

Útreikningur vísitölu framfærslukostnaðar í desember næst komandi og þar á eftir samkvæmt ákvæðum laga nr. 22/1950, svo og launabreytingar í janúar 1951 og þar á eftir samkvæmt sömu lögum, skulu fram fara með sama hætti og verið hefði, ef 1. gr. laga þessari hefði ekki verið í lög tekin.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. júlí 1950.

Sveinn Björnsson.

Björn Ólafsson.

Nd. 49. Frumvarp til laga [35. mál]

um útreikning vísitölu framfærslukostnaðar.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Húsaleiguliður vísitölu framfærslukostnaðar skal reiknaður án tillits til 5. gr. laga nr. 56/1950 um breyting á lögum nr. 39/1943, um húsaleigu. Skal nefndur vísitöluliður reiknaður eftir því ákvæði í 3. gr. laga nr. 22/1950, um gengisskráningu o. fl., að miðað sé við húsaleigu í húsum, sem fullgerð eru eftir árslok 1945, og á grundvelli rannsóknar kauplagsnefndar á húsaleigu.

2. gr.

Skal kauplagsnefnd reikna á ný vísitölu júlímánaðar samkvæmt ákvæðum 1. gr., og skal sú vísitala gilda fyrir kaupgreiðslur frá 1. ágúst til 31. des. 1950.

3. gr.

Nú er vísitala framfærslukostnaðar fyrir júlímánuð samkvæmt ákvæðum 1. gr. þessara laga hærri en 112 stig, og skal þá hækka uppbót á kaupgreiðslur fjóra síðustu mánuði ársins þannig, að mismunurinn fyrir júlímánuð sé að fullu bættur.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og jafnframt falla úr gildi bráðabirgðalög nr. 71 19. júlí 1950.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er samhljóða bráðabirgðalögum, sem út voru gefin 29. ágúst 1950, og lagt fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar. Um ástæður vísast til fylgiskjalsins.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um útreikning vísitölu framfærslukostnaðar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Viðskiptamálaráðherra hefur tjáð mér, að nauðsynlegt sé að setja bráðabirgðalög um útreikning vísitölu framfærslukostnaðar.

Með bráðabirgðalögum nr. 71, dags. 19. júlí s. l., var vísitala sú, er kaupgjald skyldi greitt eftir, hækkuð um 3 stig í 112, með því að ekki var talið sanngjarnt, að ákvæði laga nr. 56/1950 um breytingu á lögum nr. 39/1943 um húsaleigu, hefðu áhrif á útreikning framfærsluvísitölunnar nema að litlu leyti, vegna þess að lögin voru þá nýlega sett og lítið komin til framkvæmda.

Við nánari athugun málsins og með tilliti til rannsóknar á raunverulegri húsaleigu í húsum byggðum eftir 1945, sem sýnir, að yfirleitt hefur húsaleiga enn ekki lækkað, telur ríkisstjórnin sanngjarnt, að áðurnefnd lög um húsaleigu hafi ekki áhrif á útreikning húsaleiguliðs framfærsluvísitölunnar og enn fremur að húsnæðisliður hennar skuli ákvarðaður í samræmi við rannsóknir, er kauplagsnefnd lætur gera.

Þess vegna þykir rétt að setja lög um, að hámarksákvæði laga nr. 56 1950 um húsaleigu, skuli ekki hafa áhrif á útreikning framfærsluvísitölunnar.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Húsaleiguliður vísitölu framfærslukostnaðar skal reiknaður án tillits til 5. gr. laga nr. 56/1950 um breyting á lögum nr. 39/1943, um húsaleigu. Skal nefndur vísitöluliður reiknaður eftir því ákvæði í 3. gr. laga nr. 22/1950, um gengisskráningu o. fl., að miðað sé við húsaleigu í húsum, sem fullgerð eru eftir árslok 1945, og á grundvelli rannsóknar kauplagsnefndar á húsaleigu.

2. gr.

Skal kauplagsnefnd reikna á ný vísitölu júlímánaðar samkvæmt ákvæðum 1. gr., og skal sú vísitala gilda fyrir kaupgreiðslur frá 1. ágúst til 31. des. 1950.

3. gr.

Nú er vísitala framfærslukostnaðar fyrir júlímánuð samkvæmt ákvæðum 1. gr. þessara laga hærri en 112 stig, og skal þá hækka uppbót á kaupgreiðslur fjóra síðustu mánuði ársins þannig, að mismunurinn fyrir júlímánuð sé að fullu bættur.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og jafnframt falla úr gildi bráðabirgðalög nr. 71 19. júlí 1950.

Gjört í Reykjavík, 29. ágúst 1950.

Sveinn Björnsson.

Björn Ólafsson.

Nd. 50. Breytingartillögur [17. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Ásgeiri Bjarnasyni.

Við 1. gr. Framan við greinina koma þrír liðir:

1. Á eftir B. 33 í 2. gr. laganna kemur nýr liður:
   Sauðafellsvegur: Af Vesturlandsvegi að Sauðafelli.
2. B. 34 í sömu lagagr. orðist þannig:
   Haukadalsvegur: Af Vesturlandsvegi sunnan við Haukadalsárbrú um Haukadal inn á móts við Leikskála og áfram að Skarði og Krossi.
3. Á eftir B. 37 í sömu lagagrein kemur nýr liður:
   Hvammsvegur: Af Klofningsvegi norðan Hvammsár að Hvammi.

Ed. 51. Frumvarp til laga [36. mál]

um viðauka við lög nr. 50 25. maí 1950, um togarakaup ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Til viðbótar þeirri lánsheimild, sem veitt er í 1. gr. laga nr. 50 25. maí 1950, um togarakaup ríkisins, er ríkisstjórninni heimilt að taka allt að 16 millj. króna lán eða

jafnvirði þess í erlendum gjaldeyri, til þess tíma og með þeim kjörum er um semst. Veðsetja má togarana með 2. veðrétti til tryggingar láninu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ganga má út frá að heildarverð togaranna verði £ 1.723.790 að viðbættum vöxtum. Upp í þetta hefur verið samið um lán í Bretlandi, sem nemur um £ 1.250.000, þannig að enn vantar um £ 473.000. Ekki hefur enn verið greitt neitt upp í andvirði þeirra af kaupendum. Hins vegar gengur smíði togaranna greiðlega og er fyrirsjáanlegt, að ekki verður hjá því komizt að taka lán, til að geta staðið við samningana um smíði togaranna. Af nefndum ástæðum er leitað heimildar Alþingis til framangreindrar lántöku.

Nd. 52. Breytingartillögur [17. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Bjarna Ásgeirssyni.

Við 1. gr. Framan við 1. gr. frv. koma nýir töluliðir:

1. Fyrir orðin „um Kleifar að Norðtungu“ í B. 20 í 2. gr. laganna komi: um Kleifar og Norðtungu að Hermundarstöðum.
2. Á eftir B. 21 í sömu gr. laganna bætist nýr liður:
   Gilsbakkavegur: Af Hvítársíðuvegi hjá Bjarnastöðum að Gilsbakka.
3. Fyrir orðin „að Vogalæk“ í B. 22 í sömu gr. laganna komi: um Vogalæk að Álftárósi.
4. Á eftir sama lið laganna bætist nýr liður:
   Grímsstaðavegur: Frá Urriðaárbrú efri að Syðri-Hraundal.
5. Í stað orðanna „og Laxárholt að Vogi“ í B. 23 í sömu gr. laganna komi: Laxárholt, Akra og Einholt á Stykkishólmsveg hjá Fíflholtum.

Nd. 53. Frumvarp til laga [37. mál]

um úthlutun launa til listamanna.

Flm.: Magnús Kjartansson, Jónas Árnason.

1. gr.

Fé því, sem veitt er á fjárlögum til rithöfunda, skálda og annarra listamanna, skal úthlutað samkvæmt því, sem segir í lögum þessum.

2. gr.

Úthlutun þeirra launa til listamanna, er Alþingi ákveður að veita ár hvert, annast nefnd, sem skipuð er nefndarmönnum menntamálaráðs, einum manni kosnum af háskólaráði til eins árs í senn og formanni Bandalags íslenzkra listamanna.

Nefndin kýs sér sjálf formann.

3. gr.

Úthlutunarnefnd veitir laun til listamanna í þrem flokkum, og skulu einstakar fjárhæðir ákveðnar í þessum hlutföllum: 5:3:1.

Nefndin úthlutar launum til einstaklinga.

Hafi listamaður komizt fimm sinnum í annan hvorn hærri flokkanna, má eigi lækka hann í flokki úr því.

Afl atkvæða ræður úrslitum í nefndinni.

4. gr.

Laun til listamanna samkvæmt lögum þessum skulu skattfrjáls.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp það, sem hér er flutt, er algerlega samhljóða frumvarpi, sem gengið var frá á fundi Bandalags íslenzkra listamanna 26. janúar 1947, en áður höfðu listamannasamtökin innan Bandalagsins hvert um sig samþykkt frumvarpið því nær einróma í þessari mynd.

Aðdragandi þeirrar frumvarpsgerðar var sá, að árið 1946 var það fyrirkomulag upp tekið, að pólitískri sérnefnd, skipaðri einum fulltrúa frá hverjum þingflokki, var falið að úthluta launum til listamanna. Úthlutun nefndar þessarar vakti megna óánægju. Ýmsir listamenn neituðu að taka við því fé, sem þeim var skammtað, en aðrir mótmæltu opinberlega úthlutuninni og tilhögun hennar. Þáverandi menntamálaráðherra skipaði síðan fjögurra manna nefnd til að semja tillögur um endanlega skipan þessara mála, og áttu sæti í henni Jakob Benediktsson, Kjartan Ólafsson, Pálmi Hannesson og Gunnar Thoroddsen. Varð nefndin sammála um frumvarp, og sendi menntamálaráðherra það síðan Bandalagi íslenzkra listamanna til umsagnar. Bandalagið gerði nokkrar breytingar á tillögum nefndarinnar og gekk endanlega frá frumvarpinu í þeirri mynd, sem það birtist hér.

Af einhverjum ástæðum stöðvaðist frumvarpið eftir þetta í hirzlum menntamálaráðuneytisins, og því fyrirkomulagi hefur verið haldið, sem upp var tekið 1946. Mun þó sízt ástæða til að fullyrða, að sú tilhögun hafi gefið betri raun með árunum. Hver úthlutun hefur vakið ákafar deilur og óánægju jafnt meðal listamanna sem annarra, sem áhuga hafa á menningarmálum, enda ótvírætt, að störf nefndanna hafa oftast borið meiri keim af ýmsum annarlegum sjónarmiðum en listrænu mati.

Frumvarp þetta var borið fram á síðasta þingi, en komst þá aðeins til nefndar, þannig að rétt þykir að láta það koma til kasta Alþingis á ný. Um einstök atriði þess skal vísað til greinargerðar þeirrar, sem Bandalagið sendi menntamálaráðuneytinu ásamt tillögum sínum og hér fer á eftir.

Fylgiskjal.

Reykjavík, 28. jan. 1947.

Með bréfi, dags. ½2 '46, senduð þér Bandalagi ísl. listamanna til umsagnar „Frumvarp til laga um úthlutun höfundalauna".

Frumvarp þetta hefur verið athugað í öllum listamannafélögunum innan Bandalagsins, og Bandalagið sjálft hefur haft það til meðferðar og endurskoðað það. Bandalagið telur rétt, að frumvarpið verði kallað: „Frumvarp til laga um úthlutun launa til listamanna", og fylgir þessu bréfi uppkast að frumvarpi eins og bandalagsfundur 26. jan. 1947 samþykkti að óska eftir, að það yrði.

Vér viljum taka það fram þegar, að listamannasamtökin í landinu, skipulögð innan Bandalagsins, hafa goldið þessum endurskoðaða texta frumvarpsins því nær einróma jákvæði í öllum atriðum.

Nú skulu talin höfuðrök Bandalagsins fyrir hverri grein um sig í frumvarpinu.

2. gr.: Með því að menntamálaráði eru falin á hendur ýmis ábyrgðarmikil verkefni í menningarmálum þjóðarinnar, telur Bandalagið líkur fyrir því, að Alþingi vandi eftir föngum val nefndarmanna til þessa ráðs, og telur ekki í grundvallaratriðum ástæðu að vantreysta ráðinu til að eiga þátt í úthlutun launa handa listamönnum. Hins vegar er það almenn skoðun listamanna, að þeim sé lítið öryggi í algerlega pólitískum sérnefndum, sem kosnar eru í því skyni einu að dreifa listamannafé í umboði stjórnmálaflokka, en hafa engar almennar menningarlegar skuldbindingar gagnvart þjóðfélaginu að öðru leyti. Er þess skemmst að minnast, að slík pólitísk nefnd var kosin til þess starfs (1946) með þeim afleiðingum, að listamenn ýmist neituðu að taka við fé úr hendi hennar eða gerðu það með hangandi hendi, enda erfitt að benda á nokkurn aðila, sem var ánægður með þá skipan.

B. Í. L. telur listamönnum öryggi í því, að kjörinn maður frá virðulegustu almennri menntastofnun landsins, Háskóla Íslands, eigi sæti í nefnd, sem umbunar listamönnum fyrir þjóðfélagsins hönd.

Með skipun formanns B. Í. L. í nefndina teljum vér tryggt, að sjónarmið listamanna sjálfra komi fram við úthlutun listamannalauna, enda er fundarsamþykkt Bandalagsins frá 26. jan. 1947 fyrir því, að nái lögin alþingissamþykki með því ákvæði, að í úthlutunarnefnd skuli Bandalagsformaður sitja, þá skuli á næsta aðalfundi eftir gildistöku laganna vera sett í lög Bandalagsins ákvæði, sem skylda formanninn til að leita tillagna frá sambandsfélögum Bandalagsins, áður en úthlutun fer fram.

3. gr.: B. Í. L. telur eðlilegt, að listamönnum sé úthlutað í þrem flokkum: Heiðursflokki, Viðurkenningarflokki (atvinnulaun) og nýliðaflokki (efnilegir byrjendur). Enn fremur leggja listamenn áherzlu á, að heildarfúlgunni sé ekki jafnað niður á listgreinar, slík niðurjöfnun er óvinsæl og olli í þau skipti, sem hún var framkvæmd, óhollum metingi og rig milli listafélaganna. B. Í. L. álítur, að framar beri að launa listamenn eftir persónulegum verðleikum en hinu, hvort fleiri eða færri stunda hverja listgrein, því vel kann svo að vera, að í hinni fjölmennustu listgrein sé enginn framúrskarandi listamaður, og er þá sízt ástæða til að ætla þeirri listgrein meira fé an annarri fámennari, sem kann þó að eiga afburða listamenn í sínum hópi.

B. Í. L. telur mikilsvert ákvæði það, sem leggur bann við að svipta listamann launum eða lækka á honum, hafi hann af fleiri nefndum en einni verið metinn til ákveðinnar fjárhæðar. Með ákvæði þessu er tilgangurinn að koma í veg fyrir, að viðurkenndur listamaður geti um fjárhag sinn verið háður duttlungafullum refsiaðgerðum hugsanlegra nefnda, sem af einhverjum ástæðum vilja ekki aðhyllast hlutlæg sjónarmið í úthlutunarstarfinu. Eru þess dæmi úr fortíðinni, að listamenn, sem um ára skeið höfðu notið ákveðinna launa, voru sakir sjónarmiða, óskyldra list, fyrirvaralaust sviptir launum sínum að mestu eða öllu og þar með lífsöryggi sínu.

4. gr.: Margir listamenn líta svo á, að laun til listamanna séu aðeins að nafni til laun; enda standa listamenn utan launalaganna. Þeir halda því fram, að fé, sem veitt er af ríkinu ýmist til að styrkja menn eða heiðra þá, eigi að vera skattfrjálst, og benda á, að í öðrum löndum sé því svo farið um legöt og heiðursfé.

Virðingarfyllst,

f. h. Bandalags ísl. listamanna

Lárus Pálsson (form.)

Nd. 54. Breytingartillögur [17. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Eysteini Jónssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætast tveir stafliðir, svo hljóðandi:

a. Liðurinn D. 20 í 2. gr. laganna orðast svo:
Mjóafjarðarvegur: Af Seyðisfjarðarvegi við Miðhús um Eyvindardal, Slenjudal, Mjóafjarðarheiði og norðurströnd Mjóafjarðar að Brekku.

b. Aftan við D. 21 í sömu gr. bætist: Með afleggjara að Kolfreyjustað.

Ed. 55. Frumvarp til laga [38. mál.]

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Rannveig Þorsteinsdóttir.

1. gr.

Við 10. gr. laganna bætist:

Nú vinnur kona framteljanda utan heimilis, og má þá frádráttarbær kostnaður vegna heimilisstjórnar nema þeim launum, sem ráðskonu sannanlega eru greidd, en þó ekki hærri upphæð en konan vinnur sér inn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmdar við álagningu skatta árið 1951.

Greinargerð.

Á síðasta þingi var borið fram frv., þar sem farið var fram á þá breyting á l. nr. 6 frá 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, sem hér er gert ráð fyrir. Frv. þetta náði þá ekki fram að ganga og er því lagt fram á ný með þeirri breytingu, að 2. gr. þess, um breytingu á 12. gr. laganna, er felld niður.

Í grg. fyrir frv. á síðasta þingi segir svo:

„Eins og kunnugt er, hefur það valdið mikilli óánægju og umræðum, að tekjur konu, sem vinnur utan heimilis, eru skattlagðar sameiginlega með tekjum manns hennar þannig að tekjurnar samanlagðar lenda í miklu hærri skattstiga en ef skattlagt væri í tvennu lagi. Hefur því verið unnið að því af ýmsum aðilum, sérstaklega samtökum kvenna, að fá komið í gegn þeirri breytingu á skattalögum, að slíkar tekjur kvenna vegna starfa utan heimilis væru skattlagðar sérstaklega.

Nú hafa frv. í þessa átt verið felld hér á Alþ. og þessi lausn málsins mætt ýmiss konar andstöðu. Er því sérstaklega haldið fram af hálfu skattyfirvaldanna, að ef til þessa ráðs yrði gripið, yrði jafnframt að setja ýmis ákvæði og gera vissar ráðstafanir til þess að fyrirbyggja misnotkun í sambandi við slíka sérsköttun hjóna. Þyrfti þetta því meiri undirbúning við en kostur væri á að svo stöddu og væri heppilegast að geyma ákvörðun varðandi þessa leið, þar til gengið yrði frá því heildarlagafrumvarpi um skattamálin, sem væntanlega verður innan tíðar lagt fyrir Alþingi.

Enda þótt þeir aðilar, sem hafa beitt sér fyrir málinu, haldi fast við þá lausn þess að afnema samsköttun hjóna, þykir vonlítið á þessu þingi að fá því framgengt. Hins vegar veldur núverandi skattlagningaraðferð svo miklu ranglæti eða auknum álögum hjá þeim heimilum, sem hún snertir, að ekki verður hjá því komizt að finna einhverja bráðabirgðalausn til úrbótar.“

Nd. 56. Breytingartillögur [17. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Við 1. gr. frv. bætist:

1. Á eftir C. 3 í 2. gr. laganna koma nýir liðir:
   a. *Vesturárdalsvegur:* Af Miðfjarðarvegi norðan Vesturár um Kollafoss að Húki.
   b. *Heggstaðanesvegur:* Af Norðurlandsvegi vestan Miðfjarðarár að Bálkastöðum.
   c. *Austursíðuvegur:* Af Norðurlandsvegi austan Miðfjarðarár um brú á Austurá og Núpsá á Miðfjarðarveg.
   d. *Austurárdalsvegur:* Frá Austurárbrú um Hnausakot að Aðalbóli.
2. Á eftir C. 6 í sömu grein koma nýir liðir:
   a. *Ásabæjavegur:* Af Vesturhópsvegi hjá Þorfinnsstöðum að Stóru-Borg.
   b. *Fitjavegur:* Af Norðurlandsvegi á Miðfjarðarhálsi um Hrísa að Fremri-Fitjum.
   c. *Víðidalsvegur:* Af Norðurlandsvegi á Miðfjarðarhálsi um Víðidalstungu og brú á Víðidalsá að Kolugili.

Sþ. 57. Nefndarálit [25. mál]

um till. til þál. um friðun rjúpu.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur fengið til meðferðar till. þá til þál., er um ræðir hér að ofan, en hún fer fram á, að Alþingi ítreki ályktun sína frá síðasta þingi um alfriðun rjúpna næstu 5 ár.

Síðasta Alþingi samþykkti með samhljóða atkvæðum að fela ríkisstjórninni alfriðun rjúpunnar, svo sem segir hér að framan, en svo sem segir í greinargerð fyrir þeirri þáltill., sem nú liggur fyrir, hefur alþingismönnum borizt bréf menntamálaráðherra frá 20. sept. s. l., og er þar neitað að taka samþykkt síðasta Alþingis um þetta efni til greina, nema hún sé endurnýjuð á þessu þingi.

Skv. l. nr. 59 frá 10. nóv. 1913, um friðun fugla og eggja, skal rjúpan vera friðuð frá 1. jan. til 15. okt., og hefur ríkisstjórnin heimild til þess að friða rjúpuna allt árið, ef henni fækkar svo, að ástæða þyki til alfriðunar hennar. Þessi heimild nær til eins árs í senn, og þyrfti því, til þess að fullnægja ályktun síðasta þings, að gefa út reglugerð árlega þau 5 ár, er um ræðir, til alfriðunar þessum fugli.

Lengi má sennilega deila um það, hvort ljóst sé, að rjúpunni fækki eða fjölgi á stuttu árabili, þó að þessi varnagli sé til fyrir notkun á friðunarheimild laganna. Hitt er víst, að hér liggur það fyrir, að Alþingi hefur samhljóða lagt fyrir ríkisstjórnina að nota heimild þá til friðunar, sem fyrir hendi er, og virðist harla óviðkunnanlegt, að ríkisstjórnin færist undan því að verða við yfirlýstum vilja þingsins í svona máli.

Meiri hlutinn lítur svo á, að því verði að treysta, að ríkisstjórnin virði vilja þingsins í þessu efni sem öðru, og leggur því til, að þáltill. verði afgreidd með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin gefi nú þegar út reglugerð, er banni rjúpnaveiðar á þessum vetri, tekur þingið fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 20. okt. 1950.

Jóhann Þ. Jósefsson, form., frsm. Jón Gíslason, fundaskr. Stefán Stefánsson.
Finnur Jónsson.

Nd. 58. Breytingartillögur [17. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Jóni Pálmasyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina komi nýir liðir:

1. Aftan við C. 7 í 2. gr. laganna á eftir orðunum „brú á Vatnsdalsá“ bætist: og þaðan á Norðurlandsveg hjá Aralæk.
2. Á eftir C. 9 í sömu lagagrein komi nýr liður þannig:
   Svínadalsvegur: Frá Reykjabraut við Svínavatn að Rútsstöðum með hliðarálmu um Auðkúlu á Svínvetningabraut í Stóradalsflóa.
3. Í stað orðanna „til Hafna“ í C. 10 í sömu lagagrein komi: um Hafnir að Ásbúðum.
4. Á eftir C. 10 í sömu lagagrein komi nýr liður þannig:
   Flugvallarbraut: Af Norðurlandsvegi utan Kringlu að flugvellinum við Húnavatn.

Ed. 59. Nefndarálit [36. mál]

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 50 25. maí 1950, um togarakaup ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á einum fundi. Með því að enn hefur ekki verið gengið frá úthlutun skipanna til umsækjenda og þeir því eigi greitt neinn hluta kaupverðsins, en hins vegar nauðsynlegt fyrir ríkissjóðinn að hafa andvirðið handbært, þar sem smíði skipanna er nú langt komið, leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarmanna (BrB) var ekki á fundinum og tók því ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. okt. 1950.

Bernh. Stefánsson, form. Gísli Jónsson, fundaskr. frsm. Karl Kristjánsson.
Þorst. Þorsteinsson.

Sþ. 60. Tillaga til þingsályktunar [39. mál]

um byggingu þurrkvíar á Patreksfirði.

Flm.: Gísli Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera fullkomna kostnaðaráætlun um byggingu þurrkvíar innan Patreksfjarðarhafnar, er taki allt að 18 þús. smálesta skip til hreinsunar og viðgerðar. Skal áætluninni lokið svo fljótt sem verða má og hún síðan send sjávarútvegsnefndum Alþingis.

Kostnaðurinn greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Þann 12. apríl 1943 var samþykkt á Alþingi till. til þál. um að skipa nefnd til þess að „rannsaka skilyrði fyrir byggingu og starfrækslu fullkominnar skipasmíðastöðvar í Reykjavík.“ Nefndin var skipuð þ. 28. júní s. á., og skilar hún ýtarlegu áliti þ. 10. nóv. 1943. Er engin ágreiningur um málið innan nefndarinnar. Kemst hún m. a. að þeirri niðurstöðu, að nauðsynlegt sé að byggja þurrkví, er taki 6000 smál. skip, auk ýmissa annarra framkvæmda í sambandi við skipasmíðastöðina, og leggur áherzlu á, að byrjað sé sem fyrst á því verki. Hafði nefndin kynnt sér allar aðstæður innan Reykjavíkurhafnar og nágrennis og komizt að þeirri niðurstöðu, að heppilegast væri að byggja smíðastöðina og þurrkvína við voginn fyrir innan sjúkrahúsið á Kleppi. Í tilefni af þessu var borið fram frv. á Alþingi um breytingu á hafnarlögum fyrir Reykjavíkurkaupstað, þar sem kveðið var svo á, að ríkissjóður legði fram ⅖ kostnaðar, allt að 2 millj. króna, til byggingar þessara mannvirkja, gegn ⅗ framlags frá Reykjavíkurhöfn, og auk þess heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 3 millj. króna lán, er Reykjavíkurhöfn kynni að taka til þessara framkvæmda. Varð frv. þetta að lögum á því þingi. Þrátt fyrir það að þá voru hér hin erfiðustu skilyrði til þess að taka upp skip til viðgerðar og hreinsunar, hafðist Reykjavíkurhöfn ekkert að um framkvæmdir í þessum málum, m. a. vegna þess, að hún taldi önnur verkefni meira aðkallandi, enda byggingarnar allar, sem fyrirhugaðar voru, svo fjárfrekar, að 5 millj. kr. væri aðeins brot af því fé, sem nauðsynlegt væri til framkvæmdanna. Og við þetta situr enn eftir 7 ár. Á þessu tímabili hefur þó verið komið hér upp nýrri dráttarbraut, er tekið getur allt að 1500 smál. þunga, en hvergi nærri fullnægir þeirri þörf, sem nú er fyrir hendi um upptöku skipa til hreinsunar og viðgerðar. Hefur ríkissjóður tekið á sig ábyrgð á 3 millj. kr. vegna byggingar brautarinnar. Samfara þessu hefur ríkisstjórninni verið heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs annað lán, að upphæð 3 millj. kr., til þess að koma upp annarri dráttarbraut fyrir innan Klepp, er lyft gæti allt að 2500 smál. þunga. Er ljóst, að þótt slík braut yrði byggð, mundi hún ekki heldur fullnægja þörfinni, þar sem hún gæti ekki heldur tekið upp öll þau skip, sem hér eru í landinu, hvað þá þau, sem leita hingað á hverjum tíma.

Ríkisstjórnin leitaði nýlega álits manna úr nefnd þeirri, er áður hafði um þessi mál gert tillögur, svo og álits vitamálastjóra, forstjóra Landssmiðjunnar og hafnarstjórans í Reykjavík, á því, hve brýn þörf væri á byggingu þurrkvíar, og á því, hvort hin fyrirhugaða dráttarbraut fyrir 2500 smál. þunga gæti að fullu bætt úr þörfinni um lengri tíma, ef byggð væri. Voru allir þessir aðilar sammála um, að mjög aðkallandi væri að koma upp hér á landi þurrkví, sem væri nægilega stór til þess að taka 18 þús. smálesta skip til hreinsunar og viðgerðar. En slík þurrkví mundi að sjálfsögðu kosta mjög mikið fé. Var álitið, að hún hefði ekki rúm innan Reykjavíkurhafnar, og talið eðlilegast, að hún yrði nálægt þeim stað við Klepp, er milliþinganefndin benti á á sínum tíma. Væri þó óhjákvæmilegt að byggja þar dýra varnargarða og bryggjur til að athafna sig við fyrir þau skip, sem taka skyldi í kví.

Á Patreksfirði er nú verið að ljúka við þá merkilegustu hafnargerð, sem til þekkist á Íslandi. Er höfnin gerð að mestu leyti á þurru landi, möl og þéttur leir grafið upp, járnþil rekin niður og bryggjur steyptar, allt áður en sjó er hleypt inn í höfnina. Hefur jarðvegurinn bæði í veggjum og botni reynzt svo traustur og þéttur, að engir erfiðleikar voru á því að halda sjónum úti á meðan gröftur fór fram og mannvirkin í höfninni byggð. Er þessu var lokið, var skurður grafinn til sjávar, og er því verki nú að verða lokið. Í höfninni er nægilegt rúm fyrir þurrkví af þeirri stærð, sem hér er ætlazt til, að byggð verði. Þykir víst, að byggingarkostnaðurinn verði sáralítið brot af þeim kostnaði, sem þurrkvíin mundi kosta, ef hún yrði byggð hér í Reykjavík.

Með tilvísun til þess, sem að framan greinir, er þess vænzt, að þáltill. verði samþ.

Sþ. 61. Tillaga til þingsályktunar [40. mál]

um vélræna upptöku á þingræðum.

Flm.: Þorsteinn Þorsteinsson, Páll Zóphóníasson.

Alþingi skorar á forseta Alþingis og ríkisstjórn að gera ráðstafanir til, að umræður á Alþingi verði teknar á vélrænan hátt, þannig að þingskriftir hverfi að mestu eða öllu leyti. Undirbúningi sé lokið fyrir næsta reglulegt Alþingi, ef þess er nokkur kostur.

Kostnaður við framkvæmd tillögu þessarar greiðist úr ríkissjóði og telst til alþingiskostnaðar.

Greinargerð.

Á síðasta Alþingi var flutt sams konar þingsályktunartillaga að efni til af okkur, sem nú flytjum þessa tillögu. Var þeirri tillögu vísað til allshn. sameinaðs Alþingis. Afgreiddi nefndin tillöguna, en lagði til, að bundin væri við hana tillaga um vikulega útgáfu Alþingistíðindanna. Ekki viljum við flutningsmenn taka þá tillögu hér upp og teljum bæði feikidýrt að prenta allan umræðupartinn og óframkvæmanlegt vegna anna í prentsmiðjunum að prenta svo fljótt umræður sem þar er ráð fyrir gert. Svo hljóðandi greinargerð fylgdi tillögu okkar á síðasta þingi:

„Það er viðurkennt, að margir þingmenn eru hættir að nokkru eða öllu að lesa yfir handrit skrifara að ræðum þeim, er þeir flytja undir umræðum á Alþingi, og ræðupartur þingtíðinda því ekki lengur traustur grundvöllur fyrir því, sem sagt er á Alþingi. Vegna þessa og fleira hefur verið talað um að taka ræður þingmanna á stálþráð eða plastþráð og geyma þær þannig. Tilraun, er gerð hefur verið til þessa, gaf þá raun, að álíta verður, að hagkvæmara verði að taka ræður á plastþráð eða stálþráð en láta skrifa þær, eins og nú er gert, og ætlast flutningsmenn til, að gengið verði úr skugga um það fyrir næsta reglulegt Alþingi og sú aðferð, er bezt reynist, þá látin koma til framkvæmda.“

Nd. 62. Frumvarp til laga [41. mál]

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

42. grein laganna falli niður.

2. gr.

Með lögum þessum er úr gildi felld 11. gr. laga nr. 20 20. maí 1942, um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1951.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lagafrumvarpi þessu er lagt til, að embætti rannsóknardómara í skattamálum, sem sett var á stofn með lögum nr. 20 1942, verði lagt niður. Er þetta í samræmi við þá stefnu ríkisstjórnarinnar að draga úr kostnaði við ýmiss konar opinberan rekstur.

Rannsóknarstörf þau, sem skattdómara voru ætluð, falla því eftirleiðis undir starfssvið héraðsdómara.

Nd. 63. Breytingartillaga [17. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Eysteini Jónssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:
Á eftir D. 22 í 2. gr. laganna kemur nýr liður:
Kolfreyjustaðarvegur: Af Fáskrúðsfjarðarvegi að Kolfreyjustað.

Ed. 64. Nefndarálit [3. mál]

um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur í dag athugað frv. þetta á fundi sínum og var sammála um að mæla með því, að það verði samþykkt í deildinni.

Alþingi, 23. okt. 1950.

Bernharð Stefánsson, form. Gísli Jónsson, fundaskr. Þorst. Þorsteinsson, frsm.
Karl Kristjánsson. Brynj. Bjarnason.

Nd. 65. Breytingartillögur [17. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Sigurði Ágústssyni.

Við 1. gr. Framan við greinina bætist:

1. Á eftir B. 25 í 2. gr. laganna koma 2 nýir liðir:
   a. *Hítarnesvegur:* Af Stykkishólmsvegi sunnan Kaldár um Jörfa að Hítarnesi, Krossholti og Snorrastöðum.
   b. *Skógarnesvegur:* Af Stykkishólmsvegi sunnan Stóruþúfu um Litluþúfu að Miklaholti og Ytra- og Syðra-Skógarnesi.
2. Á eftir B. 27 í sömu gr. komi 4 nýir liðir:
   a. *Stakkhamarsvegur:* Af Ólafsvíkurvegi sunnan Hofsstaða um Borgarholt, Stakkhamar og Mel að Krossum.
   b. *Slítandastaðavegur:* Af Ólafsvíkurvegi við Ölkeldu að Álftavatni, Efra-Hóli og Slítandastöðum.
   c. *Staðastaðarvegur:* Af Ólafsvíkurvegi að Staðastað.
   d. *Lýsuhólsvegur:* Af Ólafsvíkurvegi að Hraunsmúla, Lýsudal og Lýsuhóli.
3. Á eftir B. 28 í sömu gr. koma 3 nýir liðir:
   a. *Arnarstapavegur:* Af Útnesvegi að Arnarstapa.
   b. *Hellnavegur:* Af Útnesvegi að Hellnum.
   c. *Öndverðarnesvegur:* Af Útnesvegi að Öndverðarnesi.
4. Á eftir B. 30 í sömu gr. kemur nýr liður:
   Rifsvegur: Af Hellissandsvegi að Rifi.
5. Á eftir B. 31 í sömu gr. kemur nýr liður:
   Framsveitarvegur: Af Eyrarsveitarvegi nálægt Eiði um Hjarðarból og Hallbjarnareyri að Setbergi og á Eyrarsveitarveg við Vindás.
6. Á eftir B. 32 í sömu gr. koma 2 nýir liðir:
   a. *Bjarnarhafnarvegur:* Af Eyrarsveitarvegi austan Hraunsfjarðar að Seljum og Bjarnarhöfn.
   b. *Helgafellsvegur:* Af Stykkishólmsvegi að Helgafelli.

Sþ. 66. Nefndarálit [25. mál]

um till. til þál. um friðun rjúpu.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur þríklofnað um málið. Undirritaður leggur til, að þingsályktunartillagan verði felld.

Alþingismenn stjórnarflokkanna eru yfirleitt hljóðir menn á þingi og fáskiptnir og ekki uppnæmir fyrir stórviðburðum. Enginn sér þeim bregða, þótt þeir ákveði að þyngja byrðar þjóðarinnar um nokkra milljónatugi króna í tollum og sköttum á hverju ári. Jafnaðargeð þeirra virðist óraskað, þótt þeir ákveði að ræna fátækt tólk hluta af kaupi sínu. Eindrægni þeirra haggast ekki, þó að verðgildi krónunnar sé skorið niður við trog. Samvizka þeirra sýnist ósnortin, þó að látin séu föl landsréttindi þessarar snauðu þjóðar. Þegar örlög Íslendinga eru ráðin, greiða þeir atkvæði sín einhuga og átakalaust, með því fullkomna jafnvægi, sem einkennir vélar nútímans.

En örsjaldan renna þær stundir, að þessi einhuga hópur sundrast snögglega, og þá kemur í ljós, að hinir hljóðu og hóglátu menn eiga sér eldlegar hugsjónir,

að þeir eru brennandi í andanum, að þeir kunna að flytja mál sitt af ofurkappi og óstýrilæti og skeyta þá lítt um, hver í hlut á. Slíkar kjarnorkusprengjur á eindrægnina urðu á síðasta þingi helíkopterinn og félagsheimilin, þótt hitasótt sú, sem fylgdi síðara málinu, læknaðist snögglega á yfirnáttúrlegan hátt. Og á þessu þingi er það rjúpan.

Rjúpan ætlar að verða mesta hitamál þingsins, segja menn — á sama tíma og togaraflotinn hefur verið stöðvaður næstum því fjóra mánuði, hraðfrystihúsin eru flest lokuð, atvinnuleysi og skortur leggja undir sig æ fleiri heimili og daglegs brauðs er aflað með ölmusu. Já, rjúpan ætlar að verða mesta hitamál þingsins. Nú er það að sjálfsögðu fallegt og elskulegt að vilja gera kjör rjúpunnar sem bezt á því landi, þar sem kjör mannfólksins eru alltaf að versna, og vilja firra þennan ágæta fugl skotum, á sama tíma og lítið virðist hugsað um hitt, þó að skotið verði á mannfólkið, en þó ætla ég, að blessuð rjúpan sé algert aukaatriði í öllum þessum hita. Hitt mun öllu heldur skýringin, að alþingismenn stjórnarflokkanna eru að fróa sér, létta af sér fargi, sýna, að þeir séu sjálfstætt fólk. Þeir menn eru vissulega engar atkvæðavélar, sem rísa upp gegn sinni eigin stjórn og segja henni að hunzkast til að hlýða fyrirmælum Alþingis! Það er sem sé verið að opna öryggisloku, svo að innibyrgð niðurlæging vegna óþurftarverka og andlegra gjaldþrota fái farveg, og það er táknrænt um ástandið í landinu, að sá kostur var að þessu sinni valinn þegar í upphafi þings. Eftir að örlög rjúpunnar hafa verið ráðin, munu háttvirtir alþingismenn einnig hafa náð jafnvægi sínu, hitinn vera rokinn sína leið, og síðan munu þeir greiða atkvæði um örlög mannfólksins af samræmdu og óskeikulu öryggi.

En fyrst þarf sem sagt að ákveða örlög rjúpunnar. Ég tel mig hvorki hafa þekkingu né brjóstvit til að snúast gegn kenningum og óskum dr. Finns Guðmundssonar fuglafræðings um það efni, þótt mér sé fugladráp næsta ógeðfellt. Mér hefur einnig virzt, að forsvarsmenn friðunar beiti helzt fyrir sig þeim búhyggindum, að þá fyrst sé hægt að drepa rjúpu svo að um muni, þegar henni hafi fjölgað nægilega eftir friðunina, og sé ég enga ástæðu til að bendla mannúð við slík málalok, þótt sú áætlun kunni að vísu að styðjast við falsvonir. Í samræmi við það legg ég til, að þingsályktunartillagan verði felld.

Alþingi, 23. okt. 1950.

Magnús Kjartansson.

Nd. 67. Breytingartillaga [17. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Ásmundi Sigurðssyni og Páli Þorsteinssyni.

Við 1. gr. Framan við greinina bætist nýr töluliður, svo hljóðandi:
Á eftir A. 46 í 2. gr. laganna komi nýr liður, þannig:
Bæjarvegur: Frá Stafafelli um Byggðarholt og Bæ á Suðurlandsveg hjá Skiphólum.

Nd. 68. Breytingartillögur [17. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Jörundi Brynjólfssyni.

Við 1. gr. Framan við greinina bætist:

1. Aftan við A. 17 í 2. gr. laganna bætist: og frá Úlfljótsvatni fyrir neðan Hlíð að vegamótum Biskupstungnabrautar hjá Alviðru.
2. Á eftir A. 20 í 2. gr. laganna koma tveir nýir liðir:
   a. *Auðsholtsvegur:* Af Skeiða- og Hreppavegi ofan Laxárbrúar um Birtingaholt að Auðsholti.
   b. *Unnarholtsvegur:* Af Auðsholtsvegi austan Unnarholtshverfis vestan Langholtsfjalls á Hreppaveg hjá Hryggjarholti

Ed. 69. Nefndarálit [5. mál]

um frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur klofnað um málið. Meiri hlutinn leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt. Ég er hins vegar andvígur meginatriðum þess. Ég var andvígur hinum gífurlegu tollahækkunum, sem í frv. felast, þegar þær voru lagðar á í upphafi, en nú eftir gengislækkunina eru þær þó enn þungbærari. Hins vegar er ég að sjálfsögðu samþykkur framlengingu þeirri á ákvæðum 1. og 2. liðar 3. gr. laga nr. 98/1941, sem felst í 3. gr. þessa frv. varðandi heimild til niðurfellingar og lækkunar aðflutningsgjalda á kornvörum og sykri. Ég legg því til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin falli niður.
2. Við 2. gr. Greinin falli niður.
3. Við 4. gr. Greinin falli niður.

Alþingi, 23. okt. 1950.

Brynjólfur Bjarnason.

Sþ. 70. Nefndarálit [25. mál]

um till. til þál. um friðun rjúpu.

Frá 2. minni hluta allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Þegar mál þetta var til meðferðar á síðasta þingi, var litið svo á, að rjúpnastofninn hér á landi færi stöðugt minnkandi, og var þessi fækkun eingöngu sett í samband við ofveiði. Þótti því ástæða til að grípa í taumana og alfriða rjúpuna næstu árin.

Síðan þessu fór fram, hefur Finnur Guðmundsson náttúrufræðingur birt opinberlega glögga og ýtarlega greinargerð um þetta mál, þar sem hann gerir grein

fyrir erlendum rannsóknum á reglubundinni fækkun og fjölgun hænsnfugla og fleiri dýra og þeim lögmálum, er rannsóknir þessar hafa leitt í ljós. Jafnframt færir hann sterkar líkur fyrir því, að íslenzka rjúpan sé háð sama lögmáli og aðrir villtir hænsnfuglar, frændur hennar í hinum norðlægari löndum. En samkvæmt því ætti rjúpunni að fjölga mjög á næstu árum og ná hámarksfjölda á árunum 1951—1953, en fara svo aftur fækkandi.

Þá hefur einnig það gerzt í málinu, að fregnir berast nú um, að rjúpum sé að fjölga að mun í sumum héruðum, gagnstætt því, er verið hefur undanfarin ár, þrátt fyrir að hún var ófriðuð síðastliðið ár eins og lög mæla fyrir, eða frá 15. okt. til 31. des. Reynist þetta rétt, styður það mjög kenningar fræðimannanna, sem áður er getið. Auk þess er þá fallinn burtu grundvöllurinn fyrir því, að hægt sé að gefa út reglugerð um alfriðun rjúpunnar að þessu sinni, þar eð heimildin fyrir alfriðun rjúpu er bundin því skilyrði, að rjúpunni sé að fækka, en ekki fjölga. Með tilliti til framangreindra ástæðna, og þar sem 2. minni hluti nefndarinnar hefur ekki ástæðu til að ætla annað en að ríkisstjórnin fari að lögum um meðferð þessa máls, þá leggur hann til, að málinu verði að umræðu lokinni vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 23. okt. 1950.

Jón Sigurðsson, frsm. Jörundur Brynjólfsson.

Ed. 71. Breytingartillögur [29. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Gísla Jónssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:

1. Í stað orðanna „að Hofsstöðum“ í B. 42 í 2. gr. laganna komi: um Hofsstaði að Hlíð.
2. Í stað orðanna „að Kletti austan undan Kletthálsi“ í B. 43 í sömu grein komi: um Kletthálsi og Vattarnes að Firði í Múlahreppi.
3. Í stað orðanna „að Bakka“ í B. 64 í sömu grein komi: að Selárdal.
4. Í stað orðanna „að Fossi“ í B. 65 í sömu grein komi: að Reykjarfirði.
5. Á eftir B. 65 komi nýr töluliður, er orðist svo:
   Fossheiðarvegur: Frá Fossi á Barðastrandarveg.
6. Í stað orðanna „að Sveinseyri“ í B. 66 í sömu grein komi: að Sellátrum.
7. Í stað orðanna „að Brjánslæk“ í B. 67 í sömu grein komi: að Auðshaugi á Hjarðarnesi.
8. Á eftir B 67 komi nýr liður, er orðist svo:
   Siglunesvegur: Frá Haukabergi að Siglunesi.
9. Á eftir B. 68 í sömu grein komi nýr liður, er orðist svo:
   Melanesvegur: Frá Saurbæ að Melanesi.
10. Á eftir B. 69 í sömu grein komi nýr töluliður, er orðist svo:
    Útvíkurvegur: Frá Gjögri um Útvíkur að Hvallátrum.

Ed. 72. Nefndarálit [5. mál]

um frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 62 1939, um tollskrá o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og borið það saman við lög nr. 2 1950. Einnig hefur hún athugað lög nr. 98 9. júlí 1941, sem gert er ráð fyrir, að falli úr gildi við samþykkt þessa frv. Leggur meiri hluti nefndarinnar (BSt, KK, GJ, ÞÞ) til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna (BrB) mun skila sérstöku nefndaráliti.

Alþingi, 23. okt. 1950.

Bernh. Stefánsson, form. frsm. Gísli Jónsson, fundaskr. Karl Kristjánsson.

Þorst. Þorsteinsson.

Sþ. 73. Tillaga til þingsályktunar [42. mál]

um réttarrannsókn á slysum, sem orðið hafa á íslenzkum togurum.

Flm.: Steingrímur Aðalsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta hið bráðasta fara fram réttarrannsókn á slysum þeim, sem orðið hafa á íslenzkum togurum frá ársbyrjun 1948 og til þessa dags.

Með rannsókninni skal leiða í ljós:

1. Hversu mörg og hvers konar slys hafa orðið á togurunum nefnt tímabil.
2. Hverjar höfuðorsakir megi telja til slysanna.

Á grundvelli þessarar rannsóknar og með hliðsjón af löggjöf annarra þjóða um þetta efni skal ríkisstjórnin undirbúa og leggja fyrir Alþingi, svo fljótt sem verða má, frumvarp til breytinga á sjómannalögunum, þar sem m. a. sé lögð rík ábyrgð á hendur útgerðum og yfirmönnum veiðiskipa, til þess að koma í veg fyrir, að of mikið kapp eða varúðarleysi valdi slysum á skipverjum eða líftjóni.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi er samhljóða þáltill., er ég flutti á síðasta þingi. Málið fékk þá ekki afgreiðslu, heldur lá tillagan mánuðum saman hjá allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis og var loks undir þinglokin send til umsagnar nokkrum aðilum, sem svo höfðu ekki sent svör sín, þegar þingi lauk.

Með því að ég tel málið mikilsvert og þarfnast alvarlegrar athugunar og úrlausnar, freista ég þess að bera tillöguna fram á ný og vænti þess, að hún hljóti nú viðunandi afgreiðslu.

Svo hljóðandi greinargerð fylgdi tillögunni, er hún var flutt hið fyrra sinn:

„Það er að vonum orðið mönnum hið mesta áhyggjuefni, hversu mörg slys, meiri og minni, verða á togurum okkar, þegar þeir eru að veiðum. Allt of oft gerist það, að menn tekur út af togurunum og drukkna. Hitt er þó miklu tíðara — og miklu oftar en opinberlega er frá því greint —, að menn á togurunum slasast meira eða minna við vinnu sína, þótt ekki dragi það til dauða.

Í þessu sambandi er sérstaklega athyglisvert, að með stærri og traustari skipum — sem að réttu lagi ættu að auka öryggi skipshafnanna — virðist þessum slys-

um fara fjölgandi. Bendir það ótvírætt í þá átt — sem einnig mun vera orðin almenn skoðun —, að á þessum nýju og vönduðu skipum sé veiðiskapurinn sóttur af því ofurkappi, sem ekki kunni góðri lukku að stýra, og megi rekja hin tíðu slys á togurunum m. a. til þessa.

Ég tel þetta mál svo alvarlegt, að full ástæða sé til þeirrar rannsóknar, sem þingsályktunartillagan felur í sér, svo að úr því verði skorið, hvort framangreind skoðun hefur við rök að styðjast, — og ef svo reynist — þá verði tafarlaust sett lagaákvæði, sem miði að því að draga úr slíku forsjárlausu kappi í sjósókninni og þar með minnka slysahættuna.“

Sþ. 74. Breytingartillögur [40. mál]

við till. til þál. um vélræna upptöku á þingræðum.

Frá Stefáni Jóh. Stefánssyni.

1. Aftan við fyrri málsgr. till. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
   Einnig skorar Alþingi á forseta þingsins og ríkisstjórn að hlutast til um það, að breytt verði útgáfu alþingistíðinda á þann veg, að umræður verði prentaðar án tafar og gefnar út í heftum, eigi sjaldnar en einu sinni í viku á meðan Alþingi er háð.
2. Aftan við fyrirsögn tillögunnar komi: og um breytta útgáfu á umræðuhluta alþingistíðinda.

Sþ. 75. Tillaga til þingsályktunar [43. mál]

um hina almennu fiskideild hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins.

Flm.: Halldór Ásgrímsson, Gísli Guðmundsson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að hlutast til um, að samin verði reglugerð um hina almennu fiskideild (þorskveiðideild) samkvæmt lögum um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins frá 25. maí 1949, og hraða að öðru leyti þeim undirbúningi, sem nauðsynlegur er, til þess að deildin geti tekið til starfa á þessu ári.

Greinargerð.

Í 3. gr. laga um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins er kveðið svo á, að sjóðurinn skiptist í tvær deildir, síldveiðideild og almenna fiskideild, sem annars staðar í lögunum er einnig nefnd þorskveiðideild, og hafa deildirnar aðskilinn fjárhag. En skilyrði þess, að deildirnar geti tekið til starfa, er, að reglugerð hafi verið sett um starfsemi þeirra, m. a. um bótatímabil, skiptingu veiðisvæða og veiðiskipa í flokka og um meðalveiðimagn í hverjum flokki.

Undirbúningi reglugerðar fyrir síldveiðideildina mun nú vera langt komið, enda í ráði, að sú deild taki til starfa nú á næstunni, og með bráðabirgðalögum hefur henni verið leyft að skerða stofnfé sitt. Hins vegar mun enn ekkert hafa verið unnið að undirbúningi reglugerðar fyrir hina almennu fiskideild. En sums staðar á landinu, þar sem þorskveiði er stunduð að sumrinu, er nú þannig ástatt, að full þörf er á bótum úr sjóðnum. Má því eigi dragast, að hin almenna fiskideild hlutatryggingasjóðsins taki til starfa, enda má gera ráð fyrir, að nokkurt fé hafi safnazt til hennar á þeim 17 mánuðum, sem liðnir eru, síðan lögin tóku gildi.

Nd. 76. Nefndarálit [36. mál]

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 50 25. maí 1950, um togarakaup ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 24. okt. 1950.

Skúli Guðmundsson, form. Sig. Ágústsson, fundaskr., frsm. Ásgeir Ásgeirsson.
Einar Olgeirsson. Jóhann Hafstein.

Ed. 77. Frumvarp til laga [44. mál]

um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

Flm.: Björn Stefánsson.

1. gr.

17. gr. laganna orðist svo:

Allar kosningar samkvæmt lögum þessum skulu vera leynilegar. Bæjarstjórnir og hreppsnefndir í hreppum, þar sem fullir ¾ íbúanna eru búsettir í kauptúni, skal kjósa hlutfallskosningu. Nú kemur enginn framboðslisti fram áður en framboðsfresti lýkur, og skal þá kjósa óhlutbundinni kosningu. Í hreppum, þar sem fleiri en ¼ íbúanna er búsettur utan kauptúns, skal kjósa hlutfallskosningu, ef ⅒ kjósenda krefst þess bréflega við oddvita kjörstjórnar 6 vikum fyrir kjördag. Þó nægir, að 25 kjósendur krefjist þessa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í nokkrum sveitarfélögum, þar sem fullir ¾ íbúanna eru búsettir í kauptúni, kom fram fyrir síðustu sveitarstjórnarkosningar almennur óvilji á hlutfallskosningum, og í tveim hreppum, á Stöðvarfirði og Sandi á Snæfellsnesi, var andstaðan gegn skyldu hlutfallskosningar svo ákveðin, að við lá, að enginn framboðslisti kæmi fram og á þeim stöðum yrðu þá ekki löglegar hreppsnefndir starfandi.

Breytingar þær, sem frv. þetta felur í sér, eru aðeins þær, að á þeim stöðum, þar sem gert er ráð fyrir hlutfallskosningu samkvæmt lögunum, sé einnig möguleiki til óhlutbundinnar kosningar í þeim tilfellum, að enginn framboðslisti komi fram. Reynslan hefur sýnt, að slík ákvæði eru æskileg til að forða vandræðum.

Í ýmsum byggðarlögum úti á landi er almennur vilji að blanda ekki kosningu sveitarstjórna inn í landsmál eða flokkaskiptingu, sem oftast fylgir hlutfallskosningum. Og þar sem einhuga vilji er á því að kjósa menn til trúnaðarstarfa fyrir hreppinn eingöngu eftir trú á manngildi og starfshæfni, án tillits til stjórnmálaskoðana, sýnist rétt að virða þann vilja með því að leyfa möguleika á óhlutbundnum kosningum.

Nd. 78. Frumvarp til laga [45. mál]

um breyting á lögum nr. 56 25. maí 1949, um eyðingu refa og minka.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Pétur Ottesen.

1. gr.

Í stað orðanna „til grenjavinnslu“ í 2. málsl. 4. gr. laganna kemur: til vinnslu grenja- og minkabæla.

2. gr.

Orðin „og sömu upphæð fyrir hvern mink“ í 8. gr. laganna falla niður.

3. gr.

Í stað 11. gr. laganna koma sex nýjar greinar, og breytist greinatalan samkvæmt því.

a. (11. gr.) Frá 1. janúar 1951 skal minkaeldi með öllu bannað í landinu, og skal öllum aliminkum lógað fyrir þann tíma. Ríkissjóður greiðir eigendum minkabúa bætur fyrir tjón, er af banni þessu leiðir, samkvæmt mati þriggja dómkvaddra manna.

b. (12. gr.) Sérstakar ráðstafanir skulu gerðar til útrýmingar villiminka.

c. (13. gr.) Skylt er hreppsnefndum á þeim svæðum, þar sem vart hefur orðið villiminka, að gera skýrslur um útbreiðslu þeirra og dvalarstaði, eftir því sem unnt er. Sama skylda til skýrslugerðar hvílir á bæjarstjórnum. Skýrslur þessar skulu sendar hlutaðeigandi sýslumanni, bæjarfógeta og í Reykjavík lögreglustjóra.

d. (14. gr.) Sýslumaður, bæjarfógeti eða í Reykjavík lögreglustjóri ákveða, hver í sínu lögsagnarumdæmi, að fram fari að minnsta kosti tvisvar á ári, að vetrar- og vorlagi, allsherjar útrýming á þeim svæðum, þar sem villiminka hefur orðið vart.

Sýslumaður, bæjarfógeti eða lögreglustjóri ákveða hverju sinni, hvenær útrýming skuli fara fram.

Hreppsnefnd eða bæjarstjórn sjá um framkvæmd útrýmingarinnar eftir fyrirlagi sýslumanns, bæjarfógeta eða lögreglustjóra.

Nú verður vart villiminka, eftir að allsherjar útrýming fór fram, og er hreppsnefnd eða bæjarstjórn þá skylt að sjá um, að þeir menn, sem til þess hafa verið ráðnir, vinni að útrýmingu dýranna.

e. (15. gr.) Nú vinna menn villiminka, án þess að þeir hafi verið ráðnir til þess, og skulu þeir fá verðlaun, allt að 60 kr. fyrir hvert dýr, sem unnið er, og hefur oddviti eða bæjarstjóri og í Reykjavík bæjargjaldkeri á hendi greiðslu verðlaunanna.

f. (16. gr.) Skylt er mönnum að hlíta fyrirmælum hreppsnefndar eða bæjarstjórnar um útrýmingu villiminka, enda fái þeir greiðslu fyrir starfa sinn samkvæmt ákvæðum reglugerðar, er landbúnaðarráðuneytið setur. Auk þeirrar greiðslu, sem hér um ræðir, er heimilt að greiða þessum mönnum allt að 20 kr. þóknun fyrir hvert dýr, sem þeir vinna.

g. Fyrirsögn III. kafla laganna verði: Útrýming minka.

4. gr.

Aftan við 12. gr. laganna bætist:

Bæjarstjórnir skulu fá kostnað við eyðingu villiminka endurgreiddan úr ríkissjóði að ⅔ hlutum.

Greinargerð.

Ekki virðist þörf á að fjölyrða mikið um ástæðurnar fyrir frv. þessu. Við flutning málsins áður á Alþingi hefur rækilega verið rökstudd nauðsyn þessarar lagasetningar. En til viðbótar því, er áður hefur verið tekið fram um þetta efni, má á það benda, að villiminkurinn breiðist út um landið enn hraðar en menn óraði fyrir og veldur æ meira og meira tjóni, svo að útlit er nú fyrir, að á fáum árum horfi til fullkominnar gereyðingar á ýmsum landsnytjum úti um byggðir þessa lands. Þannig er nú t. d. fullsannað, að minkurinn er kominn í Mývatnssveit. Eins og kunnugt er, er þetta fögur fjallasveit. Við Mývatn er fuglalíf stórmikið og fjölbreyttara en á nokkrum stað öðrum hér á landi. Þar eru nokkrar fuglategundir, sem hvergi eiga heima annars staðar hér á landi. Af fuglinum hefur fólkið í sveitinni mikil hlunnindi og mikla björg í bú. Nú eru þessi hlunnindi og fuglalífið í bráðum voða. Auk þess er í Mývatni mikil silungsveiði, sem hefur verið mikill þáttur í bjargræði fólksins og verið stunduð meira og minna alla tíma árs. Allar þessar landsnytjar og reyndar hvar sem er á landinu, eru í yfirvofandi hættu, ef ekki verður undinn bráður bugur að því að útrýma villiminknum. Hvað örlagaríkt þetta kann að verða fyrir Mývatnssveit, ef ekki verður fljótlega hægt að sigrast á þessum vágesti, geta þeir einir gert sér í hugarlund, er hafa kunnugleika á þessu máli.

Á síðastliðnu ári varð minksins vart á heiðunum milli Borgarfjarðar og Húnavatns- og Strandasýslu. Hann mun því norðan heiða gera fljótlega vart við sig í varplöndunum þar og veiðivötnum. Íbúar Breiðafjarðar og Breiðafjarðareyja hafa líka sögu að segja. Ekki er að sjá annað en að minkurinn eyðileggi allt æðarvarp í Breiðafjarðareyjum á fáum árum, ef ekki verða nú þegar gerðar sérstakar ráðstafanir dýrinu til útrýmingar á þeim slóðum.

Þá er það nú bert, hvert stefnir með viðgang fiskivatna, þar sem minkurinn hefur haldið sig um skeið. Reynslan, sem þegar er fengin um Þingvallavatn, Apavatn o. fl. vötn, gefa ótvírætt til kynna, að til fullkominnar tortímingar leiðir um fiskstofninn í vötnunum, sem dýrið hefur tekið sér bólfestu við.

Þessu, sem nú hefur lauslega verið drepið á, til viðbótar má svo á það benda, að nú á síðastliðnu vori drap minkurinn nokkur unglömb hjá einum bónda, sem við vitum um. Reyndar höfðu menn grun um það á nokkrum stöðum áður, en þá var það í litlum stíl og ekki fullsannanlegt, nema dæmi voru til um það, að hann drap lömb í húsi. Þetta er þó aðeins byrjunin, því að þegar minnkar um æti fyrir hann (fuglalíf þverr og fiskur í vötnum), þá mun hann verða stórtækur um sláturstörfin á unglömbum bændanna. Á þessa hættu höfum við flm. þessa máls þrásinnis bent áður í þinginu, en við minnum á þetta enn á ný, ef einhver alþingismaður verður enn til þess að bregða fæti fyrir framgang málsins á þessu þingi, svo að hann hafi það ekki síðar meir sér til réttlætingar gagnvart þjóðinni, að á þetta hafi ekki verið bent í tæka tíð við flutning málsins í þinginu.

Nú ver ríkissjóður árlega allmiklu fé til að vinna þetta dýr, en það sér ekki högg á vatni. Þær greiðslur munu aukast með hverju ári og villiminknum þó fjölga, nema horfið verði að því ráði að hefjast handa um algera útrýmingu alls staðar þar, sem minksins hefur orðið vart. Slíkar veiðiferðir verður að endurtaka aftur og aftur. En um almenna þátttöku við slíkt verk verður ekki að ræða fyrr en búið er að lóga öllum aliminkum og menn eiga ekki á hættu að fá yfir sig þennan ófögnuð úr minkabúunum áfram. Sú fullyrðing, að nú sé ekki lengur hætt við að dýrin sleppi úr búrunum, er einskisverð og fáránleg.

Þá munu einhverjir hafa látið sér það um munn fara, að það væru talsverðar tekjur af minkabúum. Hvar er þær að finna? Hafa þeir, er þessi bú hafa rekið, ekki þótzt tapa á þeim búskap? Eða er einhver sá maður til hér á landi, sem vill halda því fram, að viðhald þessa kvikindis í landinu sé meira virði en þær landsnytjar, er þjóðin hefur árlega haft af fuglatekju og veiðiskap í ám og vötnum? Þær bætur, sem greiða verður úr ríkissjóði til þeirra, er minkabúin eiga og frv. gerir ráð fyrir,

eru ekki nema smábrot af því tjóni, sem minkurinn mun fljótlega valda, ef ekkert verður að gert. Eða er það svo, að á Alþingi megi sín meira í þessu efni ímyndaðir hagsmunir örfárra manna, fyrst og fremst í grennd við Reykjavík, en stórvægileg hlunnindi og landsnytjar fjölda fólks víðs vegar um landið? Sé því þannig varið, er rétt, að það komi í ljós.

Að öðru leyti er vísað til greinargerðar þeirrar, er fylgdi málinu á síðasta þingi, sjá þskj. 172. Nú er málið flutt eins og það var afgreitt í Nd. við 2. umr., en í þeim búningi fór það til Ed. og var látið daga þar uppi.

Nd. 79. Frumvarp til laga [45. mál]

um nýtt orkuver og nýja orkuveitu rafmagnsveitna ríkisins.

Flm.: Sigurður Bjarnason.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fela rafmagnsveitum ríkisins að virkja Fossá í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu til raforkuvinnslu í 700—1000 hestafla orkuveri og leggja þaðan aðalorkuveitu til Bolungarvíkur.

2. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs eða ábyrgjast lán, sem rafmagnsveitur ríkisins taka, að upphæð allt að 3.1 milljón króna, til greiðslu stofnkostnaðar þeirra mannvirkja, sem um getur í 1. gr. Af þeirri upphæð má taka sem lán úr raforkusjóði samkv. 1. lið 35. gr. raforkulaganna allt að 1 milljón króna, þó eigi meira en sem nemur ⅓ hluta af stofnkostnaði mannvirkjanna.

3. gr.

Um stofnun og rekstur orkuvers þess og orkuveitu, sem um ræðir í 1. og 2. gr., fer að öðru leyti eftir ákvæðum raforkulaga, nr. 12 2. apríl 1946.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Flm. hefur borizt eftirfarandi áskorun hreppsnefndar Hólshrepps um raforkumál Bolungarvíkur:

„Eins og nú er komið málum og með tilvísun til ýtarlegra tilrauna til að leysa raforkumál Hólshrepps á þann hátt, að lánsfé fengist gegn ríkisábyrgð, sem reynzt hafa árangurslausar, telur hreppsnefndin nauðsynlegt, að rafveitur ríkisins reisi orkuver á Reiðhjalla með allt að 1000 ha. virkjun Fossár.

Skorar nefndin því á þingmann kjördæmisins að flytja á Alþingi frumvarp til laga um, að rafveitur ríkisins reisi orkuver ekki síðar en á næstu 5 árum, og leggi aðalorkuveitu að Bolungarvík.

Hreppsnefndin býðst til að láta af hendi endurgjaldslaust mannvirki þau, sem reist hafa verið á Reiðhjalla, og undirbúningskostnað þann, sem þegar hefur verið lagður fram vegna mannvirkis þessa."

Áskorunin var samþykkt með 7 shlj. atkv. á fundi nefndarinnar 9. marz 1950.

Það er í samræmi við þessa áskorun, að frv. þetta er flutt. Fara hér á eftir nokkur helztu atriði úr sögu rafmagnsmála Bolungarvíkur.

Frá 1917 hafa meira og minna reglulegar vatnsmælingar verið gerðar á Fossá í Hólshreppi með tilliti til raforkuvinnslu. Eru þessar mælingar hin síðari ár a. m. k. gerðar vikulega. Mælingastaðurinn er á Reiðhjalla, en þaðan er 300 m fallhæð í fyrirhugað stöðvarhús.

Árið 1929 var gerð byrjun á virkjun á þessum stað. Byggð var steinsteypustífla með rennilokum og öðrum útbúnaði. Er áfram skyldi haldið, brast fjárhagsgrundvöllur fyrir verkinu. Hafði það þá kostað um kr. 30000.00, sem Hólshreppur hefur einn orðið að standa undir.

Síðan lá málið niðri um nokkur ár, enda þótt vatnsmælingum héldi áfram.

Þegar aftur tók að birta yfir í efnahagsmálum landsins á stríðsárunum, voru hafin samtök um að hrinda í framkvæmd virkjun Dynjandisfossanna í Arnarfirði til raforkuframleiðslu fyrir alla Vestfirði. Var þá um langt skeið ekki rætt um sérvirkjanir fyrir einstök byggðarlög á þessu svæði. Bolungarvík var aðili að þessum samtökum, og var ekki gerð tilraun til að undirbúa sjálfstæða virkjun þann tíma, enda talið tilgangslaust vegna þeirrar stefnu yfirstjórnar raforkumálanna, að virkja bæri í einu lagi fyrir stærri svæði.

Um mitt ár 1946 strandaði svo undirbúningur Dynjandisvirkjunarinnar á því, að hún var talin í áliti raforkumálaskrifstofunnar of dýr og lítt framkvæmanleg af þeim sökum. Var þar með loku fyrir það skotið, að raforkumál Bolungarvíkur leystust á þann hátt.

Hreppsnefnd Hólshrepps tók því í ársbyrjun 1947 á ný upp þá stefnu, að leysa bæri raforkuvandamál byggðarlagsins með virkjun Fossár á Reiðhjalla.

Fól nefndin oddvita, ásamt hr. forstjóra Jóni J. Fannberg og flm. þessa frv., að annast undirbúning þeirrar virkjunar og afla fjár til hennar.

Gerði Sigurður S. Thoroddsen verkfræðingur nú frumáætlun um virkjun Fossár í annaðhvort 700 eða 1000 ha. aflstöð. Enn fremur gerði hann teikningar af öllum byggingarframkvæmdum virkjunarinnar. Áætlun hans er dagsett 7. febr. 1947. Hinn 15. febr. sama ár gerði raforkumálaskrifstofan heildaráætlun um virkjunina, þar sem rafbúnaður er tekinn með ásamt háspennulínu til Bolungarvíkur. Var kostnaðurinn af 700 ha. virkjun áætlaður 1505 þús. kr., en af 1000 ha. virkjun 1745 þús. kr.

Hinn 3. marz 1947 gerði raforkumálaskrifstofan rekstraráætlun fyrir 700 ha. virkjun. Byggir hún þar á áðurnefndum undirbúningi og reiknar stofnkostnað kr. 1655 þús.

Með þessu mátti telja tæknilegum undirbúningi komið svo langt, að næsta skref gæti verið að ljúka heildarundirbúningi og afla fjár til að hefja framkvæmdir. Með bréfum landbúnaðarráðuneytisins, dags. 8. og 19. marz 1947, og bréfi fjármálaráðuneytisins, dags. 22. marz 1947, til oddvita og hreppsnefndar Hólshrepps var formlegum undirbúningi síðan lokið.

Bréf fjármálaráðuneytisins er svo hljóðandi:

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 22. marz 1947.

Með skírskotun til bréfs landbúnaðarráðuneytisins, dags. 19. þ. m., samþykkir fjármálaráðuneytið hér með að veita ríkisábyrgð fyrir láni Hólshrepps, allt að 85% stofnkostnaðar, til að reisa raforkuver við Fossá til raforkuvinnslu handa hreppsbúum.

Ríkisábyrgðin verður veitt fyrir allt að tveggja milljóna króna láni, samkvæmt áætlun raforkumálastjóra, og er ábyrgðin jafnframt bundin því skilyrði, að sérskuldabréf fyrir öllu láninu verði gefin út, en fjármálaráðuneytið varðveiti bréfin og afhendi þau jafnóðum og hlutfallslega, eftir því, sem hreppurinn fullnægir skyldu sinni um 15% framlagið, sbr. 22. gr. raforkulaga nr. 12 frá 1946.

Það er enn fremur skilyrði ráðuneytisins fyrir ábyrgð ríkissjóðs, að ársvextir af láninu verði eigi hærri en 5%.

F. h. r.
Magnús Gíslason.

Kjartan Ragnars.

Samkvæmt reynslu undanfarinna ára var nú talið, að merkum áfanga væri náð. Ríkistryggð skuldabréf höfðu fram að þessu selzt jafnóðum. En nú var breyting á orðin. Þrátt fyrir stöðugar tilraunir síðan og fram á mitt yfirstandandi ár hefur ekki tekizt að afla nauðsynlegs lánsfjár í þessu skyni. Var lögð áherzla á að afla Marshallfjár í þessu skyni. En niðurstaðan varð sú, að Bolungarvík varð út undan. Öllu því fé, sem til rafveitna skyldi varið af Marshallfé, var veitt til tveggja stórvirkjana fyrir stærstu kaupstaði landsins. Var þar með undirstrikuð sú háskastefna, að fjármagni landsmanna skuli nær öllu veitt til sköpunar lífsþæginda í stærstu kaupstöðunum, en framleiðslustöðvar úti um land látnar sita á hakanum. Ástæðulaust er að rekja allan þann feril nánar hér, en mikil vinna hefur verið lögð í þær tilraunir, þótt þær hafi verið án árangurs.

Þess má einnig geta, að Sigurður Þórarinsson jarðfræðingur hefur rannsakað virkjunarstaðinn og stöðvarhússtæðið og gefið út um það álit, dags. 9. júní 1949. Telur hann enga verulega hættu á jarðleka á stíflusvæðinu, en gerir ábendingar um hentugri staðsetningu stöðvarhússins með lítilli tilfærslu.

Hreppsnefnd Hólshrepps sá sér því þann kost vænstan að mælast til þess, að rafmagnsveitum ríkisins yrði falið með lögum að byggja orkuverið og aðalleiðsluna til Bolungarvíkur. En vegna tafa á framkvæmd vatnsvirkjunarinnar hefur nefndin orðið að fallast á að reisa varaaflstöð þegar í stað til að fullnægja brýnustu orkuþörf næstu ára. Í því skyni hefur hún fest kaup á 3 rafölum, ca. 75 kw. að stærð hverjum, ásamt einum 200 ha. hraðgengum dieselhreyfli og 2 hæggengum 144 ha. hreyflum. Allar þessar vélar eru keyptar innanlands og hinar 2 síðastnefndu af atvinnumálaráðuneytinu.

Sömuleiðis er nú unnið að endurbótum á innanbæjarkerfinu í Bolungarvík. Má telja fullvíst, að það verði fært um að flytja orkuna frá hinni væntanlegu Fossárvirkjun, þegar hún verður tilbúin til notkunar.

Nýlega hefur kostnaðaráætlun um byggingu orkuversins verið endurskoðuð. Er kostnaður nú skv. áætlun raforkumálaskrifstofunnar, dags. 29. ágúst 1950:

Orkuver, vélar og rafbúnaður og háspennulína:	
Erlendur kostnaður	1160 þús. kr.
Innlendur kostnaður	1920 — —
Samtals	3080 þús. kr.

Allar líkur eru enn til þess, að byggð í Bolungarvík dragist saman eða leggist að miklu leyti í eyði á næstu árum, ef hentug raforka fæst ekki handa kauptúninu, en það hefur undanfarin ár verið í vexti. Framleiðslustarfsemi er rekin þar af óvenjulegum þrótti og dugnaði. Hefur svo jafnan verið. Íbúar eru nú um 800 í hreppnum öllum, en þar af mundu a. m. k. 750 njóta rafveitunnar.

Ég tel það vera þjóðarvoða, ef til þess kæmi, að þróttmiklu framleiðslubyggðarlagi eins og Bolungarvík væri búinn svo þröngur kostur í þessu efni, að úr vexti þess drægi eða það hyrfi úr tölu framleiðslustöðva á Íslandi af þeim sökum. Álít ég því rétt og skylt að taka upp áskorun hreppsnefndar Hólshrepps, sem að framan getur, um að Alþingi heimili ríkisstjórninni að fela rafmagnsveitum ríkisins með lögum þeim, sem frv. þetta ráðgerir, að reisa aflstöðina í Fossá og leggja háspennulínu til Bolungarvíkur.

Nd. 80. Lög [36. mál]

um viðauka við lög nr. 50 25. maí 1950, um togarakaup ríkisins

(Afgreidd frá Nd. 25. okt.)

Samhljóða þskj. 51.

Ed. **81. Frumvarp til laga** [47. mál]

um breyting á lögum nr. 112 30. sept. 1947, um loðdýrarækt.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Loðdýr nefnast í lögum þessum öll þau dýr, sem ræktuð eru eða alin vegna verðmætis skinnanna eingöngu eða aðallega. Búnaðarfélag Íslands skal hafa umsjón með loðdýraræktinni í landinu. Það sker úr ágreiningi um, hvort einhver dýrategund skuli teljast til loðdýra eða ekki.

2. gr.

Í stað „ráðunautar í loðdýrarækt“ í síðasta málslið 3. gr. komi: Búnaðarfélags Íslands.

3. gr.

2., 3. og 4. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Búnaðarfélag Íslands skal í samráði við stjórn Loðdýraræktarfélags Íslands sjá um, að hlýtt sé lögum þessum og reglugerð um framkvæmd þeirra. Það skal fela einum af ráðunautum félagsins þau störf, sem ríkisráðunauturinn í loðdýrarækt hefur haft með höndum.

Hreppstjórar í hreppum og lögreglustjórar í kaupstöðum skulu vera trúnaðarmenn Búnaðarfélags Íslands í málum varðandi loðdýraræktina, hver í sínu umdæmi, og framkvæma eða láta framkvæma í sínu umboði eftirlit með loðdýraræktinni eftir því, sem Búnaðarfélagið eða ráðunautur þess leggur fyrir, og ganga ríkt eftir, að hlýtt sé lögum þessum og reglugerð um framkvæmd þeirra.

Nú þykir áfátt vera um eftirlit trúnaðarmanns, og getur þá ráðherra skipað annan trúnaðarmann að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

4. gr.

Í stað „landbúnaðarráðherra“ í 1. mgr. 5. gr. komi: Búnaðarfélag Íslands.

5. gr.

1. mgr. 6. gr. laganna orðist svo:

Öll loðdýr skulu geymd í fulltryggum loðdýragirðingum og búrum. Skal ávallt setja dýrheldan ytri girðingu um refabúr og önnur slík loðdýrabúr. Girðingu þessa skal setja svo langt frá búrunum, að hún valdi ekki aðfenni að þeim. Minka skal þó ávallt geyma og ala í sérstökum þar til gerðum steinsteyptum húsum með steyptu gólfi. Nánari ákvæði um gerð húsa, búra og girðinga setur landbúnaðarráðherra með reglugerð, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

Þó skal þeim, sem eiga löglega umbúin minkabú, þegar lög þessi koma til framkvæmda, heimilt að láta þau standa meðan Búnaðarfélag Íslands telur þau þannig úr garði gerð, að telja megi þau fulltrygga vörzlu.

6. gr.

Í stað „ráðunautar“ í 3. mgr. 6. gr. komi: Búnaðarfélags Íslands.

7. gr.

11. gr. laganna falli niður og breytist greinatalan samkvæmt því.

8. gr.

Upphaf 1. mgr. 11. gr., áður 12. gr., orðist svo:

Loðdýraræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands hefur með höndum o. s. frv.

9. gr.

16., áður 17. gr., orðist svo:

Um eyðingu villiminka og annarra loðdýra, er sloppið hafa úr haldi, fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 56 25. maí 1949, um eyðingu refa og minka.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

11. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 112 30. sept. 1947, og gefa þau út svo breytt sem lög um loðdýrarækt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með breytingum þeim, sem hér eru gerðar á lögunum um loðdýrarækt, er gert ráð fyrir að leggja niður starf og skrifstofuhald ríkisráðunautarins í loðdýrarækt og fela Búnaðarfélagi Íslands stjórn þeirra mála, en félagið felur aftur einum ráðunauta sinna þau störf, sem ríkisráðunauturinn hefur haft með höndum.

Hin síðari ár hefur loðdýrarækt landsmanna dregizt mjög saman, og er af þeim sökum starf ríkisráðunautarins í loðdýrarækt orðið mjög óverulegt, þannig að telja verður með öllu ónauðsynlegt að halda lengur mann á fullum launum og með sérstakt skrifstofuhald við það starf. Eins og fjárhag ríkissjóðs er háttað, telur ráðuneytið óhjákvæmilegt að gera allt, sem unnt er, til að draga úr útgjöldum og starfsmannahaldi ríkisins. Telur ráðuneytið, að Búnaðarfélag Íslands geti tekið við þessu starfi án þess að fjölga starfsmönnum og án verulegs kostnaðarauka.

Þá fellst og í breytingum á 6. gr. laganna sú breyting, að minkahald verður því aðeins leyft, að dýrin séu geymd og alin í sérstökum þar til gerðum steinsteyptum húsum með steyptu gólfi. Reynslan hefur sýnt, að mjög erfitt er að ganga þannig frá minkabúrum og girðingum á bersvæði, að fullt öryggi fáist fyrir því, að dýrin sleppi ekki úr haldi. Þegar litið er á það tjón, sem villiminkar hafa valdið til þessa, verður öllum ljóst, að svo verður að búa um, að öruggt megi telja, að ekki sé hætta á, að minkar sleppi úr vörzlu. En það verður vart gert nema að lögboðið sé, að minka skuli ávallt geyma og ala í steinsteyptum húsum með steyptu gólfi, enda sé þannig frá húsum þessum gengið, að Búnaðarfélag Íslands og ráðunautur þess telji fullnægjandi. Þó telur ráðuneytið sanngjarnt, að þeim, sem við gildistöku laganna eiga löglega og örugglega umbúin minkabú, verði leyft að láta þau standa meðan Búnaðarfélag Íslands telur þau það vel úr garði gerð, að telja megi þau örugga vörzlu.

Ráðuneytið hefur leitað álits og umsagnar Búnaðarfélags Íslands um frumvarp þetta, og er umsagnarbréf félagsins prentað hér á eftir sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

BÚNAÐARFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 5. okt. 1950.

Á fundi stjórnar Búnaðarfélags Íslands, er haldinn var 2. okt. 1950, var bókað:

„Lagt fram bréf atvinnumálaráðherra, dags. 22. sept. s. l., þar sem leitað er álits stjórnar Búnaðarfélags Íslands um frumvarp, er stjórnin hefur látið semja um að leggja niður starf loðdýraræktarráðunautar og að Búnaðarfélag Íslands taki að sér eftirlit það með loðdýraræktinni, sem lögin um þetta efni gera ráð fyrir. Stjórnin getur samþykkt þessa ráðstöfun sem leið til sparnaðar, þó gengið sé út frá að Búnaðarfélag Íslands fái nokkra þóknun fyrir þetta starf.

Önnur ákvæði frumvarpsins telur stjórnin vera til bóta frá því sem nú er, en telur varhugavert það ákvæði að veita undanþágu frá því að minkar verði aldir nema í steinsteyptum húsum."

Af ofanritaðri bókun sér hið háa ráðuneyti afstöðu stjórnar Búnaðarfélags Íslands til málsins.

Sjálfur lít ég þannig á, að breyta þurfi síðari hluta 5. gr. og setja í hana ákveðinn frest, er menn fái til að breyta minkabúum sínum, t. d. að þeir sem nú eiga minkabú, skuli innan tveggja ára frá gildistöku laganna hafa breytt þeim, en ella falli leyfi þeirra til minkaeldis niður. Kæmi þá í stað orðanna „meðan Búnaðarfélag Íslands telur þau þannig úr garði gerð, að telja megi þau fulltrygga vörzlu“ orðin: allt að tveim árum, telji Búnaðarfélag Íslands þau trygga vörzlu, en að þeim tíma liðnum skulu dýrin flutt í steypt hús, sem gerð eru samkvæmt lögum þessum og reglugerð, sem eftir þeim verður sett um slík hús. Sé þessu ákvæði ekki hlýtt, fellur leyfi viðkomandi til loðdýraeldis niður.

Ég teldi mjög æskilegt, að breyting þessi kæmi þegar fram í frumvarpinu, þar sem sjálfsagt er að gera þá kröfu til þeirra, er minkaeldi stunda, að þeir geymi dýr sín í pottþéttum búrum, og sé það ekki sett undir dóm Búnaðarfélagsins, hvort svo sé, nema meðan þeir eru að koma húsunum upp, en það ættu þeir að geta gert á tveim árum.

Virðingarfyllst.

Páll Zóphóníasson.

Ed. 82. Frumvarp til laga [48. mál]

um hitaveitur utan Reykjavíkur.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Heimilt er bæjarstjórnum og hreppsnefndum að stofnsetja og starfrækja hitaveitur, sem hafa einkaleyfi til þess að leiða heitt vatn um umdæmi sitt, þar sem sveitarstjórn ákveður, og einkarétt til þess að selja heitt vatn til upphitunar á húsum, sem ná til hitaveitunnar.

Sveitarstjórn semur reglugerð um rekstur hitaveitunnar, og skal hún staðfest af félagsmálaráðherra.

2. gr.

Einkaréttur sveitarstjórna skv. 1. gr. nær ekki til hitaveitna, sem einstaklingar koma sér upp og nota innan takmarka húseigna sinna og jarðeigna eingöngu til eigin þarfa. Þó þarf til þess leyfi sveitarstjórnar í þeim sveitarfélögum, þar sem sveitarstjórn hefur áður stofnsett hitaveitu.

3. gr.

Einkarétt þann, sem um ræðir í 1. og 2. gr., getur sveitarstjórn, með samþykki ráðherra, veitt einstökum mönnum eða félögum. Slíkt leyfi skal veitt til ákveðins tíma með þeim skilyrðum og kvöðum, sem ástæða þykir til. Þegar leyfistíma lýkur, á sveitarstjórn rétt á að fá hitaveituna afhenta fyrir það verð, sem ákveðið er með mati, ef ekki næst samkomulag. Mat þetta skal framkvæmt af tveim dómkvöddum matsmönnum. Rétt er matsmönnum að kveðja sérfróðan mann sér til aðstoðar, ef þurfa þykir, og telst kostnaður af því til matskostnaðar.

4. gr.

Nú hefur einstakur maður eða félag fengið leyfi til að stofnsetja og starfrækja hitaveitu til almenningsþarfa, og skal þá ákveða gjald á heitu vatni í gjaldskrá, er hlutaðeigandi sveitarstjórn samþykkir og ráðherra staðfestir.

Gjaldskrá skal endurskoða á árs fresti, ef annaðhvort leyfishafi eða sveitarstjórn óskar þess, og eigi sjaldnar en fimmta hvert ár.

5. gr.

Nú vill sveitarstjórn fá handa umdæmi sínu hitaveitu, er einstakir menn eða félög eiga, sbr. 3. gr., og má þá, ef ⅘ hlutar leyfistímans eru liðnir og samkomulag næst ekki, taka hana eignarnámi, gegn endurgjaldi, sem ákveðið skal af matsmönnum, er til þess skulu kvaddir skv. 3. gr. Eignarnámið skal ná til allra tækja og útbúnaðar hitaveitunnar, nema eigendur samþykki, að aðeins nokkur hluti hennar sé tekinn.

6. gr.

Þegar sveitarstjórn hefur leitt heitt vatn frá jarðhitasvæði eða komið upp hitaveitu eða hitaaflstöð á annan hátt, getur hún bannað, að hús innan lögsagnarumdæmisins, sem ná til hitaveitunnar, verði hituð með öðrum hætti en með vatni frá hitaveitunni.

Vatnshitunarkerfi, sem sett verða í hús eða fyrir eru, skulu þannig gerð eða breytt svo, að þau megi tengja við hitaveituna.

7. gr.

Sveitarstjórn ákveður, hvar vatnsæðar hitaveitunnar skuli lagðar. Húseigendur kosta lagningu heimæða eftir gjaldskrá, sem sveitarstjórn setur, en félagsmálaráðherra staðfestir, og skal ákveða gjaldið með hliðsjón af hitaþörf húseignarinnar. Heimæðarnar verða eign hitaveitunnar, sem sér um viðhald þeirra húseigendum að kostnaðarlausu.

Sveitarstjórn sér um lagningu heimæða og getur samið við húseiganda um, að hann greiði heimæðagjaldið, auk vaxta, með jöfnum afborgunum á tilteknum árafjölda, enda hefur sveitarstjórn veðrétt í húseigninni, er gengur fyrir öllum samningsveðskuldum í eitt ár frá gjalddaga, og þarf ekki að þinglýsa þeim veðrétti.

8. gr.

Sveitarstjórn hefur rétt til að löggilda menn, er hún telur hæfa, og svo marga sem henni þykir þurfa, til þess að leggja vatnsæðar þær, sem húseigendur kosta, og tengja þær við kerfi hitaveitunnar, og skulu þeir fara eftir reglum, er sveitarstjórn setur.

Engir aðrir en þeir, sem þannig hafa fengið löggildingu, mega leggja vatnsæðar frá hitaveitunni inn í hús í umdæminu.

9. gr.

Hitaveita sveitarfélags selur húseigendum heitt vatn til upphitunar húsa og annarra nota eftir því, sem reglugerð ákveður, með verði, sem skal ákveðið í gjaldskrá, er sveitarstjórn semur, en félagsmálaráðherra staðfestir.

10. gr.

Jarðeigendur, sem eiga land þar, sem vatnsleiðslur hitaveitunnar verða lagðar, svo og lóðareigendur og lóðarleigjendur í hlutaðeigandi umdæmi eru skyldir til að láta af hendi land og landsafnot, sem með þarf til þess að veita megi vatninu til umdæmisins og um það, þar með talið grjóttak, malartekja og rista svo og mannvirki, og að þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem hitaveitan kann að hafa í för með sér, gegn bótum fyrir landspjöll eftir fyrirmælum vatnalaganna.

11. gr.

Til tryggingar skuldbindingum, sem sveitarstjórn tekur á sig með samþykki ráðherra í því skyni, að lögð verði hitaveita til umdæmisins, sem og til tryggingar lán-

um, sem sveitarstjórn kann síðar að taka vegna þessara framkvæmda, eða til starfrækslu hitaveitunnar, getur sveitarstjórn sett allt fyrirtækið að veði.

Nær slík veðsetning til allra réttinda fyrirtækisins, þ. á m. einkaréttinda samkvæmt 1. gr., svo og allra eigna, sem nauðsynlegar eru til þess að stofna fyrirtækið og starfrækja, sem eru: Vatn, vatnsréttindi og önnur hitaréttindi, land og réttindi til landsafnota, borholur, aðveituæðar til dælistöðva, dælistöð með öllum vélum, aðalleiðsla til umdæmisins, vatnsgeymar, allar leiðslur um umdæmið, þar á meðal heimæðar, mælar í húsum, bústaðir vélgæzlumanna við dælistöð og yfirleitt öll mannvirki, sem gerð eru vegna fyrirtækisins, með öllum endurbótum og viðaukum.

Veðsetningin öðlast fullt gildi við þinglestur í viðkomandi umdæmi, án tillits til hvar hinar veðsettu eignir fyrirtækisins eru.

Vanefni sveitarstjórn skyldur sínar samkvæmt veðskuldbindingunni, skal veðhafa heimilt að taka fyrirtækið í sínar hendur og starfrækja það fyrir eigin reikning eða fá öðrum starfrækslu þess í hendur, með öllum skyldum og réttindum, sem sveitarstjórn hafði í sambandi við starfrækslu þess, þar til hann hefur fengið kröfur sínar greiddar að skaðlausu, en auk þess er veðhafa heimilt að ganga að veðinu, ef hann kýs það heldur. Ef vanefndir stafa af óviðráðanlegum atvikum (force majeure) eða ófyrirsjáanlegum drætti, má bæta úr þeim með greiðslu svo fljótt sem verða má, og í síðasta lagi innan þriggja mánaða. Ef svo stendur á, verður því ekki leitað fullnustu í hitaveitunni né hún tekin í hendur veðhafa til starfrækslu, fyrr en 3 mánuðir eru liðnir frá því vanefndir urðu.

Komi til þess, að veðhafi eða nýr eigandi taki fyrirtækið í sínar hendur, geta þeir starfrækt það með sama rétti og sveitarstjórn hafði, og getur hvorki sveitarstjórnin né önnur stjórnarvöld torveldað starfræksluna á nokkurn hátt, og má þá ekki heldur leggja á hana nokkurt afgjald eða skatta, hvorki beint eða óbeint.

Réttur veðhafa til að ganga að fyrirtækinu eða taka það í sínar hendur er þó bundinn því skilyrði, að sveitarstjórn geti hvenær sem er leyst aftur til sín fyrirtækið með því að greiða veðhafanum eða hinum nýja eiganda veðskuldina að skaðlausu með vöxtum og kostnaði þeirra við yfirtökuna og starfræksluna, þar á meðal rekstrartap þeirra.

12. gr.

Öll gjöld samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum og gjaldskrám, sem settar verða samkvæmt þeim, má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

13. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 47 5. apríl 1948 um hitaaflstöð og hitaveitu á Ísafirði.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1951.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í nokkrum sveitarfélögum hér á landi er nú verið að undirbúa hitaveitur, sem ætlað er að selja heitt vatn til margvíslegrar notkunar íbúum sveitarfélagsins. Þess hefur verið leitað af fyrirsvarsmönnum sveitarfélaga, að ráðuneytið staðfesti reglugerðir og gjaldskrár fyrir slíkar hitaveitur, en því hefur orðið að synja vegna þess, að engin heildarlög um hitaveitur eru til. Lög nr. 38/1940 um hitaveitu Reykjavíkur ná aðeins til lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.

Þá eru og til lög um hitaaflstöð og hitaveitu á Ísafirði (nr. 47/1948), en þau lög hafa enn ekki komið til framkvæmda.

Þar sem ráðuneytið lítur svo á, að því verði ekki lengur slegið á frest að setja heildarlög um hitaveitur hér á landi, hefur það látið taka saman frumvarp þetta, sem

að mestu er sniðið eftir fyrrnefndum lögum um hitaveitu í Reykjavík, lögum um raforkuvirki, nr. 83 23. júní 1932, lögum um vatnsveitur, vatnalögum o. fl.

Samkvæmt frumvarpi þessu er sveitarstjórnum veittur einkaréttur til að stofnsetja og starfrækja hitaveitur í umdæmum sínum á svipaðan hátt og bæjarstjórn Reykjavíkur hefur haft samkvæmt lögum nr. 38/1940 í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Einkaréttur þessi er framseljanlegur bæði einstökum mönnum og félögum, og skal þá gjald fyrir heitt vatn til notenda ákveðið í gjaldskrá, er hlutaðeigandi sveitarstjórn samþykkir og ráðherra staðfestir. Þá er og mælt fyrir um, með hverjum hætti sveitarstjórn, sem vill fá hitaveitu handa umdæmi sínu, er einstaklingar eða félög eiga, getur tekið veituna og allt, er henni fylgir, eignarnámi, ef samkomulag næst ekki um afhendingu hennar. Sveitarstjórnum, sem ákveðið hafa að starfrækja hitaveitur í umdæmum sínum og leitt hafa heitt vatn frá jarðhitasvæði í því skyni, er veitt heimild til að banna, að þau hús innan umdæmisins, sem ná til hitaveitunnar, verði hituð með öðrum hætti en með vatni frá hitaveitunni, og er það í samræmi við tilsvarandi ákvæði í lögum um hitaveitu í Reykjavík. Þá ber og sveitarstjórn að sjá um lagningu heimæða, en húseigendum ber að greiða kostnaðinn við lagninguna eftir gjaldskrá. Enn fremur er ákveðið, að heimæðarnar verði eign hitaveitunnar, sem sjái um viðhald þeirra húseigendum að kostnaðarlausu. Fyrirkomulag þetta hefur þótt gefa góða raun í Reykjavík, en þar var það lögfest með lögum um hitaveitu Reykjavíkur.

Sveitarstjórnum er í frumvarpinu veittur réttur til að löggilda menn til lagningar hitaveituæða í umdæmi þeirra. Gert er ráð fyrir, að hitaveitur selji vatn samkvæmt gjaldskrá, er ráðherra staðfestir. Tekin eru upp ákvæði um skyldu jarð- og lóðareigenda svo og lóðarleigjenda til að láta af hendi land og landsafnot, sem með þarf til þess að veita megi vatninu til hlutaðeigandi umdæmis og um það. Loks eru ákvæði varðandi tryggingar á skuldbindinum, sem sveitarstjórn kann að taka á sig með samþykki ráðherra í því skyni, að lögð verði hitaveita til umdæmisins, sem og til tryggingar lánum, sem sveitarstjórn kann síðar að taka vegna hitaveitufram-kvæmda eða starfrækslu veitunnar.

Lögtaksréttur er látinn fylgja gjöldum samkvæmt lögunum eða reglugerðum og gjaldskrám, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim.

Rétt þykir að láta lögin um hitaveitu Reykjavíkur gilda áfram, en að nema lögin um hitaaflstöð og hitaveitu á Ísafirði úr gildi.

Þar sem engin heildarlög um hitaveitur hafa hingað til verið til hér á landi, er frumvarp þetta að sjálfsögðu frumsmíð, sem stendur til bóta og líklegt er, að þurfi að endurskoða áður en langt um líður. Þess má að lokum geta, að ekki eru tekin upp í frumvarpið nein ákvæði um fjárhagslega aðstoð ríkisvaldsins við að koma hitaveitum á fót, enda hefur slíks stuðnings ekki verið leitað, þegar undanskilin er hitaveita Reykjavíkur. Ekki þykir ástæða til að láta sérstakar skýringar fylgja hinum einstöku greinum frumvarpsins.

Nd. 83. Frumvarp til laga [49. mál]

um sveitarstjóra.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Í kauptúni, sem er sérstakur hreppur og hefur fleiri en 500 íbúa, skal framkvæmd sveitarmálefna falin sérstökum sveitarstjóra.

2. gr.

Hreppsnefnd skal auglýsa starf sveitarstjóra og taka við umsóknum um það. Á löglega boðuðum hreppsnefndarfundi skal greiða atkvæði um framkomnar um-

sóknir, og er sá ráðinn, sem flest fær atkvæði. Nú eru atkvæði jöfn við endurtekna atkvæðagreiðslu, og skal þá hlutkesti ráða. Atkvæðagreiðsla skal vera leynileg.

3. gr.

Oddviti skal fyrir hönd sveitarstjórnar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt í sveitarstjórn, og skal þar nánar kveðið á um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og það annað, sem rétt þykir að taka fram af því tilefni. Ekki er heimilt að binda ráðningu sveitarstjóra við kjörtímabil sveitarstjórnar né önnur ákvæðin tímamörk. Uppsagnarfrestur af hálfu hvors aðila skal vera sex mánuðir.

4. gr.

Laun sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim, er í 3. gr. getur, og greiðast þau úr sveitarsjóði.

5. gr.

Sveitarstjóri fer með störf þau, sem oddvita eru falin í sveitarstjórnarlögum, önnur en stjórn á fundum hreppsnefndar, og hefur á hendi framkvæmd málefna sveitarfélagsins. Hann annast innheimtu á tekjum sveitarsjóðs og fyrirtækja hans, án sérstakrar þóknunar.

Að öðru leyti skal starfsvið sveitarstjóra og verkaskipting milli hans og oddvita nánar ákveðin í samþykkt um stjórn málefna sveitarfélagsins, sem hreppsnefnd semur, en félagsmálaráðuneytið staðfestir.

6. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

Nú er hreppsnefndarmaður kjörinn sveitarstjóri, og fellur þá niður umboð hans sem hreppsnefndarmanns þann tíma, er hann gegnir sveitarstjórastarfi, en varamaður hans tekur sæti í hreppsnefndinni.

7. gr.

Nú hefur sveitarstjóri tekið við starfi, og falla þá niður launagreiðslur til oddvita úr sveitarsjóði samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga, en heimilt er hreppsnefnd að ákveða oddvita þóknun fyrir störf hans, að þar til fengnu samþykki félagsmálaráðherra.

8. gr.

Nú verður sveitarstjóri sekur um stórfellda eða ítrekaða vanrækslu eða hirðuleysi í starfi sínu eða skeytir ekki áminningu sveitarstjórnar, og getur hún þá með fundarsamþykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal félagsmálaráðuneytinu þegar frávikninguna, og sker það úr ágreiningi milli sveitarstjóra og sveitarstjórnar, nema mál sé þannig vaxið, að það beri undir dómstóla. Oddviti tekur þá við störfum sveitarstjóra til bráðabirgða, meðan ráðuneytið rannsakar misklíðarefnið, og gegnir oddviti starfanum, unz sveitarstjóri hefur tekið við starfi sínu aftur eða nýr sveitarstjóri hefur verið ráðinn.

9. gr.

Félagsmálaráðherra getur veitt sveitarfélagi, sem ekki er kauptún, en hefur 500 íbúa eða meira, heimild til að ráða sér sveitarstjóra samkvæmt lögum þessum, ef meiri hluti sveitarstjórnar æskir þess og sýslunefnd mælir með því.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1951.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Að tilhlutan félagsmálaráðuneytisins var lagt fyrir síðasta Alþingi frumvarp til laga um sveitarráðsmenn, og var það gert samkvæmt þingsályktunartillögu, sem samþykkt hafði verið á Alþingi 25. febrúar 1949.

Frumvarpið náði ekki fram að ganga, þótt það færi gegnum báðar deildir þingsins, svo rétt þykir að leggja það á ný fyrir Alþingi.

Frumvarpið er að efni til hið sama og frumvarp það, sem lagt var fyrir síðasta Alþingi, en rétt þótti að breyta nafni þess og kalla það nú frumvarp til laga um sveitarstjóra, því það nafn virtist eiga meiri byr á Alþingi en sveitarráðsmannsnafnið.

Önnur breyting, sem ráðuneytið hefur gert á frumvarpinu, er sú, að fella niður úr því ákvæðin um launakjör sveitarstjóra og gera ráð fyrir, að einnig þau verði ákveðin í ráðningarsamningi þeim, sem sveitarstjórn gerir við sveitarstjóra.

Loks er svo í nýrri grein, núverandi 9. gr. frumvarpsins, gert ráð fyrir því, að *önnur* sveitarfélög en kauptún með 500 íbúa hið fæsta geti komizt undir lögin, ef sýslunefnd veitir til þess samþykki sitt.

Þau meginatriði frumvarpsins, sem haldast áfram, eru þá þessi:

1. Í kauptúnum, sem hafa fleiri íbúa en 500, er *skylt* að ráða sveitarstjóra.
2. Óheimilt er að binda ráðningu sveitarstjóra við ákveðin tímamörk, svo sem kjörtímabil sveitarstjórnar.
3. Ef hreppsnefndarmaður er kjörinn sveitarstjóri, skal umboð hans sem hreppsnefndarmanns falla niður þann tíma, sem hann gegnir sveitarstjórastarfi, en varamaður hans taka sæti hans í sveitarstjórn.
4. Félagsmálaráðuneytinu er ætlað að rannsaka misklíðarefni, sem upp kunna að koma milli sveitarstjóra og sveitarstjórnar, og úrskurða þau, nema mál sé þannig vaxið, að það beri undir dómstóla.

Auk þessa þykir rétt að minnast á eitt atriði, sem nokkuð mun hafa verið vikið að í umræðum um málið á Alþingi, en það er, hvort ekki væri gerlegt að láta sveitarstjóra einnig gegna starfi hreppstjóra. Sú tilraun, sem gerð hefur verið á nokkrum stöðum með því að sameina oddvita- og hreppstjórastörfin í höndum eins manns — lögreglustjóra —, hefur ekki gefið góða raun. Hreppstjóri er fyrst og fremst lögregluþjónn og umboðsmaður sýslumanns í umdæmi sínu, og hefur sem slíkur á hendi ýmis verkefni, sem beinlínis geta rekizt á, ef hann jafnframt á að gegna oddvitastarfi í kauptúni. Má þar m. a. benda á lögtök útsvara og annarra opinberra gjalda, sem oddvita (sveitarstjóra) ber að krefjast, að tekin séu, en hreppstjóra að jafnaði falið að framkvæma. Hreppstjóri á auk þess að halda uppi lögum og reglu í sveitarfélaginu, og samrýmist það víða mjög illa því að vera oddviti eða sveitarstjóri. Mestu erfiðleikarnir á þessu eru þó þeir, að þar sem hreppstjóri er fyrst og fremst umboðsmaður sýslumanns og starfar á hans ábyrgð að miklu leyti, er ógerningur að samræma ráðningu sama manns í bæði störfin, nema fullt samkomulag næðist þar um milli viðkomandi sýslumanns og sveitarstjórnar. Að sjálfsögðu er ekkert bann við því lagt, að sveitarstjóra yrði einnig falið að gegna hreppstjóraembætti, ef svo stæði á, að það þætti heppilegt, og heldur er ekkert bann við því, að sveitarstjórn ráði hreppstjóra einnig sem sveitarstjóra.

Að öðru leyti en því, sem nú hefur sagt verið, vísast til greinargerðar ráðuneytisins, er fylgdi frumvarpinu um sveitarráðsmenn, því sem lagt var fyrir Alþingi 1949 (þskj. Nd. 48).

Sþ. 84. Tillaga til þingsályktunar [50. mál]

um innflutning ávaxta.

Flm. Jónas Árnason, Sigurður Guðnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að annast um, að innflutningur nýrra og þurrkaðra ávaxta verði aukinn svo og skipulagður, að landsmenn eigi ávallt kost á einhverjum, og helzt sem flestum, tegundum þeirra. Jafnframt er ríkisstjórninni falið að gera með leyfisveitingum ráðstafanir til, að nýir ávextir séu keyptir í þeim löndum og á þeim árstímum, þegar varan er góð, og tryggja, að innflytjendur flytji vöruna í kælirúmi á skipum og geymi birgðir, sem ekki á að nota strax, í öruggum geymslum hér á landi.

Greinargerð.

Tillaga þessi er að mestu samhljóða tillögu, sem samþykkt var hér á Alþingi fyrir tæpum fjórum árum. Flutningsmenn hennar þá, Katrín Thoroddsen og Hermann Guðmundsson, studdu hana þeim rökum fyrst og fremst, að ávextir hefðu geysimikla þýðingu fyrir heilsuvernd manna, auk þess sem í þeim væri fólginn máttur til að vinna bug á margvíslegum sjúkdómum. Það mundi því verða þjóðinni til ómetanlegs gagns að mega neyta þeirra við hóflegu verði allt árið um kring.

Og þessi rök eru enn í fullu gildi. Að minnsta kosti liggja ekki fyrir neinar sannanir um, að þjóðin sé nú orðin svo miklu betri til heilsunnar en hún var fyrir fjórum árum, að hollusta ávaxta eigi ekki lengur erindi til hennar, og hæpið mun einnig hitt, að af henni sé létt öllum þeim sjúkdómum, sem ávextir gætu læknað.

Hins vegar hefur raunin orðið sú, að ávextir eru eftir sem áður sjaldgæfur munaður á Íslandi. Það dugir ekkert minna en jól til þess að þjóðin fái að bragða nýja ávexti. Hollusta þeirra kemur til hennar einu sinni á ári, ofurlítill gladningur hátíðlega út deildur í svartasta skammdeginu, og endist, ef nógu sparlega er með farið, frá Þorláksmessu og kannske fram á þrettándann. Til þurrkaðra ávaxta hefur langa lengi ekki spurzt á Íslandi, utan hvað verzlunarfyrirtæki sum auglýsa þessa dagana apríkósur handa viðskiptavinum sínum í sunnudagsmatinn. Skal koma eitt eða tvö kíló á hverja fjölskyldu, en það mun samsvara góðum diski á mann, og þykja mikil tíðindi. — Ríkisstjórnin hefur með öðrum orðum ekki sinnt tilmælum Alþingis, er fólust í samþykkt þessarar tillögu fyrir fjórum árum.

Margt fleira væri hægt að færa fram til stuðnings þessu máli, og spyrja þar á meðal, hvernig afsaka megi þá staðreynd, að Íslendingar eru ávaxtalaus þjóð, á meðan flestar aðrar þjóðir, jafnvel þær fátækustu, og ýmsar þeirra búsettar á svipuðum breiddargráðum og við, hafa ráð á að borða margar tegundir ávaxta allt árið um kring. En slíkar málalengingar eru óþarfar. Rökin eru hér ærin þegar og liggja ljóst fyrir. Þeir þingmenn, sem fyrir fjórum árum samþykktu að fela ríkisstjórninni að sjá um nægan innflutning ávaxta, af því að ávextir geta verndað heilsu þjóðarinnar og forðað henni frá margvíslegum sjúkdómum, hljóta eins núna að fylgja slíkri samþykkt og ítreka hana af sömu ástæðum.

Sþ. 85. Tillaga til þingsályktunar [51. mál]

um aukna framleiðslu rafmagnstækja.

Flm.: Ingólfur Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að stuðla að því, að verksmiðjur, sem framleiða vönduð rafmagnstæki með hagstæðu verði, fái það ríflega gjaldeyris- og innflutningsleyfi, að þær geti unnið með fullum afköstum allt árið.

Greinargerð.

Mikill skortur er á margs konar rafmagnstækjum í landinu. Hafa heyrzt háværar raddir og vaxandi kröfur um aukinn innflutning á þessum tækjum. Til þess að fullnægja þörfum landsmanna á þann hátt þarf mikinn gjaldeyri, og er tæplega við því að búast, að þjóðin hafi nægilegan gjaldeyri til þeirra hluta, eins og nú standa sakir. Í landinu eru verksmiðjur, sem framleiða rafmagnstæki, sem eru samkeppnisfær að verði og gæðum og hafa aðstöðu til þess að fullnægja innanlandsþörfinni, ef séð væri fyrir nægilegu efni.

Stærsta raftækjaverksmiðjan er Rafha í Hafnarfirði. Er það myndarlegt fyrirtæki og framleiðir aðeins vandaða vöru og ódýra, miðað við hliðstæða erlenda framleiðslu.

En þannig hefur verið búið að þessari verksmiðju, að hún getur aldrei unnið með meira en hálfum afköstum. Þessi verksmiðja framleiðir eldavélar, sem eru það vel þekktar um land allt, að óþarft er að lýsa þeim. Nú liggja fyrir pantanir á 2500 eldavélum, og verður ekki mögulegt að afgreiða að sinni meira en ⅕ hluta vegna efnisskorts. Verksmiðjan getur framleitt þvottapotta, rafmagnsofna, spennubreyta, kæliskápa og þvottavélar af vönduðustu gerð. En framleiðsla á þessum nauðsynlegu tækjum er í mjög smáum stíl vegna efnisleysis. Eftirspurn eftir þvottavélum er nú mjög mikil, og er það að vonum, því að þvottavélina telur húsmóðirin nauðsynlegri en flest önnur heimilistæki. Eftirspurninni verður aldrei fullnægt með öðru móti en því að flytja inn nægilegt efni og smíða tækin í landinu. Efni í 5 þvottarvélar kostar í erlendum gjaldeyri jafn mikið og ein erlend vél. Af þessu ætti að vera ljóst, að það er ekki rétt stefna að gera kröfu um innflutning á tilbúnum heimilistækjum, heldur ber að búa þannig að verksmiðjum landsins, sem vel eru starfinu vaxnar, að þær geti unnið með fullum afköstum og fullnægt þörfum landsmanna.

Með samþykkt þessarar tillögu ættu innflutningsyfirvöldin að fá ábendingu og nokkurt aðhald í þessu efni.

Ed. 86. Frumvarp til laga [52. mál]

um breyting á lögum nr. 34 29. apríl 1946, um fræðslu barna.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

1. málsgr. 13. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður greiðir allt að helmingi stofnkostnaðar heimangönguskóla, en þrjá fjórðu hluta stofnkostnaðar heimavistarskóla og skólastjórabústaða í heimangönguskólum. Hlutaðeigandi sveitarfélög greiða hinn hlutann. Séu tveir eða fleiri hreppar eða hluti úr hreppi um sama skóla, greiða þeir stofnkostnaðinn í hlutfalli við samanlagðan tekju- og eignarskatt íbúanna eftir meðaltali fimm síðustu ára. Ríkisframlagið er bundið því skilyrði, að fé hafi verið veitt í fjárlögum til sérhvers skólahúss áður en hafizt er handa um bygginguna, og að skólalóðin sé eign skólahverfisins eða afnotarétturinn tryggður með óuppsegjanlegum leigusamningi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Nú eru í smíðum skólahús fyrir tugi milljóna króna. Ljóst er, að ekki verður fé fyrir hendi á næstu árum til þess að ljúka byggingu allra þessara skólahúsa. Af

drættinum hlýtur að verða mikið verðmætatap, með því að hálfgerð hús skemmast að ýmsu leyti miklu meira en fullgerð, og er erfitt að gera sér grein fyrir því, hve miklu tjón þetta kann að nema. Þá binzt í þessum hálfgerðu byggingum mjög mikið fé, sem tekið er að láni með háum vöxtum.

Fræðslulögin frá 1946 munu víða hafa verið skilin svo, að ekki þyrfti að bíða þess, að í fjárlögum væri veitt fé úr ríkissjóði til stofnkostnaðar skóla, heldur mætti hefjast handa um byggingu skólahúss hvenær sem væri, og væri ríkissjóði svo skylt að sjá um greiðslu síns hluta, þegar verkið væri komið áleiðis.

Fræðslumálastjórnin gat haft hemil á því, að ráðizt yrði of ört í skólabyggingar, en hefur ekki haft hann. Virðist því vera nauðsynlegt að setja slíkan hemil í lögin sjálf, svo að hún eigi hægara með að verjast ásóknum um bygging skólahúsa fyrr en fjárhagur leyfir, en þær hafa verið mjög miklar undanfarið og geta haldið áfram enn, ef löggjöfin verður óbreytt.

Þótt ákvæði 10. gr. laga nr. 34 1946 og 4. gr. laga nr. 48 1946 muni eiga að tryggja það, að nægilegt húsnæði verði til skólahaldsins, verða svo fortakslaus ákvæði að hafa skynsamlega takmörkun. Löggjafinn hefur ekki varað sig á því, að þegar hann gaf svo frjálsar hendur um bygging skólahúsa og bauð þau kostakjör um framlag úr ríkissjóði til byggingar skóla og rekstrar sem fræðslulögin frá 1946 sýna, gripu strax margar hendur til sjóðsins, sem ríkið hafði safnað á stríðsárunum, og hann var þurrausinn áður en varði, enda á hann gengið úr öðrum áttum. Eðlilegt er, að hvert sveitarfélag vilji komast hjá því tjóni, sem leiðir af því, að byggingarframkvæmdir stöðvist, og er því skiljanlegt, að þau eigi erfitt með að sætta sig við, að dráttur verði á greiðslu ríkisframlagsins til ýmissa þeirra skólahúsa, sem í byggingu eru, en hjá slíku verður ekki komizt í framtíðinni, nema tryggt verði, að ríkissjóður sé við því búinn að leggja fram fé að sínum hluta, áður en hafizt er handa um byggingarframkvæmdir.

Ed. 87. Frumvarp til laga [53. mál]

um breyting á lögum nr. 49 7. maí 1946, um húsmæðrafræðslu.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ríkisframlagið er bundið því skilyrði, að fé hafi verið veitt í fjárlögum til sérhvers skólahúss áður en hafizt er handa um bygginguna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um þær vísast til athugasemda við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 34 29. apríl 1946, um fræðslu barna, sem nú liggur fyrir þinginu.

Ed. 88. Frumvarp til laga [54. mál]

um breyting á lögum nr. 48. 7. maí 1946, um gagnfræðanám.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Við 53. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ríkisframlagið er bundið því skilyrði, að fé hafi verið veitt í fjárlögum til sérhvers skólahúss áður en hafizt er handa um bygginguna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um þær vísast til athugasemda við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 34 29. apríl 1946, um fræðslu barna, sem nú liggur fyrir þinginu.

Nd. 89. Frumvarp til laga [55. mál]

um Náttúrugripasafn Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Í Náttúrugripasafni Íslands skulu vera þrjár deildir: Dýrafræðideild, grasafræðideild og jarðfræði- og landfræðideild.

2. gr.

Aðalhlutverk Náttúrugripasafnsins er:

1. að viða að sér sem fullkomnustu safni íslenzkra náttúrugripa og varðveita það;
2. að afla erlendra náttúrugripa, eftir því sem heppilegt þykir og aðstæður leyfa;
3. að annast fuglamerkingar í vísindalegum tilgangi;
4. að vinna skipulagsbundið að almennum rannsóknum á náttúru Íslands;
5. að annast eða sjá um tilteknar rannsóknir, eftir því sem ríkisstjórnin kann að óska.

Verkefni þessi skal safnið leysa af höndum eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

3. gr.

Náttúrugripasafnið gefur árlega út skýrslu, er greini frá meginþáttum í starfsemi þess á árinu, náttúrufræðilegum rannsóknum á Íslandi, munum þeim og ritum, er safninu hafa áskotnazt, fuglamerkingum og öðru, er ástæða virðist til.

Safnið gefur einnig út rit, þar sem birtar skulu á einhverju heimsmálanna niðurstöður rannsókna á náttúru Íslands, eftir því sem ástæða virðist og fé er veitt til. Ritið nefnist Acta naturalia Islandica.

4. gr.

Náttúrugripasafnið skal vera almenningi til sýnis eigi sjaldnar en þrisvar í viku, eftir því sem nánar verður kveðið á um í reglugerð. Lögð skal áherzla á, að safnið veiti sem gleggst yfirlit um náttúru landsins.

5. gr.

Ráðherra er heimilt að skipa þrjá deildarstjóra við safnið: Dýrafræðing, grasafræðing og jarðfræðing. Þeir skulu hafa lokið meistaraprófi, doktorsprófi eða öðrum hliðstæðum háskólaprófum í fræðigreinum sínum. Laun þeirra skulu vera hin sömu og deildarstjóra í atvinnudeild háskólans. Þó skal sá, er fer með yfirstjórn sameiginlegra mála, njóta sömu launa og forstöðumenn Landsbóka-, Þjóðminja- og Þjóðskjalasafns. Heimilt er ráðherra, að fenginni fjárveitingu, að ráða fleira starfslið að safninu um eitt ár í senn, ef sérstök ástæða virðist til.

Deildarstjórar skiptast á um að fara með yfirstjórn sameiginlegra málefna safnsins, og skal hver þeirra hafa þau störf með höndum þrjú ár í senn.

6. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um starfsemi safnsins.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frá 1. janúar 1947 tók ríkissjóður við rekstri Náttúrugripasafnsins af Hinu íslenzka náttúrufræðifélagi. Hafði félagið notið fjárstyrks til að standa straum af kostnaði við safnið, síðast 55 þús. kr. árið 1946.

Að safninu voru ráðnir tveir starfsmenn, dr. Finnur Guðmundsson, dýrafræðingur, og dr. Sigurður Þórarinsson, jarðfræðingur. Litlu síðar var einnig ráðinn að safninu grasafræðingur, Guðni Guðjónsson, magister, en hann andaðist í árslok 1948. Síðan starfaði magister Einar Sigurgeirsson, grasafræðingur, um skeið við safnið, en nú er þar enginn grasafræðingur. Þá hefur verið ráðin aðstoðarstúlka við safnið.

Safninu fylgdu engin vinnuherbergi, þegar ríkið tók við því, en það hefur nú fengið til afnota 3 góð herbergi í þjóðminjasafnsbyggingunni, auk mikils geymslurúms. Fjárveiting til safnsins hefur verið aukin og gata þess greidd á margan veg. Þó skortir safnið enn flest vísindaáhöld, hirzlur undir náttúrugripi, sýningarskápa o. fl. Safninu fylgdi, er ríkissjóður tók við því, sjóður, er safnazt hafði til húsbyggingar, 82 þús. kr.

Um Landsbókasafn, Þjóðskjalasafn og verndun fornmenja eru sérstök lög, og telur menntamálaráðuneytið nauðsynlegt, að marka einnig starfsvið Náttúrugripasafnsins í lögum. Því er frumvarp þetta lagt fyrir Alþingi.

Um einstakar greinar þess er þetta að segja:

Um 1. gr.

Æskilegt þykir að skipta safninu í 3 aðaldeildir, og starfi sinn sérfræðingur við hverja.

Um 2. gr.

Verkefni þau, er safnið hefur sinnt, eru hér talin undir 1.—3. lið, en auk þess ætlazt til, að stofnunin vinni skipulagsbundið að rannsóknum á náttúru landsins og leysi af höndum þær sérstöku athuganir, er ríkisstjórnin kann að fela henni.

Um 3. gr.

Nauðsynlegt mun, að safnið gefi áfram út skýrslu um starfsemi sína, svo sem jafnan hefur verið, og haldi þannig uppi nokkru sambandi við áhugamenn um náttúrufræði. Einnig er safninu nauðsynlegt að kynna erlendum vísindamönnum niðurstöður rannsókna á náttúru landsins með útgáfu rits á einhverju heimsmálanna.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir 3 aðaldeildum í safninu: Dýrafræði-, grasafræði- og jarðfræðideild, og veiti sérfræðingur hverri deild forstöðu. Vísindastörf þeirra verða alveg sjálfstæð, en sitthvað af sameiginlegum málum, er sinna þarf. Er ráðgert, að deildarstjórarnir skiptist á um að fara með yfirstjórn sameiginlegra málefna safnsins.

Um 6. og 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 90. Frumvarp til laga [56. mál]

um breyting á lögum nr. 82/1936, um ríkisútgáfu námsbóka.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

2. málsliður 7. gr. laganna orðist þannig:
Námsbókagjald skal vera 15 krónur á heimili.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 116/1940, um breytingar á lögum nr. 82/1936.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Námsbókagjald hefur síðan 1940 verið 7 krónur fyrir hvert heimili, þar sem skólaskylt barn er. Kostnaður við útgáfu námsbókanna síðasta reikningsár (1. apríl 1949 til 31. marz 1950), nam um kr. 163500.00, en tekjurnar (námsbókagjaldið) 1949 kr. 70000.00, og er því tekjuhallinn rösklega 90 þús. kr. Er það heldur ekki að undra, þar sem miklar verðhækkanir hafa orðið á þessu árabili, en námsbókagjaldið ekki verið hækkað. Með þeirri hækkun, sem hér er ráðgerð, myndu fást 150 þús. kr. tekjur, og nægir það þó ekki fyllilega til að standast árlegan kostnað miðað við síðasta reikningsár.

Ed. 91. Breytingartillögur [29. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Karli Kristjánssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:

1. C. 26 orðist svo:
   Fnjóskadalsvegur eystri: Af Norðurlandsvegi hjá Hálsi út Fnjóskadal um Dalsmynni að Svalbarðsstrandarvegi.
2. Á eftir C. 26 koma tveir nýir töluliðir, sem orðast svo:
   a. *Fnjóskadalsvegur vestri:* Frá Melum suður Fnjóskadal vestan Fnjóskár að Reykjum.
   b. *Höfðahverfis- og Látrastrandarvegur:* Frá Svalbarðsstrandarvegi um Grenivík að Svínárnesi.

3. C. 29 orðist svo:
Bárðardalsvegur eystri: Af Norðurlandsvegi hjá Fosshól austan Skjálfandafljóts að Bjarnastöðum.
4. Á eftir C. 38 kemur nýr liður, svo hljóðandi:
Hringbraut: Frá Laxárbrú hjá Arnarvatni um Mývatnssveit — norðan vatns — að Reykjahlíð.

Nd. 92. Frumvarp til laga [57. mál]

um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Akureyrar.

Flm.: Jónas Rafnar.

1. gr.

Bæjarstjórn Akureyrar lætur mæla allar lóðir og lönd innan takmarka kaupstaðarlóðar Akureyrar og gera nákvæman uppdrátt af þeim.

Það, sem ákveðið er í eftirfarandi greinum um lóðir, gildir einnig um önnur lönd í kaupstaðarlóðinni.

2. gr.

Mælikvarði uppdráttarins skal ekki vera minni en 1:500. Skal uppdrátturinn sýna greinilega takmörk hverrar lóðar og afstöðu til nágrannalóða og grunnflöt húsa þeirra og mannvirkja, sem á lóðinni eru.

3. gr.

Bæjarstjórnin felur verkfræðingi eða ræður mann til að mæla lóðirnar og gera uppdrátt af þeim. Mælingarmanni og aðstoðarmönnum hans er frjáls umferð um lóðir manna, meðan á mælingunni stendur, og skulu eigendur lóða eða umboðsmenn þeirra skyldir að láta þeim í té þær upplýsingar, er þeir æskja og þurfa til þess að geta framkvæmt starf sitt.

Áður en mælingamaður ákveður merki lóðar, skal hann gera eiganda hennar eða umboðsmanni hans, svo og eigendum nágrannalóða eða umboðsmönnum, ef kunnugt er um þá, enda séu þeir heimilisfastir á Akureyri eða þar staddir, viðvart með 3 sólarhringa fyrirvara um það, hvenær merki verði ákveðin. Er þeim rétt að sækja merkjastefnu, er halda skal á lóðinni, og segja mælingamanni til um lóðamörk. Ef menn verða ásáttir um lóðamörk, getur mælingamaður þess í dagbók sinni, enda er hún og þá lóðamerkjabók, ef þeim ber saman, lögsönnun fyrir stærð og legu lóðar.

Nú sækja eigendur lóða eða umboðsmenn þeirra eigi merkjastefnu, hvort sem því veldur, að eigi er kunnugt um þá, þeir eru fjarverandi eða neyta eigi réttar síns til að vera þar við, og ákveður mælingamaður þá merki eftir skýrslum þeirra lóðaeigenda, sem stefnuna hafa sótt, eða umboðsmanna þeirra, og öðrum gögnum.

Eigendur og umboðsmenn lóða, er eigi hafa sótt merkjastefnu, geta, ef þeir vilja eigi hlíta merkjasetningu, gert mælingamanni, innan 4 vikna eftir merkjastefnu, viðvart, og fer um dómsvald á ágreiningi lóðarmerkja, þegar svo stendur á, eftir lögum þessum.

4. gr.

Bæjarstjórnin löggildir bók, sem nefnist lóðamerkjabók. Skal mælingamaður rita í hana lýsingu á merkjum hverrar lóðar og setja hjá eftirrit af aðaluppdrættinum yfir lóðina og mörk hennar, ef honum þykir þurfa til skýringar, eða ef ágreiningur er um merki. Í hana skal rita stærð lóða, byggðra og óbyggðra. Mælingamaður, lóðareigandi eða umboðsmaður hans og eigendur nágrannalóða eða um-

boðsmenn þeirra, skulu undirskrifa lýsinguna, en rétt er lóðaeigendum að gera fyrirvara um ágreining, ef samkomulag fæst ekki um merkin, og skal þá sýna á eftirritinu af uppdrættinum svo greinilega sem unnt er, hvað milli ber um merkin. Mælingamaður getur þess þó jafnframt, hvora merkjalínuna hann telur réttari, eða geti hann á hvoruga fallizt, hvar hann telur merki réttast eftir öllum atvikum.

5. gr.

Þegar lokið er merkjasetningu og mælingu allra lóða og landa á kaupstaðarlóðinni, skal bæjarstjórnin láta skrásetja allar lóðir og lönd með framhaldandi númerum í bók, sem þar til er löggilt af ráðherra.

6. gr.

Í lóðaskrána og á aðaluppdráttinn skal jafnóðum rita breytingar þær, er verða á lóðum og húsum, og skipar bæjarstjórnin lóðaskrárritara til þess starfs. Ráðherra setur reglugerð, eftir tillögum bæjarstjórnar, um skyldur og störf lóðaskrárritara.

7. gr.

Þá er merkjastefnu er lokið, má eigi þinglýsa skjali eða skjölum um eigendaskipti að lóð eða hluta af lóð, nema mælingamaður eða lóðaskrárritari hafi ritað vottorð sitt á skjalið eða skjölin um það, að eigendaskiptanna sé getið í lóðamerkjabók eða lóðaskrá.

Ef skrásettri lóð er skipt í hluta, tvo eða fleiri, má eigi þinglýsa skjali eða skjölum um skiptinguna, nema því eða þeim fylgi vottorð byggingarnefndar um samþykki hennar á skiptingunni.

8. gr.

Lóðaskrárritari lætur þeim, er þess óska, í té staðfest eftirrit úr skránni og einnig af uppdrætti lóðarinnar. Fyrir slík eftirrit og fyrir vottorð samkvæmt 6. gr. svo og fyrir önnur störf, er lóðaskrárritari vinnur fyrir einstaka menn, skal greiða gjald í bæjarsjóð Akureyrar samkvæmt gjaldskrá, er ráðherra setur eftir tillögum bæjarstjórnar.

9. gr.

Bæjarstjórnin getur á sama hátt látið skrásetja og mæla lóðir og lönd utan kaupstaðarlóðarinnar, en innan lögsagnarumdæmisins, er þá færist á aukaskrá. Um aukaskrána gilda hin sömu ákvæði sem hér að framan eru sett um aðalskrána, en mælikvarði uppdráttar, sbr. 2. gr., má þó vera minni.

10. gr.

Allur kostnaður við mælingu og skrásetningu lóða greiðist úr bæjarsjóði, sbr. þó 13. gr.

11. gr.

Úr öllum þrætum um merki lóða sker merkjadómur.

Bæjarfógetinn á Akureyri er formaður merkjadóms. Auk þess er dómur skipaður tveimur meðdómsmönnum, sem merkjadómsmenn heita. Þeir skulu vera að minnsta kosti 30 ára að aldri, hafa óflekkað mannorð, vera lögráðir og fjár síns ráðandi og vera búsettir á Akureyri. Annan hinna tveggja merkjadómsmanna skipar hæstiréttur, en bæjarstjórn Akureyrar hinn. Á sama hátt skulu skipaðir tveir varamenn. Varamaður tekur sæti í dómnum, ef aðalmaður deyr, eða forfallist sá, sem hann er varamaður fyrir. Merkjadómsmenn skulu skipaðir til 4 ára í senn. Það er borgaraskylda að taka við skipun í merkjadóm eitt kjörtímabil í senn.

12. gr.

Merkjadómsmaður skal, áður en hann tekur fyrsta sinn til starfa, undirrita drengskaparheit um það, að hann skuli gegna starfanum með samvizkusemi og óhlutdrægni í hvívetna.

13. gr.

Formaður dómsins ákveður þóknun merkjadómsmanna, og greiðist hún úr ríkissjóði. Ákvörðun hans um þóknun getur bæði merkjadómsmaður og dómsmálaráðherra kært samkvæmt 199. gr. laga nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

14. gr.

Um málsmeðferð fyrir merkjadómi, málskostnað og fleira, skal, eftir því sem því verður við komið, farið eftir ákvæðum laga nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt tilmælum bæjarstjórnar Akureyrar. Tilgangurinn með flutningi þess er að koma gleggri skipan á lóða- og fasteignamál bæjarfélagsins.

Árið 1914 voru sett lög um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur (l. nr. 35 frá 2. nóv. 1914). Er frv. þetta að mestu leyti samið eftir þeim lögum, nema að gerðar eru nokkrar breytingar á ákvæðunum um skipun merkjadóms. Einnig er gert ráð fyrir því í frv., að um málsmeðferð fyrir merkjadómi, málskostnað og fleira, skuli, eftir því sem við verði komið, farið eftir ákvæðum l. nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

Nd. 93. Breytingartillaga [17. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Jörundi Brynjólfssyni.

Framan við 1. gr. frumvarpsins bætist:
Á eftir A. 11 í 2. gr. laganna kemur nýr liður:
Reykjavegur: Af Suðurlandsvegi hjá Hveragerði heim að Reykjaskóla.

Ed. 94. Frumvarp til laga [58. mál]

um breyting á lögum nr. 64 11. júní 1938, um breyting á lögum nr. 55 27. júní 1921, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Aftan við 4. efnismálsgr. 4. gr. laga nr. 64 frá 1938 komi nýr málsliður, svo hljóðandi:

Gjaldið reiknast af brunabótavirðingu nýbyggingarinnar og fellur í gjalddaga þegar, er hún hefur farið fram. Það hefur lögveð í eigninni og gengur fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á henni hvíla.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hið svokallaða skipulagsgjald, sem samkv. 4. gr. laga nr. 64 frá 1938 er 3‰ af hverri nýbyggingu í þeim bæjum, þar sem byrjað er að vinna að skipulagi, hefur fram að þessu ekki verið tryggt með lögveði. Veldur það miklum baga við innheimtuna, þar sem eigendaskipti eru mjög tíð meðan hús eru í byggingu eða nýbyggð og því oft erfitt að vita, hverjum beri að greiða gjaldið. Er úr þessu bætt með lögum þessum. Jafnframt þykir rétt að setja inn í lögin ákvæði um, að gjaldið skuli miðað við brunabótavirðingu og falla í gjalddaga, er hún hefur farið fram, en þessi ákvæði eru nú aðeins í reglugerð nr. 99 frá 1938.

Nd. 95. Frumvarp til laga [59. mál]

um vinnumiðlun.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Í kaupstað hverjum er bæjarstjórn heimilt að ákveða, að þar skuli stofnuð og starfrækt vinnumiðlunarskrifstofa.

2. gr.

Nú kemur fram tillaga í bæjarstjórn um, að stofnuð skuli vinnumiðlunarskrifstofa í kaupstaðnum, og skal hún þá rædd á tveim fundum bæjarstjórnar með eigi minna en viku millibili.

3. gr.

Nú ákveður bæjarstjórn, að stofnsett skuli vinnumiðlunarskrifstofa, og skal hún þá semja reglugerð um starfsemi hennar, þar sem nánar sé kveðið á um rekstur og starfsvið skrifstofunnar. Félagsmálaráðherra staðfestir reglugerðir þessar.

4. gr.

Hlutverk vinnumiðlunarskrifstofu er:

1. að veita endurgjaldslausa milligöngu, verkamönnum jafnt sem atvinnurekendum, um vinnusölu og vinnukaup;
2. að miðla vinnu milli bæjarbúa, eftir því sem unnt er;
3. að úthluta vinnu þeirri, sem kostuð er af bæjum og ríki til atvinnubóta, svo og annarri vinnu, er ríki, bæir eða opinberar stofnanir fela skrifstofunni að úthluta;
4. að fylgjast með atvinnuháttum, eftir því sem auðið er, og safna skýrslum og gögnum í því augnamiði;
5. að aðstoða við atvinnuleysisskráningar eftir lögum nr. 57 frá 7. maí 1928 og láta fram fara atvinnuleysisskráningar eftir fyrirmælum bæjarstjórnar eða félagsmálaráðherra;
6. að veita opinberum stofnunum svo og veralýðsfélögum innan Alþýðusambands Íslands og félögum atvinnurekenda upplýsingar um tölu atvinnulausra og hagi þeirra, eftir því sem unnt er;
7. að halda uppi innbyrðis sambandi á milli vinnumiðlunar í kaupstöðum og milli kaupstaða og sveita, eftir því sem við verður komið;
8. að inna af höndum þau störf, er skrifstofum þessum kunna að verða falin með lögum og reglugerðum.

5. gr.

Allir þeir, er hafa með höndum fastan atvinnurekstur með aðkeyptu vinnuafli verkamanna í þeim kaupstöðum, þar sem eru starfandi vinnumiðlunarskrifstofur í samræmi við lög þessi, skulu eigi sjaldnar en mánaðarlega senda vinnumiðlunarskrifstofunni á staðnum afrit af kaupgjaldsskrám sínum, enda séu þær þannig útbúnar, að auðvelt sé að sjá af þeim, hve mikil upphæð hefur verið greidd í vinnulaun hverjum einstökum manni á þeim tíma, er skráin nær yfir.

Vinnumiðlunarskrifstofur skulu, að fengnum tillögum frá Vinnuveitendasambandi Íslands, láta útbúa eyðublöð fyrir þessar kaupgjaldsskrár, og skulu þau afhent atvinnurekendum ókeypis.

6. gr.

Stjórn hverrar vinnumiðlunarskrifstofu skal skipuð fimm mönnum. Skulu þrír þeirra kjörnir af hlutaðeigandi bæjarstjórn með hlutfallskosningu, og skal einn þeirra sérstaklega kjörinn sem formaður stjórnarinnar, einn skal tilnefndur af verkalýðsfélagi eða fulltrúaráði verkalýðsfélaga innan Alþýðusambands Íslands, ef til er í kaupstaðnum, og einn af félagi atvinnurekenda þar á staðnum. Nú er vinnumiðlunarskrifstofa stofnuð í kaupstað, þar sem ekki starfar verkalýðsfélag eða félag atvinnurekenda, og kýs þá bæjarstjórn menn í þeirra stað úr hópi verkamanna og atvinnurekenda á staðnum.

Kjörtímabil stjórnarmanna er fjögur ár í senn. Varamenn skulu vera jafnmargir, valdir af sömu aðilum og til sama tíma.

Stjórn vinnumiðlunarskrifstofu ræður forstöðumann skrifstofunnar, svo og aðstoðarmenn, ef þurfa þykir, setur þeim starfsreglur og hefur yfirumsjón með störfum þeirra og rekstri skrifstofunnar yfirleitt.

Laun stjórnarmanna og starfsliðs vinnumiðlunarskrifstofunnar skulu ákveðin í reglugerð þeirri, sem um getur í 3. gr.

7. gr.

Allur kostnaður við vinnumiðlunarskrifstofur greiðist úr hlutaðeigandi bæjarsjóði.

8. gr.

Félagsmálaráðuneytið hefur yfirumsjón með allri vinnumiðlun í landinu, samræmir starfsemi vinnumiðlunarskrifstofanna og setur reglur um, hvert samband skuli vera þeirra í milli og um samvinnu þeirra. Félagsmálaráðherra getur og sett reglugerð um vinnumiðlun í einstökum atvinnugreinum, og heimilt er að fela vinnumiðlunarskrifstofum kaupstaðanna slíka vinnumiðlun á tilteknum landsvæðum.

Þann kostnað, sem leiðir af ákvæðum þessarar greinar, greiðir ríkissjóður.

9. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða, að sett skuli á stofn vinnumiðlunarskrifstofa í kauptúni, sem hefur eigi færri íbúa en 500, ef sveitarstjórnin í kauptúninu æskir þess, og fer þá um stofnun hennar og starfrækslu eftir lögum þessum.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 4 9. jan. 1935, um vinnumiðlun. Vinnumiðlunarskrifstofur þær, er nú starfa samkvæmt þeim, skulu hætta störfum 1. marz 1951.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. marz 1951.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um vinnumiðlun hér á landi gilda nú lög nr. 4 9. jan. 1935, en í 1. grein þeirra segir, að í hverjum kaupstað landsins skuli stofnuð vinnumiðlunarskrifstofa, ef bæjarstjórn hlutaðeigandi kaupstaðar ákveður eða atvinnumálaráðherra mælir svo fyrir.

Samkvæmt þessu ákvæði hafa verið settar á stofn vinnumiðlunarskrifstofur í 7 kaupstöðum, en tvær þeirra voru lagðar niður fyrir nokkrum árum samkvæmt ákvörðun hlutaðeigandi bæjarstjórna. Nú eru því aðeins starfandi vinnumiðlunarskrifstofur í 5 af 13 kaupstöðum landsins, en þeir eru: Reykjavík, Ísafjörður, Akureyri, Neskaupstaður og Hafnarfjörður.

Kostnaður við starfrækslu þessara skrifstofa er greiddur að einum þriðja hluta úr ríkissjóði, en tveim þriðju hlutum úr hlutaðeigandi bæjarsjóði. Síma- og póstkostnaður greiðist þó allur úr ríkissjóði. Útgjöld til þessarar starfsemi hafa farið vaxandi með ári hverju, og síðastliðið ár var hluti ríkissjóðs af kostnaðinum kr. 105 083.03.

Meginhluti þessa framlags hefur gengið til vinnumiðlunarskrifstofunnar í Reykjavík, en þar er þessum málum þannig háttað, að þar starfa tvær vinnumiðlunarskrifstofur óháðar hvor annarri. Önnur þeirra, Ráðningarstofa Reykjavíkurbæjar, er algerlega kostuð af bæjarsjóði, sem auk þess verður að greiða ⅔ af kostnaði við vinnumiðlunarskrifstofuna í Reykjavík.

Það liggur í augum uppi, að þetta fyrirkomulag hefur í för með sér óþarflega mikil útgjöld bæði fyrir ríkissjóð og bæjarsjóð, enda hafa oft komið fram raddir um breytingar á skipun þessara mála, en ekki hefur verið hægt að komast að samkomulagi um sameiningu skrifstofanna.

Á fundi bæjarstjórnar Reykjavíkur 16. marz s. l. var samþykkt svo hljóðandi tillaga:

„Þar sem viðurkennt er, að með öllu er óþarft að reka tvær vinnumiðlunarskrifstofur í bænum, skorar bæjarstjórn á ríkisstjórnina að leggja niður Vinnumiðlunarskrifstofuna í Reykjavík."

Þessi samþykkt bæjarstjórnarinnar sýnir augljósan vilja hennar til þess, að bæjarstjórnin annist sjálf alla vinnumiðlun í bænum og að bæjarsjóður greiði allan þann kostnað, sem af henni leiðir.

Þá hefur og tvisvar komið fram frumvarp til laga um breyting á lögunum um vinnumiðlun, þess efnis, að bæjarstjórnirnar skyldu kjósa formenn í stjórnir vinnumiðlunarskrifstofanna, en samkvæmt núgildandi lögum eru þeir skipaðir af ráðherra. Við umræður kom fram sú skoðun hjá flutningsmanni frumvarpsins, að ekkert væri því til fyrirstöðu, ef þessi breyting næði fram að ganga, að þá tækju bæjarsjóðir að sér allan kostnað af starfrækslu skrifstofanna.

Af því, sem hér að framan segir, er ljóst, að um er að ræða talsverða óánægju með ákvæði þau, sem nú gilda um vinnumiðlun. Þá er og langt frá því, að lögin hafi komið að þeim notum, sem þeim var í upphafi ætlað, og ekki verður annað sagt en að starfsemi þessi hafi orðið allkostnaðarsöm í samanburði við árangurinn af henni.

Aðalbreytingarnar, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, eru þær, að allur kostnaður af vinnumiðlun skuli greiddur úr hlutaðeigandi bæjarsjóði, og það er lagt á vald bæjarstjórnanna einna að ákveða stofnun eða starfrækslu vinnumiðlunarskrifstofanna, hverrar í sínu umdæmi, og samkvæmt þessum höfuðbreytingum þykir rétt, að bæjarstjórnir kjósi þá einnig meiri hluta stjórnanna.

Auk þessarar vinnumiðlunar, sem hver bæjarstjórn annast fyrir sig, þótti rétt að setja ákvæði um það, að félagsmálaráðherra sé heimilt að setja reglugerð um vinnumiðlun fyrir einstakar atvinnugreinar fyrir landið í heild, og skal þá sú vinnumiðlun kostuð af ríkissjóði. Hér er landbúnaðurinn einkum hafður í huga. Þá hefur

og ráðherra samkvæmt frv. yfirumsjón með allri vinnumiðlun í landinu, og getur hann sett reglur um samband vinnumiðlunarskrifstofanna sín á milli.

Um vinnumiðlunarskrifstofur þær, sem nú starfa samkvæmt lögunum frá 1935, um vinnumiðlun, er það ákvæði, að þær skuli hætta störfum 1. marz 1951, nema hlutaðeigandi bæjarstjórnir ákveði að láta þær starfa áfram í breyttri mynd.

Ekki þykir ástæða til að láta skýringar fylgja einstökum greinum frumvarpsins.

Nd. 96. Breytingartillaga [17. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Eysteini Jónssyni.

Aftan við 1. gr. frumvarpsins bætist:
Á eftir D. 24 í 2. gr. laganna kemur nýr liður:
Suðurbæjavegur: Af Austurlandsvegi í Breiðdal hjá Breiðdalsbrú að Flögu.

Ed. 97. Nefndarálit [24. mál]

um frv. til l. um aðstoð til bænda á óþurrkasvæðunum á Austur- og Norðurlandi.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur haldið 2 fundi um málið. Kom búnaðarmálastjóri á fund hjá nefndinni og gaf henni ýmsar upplýsingar. Málið var einnig rætt við landbúnaðarráðherra. Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt með litlum breytingum. Á þetta get ég ekki fallizt og færi fyrir því eftirfarandi rök:

Á síðasta Alþingi voru samþykkt lög um Bjargráðasjóð Íslands. Samkv. 1. gr. þeirra laga skal sjóðurinn vera „allsherjarsjóður fyrir alla landsmenn til hjálpar í hallæri eða til að afstýra því". Samkv. 5. gr. skal bjargráðastjórn „gæta vel að öllu, er bendir til þess, að yfirvofandi hallærishætta sé fram undan, og skal hún vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um ráðstafanir, sem miða að því að afstýra hallæri". Samkvæmt 11. gr. laganna „getur stjórn bjargráðasjóðs veitt styrk eða lán úr bjargráðasjóði til að draga úr áhrifum hallærisins eða bæta tjónið að einhverju leyti". Má slík aðstoð samkvæmt 13. gr. veitast sem beinn styrkur, sem lánveiting til sýslu- eða sveitarfélaga og sem lánveiting til einstaklinga, sem fyrir tjóni hafa orðið, gegn nánar ákveðnum tryggingum. Samkvæmt 14. gr. er ríkissjóði heimilt að ábyrgjast lán, sem bjargráðasjóður kynni að þurfa að taka, ef hann kemst í fjárþröng vegna mikillar óáranar; einnig er heimilt að veita honum lán úr ríkissjóði, ef fé er fyrir hendi, en slík lán skal sjóðurinn endurgreiða af tekjum sínum. Til þess að standast útgjöld voru sjóðnum ákveðnar áttfaldar tekjur frá því, sem ákveðið var í eldri lögum. Stjórn sjóðsins er m. a. skipuð skrifstofustjóranum í félagsmálaráðuneytinu, sem er formaður, og formanni Búnaðarfélags Íslands. Af þessu er ljóst, að eðlilegast var og enda alveg sjálfsagt, að bjargráðasjóðurinn tæki lán það, sem tekið var samkv. bráðabirgðalögunum, að stjórn sjóðsins aðstoðaði ráðuneytið, eins og fyrir er mælt í lögunum, og hún síðar úthlutaði fénu á þann hátt, sem mælt er fyrir um. Þetta hefur hins vegar ekki verið gert, og er það mjög miður, þar sem engin ástæða var til þess að hafa hér á annan hátt. En þó að svo hafi verið gert, er engin ástæða til að sniðganga stjórn bjargráðasjóðsins að fullu og öllu í þessu máli, og mynda á

þennan hátt annan sjóð til að gegna sama hlutverki. Þykir eðlilegast að beina málinu nú inn á rétta braut og afhenda stjórn bjargráðasjóðsins alla frekari framkvæmd málsins, og tæki hún þá að sjálfsögðu fullt tillit til þess, sem ráðherra hefur þegar gert í málinu, og samræmi það að svo miklu leyti sem unnt er við starfsreglur sjóðsins. Ég tel það mjög misráðið að kljúfa þetta sérstaka verkefni frá bjargráðasjóðnum og álít, að það skapi fordæmi um kröfu á ríkissjóðinn beint um margvíslega aðstoð, sem bjargráðasjóðnum er ætlað að bæta úr í framtíðinni. Allur undirbúningur málsins hefur verið slíkur, að ekki er æskilegt, að hann sé lögfestur á Alþingi, enda alveg ástæðulaust að gefa málinu þann blæ, sem það hefur fengið einmitt vegna þess, að það er ekki látið lúta gildandi landslögum, sem þó tryggðu að fullu sanngjörnustu bætur til þeirra aðila, sem fyrir tjóni verða. Ég legg því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast allt að 4½ milljón króna lán, er Bjargráðasjóður Íslands tekur í því skyni að aðstoða bændur á óþurrkasvæðunum í Austur-Skaftafells-, Múla- og Þingeyjarsýslum, svo og í Árneshreppi, í Strandasýslu og Grunnavíkurhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu. Aðstoð þessi verði veitt sem lán og óafturkræft framlag til fóðurkaupa samkvæmt fyrirmælum laga nr. 19 22. febr. 1950, um Bjargráðasjóð Íslands.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Um úthlutun fjárins, tryggingar og innheimtu fer eftir fyrirmælum laga nr. 19 22. febr. 1950, um Bjargráðasjóð Íslands. Þó verður ekki raskað þeim reglum, sem þegar hafa verið settar um þetta atriði, nema með samþykki ráðherra.

Alþingi, 30. okt. 1950.

Gísli Jónsson,
fundaskr.

Ed. 98. Nefndarálit [24. mál]

um frv. til l. um aðstoð til bænda á óþurrkasvæðunum á Austur- og Norðurlandi.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarp þetta er samhljóða bráðabirgðalögum frá 5. þ. m.

Nefndin ræddi frumvarpið á tveim fundum og fékk búnaðarmálastjóra til viðtals á öðrum fundinum til þess að fá hjá honum upplýsingar. Meiri hl. nefndarinnar — fjórir nefndarmenn — leggja til, að frumvarpið verði samþykkt með þrem lítils háttar breytingum. Minni hlutinn (GJ) vill gerbreyta frumvarpinu, og skilar hann séráliti.

Við, sem meiri hlutann skipum, teljum, að ekki hafi fram komið ástæður, er geri nauðsynlegt að hagga þeim ákvörðunum, sem ríkisstjórnin hefur þegar gert og frumvarpið felur í sér, um fyrirkomulag og framkvæmd þeirrar skjótvirku aðstoðar, er veita þurfti bændum, er harðast urðu úti á óþurrkasvæðum landsins s. l. sumar.

Þó hefur í ljós komið, síðan bráðabirgðalögin voru út gefin, að bændur í Grunnavíkurhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu eru í hópi þeirra, sem hjálpar þurfa vegna ótíðarinnar, og teljum við þar af leiðandi sjálfsagt, að Grunnavíkurhreppur sé tekinn í tölu þeirra byggða, sem aðstoðar njóta samkv. 1. gr. frumvarpsins. Þá viljum við til málfarsbóta, að í stað orðanna „til hey- og fóðurkaupa“ komi: „til

fóðurkaupa. Hey er að sjálfsögðu fóður. Enn fremur teljum við rétt, að í 2. gr. frumvarpsins komi fram, að ráðuneytið skuli ekki aðeins ákveða um afgreiðslu fóðurkaupalánanna, heldur og innheimtu þeirra.

Samkvæmt framansögðu leggjum við til, að frumvarp þetta verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr.
   a. Á eftir orðunum „í Árneshreppi í Strandasýslu“ komi: og Grunnavíkurhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu.
   b. Orðin „hey- og“ falli niður.
2. Við 2. gr. Í stað: „afgreiðslu þeirra lána“ komi: afgreiðslu og innheimtu þeirra lána.

Alþingi, 30. okt. 1950.

Bernh. Stefánsson, form.	Karl Kristjánsson, frsm.
Þorst. Þorsteinsson.	Brynj. Bjarnason.

Ed. 99. Frumvarp til laga [60. mál]

um rétt manna til kaupa á ítökum.

Flm.: Páll Zóphóníasson, Hermann Jónasson.

1. gr.

Það kallast ítak í lögum þessum, er jörð á rétt til landsnytja, svo sem slægna, beitar, svarðartekju, torfristu, laxveiði, silungsveiði, reka alls konar, grasatekju, eggjatekju, fuglatekju, sölvafjöru, mariukjarnafjöru og hvers konar annarra nytja í landi annarra jarða eða fyrir landi þeirra. Ítak telst einnig nytjaréttur, er kirkjur eiga utan heimajarðar kirknanna.

2. gr.

Rétt er eiganda jarðar, sem aðrir eiga ítak í eða fyrir, að kaupa það undir jörð sína eftir lögum þessum.

3. gr.

Ráðherra skal, eftir að lög þessi hafa öðlazt gildi, auglýsa þrívegis í Lögbirtingablaðinu fyrirmæli til allra þeirra, er telja sig eiga einhvers konar ítök í eða fyrir landi jarða, sem aðrir eiga, að lýsa þeim á manntalsþingi í þinghá þeirrar jarðar, sem tilkall er gert til ítaks í, innan þriggja ára frá síðustu auglýsingu. Ákvæði þessi ná þó eigi til skógarítaka (sbr. lög nr. 100 14. maí 1940).

4. gr.

Þegar ítökum er lýst samkvæmt 3. gr., skal tilgreina, ef kostur er, með hvaða hætti ítökin urðu til og hvenær, hvernig þau hafi verið notuð síðustu áratugina og hvers virði þau séu talin nú, og greina fyrir því skilríki eftir föngum.

Nú vill eigandi eða umráðamaður einhverrar jarðar ekki kannast við, að aðrir eigi ítök í eða fyrir landi jarðarinnar, svo sem haldið er fram af þeim, er lýsir til ítaks eftir 3. gr., og skal hann þá mótmæla því við viðkomandi sýslumann, er þá fer með málið samkvæmt lögum nr. 41 28. nóv. 1919, um landamerki o. fl.

Ítök, sem ekki er lýst á tilsettum tíma samkvæmt 3. gr., falla niður.

5. gr.

Eftir að ítaki hefur verið lýst samkvæmt 3. gr. og eignarréttur þess viðurkenndur, hefur eigandi þeirrar jarðar, er ítakið liggur í eða fyrir, rétt til að kaupa ítakið undir jörðina, og fer um kaupverðið eftir því, sem um semst, en verði ágreiningur um það, skal það ákveðið með mati tveggja dómkvaddra manna.

Skjóta má úrskurði matsmanna til yfirmats, og skal það framkvæmt af þrem dómkvöddum mönnum og er bindandi bæði fyrir kaupanda og seljanda.

6. gr.

Nú lítur ítakseigandi svo á, að missir ítaksins skerði verulega aðstöðu til búrekstrar á jörðinni og mótmælir sölunni á þeim grundvelli, og er þá ekki skylt að selja það, nema tveir dómkvaddir menn telji, að ítakið komi að betri notum með því heldur en liggja áfram undir jörðina, sem hefur nýtt það. Kostnað við matið greiðir sá aðili, er matsins óskar.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp um þetta efni var flutt á síðasta þingi, en dagaði þá uppi. Nú er það flutt aftur lítið breytt. Svo hljóðandi greinargerð fylgdi þá frv.:

„Um allt land eru til alls konar ítök, sem þessi eða hinn telur sig eiga í landi annarra jarða, eða fyrir því, þegar um reka er að ræða. Í skógræktarlögunum er mönnum gefinn kostur á að kaupa aftur undir jarðir sínar skógarítök, og í laxveiðilögunum eru ákvæði um, að menn geti keypt aftur undir jarðirnar laxveiði, sem undan þeim hefur gengið. Í þessu frumvarpi er mönnum gert mögulegt að kaupa aftur undir jarðir sínar réttindi, sem þeim ber að fylgja að eðlilegum hætti, svo sem trjáviðarreka, hvalreka, mótekju, slægjuítök, beitarítök, bjargsig, sölvafjöru o. s. frv. Þessi réttindi hafa á ýmsan hátt gengið undan jörðunum, oft verið gefin kirkjum eða einstökum mönnum, stundum seld, látin í skiptum fyrir eitthvað annað o. s. frv. Mörg af þessum ítökum eru þeir, sem nú telja sig eiga þau, hættir að nota og virða svo lítils, að hæpið er, hvort þeim þætti borga sig að lýsa eftir þeim (t. d. bjargsig, sölvafjara, beit o. fl.), og munu sum þeirra þegar fyrnt. Önnur eru enn nýtt, en þá oft af umboðsmönnum (reki), sem fá hluta af hlunnindum ítaksins fyrir að sjá um það.

Sjálfsagt þykir flutningsmönnum, að hver jörð eigi þau gæði, sem eru í hennar landi eða fyrir því (reki), og til að greiða fyrir því, að svo megi verða, er frumvarp þetta flutt.“

Nd. 100. Nefndarálit [33. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Frumvarp þetta er fram borið til staðfestingar á bráðabirgðalögum, sem út voru gefin 30. júní s. l., og leggur nefndin til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 30. okt. 1950.

Skúli Guðmundsson, form., frsm.
Sig. Ágústsson, fundaskr.
Ásg. Ásgeirsson.
Jóhann Hafstein.
Einar Olgeirsson.

Nd. 101. Frumvarp til laga [61. mál]

um breyting á lögum nr. 83 22. okt. 1945, um viðauka við lög nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Halldór Ásgrímsson.

1. gr.

Fyrir orðin „Samkvæmt tillögum“ í 1. gr. laganna komi: Að fengnum tillögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þann 1. marz s. l. setti atvinnumálaráðuneytið, samkvæmt heimild í l. nr. 83 22. okt. 1945, reglugerð um bann við dragnótaveiðum á Aðalvík og á svæðinu frá Sandgerðisvita að Hraunsnesi. Var það gert í samræmi við ítrekaðar óskir útvegsmanna og sjómanna á þessum stöðum.

Nú hefur komið í ljós, að dómsmálaráðuneytið telur, að ekki sé unnt að framkvæma reglugerð þessa, vegna þess að ekki lágu fyrir meðmæli beggja þeirra aðila, sem um getur í fyrrgreindum lögum. Hefur hún þess vegna verið afnumin og friðun umræddra svæða því upphafin.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að heimildin til þess að friða einstök svæði fyrir dragnótaveiðum verði ekki bundin algerlega við meðmæli Fiskifélags Íslands og fiskideildar atvinnudeildar háskólans, eins og verið hefur. Telja flm. reynsluna sanna, að brýna nauðsyn beri til þessarar breytingar.

Nánar í framsögu.

Nd. 102. Frumvarp til laga [62. mál]

um breyting á lögum nr. 19/1948, um búfjárrækt.

Flm.: Ingólfur Jónsson, Jón Gíslason.

1. gr.

Á eftir 37. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Þegar hrossaræktarfélög eða önnur félög, sem vinna að kynbótum hrossa innan eins sýslufélags eða fleiri sameiginlega, mynda með sér samband um skipulag hrossakynbóta, geta þau fengið styrk úr ríkissjóði, sem nemur kr. 12.00 á hverja hryssu, sem leidd er til þeirra kynbótahesta sambandsins, sem fengið hafa 1. verðlaun fyrir afkvæmi, og kr. 6.00 á hverja hryssu, sem leidd er til yngri hesta, ef ráðunautur B. Í. í hrossarækt hefur samþykkt val þeirra og notkun á félagslegum grundvelli.

Skilyrði fyrir, að styrkur þessi sé veittur, eru:

1. að hlutaðeigandi búnaðarsambönd eða aðrar stofnanir í héruðunum leggi hrossaræktarsambandinu jafnt á móti ríkissjóði.
2. að folatollur sé eigi hærri en kr. 30.00 á hverja hryssu þeirra, sem í sambandinu eða sambandsfélögunum eru, og eigi hærri en kr. 50.00 fyrir hryssur utanfélagsmanna.
3. að ⅔ af framlagi ríkissjóðs leggist árlega í fyrningarsjóð, sem eingöngu verði notaður til stóðhestakaupa í samráði við hrossaræktarráðunaut B. Í.

Á hverju sambandssvæði má eigi styrkja fleiri stóðhesta en svo, að minnst 200 hryssur fjögurra vetra og eldri verði um hvern styrktan stóðhest.

Hrossaræktarsambönd fá enn fremur 50% viðauka á girðingarstyrk, sem ákveðinn er í 35. gr. laganna.

Skipta skal hverju sambandssvæði niður í hæfilega stórar deildir, sem hver hefur eina girðingu, en auk þess má veita hrossaræktarsamböndum styrk til að koma upp 1—2 aukagirðingum til geymslu á ungum og efnilegum stóðhestum, sem nauðsynlegt þykir að dómi hrossaræktarráðunautar eða stjórnar hrossaræktarsambands, að ekki verði vanaðir, unz reynsla hefur fengizt á kynbótagildi þeirra.

Hrossaræktarráðunautur skal hafa eftirlit með, að girðingum þessum sé vel við haldið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ekki þykir ástæða til að gera aðra grein fyrir frv. þessu en þá, sem gerð verður í framsögu.

Ed. 103. Nefndarálit [20. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. — Einn nefndarmanna, Guðm. Í. Guðmundsson, var fjarstaddur.

Alþingi, 28. okt. 1950.

Jóhann Þ. Jósefsson, form. Björn Stefánsson, fundaskr., frsm. Bernh. Stefánsson.
Steingr. Aðalsteinsson.

Ed. 104. Nefndarálit [44. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur í dag athugað frumvarp þetta á fundi sínum og mælir með því, að það verði samþykkt.

Alþingi, 31. okt. 1950.

Rannveig Þorsteinsdóttir, form., frsm. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Brynj. Bjarnason.
Páll Zóphóníasson. Haraldur Guðmundsson.

Nd. 105. Frumvarp til laga [63. mál]

um breyting á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör.

Flm.: Áki Jakobsson, Gísli Guðmundsson, Stefán Jóh. Stefánsson.

1. gr.

Á eftir a-lið 2. mgr. 8. gr. laganna komi nýr stafliður, er verði b-liður, svo hljóðandi (liðatalan breytist samkvæmt því):

Ef hann hefur rekið síldarverkun og verzlun með þær afurðir utan heimilissveitar, og má þá ekki leggja á hann að því leyti í heimilissveit hans.

2. gr.

a. Í stað „8. gr., a—c liðir“ í 1. mgr. 1. a. 9. gr. laganna komi: 8. gr. a—d liðir.
b. Orðin „síldarsala, síldarverkun“ í 1. tölul. c. falli niður.
c. Aftan við 5. tölul. komi nýr liður (6. töluliður), svo hljóðandi:

Ef útsvar er lagt á utan heimilissveitar samkv. 8. gr. 6. lið, skal heimilissveit aldrei fá minna en ¼ hluta af samanlögðu útsvari þess gjaldþegns það ár.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi, en varð ekki útrætt. Fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

„Frv. það, er hér liggur fyrir, felur í sér þá einu breyting frá núgildandi útsvarslögum, að bæjar- og sveitarstjórnum er heimilað að leggja útsvar í síldarsöltun, sem fram fer í viðkomandi bæjar- eða sveitarfélagi, án tillits til þess, hvort sá, er söltun starfrækir á lögheimili þar eða ekki. Að sjálfsögðu verður þá ekki lagt á þann rekstur aftur í heimilissveit.

Síltarsöltun er rekin í stórum stíl í verstöðvum á Norðurlandi yfir sumarmánuðina og að verulegu leyti af aðkomumönnum, sem eingöngu dvelja á staðnum meðan söltunin stendur yfir. Þó er síldarsöltunin á sumrin aðalatvinnurekstur staðarins næst á eftir rekstri síldarverksmiðja, þar sem þær eru. Er það ljóst öllum, að mjög bagalegt er fyrir viðkomandi bæjar- og sveitarfélög að geta ekki lagt útsvör á höfuðatvinnurekstur staðarins. Rétturinn til skiptingar á útsvari þessara manna kemur ekki að sama haldi og réttur til að leggja á þá beint, enda eðlilegast, að svo þýðingarmikill atvinnurekstur sem síldarsöltun er fyrir bæina og þorpin norðanlands hafi þar útsvarsskyldu.

Frv. þetta felur ekki í sér neina aðra breyting á útsvarslögunum en þá, að leyfa álagningu á síldarsöltunaratvinnurekstur utan heimilissveitar. En ef það yrði leyft með lögfestingu þessa frv., væri ráðin allmikil bót á útsvarslöggjöfinni til samræmis við útsvör bæjar- og sveitarfélaganna norðanlands.“

Sþ. 106. Fyrirspurnir [64. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar um frv. til launalaga.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni og Stefáni Jóh. Stefánssyni.

Hyggst ríkisstjórnin leggja frv. til nýrra launalaga fyrir Alþingi það, sem nú situr?

II. Til menntamálaráðherra um tekjur og gjöld vegna þátttöku Íslands í Bernarsambandinu.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni og Stefáni Jóh. Stefánssyni.

1. Hversu mikið hefur verið yfirfært til erlendra manna vegna höfundarréttar, síðan Ísland gerðist aðili að Bernarsambandinu, og hversu mikið er óyfirfært af kröfum, sem gerðar hafa verið?
2. Hversu miklar gjaldeyristekjur hafa íslenzkir menn hlotið á sama tíma vegna aðildar Íslands að Bernarsambandinu?
3. Hverjar hafa verið tekjur STEFS, síðan það var stofnað, hversu mikið hefur það greitt fyrir höfundarrétt, og hversu mikill hefur verið stjórnar- og skrifstofukostnaður þess?

Ed. 107. Frumvarp til ábúðarlaga. [65. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

I. KAFLI
Um bygging jarða.

1. gr.

Jörð nefnist í lögum þessum hvert það býli, heimajörð eða hjáleiga, utan kaupstaða eða kauptúna, sem metið er sérstaklega til verðs samkvæmt fasteignamati, enda framfleyti býlið 9 kúgildum í minnsta lagi eða landverð þess að fasteignamati sé 1000 kr. hið minnsta.

2. gr.

Jarðir má því aðeins sameina, að þær verði ekki taldar lífvænleg býli og úttektarmenn telji sameiningu gagnlega.

Ekki má sami maður samtímis hafa ábúð á tveimur eða fleiri jörðum, ef þær geta framfleytt til samans meira en 46 kúgildum, eða hafa sjávargagn eða önnur hlunnindi sem því svarar, nema úttektarmenn eða sveitarstjórn samþykki, sbr. þó 3. gr. 4. málsgr. og 11. gr. 4. málsgr.

Ákvæði þetta tekur þó ekki til þeirra jarða, sem eru í ábúð sama manns, er lög þessi öðlast gildi, meðan sú ábúð helzt.

Landeiganda er heimilt að skipta jörð sinni í tvær eða fleiri jarðir, og fer um það samkvæmt ákvæðum gildandi landskiptalaga.

3. gr.

Hver sá, sem á jörð, er undanfarið hefur verið í sérábúð og hann nytjar ekki sjálfur, er skyldur að byggja hana hæfum umsækjanda gegn hóflegu eftirgjaldi að dómi úttektarmanna.

Nú hefur maður nytjað jörð, sem hann á, og dvelur þar ekki sjálfur né fjölskylda hans, en tún fer í órækt, mannvirki níðast niður eða jörðin rýrnar svo, að sveitarfélagið bíður hnekki af, allt að dómi úttektarmanna, getur þá sveitarstjórn krafizt þess, að jarðeigandi bæti það, sem áfátt er, innan tveggja missira eða hann byggi jörðina frá næstu fardögum samkvæmt 1. málsgrein. Nú byggir landsdrottinn ekki jörð sína fyrir 15. marz, og skal honum þá skylt að bjóða sveitarstjórn innan 6 daga að ráðstafa ábúð á jörðinni gegn hæfilegu eftirgjaldi. Ef ágreiningur verður um eftirgjald, skulu úttektarmenn meta, en hvor aðili um sig getur krafizt yfirmats samkvæmt 53. gr.

Sveitarstjórn getur krafizt þess, að landsdrottinn láti fylgja jörðinni nauðsynleg hús og mannvirki, er henni hafa fylgt, og ekki í lakara lagi en telja verður meðallag í þeim hreppi að dómi úttektarmanna, miðað við landverð jarðarinnar, eða setja tryggingu fyrir, að svo verði.

Sinni sveitarstjórn ekki boði landeiganda um að ráðstafa ábúð á jörð hans samkv. grein þessari innan mánaðar, er landsdrottni skylt að auglýsa jörðina til ábúðar. Geti hann þá ekki byggt hana, má hann ráðstafa jörðinni næsta fardagaár. Næsta ár skal hann bjóða sveitarstjórn enn að ráðstafa jörðinni, ef hann hefur ekki byggt hana sjálfur fyrir þann tíma, er áður greinir. Er þá sveitarstjórn heimilt að byggja jörðina til lífstíðar, þannig að óheimilt sé að byggja ábúanda út af jörðinni, þó að landsdrottinn sjálfur eða skyldulið hans, sbr. 9. gr., óski að fá jörðina til ábúðar. Þegar svo hefur gengið 3 ár í röð, að jörðin byggist ekki, er jarðeiganda heimilt að ráðstafa jörðinni sem hentast þykir.

Hafi enginn not jarðarinnar, er landsdrottni ekki skylt að greiða af henni opinbera skatta, en önnur lögskil verður hann að inna af höndum.

4. gr.

Nú sinnir jarðeigandi ekki kröfu sveitarstjórnar, er um ræðir í annarri málsgr. 3. gr., eða vanrækir að bjóða sveitarstjórn jörðina til ráðstöfunar, svo að jörðin fer í eyði eða hús á jörðinni eru fallin, hafa verið rifin eða annað það gert, er eigendur jarðarinnar síðustu 5 árin eiga að mestu sök á, og getur þá hlutaðeigandi hreppsnefnd krafizt þess, að sýslumaður auglýsi jörðina til sölu. Sýslumaður rannsakar því næst alla málavexti og aflar sér nauðsynlegra upplýsinga, þar á meðal umsagnar hlutaðeigandi úttektarmanna, ef um jarðníðslu er að ræða. Nú telur sýslumaður kröfu hreppsnefndar réttmæta, og skal hann þá, að undangengnum úrskurði, bjóða jörðina upp og selja hæstbjóðanda, enda leggi kaupandi fram skilríki fyrir því, að hann geti innleyst jörðina og rekið á henni hæfilegan búskap, og enn fremur yfirlýsingu um, að hann geri jörðina að ættaróðali.

Nú fullnægir kaupandi ekki þessum skilyrðum, og hefur þá hreppsnefnd heimild til að ganga í kaupin.

Söluákvæði þessi taka þó ekki til hjáleigna með óskiptu beitilandi úr heimajörð, þar sem sami er eigandi að báðum jörðunum, enda sé jörðin nytjuð og sameiginlegt ræktað land ekki minnkað.

5. gr.

Jörð skal ávallt byggja frá fardögum til fardaga, og skal um það bréf gera, sem er byggingarbréf fyrir jörðinni. Gera skal 3 samhljóða frumrit af byggingarbréfi, er landsdrottinn og leiguliði rita nöfn sín undir í votta viðurvist. Heldur landsdrottinn einu, leiguliði öðru, en hið þriðja skal afhenda hreppstjóra, er varðveiti það með öðrum embættisskjölum.

6. gr.

Í byggingarbréfi skal greina landamerki jarðar og geta þeirra ítaka, er hún á í annarra manna lönd, svo og þess, ef kvaðir eða ískyldur hvíla á henni. Þá skal og kveða á í byggingarbréfi, hverja landskuld skuli greiða eftir jörðina og í hverju sé goldin. Svo og ef innstæðukúgildi fylgja jörð og hversu mörg þau séu.

7. gr.

Nú hefur landsdrottinn vanrækt að gera byggingarbréf fyrir jörð, og skal þá svo telja, að hún hafi verið byggð með sama leigumála sem síðast var á henni, enda telji úttektarmenn hann hæfilegan og hvorugur aðila sannar, að öðruvísi hafi verið um samið. Telji úttektarmenn þennan leigumála ekki við hæfi, ákveða þeir eftirgjald jarðarinnar.

Nú meta úttektarmenn jörð til eftirgjalds, og skal þá miða landskuld við leigumála hennar að fornu, að svo miklu leyti sem jörðin er óbreytt, afrakstur

hennar í búrekstri, aðstöðu til ræktunar og sölu afurða, arð af sérstökum hlunnindum, húsakost, vátryggingarkostnað, girðingar og önnur mannvirki, er jörðinni fylgja, svo og kvaðir, er á henni kunna að hvíla.

8. gr.

Ef landsdrottinn byggir fleirum en einum manni sömu jörð eða jarðarpart, þá skal sá hafa, er fyrr tók, en landsdrottinn fá hinum jafngott jarðnæði sem hitt var eða bæta skaðann, hvorttveggja eftir mati óvilhallra manna.

II. KAFLI
Um ábúðartíma.

9. gr.

Allar jarðir skal byggja ævilangt, nema nauðsyn beri til að ráðstafa jörð, svo sem embættisjörðum, skólajörðum, jörð, sem sveitarfélag á innan hreppsins, og jörðum, sem líkt stendur á um, um tiltekinn tíma, sbr. þó 3. mgr.

Ekkja leiguliða hefur ábúðarrétt hans, þar til hún giftist að nýju. Heimilt er þó landsdrottni að taka jörð eða jarðarpart úr lífstíðarábúð handa sjálfum sér, foreldri sínu, systkini, barni, stjúpbarni, tengdabarni eða kjörbarni, fósturbarni eða barni þeirra til ábúðar, nema landsdrottinn hafi fallið frá þessum rétti í byggingarbréfi. Uppsögn ábúðar skal vera tilkynnt að minnsta kosti með árs fyrirvara.

Nú getur jörð framfleytt meiru en 36 kúgildum, að dómi hlutaðeigandi héraðsráðunauts eða trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands og úttektarmanna, og er landsdrottni þá ekki skylt að byggja ævilangt meira af jörðinni en sem því svarar.

Landsdrottinn má undanskilja leiguliðaafnotum leigur af lóðum undir hús eða land til fiskreita og uppsáturs í landi jarðarinnar, sbr. 25. gr.

Undanskilin leiguliðaafnotum eru vatnsréttindi, önnur en til heimilisnota og búsþarfa, svo sem til áveitu og rafstöðvar, og nauðsynlegt land til virkjunar þeirra, námar og önnur þvílík verðmæti, er ekki geta talizt til venjulegra leiguliðaafnota á jörð, en leiguliða ber bætur fyrir jarðrask og átroðning, er leiðir af virkjun vatns eða starfrækslu þvílíkra fyrirtækja.

10. gr.

Nú segir landsdrottinn upp ábúð, en aðeins af yfirskinsástæðum, þannig að hann hvorki flytur sjálfur á jörðina né afhendir hana öðrum til ábúðar samkvæmt 9. gr., og er þá sú uppsögn ógild og á leiguliði heimting á að fá jörðina aftur, ef hann krefst þess innan árs frá því að hann flutti af jörðinni. Auk þess bæti landsdrottinn honum allan þann skaða, er hann kann að hafa beðið af þessum sökum.

III. KAFLI
Um hús á jörð og skyldur landsdrottins og leiguliða.

11. gr.

Skylt er landsdrottni að láta fylgja leigujörð sinni nauðsynleg bæjarhús og peningshús í góðu lagi, að dómi úttektarmanna.

Vítalaust er þó landsdrottni, ef hann leggur til nothæf jarðarhús, er nema $^2/_3$ af landverði jarðarinnar, hvort tveggja að fasteignamati. Enn fremur er landsdrottni vítalaust, ef hann leggur til jarðarhús, er nema helmingi af landverði jarðarinnar, ef landskuld er lægri en 3% af verði lands og jarðarhúsa samkvæmt fasteignamati.

Nú fylgja jörð lóðargjöld, vatnsréttindi, námar eða önnur þvílík verðmæti, er auka verð landsins fram yfir verðgildi þess til búrekstrar, og skal þá draga verðgildi þessara verðmæta frá landverðinu, þegar meta skal skyldur landsdrottins til húsabóta.

Undanþeginn þessari húsaskyldu er landsdrottinn um þær jarðir, er við auðn liggur að mati úttektarmanna, svo og þær jarðir í nánd við kaupstaði eða sjávarþorp, er rétt þykir að dómi landbúnaðarráðuneytis að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands að skipta niður í spildur til ræktunar, enda geri landsdrottinn fyrir sitt leyti kost á leigulöndum með þeim leigumála, er þessir aðilar samþykkja.

12. gr.

Þegar endurreisa þarf jarðarhús eða auka við þau, er leiguliða skylt að leggja fram rif tófta, gröft allan og innlent efni, svo og aðdrætti á innlendu efni um allt að 2 km veg og á útlendu efni um allt að 5 km veg.

Nú hafa jarðnytjar á leigujörð aukizt svo við ræktun, að jarðarhús þau, sem úttektarmenn hafa áður talið nægileg samkvæmt ákvæðum 11. gr. 1. mgr., eru orðin ónóg peningi þeim, er jörðin framfleytir, og getur leiguliði þá krafizt, að landsdrottinn auki hús á jörðinni, svo sem úttektarmenn telja nægilegt, sbr. þó 11. gr. 2.—4. mgr.

Ef landsdrottinn vill ekki auka jarðarhús, er leiguliða heimilt að gera hús svo sem þörf krefur, að dómi úttektarmanna. Skulu úttektarmenn síðan meta húsagerðina til verðs, að frádregnu framlagi leiguliða, og er landsdrottni þá skylt að greiða leiguliða húsagerðarkostnaðinn, samkvæmt því mati, enda sé þar ekki um óþarfan íburð að ræða og fullrar hagsýni gætt. Jafnan skal landsdrottni gerður kostur á að vera viðstaddur matsgerðina, og getur hann krafizt nægra sönnunargagna um kostnaðinn, að dómi úttektarmanna.

Nú hefur landsdrottinn greitt leiguliða húsagerðarkostnaðinn samkvæmt 2.—3. málsgrein, og má þá hækka afgjald jarðarinnar sem svarar allt að almennum útlánsvöxtum Búnaðarbanka Íslands af upphæðinni, auk vátryggingargjalds af húsunum.

Sama er um endurnýjun bæjar- eða peningshúsa, ef landsdrottinn neitar að endureisa þau. En þá skal jafnan draga frá húsagerðarkostnaði verð húsa þeirra, sem endurnýjuð eru, ásamt álagi og leiguliðabót, sbr. 14. gr., og tekur hækkun afgjalds aðeins til mismunarins.

Ákvæði 2.—3. málsgr. gilda þó ekki, ef landsdrottinn hefur áður lagt til nægileg peningshús, sem nú verða eigi notuð að fullu, vegna breyttra búnaðarhátta á jörðinni.

Nú flytur leiguliði af jörð áður en liðin eru 10 ár frá því hús voru reist á jörðinni, og á hann þá endurgjaldskröfu á landsdrottin á $\frac{1}{10}$ af framlagi sínu fyrir hvert ár, sem vantar á þann tíma, allt samkv. mati úttektarmanna.

13. gr.

Nú á fráfarandi hús á jörð, og eru þau til frambúðar, haganlega fyrir komið og nauðsynleg til búrekstrar á jörðinni, að dómi úttektarmanna, og skal þá landsdrottni skylt að kaupa þau því verði, sem úttektarmenn meta, enda séu þá hús jarðarinnar eigi meiri eða dýrari en svo, að hana megi leigja fyrir hæfilegt afgjald, að dómi úttektarmanna.

Geti leiguliði ekki selt landsdrottni né viðtakanda hús sín, er honum rétt að flytja þau af jörðinni eða selja þau öðrum til brottflutnings og skylt að sjá um, að þau séu rofin, ef viðtakandi krefst, og þá svo, að viðtakanda sé sem minnst mein að.

14. gr.

Leiguliði greiðir leiguliðabót af húsum landsdrottins. Miðast leiguliðabótin við varanleik húsanna og er ákveðin af úttektarmönnum í eitt skipti fyrir öll sem jafnt hundraðsgjald af kostnaðarverði þeirra, að frádregnu framlagi leiguliða. Skal hundraðsgjaldið vera $\frac{1}{3}$—$\frac{2}{3}$% af steinhúsum, en $\frac{3}{4}$—$1\frac{1}{2}$% af húsum úr öðru efni. Innheimtir sýslumaður það á manntalsþingum og fylgir því lögtaksréttur. Leiguliðabót allra leigujarða skal greiða í sérstakan sjóð, er nefnist endurbyggingarsjóður húsa

á leigujörðum. Sjóðinn skal ávaxta í Búnaðarbanka Íslands undir yfirstjórn bankastjórnar og landbúnaðarráðuneytisins. Hver jörð hefur sérreikning í sjóðnum og á tilkall til séreignar sinnar eða hluta af henni til að endurreisa hús og híbýli jarðarinnar.

Er leigujörð kemst í sjálfsábúð, fellur niður greiðsla leiguliðabótar, en séreign hennar skal standa óhreyfð, þar til hús jarðarinnar verða endurreist.

Landbúnaðarráðherra setur, að fengnum tillögum stjórnar Búnaðarfélags Íslands, með reglugerð nánari reglur um sjóðinn.

15. gr.

Skyldur er leiguliði að halda húsum við, svo að ekki hrörni umfram eðlilega fyrningu, að áliti og mati úttektarmanna. Setur landbúnaðarráðherra reglur um viðhald húsa á leigujörðum, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

Nú hefur leiguliði eigi haldið við jarðarhúsum samkvæmt ákvæðum, er þar að lúta, og skulu úttektarmenn þá gera honum að bæta það, er á vantar, með álagi.

16. gr.

Skylt er úttektarmönnum, ef landsdrottinn eða leiguliði krefst, að skoða öll hús á leigujörð og gefa skýrslu um til aðila. Skulu úttektarmenn sérstaklega athuga umgengni og viðhald húsa, hversu ákvæðum þar að lútandi er fylgt og jörð setin yfirleitt.

17. gr.

Séu jarðarhús vátryggð á leigujörðum, skal eigandi bera kostnaðinn. En skylt er leiguliða að annast vátryggingu fyrir hönd landsdrottins, ef hann krefst þess.

18. gr.

Nú sér landsdrottinn sér ekki fært að fullnægja þeim skyldum, sem á hann eru lagðar með lögum þessum, og skal hann þá bjóða við votta leiguliða jörðina til kaups fyrir það verð, er úttektarmenn meta, enda fái leiguliði gjaldfrest á ¾ þess hluta kaupverðs, er kann að vera umfram veðskuldir, eigi skemmri tíma en þrjú ár, gegn almennum útlánsvöxtum Búnaðarbanka Íslands og veði í jörðinni næst á eftir áhvílandi veðskuldum með uppfærslurétti, og á seljandi heimtingu á, að hús séu vátryggð og kaupandi taki að sér veðskuldir.

Þegar úttektarmenn meta kaupverð jarðar samkvæmt 1. mgr., skal það metið með hliðsjón af gildandi fasteignamati, nema sérstakar breytingar séu orðnar á jörðinni frá því, er fasteignamat hefur síðast farið fram.

IV. KAFLI

Um leiguliðaskipti á jörð og skyldur leiguliða.

19. gr.

Skylt er leiguliða að eiga lögheimili á ábúðarjörð sinni, nema sveitarstjórn og landsdrottinn samþykki annað.

20. gr.

Þá er leiguliðaskipti verða á jörð, má viðtakandi taka til voryrkju þá, er hann vill, en eigi má hann flytja bú sitt á jörðina fyrir fardaga, nema fráfarandi leyfi. Þó er viðtakanda heimill hagi, þegar 3 vikur eru af sumri, ef hann óskar. Fardagar eru, þá er 6 vikur eru af sumri, og eru þeir fjórir. Er fimmtudagur í sjöundu viku sumars fyrstur þeirra, en sunnudagur síðastur. Ef leiguliði er ekki kominn til jarðar að forfallalausu, þá er sjö vikur eru af sumri, né umboðsmaður hans, og hvorugur þeirra hefur gert ráðstöfun til að hagnýta hana, hefur leiguliði fyrirgert ábúðarrétti sínum og lúki landsdrottni eins árs jarðarafgjöld. En landsdrottinn má nytja sér jörð það ár, ef hann getur ekki byggt öðrum.

21. gr.

Fráfarandi skal hafa flutt allt bú sitt af jörð hinn síðasta fardag, nema viðtakandi leyfi, að hann hafi það þar lengur. En hvorki má hann beita tún né engjar, heldur verja fyrir öllum ágangi frá byrjun gróanda og þar til hann yfirgefur jörðina. Heimilt er fráfaranda að skilja eftir það, sem viðtakanda er ekki mein að, af búslóð sinni, ef hann má eigi flytja það burt þegar. En það skal hann hafa flutt burt svo fljótt sem hann má, og eigi síðar en fyrir næstu veturnætur. Séu húsmunir þá eigi burt fluttir, skal ábúandi segja hreppstjóra til, og fer hann með þá sem fé í vanhirðu.

22. gr.

Ef fráfarandi á fyrning heys, eldsneytis eða byggingarefnis, er hann hefur aflað á þeirri jörð, skal hann bjóða viðtakanda eða landsdrottni kaup á því eftir mati úttektarmanna. Vilji hvorugur kaupa, má fráfarandi flytja það með sér eða selja öðrum. En burt skal hann hafa flutt það af jörðinni fyrir næstu heyannir, nema öðruvísi semji. Bannað er að flytja búfjáráburð af jörðinni. Ákvæði þessarar greinar ná þó ekki til þeirra jarða, sem landsdrottni er ekki skylt að húsa.

23. gr.

Fráfarandi skal hafa flutt búfjáráburð allan á tún, áður hann fer frá jörð, svo snemma, að hægt sé að byrja ávinnslu á henni í tæka tíð. Hann skal og hreinsa öll hús, heygarða og heytóftir, sem á jörðu eru. Ef fráfarandi vanrækir þetta, bæti hann viðtakanda fyrir eftir mati úttektarmanna.

Ef æðarvarp, eggver, selalátur, uppsátur og fiskreitir eða önnur þvílík hlunnindi fylgja jörð, á viðtakandi öll afnot þeirra það vor, er hann flytur sig að jörð, nema öðruvísi sé um samið. Ef reki fylgir leigujörð, á fráfarandi það, sem rekur til miðs föstudags í fardögum.

24. gr.

Um innstæðukúgildi á jörð fer eftir samkomulagi landsdrottins og leiguliða. Taki leiguliði við kúgildum, skal hann greiða í leigu eftir þau 6% af verði þeirra eftir verðlagsskrá og skila þeim fullgildum við brottför.

25. gr.

Leiguliði skal hafa öll leiguliðanot ábúðarjarðar sinnar, eða þess hluta, er hann býr á, en það eru leiguliðanot að hafa til notkunar allt land jarðarinnar eða jarðarparts, öll hús og mannvirki, svo og hlunnindi, er jörðinni fylgja, svo sem lax- og silungsveiði, selalátur, eggver og annað, sem leiguliðanotum hefur fylgt að fornri landsvenju, nema sérstakur samningur sé um annað og sveitarstjórn samþykki eða lög mæli öðruvísi fyrir.

Heimilt er að leigja öðrum hlunnindi, sem vegna fjarlægðar eða aðstöðu er erfitt að nytja frá jörðinni, enda sé býlið vel lífvænlegt til búrekstrar, að dómi úttektarmanna, þó að þau hlunnindi séu undan tekin og eigi bannað í lögum að skilja hlunnindi þessi við jörðina.

Þá má landsdrottinn og leigja lóðir undir hús eða land til uppsáturs og fiskreita og spildur til ræktunar í óyrktu landi leigujarðar, ef hlutaðeigandi héraðsráðunautur eða trúnaðarmaður Búnaðarfélags Íslands telur það eigi valda leiguliða verulegum skaða, enda lækki jarðarafgjaldið að réttri tiltölu, eftir mati úttektarmanna.

Nú er leiguliðaréttur brotinn, og á leiguliði sókn þess máls. Ef leiguliði sækir ekki, á landsdrottinn sókn, enda skal leiguliði gera landsdrottni aðvart, ef leiguréttur hans er brotinn, og láta hann vita, hvort hann sækir.

26. gr.

Eigi má leiguliði byggja öðrum af leigujörð sinni, nema landsdrottinn leyfi. Aftur á móti má hann leyfa not hlunninda eða landsnytja gegn öðrum jafngildum

hlunnindum eða landsnytjum, sem jörð hans þarf með. Heimilt er honum að láta í té nokkrar landsnytjar heimilismönnum, sem vinna að búi hans. Enn fremur er honum heimilt að láta af hendi jarðarafurðir, sem hann hefur aflað sjálfur, gegn öðrum jafngildum jarðarafurðum, og sömuleiðis gegn verði, en gæta verður hann þess ætíð, að varanlegar landsnytjar, hlunnindi og ræktun jarðarinnar rýrni ekki eða spillist fyrir slík viðskipti með jarðarnytjar, ella greiði hann fullar skaðabætur, eftir mati úttektarmanna.

27. gr.

Ef leiguliði situr illa ábúðarjörð sína, tún eða engi fer í órækt eða hús hrörna og mannvirki spillast sökum vanhirðu hans, eða jörðin á annan hátt líður varanlegar skemmdir af hans völdum, hefur hann fyrirgert ábúðarrétti sínum, nema hann lofi að bæta úr næsta ár og setji tryggingu fyrir. Getur landsdrottinn hvenær sem er látið meta skemmdir, er orðið hafa á leigujörð hans, og er leiguliði skyldur að bæta þær að fullu.

28. gr.

Leiguliði skal greiða alla skatta og skyldur, er sérstaklega hvíla á leigujörð hans, og halda uppi lögskilum af henni landsdrottni að kostnaðarlausu. Leigur skal hann greiða fyrir 1. október ár hvert, en landskuld og önnur afgjöld af jörðinni skal greiða eftir á ár hvert í fardögum, nema öðruvísi sé um samið. Nú hefur leiguliði eigi greitt jarðarafgjöldin tveim mánuðum eftir gjalddaga, og ber honum þá að greiða af þeim almenna útlánsvexti Búnaðarbanka Íslands frá eindaga og innheimtukostnað.

Nú greiðir leiguliði eigi jarðarafgjöld að fullu fyrir veturnætur næstar eftir eindaga, og getur landsdrottinn þá byggt honum út af jörðinni, enda sé útbygging birt í síðasta lagi fyrir jól næstu á eftir.

29. gr.

Ef landskuld og leigur greiðast í öðru en peningum, er leiguliði skyldur til þess, þótt eigi sé tilskilið, að færa jarðarafgjöld á heimili landsdrottins, ef eigi er fjær en 30 km, ella hafi landsdrottinn umboðsmann, er eigi búi fjær og taki við jarðarafgjöldum. Greiðist jarðarafgjöldin í peningum, er leiguliða hins vegar skylt að koma þeim til landsdrottins, þó að hann búi í meiri fjarlægð.

30. gr.

Hvarvetna þess, er landsdrottinn byggir leiguliða út vegna vanefnda á skyldum hans, skal hann hafa gert það fyrir jól, nema öðruvísi sé mælt í lögum þessum.

Útbygging skal vera tvímælalaus og sannanleg. Skal þar tekið skýrt fram, hverjar sakir leiguliða séu.

31. gr.

Leiguliði fyrirgerir ábúðarrétti sínum, og varðar útbyggingu, ef hann:

1. er ekki kominn til jarðar 7 vikur af sumri, sbr. 20. gr.
2. brýtur fyrirmæli 26. gr.
3. brýtur fyrirmæli 27. gr.
4. greiðir eigi jarðarafgjöld samkvæmt 28. gr.
5. vanefnir skyldur þær, er hann kann að hafa á sig tekið samkvæmt 40. gr., meira en eitt ár.

Þá hefur leiguliði og fyrirgert ábúðarrétti sínum án útbyggingar, ef hann vísvitandi spillir jörð, húsum eða mannvirkjum eftir að útbyggingarfrestur er liðinn, svo sem með því að rífa viði úr húsum til eldsneytis eða gera önnur þvílík spellvirki, að dómi úttektarmanna. Þó skal leiguliðinn halda ábúðarrétti sínum næsta ár, ef hann greiðir fullar skaðabætur þegar í stað eða setur fullt veð fyrir, hvort tveggja að mati úttektarmanna.

32. gr.

Nú vill leiguliði flytja sig af leigujörð sinni, og skal hann þá hafa sagt jörð lausri fyrir jól. Skal hann segja landsdrottni eða umboðsmanni hans upp leigumála þannig að sannað verði.

33. gr.

Ef leiguliði segir eigi lausri leigujörð sinni eftir lögum, en flytur sig af henni, geldur hann landsdrottni jarðarafgjöld næsta ár.

Nú hefur leiguliði sagt jörð lausri í tækan tíma, en flytur sig af henni fyrir fardaga, og bætir hann landsdrottni skaða þann, er af hefur hlotizt, eftir mati úttektarmanna.

34. gr.

Nú hefur landsdrottinn byggt leiguliða löglega út, sbr. 30. gr., og vill leiguliði ekki flytja af jörð eða beitir þrásetu, og er landsdrottni þá rétt að krefja útburðar á sína ábyrgð, og fer um það sem lög mæla fyrir.

V. KAFLI

Um breyting á jarðarafgjöldum fyrir sérstakar ástæður.

35. gr.

Ef land jarðar spillist af vatnsgangi, skriðum, sandfoki, eldsumbrotum eða öðru af völdum náttúrunnar, sem leiguliða verður ekki sök á gefin, þá gerir hann landsdrottni aðvart eða umboðsmanni hans og krefst skoðunar á skemmdunum. Séu skemmdir ekki meiri en svo, að bættar verði á einu ári, enda nemi kostnaður eigi meiru en þriggja ára eftirgjaldi jarðar, skulu báðir, landsdrottinn og leiguliði, bæta skemmdirnar, þannig að leiguliði leggur þó aldrei meira til en svarar eins árs afgjöldum af jörðinni.

Verði land jarðar fyrir meiri skemmdum og til langframa, skulu úttektarmenn meta, hve mikill hluti jarðarafgjaldsins verði að teljast leiga eftir landið sjálft og hve mikið landverð jarðarinnar mundi eiga að lækka að fasteignamati vegna skemmdanna, og síðan meta, hve mörg ár sjálf landleigan á að lækka að sama skapi.

36. gr.

Nú verða breytingar á verðlagi eða aðstaða til búskapar á jörð breytist, án þess að einstök fyrirmæli laga þessara nái til þess, og getur þá hvor aðila krafizt, að úttektarmenn endurskoði leigumála jarðar og meti eftirgjald eftir jörð með hliðsjón af eldri leigumála og breytingum þeim, er orðið hafa síðan hann var gerður. Nú telur annar hvor aðila leigumála jarðar óviðunandi, samanborið við leigumála á líkum jörðum í þeirri sveit eða héraði, og getur hann þá á sama hátt krafizt endurskoðunar á leigumálanum.

VI. KAFLI

Um reka á leigujörðum.

37. gr.

Þegar reki fylgir jörð, skal landsdrottinn hafa allan fjögra álna við og lengri, en leiguliði allan við minni, nema landsdrottinn vilji nota hann til einhverra umbóta á jörðinni.

Skal þá leiguliði hirða við þann, er rekur, sem ætti hann sjálfur og draga úr flæðarmáli, svo eigi taki út aftur. Skylt er leiguliða, er sérstakt rekaítak er í ábýlisjörð hans, að hirða reka fyrir eiganda, marka hann viðarmarki hans og bjarga, svo að sjór taki ekki út. Öll álnarlöng kefli eða minni skulu þá vera eign leiguliða.

38. gr.

Nú rekur hval, og skal þá landeigandi hafa ⅔, en leiguliði ⅓ hluta hvalsins. Leiguliði skal festa hvalinn landfestum og bjarga sem lög ákveða. Gera skal hann strax landsdrottni aðvart eða umboðsmanni hans. Komi landsdrottinn eða umboðsmaður hans ekki þegar á vettvang, er leiguliða rétt að skera hvalinn, en ábyrgjast skal hann landsdrottni allan þann hval, er hann sker. Um endurgjald til leiguliða fer sem lög ákveða.

39. gr.

Um allan annan reka á leigujörð fer eftir lagaákvæðum, er gilda þar um í hvert sinn.

VII. KAFLI

Um jarðabætur á leigujörðum og greiðslu landsdrottins.

40. gr.

Þegar leiguliða er með ákvæðum byggingarbréfs gert að skyldu að inna af höndum jarðarafgjald að einhverju leyti með jarðabótum eða öðrum framkvæmdum, en hann vanrækir að framkvæma þær, á landsdrottinn heimtingu á greiðslu jarðarafgjalds í peningum, eftir því sem úttektarmenn meta.

Heimilt er leiguliða, án samþykkis landsdrottins, að gera minni háttar jarðabætur á ábýlisjörð sinni, ef þær eru að mati hlutaðeigandi héraðsráðunauts eða trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands vel og hyggilega gerðar og stuðla að því að hækka jörðina í verði. Skal leiguliði, þá er hann fer frá jörðinni, fá jarðabætur þessar greiddar, eftir því sem úttektarmenn meta, að hækka megi þeirra vegna landskuld á jörðinni, þannig að hann fái tólffalda landskuldarhækkunina, en þó eigi yfir kostnaðarverð jarðabótanna, að frádreginni fyrningu.

41. gr.

Ef leiguliði ætlar að gera meiri háttar jarðabætur, þannig að þær á einu ári kosti hann meira en sem nemur eftirgjaldi jarðarinnar, skal hann jafnan leita samkomulags og samþykkis landsdrottins og fara fram á, að hann láti gera jarðabótina á sinn kostnað og hækki fyrir því eftirgjald jarðarinnar sem svarar vöxtum ræktunarsjóðs.

Ef landsdrottinn vill ekki gera jarðabótina á sinn kostnað, en hún að áliti hlutaðeigandi héraðsráðunauts eða trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands er nauðsynleg og álitleg til að gefa góðan arð, er leiguliða heimilt að framkvæma verkið, og á hann þá, er hann fer frá jörðinni, sömu kröfu fyrir þá jarðabót eins og segir í næstu grein á undan og eftir mati sömu manna.

42. gr.

Nú vill landsdrottinn gera jarðabót á jörð, sem er í fastri byggingu, og getur hann þá um það leitað samkomulags við leiguliða. Náist ekki samkomulag, getur hann látið gera jarðabótina engu að síður, en bæti leiguliða fullum bótum það, sem verkið kann að spilla leiguliðanotum hans. Þegar jarðabótinni er lokið, getur hann látið úttektarmenn skoða hana og meta, hversu mikið jarðarafgjald megi hækka við jarðabótina. Getur hann þá afhent hana leiguliða, og ber honum þá að halda henni vel við og svara henni í góðu lagi eða með álagi. Enn fremur ber honum að gjalda árlega þá hækkun á eftirgjaldi, sem metin er fyrir jarðabótina, enda fari það gjald ekki fram úr almennum útlánsvöxtum Búnaðarbanka Íslands af kostnaðarverði jarðabótarinnar.

Nú er leiguliða, að dómi úttektarmanna, ekki fært að greiða eftirgjaldshækkun samkvæmt 1. lið þessarar greinar, og er landsdrottni þá rétt, með samþykki út-

tektarmanna, að taka hluta af jörðinni til nýbýlis, gegn því að bæta leiguliða missinn með umbótum á þeim hluta jarðar, er hann heldur, eða gegn hæfilegri lækkun eftirgjaldsins.

43. gr.

Leiguliðabót samkvæmt 14. gr. skal vera forgangskrafa í bú leiguliða og ganga jafnhliða þeim kröfum, sem nefndar eru í b-lið 83. gr. skiptalaga, nr. 3 12. apríl 1878. Krafa sú, er leiguliði á á hendur landsdrottni samkvæmt 12. gr., 13. gr., 40. gr. 2. mgr. og 41. gr., skal vera forgangskrafa í bú landsdrottins, og gengur hún næst á eftir þeim forgangskröfum, sem nú eru í lögum.

VIII. KAFLI

Um kaupskyldu á leigujörðum.

44. gr.

Nú býður landsdrottinn leiguliða ábýlisjörð hans til kaups með þeim kjörum, er segir í 18. gr., en leiguliði neitar eða hefur eigi svarað kauptilboði innan missiris, og hefur leiguliðinn þá fyrirgert ábúðarrétti sínum, og getur eigandi þá byggt honum út af jörðinni fyrir næstu jól að frestinum liðnum.

Geti ábúandi ekki keypt ábýlisjörð sína eða vilji það ekki, hefur sveitarstjórn heimild til að ganga í kaupin með þeim skilmálum, er hún var boðin ábúanda, og skal landsdrottinn því senda sveitarstjórn samrit af tilboði sínu til ábúanda.

IX. KAFLI

Um úttektir á leigujörðum.

45. gr.

Þá er leiguliðaskipti verða á jörðum, skal taka þær út með lögmætri skoðunargerð. Áður en úttektin fer fram, skal byggingarbréfið liggja frammi til athugunar fyrir úttektarmenn, hvort það sé lögum samkvæmt. Þegar úttektarmenn hafa fullvissað sig um, að svo sé, skulu þeir rita samþykki sitt á byggingarbréfið.

Nú telja úttektarmenn, að byggingarbréfið sé ekki lögum samkvæmt, og skulu þeir þá leitast við að fá það leiðrétt. Takist það ekki, ber þeim að rita athugasemdir sínar þar að lútandi á byggingarbréfið.

Úttekt á jörð skal fram fara fyrir 20. júní.

Úttektarmenn skulu gera viðtakanda og fráfaranda aðvart, hvenær úttekt fer fram, með nægum fyrirvara, svo og landsdrottni eða umboðsmanni hans, svo þeir geti verið þar viðstaddir og gætt réttar síns.

46. gr.

Úttektarmenn skulu vera tveir. Hreppstjórar eru úttektarmenn, hver í sínum hreppi, en hinn aðalúttektarmann skipar sýslumaður, og tvo varamenn, að fengnum tillögum sveitarstjórnar. Nú hefur úttektarmaður forföll eða er svo nákominn aðila, að hann mætti eigi dómkveðja til matsstarfa í dómsmáli hans eða getur talizt vilhallur, og tekur þá varamaður sæti hans. Ef úttektarmenn greinir á, skal kalla til varamann þann, sem nær er, og er hann þá oddamaður.

47. gr.

Úttektarmenn, aðrir en hreppstjóri, skulu vera skipaðir til 6 ára. Enginn er skyldugur að taka við endurskipun fyrr en 6 ár eru liðin frá því að hann hætti starfanum. Allir fullveðja búendur hreppsins, yngri en 60 ára, eru skyldir að taka við útnefningu.

Úttektarmenn skulu áður en þeir byrja starf sitt undirrita í úttektarbókina drengskaparheit um að gegna starfi sínu hlutdrægnislaust og eftir beztu vitund og sannfæringu.

48. gr.

Úttektarmenn fá þóknun fyrir starf sitt sem hér segir:

1. Fyrir úttekt á jörð skal greiða svo sem fyrir er mælt í lögum nr. 85 11. júní 1938, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. m., lögum nr. 57 7. maí 1940 og lögum nr. 75 5. júní 1947 um breyting á þeim lögum, og kosti fráfarandi og viðtakandi hana að hálfu hvor.
2. Fyrir aðrar virðingar- og skoðunargerðir, er um ræðir í lögum þessum, ber hverjum úttektarmanni 6 krónur auk ferðakostnaðar, og greiðir sá, er krafizt hefur virðingar eða skoðunargerðar. Þá kostar landsdrottinn og leiguliði skoðun og virðing, sem gerð er samkvæmt 13. gr., að hálfu hvor.

49. gr.

Úttektarmenn skulu hafa gerðabók, er sveitarsjóður borgar og sýslumaður löggildir. Skal í hana rita allar úttektir jarða, skoðunargerðir á jörðum samkvæmt 16. gr. og allar matsgerðir úttektarmanna samkvæmt lögum þessum. Þegar úttekt er lokið eða skoðunargerð, skulu úttektarmenn og þeir aðilar, sem eru við úttektina, rita nöfn sín undir í bókina til staðfestingar.

Ef aðilar, einn eða fleiri, neita að rita undir úttektargerð, skal þess getið í bókun. Skyldir eru úttektarmenn að gefa staðfest eftirrit úr gerðabók gegn endurgjaldi samkv. lögum um laun hreppstjóra, nr. 85 11. júní 1938, og lögum nr. 75 5. júní 1947, um breyting á þeim.

50. gr.

Úttektarmenn skulu lýsa nákvæmlega stærð og ásigkomulagi húsa, hvað á skorti til þess, að þau séu fullgild jarðarhús, skemmdum á þeim, ef orðið hafa af völdum ábúanda, hvernig húsunum hefur verið viðhaldið og annað, eftir því sem þurfa þykir.

Enn fremur skulu þeir taka út og lýsa öðrum mannvirkjum landsdrottins á jörðinni.

Ef innstæðukúgildi fylgja jörð, skulu úttektarmenn meta, hvort séu fullgild. Þeir skulu og kynna sér nákvæmlega allar jarðarnytjar og meta, hvort jörð er sæmilega setin.

51. gr.

Að lokinni úttektargerð greiðir fráfarandi álag til viðtakanda. En greiði hann eigi þegar álagið, geri úttektarmenn lögtak til lúkningar álaginu í eignum þeim, sem fráfarandi á á jörðinni, eftir því sem hann vísar á og fyrir hendi er. Geti viðtakandi sannað, að hann hafi að lögum krafizt álags frá fráfaranda, en eigi fengið það eða hluta þess, á landsdrottinn að greiða honum það, sem á vantar.

52. gr.

Ef tvíbýli eða fleiri býli eru á jörð, skulu úttektarmenn, ef landsdrottinn óskar þess, skipta í millum þeirra húsum, matjurtagörðum og öðrum mannvirkjum, ef til eru og þess eðlis, að skipt verði. Sömuleiðis túni, engi, skógi, hlunnindum og yfirleitt öllu, sem aðilar koma sér saman um að æskja skipta á.

53. gr.

Ef einhver, sem hlut á að máli, vill eigi hlíta úttekt, sem gerð er á jörð, eða öðrum mats- og skoðunargerðum úttektarmanna samkvæmt lögum þessum, getur hann innan tveggja vikna krafizt yfirúttektar eða yfirmats. Skal þá sýslumaður innan hálfs mánaðar skipa fjóra yfirúttektarmenn eða yfirmatsmenn, og skulu

þeir haga úttekt eða mati á sama hátt. Sömu laun eiga þeir fyrir starfa sinn sem úttektarmenn, og greiðir krefjandi yfirúttektar það gjald, ef bótum er eigi breytt, ella fer um gjaldið sem segir í 48. gr.

X. KAFLI
Niðurlagsákvæði.

54. gr.

Brot gegn ákvæðum þessara laga varða sektum allt að kr. 3000.00. Mál út af brotum á lögum þessum svo og rannsókn sú, er um ræðir í 2. gr., skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

55. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1951.

Um jarðir, sem verið hafa í óslitinni ábúð frá 1. janúar 1934 eða lengur, án þess að nýtt byggingarbréf hafi verið gefið út eða framlengt, fer samkvæmt lögum nr. 1 12. janúar 1884, þangað til leiguliðaskipti verða á slíkum jörðum og nýtt byggingarbréf er gefið út.

Falla lög nr. 1 12. janúar 1884 úr gildi jafnóðum og slík leiguliðaskipti verða.

56. gr.

Með lögum þessum falla úr gildi lög nr. 87 19. júní 1933 — ábúðarlög, lög nr. 22 12. febrúar 1940, lög nr. 102 20. desember 1945, svo og önnur lagafyrirmæli, er koma í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Árið 1945 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 102 1945 um breyting á ábúðarlögum, nr. 87 1933, og var svo fyrir mælt í 8. gr. laganna, að fella skuli meginmál þeirra inn í texta laga nr. 87 19. júní 1933, og gefa ábúðarlögin út svo breytt.

Þegar átti að framkvæma þessi fyrirmæli, kom í ljós, að erfitt var að fella lögin saman, og voru einkum niðurlagsákvæði laganna frá 1933, X. kafli, orsök þess. Ábúðarlögin hafa því eigi til þessa verið gefin út með þeim breytingum, sem lögin frá 1945 gera ráð fyrir og mæla fyrir um.

Til að ráða bót á þessu eru ábúðarlögin nú sett fram í heild í frumvarpsformi. Hafa verið gerðar á þeim þær breytingar, sem nauðsynlegar voru, til þess að efni laganna frá 1945 félli inn í lögin frá 1933. Nokkrar aðrar leiðréttingar hafa um leið verið gerðar á lögunum, svo sem um tilvitnun í önnur lög, en að mestu eru lögin óbreytt. Þannig hefur t. d. ekki verið hreyft við ákvæði 14. greinar um leiguliðabót, og endurbyggingarsjóð húsa á leigujörðum, en það ákvæði laganna frá 1933 hefur sem kunnugt er aldrei komið til framkvæmda. Svo er og um fleiri atriði laganna, t. d. ákvæði 9. gr., um lífstíðarábúð á jörðum, að því hefur naumast verið framfylgt, þótt ekki geti það talizt galli á lögunum.

Kemur það til álita Alþingis, hvort hið óvirka ákvæði laganna um endurbyggingarsjóð á að haldast óbreytt, og svo er um fleira í þeim, en höfuðnauðsyn ber til að samræma lögin frá 1945 við lögin frá 1933 og fella þau saman, svo sem gert er í frumvarpi þessu.

Ed. 108. Frumvarp til laga [66. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1951.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal árið 1951 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álaginu, svo og sýningar á íslenzkum kvikmyndum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lög sama efnis og frumvarp þetta hafa ár eftir ár verið samþykkt á Alþingi. Sömu ástæður liggja til þess nú og áður, að farið er fram á þennan skattauka, þ. e. fjárþörf þeirra, sem skattsins eiga að njóta.

Nd. 109. Frumvarp til laga [67. mál]

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Flm.: Jónas Rafnar.

1. gr.

Á eftir 6. lið í 48. kafla 1. gr. laganna kemur nýr liður (verður 6. a.), svo hljóðandi:

	Toll-eining	Vörumagns-tollur Aurar	Verð-tollur %
Garn til verksmiðjuiðnaðar	1 kg	2	2

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 49 25. maí 1950 var tollur á gervisilkiúrgangi, óspunnum gervisilkiþræði og öðrum þess konar gerviþráðum úr cellulose lækkaður allverulega.

Hér er lagt til, að sama verði látið gilda um baðmullargarn til verksmiðjuiðnaðar, þ. e. tollur á því verði lækkaður í 2 aura pr. kg í vörumagnstoll og 2% í verðtoll.

Það er algerlega óeðlilegt, að verksmiðjur, sem vinna úr gervisilkigarni, þurfi að greiða lægri toll af hráefni til framleiðslu sinnar en verksmiðjur, sem vinna úr baðmullargarni, þar eð af því leiðir, að framleiðsla hinna síðarnefndu verksmiðja verður alls ekki samkeppnishæf við framleiðslu hinna fyrrnefndu, þ. e. sama varan verður hlutfallslega miklu dýrari úr baðmullargarni en gervisilki.

Þá má benda á það, að tollur á segldúk, en hann er unninn úr baðmullargarni, er 2—5, og að sami tollur er nú á því baðmullargarni, sem flutt er inn sem hráefni fyrir verksmiðjuiðnaðinn, og því, sem selt er í smásölu í verzlunum, en hvorugt getur talizt eðlilegt né réttlátt.

Í nágrannalöndum okkar er sama hráefni og hér um ræðir ýmist tollfrjálst eða tollur á því mjög lágur.

Nd. 110. Frumvarp til laga [68. mál]

um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita Gunnari Bergsteinssyni, sjóliðsforingja, stýrimannsskírteini á íslenzkum skipum.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Atvinnumálaráðherra skal heimilt að veita Gunnari Bergsteinssyni, sjóliðsforingja, undanþágu frá því að ganga undir farmanna- og varðskipapróf við Stýrimannaskólann í Reykjavík samkvæmt lögum nr. 100 23. júní 1936, um Stýrimannaskólann í Reykjavík, og láta honum í té stýrimannsskírteini í innan- og utanlandssiglingum á íslenzkum verzlunar- og varðskipum, af hvaða stærð sem er, og skipstjóraskírteini á sams konar skipum, eftir að hann hefur fullnægt ákvæðum laga nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Skulu próf hans við sjóliðsforingjaskólann í Osló jafngilda íslenzkum prófum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Gunnar Bergsteinsson er fæddur 29. ágúst 1923. Stúdentsprófi lauk hann við Menntaskólann í Reykjavík árið 1942 og 1. apríl 1950 fullnaðarprófi við sjóliðsforingjaskólann í Osló, sem auk ýmissa hernaðarfræðigreina veitir þá fyllstu fræðslu í siglingafræði, sem völ er á þar í landi. Síðastliðin 2 ár hefur Gunnar starfað sem foringi í norska hernum og gegnt störfum yfirmanna á norskum varðskipum.

Hann hefur frá 1. maí þ. á. verið ráðinn til starfa á varðskipum ríkisins við landhelgisgæzluna, og er honum því nauðsynlegt að fá út gefið sér til handa hið meira stýrimannsskírteini á verzlunarskipi og þar með rétt til að vera stýrimaður í innan- og utanlandssiglingum á íslenzkum verzlunar- og varðskipum af hvaða stærð sem er.

Samkvæmt þessu ber nauðsyn til, að Gunnari verði veitt réttindi til að vera stýrimaður í innan- og utanlandssiglingum á íslenzkum verzlunar- og varðskipum af hvaða stærð sem er, samkvæmt lögum nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Sem fylgiskjal er hér prentað bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 14. október 1950, þar sem staðfest er ráðning Gunnars við landhelgisgæzluna og óskað eftir, að lagafrumvarp þetta verði lagt fyrir Alþingi.

Fylgiskjal.

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 14. okt. 1950.

Með skírskotun til beiðni Gunnars Bergsteinssonar, sjóliðsforingja, um að honum verði veitt með lögum skipstjóraréttindi á íslenzkum skipum, en beiðni þessi mun nú liggja fyrir samgöngumálaráðuneytinu, tekur þetta ráðuneyti fram, að umsækjandinn var á sínum tíma styrktur til náms á sjóliðsforingjaskóla af landhelgisgæzlunni með það fyrir augum, að hann réðist til hennar að námi loknu, enda hefur hann starfað við landhelgisgæzluna, m. a. sem stýrimaður á Ægi, frá því hann lauk námi, og mun starfa þar áfram, og er því nauðsynlegt, að hann öðlist íslenzk skipstjóraréttindi, og vill þetta ráðuneyti eindregið mæla með því, að lagafrumvarp verði borið fram með því efni.

F. h. r.

Gústav A. Jónasson.

Ragnar Bjarkan.

Til samgöngumálaráðuneytisins.

Nd. 111. Frumvarp til laga [69. mál]

um breyting á lögum nr. 33 12. febr. 1945, um breyting á lögum nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.

Flm.: Áki Jakobsson, Gísli Guðmundsson, Finnur Jónsson, Sigurður Bjarnason.

1. gr.

Á eftir 1. málsl. 2. efnismálsgr. 1. gr. laganna komi nýr málsliður, svo hljóðandi: Heimilt er ráðherra að láta þetta ákvæði ná til sjúkrahúss, sem reist er á Siglufirði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi, en varð ekki útrætt. Fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

„Frv. þetta felur í sér þá breytingu frá núgildandi lögum, að ráðherra er heimilt að veita sjúkrahúsinu á Siglufirði sömu réttindi hvað stofnframlög snertir og fjórðungssjúkrahúsum, þ. e. að ríkissjóður leggi fram ⅔ hluta stofnkostnaðar í stað ⅔ hluta. Rökin fyrir því að láta fjórðungssjúkrahúsum í té hærri stofnkostnaðarstyrki eru þau, að þangað leitar fólk úr öðrum sveitarfélögum en því, sem sjúkrahúsið er reist í, og því eðlilegt, að framlag af almennu fé verði meira. Þetta gildir alveg eins um sjúkrahús, sem reist eru á Siglufirði, sem er mesta verstöð í landinu. Í sjúkrahúsinu á Siglufirði er einatt mikið af aðkomufólki, sjómönnum og verkafólki, sem stundar vertíðarvinnu, og að því leyti er aðstaðan sú sama og fyrir fjórðungssjúkrahúsin.“

Ed. 112. Frumvarp til lyfsölulaga. [70. mál]

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Páll Zóphóníasson.

I. KAFLI
Um stofnun lyfjabúða og lyfsöluleyfi.

1. gr.

Forseti veitir leyfi til stofnunar lyfjabúðar.

Lyfjabúð má stofnsetja, þar sem þess gerist þörf að dómi ráðherra, almenna lyfjabúð þó því aðeins, að hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórn hafi æskt stofnunarinnar.

Ráðherra ákveður lyfjabúð stað í upphafi og veitir leyfi til flutnings lyfjabúðar.

2. gr.

Forseti veitir leyfi til rekstrar lyfjabúðar. Leyfið má ekki binda öðrum skilyrðum en þeim, sem stoð eiga í lögum, en skyldur er leyfishafi að hlíta lagaákvæðum, er á hverjum tíma gilda um rekstur lyfjabúða.

Ráðherra auglýsir eftir umsóknum um leyfi til rekstrar lyfjabúðar. Umsóknir skal senda landlækni.

Lyfjabúð má að jafnaði ekki stofnsetja annars staðar en þar, sem líkur eru til, að nettóárstekjur hennar verði minnst ⅔ hlutar lægstu fjárhæðar, sem gjald skal greiða af í lyfsölusjóð (sbr. 48. gr.).

3. gr.

Lyfjabúð skal velja heiti, sem ráðherra samþykkir. Lyfjabúð skal auðkenna á áberandi hátt. Engir nema lyfsalar og læknar (dýralæknar), sem hafa rétt eða leyfi til lyfjasölu, mega nefna verzlanir sínar lyfjabúðir eða öðru því nafni, er bent gæti til lyfjasölu, og þeir aðeins lyfjabúðir sínar. Læknar (dýralæknar) skulu auðkenna lyfjabúðir sínar með embættis- eða starfsheiti. Lyfsölum einum er heimilt að nefna lyfjabúðir sínar apótek.

4. gr.

Rétt til að geta öðlazt leyfi til rekstrar lyfjabúðar eiga þeir, sem hafa

1. íslenzkan ríkisborgararétt,
2. lögræði,
3. óflekkað mannorð,
4. lyfsalapróf samkvæmt lögum nr. 112 30. maí 1940,
5. óskert almenn borgararéttindi og
6. eru ekki kunnir að sérstökum ódugnaði eða hirðuleysi, né á þann hátt andlega eða líkamlega miður sín vegna sjúkleika, misnotkunar áfengis, morfíns, kókaíns, annarra eiturlyfja eða annars, að hætt sé við, að þeim verði á mistök í lyfsalastarfi.

Leyfi til rekstrar lyfjabúðar má veita samvinnufélögum, sveitarfélögum, sjúkrasamlögum og öðrum stofnunum eða fyrirtækjum almennings, sem ætla má að gæti trúlega hagsmuna lyfjaneytenda.

5. gr.

Ekki má veita lyfsölufræðingi leyfi til rekstrar lyfjabúðar, eftir að hann er orðinn 55 ára fullra, nema hann hafi áður haft slíkt leyfi og rekið lyfjabúð.

Leyfi til rekstrar lyfjabúðar má ekki veita starfandi lækni, dýralækni eða tannlækni, sbr. þó 23. gr.

II. KAFLI
Um rekstur lyfjabúða.

6. gr.

Sá, er hefur fengið leyfi til rekstrar lyfjabúðar, skal hefja reksturinn innan árs frá leyfisveitingu.

Ráðherra getur eftir atvikum lengt þennan frest, þó ekki lengur en eitt ár.

Sé það ráðið, að lyfsali láti af rekstri lyfjabúðar í því skyni að taka við rekstri annarrar lyfjabúðar, getur sá, er tekur við af honum, þó ekki krafizt þess að hefja reksturinn, áður en hinn fyrr nefndi hefur hafið sinn rekstur, enda sé það innan þess árs frests, sem um ræðir í 1. málsgr., sbr. þó 17. gr.

7. gr.

Ef lyfsali, sem lætur af rekstri lyfjabúðar, eða bú hans krefst þess, skal lyfsala þeim, er við tekur, skylt að kaupa gegn reiðu vörubirgðir og áhöld lyfjabúðarinnar, að svo miklu leyti sem þau eru nothæf og við hæfi rekstrarins.

Ef ekki takast samningar um kaup áhalda og vörubirgða, skal málið lagt í gerð þriggja manna. Aðilar nefna þá í gerðina sinn manninn hvor, en ráðherra hinn þriðja, nema aðilar komi sér saman um oddamann. Aðilar greiði að jöfnu allan kostnað af gerðinni.

Ráðherra getur, ef fráfarandi lyfsali eða bú hans krefst þess, skyldað lyfsala þann, er við lyfjabúð tekur, til þess að kaupa húseign þá, er lyfjabúðin er í, enda sé hún eingöngu ætluð til rekstrar lyfjabúðarinnar og íbúðar lyfsalans og viðunandi hæf til hvors tveggja. Þessarar kvaðar skal sérstaklega getið í auglýsingu um umsókn um leyfi til rekstrar lyfjabúðar. Um kaupin fer að öðru leyti í samræmi við ákvæði 2. málsgreinar um kaup vörubirgða og áhalda.

8. gr.

Leyfishafi samkvæmt ákvæðum fyrri málsgreinar 4. greinar skal annast sjálfur forstöðu lyfjabúðar sinnar og ber ábyrgð á rekstri hennar.

Leyfishafi samkvæmt ákvæðum síðari málsgreinar 4. greinar skal fela lyfjabúð sína í umsjá forstöðumanns, er fullnægir skilyrðum þeim, sem greind eru í fyrra málslið sömu greinar, enda samþykki ráðherra með ráði landlæknis ráðningu hans. Forstöðumaður ber ábyrgð á starfrækslu lyfjabúðarinnar.

Þegar ræðir um lyfsala í lögum þessum, er átt við leyfishafa samkvæmt ákvæðum fyrri málsgreinar 4. greinar, svo og leyfishafa samkvæmt síðari málsgr. sömu greinar og forstöðumann lyfjabúðar samkvæmt 2. málsgr. þessarar greinar, báða saman eða hvorn í sínu lagi, eftir því sem við getur átt.

Lyfsala ber að sjá lyfjabúð sinni fyrir nægu og hæfu starfsliði.

Lyfsali og hver annar, sem rekur lyfjasölu, svari bótum fyrir tjón, er starfsmenn hans valda af ásetningi eða gáleysi í starfi sínu.

Lyfsali og forstöðumaður lyfjabúðar sæta refsingu sem opinberir starfsmenn fyrir brot í starfi sínu. Auk þess má dæma lyfsöluleyfi af lyfsala og rétt til forstöðu lyfjabúðar af honum og öðrum forstöðumönnum lyfjabúða, ef brot er ítrekað eða stórfellt.

Nú verður misferli um gerð eða afhending lyfs í lyfjabúð, og stafar mönnum eða skepnum heilsutjón af, en ekki sannast, hver persónulega er að misferlinu valdur eða ber ábyrgð á því, og skal þá refsing mælt lyfsala eða forstöðumanni lyfjabúðar, ef misferlið má rekja til skorts á hæfu starfsliði, ófullkominnar vinnutilhögunar eða annarra skipulagsgalla á rekstri lyfjabúðarinnar (sbr. 13. gr.), enda verði lyfsali (forstöðumaður) talinn eiga sök á því, sem aflaga fer í þessum efnum.

Lyfsölufræðingar (candidati pharmaciae) og lyfjasveinar (examinati pharmaciae) í lyfjabúðum sæti refsingu eftir sömu reglum sem opinberir starfsmenn fyrir

brot í starfi sínu. Um svipting heimildar til rækslu starfans fer með samsvarandi hætti sem í 6. málsgr. segir, og um refsiábyrgð þeirra vegna misferla þeirra, sem þeir eru settir yfir, fer með samsvarandi hætti sem í 7. málsgr. segir.

9. gr.

Lyfsali, sem tekið hefur nemendur til kennslu á vegum Lyfjafræðingaskóla Íslands, er skyldur að haga kennslu í samráði við forstöðumann skólans.

10. gr.

Geti lyfsali ekki annazt rekstur lyfjabúðar sinnar sökum sjúkdóms, fjarvistar eða annarra orsaka, sbr. 20. gr., og megi ætla, að svo verði lengur en tvær vikur, þó eigi lengur en tvo mánuði, skal fenginn forstöðumaður í samráði við héraðslækni til þess að annast rekstur lyfjabúðarinnar á ábyrgð lyfsala eða eigin ábyrgð.

Líði þrír mánuðir svo, að lyfsali geti ekki sjálfur annazt rekstur lyfjabúðar sinnar, eða verði í upphafi að álíta, að svo muni fara, skal forstöðumaður annast reksturinn á eigin ábyrgð, og skal þá leita samþykkis landlæknis til ráðningar og ráðningarskilmála forstöðumanns. Slíkum forstöðumanni má ekki fela rekstur lyfjabúðar lengur en eitt ár í senn. Þó getur ráðherra framlengt þennan tíma um enn eitt ár, ef lyfsali er sjúkur og ætla má, að hann verði innan þess tíma fær um að taka við rekstri lyfjabúðarinnar.

Forstöðumaður skal fullnægja skilyrðum 4. greinar.

11. gr.

Í lyfjabúð skal starfa til aðstoðar lyfsala a. m. k. einn lyfsölufræðingur. Ef í lyfjabúð starfar aðeins einn aðstoðarmaður, auk lyfsala, getur ráðherra þó leyft, að það sé lyfjasveinn. Ráðherra getur og leyst lyfsala, sem rekur litla lyfjabúð, undan skyldu til að hafa lærðan aðstoðarmann, ef landlæknir mælir með því.

12. gr.

Eigi má ráða starfsmann í lyfjabúð, nema hann leggi fram heilbrigðisvottorð þess læknis, sem hefur eftirlit með berklavörnum á þeim stað. Starfsfólk lyfjabúðar skal og árlega rannsakað af þeim lækni, sbr. 8. gr. berklavarnarlaga nr. 66 1939.

13. gr.

Í reglugerð skal mæla fyrir um útbúnað lyfjabúða og rekstrartilhögun.

14. gr.

Lyfjabúðir skulu vera opnar til almennrar afgreiðslu á sama tíma sem almennar sölubúðir á hverjum stað. Á öðrum tímum sólarhrings skal þó vera aðgangur að lyfjabúð, eða á annan hátt fyrir því séð, að almenningur geti jafnan náð til nauðsynlegustu lyfja og hjúkrunargagna. Skal kveða nánar á um það í reglugerð. Ef fleiri lyfjabúðir en ein eru á sama stað, má landlæknir leyfa, að ein eða fleiri lyfjabúðanna séu lokaðar á ákveðnum tímum. Enn fremur má landlæknir leyfa, að lyfjabúð sé lokuð ákveðinn tíma dags, ef í henni starfar enginn lærður aðstoðarmaður, sbr. 11. gr.

15. gr.

Auk þess sem lyfsala eða forstöðumanni lyfjabúðar er skylt að haga bókhaldi lyfjabúðar sinnar í samræmi við lög nr. 62 1938, um bókhald, ber honum að hlíta ýtarlegri fyrirmælum þar að lútandi, ef sett verða í reglugerð samkvæmt 13. gr.

Skylt er lyfsala að leyfa athugun á bókhaldi sínu, ef sá krefst þess, er ráðherra hefur gefið til þess umboð.

16. gr.

Lyfsalar, lyfsölufræðingar og lyfjasveinar eru bundnir þagnarskyldu um alla vitneskju eða grun, sem þeir í starfi sínu öðlast um sjúkdóma eða önnur einkamál manna, nema á þeim hvíli vitnaskylda samkvæmt lögum, eða þeir hafi rökstuddan grun um, að einstaklingar eða almenningur sé í yfirvofandi hættu, enda láti þeir þá ekki uppi annað eða meira en minnst verður komizt af með til að afstýra hættu. Lyfsölufræðingar og lyfjasveinar geri að jafnaði lyfsala aðvart, en lyfsali þeim, er í hlut á, eða yfirvöldum, og þá að jafnaði landlækni.

Ákvæði þessarar greinar um þagnarskyldu ná einnig til annars starfsfólks lyfjabúða.

17. gr.

Leyfi lyfsala til rekstrar lyfjabúðar fellur niður, þegar er hann fær leyfi til rekstrar annarrar lyfjabúðar, en þó er honum rétt og skylt að annast áfram rekstur hinnar fyrri lyfjabúðar, þar til er hinn nýi lyfsali tekur við, eða lyfjabúðin er lögð niður, þó eigi lengur en 2 ár.

Leyfi til rekstrar lyfjabúðar fellur niður, þegar er lyfsali fullnægir ekki skilyrðum 4. greinar.

18. gr.

Leyfi lyfsala til rekstrar lyfjabúðar fellur niður í lok þess árs, sem hann verður sjötugur.

Hafi lyfsala verið veitt heimild til að fela öðrum rekstur lyfjabúðar sinnar samkvæmt 10. gr., fellur niður leyfi hans, ef hann getur ekki sjálfur annazt reksturinn að loknum fresti þeim, sem þar um getur.

19. gr.

Ef lyfsali deyr, fer um réttindi og skyldur dánarbús til rekstrar lyfjabúðar sem hér segir:

1. Taki erfingjar að sér ábyrgð á skuldum, er búinu rétt og skylt að annast rekstur lyfjabúðarinnar í sex mánuði eftir lát lyfsala undir stjórn forstöðumanns, enda samþykki landlæknir val hans og ráðningarkjör. Frest þennan má ráðherra lengja um allt að sex mánuðum, ef sérstaklega stendur á.
2. Taki erfingjar ekki að sér ábyrgð á skuldum dánarbúsins, eða sé það tekið til gjaldþrotaskipta, ákveður ráðherra, hvernig haga skuli rekstri lyfjabúðarinnar. Sama máli gegnir, ef ekki hefur verið veitt leyfi til rekstrar lyfjabúðar innan þess frests, sem um getur í 1. tölulið.

20. gr.

Telji landlæknir rekstri lyfjabúðar ábótavant vegna vanrækslu lyfsala eða af hendi starfsmanna lyfjabúðarinnar, skal hann áminna lyfsala um að bæta úr því, sem ábótavant þykir.

Telji landlæknir, að lyfsali, lyfsölufræðingur eða lyfjasveinn ræki svo illa störf sín fyrir ódugnað, hirðuleysi eða aðra annmarka, sbr. 4. gr., að almenningi geti stafað hætta af, skal hann leggja til við ráðherra, að lyfsali verði sviptur rekstrarleyfi og lyfsali, lyfsölufræðingur eða lyfjasveinn sérréttindum sínum, og eftir atvikum, að lagt verði bann við því, að aðili starfi í lyfjabúð.

Ráðherra fellir úrskurð um tillögur og aðgerðir landlæknis samkvæmt 2. málsgr., og má svipta lyfsala, lyfsölufræðing eða lyfjasvein réttindum samkvæmt þeim, en leggja skal ráðherra þá málið tafarlaust og eigi síðar en innan þriggja sólarhringa til dómara, og kveður dómari þá upp úrskurð innan viku frá því, að málið var til hans lagt, um það, hvort starfssvipting skuli haldast, unz fullnaðardómur gengur.

Áfrýjun frestar ekki framkvæmd úrskurðar, nema um sé að tefla svipting leyfis til rekstrar lyfjabúðar.

Ef ráðherra telur nauðsynlegt, að læknir rannsaki heilbrigðisástand lyfsala, lyfsölufræðings eða lyfjasveins, áður en úrskurður er upp kveðinn um það, hvort svipta beri þá réttindum, skal hann óska þess, að aðili fallist á að gangast undir þessa rannsókn, en geri hann þess ekki kost, skal ráðherra fela rétti þeim, sem málið heyrir undir, að kveða upp úrskurð hér að lútandi. Rétturinn getur kveðið upp slíkan úrskurð, eftir að mál er höfðað.

Færist aðili undan að hlíta úrskurði réttarins um rannsókn á heilbrigðisástandi aðila, skal ráðherra svipta hann réttindum, en mál skal ekki höfða og málssókn falla niður, ef hafin er. Kostnaður af framangreindum læknisrannsóknum skal greiddur úr lyfsölusjóði.

Ráðherra má veita lyfsala, lyfsölufræðingi eða lyfjasveini aftur þau réttindi, sem hann hefur verið sviptur samkvæmt þessari grein, enda séu brostnar forsendurnar fyrir réttindamissinum. Synjun ráðherra um endurveiting á réttindum má ekki bera undir dómstóla, fyrr en ár er liðið frá réttindasviptingu eða dómsuppkvaðningu um réttindamissi.

Hafi lyfsali í starfi sínu gerzt brotlegur við almenn refsilög og á þann hátt glatað trausti, má svipta hann leyfi til rekstrar lyfjabúðar nokkurn tíma eða eftir atvikum að fullu og öllu.

III. KAFLI
Um lyfjaverzlun.

21. gr.

Ráðherra ákveður með reglugerð, hverjar lyfjavörur lyfjabúðir einar og læknar (dýralæknar), sem hafa rétt eða leyfi til lyfjasölu, megi hafa á boðstólum, selja eða afhenda.

Ráðherra skipar nefnd þriggja manna, er geri tillögur um reglugerð þessa. Skal einn nefndarmanna vera lyfsölufræðingur, sérfróður um lyfsölumál og annar um almenn verzlunarmál. Landlæknir skal vera þriðji maður nefndarinnar og formaður hennar.

Auk þeirrar lyfjavöru, sem um getur í 1. málsgr., mega lyfjabúðir selja hvers konar hjúkrunarvarning, sjúkragögn og aðra læknisdóma handa mönnum og skepnum, enn fremur sótthreinsunarlyf og snyrtivörur.

Aðrar vörur en þær, sem að framan greinir, má lyfsali eigi selja í lyfjabúð nema samkvæmt sérstakri heimild í lögum eða að fengnu verzlunarleyfi.

22. gr.

Sjúkrahús, heilsuhæli og geðveikrahæli, sem rekin eru af ríki, bæjarfélögum eða almannatryggingum, eða eru að svo miklu leyti rekin á kostnað þessara aðila, að ráðherra telji þau þeim hliðstæð, mega hafa með höndum lyfjagerð og afgreiðslu lyfja handa sjúklingum sínum og starfsmönnum og öðrum hliðstæðum sjúkrahúsum. Forstöðumaður slíkrar lyfjabúðar skal fullnægja skilyrðum 4. greinar.

Á öðrum sjúkrahúsum og hælum má einungis á ábyrgð yfirlæknis vega sundur, blanda, deila, leysa eða þynna lyf, þó ekki mjög áhrifamikil eða aðgæzluverð lyf, og skilgreinir ráðherra það nánar í reglugerð.

23. gr.

Í læknishéruðum, þar sem er ekki rekin sérstök lyfjabúð, má héraðslæknir hafa á hendi lyfjagerð og sölu lyfja, hjúkrunarvarnings, sjúkragagna og annarra læknisdóma.

Ráðherra getur og, ef sérstaklega stendur á, leyft héraðslæknum, svo og öðrum læknum og dýralæknum, sem búsettir eru fjarri lyfjabúð í læknishéraði, að hafa á hendi lyfjagerð og lyfjasölu.

Ráðherra setur reglugerð um nánari tilhögun á lyfjagerð þeirri og lyfjasölu, sem um getur í þessari grein.

24. gr.

Ráðherra getur samkvæmt ósk hlutaðeigandi sveitarstjórnar heimilað lyfjabúð að setja upp útibú í nágrenni, þar sem að vísu er þörf sérstakrar lyfjabúðar, en ekki líklegt, að sjálfstæð lyfjabúð hafi tilskildar tekjur samkvæmt 2. gr.

Leyfi þetta veitist til tiltekins tíma, þó ekki yfir 10 ár í senn.

Verði stofnuð sérstök lyfjabúð þar, sem útibú hefur verið rekið, á eigandi lyfjabúðar þeirrar, er útibúið rak, kost á að velja á milli, hvort hann vill reka hina fyrri lyfjabúð áfram eða takast á hendur rekstur hinnar nýstofnuðu lyfjabúðar.

Ekki má fela öðrum forstöðu útibús samkvæmt þessari grein en lyfsölufræðingi eða lyfjasveini.

Ráðherra ákveður nánar í reglugerð um útbúnað og rekstrartilhögun útibúa þessara.

25. gr.

Ráðherra getur, samkvæmt ósk hlutaðeigandi sveitarstjórnar, veitt lyfjabúðum leyfi til útsölu lyfja, sem afgreiða má án lyfseðils, þar sem þörf er slíkrar útsölu, enda sé þar hvorki lyfjabúð, útibú frá lyfjabúð né læknir, sem hefur rétt eða leyfi til lyfjasölu.

Ráðherra ákveður í reglugerð, hvernig til skuli haga um útsölur þessar.

26. gr.

Forseti ákveður með tilskipun, hvaða lyfjaskrá (pharmacopea) skuli gilda á Íslandi. Ráðherra löggildir með auglýsingu lyfseðlasöfn (dispensatoria).

Tillögur um löggilding lyfjaskrár og lyfseðlasafna gerir 5 manna lyfjaskrárnefnd. Skal einn nefndarmanna vera kennari í lyfjafræði við háskólann, annar kennari í lyflæknisfræði við háskólann, en hina þrjá skipar ráðherra eftir tillögum landlæknis, einn úr hópi lyfsala, annan úr hópi starfandi lyfsölufræðinga og hinn þriðja úr hópi starfandi lækna.

Nánari ákvæði um starfsvið lyfjaskrárnefndar skal setja í reglugerð.

27. gr.

Lyfjabúðir skulu um hvað eina hlíta fyrirmælum löggiltrar lyfjaskrár. Þær skulu hafa nægar birgðir allra þeirra efna, sem löggilt lyfjaskrá og lyfseðlasöfn tilgreina, svo og annarra lyfja og lyfjaefna, hjúkrunarvarnings, sjúkragagna og annarra nauðsynlegra og viðurkenndra læknisdóma, sem almennum verzlunum er ekki frjálst að selja.

Landlæknir ákveður, hverjar lyfjategundir útibúum lyfjabúða og læknum, sem hafa rétt eða leyfi til lyfjasölu, er jafnan skylt að hafa, og skal þess getið í hverri lyfsöluskrá.

28. gr.

Ráðherra ákveður í reglugerð, með sérstöku tilliti til þess, að misferli eigi sér ekki stað, alla tilhögun lyfjagerðar og lyfjaafgreiðslu lyfjabúða, þar á meðal um geymslu og aðra meðferð lyfja og lyfjaefna, um gerð lyfseðla og gildi þeirra, um umbúðir lyfja og áritun, hver lyf megi einungis láta úti gegn lyfseðli frá lækni (tannlækni, dýralækni) og hve oft gegn sama lyfseðli, og annað þess háttar. Í reglugerð skal enn fremur setja ákvæði til tryggingar gegn því, að í lyfjabúðum eigi sér stað viðskipti, er talizt geti einstaklingum eða almenningi hættuleg eða lyfjabúðum ósæmileg sem heilbrigðisstofnunum, og má í því sambandi heimila lyf-

sölum að afgreiða ekki lyf gegn lyfseðlum, sem tortryggilegir eru frá hendi læknis, eða til tortryggilegs fólks.

29. gr.

Ráðherra ákveður í reglugerð, hvernig verðlagningu lyfja skuli háttað. Hann gefur árlega út lyfsöluskrá. Um smásölu skal fylgja verðlagi lyfsöluskrár og ákvæðum reglugerðarinnar, þar sem lyfsöluskráin nær ekki til. Lyf, sem afgreitt er samkvæmt lyfseðli, má hvorki selja við hærra né lægra verði en lyfsöluskrá tilgreinir.

Í smásölu má þó veita læknum, sjúkrahúsum, heilsuhælum og sjúkrasamlögum afslátt frá verði lyfsöluskrár eftir samkomulagi, að fengnu samþykki stjórnar lyfsölusjóðs.

Ráðherra getur með ráði landlæknis skyldað lyfjabúð til að veita þessum aðilum afslátt frá verði lyfsöluskrár, ef þeir eru búsettir innan umdæmis lyfjabúðarinnar

Þótt lyf sé gert með sérstökum hætti, má ekki krefjast hærra verðs fyrir það en meginreglur lyfsöluskrár ákveða.

Heimilt er að ákveða í lyfsöluskrá aukagjald fyrir næturafgreiðslu í lyfjabúð, og renni gjaldið í lífeyristryggingarsjóð lyfsölufræðinga og lyfsala, enda fari um sjóðinn samkvæmt skipulagsskrá. Aukagjald má þó ekki taka fyrir afgreiðslu lyfs eftir lyfseðli.

30. gr.

Lyfsali er skyldur að afgreiða gegn reiðu þau lyf, sem tilgreind eru í 27. gr., þó einungis gegn lyfseðli þau lyf, sem aðeins má láta úti á þann hátt samkvæmt ákvæðum 28. greinar. Ef læknir lætur þess getið á lyfseðli, að lyf eða annan læknisdóm þurfi að afgreiða án tafar, og auk þess, hvern hann telji bera ábyrgð á greiðslunni, skal lyfsali afgreiða lyfið eða læknisdóminn svo fljótt sem auðið er, þótt greiðsla eða trygging sé ekki fyrir hendi, enda er honum þá heimilt að halda eftir lyfseðlinum.

31. gr.

Landlæknir hefur á hendi undir yfirstjórn ráðherra umsjá með rekstri lyfjabúða og öðrum lyfsölumálum, svo og þar til heyrandi störfum lyfsala, lyfsölufræðinga og lyfjasveina.

Ráðherra skipar landlækni til aðstoðar eftirlitsmann með lyfjabúðum og lyfjasölu. Eftirlitsmaður skal vera lyfsölufræðingur.

Eftirlitsmaður skal eftirlíta hverja lyfjabúð a. m. k. einu sinni á ári og aðrar lyfjasölur eftir ástæðum í samráði við landlækni.

Landlæknir semur og ráðherra staðfestir erindisbréf handa eftirlitsmanni, og skal þar kveðið nánar á um tilhögun eftirlitsins.

Kostnaður við eftirlit með lyfjabúðum og lyfjasölu greiðist úr lyfsölusjóði.

32. gr.

Ráðherra getur að fengnum tillögum landlæknis bannað innflutning og sölu lyfja, ef efni þeirra eða samsetning er ekki greind, þar á meðal sérlyfja, sem falla ekki undir ákvæði 34.—42. greinar, svo og blóðvatns og bóluefnis, ef ekki er hægt að ganga úr skugga um nothæfi þeirra.

33. gr.

Bannaðar eru hvers konar auglýsingar lyfja, lyfjavöru, lækn is- og lækningaáhalda og annarra læknisdóma nema sérstaklega fyrir læknum (tannlæknum, dýralæknum) og lyfsölufræðingum og þá á þann hátt, að ekki sé líklegt, að auglýsingin komi almenningi í hendur.

IV. KAFLI
Um sérlyf.

34. gr.

Sérlyf (patentlyf) er lyf, samsett eða ósamsett, sem gefið er sérnafn, og er gerð þess, samsetning eða nafn ekki í samræmi við hina opinberu lyfjaskrá eða löggilt eða þekkt lyfseðlasafn, sem vitnað er til og allir geta átt aðgang að.

35. gr.

Á umbúðum sérlyfs skal standa nafn og heimilisfang framleiðanda og innflytjanda, ef sérlyfið er erlent, nafn sérlyfsins, nafn virkra efna, sem í því eru, og hve mikið er af hverju.

36. gr.

Gerð sérlyfja er bönnuð á Íslandi, nema löggilding ráðherra komi til um efni, samsetning, gerð, umbúðir, heiti og áritun hvers sérlyfs. Enn fremur getur ráðherra takmarkað og bannað að fengnum tillögum lyfjaskrárnefndar innflutning og sölu erlendra sérlyfja:

1. ef sérlyf svarar ekki að efni og samsetningu til áritana á umbúðum eða fylgiskjali,
2. ef samsetning sérlyfs er breytileg, eða efni þess ófullnægjandi að gæðum og hreinleika að dómi ráðherra,
3. ef sérlyf er óhæfilega dýrt með tilliti til verðlags á efnum, sem í því eru, og framleiðslukostnaðar,
4. ef sérlyf telst hafa ekki þær verkanir, sem því eru eignaðar, eða heilsuspillandi verkanir,
5. ef sérlyf á annan hátt fullnægir ekki þeim skilyrðum, sem gilda um gerð, heiti og önnur ákvæði, er varða innlend sérlyf,
6. ef framleiðandi eða innflytjandi neitar að gefa fullnægjandi upplýsingar um sérlyf.

Upplýsingar um sérlyf, sem heilbrigðisstjórn eru gefnar, ber öllum hlutaðeigendum að varðveita sem embættisleyndarmál.

37. gr.

Ráðherra leyfir ekki gerð sérlyfs, sem að efni, samsetningu eða gerð er að áliti lyfjaskrárnefndar svo líkt löggiltu lyfi eða lyfi, sem talið er í kunnu lyfseðlasafni, eða áður löggiltu innlendu sérlyfi, að það, sem skilur, getur ekki skipt máli.

38. gr.

Ráðherra staðfestir ekki heiti sérlyfs, sem að áliti lyfjaskrárnefndar er líklegt til að geta valdið ruglingi við aðgreining sérlyfs frá löggiltum lyfjum, lyfjum, sem talin eru í kunnum lyfseðlasöfnum, eða áður löggiltum sérlyfjum, né heldur heiti, sem líklegt er til að vekja rangar hugmyndir um efni þess eða verkanir. Leitast skal við að velja öllum löggiltum sérlyfjum heiti, er séu í sem beztu samræmi við efni lyfjanna og skyldleika þeirra hvers við annað. Heiti sérlyfs má ekki gefa til kynna, að það eigi að nota við ákveðnum sjúkdómi.

39. gr.

Birta skal í Lögbirtingablaði heiti hvers sérlyfs, sem leyft hefur verið, og skal greina lyfjaskrár- eða efnafræðisheiti og magn hinna verkandi efna, en lyfsölum og læknum skal gerður greiður aðgangur að nákvæmri fyrirsögn um samsetning þess og gerð.

40. gr.

Í lyfsöluskrá skal greina útsöluverð allra löggiltra sérlyfja og almennt viðurkenndra og algengra erlendra sérlyfja.

41. gr.

Ráðherra getur bannað gerð og sölu löggilts sérlyfs, ef það að áliti lyfjaskrárnefndar uppfyllir ekki lengur skilyrði 1.—4. töluliðs 36. greinar.

42. gr.

Lyfsölum og læknum, sem hafa lyfsölu á hendi, skal skylt, að svo miklu leyti sem framkvæmanlegt er, að láta jafnan úti gegn ávísun á sérlyf samsvarandi lyf sérlyfinu eftir fyrirsögn hinnar opinberu lyfjaskrár eða kunnu lyfseðlasafni, nema læknir hafi getið þess á lyfseðlinum, að hann óski sérstaklega eftir því, að sjálft sérlyfið sé afgreitt, og þá með því að rita orðið „originalis“ eða skammstöfun þess orðs aftan við lyfjaheitið.

Samsvarandi lyf sérlyfi skal telja það lyf, sem hefur sömu efnasamsetning og sérlyfið, að því er varðar hin verkandi efni þess, enda sé það sem líkast því að útliti og bragði.

Nú er sérlyf sett þannig saman, að engin samsvarandi samsetning er greind í hinni opinberu lyfjaskrá eða kunnu lyfseðlasafni, og skal þá setja lyfið saman úr samsvarandi efnum, enda séu þau greind í hinni opinberu lyfjaskrá eða í kunnu lyfseðlasafni.

Ráðherra gefur út skrá um þau lyf, sem afgreiða skal í stað sérlyfja.

Sérlyf er þó jafnan leyfilegt að afgreiða, ef verð þess er ekki hærra, og skylt, ef verð þess er lægra en verð samsvarandi lyfs samkvæmt lyfjaskrá eða viðurkenndu lyfseðlasafni.

V. KAFLI
Um lyfjaheildsölu.

43. gr.

Á vegum heilbrigðisstjórnarinnar skal reka verzlunarfyrirtæki, er sé eign ríkisins og heiti Lyfjaverzlun Íslands. Því skal komið fyrir á þann hátt, sem hér greinir:

1. Ríkissjóður láni eða ábyrgist allt að einnar milljónar króna lán til stofnfjár handa fyrirtækinu.
2. Fyrirtækið sé sjálfstæður fjárhagsaðili og beri eitt, án bakábyrgðar ríkissjóðs, ábyrgð á fjárhagsskuldbindingum sínum. Það skal rekið samkvæmt fyrirfram gerðri fjárhagsáætlun til eins árs í senn, er ráðherra staðfestir. Ársreikninga fyrirtækisins, endurskoðaða af endurskoðun ríkisins, skal jafnan leggja fyrir fjárhagsnefndir Alþingis.
3. Verksvið fyrirtækisins sé að flytja inn, framleiða og verzla með lyf, lyfjaefni, hjúkrunarvarning, sjúkragögn og aðra læknisdóma. Vörur þær, er lyfjabúðir einar og læknar (dýralæknar), sem hafa rétt eða leyfi til lyfjasölu, mega selja, sé lyfjaverzluninni skylt að hafa á boðstólum og selja eingöngu þessum aðilum, svo og ríkinu, sjúkrahúsum og öðrum samsvarandi stofnunum til eigin afnota.
4. Fyrirtækinu stjórni tveir framkvæmdarstjórar, er ráðherra skipar, og skal annar vera læknir, er sé sérfróður lyfjafræðingur (pharmacolog), en hinn lyfsölufræðingur (pharmaceut). Aðalframkvæmdarstjóri ber ábyrgð á fjárhagslegum rekstri fyrirtækisins, en að öðru leyti skal ákveða í reglugerð, hvernig þeir skipti með sér störfum. Unz ákveðið verður í launalögum, kveður ráðherra á um launakjör framkvæmdarstjóra og setur reglur um starfsmannahald og launagreiðslur fyrirtækisins að öðru leyti.
5. Álagningu fyrirtækisins sé hagað svo, að unnt sé að standast allan kostnað af rekstri þess, þ. á m. hæfilegar afskriftir, og leggja í rekstrartryggingarsjóð 1%, mest 2%, af veltunni. Ágóði, er verða kann umfram þetta, renni í lyfsölusjóð.

6. Fyrirtækið er undanþegið tekju- og eignarskatti til ríkissjóðs og útsvari til bæjar- og sveitarfélaga.

44. gr.

Lyfjaverzlun Íslands er með lögum þessum veittur einkaréttur til að flytja inn og selja í heildsölu allar þær vörur, sem lyfjabúðum og læknum (dýralæknum), sem hafa rétt eða leyfi til lyfjasölu, er einum heimilt að selja.

Þetta ákvæði er þó ekki því til fyrirstöðu, að lyfsali skipti við lækna (dýralækna) í nágrenni sínu, er lyfjasölu hafa á hendi.

45. gr.

Lyfjaverzlun Íslands skal skylt, gegn vægri þóknun, er ráðherra samþykkir, en nema verður þó fullum kostnaði, að taka að sér útvegun, innflutning og dreifing lyfja, lyfjaefna og annarra læknisdóma (þar á meðal bóluefnis og sótthreinsunarlyfja), er ríkissjóður eða lyfsölusjóður (sbr. 5. tölulið 51. greinar) láta ókeypis í té, enn fremur efna, sem almennt eru notuð til varnar gegn dýrasjúkdómum og lækningar á þeim, svo og annarra efna í sambærilega þágu atvinnuvega landsmanna. Um tilhögun dreifingar þessara efna fer eftir því, sem ákveðið er eða kann að verða í sérstökum lögum, eða ráðherra segir nánar fyrir um í reglugerð.

VI. KAFLI
Um efnavöruverzlanir.

46. gr.

Ráðherra er heimilt að veita þeim, sem fengið hefur almennt verzlunarleyfi, sérstakt leyfi til að reka verzlun með lyfjavörur, hjúkrunarvarning, sjúkragögn og aðra læknisdóma, að þeim vörum undanskildum, sem lyfjabúðum og læknum (dýralæknum), sem hafa rétt eða leyfi til lyfjasölu, er einum heimilt að selja.

Leyfi þetta skal að jafnaði aðeins veita lyfsölufræðingum, en öðrum með því skilyrði, að þeir hafi sér við hönd lyfsölufræðing, er ráðherra samþykki, enda gegni lyfsölufræðingurinn fullu starfi við verzlunina.

Um ábyrgð á rekstri efnavöruverzlana og refsing fyrir misferli fer í samræmi við ákvæði 8. og 20. greinar.

Ráðherra ákveður nánar með reglugerð verksvið og rekstrartilhögun efnavöruverzlana, og má heimila þeim sérstaklega að verzla með efnavörur, sem ekki þykir áhættulaust, að farið sé með í almennum verzlunum.

VII. KAFLI
Um eftirlaun.

47. gr.

Lyfsölum, lyfsölufræðingum og lyfjasveinum, sem eru starfsmenn lyfjabúða eða Lyfjaverzlunar Íslands, er rétt og skylt að tryggja sér, ekkjum sínum og börnum á ómagaaldri lífeyri í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, eða eigi síðri lífeyri hjá annarri tryggingarstofnun, er ráðherra samþykkir.

Lyfjabúð (Lyfjaverzlun Íslands) er skylt að greiða hálf iðgjöld skyldutryggingar lyfsölufræðinga og lyfjasveina sinna, þó eigi meira en nemi hálfum iðgjöldum samsvarandi tryggingar í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

VIII. KAFLI
Um lyfsölusjóð.

48. gr.

Lyfjabúð greiðir árlegt gjald af hvers kyns verzlun og framleiðslu, sem rekin er í lyfjabúðinni eða í sambandi við hana og af sama starfsliði. Gjald þetta, sem miðast við viðskiptaveltu og nettóhagnað, rennur í lyfsölusjóð, og fer fjárhæð þess eftir þeim reglum, er hér greinir:

Af þeim hluta viðskiptaveltu, sem er yfir kr. 100000 á ári, skal greiða svo sem hér segir af fullum 100 kr.:

Að fullum 200000 kr. 1%.

Yfir	200000	kr.	að	300000	kr.	500	kr.	af 200000	og 2 % af afg.
—	300000	—	—	400000	—	1500	—	— 300000	— 3 — — —
—	400000	—	—	500000	—	3000	—	— 400000	— 4 — — —
—	500000	—				5000	—	— 500000	— 5 — — —

Af þeim hluta nettóhagnaðar, sem er yfir 9000 kr. á ári, skal greiða svo sem hér segir af fullum 100 kr.:

Að fullum 10000 kr. 3%.

Yfir	10000	kr.	að	11000	kr.	30	kr.	af	10000	og	6	% af afg.
—	11000	—	—	12000	—	90	—	—	11000	—	9	— — —
—	12000	—	—	13500	—	180	—	—	12000	—	12	— — —
—	13500	—	—	15000	—	360	—	—	13500	—	14	— — —
—	15000	—	—	16500	—	570	—	—	15000	—	16	— — —
—	16500	—	—	18000	—	810	—	—	16500	—	18	— — —
—	18000	—	—	20000	—	1080	—	—	18000	—	20	— — —
—	20000	—	—	22000	—	1480	—	—	20000	—	22	— — —
—	22000	—	—	24000	—	1920	—	—	22000	—	24	— — —
—	24000	—	—	27000	—	2400	—	—	24000	—	25,5	— — —
—	27000	—	—	30000	—	3165	—	—	27000	—	27	— — —
—	30000	—	—	33000	—	3975	—	—	30000	—	28,5	— — —
—	33000	—				4860	—	—	33000	—	30	— — —

Við ákvörðun beinna skatta til ríkis og sveitarfélaga skulu gjöld í lyfsölusjóð samkvæmt þessari grein teljast til frádráttar skattskyldum tekjum. Þar, sem útsvör eru að einhverju leyti miðuð við viðskiptaveltu, skulu lyfjabúðir undanþegnar slíku veltuútsvari.

Á meðan vísitala kauplagsnefndar er hærri en 100, miðað við grunntöluna 100 í jan.—marz 1939, skal reikna gjald í lyfsölusjóð á þennan hátt:

Viðskiptaveltu- og nettóhagnaðarfjárhæðum skal deila með 1/100 af meðalvísitölu reikningsársins. Af þeirri fjárhæð, sem þá fæst, skal finna gjald samkvæmt gjaldstiganum í 1. málsgr. Fjárhæð þá, sem gjaldstiginn þá segir til að greiða eigi, skal margfalda með 1/100 af meðalvísitölu. Útkoman er sú fjárhæð, sem greiða á í lyfsölusjóð.

49. gr.

Í stjórn lyfsölusjóðs eiga sæti formaður, skipaður af heilbrigðismálaráðherra til þriggja ára í senn og sem meðstjórnendur skrifstofustjóri þess ráðuneytis, er fer með heilbrigðismál, og skrifstofustjóri fjármálaráðuneytisins.

Lyfsalar og aðrir starfsmenn lyfjabúða og Lyfjaverzlunar Íslands mega ekki eiga sæti í stjórn lyfsölusjóðs.

Endurskoðun ríkisins endurskoðar reikninga lyfsölusjóðs. Reikninga sjóðsins skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

50. gr.

Skylt er lyfsölum að láta stjórn lyfsölusjóðs árlega fyrir 1. apríl í té reikninga sína, sundurliðaða í því formi, er stjórn sjóðsins segir fyrir um, endurskoðaða og staðfesta af löggiltum endurskoðendum þar, sem þeir eru á staðnum, en ella af endurskoðendum, er stjórn sjóðsins tekur gilda.

Ef lyfsali eða forstöðumaður lyfjabúðar lætur stjórn lyfsölusjóðs vísvitandi eða af hirðuleysi í té rangar skýrslur eða reikninga um rekstur og hag lyfjabúðar, þannig að lyfsölusjóður verði af réttmætu gjaldi, varðar það sektum allt að tíföldu því gjaldi, sem undan er dregið. Sektarfé þetta rennur í lyfsölusjóð.

51. gr.

Fé lyfsölusjóðs skal varið svo sem hér segir:

1. Til endurgreiðslu á stofnfjárláni samkvæmt 1. tölulið 43. greinar.
2. Til að standast kostnað af eftirliti með innflutningi lyfja, lyfjagerð og lyfjasölu í landinu, sbr. 31. gr.
3. Til tekjuuppbóta handa lyfsölum, er ekki ná þeim nettóárshagnaði af rekstri lyfjabúða sinna, að þeir verði gjaldskyldir í lyfsölusjóð samkv. 48. gr., enda sé ekki til að dreifa ódugnaði eða vanrækslu í starfi. Uppbætur þessar mega nema allt að ¾ hlutum þeirrar fjárhæðar, sem á vantar, að lyfsali hafi árstekjur, er svari fullum árslaunum embættismanns ríkisins, er tekur laun samkvæmt VI. flokki launalaga.
4. Til stuðnings framförum og fullkomnun í lyfjagerð og meðferð lyfja hér á landi.
5. Til verðlækkunar á lyfjum, þar á meðal ókeypis útláta á einstökum lífsnauðsynlegum lyfjum og öðrum læknisdómum, er mæða þungt á einstaklingum eða varða mjög heilbrigðisöryggi almennings.

Með reglugerð ákveður ráðherra nánar um greiðslur þessar.

52. gr.

Heimilt er að binda allt að helmingi lyfsölusjóðs í öruggum en ódýrum lánum (allt að 10% neðan við venjulega útlánsvexti) til Lyfjaverzlunar Íslands, lyfjabúða og lækna (dýralækna), sem rétt eða leyfi hafa til lyfjasölu, enda sé lánunum varið til kaupa á fasteignum, áhöldum, vörubirgðum og öðrum lyfsölunauðsynjum og ætla megi, að slíkar lánveitingar séu til aukinnar tryggingar öruggum og ódýrum rekstri lánþega.

Stjórn lyfsölusjóðs skal leita samþykkis ráðherra til lánveitinga, sem eru mikils háttar eða til langs tíma.

Lyfsölusjóður er skattfrjáls samkvæmt ákvæðum 4. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935.

IX. KAFLI
Um málarekstur og refsingar.

53. gr.

Mál, er rísa kunna út af brotum á 3., 14., 16., 22., 33., 35. og 36. gr. laga þessara, eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála, en út af 8. gr. sakamálameðferð.

54. gr.

Fyrir brot gegn lögum þessum, eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, skal refsa með sektum kr. 100 til kr. 50000, er renna í lyfsölusjóð, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Heimilt er að gera upptækan með dómi ágóða, er kann að hafa orðið af ólöglegri lyfjasölu, ólöglega gerð eða innflutt lyf, lyfjaefni eða aðra læknisdóma eða andvirði þeirra. Andvirði hins upptæka rennur í lyfsölusjóð.

X. KAFLI
Niðurlagsákvæði.

55. gr.

Áður en settar eru reglugerðir samkvæmt ákvæðum laga þessara, skal stéttarsamtökum lyfsala og lyfsölufræðinga jafnan gerður kostur á að fylgjast með málinu og láta í ljós álit sitt um það.

56. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1952.

Með lögum þessum eru úr gildi felld:

Tilskipun 4. des. 1672, um lækna og lyfsala.

Kansellíbréf 16. sept. 1797, um lyfjasölu.

Lög nr. 7 4. júní 1924, um gjald af hálfu lyfsala vegna kostnaðar við eftirlit með lyfjabúðunum o. fl.

Ákvæði laga nr. 69 7. maí 1928, um einkasölu á áfengi, varðandi lyfjaverzlun áfengisverzlunarinnar og eftirlit með lyfjabúðum.

Lög nr. 37 28. jan. 1935, um heimild rannsóknarstofnana ríkisins til lyfjasölu í sambandi við rannsóknir sínar.

Tilskipun nr. 112 20. ágúst 1938, um gerð og afgreiðslu sérlyfja, svo og tilskipun nr. 74 12. sept. 1946, um breyting á þeirri tilskipun.

Bráðabirgðaákvæði.

1. Lyfsali, sem náð hefur aldurshámarki samkvæmt 18. gr., er lög þessi ganga í gildi, heldur leyfi sínu í full 3 ár, en þó eigi lengur en til loka þess árs, er hann verður 75 ára.
2. Verzlanir, er verzlað hafa með vörur, sem þeim er gert óheimilt að selja samkvæmt ákvæðum laga þessara, eða þær mega því aðeins selja, að þær fullnægi sérstökum fyrirmælum laganna, halda rétti sínum óskertum í eitt ár. Slíkur frestur nær þó ekki til innflutnings þeirrar vöru, er lyfjabúðum og læknum (dýralæknum), sem rétt eða leyfi hafa til lyfjasölu, er einum heimilt að selja. Undanþágu má þó ráðherra veita um einstök vörukaup, sem sannanlega hafa verið gerð áður en lög þessi gengu í gildi, enda sé tegund vörunnar hentug, gæði hennar óvefengjanleg, verð sanngjarnt og magn við hæfi. Vöruna má aðeins afhenda Lyfjaverzlun Íslands og þá gegn kostnaðarverði.
3. Ákvæði í reglugerðum og auglýsingum, er nú gilda um lyfjabúðir og afhending lyfja og ekki fara í bága við ákvæði laga þessara, skulu gilda áfram, unz þau hafa verið numin úr gildi með reglugerðum samkvæmt lögum þessum.
4. Ákvæði 47. gr. um rétt og skyldu lyfsala, lyfsölufræðinga og lyfjasveina til tryggginga, taka ekki til aðila, sem orðnir eru fullra 60 ára, þegar lög þessi öðlast gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi, en náði ekki afgreiðslu. Um ástæður fyrir frv. er vísað til greinargerðar, er fylgdi því þá, sjá Alþt. 1949, A. þskj. 357.

Nd. 113. Nefndarálit [27. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 1. febr. 1936, um breyt. á og viðauka við siglingalög, nr. 56 30. nóv. 1914.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frumvarp þetta er fram borið til staðfestingar bráðabirgðalögum, er gefin voru út á s. l. sumri vegna aflabrests á síldveiðum, en bráðabirgðalög sama efnis höfðu áður verið gefin út á árinu 1949 og þá af sömu ástæðum.

Ákvæði þau (í 2. gr. l. nr. 30 1. febr. 1936), sem breytt var með bráðabirgðalögunum, hljóða svo:

„Sjóveðsréttar njóta ekki kröfur, sem skipstjóri stofnar við menn eða stofnanir hér á landi í sambandi við útgerð skipa, sem heimilisföst eru hér á landi og eingöngu eða aðallega eru notuð til fiskveiða hér við land, vegna úttektar á vistum, veiðarfærum, hvers konar sem eru, beitu, ís, salti, tunnum, kolum, benzíni, hvers konar olíum og vélanauðsynjum ....“

Efni bráðabirgðalaganna og frv. er, að þær kröfur skuli, þrátt fyrir framangreint ákvæði laganna frá 1936, hafa sjóveðsrétt, sem stofnaðar eru vegna úttektar vista til síldveiðiskipa sumarið 1950. Þótti sú ráðstöfun nauðsynleg til þess að síldveiðiskipin gætu fengið nauðsynlega úttekt vista um veiðitímann, þótt illa gengi veiðin og dráttur yrði á greiðslu.

Nefndin telur, að rétt hafi verið, eins og á stóð, að setja bráðabirgðalög um þetta efni og leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 1. nóvember 1950.

Pétur Ottesen, form. Gísli Guðmundsson, fundaskr., frsm. Halldór Ásgrímsson.
Sig. Ágústsson. Lúðvík Jósefsson.

Ed. 114. Breytingartillaga [29. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Jóhanni Jósefssyni.

Framan við 1. gr. frv. kemur nýr stafliður (a), svo hljóðandi:
Á eftir A. 38 í 2. gr. laganna bætist nýr tölul.:
Stórhöfðavegur í Vestmannaeyjum.

Sþ. 115. Þingsályktun [43. mál]

um hina almennu fiskideild hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins.

(Afgreidd frá Sþ. 1. nóv.)

Samhljóða þskj. 75.

Ed. 116. Frumvarp til lyfjalaga. [71. mál]

Flm.: Bernharð Stefánsson, Lárus Jóhannesson.

I. KAFLI
Orðaskýringar.

1. gr.

Í lögum þessum merkja:

Lyf:

a. Efni, sem skýrgreind eru í lyfjaskrá (pharmacopea), lyfjaskrá dýralækna eða í lyfseðlasafni (dispensatori), sem löggildingu hafa á Íslandi eða skýrgreind eru í sams konar heimildum, er gilda í öðrum löndum.
b. Efni, sem ætluð eru til notkunar við greiningu, lækningu eða fróun vanheilinda eða til varnar gegn vanheilindum í mönnum eða dýrum.
c. Efni, sem ætluð eru til að hafa áhrif á byggingu eða starfsemi líkama manna eða dýra, önnur en fæða og drykkur.
d. Efni, sem ætluð eru til að vera deild í samsetningu þeirra efna, sem nefnd eru í stafliðunum a, b og c.

Orðið lyf táknar ekki lækningatæki og deildir þess, enda séu þær ekki lyf samkvæmt ofangreindri skýrgreiningu.

Biologisk lyf: Toxin, antitoxin, serum, vaksín og önnur þeim skyld lyf.

Sérlyf: Lyf, sem verndar nýtur samkvæmt einkaleyfi um tilbúning, eða gefið er sérnafn, sem skrásett er sem vörumerki.

Lækningatæki: Áhöld, umbúðir og önnur tæki, sem ætluð eru:

a. til notkunar við greiningu, lækningu eða fróun vanheilinda eða til varnar gegn vanheilindum í mönnum eða dýrum:
b. til að hafa áhrif á byggingu eða innvortis starfsemi líkama manna eða dýra.

Löggilt lyf eða lækningatæki: Lyf eða lækningatæki, sem skýrgreind eru í lyfjaskrá, dýralæknalyfjaskrá eða lyfseðlasafni, sem löggildingu hafa á Íslandi.

Ráðherra: Sá ráðherra, sem fer með heilbrigðismál.

Lyffræðingur (lyfjafræðingur): Sá, sem lokið hefur fullnaðarprófi í lyfjafræði samkvæmt íslenzkum lögum.

Aðstoðarlyffræðingur: Sá, er lokið hefur fyrri hluta prófi í lyfjafræði samkvæmt íslenzkum lögum.

Apótek: Fyrirtæki það, sem lyffræðingur veitir forstöðu og rekur samkvæmt lyfsöluleyfi, veittu af forseta Íslands (áður konungi), og framleiðir og selur almenningi lyf og rekur aðra því skylda starfsemi í samræmi við lög þessi og reglugerðir, útgefnar samkvæmt þeim.

Apótekari: Lyffræðingur, sem hefur lyfsöluleyfi eða veitir apóteki forstöðu.

II. KAFLI
Stofnun apóteka og veiting lyfsöluleyfa.

2. gr.

Forseti Íslands ákveður stofnun apóteks með forsetaúrskurði og veitir leyfi til rekstrar apóteks (lyfsöluleyfi) og til forstöðu apóteks samkvæmt 6. gr.

Apótek má stofna þar, sem þess gerist þörf að dómi ráðherra. Æski bæjar- eða sveitarstjórn stofnunar apóteks, skal verða við þeirri ósk, reynist þess kostur.

Ráðherra auglýsir eftir umsóknum um lyfsöluleyfi og forstöðu apóteks samkvæmt 6. gr.

3. gr.

Leyfi lyfsöluleyfishafa til rekstrar apóteks fellur niður, þegar er hann fær leyfi til rekstrar annars apóteks.

Þó er apótekara rétt og skylt, ef ráðherra óskar, að reka hið fyrra apótek sitt, þar til nýr leyfishafi tekur við því. Ekki má binda þessa skyldu við lengri tíma en eitt ár.

4. gr.

Áður en ákvörðun er tekin um stofnun apóteks samkvæmt 2. gr. eða veitingu lyfsöluleyfis samkv. 6. gr. eða staðfestingu ráðningar samkv. 18. gr., 3. mgr., skal ráðherra leita álits Lyffræðingafélags Íslands og Apótekarafélags Íslands. Skulu félögin veita ráðherra allar upplýsingar, sem þau geta veitt og máli skipta.

5. gr.

Ráðherra staðfestir heiti apóteks.

Orðin apótek og lyfjabúð er óheimilt að nota í heiti annarra fyrirtækja en þeirra, sem leyfishöfum er með lyfsöluleyfi veitt heimild til að reka.

Læknar auðkenni lyfsölur sínar embættis- og starfsheiti.

6. gr.

Þeir einir geta fengið leyfi til rekstrar apóteks, sem fullnægja eftirgreindum skilyrðum:

a. 1. Eru íslenzkir ríkisborgarar;
   2. eru lögráðir og hafa forræði fjár síns;
   3. hafa óflekkað mannorð;
   4. hafa lyffræðingapróf samkvæmt íslenzkum lögum;
   5. eru ekki kunnir að ódugnaði eða hirðuleysi né andlega eða líkamlega miður sín vegna sjúkleika, misnotkunar áfengis eða eiturlyfja, er veldur hættu á, að þeim verði mistök á í starfi sínu.

b. Leyfi til rekstrar apóteks má veita samvinnufélögum og hlutafélögum, enda hafi slíkir aðilar sér við hönd lyffræðing, sem uppfyllir skilyrði þau, er talin eru í staflið a. þessarar greinar. Skal lyffræðingurinn annast forstöðu apóteksins og bera ábyrgð á rekstri þess.

   Leyfi til rekstrar apóteks má ekki veita starfandi lækni, dýralækni, tannlækni né sjúkrasamlagi, og eigi heldur hlutafélagi þessara aðila.

   Allt það, sem hér á eftir er sagt um apótekara, á einnig við um forstöðumenn apóteka.

III. KAFLI

Rekstur apóteka.

7. gr.

Sá, er fengið hefur leyfi til stofnunar og rekstrar nýs apóteks, skal hefja rekstrinn innan tveggja ára frá leyfisveitingu.

Sá, er fengið hefur leyfi til rekstrar apóteks, sem er í starfrækslu, skal hefja rekstur sinn innan 1 árs frá leyfisveitingu. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, getur ráðherra lengt frest þann, sem getur í fyrstu og annarri málsgrein, um allt að einu ári.

Sé það ráðið, að apótekari láti af rekstri apóteks í því skyni að taka við rekstri annars apóteks, getur sá, er tekur við af honum, þó ekki krafizt þess að hefja rekstrinn, áður en hinn fyrrnefndi hefur hafið sinn rekstur, enda sé það innan þess frests, sem um ræðir í 1. og 2. málsgr.

8. gr.

Ef lyfsöluleyfishafi deyr eða lyfsöluleyfi hans fellur niður, skal ráðherra auglýsa lyfsöluleyfið laust til umsóknar svo fljótt sem kostur er á.

Ráðherra ákveður, hvernig fara skuli með rekstur apóteks til bráðabirgða, þegar apótekari getur ekki gegnt starfi eða þegar lyfsöluleyfi er fallið niður.

9. gr.

Ef lyfsöluleyfishafi, sem lætur af rekstri apóteks eða bú hans krefst þess, skal apótekara þeim, er við tekur, skylt að kaupa gegn reiðu vörubirgðir og áhöld apóteksins, að svo miklu leyti sem þau eru nýt og við hæfi rekstrarins.

Ef ágreiningur verður um nothæfni eða verð áhalda og vörubirgða, skal málið lagt í gerð þriggja manna. Aðilar nefna þá í gerðina sinn manninn hvor, en ráðherra hinn þriðja, nema aðilar komi sér saman um oddamann.

Aðilar greiði að jöfnu allan kostnað af gerðinni.

10. gr.

Apótekari annast sjálfur forstöðu apóteks síns og ber ábyrgð á rekstri þess.

Auk apótekara skal starfa í apóteki einn lyffræðingur eða svo margir sem rekstur þess krefst.

Sé apótek svo lítið, að apótekari geti fullnægt rekstri þess með aðstoðarlyffræðingi eða einn án lærðs aðstoðarmanns, má ráðherra undanþiggja hann skyldu til að hafa lyffræðing sér við hönd.

11. gr.

Geti apótekari ekki annazt sjálfur rekstur apóteks síns vegna veikinda, nauðsynlegra fjarvista eða af öðrum orsökum, skal hann þá gera ráðherra aðvart, og skal forstaða apóteksins falin lyffræðingi, sem fullnægir skilyrðum 6. gr., í samráði við ráðherra.

Lyffræðingur eða aðstoðarlyffræðingur, sem ekki er íslenzkur ríkisborgari, má vinna við gerð og afgreiðslu lyfja í apóteki, ef skólanefnd Lyffræðingaskóla Íslands telur hann hafa tilskilda menntun.

12. gr.

Eigi má ráða starfsmann í apótek eða aðra lyfjaverzlun eða lyfjagerð, nema hann leggi fram heilbrigðisvottorð læknis. Starfsfólkið skal og árlega rannsakað af lækni.

13. gr.

Ráðherra setur reglugerð um útbúnað og lokunartíma lyfjabúða.

Samning reglugerðarinnar skal falin þriggja manna nefnd. Nefnir Apótekarafélag Íslands einn mann í nefndina, Lyffræðingafélag Íslands annan, og þann þriðja nefnir ráðherra, og skal sá vera formaður nefndarinnar.

14. gr.

Apótekarar og annað starfsfólk apótekara skal halda leyndri vitneskju eða grun, sem það fær í starfi sínu um sjúkdóm manna, nema á því hvíli vitnaskylda samkvæmt lögum.

IV. KAFLI
Lyfjagerð og lyfjaverzlun.

15. gr.

Apótek hafa rétt til lyfjagerðar, innflutnings lyfja, lækningatækja, varnings, sem notaður er í sambandi við hjúkrun og sótthreinsun, og snyrtivarnings.

Ráðherra skal gefa út skrá yfir þau lyf og lækningatæki, sem apótekurum og héraðslæknum, er hafa lyfsölurétt, er einum heimilt að selja og afhenda almenningi.

Nefnd fimm manna annast samningu skrárinnar. Nefnir Apótekarafélag Íslands einn nefndarmann, Lyffræðingafélag Íslands annan, Læknafélag Íslands þriðja, Verzl-

unarráð Íslands fjórða, fimmti nefndarmaður og jafnframt formaður hennar skal vera landlæknir.

Varning annan en þann, sem hér hefur verið greindur, mega apótek einungis selja að fengnu verzlunarleyfi.

16. gr.

Einstaklingur eða fyrirtæki, sem keypt hefur stórsöluleyfi, hefur rétt til innflutnings, framleiðslu og sölu á lyfjum til apótekara, héraðslækna og sjúkrahúsa, er fengið hafa rétt til lyfjagerðar samkvæmt 18. gr., en ekki annarra aðila. Réttur til þessarar starfsemi er bundinn því skilyrði, að stjórnandi verzlunarfyrirtækisins eða þeirrar deildar þess, er annast lyfjasöluna, sé lyffræðingur, sem sé fastur starfsmaður. Skulu þessir aðilar háðir sams konar skoðun og apótek af skoðunarmanni apóteka.

17. gr.

Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um útbúnað og tilhögun til framleiðslu biologiskra lyfja.

Fyrir framleiðslu biologiskra lyfja skal standa læknir eða lyfjafræðingur, en að öðrum kosti þarf sérstakt samþykki ráðherra fyrir vali hans.

Framleiðsla biologiskra lyfja skal háð sams konar eftirliti sem framleiðsla annarra lyfja.

18. gr.

Ráðherra getur veitt sjúkrahúsum og geðveikrahælum leyfi til lyfjagerðar og afgreiðslu lyfja handa sjúklingum sínum og starfsmönnum.

Í leyfinu má ákveða, að stofnuninni sé heimilt að afgreiða lyf frá lyfjagerð sinni til hliðstæðra stofnana.

Forstöðumaður slíkrar lyfjagerðar skal fullnægja skilyrðum 6. gr., og staðfestir ráðherra val hans. Forstöðumaðurinn skal vera virkur starfsmaður lyfjagerðarinnar, og ber hann ábyrgð á starfsemi hennar gagnvart lögum þessum á sama veg og apótekari ber ábyrgð á apóteki sínu.

19. gr.

Í læknishéraði, þar sem ekki er sérstakt apótek, má héraðslæknir hafa á hendi lyfjagerð og sölu lyfja og lækningatækja til almennings.

Sé apótek sett á stofn í slíku læknishéraði, fellur niður heimild læknis til lyfjagerðar og lyfjasölu, þegar rekstur apóteksins hefst.

20. gr.

Ráðherra skipar fimm manna lyfjaskrárnefnd til 10 ára í senn. Tveir nefndarmanna skulu tilnefndir af Háskóla Íslands, þriðji nefndarmaður skal tilnefndur af Læknafélagi Íslands, fjórði af Apótekarafélagi Íslands og fimmti af Lyffræðingafélagi Íslands. Ráðherra skipar einn nefndarmanna til að veita starfsemi nefndarinnar forstöðu. Að öðru leyti skipta nefndarmenn með sér verkum. Ráðherra skipar fimm varamenn, er tilnefndir séu á sama hátt. Þó skal ráðherra skipa einn aðalnefndarmann og einn varamann úr hópi starfandi dýralækna til þess að taka sæti á fundum nefndarinnar, er hún fjallar sérstaklega um útgáfu eða breytingu á lyfjaskrá dýralækna, enda víkur þá sá nefndarmaður, sem tilnefndur er af Læknafélagi Íslands.

Nefndin setur sér starfsreglur, er ráðherra staðfestir.

Ráðherra getur lagt svo fyrir, að nefndin njóti liðveizlu stofnana ríkis-, bæjar- eða sveitarfélaga í starfi sínu.

Nefndinni er heimilt, ef ráðherra samþykkir, að ráða sér aðstoðarmenn til lengri eða skemmri tíma.

Gögn þau, sem gefin eru út að tilhlutun lyfjaskrárnefndar, skulu jafnan vera til sölu handa viðkomandi aðilum við sanngjörnu verði.

Kostnaður af starfi lyfjaskrárnefndar og aðstoðarmanna hennar skal greiddur úr ríkissjóði.

21. gr.

Hlutverk lyfjaskrárnefndar skal vera:

1. Að semja eða velja lyfjaskrá;
2. að semja eða velja lyfjaskrá dýralækna;
3. að semja eða velja lyfseðlasöfn og formúluskrár;
4. að semja skrá yfir koltjöruliti, sem heimilt sé að nota í lyf og snyrtivarning til litunar eingöngu;
5. að semja breytingar og viðauka við framangreind heimildarrit til að gera þau á hverjum tíma svo fullkomin sem kostur er á;
6. að vera til aðstoðar, þegar ráðherra óskar, við rannsókn og prófanir lyfja og lækningatækja;
7. að semja reglugerð um verðlagningu lyfja og löggiltra lækningatækja og gefa árlega út lyfjaverðskrá;
8. að semja reglur um lyfseðla, afhendingu lyfja eftir þeim og hver lyf megi einungis selja eftir lyfseðli;
9. að vera til aðstoðar, þegar ráðherra óskar, við að semja reglugerðir og skrár samkvæmt lögum þessum.

22. gr.

Forseti löggildir lyfjaskrá og dýralækningalyfjaskrá svo og viðauka og breytingar við þær með tilskipun, að fengnum tillögum lyfjaskrárnefndar.

Ráðherra löggildir lyfseðlasöfn, formúluskrár, koltjörulitaskrá og lyfjaverðskrá með auglýsingu að fengnum tillögum lyfjaskrárnefndar.

23. gr.

Í smásölu, hvort sem lyf eða lækningatæki er selt eftir lyfseðli eða án lyfseðils, skal fylgt verðlagi lyfjaverðskrár og ákvæðum reglugerðarinnar, þar sem lyfjaverðskráin nær ekki til.

Heimilt er í lyfjaverðskrá að ákveða gjald fyrir næturafgreiðslu, og renni gjaldið í sameiginlegan styrktar- og eftirlaunasjóð apótekara og lyffræðinga.

Ekki má taka næturgjald fyrir afgreiðslu eftir nýjum lyfseðli merktum „Nocte“.

24. gr.

Apótekarar skulu jafnan hafa nægar birgðir þeirra lyfja og lækningatækja, sem þeim einum er heimilt að selja almenningi (sbr. 15. gr.).

Apótekarar skulu og reyna að útvega öll þau lyf og lækningatæki, sem læknar óska eftir, svo fljótt sem kostur er á.

Þau lyf skulu sett á frílista til óbundins innflutnings fyrir apótek, sem lyfjaskrárnefnd tiltekur, og má ekki banna eða takmarka innflutning á þeim.

25. gr.

Apótekara er skylt að afgreiða gegn reiðu þau lyf og lækningatæki, sem þeim einum er heimilt að selja, þó aðeins gegn lyfseðli þau lyf, sem aðeins má láta úti á þann hátt, sbr. 21. gr. 8. tölulið.

26. gr.

Auglýsingar á lyfjum eru bannaðar nema í sérritum lækna og lyffræðinga og á annan þann hátt, að ekki sé líklegt, að auglýsingin komi fyrir almenningssjónir.

Sýning lyfja í apóteki eða annarri þeirri stofnun, sem rétt hefur til sölu og framleiðslu lyfja, telst ekki auglýsing.

V. KAFLI
Sérlyf.

27. gr.

Ekki má skrásetja sérlyf, sem er eins að nafni og samsetningu og löggilt eða áður þekkt lyf, eða svo líkt, að það, sem á milli ber, getur ekki skipt máli.

Skal lyfjaskrárnefnd veita umsögn um sérlyf, áður en skrásetning fer fram.

Heiti sérlyfja skulu vera í samræmi við innihaldsefni þeirra og mega ekki gefa til kynna, að sérlyfin notist við ákveðnum sjúkdómi.

28. gr.

Birta skal í Lögbirtingablaðinu heiti hvers sérlyfs, sem skrásett hefur verið, og skal greina efnafræðiheiti og magn virkra innihaldsefna.

29. gr.

Apótekurum og læknum, sem hafa lyfjasölu á hendi, skal skylt, að svo miklu leyti sem framkvæmanlegt er, að láta úti gegn ávísun á sérlyf samsvarandi lyf sérlyfinu, nema læknir hafi getið þess á lyfseðlinum, að hann óski þess sérstaklega, að sérlyfið sé afgreitt, og þá með því að rita orðið originalis aftan við lyfjaheitið.

Samsvarandi lyf sérlyfinu skal telja það lyf. sem hefur sömu efnasamsetningu og sérlyfið, að því er varðar hin verkandi efni þess, enda sé það sem líkast því að útliti og bragði.

Lyfjaskrárnefnd skal gefa út skrá yfir nöfn og samsetningu þeirra lyfja, sem afgreiða skal í stað sérlyfja.

Sérlyf skal þó jafnan afgreiða, ef verð þess er lægra en verð samsvarandi lyfs.

30. gr.

Upplýsingar um sérlyf, sem heilbrigðisstjórn eru gefnar, ber öllum hlutaðeigandi að varðveita sem embættisleyndarmál.

VI. KAFLI
Um ranga meðferð og flokkun lyfja.

31. gr.

Það er röng meðferð lyfja:

1. Ef það er að einhverju eða öllu leyti sett saman úr óhreinum eða skemmdum efnum.
2. Ef það er búið til, sett í umbúðir eða varðveitt við svo ófullnægjandi skilyrði, að hætta er á, að það spillist og verði óheilnæmt.
3. Ef umbúðir þess eru úr efni, sem gerir það óheilnæmt.
4. Ef notaður er til litunar eingöngu koltjörulitur, sem ekki er leyfilegur samkvæmt koltjörulitaskrá, sbr. 21. gr., 4. lið.
5. Ef það er gefið til kynna sem löggilt efni, en styrkleiki þess er annar eða gæði þess og hreinleiki lélegri en krafizt er um slíkt efni.
6. Ef það, enda þótt ekki sé það löggilt efni, hefur annan styrkleika eða gæði þess eða hreinleiki er lélegri en framleiðandi eða seljandi eigna því.
7. Ef einhverju efni er blandað saman við það eða sett með því í umbúðir til að draga úr styrkleika þess eða er látið koma í staðinn fyrir það að einhverju leyti.

32. gr.

Það er röng flokkun lyfja:

1. Ef áritun er röng eða villandi.
2. Ef áritun þess greinir ekki:
   a. Nafn og heimilisfang framleiðanda eða þess, sem setur það í umbúðir til sölu, eða þess, er hefur það á boðstólum.
   b. Löggilt nafn, ef til er, og magn í þunga, máli eða fjölda.
   c. Ef eigi er um löggilt lyf að ræða og áritun greinir ekki venjulegt eða algengt nafn lyfsins, ef til er, og venjuleg eða algeng nöfn virkra innihaldsefna, ef þau eru tvö eða fleiri, og magn þeirra. Áritun á deildir lyfja má fella niður að einhverju eða öllu leyti eftir ástæðum, enda séu þær í heildarumbúðum, sem bera fulla áritun og séu ekki í stærra magni en hæfilegt er talið til einstaklingsþarfa.
   d. Ef lyf er látið úti eftir lyfseðli og þeirra ákvæða er ekki gætt í áritun, sem greind kunna að vera í reglugerð, sbr. 21. gr. 8. tölul.
3. Ef áritun fullnægir ekki þeim skilyrðum, að orð og upplýsingar, sem í henni skulu vera, séu augljósar og læsilegar hverjum venjulegum einstaklingi við kaup og notkun.
4. Ef lyf er boðið til kaups undir nafni annars lyfs, sbr. þó 29. gr.

33. gr.

Ákvæði 31. og 32. gr. skulu einnig taka til lækningatækja, eftir því sem við á.

34. gr.

Innflutningur, framleiðsla og sala lyfja og lækningatækja, sem falla undir ákvæði þessa kafla, eru bönnuð.

VII. KAFLI
Um eftirlit.

35. gr.

Ráðherra hefur eftirlit með framkvæmd þessara laga.

36. gr.

Ráðherra skipar sérstakan lyfjaskoðunarmann ríkisins (Visitator).

Lyfjaskoðunarmaður skal vera lyffræðingur að menntun og skal hafa starfað í apóteki í minnst fimm ár að loknu fullnaðarprófi.

Lyfjaskoðunarmanni skal látin í té hæfileg vinnustofa og tæki í samráði við ráðherra.

Þar til laun lyfjaskoðunarmanns hafa verið ákveðin í launalögum, skulu þau ákveðin af ráðherra.

Laun lyfjaskoðunarmanns og annar kostnaður við lyfjaeftirlitið skal greiddur úr ríkissjóði.

Lyfjaskoðunarmaður getur með samþykki ráðherra fengið sér aðstoð, ef þörf krefur.

37. gr.

Lyfjaskoðunarmaður skal árlega skoða öll apótek landsins, lyfjaverzlanir héraðslækna og önnur fyrirtæki og stofnanir, sem framleiða eða selja lyf.

Hann skal fylgjast með því eftir ástæðum, að lyf og lækningatæki uppfylli kröfur um rétta meðferð og flokkun og að framleiðendur og seljendur fylgi tilskildum reglum um búnað og starfsháttu. Reynist einhverju ábótavant og ekki er úr því bætt eftir fyrirsögn lyfjaskoðunarmanns, skal hann tilkynna það ráðherra og gera tillögur, að því er það varðar.

Forráðamenn og starfsmenn viðkomandi fyrirtækja og stofnana svo og opinberir sýslunarmenn skulu greiða fyrir lyfjaskoðunarmanni í starfi hans.

Lyfjaskoðunarmaður á rétt á að fá til rannsóknar án endurgjalds hæfilegt magn lyfja. Er hann tekur sýnishorn af lyfjum til rannsóknar, skal hann taka tvö sýnishorn, skal annað þeirra auðkennt og skilið eftir hjá eiganda til gagnrannsóknar.

Lyfjaskoðunarmaður skal fara með alla vitneskju um viðskiptaeinkamál, sem hann kann að öðlast í starfi sínu, sem sérstakt trúnaðarmál. Lyfjaskoðunarmaður skal árlega gefa skýrslu um starf sitt á liðnu almanaksári.

VIII. KAFLI

Um skaðabótaskyldu, refsiábyrgð og sviptingu réttinda.

38. gr.

Um hegningarábyrgð og fébótaábyrgð eigenda og starfsmanna apóteka, lyfjagerða og hvers konar lyfjaverzlana vegna ávirðinga fer eftir almennum reglum.

39. gr.

Telji landlæknir rekstri apóteks ábótavant vegna vanrækslu apótekara eða af hendi starfsmanna apóteksins, skal hann áminna apótekara um að bæta úr því, sem ábótavant þykir.

Telji landlæknir, að apótekari, lyffræðingur eða aðstoðarlyffræðingur ræki svo illa störf sín fyrir ódugnað, hirðuleysi eða aðra annmarka, sbr. 6. gr., að almenningi geti stafað hætta af, skal hann leggja til við ráðherra, að apótekari verði sviptur rekstrarleyfi og apótekari, lyffræðingur eða aðstoðarlyffræðingur sérréttindum sínum, og eftir atvikum, að lagt verði bann við því, að aðili starfi í apóteki.

Ráðherra fellir úrskurð um tillögur og aðgerðir landlæknis samkvæmt 2. málsgrein, og má svipta apótekara, lyffræðing eða aðstoðarlyffræðing réttindum samkvæmt þeim, en leggja skal ráðherra þó málið tafarlaust og eigi síðar en innan þriggja sólarhringa til dómara, og kveður dómari þá upp úrskurð innan viku frá því, að málið var til hans lagt, um það, hvort starfssvipting skuli haldast, unz fullnaðardómur gengur.

Áfrýjun frestar ekki framkvæmd úrskurðar, nema um sé að tefla svipting leyfis til rekstrar apóteks.

Ef ráðherra telur nauðsynlegt, að læknir rannsaki heilbrigðisástand apótekara, lyffræðings eða aðstoðarlyffræðings, áður en úrskurður er upp kveðinn um það, hvort svipta beri þá réttindum, skal hann óska þess, að aðili fallist á að gangast undir þessa rannsókn, en geri hann þess ekki kost, skal ráðherra fela rétti þeim, sem málið heyrir undir, að kveða upp úrskurð hér að lútandi. Rétturinn getur kveðið upp slíkan úrskurð, eftir að mál er höfðað.

Færist aðili undan að hlíta úrskurði réttarins um rannsókn á heilbrigðisástandi aðila, skal ráðherra svipta hann réttindum, en mál skal ekki höfða og málsókn falla niður, ef hafin er. Kostnaður af framangreindum læknisrannsóknum skal greiddur úr ríkissjóði.

Ráðherra má veita apótekara, lyffræðingi eða aðstoðarlyffræðingi aftur þau réttindi, sem hann hefur verið sviptur samkvæmt þessari grein, enda séu brostnar forsendurnar fyrir réttindamissinum.

40. gr.

Nú hefur aðili verið sviptur starfsréttindum til bráðabirgða, en honum er með fullnaðardómi veittur réttur til starfsins, og skal hann þá eiga rétt til fébóta úr ríkissjóði eftir þeim reglum, sem gilda um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju.

41. gr.

Gera má upptækt með dómi:

1. Ávinning, sem aflað hefur verið með broti og enginn á löglegt tilkall til, eða fjárhæð, sem svarar til slíks ávinnings.
2. Lyf, sem eru ólöglega innflutt eða ólöglega seld almenningi. Hafi brot ekki verið framið af ásetningi, skal lyf eða lækningatæki því aðeins gert upptækt, að nauðsyn beri til vegna almenns öryggis. Sé lyf ekki gert upptækt, skal eiganda leyft að hagnýta það í samráði við og undir tilsjón lyfjaskoðunarmanns.

IX. KAFLI
Um tryggingar.

42. gr.

Apótekarar, lyffræðingar og aðstoðarlyffræðingar, sem eru starfsmenn apóteka, lyfjagerða og lyfjaverzlana, skulu tryggja sér, ekkjum sínum og börnum á ómagaaldri lífeyri, er eigi sé síðri en vera mundi í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, hjá tryggingarstofnun, sem ráðherra samþykkir, enda eru þeir þá undanþegnir slíkri tryggingu samkvæmt lögum um almannatryggingar.

43. gr.

Apótek, lyfjagerðir og lyfjaverzlanir skulu greiða hálf iðgjöld skyldutrygginga apótekara, lyffræðinga og aðstoðarlyffræðinga sinna, þó eigi meira en nemi hálfum iðgjöldum samsvarandi trygginga í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Iðgjöld þessi skulu talin til rekstrarkostnaðar viðkomandi fyrirtækja og stofnana.

Í sambandi við ákvæði þessa kafla er apótekurum og lyffræðingum heimilt að notfæra hinn sameiginlega sjóð stéttanna, sem 23. gr., 2. mgr. getur, svo og einkasjóði stéttanna, og þeim er heimilt að láta hina sameiginlegu sjóði fá einkasjóðinn, allt eftir nánari reglum, sem ráðherra samþykkir.

X. KAFLI

44. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað

Með lögum þessum eru úr gildi numin:

1. Tilskipun 4. des. 1672 um lækna og apótekara.
2. Kansellibréf 16. sept. 1797 um lyfjasölu.
3. Lög nr. 7 4. júní 1924, um gjald af hálfu apótekara vegna kostnaðar við eftirlit með apótekum o. fl.
4. Lög nr. 37 28. jan. 1935, um heimild rannsóknarstofnana ríkisins til lyfjasölu í sambandi við rannsóknir sínar.
5. Öll ákvæði, sem fara í bága við lög þessi. Þó skulu ákvæði áfengislaga um innflutning og sölu áfengis standa óhögguð.

XI. KAFLI
Ákvæði til bráðabirgða.

45. gr.

Ákvæði í reglugerðum og auglýsingum, er gilda um apótek og afhendingu lyfja og ekki fara í bága við ákvæði laga þessara, skulu gilda áfram, unz þau hafa verið numin úr gildi með reglugerðum samkvæmt lögum þessum.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutan Apótekarafélags Íslands og Lyffræðingafélags Íslands, en flutningsmenn áskilja sér óbundið atkvæði um einstakar breytingar, sem fram kunna að koma.

Í frumvarpinu er byggt á, að rétt sé, að innflutningur, sala og tilbúningur lyfja sé í höndum aðila, sem til þess fá sérstaka heimild, og fari fram á ábyrgð þeirra, en lúti eftirliti hins opinbera og reglum, sem það setur með lögum eða reglugerðum.

Frumvarp þetta er fram komið í því augnamiði að bæta úr þörf vorri á heildarlöggjöf um lyffræði, en slík löggjöf er að sínu leyti jafnmikilvæg heilbrigðismálum þjóðarinnar sem læknisfræðileg löggjöf, er vér höfum þó átt um alllangt skeið. Aðrar þjóðir hins menntaða heims hafa um langan aldur átt sjálfstæða löggjöf um lyffræði.

Það, sem til er í löggjöf vorri um lyffræðimál, er einkum:

1. Tilskipun 4. des. 1672 um lækna og lyfsala.
2. Kansellibréf 16. sept. 1797 um lyfjasölu.
3. Lög nr. 14 20. júní 1923, um tilbúning og verzlun með ópíum.
4. Lög nr. 7 4. júní 1924, um gjald af hálfu lyfsala vegna kostnaðar við eftirlit með lyfjabúðum.
5. Auk þessa eru nokkrar auglýsingar heilbrigðisstjórnarinnar til lækna og lyfsala með fyrirmælum um einstök atriði í meðferð lyfja, og er sú helzta um reglur varðandi gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja 2. janúar 1949, enn fremur kgl. auglýsing 6. júlí 1934, um löggildingu dönsku lyfjaskrárinnar hér á landi.

Eins og yfirlit þetta ber með sér, er löggjöf vor um lyffræðimál í senn fáskrúðug og eigi vel til þess fallin að leysa viðfangsefni nútíma lyffræði, enda er hún ýmist samin á þeim tíma, er landið var erlend hjáleiga, eða hún er samin með úrlausn einstakra vandamála fyrir augum, en er ekki mótuð af heildaryfirsýn.

Frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er ætlað að bæta úr skortinum á lyfjalöggjöf á nútímavisu, og eru tekin upp í það öll ákvæði, sem eðlilegt má teljast, að séu í lögum um þessi efni, en að öðru leyti sé skipað fyrir um þau með reglugerðum á þann hátt, sem nánar er tiltekið í frumvarpinu.

Frumvarpið er samið með hliðsjón af dönskum lyfjalögum: Lov Nr. 107 af 31. Marts 1932, om Apotekervæsenet, eins og þeim var breytt með Lov Nr. 88 af 15. Marts 1939 svo og af lyfjalögum Bandaríkja Norður-Ameríku, samþ. 25. júní 1938, en að sjálfsögðu er fyllsta tillit tekið til íslenzkrar reynslu og staðhátta.

Við samningu frumvarpsins hefur verið leitazt við að taka tillit til allra aðila, sem þessi lög geta snert, án þess að slakað hafi verið á því meginsjónarmiði, að almenningur eigi það ávallt víst, að með lyf fari einungis þeir, sem til þess hafa fullkomna þekkingu og jafnan gæta þeirra krafna, sem í þessum efnum verður að gera.

Um I. kafla (1. gr.).

Rétt hefur þótt að gera á einum stað grein fyrir helztu orðum og hugtökum, sem koma fyrir í frv., og er þar stuðzt við 201. gr. 11. kafla í lyfjalögum Bandaríkja Norður-Ameríku frá 25. júní 1938.

Talið hefur verið rétt að halda orðunum „apótek“ og „apótekari“. Þær þýðingar, sem til eru á þessum orðum, svo sem lyfjabúð og lyfsali, ná ekki nema broti af því, sem felst í apótek og apótekari, og þau orð hafa fengið staðfestingu í norrænum málum. Um þetta atriði hefur verið leitað álits próf. dr. phil. Björns Guðfinnssonar, sbr. bréf hans til Apótekarafélags Íslands, dags. 20. nóv. 1945, en þar telur prófessorinn, að rétt sé að nota orðin apótek og apótekari, meðan ekki hafi fundizt betri orð í stað þeirra en lyfjabúð og lyfsali.

Orðið lyfjasveinn hefur og sézt í rituðu máli í merkingunni aðstoðarlyffræðingur, en gefur ranga hugmynd um það, sem við er átt, vegna notkunar orðsins

„sveinn“ í iðngreinum landsins. Fyrrihlutapróf í lyffræði er nefnt aðstoðarmannspróf, og því má nefna þann, sem hefur lokið því, aðstoðarlyffræðing.

Í sambandi við skýrgreiningu fræðilegra hugtaka er vert að geta þess hugtakabrengls, sem vart hefur orðið í notkun orðsins lyfjafræði (lyffræði). Við Háskóla Íslands er talað um aðstoðarkennara í lyfjafræði. Háskólinn kennir alls ekki lyfjafræði (pharmacy), heldur er hér átt við kennslu í lyflæknisfræði eða öllu heldur þeim hluta hennar, sem nefndur er pharmacology og í meginatriðum fjallar um áhrif lyfja á líkamann. Pharmacology gæti þýtt lyfeðlisfræði á íslenzku og pharmacolog lyfeðlisfræðingur.

Lyfjafræði (sbr. lög nr. 112 20. maí 1940, um Lyffræðingaskóla Íslands) er hins vegar fræðin um samsetningu lyfja, gerð þeirra og afhendingu. Nám lyfjafræðinga og lyfeðlisfræðinga (lækna) fer ekki saman.

Um II. kafla (2.—6. gr.).

Hér er gert ráð fyrir, að forseti veiti leyfi til rekstrar apóteka. Koma í þessu sambandi fram svipaðar meginreglur og gerist í lyfjalöggjöf Norðurlandaþjóðanna og fleiri landa, og er í samræmi við það, sem gilt hefur hér á landi.

Í 2. gr. er gert ráð fyrir, að bæjar- eða sveitarstjórn geti óskað sérstaklega, að stofnað verði apótek á svæði þeirra. Nú vantar apótek víða á landinu, og er eðlilegt, að farið væri eftir óskum bæjar- og sveitarfélaga um staðsetningu nýrra apóteka, ef þess er kostur.

Í 4. gr. er gert ráð fyrir því, að ráðherra leiti álits stéttarfélaga lyffræðinga og apótekara viðvíkjandi veitingu lyfsöluleyfa. Vegna þeirrar takmörkunar til rekstrar apóteka, sem frumvarp þetta leggur lyfjastéttinni á herðar, verður að álíta það sanngjarnt, að stéttin hafi umsagnarrétt um veitingar apóteka.

Um III. kafla (7.—14. gr.).

Í 7. gr. eru reglur um það, hvenær sá, sem hefur öðlazt veitingu fyrir apóteki, skuli hefja rekstur, og er hér um eðlilegt aðhald að ræða gagnvart apótekaranum.

Í 9. gr. er gert ráð fyrir því, að hægt sé að skylda viðtakandi apótekara til kaupa gegn reiðu á tækjum apóteksins. Getur það ekki talizt ósanngjarnt, þar sem það leiðir af skipulagi lyfsölunnar, að litlir möguleikar væru að öðrum kosti til að selja tæki apóteksins, og því væri hætta á, að þau yrðu verðlaus. Öðru máli gegnir með fasteignir. Eðlilegast er, að um þær fari fram óþvinguð samskipti milli aðila. Sé fasteignin hentug til rekstrar apóteks, er það hagur viðtakanda að festa kaup á henni. Sé hún hins vegar miður nýtileg, mætti gera ráð fyrir, að reynt yrði að beita þvingun til að selja hana, ef slíkt væri heimilt, og mundi það torvelda endurnýjun apóteksins.

Í 10. gr. kemur fram sú meginregla, að apótekari annist sjálfur rekstur apóteks. Ef apótekari getur það ekki af ástæðum, sem nánar eru tilteknar, skal hann gera ráðherra aðvart, og er forstöðu apóteksins þá ráðstafað í samráði við hann. Um þetta atriði eru apótekarar því settir á borð með læknum. Einnig telst rétt að ákveða um aðstoðarmenn apótekara, að þeir skuli vera sérfróðir, en þó er unnt að veita undanþágu frá því. Rétt þótti að taka upp reglu um störf erlendra lyffræðinga í apótekum hér á landi. Til íslenzkra lyffræðinga eru gerðar mjög miklar kröfur um þekkingu og starfstíma, áður en þeir fá fullkomin atvinnuréttindi. Hins vegar er mjög misjafnt, hverjar kröfur eru gerðar erlendis til lyffræðinga í því efni. Er því rétt, að settar séu reglur um eftirlit með því, að erlendir lyffræðingar, sem starfa hér á landi, hafi tilskilda menntun.

13. gr. felur ráðherra að setja reglugerð um útbúnað og rekstrartilhögun apóteka. Með því er átt við, að apótekunum séu settar reglur um tæki ýmiss konar til vinnu, rannsókna og geymslu lyfja og um vinnustofur og önnur hýbýli með það fyrir augum, að apótekin séu á þann veg útbúin, að þau séu þess umkomin að inna af höndum skyldustörf sín.

Ýmis núgildandi opinber ákvæði ná til rekstrarfyrirkomulags og útbúnaðar apóteka sem annarra atvinnufyrirtækja, sbr. vélaeftirlit, bruna- og rafmagnsgæzla, byggingarsamþykktir o. fl.

Reglugerðin samkvæmt 13. gr. skal einnig ná til lokunartíma apóteka. Fram til þessa hefur verið ætlazt til, að apótekin væru opin til afgreiðslu lyfja allar stundir sólarhringsins árið um kring, sbr. 191. gr. tilskipunar frá 4. des. 1672 um lækna og lyfsala, en skipting hefur á síðari árum verið leyfð milli apóteka, þar sem þau eru fleiri en eitt. Hinn langi starfstími apótekanna hefur víða í för með sér mikla örðugleika, og í sumum öðrum löndum er þessu mjög á annan veg háttað.

Því hefur þótt rétt að lögfesta ekki að sinni ákvæðin fyrirmæli um lokunartíma apóteka, en láta fara fram rannsókn á því, hver væri heppilegust lausn þessa vandamáls, og fela ráðherra síðan að gefa út reglugerð, sem byggð væri á niðurstöðum þessara rannsókna.

14. gr. leggur apótekurum og lyffræðingum og öðru starfsfólki apóteka þagnarskyldu á herðar um einkamál manna.

Er þetta í samræmi við siðvenju stéttarinnar sem og við svipuð ákvæði 24. gr. tilskipunarinnar frá 4. des. 1672 og laga nr. 47 23. júní 1932, um lækna og annað heilbrigðisstarfsfólk.

Um IV. kafla (15.—26. gr.).

Í 15. gr. 1. mgr. er í stórum dráttum afmarkaður sá varningur, sem apótek selji, en í 2.—3. mgr. eru ákvæði um samningu skrár yfir þau lyf og lækningatæki, sem apótekurum og héraðslæknum, sem hafa lyfsölurétt, sé einum heimilt að selja. Er gert ráð fyrir, að hæfustu sérfræðingar, sem völ er á, semji skrána. Um þessi atriði er stuðzt við dönsku lyfjalögin (Lov om Apotekervæsenet, 19. gr.). Að sjálfsögðu er skylt, að skráin sé ávallt í fullnægjandi horfi og endurnýjuð eða breytt, þegar þörf er á. Auk sölu á varningi samkvæmt lyfjaskrá mega apótek selja annan varning, ef almennt verzlunarleyfi er til staðar.

Í 16. gr. er ákvæði til aðhalds þeim heildverzlunum, sem selja varning til apóteka. Þessum aðilum er gert að skyldu að selja ekki öðrum en apótekum, héraðslæknum og sjúkrahúsum og láta sérfræðinga annast þennan verzlunarrekstur undir sama eftirliti og apótek eru háð.

Með 18. gr. er ráðherra leyft að heimila sjúkrahúsum hins opinbera að hafa á hendi lyfjagerð fyrir sjúklinga sína. Tíðkast slík lyfjagerð við stærri sjúkrahús í öðrum löndum. Lyfjagerð þessi er að sjálfsögðu háð öllum þeim sömu kröfum um kunnáttu starfsmanna og meðferð lyfja, sem gerðar eru til apóteks.

Í 19. gr. er sagt fyrir um lyfsölu lækna, og er það í samræmi við núgildandi reglur.

20.—23. gr. fjalla um skipun lyfjaskrárnefndar og störf hennar. Slík nefnd sérfræðinga eða önnur álíka aðild er starfandi í öllum menningarlöndum og hefur það hlutverk, sem í greinunum kemur fram. Þessi starfsemi hefur verið vanrækt hér á landi, enda engin lyfjaskrárnefnd verið starfandi.

Danska lyfjaskráin hefur verið löggilt hér á landi óbreytt, svo og dönsk lyfseðlasöfn, en með öll nýrri lyf höfum vér haft hliðsjón af lyfjaskrám annarra ríkja.

Starfsemi lyfjaskrárnefndar hefur hina mestu þýðingu fyrir heilbrigðismálin, þar sem hún á ekki aðeins að velja eða semja lyfjaskrá, eftir því sem þörf krefur, heldur á hún og að fylgjast með öllum nýjungum lyfjavísindanna og hafa vakandi auga með því, að þær séu nýttar í þágu almennings svo sem föng verða á. Hún skal enn fremur vera sérfræðileg ráðgjafarnefnd ráðherra um öll mál, er lúta að starfi lyffræðinga, eftir því sem hann óskar. Er þetta einkar mikilvægt atriði, eins og málum er háttað hér á landi.

Eins og áður er drepið á, er stjórn heilbrigðismálanna í Danmörku, Sundhedsstyrelsen, sem fer næst heilbrigðismálaráðuneytinu (innanríkisráðuneytinu) að völdum, m. a. skipuð sérfræðingum úr apótekara- og læknastétt. Með því er Sundhedsstyrelsen veitt aðstaða til að geta sinnt þessum málum. Vér erum verr settir en

Danir að þessu leyti, og hefur ráðherra ekki annan ráðgjafa í þessum málum en landlækni einn, sem á óhæga aðstöðu til að gera lyffræðilegum málum skil, bæði vegna þess, að hann hefur ekki hlotið menntun né reynslu lyffræðinga, og vegna anna embættis síns. En vandamál þetta má leysa að nokkru með því, að ráðherra geti falið lyfjaskrárnefnd að gera tillögur um reglugerðir og annað, sem varðar framkvæmd þessara laga, eftir nánari reglum, sem ráðherra samþykkir.

Í 24. gr. 1. mgr. er ákvæði um skyldu apótekara til að hafa nægar lyfjabirgðir, og í framhaldi af því er ákvæði 3. mgr. um, að lyf skuli sett á frílista til óbundins innflutnings fyrir apótek, sem lyfjaskrárnefnd tiltekur. Þetta ákvæði miðast við, að í gildi séu innflutningshöft, og er lagt á vald lyfjaskrárnefndar að ákveða, hvaða lyf séu svo þýðingarmikil, að rétt sé að setja þau á frílista. Er með þessu fullnægt því, að rökstutt sé fyrir gjaldeyrisyfirvöldunum, hvaða lyf séu ómissandi.

Reglan í 26. gr. um auglýsingar lyfja er hin sama og nú er í gildi, og er hún í samræmi við það, sem gildir á Norðurlöndum.

Um V. kafla (27.—30. gr.).

Þessi kafli ákveður um skrásetningu sérlyfja (patentlyfja) og um ýmsar kröfur, sem til þeirra eru gerðar. Er hann að efni til áþekkur samsvarandi ákvæðum í 4. málsgr. 25. gr. og í 32. gr. dönsku laganna frá 31. marz 1932, sem gildandi tilskipun heilbrigðisstjórnarinnar, nr. 112 20. ágúst 1938, um gerð og afgreiðslu sérlyfja, er sniðin eftir.

Um VI. kafla (31.—34. gr.).

Í þessum kafla eru settar fram á einum stað grundvallarkröfur til meðferðar lyfja við framleiðslu, varðveizlu og sölu þeirra í því augnamiði að tryggja hollustu þeirra og gæði. Enn fremur til tryggingar því, að lyfin villi ekki á sér heimildir, en séu búin í hendur læknum og sjúklingum á þann veg, að gerð þeirra, innihaldsefni og annað, sem máli skiptir, sé ótvírætt og satt. Með öðrum orðum sagt, að vísindaleg meðferð lyfja sé tryggð frá framleiðslu til notenda.

Kröfur þessa kafla eru sígildar og breytast ekki frá einum tíma til annars og eiga því tvímælalaust heima í lögum. Að efni til er þessi kafli áþekkur samsvarandi ákvæðum í 501. og 502. gr. í V. kafla og 601.—606. gr. í VI. kafla bandarísku lyfjalaganna, nr. 717 25. júní 1938, að svo miklu leyti sem ákvæði þeirra kafla eiga við hér á landi.

Um VII. kafla (35.—37. gr.).

Í þessum kafla eru reglur um eftirlit með framkvæmd laganna. Er gert ráð fyrir, að skipaður sé lyfjaskoðunarmaður ríkisins, sem hafi á hendi eftirlitið. Er 36. gr. um skyldu þess manns, en 37. gr. um starfsvið hans og annað því viðkomandi.

Meðal lyffræðinga og apótekara er álitið, að eftirlit með apótekum og öðrum lyfjagerðum eigi að vera fólgið í því, að skoðaðar séu vörubirgðir og framleiðsluvara og þess sé gætt, að þær standist kröfur, sem þeim ber að uppfylla, að enn fremur sé skoðaður útbúnaður og húsakynni og litið til með starfsfólki og að á þennan hátt sé þess gætt, að allar kröfur séu uppfylltar um hollustuhætti og gæði lyfja og um rétta starfsháttu, sem rétt er að gera og heimilt. Má benda á, að í 30. gr. dönsku apótekaralaganna frá 31. marz 1932 er þessi skilningur lagður í eftirlitið, enda framkvæmt á þann veg í Danmörku, og má fullyrða, að sama hefur vakað fyrir íslenzkum löggjafa.

Um VIII. kafla (38.—41. gr.).

Efni þessa kafla er í meginatriðum sniðið eftir samsvarandi ákvæðum í 38. gr. dönsku lyfjalaganna (Lov om Apotekervæsenet, nr. 107 31. marz 1932, eins og þeim var breytt með lögum nr. 88 15. marz 1939).

Í 38. gr. er almennt ákvæði um fébótaábyrgð þeirra aðila, sem þar eru taldir, og er það í samræmi við það, sem nú er talið gilda.

Í 39. gr. er ákvæði um það, ef apótekari er sviptur réttindum til að reka apótek. Eru þessar reglur settar, til að hið opinbera hafi heimild til að fyrirbyggja á ákveðinn hátt skaðlegar afleiðingar, sem leiða kynnu af því, að óhæfur maður gegndi starfi apótekara. Þessar reglur eru settar vegna nauðsynjar almennings, en jafnframt búið svo um, eins og kostur er á, að varna misbeitingu þeirra.

Um 41. gr. má segja, að hún leiði af almennum réttarfarsreglum, en rétt þótti að taka upp slíkt ákvæði, svo að heimild dómstólanna væri skýr.

Um X. kafla (44. gr.).

Út af 2. mgr. 4. lið er rétt að taka fram, að í stað laga nr. 37 1935 koma ákvæði 17. gr. um biologisk lyf, og er þar einnig heimild til setningar reglugerðar, sem innihaldi nánari ákvæði um framleiðslu slíkra lyfja.

Ed. 117. Frumvarp til laga [24. mál]

um aðstoð til bænda á óþurrkasvæðunum á Austur- og Norðurlandi.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka allt að 4½ milljón króna lán og verja fénu til aðstoðar bændum á óþurrkasvæðunum í Austur-Skaftafells-, Múla- og Þingeyjarsýslum, svo og í Árneshreppi í Strandasýslu og Grunnavíkurhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu. Aðstoð þessi verði veitt sem lán og óafturkræft framlag til fóðurkaupa á þetta svæði samkvæmt reglum, sem landbúnaðarráðuneytið setur.

2. gr.

Landbúnaðarráðuneytið ákveður, hverjum skuli falið að úthluta fé því, sem um ræðir í 1. gr., og setur nánari ákvæði um framkvæmd laganna og hverjir skuli annast afgreiðslu og innheimtu þeirra lána, sem veitt verða samkvæmt þeim.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 118. Breytingartillaga [24. mál]

við frv. til l. um aðstoð til bænda á óþurrkasvæðunum á Austur- og Norðurlandi.

Frá Hannibal Valdimarssyni og Haraldi Guðmundssyni.

1. Við 1. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Jafnframt verði ríkisstjórninni, að undangenginni skjótri rannsókn, heimilað að verja allt að hálfri milljón króna til aðstoðar við vélbátaútgerðina á Vestfjörðum á yfirstandandi haustvertíð og til að afstýra neyðarástandi í þessum landshluta vegna langvarandi aflabrests.
2. Við fyrirsögn frumvarpsins bætist: og til bátaútvegsins á Vestfjörðum.

Nd. **119. Frumvarp til laga** [72. mál]

um stjórn flugmála.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Flugráð, skipað fimm mönnum, hefur á hendi stjórn flugmála undir yfirstjórn ráðherra. Þrír þeirra skulu kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi til fjögurra ára. Ráðherra skipar í ráðið tvo menn með sérþekkingu á flugmálum, annan til 8 ára og hinn til 4 ára, og sé hinn fyrrtaldi formaður ráðsins. Með sama hætti skulu kosnir og skipaðir 5 varamenn í flugráð.

Þóknun til flugráðsmanna skal ákveðin af ráðherra, og greiðist hún úr ríkissjóði.

2. gr.

Ráðherra skipar flugvallastjóra ríkisins, að fengnum tillögum flugráðs. Hann skal annast rekstur og viðhald flugvalla ríkisins og öll önnur störf, sem flugið varða, svo sem nýbyggingu flugvalla, loftferðaeftirlit og öryggisþjónustu, undir stjórn flugráðs.

Í erindisbréfi flugvallastjóra ríkisins, er ráðherra setur, að fengnum tillögum flugráðs, skal nánar kveðið á um störf hans.

Ráðherra ræður og skipar fasta starfsmenn flugvallastjóra ríkisins til aðstoðar, eftir því sem þörf krefur, að fengnum tillögum flugráðs.

Þar til laun flugvallastjóra ríkisins og annarra fastra starfsmanna verða ákveðin í launalögum, skulu þau ákveðin af ráðherra og greiðast úr ríkissjóði.

3. gr.

Heimilt er ráðherra að setja reglur um flugferðir innlendra flugfélaga og, ef nauðsyn krefur, að veita einu eða fleiri félögum sérleyfi til fastra áætlunarferða á ákveðnum leiðum innanlands og utan.

4. gr.

Ráðherra setur reglur, eftir því sem þurfa þykir, um afnot og rekstur þeirra flugvalla og lendingarstaða, sem um getur í lögum nr. 24 12. febrúar 1945, þar á meðal um hvers konar umferð um flugvelli og flugvallasvæði, svo og um alla framkvæmd laga þessara. Brot gegn slíkum reglum varða sektum, allt að 10 000 krónum, varðhaldi eða fangelsi.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og eru jafnframt úr gildi felld lög nr. 65 31. maí 1947, og önnur ákvæði, sem fara kunna í bága við lög þessi.

Bráðabirgðaákvæði.

Starfstímabil þeirra flugráðsmanna, sem kosnir voru af Alþingi í fyrsta sinn samkvæmt lögum nr. 65 31. maí 1947, og annars þeirra flugráðsmanna, er ráðherra skipar, skal vera til ársloka 1951, en hins fyrsta formanns ráðsins til ársloka 1955.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 65/1947 um breyting á lögum nr. 24/1945 um flugvelli og lendingarstaði fyrir flugvélar er ákveðið um stjórn flugmála, og er flugráði falið að annast stjórn og rekstur flugvalla ríkisins. Undir stjórn flugráðs var svo flugmálastjóra og flugvallastjóra falið að hafa á hendi framkvæmd þessara mála. Þann tíma sem flugráð hefur starfað má segja, að góð reynsla hafi fengizt á þeirri tilhögun,

að það hefði á hendi stjórn og rekstur flugvallanna undir yfirstjórn ráðherra. Hins vegar hefur það komið í ljós, að ekki er heppilegt og því síður nauðsynlegt að skipta framkvæmdastörfum milli tveggja jafnréttháa embættismanna, flugvallastjóra og flugmálastjóra.

Ráðuneytið hefur því talið rétt, að þessi óþarfa tvískipting sé afnumin og að flugvallastjóri ríkisins annist einn framkvæmdastjórn flugvallanna og annað, sem flugið varðar. Gerir þetta hvort tveggja í senn að koma á samræmdri og samhentari stjórn flugvallanna og um leið spara þeim nokkur útgjöld. Er því lagt til, að embætti flugmálastjóra sé lagt niður.

Frumvarp þetta er að mestu leyti samhljóða áðurgreindum lögum nr. 65/1947 með þeirri breytingu, sem af nefndri skipulagsbreytingu leiðir. Í frumvarpið er þó tekin heimild fyrir ráðherra til að setja reglur um flugferðir innlendra flugfélaga, ef nauðsyn krefur. Ótvíræð heimild er ekki til fyrir ráðherra að setja slíkar reglur og því hefur ekki verið mögulegt að setja skorður við óþarfa eyðslu á eldsneyti og tækjum, sem leitt getur af hóflausri samkeppni á flugleiðum.

Það hefur þótt betur fara að setja sérstök lög um stjórn flugmála, í stað þess að hafa þau sem viðauka við og breytingar á lögum um flugvelli og lendingarstaði fyrir flugvélar, nr. 24/1945, og fella því niður lög nr. 65/1947.

Ed. 120. Breytingartillögur [29. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

Aftan við 1. gr. bætist nýr liður:

1. Á eftir B. 50 í 2. gr. laganna koma nýir liðir:
   a. *Snæfjallavegur:* Frá Bæjum á Snæfjallaströnd um Unaðsdal að Snæfjöllum.
   b. *Grunnavíkurvegur:* Frá Sandeyri um Snæfjallaheiði að Sætúnsbryggju í Grunnavík.
   c. *Kjósarvegur:* Frá Sætúnsbryggju um Staðarheiði að Kjós.
2. Á eftir B. 51 í sömu gr. koma nýir liðir:
   a. *Mjóafjarðarvegur:* Úr Ísafjarðarbotni um Reykjarfjörð og Þúfnadal að bryggju á Skálavík við Mjóafjörð með hliðarvegum til Reykjanesskóla og Vatnsfjarðar.
   b. *Skötufjarðarvegur:* Frá Ögri um Ögurnes að Skarði og Hjöllum við Skötufjörð.
3. Á eftir B. 53 í sömu gr. kemur nýr liður:
   Skálavíkurvegur: Frá Bolungavík til Skálavíkur ytri.
4. Á eftir B. 55 í sömu gr. kemur nýr liður:
   Hestfjarðarvegur: Frá Súðavík fyrir Álftafjarðarbotn um Kambsnes og Seyðisfjörð að Hesti í Hestfirði.

Sþ. 121. Tillaga til þingsályktunar [73. mál]

um brottnám loftskeytastanganna á Melunum í Reykjavík.

Flm.: Jóhann Jósefsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að nota heimild þá, er hún hefur í fjárlögum yfirstandandi árs, til þess að nema burt loftskeytastengurnar á Melunum.

Greinargerð.

Svipuð tillaga var flutt á síðasta þingi. Náði hún að vísu ekki fullnaðarafgreiðslu í nefnd, en í stað þess var ríkisstjórninni með fjárlagaákvæði heimilað að láta flytja stengurnar burt. Úr þessu hefur enn ekki orðið þrátt fyrir ábendingar ýmissa þeirra, sem kunnugir eru ástæðum öllum og hættu þeirri, er sífellt vofir vegna stanganna yfir flugvélum, sem koma eða fara af Reykjavíkurflugvelli í slæmu skyggni. Enn hefur það við bætzt, að stefnuviti sá hinn nýi og dýri, sem reistur var í sumar og á að greiða fyrir fluglendingum í dimmviðri, kemur að litlum notum, þegar hans er mest þörf, sökum þess að hættan af stöngunum, þegar komið er niður í hæfilega hæð til að njóta lendingarmerkja flugvallarins, er meiri en svo, að á það sé hættandi að lenda við slík skilyrði. Er það sinnuleysi, sem virðist ráðandi í þessu atriði, hartnær óskiljanlegt, og mun nánar verða í framsögu gerð grein fyrir því og fleiru, er flugmálin varðar. Varðandi nánari rökstuðning fyrir hættunni, er af stöngunum starfar, og að öðru leyti gang þessa máls að undanförnu vísast til greinargerðarinnar fyrir tillögu um þetta efni, sem flutt var á síðasta þingi, á þingskjali 648.

Nd. 122. Frumvarp til laga [74. mál]

um samræmingu á leturborðum ritvéla.

Flm.: Jónas Árnason.

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að setja reglugerð um samræmingu á leturborðum þeirra ritvéla, sem til landsins eru fluttar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Allir þeir, sem eitthvað fást við vélritun að ráði, hafa rekizt á þá erfiðleika, er orsakast af því ósamræmi, sem er í niðurröðun „lykla“ (bókstafa, greinarmerkja og annarra merkja) á leturborðum þeirra ritvéla, sem í notkun eru hér á landi. Einkum er þetta ósamræmi mikið að því er varðar íslenzku stafina svokölluðu, til dæmis þ, æ og ð. Það virðist einungis komið undir persónulegum smekk viðkomandi verksmiðjustjórnar eða innflytjenda, hvar þeir stafir eru settir á leturborð þessarar eða hinnar ritvélategundarinnar. En af þessu leiðir, að þeir, sem við vélritun starfa, verða að venja sig við meira eða minna breytt leturborð í hvert sinn sem skipt er um ritvél.

Frumvarp þetta er flutt fyrir áeggjan nokkurra ungra skrifstofustúlkna, sem vilja ekki lengur láta við svo búið standa, enda augljóst, að hér mætti ráða bót á með lítilli fyrirhöfn, að minnsta kosti hvað snertir ritvélar þær, sem í framtíðinni verða fluttar inn. — Flutningsmaður hefur það sem sé eftir mönnum, sem fróðir eru um ritvélar, að verksmiðjur þær, sem hér eiga hlut að máli, mundu allar fúslega vilja framleiða ritvélar með hverri þeirri skipan leturborðs, sem sérstaklega væri beðið um til Íslands. Hér vantar því ekkert nema opinber fyrirmæli, sem fastákvæðu í eitt skipti fyrir öll, hvernig vera skuli niðurröðun „lykla“ á ritvélum, sem keyptar eru til landsins.

Virðist sjálfsagt, að í þessu máli sé leitað álits kunnáttufólks, t. d. vélritunarkennara og vélritunarstúlkna, og ef til vill einnig innflytjenda ritvéla.

Ed. 123. Frumvarp til laga [75. mál]

um breyting á lögum nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

Flm.: Rannveig Þorsteinsdóttir.

1. gr.

18. gr. laganna orðist svo:

Sala á vörum milli heildverzlana innbyrðis eða smásöluverzlana innbyrðis (keðjuverzlun) er bönnuð, nema slík verzlun sé gerð án álagningar eða heildarálagning vörunnar sé innan þeirra takmarka í heildsölu og smásölu, sem heimiluð er. Verzlunum (heildverzlnum og smásöluverzlunum) er óheimilt að láta til iðnaðar aðrar vefnaðarvörur en þær, sem sérstök gjaldeyris- og innflutningsleyfi hafa verið veitt fyrir í þeim tilgangi. Bannað er að halda vörum úr umferð í því skyni að fá hærri verzlunarhagnað af þeim síðar.

2. gr.

2. mgr. 22. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum, allt að 200 þús. kr. Ef miklar sakir eru eða ef brot er ítrekað, má láta sökunaut sæta varðhaldi eða fangelsi allt að fjórum árum og svipta hann atvinnurétti um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frv. þessu er lagt til, að gerðar verði tvær breytingar á lögum um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

Fyrri breytingin er gerð í því skyni að útiloka, að vefnaðarvara, sem ætluð er til sölu í verzlunum, sé seld til iðnaðar. Á undanförnum árum hafa mikil brögð verið að því, að vefnaðarvara, sem ætluð hefur verið til sölu í verzlunum, hafi verið tekin til iðnaðar, annaðhvort með þeim hætti, að verzlanir hafa selt hana eða unnið úr henni sjálfar og selt úr henni tilbúinn fatnað eða tilsniðna hluti (lök, handklæði). Auk þess hafa iðnfyrirtækin fengið sérstök gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir vörum, sem þeim eru ætlaðar til þess að vinna úr. Hefur það mjög þrengt kosti heimilanna, að geta aldrei fengið vefnaðarvöru fyrr en búið er að vinna úr henni. og veldur þetta þeim stórauknum útgjöldum. Miklar og almennar kvartanir hafa borizt um þetta, einkum hvað snertir vefnaðarvöruna, og því er hún tilgreind sérstaklega hér, þótt lögin mættu ef til vill ná til fleiri vörutegunda. Frv. þetta, ef að lögum yrði, og reglur, sem settar yrðu, samkvæmt þeim, ættu að tryggja það, að sú vefnaðarvara, sem ætlazt er til, að neytendur fái óunna, verði ekki tekin í iðnaðinn.

Með 2. gr. frv. er lagt til, að lögin heimili, að beitt sé varðhalds- og fangelsisrefsingu, ef miklar sakir eru. Svo sem kunnugt er, heimila lögin um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm þessar refsingar í verðlagsmálum, en þar sem slík heimild er ekki í lögunum um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, er ekki unnt þótt nauðsynlegt sé, að láta menn sæta gæzluvarðhaldi í sambandi við réttarrannsókn út af brotum á gjaldeyrisákvæðum. Hefur það eyðilagt mál, sem annars má telja líklegt, að hægt hefði verið að upplýsa.

Nd. **124. Frumvarp til laga** [76. mál]

um breyting á áfengislögum nr. 33/1935.

Flm.: Pétur Ottesen, Björn Ólafsson.

1. gr.

Á eftir 15. gr. laganna kemur ný grein, svo hljóðandi:

Stjórnanda bifreiðar, sem notuð er til mannflutninga gegn borgun, er bannað að flytja eða geyma í bifreiðinni áfengi, sem er hans eign eða eiganda bifreiðarinnar. Bannað er einnig að flytja eða geyma í bifreiðinni áfengi fyrir aðra, nema um sé að ræða áfengi, sem farþegi hefur keypt í áfengisverzlun og flytur með sér til heimilis síns eða dvalarstaðar, eða áfengissendingar frá Áfengisverzlun ríkisins eða útsölustöðum hennar, enda skulu færðar sannanir fyrir því, ef krafizt er, að svo standi á áfengisflutningnum.

Menn með lögregluvaldi hafa, hver í sínu umdæmi, vald til þess að rannsaka samkvæmt ákvæðum 16. gr., hvort bifreiðar hafi ólöglega áfengi meðferðis.

2. gr.

Á eftir 34. gr. laganna kemur ný grein, svo hljóðandi:

Brot gegn 1. gr. varða sektum, er nema í fyrsta sinn fimmföldu og í annað sinn tíföldu söluverði þess áfengis, sem flutt er eða geymt ólöglega. Brjóti nokkur oftar ákvæði þessarar greinar eða geri sér að atvinnu að flytja áfengi eða geyma ólöglega í bifreið, varðar það, auk sektar, fangelsi allt að 3 mánuðum. Ítrekað brot varðar að auki missi réttar til að stjórna bifreið um stundarsakir, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru eða brot er margítrekað.

Áfengi, sem flutt er eða geymt ólöglega í bifreið, skal gert upptækt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frv. þessu er að því stefnt að stöðva áfengissölu bifreiðarstjóra í leigubifreiðum. Áfengissala í leigubifreiðum er nú orðin svo víðtæk, að til vandræða horfir. Bifreiðar með birgðir áfengis eru kvöld og nætur fyrir framan helztu skemmtistaði og láta falar ýmsar tegundir áfengis fyrir okurverð. Vitanlegt er, að menn geta keypt áfengi því nær allan sólarhringinn hjá ýmsum bifreiðarstjórum leigubifreiða, annaðhvort í bifreiðunum sjálfum eða fengið áfengið sent heim. Mjög er nú farið að bera á því, að slíkar bifreiðar koma á skemmtanir út um sveitir og selja þar áfengi. Má segja, að leigubifreiðarnar séu akandi ólöglegar áfengisbúðir, sem leita uppi kaupendurna. Að sjálfsögðu eru það ekki allar leigubifreiðar, sem hér eiga hlut að máli. En þessi ósómi er orðinn óhugnanlega útbreiddur og stuðlar mjög að áfengisnautn og óreglu, ekki sízt meðal unglinga.

Líklegasta leiðin til að stöðva þessa ólöglegu og vansæmandi starfrækslu ýmissa bifreiðarstjóra er að banna geymslu og flutning áfengis í leigubifreiðunum og heimila lögreglumönnum að rannsaka, þegar þeim þykir ástæða til, hvort bifreiðarnar hafi áfengi meðferðis. Nú geta bifreiðarstjórar haft birgðir af áfengi í bifreiðunum án þess að saknæmt sé, og þótt vitanlegt sé, að þeir selji áfengið ólöglega, er venjulega erfitt að færa sönnur á brot þeirra. Ef þeim er bannað að viðlagðri refsingu að hafa áfengi í bifreiðunum, verður svo mikil áhætta við söluna, að varla verður mikil freisting fyrir bifreiðarstjórana að reka þessa starfsemi.

Nd. 125. Frumvarp til laga [77. mál]

um breyting á og viðauka við lög nr. 43 23. maí 1949, um innflutning og úthlutun jeppabifreiða til landbúnaðarþarfa o. fl.

Flm.: Ásgeir Bjarnason, Jón Sigurðsson, Jón Gíslason, Skúli Guðmundsson.

1. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Meðan innflutningur og gjaldeyrisleyfi er háð ákvörðun ríkisvaldsins, skal úthlutunarnefnd jeppabifreiða, sem um ræðir í 2. gr., einnig úthluta til bænda þeim heimilisdráttarvélum, sem til landsins eru fluttar.

2. gr.

Á eftir 12. gr. laganna komi 6 nýjar gr., svo hljóðandi:

a. (13. gr.) Stjórnir hreppabúnaðarfélaga skulu í októbermánuði ár hvert gera skrá yfir þær heimilisdráttarvélar, sem eru í eigu manna á félagssvæðinu. Skal þar tilgreina tölu, tegund og eigendur þessara véla. Enn fremur ber stjórnum búnaðarfélaganna að taka á móti umsóknum bænda um heimilisdráttarvélar, hver af sínu félagssvæði, og fer með þær eins og fyrir er mælt í 5. gr., eftir því sem við á.

Skýrslur þessar ásamt umsóknum bænda um dráttarvélar skulu komnar til úthlutunarnefndar fyrir lok nóvembermánaðar ár hvert.

b. (14. gr.) Innflutningsyfirvöldin ákveða tölu þeirra heimilisdráttarvéla, sem leyft er að flytja til landsins, og tilkynna það úthlutunarnefndinni, sem síðan skiptir þeim dráttarvélum milli umsækjenda. En ákvörðun um það, hvaða fáanlegar vélategundir eru fluttar inn, er á valdi þeirra einstaklinga, sem fá úthlutað vélum frá nefndinni, sbr. 18. gr.

Við skiptin skal nefndin hafa hliðsjón af þeim skýrslum, er fyrir liggja. Hún skal taka tillit til þess, hve margar dráttarvélar og jeppar, sem notaðir eru til landbúnaðarstarfa, eru á félagssvæðinu.

c. (15. gr.) Óheimilt er fyrst um sinn að úthluta heimilisdráttarvél til einstaklings, sem áður hefur fengið slíka vél eða á hana í nothæfu ástandi. Sama gildir, ef hann á jeppabifreið og hefur fengið undanþágu frá bifreiðaskatti.

d. (16. gr.) Nú fær einhver úthlutað dráttarvél og einhverra orsaka vegna kaupir hana ekki á því ári, sem leyfið er veitt fyrir. Skal hann þá tilkynna það úthlutunarnefnd, sem þá úthlutar vélinni til annars umsækjanda innan sama búnaðarfélags.

Ekki má eigandi dráttarvélar selja hana, nema með samþykki stjórnar búnaðarfélags, þar sem hann er búsettur.

e. (17. gr.) Að skiptum loknum tilkynnir nefndin hlutaðeigandi umsækjendum úthlutun vélanna.

f. (18. gr.) Sá, sem tilkynningu fær um úthlutun dráttarvélar, skal afhenda tilkynninguna þeim innflytjanda, er flytur inn þá dráttarvélategund, er hann óskar að fá. Innflytjandinn afhendir svo þær tilkynningar, sem honum hafa borizt, þeim valdhafa, er gjaldeyri úthlutar, og skal eiga rétt á gjaldeyrisleyfi samkvæmt því. Enn fremur skulu gjaldeyrisyfirvöldin kosta kapps um að veita innflytjendum gjaldeyrisleyfi fyrir nauðsynlegum verkfærum og varahlutum tilheyrandi dráttarvélunum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal meginmál þeirra fært inn í lög nr. 43 frá 23. maí 1949 og lögin gefin út samkvæmt því í einu lagi með fyrirsögninni: Lög um úthlutun jeppabifreiða og heimilisdráttarvéla.

Greinargerð.

Með lögum nr. 43 23. maí 1949, um innflutning og úthlutun jeppabifreiða til landbúnaðarþarfa o. fl., var ákveðið að stofna sérstaka nefnd, er hefði með höndum úthlutun jeppabifreiða til landbúnaðarþarfa. Er nefndin skipuð fimm mönnum. Tveir þeirra eru tilnefndir af stjórn Búnaðarfélags Íslands, tveir af stjórn stéttarsambands bænda og einn kosinn af landbúnaðarnefndum Alþingis.

Síðan nefnd þessi var sett á stofn, hefur ekkert verið flutt til landsins af jeppabifreiðum og nefndin því ekkert verkefni haft við úthlutun þeirra. En samkv. 12. gr. nefndra laga er heimilt að fela nefndinni úthlutun á dráttarvélum til landbúnaðarþarfa, og hefur nefndin haft slíka úthlutun með höndum árið 1949 og 1950.

Fyrir skömmu mun fjárhagsráð hafa ákveðið að veita innflutningsleyfi fyrir nokkrum heimilisdráttarvélum, og hefur n. ákveðið, hverjir af þeim bændum, sem hafa sent umsókn um kaup á vélum, skuli fá þær að þessu sinni. En verkefni nefndarinnar er ekki þar með lokið. Fjárhagsráð ákveður, hve margar vélar af hverri tegund eru keyptar til landsins, og mun svo nefndinni ætlað að úrskurða um það, hvaða vélategund hver bóndi fær að kaupa.

Dráttarvélar, sem leyft er að flytja til landsins, eru misjafnar hvað gæði og verð snertir, og skoðanir bænda eru skiptar um það, hvaða vélategund sé heppilegast að kaupa. Einn bóndi vill fá þessa vélategund og annar hina. En með því fyrirkomulagi, sem nú er á úthlutun vélanna, eru bændur sviptir ákvörðunarrétti um það, hvaða vélategund þeir kaupa. Þetta er óviðunandi með öllu. Þegar hægt er að fá fleiri en eina tegund af vélum, á hver bóndi, sem fær leyfi til kaupa á heimilisdráttarvél, sjálfur að ráða því, hvaða vélategund hann kaupir.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að úthlutunarnefnd jeppabifreiða hafi ekki aðeins heimild til að úthluta heimilisdráttarvélum, heldur sé henni skylt að gera það og fylgja þeim reglum, sem frumvarp þetta felur í sér.

Á meðan innflutningur heimilisdráttarvéla er mjög takmarkaður og tiltölulega fáir, sem eiga þannig tæki, er mjög nauðsynlegt að haga úthlutun vélanna á þann hátt, að sem flestir geti notið þeirra.

Landbúnaðurinn byggist fyrst og fremst á aukinni og bættri ræktun. Það er þess vegna ekki síður nauðsyn þjóðarheildarinnar en bændanna, að úthlutun og dreifing heimilisdráttarvéla sé fyrst og fremst byggð á þeim verkefnum, sem fyrir liggja, og að engar sveitir séu alveg án þessara tækja. Séu upplýsingarnar frá stjórnum hreppabúnaðarfélaganna glöggar, hefur úthlutunarnefndin góðan grundvöll til að byggja á og dreifa vélunum jafnt eftir þörfum.

Á meðan ekki er til nein stofnun hér á landi, sem sannreynir gæði dráttarvéla, þá liggur það í hlutarins eðli, að bændum á að vera tryggður réttur til að fá þá dráttarvélategund, sem þeir óska eftir.

Með frumvarpi þessu er reynt að tryggja þetta, og verður framkvæmdinni þá hagað þannig, að innflutningsyfirvöldin tilkynna úthlutunarnefndinni, hvað margar dráttarvélar verði leyft að flytja til landsins á hverjum tíma, og nefndin úthlutar þeim vélum til umsækjenda samkvæmt ákvæðum laganna. Eftir að nefndin hefur sent viðkomandi bændum tilkynningu um, að þeir fái leyfi til kaupa á vélum, sendir hver bóndi tilkynningu um það, hvaða vélategund hann óskar að kaupa, og skal þá úthlutun innflutnings- og gjaldeyrisleyfa fyrir vélunum hagað í samræmi við það.

Með þessum ákvæðum, ef samþykkt verða, er það tryggt, að bændur geti sjálfir ráðið því, hvaða tegundir þeir kaupa af þeim dráttarvélum, sem fáanlegar eru, jafnframt því sem starf úthlutunarnefndarinnar verður miklu auðveldara og formfastara en verið hefur.

Sþ. 126. Tillaga til þingsályktunar [78. mál]

um skipun nefndar til að athuga vandamál vélbátaflotans.

Flm.: Finnur Jónsson, Hannibal Valdimarsson.

Alþingi ályktar að kjósa nefnd fimm alþingismanna til þess að starfa að því, ásamt stjórn og verðlagsráði Landssambands ísl. útvegsmanna, að finna lausn á vandamálum vélbátaflotans fyrir næstu vetrarvertíð, svo að hægt verði að hefja veiðar á eðlilegum tíma. Nefndin starfi kauplaust og leggi álitsgerð sína fyrir Alþingi svo tímanlega, að því gefist kostur á að gera nauðsynlegar ráðstafanir, áður en því þingi lýkur, er nú situr.

Greinargerð.

Eftir nákvæma athugun Landssambands ísl. útvegsmanna er það einróma álit manna, að vélbátaflotinn komist ekki á veiðar á næstu vertíð, nema því aðeins að einhver ráð verði fundin, er geri það kleift. Fiskverð hefur ekki hækkað úr 75 aurum í 93 aura, svo sem þó var spáð í greinargerð fyrir lögum um gengisbreytinguna. Jafnvel munu dæmi þess, að það hafi lækkað nokkuð, eftir að ábyrgðarverðið var afnumið. Í annan stað hefur allur útgerðarkostnaður hækkað gífurlega, og miklu meira en ráð hafði verið fyrir gert. Eftir útreikningum verðlagsráðs Landssambandsins, sem byggðir eru á sama grundvelli og Pétur Magnússon, Gylfi Þ. Gíslason og Klemens Tryggvason lögðu fyrir athugunum sínum 1947, þarf nú kr. 1.30 fyrir kg af slægðum fiski með haus, til þess að fá sömu útkomu og 85 aura verð hefði gefið áður, en það töldu útvegsmenn, að þeir fengju, þegar hlunnindi þau eru reiknuð til verðs, er þeim voru veitt fram að gengisbreytingunni á s. l. vertíð.

Svo sem kunnugt er, liggur allur vélbátafloti Vestfirðinga í höfn, en er venjulega farinn að stunda veiðar á þessum tíma árs, og hvað viðvíkur útgerð annarra landsmanna, er útlitinu bezt lýst með áskorun þeirri, er fulltrúafundur Landssambandsins samþykkti og prentuð er hér sem fylgiskjal nr. 1. Er eigi annað sýnilegt en geigvænlegt aukið atvinnuleysi vofi yfir sjávarþorpum landsins, ef eigi verður þegar hafizt handa til úrbóta. Í annan stað hefur áætlun verðlagsráðs, byggð á þeim grundvelli, er að framan segir, verið birt í blaðinu „Víði“, og þykir rétt að gefa alþingismönnum kost á að kynna sér hana, og er hún prentuð sem fylgiskjal nr. 2. Sýnir áætlun þessi kr. 91893.54 halla á útgerð 60 smálesta vélbáts á vertíð við Faxaflóa með 75 aura verði. Á mörgum stöðum, þar sem afli er minni eða aðstaða til útgerðar óhagkvæmari útgerðinni, verður útkoman enn lakari.

Þar eð hér er mjög mikið alvörumál á ferðum, sem brýna nauðsyn ber til að taka tafarlaust til athugunar og úrlausnar, vænta flm. þess, að Alþingi verði við þeirri áskorun Landssambands ísl. útvegsmanna að velja menn til umræðna um mál þetta og samþykki tillögu þessa.

Fylgiskjal I.

Reykjavík, 24. okt. 1950.

Á fulltrúaráðsfundi vorum, sem haldinn var 19.—21. þ. m., var gerð svo hljóðandi ályktun:

„Fundurinn lýsir yfir því, að með óbreyttum aðstæðum er ekki unnt að starfrækja vélbátaflotann á komandi vetrarvertíð. Óskar fundurinn því eftir, að Alþingi og ríkisstjórn velji nú þegar menn til að starfa að því, ásamt stjórn og verðlagsráði L. Í. Ú., að finna lausn á vandamálum vélbátaflotans fyrir næstu vetrarvertíð, svo að hægt verði að hefja veiðar á eðlilegum tíma.“

Um leið og vér tilkynnum hinu háa Alþingi þessa ályktun, er það beiðni vor, að Alþingi verði við ósk fulltrúaráðsfundarins og tilkynni oss síðan, hvaða menn hafa verið valdir til starfans.

Virðingarfyllst,

f. h. Landssambands ísl. útvegsmanna

Sig. H. Egilsson.

Til Alþingis, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

Áætlun L. Í. Ú.

um rekstrarafkomu 60 smálesta vélbáts, er stunda ætti þorskveiðar með línu við Faxaflóa á vetrarvertíð 1951. Skipverjar eru 12, og er gengið út frá því, að skipt sé í 23 staði. Af því fá skipverjar 14 hluti og skipið 9 hluti. Frá óskiptu dregst eins og venja er til, og er reiknað með, að allur aflinn sé seldur slægður með haus.

Tekjur:

410 tonn (820 skpt.) slægður fiskur með haus á 0.75 pr. kg	kr. 307500.00	
27835 lítrar lifur á 1.30 pr. lítra	— 36185.50	
10500 lítrar hrogn á 1.00 pr. lítra	— 10500.00	
		kr. 354185.50

Gjöld:

Dregið frá óskiptu:

Olía í 63 róðra kr. 350.00 pr. róður	kr. 22050.00	
Beita í 63 róðra, 5 tunnur í róður á 170.00	— 53550.00	
Bjóðageymsla	— 800.00	
Viðlegugjald	— 4000.00	
Rafmagn, ljós og hiti	— 1200.00	
Akstur á afla og bjóðum, 45.00 pr. tonn	— 18450.00	
Aðkeypt vinna	— 6500.00	
		— 106550.00
Til skipta kemur þá		kr. 247635.50
Aflahlutur skipverja, 14 hlutir, kr. 10766.76 hver hlutur	kr. 150734.64	
Orlofsfé skipverja, 2% af 150734.64	— 3014.69	
		— 153749.33
Útgerðin fær þá brúttó		kr. 93886.17

Veiðarfæri:

A. 110 bjóð uppsett á 300.00 pr. bjóð	kr. 33000.00	
B. 158 þús. af ábót, önglar og taumar á 90.00 pr. þús.	— 14220.00	
C. Áhnýting kr. 12.00 pr. þús.	— 1896.00	
D. Belgir og bólfæri o. fl.	— 9500.00	
	kr. 58616.00	

Mánaðarkaup skipstjóra, stýrimanns og 2 vélstjóra á 100 kr. hver pr. mán. með orlofi í 5 mán.	kr.	4680.00	
Hafnargjöld	—	2000.00	
Vátrygging skips, 5% af 450 þús. í 6 mán.	—	11250.00	
Viðhaldskostnaður á bát og vél	—	40000.00	
Skráning, opinber gjöld og læknishjálp	—	5500.00	
Fyrning í 6 mán., 12% af skipi, 20% af vél	—	33000.00	
Slysa- og tryggingagjöld skipverja	—	2400.00	
Vextir af rekstrarláni, 4% í 6 mán. af 100 þús.	—	2250.00	
Vextir af 450 þús. kr. höfuðstól, 4% í 6 mán.	—	9000.00	
Skrifstofukostnaður og framkvæmdastjórn, 2% af veiði	—	7083.71	
Ýmis kostnaður	—	10000.00	
Rekstrarhalli			kr. 91893.54
		Kr. 185779.71	Kr. 185779.71

Ed. 127. Frumvarp til laga [79. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Andersen, Jens Nikolaj Kaj, verkamaður í Reykjavík, fæddur 3. febrúar 1906 í Danmörku.
2. Armgaard, Ola, lögregluþjónn á Sauðárkróki, fæddur 5. júní 1910 í Noregi.
3. Breiðfjörð, William, verkamaður í Reykjavík, fæddur 6. des. 1919 í Englandi.
4. Eliasen, Bjarne Julius Edvin, járnsmiður í Reykjavík, fæddur 7. júlí 1915 í Danmörku. — Réttur þessi tekur ekki til barns hans frá fyrra hjónabandi, Eyvin Frank, sem fæddur er 16. september 1938.
5. Eriksson, Konstantin W., pípulagningamaður í Reykjavík, fæddur 28. nóvember 1879 í Finnlandi.
6. Hunter, Peter John, sjómaður í Keflavík, fæddur 9. júní 1932 í Englandi.
7. Mikkelsen, Mangor Henry, mjólkurfræðingur á Selfossi, fæddur 11. nóvember 1918 í Danmörku.
8. Mörk, Karen Kristjana, ekkja á Patreksfirði, fædd 28. júlí 1909 á Íslandi.
9. Olsson, Bengt Erik, verzlunarmaður á Akureyri, fæddur 9. sept. 1917 í Svíþjóð.
10. Stengrimsen, Sverre, járnsmiður í Reykjavík, fæddur 3. júlí 1909 í Noregi. — Réttur þessi tekur ekki til barns hans frá fyrra hjónabandi, Björns, sem fæddur er 8. okt. 1938.
11. Teitson, Lillian, bókari í Reykjavík, fædd 3. október 1908 á Íslandi.
12. Thorlacius, Jón, prentari í Reykjavík, fæddur 1. júlí 1914 á Íslandi.
13. Wagle, Arne Marsilius, nemi í Reykjavík, fæddur 7. marz 1930 í Noregi.
14. Wagle, Henrik Schumann, vélamaður í Reykjavík, fæddur 10. júní 1894 í Noregi.
15. Wagle, Ida Elisabeth, skrifstofustúlka í Reykjavík, fædd 8. apríl 1925 í Noregi.
16. Zakrisson, Isaker Peter, járnsmiður á Drangsnesi í Strandasýslu, fæddur 18. febrúar 1887 í Svíþjóð.
17. Nielsen, Jörgen Carl Christian, bakari í Reykjavík, fæddur 14. apríl 1890 í Danmörku.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Umsækjendur þeir um íslenzkan ríkisborgararétt, sem teknir hafa verið upp í lagafrumvarp þetta, eru allir íslenzkrar eða norrænnar ættar og hafa 15 þeirra dvalið hér í meira en 10 ár samfleytt og margir þó miklu lengur. Nr. 8 er fædd hér og hefur dvalið hér mestan hluta ævi sinnar, þó hún að vísu hafi eigi komið til landsins aftur fyrr en 1946, eftir tæpra 9 ára dvöl erlendis. Nr. 6 átti íslenzka móður og kom hingað 1942 og hefur verið hér heimilisfastur síðan.

Nd. 128. Nefndarálit [3. mál]

um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur á fundi nú í dag athugað frumvarp þetta ~~og~~ mælir með því, að það verði samþykkt.

Einn nefndarmanna, Lúðvík Jósefsson, var fjarstaddur.

Alþingi, 7. nóv. 1950.

Sigurður Bjarnason, form. | Jón Gíslason, fundaskr., frsm. | Stefán Stefánsson.

Ásgeir Bjarnason

Nd. 129. Breytingartillögur [17. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Helga Jónassyni og Ingólfi Jónssyni.

Framan við 1. gr. frv. bætist:

1. Á eftir A. 31 í 2. gr. laganna komi nýr liður, svo hljóðandi:
   Kviarholtsvegur: Frá Hagabraut móts við Raftholt um Kviarholt að Hreiðri.
2. Á eftir A. 34 í sömu gr. kemur nýr liður, svo hljóðandi:
   Móeiðarhvolsvegur: Af veginum austan við Djúpadal niður með Eystri-Rangá að Móeiðarhvoli.
3. Á eftir A. 38 í sömu gr. koma nýir liðir, svo hljóðandi:
   a. *Skálavegur:* Af veginum frá Hvammsnúpi um Núp, Skálabæi að Holtsárbrú.
   b. *Skógavegur:* Frá þjóðveginum austan Skógaár að Skógaskóla.

Nd. 130. Breytingartillögur [17. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Sigurði Ágústssyni.

Við 1. gr. Framan við greinina bætist:

1. B. 26 í 2. gr. laganna orðist þannig:
   Kolviðarnesvegur: Af Stykkishólmsvegi við Gerðubergslæk í Eyjahreppi um Hrossholt og Kolviðarneslaug að Kolviðarnesi.
2. B. 29 í sömu grein orðist þannig:
   Búðavegur: Af Útnesvegi utan við Hraunhafnará til Fram-Búða.

Nd. 131. Nefndarálit [11. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 63 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum, og á l. nr. 45 7. maí 1928, um breyt. á þeim lögum.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur klofnað um málið. Meiri hl. vill afgreiða málið með rökstuddri dagskrá, en ég legg til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Frv. þetta gerir ráð fyrir að lengja hvíldartíma háseta á botnvörpuskipum úr 8 tímum á sólarhring í 12 tíma. Reynslan hefur þegar sýnt, að breyting í þessa átt er orðin aðkallandi og mundi gera afköst skipverja meiri og betri en það fyrirkomulag, sem gilt hefur.

Eins og kunnugt er, hefur fram til þessa gilt sú vinnutilhögun á íslenzkum togurum, að hásetar vinni 16 stundir á sólarhring, en hvílist 8. Þessi vinnutími er lengri en í nokkurri annarri starfsgrein hér á landi. Og auk þess ber svo að hafa í huga, að þessi langi vinnutími er jafn á öllum dögum ársins, helgum sem virkum. Aðrar starfsstéttir hafa sjaldnast nema 8 stunda vinnudag, og hjá ýmsum er vinnudagurinn orðinn styttri.

Barátta togarasjómanna fyrir styttingu vinnudagsins í 12 stundir er því ofur eðlileg, en næsta furðulegt, að hún skuli mæta slíkri andstöðu sem orðið hefur.

Togarasjómenn hafa mjög einróma sent Alþingi áskoranir um, að 12 stunda hvíld verði lögbundin á öllum veiðum botnvörpuskipa. Alþingi hefur enn ekki orðið við þessum áskorunum, og hefur ýmsu verið borið við hverju sinni. Málið hefur verið í athugun, nefndir skipaðar, og stundum hefur verið sagt, að sjómenn og útgerðarmenn yrðu að semja um þetta sjálfir.

Vökulögin, sem tryggja togarasjómönnum 8 stunda hvíld, voru sett af Alþingi, og virðist því eðlilegt, að nú ákveði Alþingi með lögum 12 stunda hvíld.

Nú hafa togarasjómenn staðið í 4 mánaða verkfalli, og hefur þar aðallega verið deilt um lengingu hvíldartímans. Sennilega hefði aldrei komið til þessa langa og kostnaðarsama verkfalls, ef Alþingi hefði fallizt á breytingu vökulaganna eins og fyrirliggjandi frumvarp gerir ráð fyrir.

Þó að togaraverkfallinu sé nú lokið, er sjálfsagt og sanngjarnt, að Alþingi verði við ósk togarasjómanna um lögbindingu 12 stunda hvíldar. Á þann hátt yrði Alþingi við sanngjörnum óskum sjómanna og kæmi í veg fyrir hættulegar deilur út af þessu atriði.

Alþingi, 7. nóv. 1950.

Lúðvík Jósefsson.

Sþ. **132. Frumvarp til fjáraukalaga** [80. mál]

fyrir árið 1947.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir árið 1947, eru veittar kr. 127 502 958.20 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. gr.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. A. eru veittar:

1.	Póstur	kr.	436 594.48
	en tekjur urðu kr. 6 141 360.30.		
2.	Sími	—	4 111 136.13
	en tekjur fóru kr. 2 631 235.70 fram úr fjárlagaáætlun.		
3.	Áfengisverzlun ríkisins	—	1 929 450.70
	af kr. 13 683 833.60 tekjum fram úr fjárlagaáætlun.		
4.	Tóbakseinkasala ríkisins	—	498 252.44
	af kr. 7 684 991.57 tekjum fram úr fjárlagaáætlun.		
5.	Ríkisútvarpið	—	798 110.44
	af kr. 2 103 222.55 tekjum fram úr fjárlagaáætlun.		
6.	Ríkisprentsmiðjan Gutenberg	—	357 937.80
	af kr. 577 813.41 tekjum fram úr fjárlagaáætlun.		
7.	Grænmetisverzlun ríkisins	—	58 968.20
	af kr. 431 763.17 tekjum fram úr fjárlagaáætlun.		
8.	Landssmiðjan	—	147 767.92
	en tekjur fóru kr. 144 267.92 fram úr fjárlagaáætlun.		
9.	Skipasmiðja Landssmiðjunnar	—	2 102 707.89
	en tekjur urðu kr. 48 493.32.		
10.	Trésmiðja ríkisins	—	332 792.71
	en tekjur urðu kr. 269 905.20.		
11.	Vífilsstaðabúið	—	277 685.96
	en tekjur urðu kr. 309 211.91.		
12.	Kleppsbúið	—	215 166.68
	en tekjur urðu kr. 226 766.39.		
13.	Bessastaðabúið	—	107 736.38
	en tekjur urðu kr. 80 321.59.		
14.	Skólabúið á Reykjum í Ölfusi	—	266 726.40
	en tekjur urðu kr. 302 027.28.		
15.	Skólabúið á Hólum	—	212 415.26
	en tekjur urðu kr. 223 270.77.		
16.	Skólabúið á Hvanneyri	—	450 137.34
	en tekjur urðu kr. 431 029.07.		
		Kr.	12 303 586.73

Til	viðbótar	við	gjöldin	í	7.	gr.		eru	veittar	kr.	1 346 077.17
—	—	—	—	-	10.	—	I.	—	—	—	924 600.43
—	—	—	—	-	10.	—	II.	—	—	—	36 129.49
—	—	—	—	-	10.	—	III.	—	—	—	1 066 713.57
—	—	—	—	-	11.	—	A.	—	—	—	2 970 965.35
—	—	—	—	-	11.	—	B.	—	—	—	444 464.15
—	—	—	—	-	11.	—	C.	—	—	—	1 186 897.63

Til viðbótar við gjöldin í				11.	gr.	D.	eru veittar	.....	kr.	469 903.40
—	—	—	—	12.	—		—	—	.....	—	1 751 500.68
—	—	—	—	13.	—	A.	—	—	.....	—	6 197 187.35
—	—	—	—	13.	—	C.	—	—	.....	—	122 723.69
—	—	—	—	14.	—	A.	—	—	.....	—	937 964.59
—	—	—	—	14.	—	B.	—	—	.....	—	5 118 357.80
—	—	—	—	15.	—	A.	—	—	.....	—	227 566.44
—	—	—	—	16.	—	A.	—	—	.....	—	2 582 418.53
—	—	—	—	16.	—	B.	—	—	.....	—	27 650.48
—	—	—	—	16.	—	C.	—	—	.....	—	6 000.00
—	—	—	—	17.	—		—	—	.....	—	4 011 132.58
—	—	—	—	18.	—		—	—	.....	—	1 437 320.66
—	—	—	—	19.	—	1.	—	—	.....	—	25 135 939.53
—	—	—	—	19.	—	2.	—	—	.....	—	4 189 419.35
										Kr.	72 494 519.60
Til eignaaukningar samkv. 20. gr. Út eru veittar										—	55 008 438.60
20. gr. Inn fór kr. 80 815 208.81 fram úr fjárlagaáætlun.											
										Kr.	127 502 958.20

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1947.

Nd. 133. Frumvarp til laga [81. mál.]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1947.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1947 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum:

	Innborganir:							Áætlun:		Reikningur:
1.	Tekjur samkvæmt	2.	gr.		fjárlaga	..	kr.	148 200 000.00	kr.	165 423 418.69
2.	— —	3.	—	A.	—	..	—	53 341 572.00	—	72 456 165.03
3.	— —	3.	—	B.	—	..	—	10 000.00	—	38 951.62
4.	— —	4.	—		—	..	—	588 107.00	—	1 478 203.51
5.	— —	5.	—		—	..	—	100 000.00	—	3 430 003.36
6.	Eignahreyfingar samkv.	20.	gr.		fjárlaga		—	3 896 500.00	—	84 711 708.81
	Greiðslujöfnuður						—	6 136 179.00	—	216 361.78
							Kr.	214 026.974.00	Kr.	327 754 812.80

	Útborganir:							Áætlun:		Reikningur:
1.	Gjöld samkvæmt	7.	gr.		fjárlaga	..	kr.	1 169 193.00	kr.	2 515 270.17
2.	— —	8.	—		—	..	—	362 603.00	—	306 484.89
3.	— —	9.	—		—	..	—	1 515 576.00	—	2 358 190.36
4.	— —	10.	—	I.	—	..	—	2 528 892.00	—	3 453 492.43
5.	— —	10.	—	II.	—	..	—	311 677.00	—	347 806.49

6.	Gjöld samkvæmt		10. gr.	III.	fjárlaga	..	kr.	1 461 915.00	kr.	2 528 628.57
7.	—	—	11. —	A.	—	..	—	8 715 734.00	—	11 686 699.35
8.	—	—	11. —	B.	—	..	—	826 661.00	—	1 271 125.15
9.	—	—	11. —	C.	—	..	—	3 857 309.00	—	5 044 206.63
10.	—	—	11. —	D.	—	..	—	825 000.00	—	1 294 903.40
11.	—	—	12. —		—	..	—	11 631 819.00	—	13 383 319.68
12.	—	—	13. —	A.	—	..	—	21 757 520.00	—	27 954 707.35
13.	—	—	13. —	B.	—	..	—	3 446 000.00	—	3 129 708.40
14.	—	—	13. —	C.	—	..	—	10 116 100.00	—	10 238 823.69
15.	—	—	13. —	D.	—	..	—	4 259 700.00	—	4 164 365.42
16.	—	—	14. —	A.	—	..	—	3 161 760.00	—	4 099 724.59
17.	—	—	14. —	B.	—	..	—	29 070 818.00	—	34 189 175.80
18.	—	—	15. —	A.	—	..	—	2 516 793.00	—	2 744 359.44
19.	—	—	15. —	B.	—	..	—	3 368 181.00	—	3 065 614.33
20.	—	—	16. —	A.	—	..	—	16 097 695.00	—	18 680 113.53
21.	—	—	16. —	B.	—	..	—	964 500.00	—	992 150.48
22.	—	—	16. —	C.	—	..	—	655 860.00	—	661 860.00
23.	—	—	16. —	D.	—	..	—	4 228 000.00	—	2 684 163.93
24.	—	—	17. —		—	..	—	23 632 690.00	—	27 643 822.58
25.	—	—	18. —		—	..	—	4 544 350.00	—	5 981 670.66
26.	—	—	19. —	1.	—	..	—	35 000 000.00	—	60 135 939.53
27.	—	—	19. —	2.	—	..	—	500 000.00	—	4 689 419.35
28.	Eignahreyfingar samkv.		20. gr.		fjárlaga		—	17 500 628.00	—	72 509 066.60
							Kr.	214 026.974.00	Kr.	327 754 812.80

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1947.

Nd. 134. Frumvarp til laga [82. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina að selja þjóðjörðina Húsanes í Breiðuvíkurhreppi í Snæfellsnessýslu.

Flm.: Sigurður Ágústsson.

1. gr.

Að fengnum meðmælum hreppsnefndar Breiðuvíkurhrepps og sýslunefndar Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu heimilast ríkisstjórninni að selja þjóðjörðina Húsanes í Breiðuvíkurhreppi ábúandanum, Jóni Lárussyni, fyrir verð, sem ákveðið er með mati dómkvaddra manna, enda verði jörðin gerð að ættaróðali samkv. lögum nr. 116 1943.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ábúandi jarðarinnar, Jón Lárusson, hefur búið á Húsanesi í nær 20 ár. Öll hús jarðarinnar eru mjög úr sér gengin og því óhjákvæmilegt að endurbyggja þau á næstu árum. Fé til endurbyggingarinnar frá því opinbera fæst ekki nema af skornum

skammti. Hikar ábúandi við að leggja í miklar og fjárfrekar byggingarframkvæmdir á annarra eign, þar sem telja má hæpið, að þær fengjust greiddar að fullu, ef hann, af ófyrirsjáanlegum ástæðum, yrði að láta af búskap.

Jörðin er ekki í erfðaábúð, og þarf því sérstaka heimild til sölu hennar.

Sþ. 135. Tillaga til þingsályktunar [83. mál]

um talstöðvaþjónustu landssímans.

Flm.: Jóhann Jósefsson, Pétur Ottesen, Finnur Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um það við landssímann, að vélbátum, sem talstöð hafa, verði framvegis eins og hingað til látin í té án endurgjalds vitneskja um veðurfar, sjávarlag, landtökuskilyrði og annað, er máli skiptir fyrir öryggi þeirra.

Greinargerð.

Talstöðvar í bátum eru mjög til hagræðis og geta verið til mikils öryggis. Það hefur reynsla undanfarinna ára fullsannað. Með tilstyrk þeirra geta menn og fengið skjótar en ella mundi margs konar upplýsingar, sem að gagni mega koma.

Hingað til mun ekki hafa verið krafizt sérstaks endurgjalds fyrir slíka vitneskju, sem bátarnir hafa fengið fyrir milligöngu strandtalstöðvanna, en nú er sá háttur upp tekinn að krefjast sérstaks gjalds í hvert sinn, er bátur leitar viðskipta við þessar talstöðvar um þau efni, er hér að framan greinir, svipað og um almenn símaviðskipti væri að ræða.

Flm. þessarar tillögu þykir þetta miður farið.

Slíkar gjaldkröfur munu verða til þess, að bátarnir leita miklu síður sambands við talstöð á landi, og þannig rofnar að óþörfu það samband, sem öryggis vegna er sérstaklega æskilegt, að jafnan sé milli talstöðvanna á landi og bátanna á hafi úti.

Oft getur nægilega skjót hjálp til nauðstadds báts oltið á því, að þeir, sem henni stjórna úr landi, hafi góð sambönd við aðra báta, sem líklegir eru til að geta veitt aðstoð í slíkum tilfellum. Því á ekki að torvelda bátunum yfirleitt sambandið við talstöðvar á landi.

Talstöðvaþjónustunni er aðallega uppi haldið til öryggis fyrir sjómennina. Bátaútvegurinn er nægilega skattlagður, þótt ekki sé því við bætt, að engar upplýsingar séu veittar frá talstöðvunum, bátunum til hagræðis og öryggis, nema fyrir sérstakt símagjald í hvert sinn. Þess vegna er þessi tillaga fram borin.

Sþ. 136. Tillaga til þingsályktunar [84. mál]

um niðurgreiðslu á mjólk.

Flm.: Lúðvík Jósefsson, Jóhann Jósefsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta niðurgreiðslu á mjólk nú jafnt til allra staða á landinu, þar sem mjólk er seld í mjólkurbúðum.

Greinargerð.

Niðurgreiðsla á mjólk hefur farið fram í nokkur ár og ekki alltaf með sama hætti. Nú mun niðurgreiðslan vera hærri en nokkru sinni áður, eða nema 42 aurum á hvern nýmjólkurlítra.

Sú tilhögun, sem nú er á niðurgreiðslunni og hefur verið síðan 1945, skapar mikið misrétti á milli landsmanna í þessum málum. Niðurgreiðslan nær nú aðeins til nokkurra staða, en aðrir staðir fá enga verðlækkun á sinni mjólk. Þetta misræmi leiðir af sér mjög mishátt mjólkurverð. Sem dæmi má nefna, að nú mun mjólkurlítrinn í Vestmannaeyjum, sem ekki nýtur niðurgreiðslu, vera um 70 aurum dýrari en í Reykjavík, sem nýtur niðurgreiðslunnar. Mismunur mjólkurverðsins er auðvitað ekki svona mikill yfirleitt, en víða er munurinn talsverður.

Núverandi framkvæmd niðurgreiðslunnar mun vera bundin við það, að aðeins sé greidd niður mjólk í viðurkenndum mjólkurbúum. Slíkt er vitanlega ósanngjarnt, og sýnist engin ástæða, að ekki sé á sama hátt hægt að greiða niður verð á mjólk til allra þeirra, sem mjólk selja í mjólkurbúðum, hvar svo sem þeir annars eru á landinu. Fé það, sem notað er til niðurgreiðslunnar, er tekið úr ríkissjóði, og eru það því allir landsmenn, sem raunverulega standa undir þessari verðlækkun. Það er því sanngjarnt, að allir njóti þessa jafnt, en núverandi misrétti verði leiðrétt. Þessi þingsályktunartillaga er flutt í þeim tilgangi að fá þessum málum kippt í lag.

Sþ. 137. Tillaga til þingsályktunar [85. mál]

um aukningu á dagskrárfé útvarpsins.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason, Stefán Jóh. Stefánsson, Haraldur Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd til þess að athuga fjármál og rekstur ríkisútvarpsins með það fyrir augum að leiða í ljós, hvort ekki sé unnt að verja meira fé til útvarpsefnis af tekjum þess en nú á sér stað.

Greinargerð.

Í frv. til fjárlaga fyrir árið 1951 er ráð fyrir því gert, að tekjur ríkisútvarpsins verði 4.8 millj. kr. Af þessu fé á að verja aðeins 1 millj. kr. eða liðlega fimmtungi til greiðslu fyrir útvarpsefni. Þess er þó rétt að geta, að kostnaður við fréttaþjónustu er hér ekki talinn með dagskrárkostnaði. Í augum þjóðarinnar er ríkisútvarpið fyrst og fremst sú dagskrá, sem flutt er hlustendum. Undanfarið hefur hlutdeild dagskrárinnar í heildartekjum útvarpsins farið minnkandi. Nokkur síðast liðin ár hefur útvarpsráð óátalið getað varið nokkru meira fé til útvarpsefnis en gert hefur verið ráð fyrir í áætlunum, enda hafa fjárlög verið síðbúin, en nú mun menntamálaráðuneytið hafa takmarkað slíka heimild. Er í sjálfu sér gott eitt um það að segja, að gengið sé eftir því, að fjárhagsáætlunum sé fylgt, en hér hefur það orðið til þess, að útvarpsráð hefur nú til umráða mun minna fé en áður til þess að afla útvarpsefnis. Almenningur mun eindregið óska þess, að vandað sé sem mest til dagskrárinnar, enda er útvarpið ein vinsælasta og áhrifaríkasta menningarstofnun þjóðarinnar. Það verður að teljast mjög óeðlilegt, að nauðsynlegur sparnaður sé látinn bitna á útvarpsefninu fyrst og fremst eða einvörðungu, eins og virðist hafa átt sér stað. Sé nauðsynlegt að draga úr heildargjöldum útvarpsins, virðist liggja beinna við að spara eitthvað af þeim kostnaðarliðum, sem nú nema um ⅘ hlutum heildarteknanna. Þvert á móti þarf fremur að auka fjárveitingar til dagskrárinnar en draga úr þeim.

Með tilliti til þess, að dagskrárkostnaðurinn er aðeins rúmlega fimmtungur af heildarkostnaði stofnunarinnar, virðist ekki óeðlilegt að gera ráð fyrir því, að hægt væri að auka dagskrárféð, að óbreyttum heildartekjum. Tillaga þessi er fram borin í því skyni, að gengið verði úr skugga um þetta. Verði niðurstaðan sú, að ekki sé unnt að verja meira fé til útvarpsefnis að óbreyttum tekjum, kæmi mjög til álita að hækka afnotagjöldin og þá ef til vill breyta algerlega um aðferð við innheimtu

þeirra. Mergur þessa máls er sá, að brýna nauðsyn ber til að auka fjárveitingu til útvarpsefnis frá því sem nú er og verið hefur, hvort sem farin verður sú leið að draga úr öðrum kostnaði eða hækka afnotagjöldin.

Nd. 138. Frumvarp til laga [86. mál]

um breyting á lögum nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

3. gr. laganna orðist þannig:

Brot gegn 1. gr. varða sektum, 500—5000 gullkrónum. Skulu þá og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs, upptæk.

Leggja má löghald á skipið og selja það, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar sektum samkvæmt þessari grein og kostnaði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Lægstu sektir fyrir ólöglegar dragnótaveiðar í landhelgi eru samkvæmt núgildandi lögum 2500 gullkrónur, en það jafngildir 18473.75 ísl. kr. samkvæmt núverandi gengi.

Hefur reynzt lítt framkvæmanlegt að innheimta þessar háu sektir og hefur því skapazt venja um að lækka þær verulega með náðun. Sá háttur dugar þó ekki til frambúðar, og þykir rétt, að löggjafinn taki afstöðu til málsins. Ef frumvarp þetta nær ekki fram að ganga, mun það því skoðað yfirlýsing Alþingis um, að hætta eigi þeim sið, sem upp tekinn hefur verið um náðanir á þessum brotum.

Ed. 139. Frumvarp til laga [87. mál]

um breyting á lögum nr. 29 26. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Fyrri málsliður 5. gr. laganna orðist svo:

Fógeti framkvæmir lögtak, þó má hreppstjóri gera lögtak í sveitum, þegar skuldin ekki nemur meiru en 10 þúsund krónum.

2. gr.

Aftan við 7. gr. laganna bætast nýjar málsgreinar svo hljóðandi:

Þá er heimtir skulu í kaupstöðunum skattar þeir og gjöld, er um ræðir í 2. málslið 4. gr., getur fógeti ákveðið að byrja gerðina í skrifstofu sinni, enda tilkynni hann skuldara í ábyrgðarbréfi eða á annan jafn tryggilegan hátt, hvenær gerðin á að fara fram og skori á hann að mæta við gerðina, og er nægilegt, að sú tilkynning sé send til eða birt á því heimili gerðarþola, sem síðast er skráð í manntal. Mæti gerðarþoli þá ekki, og hafi hann eigi tilkynnt lögleg forföll, skal lögreglan eftir beiðni fógeta hafa uppi á gerðarþola og sjá um, að hann mæti hjá fógeta.

Eigi þarf nema einn vott við lögtaksgerðir, er fógeti framkvæmir, en kveðja má hann til sérfróða virðingarmenn, ef hann telur þess þörf.

Nú á gerðarþoli inneignir í bönkum eða sparisjóðum, og þarf gerðarbeiðandi þá ekki að sætta sig við, að bent sé á aðrar eignir til lögtaks, að því leyti sem inneignir þessar hrökkva til greiðslu á kröfunni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 34 7. maí 1928.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Opinber gjaldheimta hefur vaxið gífurlega að undanförnu og fer vaxandi, bæði að því er snertir tölu gjalda og upphæð. Af þessum sökum, svo og vegna þverrandi gjaldgetu, fer tala lögtaka, er gera þarf fyrir opinberum gjöldum, ört vaxandi. Eigi að tryggja greiðslu gjaldanna með nægilegum hraða, þarf til þess æ fleiri menn, bæði lögtaksfulltrúa og votta, og horfir hér til mikils kostnaðarauka fyrir ríkissjóð og bæjarfélögin. Er því nauðsynlegt, að gerðar séu breytingar á lögtakslögunum, sem gera framkvæmd lögtakanna auðveldari og einfaldari, án þess að draga úr öryggi gjaldendanna. Miðar frumvarp þetta í þá átt.

Um einstök atriði frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Í 5. gr. laga nr. 29 frá 1885 var hreppstjóra heimilað að gera lögtak í sveitum, ef skuldin nam ekki meiru en kr. 50.00. Með lögum nr. 34 frá 1928 var hámark þetta hækkað upp í kr. 1000.00. Hámark þetta er nú orðið allt of lágt, bæði vegna hækkaðra gjalda og lækkaðs peningagildis. Þykir fráleitt að auka gjaldendum og hinu opinbera kostnað með því að fógetar þurfi að takast langar ferðir á hendur til að gera lögtak fyrir almennum sköttum, sem nú skipta iðulega þúsundum. Er því lagt til, að hámarkið verði hækkað upp í 10 þúsund krónur. Er réttur þeirra, sem lögtak er gert hjá, á engan hátt skertur með þessu, því ef krafan er umdeild og mótmæli koma fram, ber að leggja þau undir úrskurð fógeta, sbr. 9. gr. lögtakslaganna. Engin ástæða virðist heldur vera til þess, að hreppstjórum verði framvegis meinað að gera lögtak í fasteign.

Um 1. mgr. 2. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum, sbr. 1. mgr. 7. gr. lögtakslaganna og 2. mgr. 33. gr. aðfararlaganna, skal lögtak að jafnaði hefja á heimili gerðarþola, nema þegar fógeta þykir eftir atvikum vera ástæða til út af að bregða, en þeirra frávika gætir lítið. Afleiðingin af þessu er sú, að er fógeti hefur fengið beiðni um lögtak hjá ákveðnum aðila, verður hann að byrja á því að leita uppi heimili hans, en það getur oft orðið mjög tafsamt. Þegar á heimilið er komið, er gerðarþoli oft og jafnvel venjulega ekki heima sjálfur, þar sem lögtök eru almennt gerð í vinnutíma manna. Sé um einhleypan mann að ræða, verður oft ekki komizt inn í íbúð hans, nema að brjóta hana upp. Þó það sé gert, er fógeti jafnvel engu nær, þar eð hann veit ekki, hver á eignir þær, er finnast kunna í híbýlum skuldarans. Verður þá afleiðingin oftast sú, að fógeti fer í bíl með votta til að leita gerðarþola uppi, þar sem hans er helzt von, sem iðulega tekur langan tíma og jafnvel tekst ekki. Þótt gerðarþoli búi með fjölskyldu sinni og einhverjir séu staddir á heimili hans, er fógeti kemur, er lögtak oft óframkvæmanlegt, nema unnt sé að ná til gerðarþola sjálfs, og getur það tekið langan tíma og valdið töfum og drætti. Auk þeirrar fyrirhafnar og dráttar, sem þetta hefur í för með sér, er oft svo ástatt, að gerðarþola, en þó einkum konu hans og fjölskyldu, er gerður stór óleikur með heimsókn fógeta.

Með ákvæði því, sem hér um ræðir, er ætlazt til, að á þessu verði gagngger breyting. Samkv. því er heimilað og gert ráð fyrir, að lögtaksgerðir hefjist almennt í

skrifstofu fógeta, og gerðarþoli verði með einfaldri kvaðningu eða á annan hátt kvaddur til að mæta við gerðina. Getur oft svo farið, að hægt sé að ljúka gerðinni í skrifstofunni og spara megi gerðarþola allar heimsóknir, nema fara þurfi á heimili hans eða vinnustöð til að virða muni, og er gerðarþoli þá venjulega sjálfur í för með fógeta. Gegni gerðarþoli eigi þeirri skyldu sinni að mæta samkv. kvaðningu fógeta, þykir sjálfsagt, að lögreglan hafi upp á honum og fái hann til að mæta, en það getur fógeti látið lögregluna gera samkv. núgildandi lögum, hafi hann áður byrjað gerðina á heimili skuldara.

Þessi breyting hlýtur að hafa verulegan sparnað í för með sér fyrir innheimtuna og kemur skuldaranum þar að auki oft betur en sú aðferð, sem nú er höfð. Auk þess eru líkur til, að betri upplýsingar fáist um fjárhag gerðarþola, og þar af leiðandi betri árangur af gerðinni. Þessi aðferð er fyrir löngu upp tekin í nágrannalöndunum, t. d. Danmörku, og eru lögtök þó framkvæmd þar í stórum stíl af ólöglærðum lögtaksmönnum (Pantefogeder).

Um 2. mgr. 2. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum er ætlazt til, að tveir vottar séu til aðstoðar fógeta við hverja lögtaksgerð Er það oft óþarfa eyðsla og getur jafnvel verið til baga. Réttara þykir, að fógeti þurfi ekki nema einn vott með sér, en að hann kveðji til sérfróða virðingamenn, sé um vandasamar virðingar að ræða.

Um 3. mgr. 2. gr.

Þegar gerðarþoli á inneignir í bönkum eða sparisjóðum, þykir fráleitt, að hann geti dregið þær undan lögtakinu, en vísi í þeirra stað á muni, sem selja verður við uppboð og e. t. v. eru vafasamir að verðmæti.

Um 3. gr.

Greinin þarf ekki skýringar við að öðru leyti en því, að er hámark það, sem um ræðir í 1. gr. frumvarpsins, er hækkað, ber að afnema lög nr. 34 frá 1928, um hina fyrri hækkun þess.

Nd. 140. Nefndarálit [26. mál]

um frv. til l. um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með nokkrum breytingum, sem hún flytur till. um á sérstöku þingskjali.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að flytja við frv. frekari breytingartillögur eða fylgja öðrum, sem fram kunna að koma. — Skúli Guðmundsson tekur fram, að fylgi hans við frv. geti oltið á því, hvernig fer um þessar brtt.

Alþingi, 10. nóv. 1950.

Gunnar Thoroddsen, form.	Bjarni Ásgeirsson, fundaskr.	Emil Jónsson, frsm.
Skúli Guðmundsson.	Sigurður Guðnason.	

Fylgiskjal I.

BÚNAÐARFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 13. marz 1950.

Oss hefur borizt bréf frá iðnaðarnefnd neðri deildar Alþingis, dags. 23. febr. s. l., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

Erindi þetta tók stjórn Búnaðarfélags Íslands til afgreiðslu á fundi sínum 11. þ. m., eftir að jarðræktarráðunautar félagsins og Jón Hannesson höfðu yfirfarið og athugað frumvarpið.

Samþykkti stjórnin um þetta svo hljóðandi ályktun:

„Stjórnin lítur svo á, að ákvæðum þessa frumvarps sé þannig háttað, að ógerlegt sé að láta þau taka til venjulegs búrekstrar í sveitum, en samkvæmt ákvörðun 1. gr. mundu þau ná, eins og nú hagar til, til flestra sveitabýla. Búnaðarfélag Íslands leggur því til, að í 1. gr. frv. sé bætt undanþáguákvæði um almennan búrekstur í sveitum landsins.

Þá vill Búnaðarfélag Íslands benda á, að tilkynningarskyldu þeirri, sem felst í I. kafla, 3. gr., 3. málsgr., er ógerlegt að framfylgja um vélar þær, sem starfræktar eru á vegum búnaðarfélaga, búnaðarsambanda og ræktunarsambanda og húsagerðarsambanda, þar sem tæki þessi skipta oft um vinnustað oft á sólarhring (ýmist á nóttu eða degi, þar sem vaktaskipti eru við slíka vinnu). Auk þess vill Búnaðarfélag Íslands vekja athygli á því, að fjölmörg ákvæði önnur í þessu frumvarpi þurfa gaumgæfilegrar athugunar við, áður en frumvarpið verður lögleitt."

Þetta tilkynnist yður hér með.

Virðingarfyllst,

f. h. búnaðarmálastjóra

Gunnar Árnason.

Til iðnaðarnefndar neðri deildar Alþingis.

Fylgiskjal II.

VERKFÆRANEFND RÍKISINS

Reykjavík, 29. marz 1950.

Á fundi Verkfæranefndar ríkisins 22. þ. m. var samþykkt eftirfarandi tillaga vegna frumvarps til laga um „öryggisráðstafanir á vinnustöðum".

Nefndin hefur kynnt sér frumvarpið og umsögn Búnaðarfélags Íslands og fellst í aðalatriðum á þær athugasemdir, sem felast í álitsgerð þess.

Virðingarfyllst,

f. h. Verkfæranefndar ríkisins

Sigurrós Ólafsdóttir.

Fylgiskjal III.

MEISTARAFÉLAG JÁRNIÐNAÐARMANNA

Samkvæmt tilmælum háttvirts Alþingis höfum vér athugað frumvarp til laga um öryggisráðstafanir á vinnustöðum. Vér leyfum oss hér með að gera eftirfarandi athugasemdir við áðurnefnt frumvarp.

1. gr.

Vér álítum, að lög þessi séu allt of víðtæk, þar eð þau ná til atvinnurekstrar, sem hefur einn mann í þjónustu sinni, og orku, sem er eitt hestafl eða meira. Vilj-

um vér hér með benda á, að lög þessi ná meðal annars til allra bænda, er tekið hafa véltækni í þjónustu sína.

3. gr.

Vér teljum óframkvæmanlegt að tilkynna ávallt öryggiseftirlitinu, hvar farandvélar eru í notkun, svo sem loftþjöppur, rafsuðuvélar o. fl. Slíkar vélar eru oft í notkun á fleiri en einum stað sama dag.

6. gr.

Vér teljum síðustu málgrein 6. gr. allt of bindandi fyrir verkamenn, að mega til dæmis ekki neyta matar né drykkjar utan dyra, þegar veður leyfir.

7. gr.

Vér teljum fráleitt, að trúnaðarmaður verkamanna sé ávallt talinn dómbær á, hverjir séu óviðkomandi á vinnustað; mundum vér hins vegar merkja þá staði, sem óviðkomandi er bannaður aðgangur um, og mundum fela trúnaðarmanni vorum að fylgjast með því.

9. gr.

Vér viljum leggja til, að slík skoðun væri framkvæmd utan vinnutíma.

11. gr.

Vér álítum, að ákvæði þessarar greinar séu þannig, að illmögulegt sé að fylgja þeim og kostnaður yrði mikill við að uppfylla skilyrðin, sérstaklega þegar um smáverk væri að ræða. Til dæmis ef setja ætti upp vél úti á landi í gömlu frystihúsi, þá bæri samkvæmt þessari grein, ef ekki er til teikning af öllu fyrirkomulagi, að senda vélfræðing á umræddan stað, gera uppdrátt af vélum og útbúnaði, síðan staðsetja hinn nýja hlut, semja greinargerð, fá síðan plöggin staðfest. Þegar hér er komið, má loks senda vélvirkja, t. d. frá Reykjavík, til að vinna verkið. Ferðalög hér á landi eru bæði erfið og dýr, þess vegna yrði kostnaður við allar slíkar framkvæmdir mjög mikill. Öryggismálastjóri virðist hér eiga að hafa ótakmarkað vald til að krefjast.

6. liður: Í vélsmiðjum er vinnu þannig háttað, að hreingerning er óhjákvæmileg hvenær sem er dagsins, t. d. við að fjarlægja rennispæni og afganga frá vélum jafnóðum og unnið er. Vér teljum ófært að færa þessa vinnu yfir á næturstörf.

9. liður: Vér viljum ekki taka að okkur að neyða verkamenn til þess að þvo sér og baða, sé það á móti vilja þeirra.

10. liður: Vér álítum ekki nógu skýrt tekið fram, hvort með orðunum annars staðar er átt við t. d. sitt hvorn vegg í sama herbergi, hvort hér er átt við tvö herbergi, tvo skápa eða fataskáp tvöfaldan.

11. liður: Krafizt er vinnufata eftir ákvæðum öryggismálastjóra og hreinsunar á þeim. Vér teljum ákvæði þessi geta valdið miklum misskilningi um, hve víðtæk þau séu, og geti haft mikinn kostnað í för með sér vegna misnotkunar.

12. liður: Vér teljum ekki öryggismálum við koma að geta krafizt dvalarstofu og sjá verkamönnum fyrir hitunartækjum fyrir mat og drykk.

14. liður: Sé verkamönnum ætlað að vinna standandi, má krefjast, að þeir fái til afnota sæti, sem þeir geta notað, þegar tækifæri gefst. Vér teljum ákvæði þetta geta valdið ósamlyndi milli verkamanns og verkstjóra, þar sem markalínan er nefnd „tækifæri“.

17. gr.

Ábyrgð á hendur þeim sem setja upp vélar og verkstæða sem selja þær, en hver er ábyrgð öryggismálastjóra.

Vér álítum, að með lögum þessum sé atvinnuvegunum íþyngt mjög og lítið tillit tekið til þess mikla kostnaðar, sem lög þessi kunna að hafa í för með sér fyrir allar atvinnugreinar þjóðfélagsins, sem hafa tekið véltækni í þjónustu sína.

Auk þess eru lög þessi sannkallað þrætuepli, því að í lögum ætti ekki að finnast orð, sem eru jafn teygjanleg og tilhlýðilegur — nægilega — hæfilega og hentugt.

Vér leggjum því eindregið til, að frumvarp þetta verði ekki samþykkt sem lög.

Fylgiskjal IV.

VEGAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 13. marz 1950.

Nefndin hefur með bréfi, dags. 23. febr., óskað umsagnar minnar um frumvarp til laga um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, er nú liggur fyrir Alþingi.

Ég hef aðeins athugað frumvarpið með tilliti til sérstakrar aðstöðu vegagerðar ríkisins, enda skilst mér, að ekki muni ætlazt til umsagnar um frumvarpið í heild.

Vil ég vekja athygli á eftirfarandi:

3. gr.

Hvað er farandvél? Eru þar með dráttarvélar, vegheflar, vélskóflur, loftpressur, vélspil, véldælur, rafsuðuvélar, vélkranar o. s. frv.

Vegagerð ríkisins á meira en 100 slíkar vélar, sem notaðar eru víðs vegar um land, oft skamman tíma á hverjum stað. Væri mjög mikil fyrirhöfn og oft nær ógerlegt að fylgja ákvæði síðustu málsgreinar og „tilkynna öryggiseftirlitinu, hvar vélin er í notkun á hverjum tíma".

Ég tel slíkar tilkynningar, að minnsta kosti að því er snertir okkar farandvélar, tilgangslitla og jafnvel gagnslitla skriffinnsku.

13.—14. gr.

Mest vega- og brúavinna er úti undir beru lofti, og verkamenn liggja við í tjöldum eða skálum, en matast í sérstökum tjöldum eða skálum. Vinnuflokkar flytja oft stað úr stað. Þykir vanta ákvæði í 14. gr., sem beinlínis undanskilji slíka vinnu.

32. gr.

Það er vitanlega rétt að ákveða hámarksvinnutíma bifreiðastjóra, sem flytja fólk, og stjórnenda véla, og er þá í greininni væntanlega átt við, að hætta geti stafað af öðrum en vélstjóranum sjálfum. Ef sá skilningur er lagður í þetta ákvæði, hef ég ekkert við það að athuga, en ef einnig er átt við vélstjórann sjálfan, þá vil ég vekja athygli á, að þráfaldlega kemur fyrir við vegavinnu, að vélstjóri þarf að vinna dag og dag lengur en 12 stundir, sérstaklega ef bilanir verða, og teldi ég þá rétt að taka fram, að slíkt væri heimilt.

33. gr.

Ákvæði um hvíldar- og matarhlé í vinnutíma eru nú í öllum samningum um kaup og kjör verkamanna, og því naumast þörf lagaákvæða.

49. gr.

Ekki kemur glöggt fram, hvort ætlazt er til, að eftirlitsgjald skuli greiða af slíkum farandvélum sem t. d. vegagerðin notar og áður eru nefndar. Þar sem öryggismálastjóri getur í rauninni ekki komið neinu slíku eftirliti við með þeim eða t. d. með vélum, sem notaðar eru af bændum, þætti mér rétt, að þetta væri skýrt tekið fram.

Vitanlega getur verið gagnlegt, að tilkynningaskylda sé um slíkar vélar, til þess að safna á einn stað heildarskýrslu um þær, en ekki þykir mér rétt að taka af þeim eftirlitsgjald.

Ég hef hér aðeins bent á þau atriði frumv., sem beinlínis snerta þessa stofnun, en fljótt á litið virðast mér almenn ákvæði frumvarpsins, er öll miða að auknu öryggi á vinnustöðum, vera mjög þörf, en vitanlega fer ekki hjá því, að kostnaður verður æði mikill og innheimta eftirlitsgjalda nokkuð umfangsmikil.

Virðingarfyllst,

Geir G. Zoëga.

Fylgiskjal V.

BORGARLÆKNIRINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 6. nóvember 1950.

Athugasemdir við frumvarp til laga um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.....

Við 9. og 39. gr.:

1. Ákvæði vantar um, að trúnaðarlæknir öryggiseftirlitsins skuli gera skrá yfir þau efni, efnasambönd og lofttegundir, sem svo hættulegar verða að teljast heilsu manna, að krefjast verður sérstakra öryggisráðstafana í sambandi við þær.
2. Þá þarf og að setja ákvæði, er tryggja, að nauðsynleg læknisskoðun (e. t. v. reglubundin) verði framkvæmd á öllum þeim, er vinna við ofangreind efni, efnasambönd og lofttegundir og eru í hættu þeirra vegna.
3. Í samræmi við ofanritað þarf að breyta 3. gr. 1. mgr., 6. gr. 3. mgr. og 10. gr. 2. mgr.

Við 30. og 44. gr.:

Greinarnar að nokkru leyti samhljóða.

Fylgiskjal VI.

VERKSMIÐJUSKOÐUNARSTJÓRINN

Reykjavík, 29. marz 1950.

Athugasemdir Búnaðarfélags Íslands, vegamálastjóra og Meistarafélags járniðnaðarmanna við frumvarp til laga um öryggisráðstafanir á vinnustöðum hef ég fengið til umsagnar hjá háttvirtum formanni iðnaðarnefndar neðri deildar Alþingis.

Eftir að hafa kynnt mér athugasemdir þessar, vil ég leyfa mér að láta í ljós eftirfarandi álit:

Ég fellst á þá tillögu Búnaðarfélags Íslands, að almennur búrekstur sé undanþeginn eftirlitsskyldu, svo og allar algengar búvélar.

Þá sé ég einnig, að ógerlegt er fyrir eigendur farandvéla að tilkynna eftirlitinu á hverjum tíma, hvar farandvél er í notkun, og teldi ég því rétt, að síðasta málsgrein 3. gr. félli niður, en að í stað hennar kæmi ný málsgrein, svo hljóðandi:

„Eigandi farandvélar skal tilkynna hana öryggiseftirlitinu, og þegar þess er óskað, láta því í té upplýsingar um, hvar vélin sé í notkun.“

Í athugasemdum vegamálastjóra er einnig drepið á ákvæði 3. gr. um farandvélar og spurt, hvað teljist farandvélar.

Ég lít svo á, að allar þær vélar, sem vegamálastjóri telur upp, að undanskildum dráttarvélum og vegheflum, séu farandvélar, eða með öðrum orðum allar þær vélar, sem sérstaklega eru til þess gerðar að flytja þær milli vinnustöðva, en vinna verk sitt staðbundnar. Varðandi tilkynningaskyldu slíkra véla vísast til þess, sem ég hef sagt hér að framan.

Varðandi athugasemdir vegamálastjóra við 13.—14. gr. get ég fallizt á, að vinna sú, sem hann tilgreinir, sé ekki nógu greinilega undanskilin ákvæðum 12. og 13. gr., en þó var síðasta málsgrein 13. gr. beinlínis sett inn með tilliti til slíkrar vinnu.

Ákvæði 32. gr. var einungis sett vegna hættu þeirrar, sem öðrum en vélstjóranum getur stafað af ofþreytu hans, sem áhrif gæti haft á öryggi hans við stjórn vélarinnar.

Ég tel ekki nema til bóta að hafa ákvæði 33. gr. í lögunum, enda þótt lík ákvæði séu í samningum verkamanna við vinnuveitendur.

Ég hef gengið út frá, að eftirlitsgjald yrði greitt af öllum eftirlitsskyldum vélum, sem nytu reglulegs eftirlits. Margar tegundir farandvéla eru þannig, að full þörf er á, að gott eftirlit sé haft með þeim, og ætti engum að blandast hugur um, að slíkt dregur mjög úr slysahættu þeirra manna, sem við vélarnar vinna.

Út af athugasemdum Meistarafélags járniðnaðarmanna hef ég átt allýtarlegt viðtal við hr. Ólaf Sigurðsson forstjóra Landssmiðjunnar. Með viðtali þessu varð mér afstaða meistarafélagsins á margan hátt ljósari en ella, og vil ég nú leyfa mér að koma fram með álit mitt á sömu atriðum og í sömu röð og meistarafélagið gerir.

1. gr.

Í 1. gr. núgildandi laga um eftirlit með verksmiðjum og vélum er gert ráð fyrir, að eftirlitsskyldar séu vinnustöðvar, þar sem þrír menn hið fæsta vinna saman að jafnaði, svo og einkatlar og vélar. Hér er ekkert lágmark á afli vélar tekið fram, og er því síður en svo gengið lengra hvað vélarnar snertir í frumvarpi þessu. Þá vil ég benda á undanþágu ákvæði 49. gr., sem gerir ráð fyrir, að sleppa megi vinnustöð, þó að fimm menn vinni þar og notuð vélaorka sé allt að 3 hestöfl. Að öðru leyti vísa ég til álits míns hér að framan varðandi búrekstur og búvélar.

3. gr.

Vísast til álits míns hér að framan um þetta atriði.

6. gr.

Það er augljóst, að umrætt ákvæði miðar einungis að því að koma í veg fyrir, að verkamenn neyti matar síns þar, sem hollustuhættir eru miður góðir, og teldi ég rétt að breyta orðalagi málsgreinarinnar þannig, að þetta kæmi skýrt fram.

7. gr.

Ákvæði þetta er sett inn í frumvarpið til að reyna koma í veg fyrir óþarfa umferð óviðkomandi manna á vinnustað, en af slíku hafa ekki hlotizt svo fá slys. Verði þessu á annan hátt en hér er gert ráð fyrir til vegar komið, hef ég enga ástæðu til að mæla móti því. Hins vegar tel ég ráðstafanir, sem ganga í þessa átt, mjög æskilegar, bæði fyrir verkamenn og vinnuveitendur.

9. gr.

Þar sem hér er einungis átt við læknisskoðun vegna atvinnusjúkdómahættu og því beinlínis um afleiðingar vinnunnar að ræða, þótti eðlilegt, að slíka skoðun mætti framkvæma í vinnutíma, án kaupskerðingar. Gagnvart atvinnusjúkdómum hafa báðir aðilar hagsmuna að gæta.

11. gr.

Ákvæði greinar þessarar er beinlínis sett inn í frumvarpið vegna brýnna þarfa. Þráfaldlega hefur það komið fyrir, að fyrirkomulag nýrra fyrirtækja og breytingar eldri fyrirtækja hafa verið með þeim hætti, að algerlega hefur verið óviðunandi, bæði hvað öryggi og hollustuhætti snertir. Hefur þá ýmist orðið að láta sitja við það, sem gert hafði verið, eða framkvæma breytingar með ærnum kostnaði og fyrirhöfn. Til þess að draga úr fyrirhöfn þeirri, sem bent er á, mætti láta sér nægja með, að leitað væri umsagnar umboðsmanns öryggiseftirlitsins á staðnum, ef um

breytingar á gömlu fyrirtæki væri að ræða, sem engir uppdrættir væru til af. Smátt og smátt kæmi svo að því, að eftirlitið hefði í höndum uppdrætti af flestum fyrirtækjum.

12. gr.

6. liður: Ræsting margra fyrirtækja er framkvæmd á þann hátt, að gólf eru sópuð. Við slíka ræstingu verður ekki komizt hjá því, að mikið ryk þyrlist upp, sem telja verður miður æskilegt, að verkamenn andi að sér, en hjá því verður naumast komizt, ef slík ræsting er framkvæmd, meðan þeir eru við vinnu. Að fjarlægja rennispæni eða efnisafganga getur tæplega talizt til hreingerninga.

9. liður: Í greininni er ekki gert ráð fyrir, að vinnuveitandi sjái um, að verkamenn noti þvottatæki eða böð. Ákvæði þetta mætti fella niður og láta menn sjálfa um það, hvort þeir fara heim til sín með þau óhreinindi, sem þeir safna á sig við vinnuna.

10. liður: Þetta er gert ráð fyrir að ákveðið sé í reglugerð, og þá með hliðsjón á því, hvers eðlis vinnan er.

11. liður: Við sérstök verk hefur það tíðkazt, að vinnuveitandi léti verkamönnum í té vinnuföt, og tel ég ekki ástæðu til að óttast óhóflegar kröfur eða misskilning, sem ákvæði þetta kynni að valda. Það er misskilningur, að gert sé ráð fyrir, að öryggismálastjóri ákveði, í hvaða tilfellum um slík vinnuföt geti verið að ræða, og augljóst, að slíkt yrði ákveðið með reglugerð.

12. liður: Þetta sjónarmið kemur mér undarlega fyrir sjónir. Hollustuhættir og öryggi er svo nátengt, að ég fæ ekki séð, að einu gildi, við hvaða aðstæður menn neyta matar síns.

14. liður: Þetta sjónarmið get ég fallizt á og mæli ekki móti því, að ákvæði þetta falli niður úr frumvarpinu.

17. gr.

Ákvæði þetta er sett inn í frumvarpið í samræmi við það, sem tíðkast í nágrannalöndunum, og á að tryggja kaupanda vélar, að hún sé búin lögboðnum öryggistækjum. Ábyrgð þeirra, sem selja og setja upp vélar, fellur auðvitað niður, um leið og eftirlitið hefur skoðað og viðurkennt umbúnað allan. Slík skoðun er gert ráð fyrir, að fari fram, þegar þess er óskað, sbr. 38. gr.

Hvað kostnaði þeim viðvíkur, sem frumvarp þetta kann að hafa í för með sér, ef að lögum verður, lít ég svo á, að hann verði ekki meiri en hann hefur verið hjá fyrirtækjum þeim, sem til þessa hafa verið háð eftirliti. Með breikkuðu verksviði eftirlitsins koma fleiri starfrækslur undir það, og ættu eftirlitsgjöld þeirra að standa undir auknum kostnaði við eftirlitið.

Um þá staðhæfingu, að lögin verði sannkallað þrætuepli vegna hinna teygjanlegu orða, sem tilfærð eru, er því til að svara, að þar sem slík orð eru notuð, er það gert vegna þess, að aðstæður við vinnu eru æði misjafnar, svo að eitt hentar í einu tilfelli, sem óhæft er í öðru. Verður í slíkum tilfellum að setja föst ákvæði í reglugerðum, og verða því lögin að vera þannig, að þau heimili reglugerðarákvæði.

Virðingarfyllst,

Þ. Runólfsson.

Til iðnaðarnefndar neðri deildar Alþingis.

Nd. **141. Breytingartillögur** [26. mál]

við frv. til l. um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Á eftir 3. tölul. komi nýr tölul., svo hljóðandi: allur almennur búrekstur.
   b. Síðasta málsgr. orðist svo:
   Ráðherra getur þó, í samráði við öryggismálastjóra, mælt svo fyrir í reglugerð, að vélar og önnur áhöld og mannvirki, sem lög þessi ná ekki til, en ætla má að sérstök hætta geti stafað af, skuli vera háð því eftirliti, er lög þessi mæla fyrir um.
2. Við 3. gr.
   a. Aftan við 1. málsgr. bætist: Ef notuð eru í fyrirtækinu efni, efnasambönd eða lofttegundir, sem hættuleg teljast heilsu manna, skal fylgja um þau skrá frá trúnaðarlækni öryggiseftirlitsins.
   b. Síðasta málsgr. orðist svo:
   Eigandi farandvélar skal tilkynna hana öryggiseftirlitinu, og þegar þess er óskað, láta því í té upplýsingar um, hvar vélin er í notkun.
3. Við 6. gr.
   a. Niðurlag 2. málsgr. orðist svo: og skulu þeir lagfæra þá galla, sem á kunna að verða, í samráði við yfirmann sinn, ef unnt er.
   b. Fyrri málsl. 3. málsgr. orðist svo:
   Verði verkamaður fyrir slysi við vinnu sína, eða fái atvinnusjúkdóm, ber honum að tilkynna það yfirmanni sínum svo fljótt sem verða má.
   c. Síðari málsl. 3. málsgr. orðist svo: Eigi má taka upp þá vinnu á ný, fyrr en það hefur verið lagfært, sem kann að hafa verið í ólagi.
4. Við 9. gr. Síðasti málsl. orðist svo: Þegar svo stendur á, er vinnuveitandi skyldur til að gefa verkamönnum frí frá störfum, án skerðingar á kaupi, til þess að skoðun geti farið fram.
5. Við 11. gr.
   a. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Sérhver, sem ætlar að reisa eða starfrækja meiri háttar verksmiðju ....
   b. Aftan við fyrri málsgr. bætist nýr málsl., svo hljóðandi: Ákveða skal í reglugerð, hver stærð verksmiðja og verkstæða skuli falla undir ákvæði þessarar greinar.
6. Við 12. gr.
   a. 6. tölul. orðist svo:
   Hreingerning. Vinnustaðir skulu vera tilhlýðilega hreinsaðir.
   b. Aftan við 11. tölul. bætist: Kveða skal á um það í reglugerð, við hvaða störf ákvæði þessa töluliðs skuli gilda.
   c. Upphaf 12. tölul. orðist svo:
   Matstofa og dvalarstofa. Verkamenn skulu, eftir því sem við verður komið, hafa aðgang að ....
   d. Síðari efnismálsl. 14. tölul. falli burt.
7. Við 13. gr. 3. málsl. 1. málsgr. falli niður.
8. Við 32. gr. Greinin orðist svo:
   Bifreiðarstjórar, sem að staðaldri flytja fólk, og stjórnendur þeirra véla, sem mönnum getur stafað sérstök hætta af, skulu ekki hafa lengri vinnutíma en 12 klst. á sólarhring.

9. Við 46. gr. Á eftir gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Þar, sem starfsemi fer fram við gildistöku laga þessara, er að einhverju leyti fer í bága við ákvæði þeirra, skal öryggismálastjóra með samþykki öryggisráðs heimilt að veita frest um ákveðinn tíma til að koma því í lag, sem ábótavant kann að reynast.

Ed. 142. Nefndarálit [65. mál]

um frv. til ábúðarlaga.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 55. gr. 2. málsgr. orðist svo:
Um jarðir, sem verið hafa í óslitinni ábúð frá því fyrir gildistöku laga nr. 87 1933, án þess að nýtt byggingarbréf hafi verið gefið út eða framlengt eftir gildistöku þeirra, fer samkvæmt lögum nr. 1 12. jan. 1884, þangað til leiguliðaskipti verða á slíkum jörðum eða nýtt byggingarbréf er gefið út.

Alþingi, 7. nóv. 1950.

Páll Zóphóníasson, form. Eiríkur Einarsson, fundaskr. Vilhjálmur Hjálmarsson, frsm.
Þorst. Þorsteinsson. F. R. Valdimarsson.

Nd. 143. Nefndarálit [68. mál]

um frv. til l. um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita Gunnari Bergsteinssyni, sjóliðsforingja, stýrimannsskírteini á íslenzkum skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Maður sá, er hér um ræðir, Gunnar Bergsteinsson sjóliðsforingi, sem nú starfar á einu af varðskipum ríkisins, hefur lokið prófi við sjóliðsforingjaskólann í Osló. Próf það, sem hann hefur innt þar af hendi, er í alla staði jafngilt prófum þeim frá stýrimannaskólanum hér, sem veita réttindi til skipstjórnar, hvort heldur er um að ræða á fiski- og vöruflutningaskipum eða varðskipum. Felur undanþága þessi frá því sjónarmiði ekki í sér neina öryggisskerðingu. Hefur tvívegis áður verið veitt sams konar undanþága skipstjórnarmönnum, sem tekið höfðu hliðstæð próf í Danmörku. Nefndin mælir því með samþykkt frv.

Alþingi, 8. nóv. 1950.

Pétur Ottesen, form., frsm. Gísli Guðmundsson, fundaskr. Halldór Ásgrímsson.
Sigurður Ágústsson. Lúðvík Jósefsson.

Nd. 144. Nefndarálit [28. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 69 12. apríl 1945, um stýrimannaskólann í Reykjavík.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta, og einnig hefur verið rætt um það við skólastjóra stýrimannaskólans. Aðalefni frv. er í því fólgið, að gerð er nokkur breyting á tilhögun kennslunnar, sem á rót sína að rekja til breyttra aðstæðna við fiskveiðar.

Þá eru og niður felld nokkur ákvæði um inntökuskilyrði í farmannadeild, sem skólastjóri telur óþörf eins og nú er komið.

Í 5. gr. frv. er gert ráð fyrir að lögfesta, að þrír skuli vera kennarar í siglingafræði í stað tveggja, sem lögin ákveða. Þótt nefndin gangi út frá því sem sjálfsögðum hlut, að skólanum sé séð fyrir nægum kennslukröftum, lítur hún svo á, að eigi sé ástæða til að breyta lögum skólans að þessu leyti, enda engan rökstuðning að finna í greinargerð þeirri, er frv. fylgir, fyrir þessari breytingu.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 5. gr. Greinin fellur niður.

Alþingi, 8. nóv. 1950.

Pétur Ottesen, form., frsm. Gísli Guðmundsson, fundaskr. Halldór Ásgrímsson.
Sigurður Ágústsson. Lúðvík Jósefsson.

Ed. 145. Nefndarálit [60. mál]

um frv. til l. um rétt manna til kaupa á ítökum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt með eftirtöldum

BREYTINGUM:

1. Við 5. gr.
   a. Aftan við fyrri málsgr. bætist: Sá er óskar mats, greiði kostnað við það.
   b. Aftan við síðari málsgr. bætist: Fylgi ítaksréttur jörð eða stofnun í öðru lögsagnarumdæmi en jörð sú er í, sem ítakið liggur fyrir eða í, skal dómari þess lögsagnarumdæmis, sem eigandi ítaksins er heimilisfastur í, tilnefna þriðja manninn við yfirmatið.
2. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Nú lítur ítakseigandi svo á, að missir ítaksins skerði verulega aðstöðu til búrekstrar á jörðinni, og mótmælir sölunni á þeim grundvelli, og er þá ekki skylt að selja það, nema tveir dómkvaddir menn telji, að ítakið sé nauðsynlegt jörð þeirri, sem það hefur legið undir, eða komi að betri notum með því að liggja áfram undir jörðina, sem hefur nýtt það. Kostnað við gerðina greiðir sá aðili, er hennar óskar.

Alþingi, 10. nóv. 1950.

Páll Zóphóníasson, form., frsm. Eiríkur Einarsson, fundaskr. Ingólfur Flygenring.
Vilhjálmur Hjálmarsson. F. R. Valdimarsson.

Nd. **146. Lög** [3. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

(Afgreidd frá Nd. 10. nóv.)

Samhljóða þskj. 3.

Nd. **147. Frumvarp til laga** [88. mál]

um aðstoð til útvegsmanna.

Frá sjávarútvegsnefnd.

I. KAFLI

Um eftirgjafir lána úr ríkissjóði og greiðslufrest stofnlána.

1. gr.

Stjórn Skuldaskilasjóðs, samanber 14. gr., er heimilt að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar að semja við útgerðarmenn og útgerðarfélög, er síldveiðar stunduðu á tímabilinu 1945 til 1950, um eftirgjöf að nokkru eða öllu leyti á neðantöldum skuldum þeirra:

1. Sjóveðs- og öðrum lögveðskröfum, er ríkissjóður hefur innleyst samkv. lögum nr. 85 15. des. 1948, og lánum samkv. 2. mgr. 2. gr. sömu laga.
2. Lánum, sem veitt voru úr ríkissjóði vegna aflabrests á sumarsíldveiðum 1945, 1947 og 1949.
3. Lánum, sem veitt voru með ábyrgð ríkissjóðs til áframhaldandi rekstrar á sumarsíldveiðum 1947, 1948 og 1949.

Eftirgjöf samkv. þessari grein skal einnig heimil, þó veðtrygging kunni að vera fyrir láninu, en skal þó ekki nema hærri hundraðshluta en eftir verður gefinn að meðaltali þeim útgerðarfyrirtækjum, sem aðstoð fá til opinberra skuldaskila samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Skilyrði fyrir eftirgjöfum samkv. 1. gr. eru þessi:

1. Að útgerðarmaður hafi sótt um aðstoð.
2. Að útgerðarmaður hafi látið stjórn Skuldaskilasjóðs útvegsmanna í té fullkomna greinargerð, undirritaða að viðlögðum drengskap, um fjárhag sinn og maka síns, svo og veitt færi á að láta kunnáttumenn meta eignir sínar.
3. Að stjórn Skuldaskilasjóðs þyki sýnt, að umsækjanda sé ekki kleift að standa við skuldbindingar sínar eða reka útgerð á heilbrigðum grundvelli án aðstoðar.
4. Að viðunandi samningar náist við aðra lánardrottna útgerðarmanns, ef þurfa þykir að áliti sjóðsstjórnar, með eða án hjálpar hennar, og að sýnt þyki, að honum verði með aðstoðinni kleift að reka útgerð framvegis.

3. gr.

Útgerðarmönnum og útgerðarfélögum, er aðstoð fá samkv. lögum þessum, skal veittur greiðslufrestur á ógreiddum afborgunum af lánum til skipakaupa úr Stofnlánadeild sjávarútvegsins og Fiskveiðasjóði Íslands, er féllu í gjalddaga á árunum 1948—1950, að báðum meðtöldum, þannig að samanlagðar upphæðir gjaldfallinna afborgana deilist með jöfnum árlegum upphæðum á þau ár, sem eftir eru af lánstímanum. Lántakandi skal sanna, að síðari veðlán falli ekki í gjalddaga af þessum sökum.

Dráttarvextir af vangoldnum afborgunum af lánum Stofnlánadeildar skulu vera 0,5% af hinni vangoldnu upphæð fyrir hvern mánuð, sem greiðsla dregst.

4. gr.

Verði bú útgerðarmanns eða útgerðarfélags, sem samið hefur við lánardrottna sína án milligöngu stjórnar Skuldaskilasjóðs, tekið til opinberra skuldaskila eða gjaldþrotaskipta á næsta ári frá eftirgjöf skulda eða krafna samkv. 1. gr., skal nefnd eftirgjöf eigi vera því til fyrirstöðu, að ríkissjóður og aðrir, sem gefið hafa eftir af kröfum jafnframt eftirgjöfum ríkissjóðs, geti lýst kröfum sínum með fullum upphæðum í búið. Hætti fyrirtækið rekstri innan árs, getur ríkissjóður látið eftirgjöfina falla niður.

5. gr.

Skilyrði fyrir aðstoð samkv. I. kafla laga þessara er, að birt verði í Lögbirtingablaði áskorun til lánardrottna og ábyrgðarmanna aðstoðarbeiðanda um að lýsa kröfum á hendur honum fyrir stjórn Skuldaskilasjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu auglýsingar, að viðlögðum kröfumissi.

II. KAFLI

Um skuldaskilasjóð útvegsmanna.

6. gr.

Stofna skal í sambandi við Fiskveiðasjóð Íslands sérstakan sjóð, sem nefnist Skuldaskilasjóður útvegsmanna.

7. gr.

Stofnfé sjóðsins er allt að kr. 20 000 000.00. Upphæð þessa heimilast sjóðnum að taka að láni, og er fjármálaráðherra heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs greiðslu lánsins.

8. gr.

Nú telur stjórn sjóðsins hentugra að gefa út handhafaskuldabréf fyrir sjóðinn, og er henni þá heimilt með samþykki ríkisstjórnarinnar að gefa út handhafaskuldabréf fyrir upphæð, er nemi allt að öllu stofnfé sjóðsins, enda lækki þá lántökuheimild sjóðsins um tilsvarandi fjárhæð.

Trygging þessara skuldabréfa er ábyrgð ríkissjóðs og skuldabréfin fyrir lánum þeim, er Skuldaskilasjóður veitir.

Vextir af bréfunum skulu vera 4½% p. a. Skulu þau gefin út í einum eða fleiri flokkum, eftir ákvörðun sjóðsstjórnarinnar, og skulu þau innleyst á þann hátt, að árlega sé varið sömu fastri upphæð til samanlagðrar vaxta- og innlausnargreiðslu samkvæmt útdrætti, er notarius publicus í Reykjavík framkvæmir, þannig að öll bréfin séu innleyst á 15 árum.

9. gr.

Skuldabréf sjóðsins skulu með nafnverði vera gildur gjaldeyrir til greiðslu á skuldum þeirra útvegsmanna, er lán fá hjá sjóðnum og stofnað hefur verið til á árunum 1945—1950, að báðum árum meðtöldum, að svo miklu leyti sem þær eru ekki fulltryggðar með fasteignaveði eða sjálfvörzluveði í lausafé eða afla skips, en þá eru þau gildur gjaldeyrir með nafnverði fyrir þeim hluta veðskuldanna, sem fram fer úr verðmæti veðsins samkvæmt mati því, sem um ræðir í 17. gr., enda óski veðhafi ekki eftir kaupum á hinni veðsettu eign fyrir a. m. k. 15% hærra verð en matsverð, sbr. 27. gr.

Skuldabréf sjóðsins skulu þó aðeins vera gildur gjaldeyrir gagnvart kröfueigeigendum við skuldaskil.

10. gr.

Lán úr sjóðnum má veita eigendum vélskipa og línuveiðigufuskipa, er stundað hafa síldveiðar fyrir Norðurlandi einhver árin 1945—1950. Skal lánunum varið til þess að ná samningum um nauðsynlegar eftirgjafir skulda og hagkvæmar breytingar á lánskjörum.

Enn fremur skal sjóðsstjórninni heimilt, ef aðrir vélbátar eða línuveiðiskip hafa orðið fyrir sérstökum óhöppum á þessu tímabili, að veita eigendum þeirra lán á sama hátt. Lán úr skuldaskilasjóði má eigi vera hærra en sem svarar 20% af virðingarverði allra eigna lántakanda.

Lánveitingum úr sjóðnum skal lokið 1. júlí 1951.

11. gr.

Skilyrði fyrir lánveitingum úr sjóðnum eru þessi:

1. Að lánbeiðandi reki vélbátaútveg eða línuveiðar sem aðalatvinnuveg.
2. Að hann sé að dómi sjóðsstjórnarinnar vel hæfur til að reka útgerð.
3. Að skuldir hans nemi meiru en sem svarar 75% af virðingarverði eigna hans, enda telji sjóðsstjórnin honum ekki kleift að standa við skuldbindingar sínar eða reka útgerðina á heilbrigðum grundvelli án aðstoðar sjóðsins.
4. Að samningar náist um svo mikinn afslátt á skuldum lánbeiðanda, að raunverulegar eftirstöðvar þeirra, sem sé allar skuldir hans, eftir að lán Skuldaskilasjóðs hefur verið veitt og skuldaskilasamningur gerður, nemi ekki meiru en sem svarar þeim hluta af virðingarverði allra eigna hans, sem sjóðsstjórnin telur honum fært að standa straum af og aldrei meiru en sem svarar fullu virðingarverði eignanna, svo og að samningar náist um viðunanleg greiðslukjör á þeim hluta skulda hans, sem ekki greiðist með skuldaskilasjóðsláninu.
5. Að sett sé trygging fyrir láninu, er stjórn sjóðsins samþykkir.

12. gr.

Vextir af lánum úr Skuldaskilasjóði skulu vera 5% p. a. Lánstími skal fara eftir ákvörðun sjóðsstjórnarinnar, þó skal hann aldrei vera lengri en 12 ár, en það skal þó áskilið, að ef efnahagur lántaka breytist, svo að honum verði auðvelt að greiða lán sitt á skemmri tíma að dómi sjóðsstjórnarinnar, geti hún gert honum að greiða hærri afborganir af láninu en annars er tilskilið.

Enn fremur sé áskilið, að ef lántaki breytir um atvinnuveg eða ef eigendaskipti verða að hinni veðsettu eign, sé sjóðsstjórninni heimilt að ákveða, að lánið sé þegar gjaldfallið.

Gjalddagi lánanna skal vera 1. maí ár hvert.

Sé árgjald ekki innt af hendi innan tveggja mánaða frá gjalddaga, er lánið allt fallið í gjalddaga.

13. gr.

Nú flytur veðsali í aðra þinghá, eftir að skuldabréfi hefur verið þinglýst, og heldur sjóðurinn þá rétti sínum, þótt skuldabréfið sé eigi þinglesið í hinni síðari þinghá veðsins.

14. gr.

Í stjórn skuldaskilasjóðs eiga sæti fjórir menn, skipaðir af ríkisstjórninni. Skal einn skipaður eftir tilnefningu stjórnar Landsbanka Íslands, annar eftir tilnefningu stjórnar Útvegsbanka Íslands h.f., en hinir tveir skulu skipaðir án tilnefningar.

Ráðherra skipar formann stjórnar Skuldaskilasjóðs.

Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða. Ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði formanns.

Skal sjóðsstjórnin skipuð til 1. júlí 1951, enda skal lánveitingum úr sjóðnum þá lokið. Eftir það hefur stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands störf sjóðsins á hendi.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðunarmönnum Fiskveiðasjóðs og úrskurðaðir af sjávarútvegsmálaráðherra og birtir í B-deild Stjórnartíðindanna.

15. gr.

Þar, sem vélbátaútvegur er stundaður, getur sjóðsstjórnin skipað einn eða fleiri menn sér til aðstoðar um að afla gagna til ákvarðana um lánveitingar. Ákveður sjóðsstjórnin þóknun til þeirra.

16. gr.

Umsóknir um aðstoð samkvæmt lögum þessum, þar á meðal um lán úr Skuldaskilasjóði, skulu sendar sjóðsstjórninni eða þeim, er hún vísar til.

Lánbeiðni skal fylgja:

1. Afrit af síðustu skattskýrslu lánbeiðanda.
2. Síðasti rekstrar- og efnahagsreikningur lánbeiðanda.
3. Sundurliðuð skrá yfir eignir lánbeiðanda og mat umboðsmanna sjóðsins á þeim. Sé þar nákvæmlega tekið fram, hverjar fasteignir hans séu, og greint frá því, hvaða breytingar hafa orðið á þeim frá síðasta fasteignamati þeirra og hvert fasteignamat sé á þeim nú.

   Af vélbát eða vélbátum lánbeiðanda skal senda nákvæma lýsingu, þar sem greint sé frá aldri báts og vélar, meðferð og viðhaldi, hvaða fylgifé fylgi bátnum, síðustu sölu, hvenær seldur og fyrir hvaða verð, og öðru, sem kann að veita upplýsingar um sannvirði bátsins. Heimilt er umboðsmönnum að leita aðstoðar kunnáttumanna um þetta.

   Frá veiðarfærum, áhöldum, salti, olíu, aflabirgðum, útistandandi skuldum og öðru lausafé lánbeiðanda skal greint sem ýtarlegast.
4. Sundurliðuð skrá yfir lánardrottna lánbeiðanda. Skal þar greina skuldarupphæð, hvort skuld er tryggð með veði eða ábyrgð og hver tryggingin er, gjalddaga, afborgunarskilmála og önnur skuldakjör.
5. Sundurliðuð skrá yfir ábyrgðir lánbeiðanda. Skal greint, hverjar aðrar tryggingar eru fyrir ábyrgðarskuldunum, og þess getið, hvort líkur eru fyrir, að ábyrgðirnar falli á lánbeiðanda.
6. Vottorð lögreglustjóra eða hreppstjóra um, hve lengi lánbeiðandi hafi rekið vélbátaútgerð og hvar.
7. Drengskaparyfirlýsing lánbeiðanda um, að allar upplýsingar séu gefnar eftir beztu vitund.
8. Rökstutt álit umboðsmanna sjóðsstjórnar um aðstöðu lánbeiðanda til vélbátaútgerðar og afkomumöguleika hans.
9. Aðrar upplýsingar, er sjóðurinn kann að óska eftir.
10. Umsóknir um aðstoð, sem borizt hafa skilanefnd samkvæmt lögum nr. 85 og 100 1948, skulu gilda sem umsóknir um lán úr Skuldaskilasjóði, nema annað sé tekið fram.

17. gr.

Heimilt er að skipa tvo matsmenn fyrir hvern landsfjórðung eða fyrir tiltekið útgerðarsvæði, eftir nánari ákvörðun stjórnar Skuldaskilasjóðs, til þess að meta til peningaverðs fasteignir og skip lánbeiðenda sjóðsins. Skal annar skipaður af sjóðsstjórninni, en hinn af sjávarútvegsmálaráðherra.

Matsmenn Skuldaskilasjóðs skulu meta til sannvirðis allar fasteignir og skip lánbeiðenda með tilliti til þess, sem nú greinir:

1. Hvernig ástand eignarinnar er nú og hvort verulegar endurbætur eru nauðsynlegar á henni, vegna þess að viðhald hennar hafi verið vanrækt undanfarið.
2. Hvaða leigu eða afgjald megi ætla, að hægt sé að fá nú árlega eftir eignina.
3. Hvaða verð sé líklegt að fáist nú fyrir eignina með frjálsri sölu eða nauðungarsölu.
4. Að hve miklu leyti eignin fullnægi nú þeim kröfum um nothæfi, sem gerðar eru, eða hvort til þess verði að gera á henni breytingar, er hafi verulegan kostnað í för með sér.
5. Sérhvers annars, er líklegt er, að hafi áhrif á verðmæti eignarinnar.

   Með hliðsjón af álitsgerðum matsmanna ákveður stjórn sjóðsins verðmæti eigna lánbeiðenda.

18. gr.

Þegar sjóðsstjórnin hefur fengið í hendur tillögur umboðsmanna og virðingargerðir matsmanna, tekur hún ákvörðun um, hvort lánbeiðandi getur komið til greina

við lánveitingu. Skal hún þá láta birta þrisvar í Lögbirtingablaðinu áskorun til allra þeirra, sem fjárkröfur eiga á lánbeiðanda, þar með taldar ábyrgðir, um að lýsa kröfum sínum fyrir stjórn sjóðsins með fjögurra vikna fyrirvara frá síðustu birtingu auglýsingar. Skal í auglýsingunni tekið fram, að allar ótryggðar kröfur falli niður ógildar, ef þeim er ekki lýst innan hins tiltekna frests. Ef skuldareigandi, sem ekki hefur lýst viðurkenndri kröfu innan hins tiltekna frests, síðar meðan á samningaumleitunum stendur færir líkur fyrir því, að hann hafi eigi átt þess kost að sjá auglýsinguna, svo sem vegna fjarveru, sjúkdóms o. s. frv., er sjóðsstjórninni þó heimilt að taka kröfu hans til greina. Sé ekki lýst öllum þeim kröfum, sem taldar eru fram samkvæmt 16. gr. 4. lið, skal sjóðsstjórnin sannprófa, hvort framtalið er rétt.

Áskoranir til lánardrottna aðstoðarbeiðenda, er skilanefnd samkvæmt lögum nr. 85 og 100 1948 kann að hafa látið birta samkvæmt lögum nr. 100 1948 og reglugerð nr. 158 1949, skulu teljast fullnægjandi og koma í stað áskorana samkvæmt þessari grein.

19. gr.

Að liðnum innköllunarfresti skal sjóðsstjórnin, svo fljótt sem unnt er, taka ákvörðun um, hvort hún telur fært að veita lánbeiðanda lán úr Skuldaskilasjóði. Telji hún, að umsækjandi geti komið til greina, skal honum þegar í stað tilkynnt það, annaðhvort bréflega eða með símskeyti.

20. gr.

Nú telur stjórn Skuldaskilasjóðs, að umsækjandi uppfylli þau skilyrði, sem lög þessi setja fyrir aðstoð samkvæmt þeim, þar á meðal til lánveitinga úr sjóðnum, og skal hún þá, svo fljótt sem auðið er, semja frumvarp til skuldaskila fyrir hann, ef hún telur, að hann þurfi að fá eftirgjöf á skuldum eða samninga við lánardrottna.

Í frumvarpinu skulu taldar sér í flokki þær skuldir, er samningum er eigi ætlað að ná til, og í öðrum flokki þær skuldir, sem ætlazt er til, að samið sé um. Þá skal og skilmerkilega getið, hve háan hundraðshluta umsækjanda er ætlað að greiða af skuldum þeim, er samningar ná til.

Frumvarpið skal borið undir umsækjanda, og segi hann til innan 5 daga, hvort hann treystist til að hlíta ákvæðum þess.

21. gr.

Þegar eftir að samningsfrumvarp það, sem í 20. gr. getur, er fullsamið og samþykkt af umsækjanda, skal sjóðsstjórnin með ábyrgðarbréfi eða símskeyti tilkynna það öllum þeim lánardrottnum, er kröfu hafa lýst í búið, og boða þá og umsækjanda á fund með hæfilegum fyrirvara. Þangað til fundurinn er haldinn skal frumvarp eða staðfest afrit liggja á skrifstofu sjóðsins skuldheimtumönnum til sýnis.

22. gr.

Á skuldheimtumannafundi þeim, er um getur í 21. gr., skal sjóðsstjórnin leggja fram samningsfrumvarp, svo og nákvæman efnahagsreikning umsækjanda, staðfestan af stjórn sjóðsins.

Skuldheimtumenn eiga heimtingu á að fá sérhverjar upplýsingar um hag umsækjanda, er sjóðsstjórnin getur látið í té. Þeim er heimilt að bera fram breytingartillögur við frumvarpið, og skulu þær ræddar og bornar undir atkvæði sérstaklega. Verði þær samþykktar, hefur sjóðsstjórnin heimild til að taka frumvarpið aftur, ef hún telur þær verulegu máli skipta. Að öðrum kosti ber sjóðsstjórnin frumvarpið undir atkvæði skuldheimtumanna þegar að loknum umræðum og atkvæðagreiðslum um breytingartillögur.

23. gr.

Hljóti frumvarp atkvæði svo margra skuldheimtumanna eða umboðsmanna þeirra, að þeir ráði yfir meira en helmingi samanlagðra kröfuupphæða mættra

skuldheimtumanna, þeirra er samningnum er ætlað að ná til, hefur sjóðsstjórnin heimild til að staðfesta það, og er það þá bindandi einnig fyrir þá skuldheimtumenn, er greitt hafa atkvæði á móti því eða eigi mætt á fundi. Leysir það þá skuldunaut undan skyldu til að greiða þann hundraðshluta hverrar samningskröfu, sem undan er skilin í samningnum, bæði gagnvart lánardrottni sjálfum, ábyrgðarmönnum og öðrum, er annars hefðu átt endurgjaldskröfu á hendur honum fyrir greiðslu skuldarinnar.

24. gr.

Þegar eftir að samningur er staðfestur, skal sjóðsstjórnin ganga frá lánsskjölum og sjá um, að formlega sé frá öllu því gengið, sem samningur kveður á um.

25. gr.

Samningur haggar eigi heimild lánardrottins til að ganga að tryggingu eða ábyrgð, sem þriðji maður hefur sett fyrir kröfum á hendur umsækjanda.

26. gr.

Samningurinn hefur engin áhrif á þær kröfur, sem hér greinir:

1. Skuldir tryggðar með veði, þó því aðeins, að skuldarupphæð nemi eigi meiru en verðmæti veðsins. Sé skuldin hærri en verðmæti veðsins samkvæmt mati því, sem lagt er til grundvallar við samningsgerðina, ná samningar til þess hluta skuldarinnar, sem fer fram úr verði veðsins, enda óski veðhafi ekki eftir kaupum á hinni veðsettu eign fyrir a. m. k. 15% hærra verð en matsverð.
2. Forgangskröfur samkvæmt 8. kafla 83. gr. skiptalaganna, að svo miklu leyti sem eigur lánbeiðanda teljast hrökkva fyrir þeim.

27. gr.

Frá því umsækjandi hefur sótt um aðstoð til sjóðsstjórnar og þangað til samningaumleitunum er lokið, má hann ekki selja eignir sínar umfram venjulega afurðasölu og ekki veðsetja þær nema fyrir nauðsynlegum rekstrarlánum og yfirleitt ekki gera neinar þær ráðstafanir, er veruleg áhrif geti haft á efnahag hans. Komi í ljós eftir að samningur hefur verið staðfestur, að lánbeiðandi hefur brotið ákvæði greinar þessarar, er sjóðsstjórninni heimilt að ógilda samninginn og endurheimta lánið án fyrirvara, ef útborgað hefur verið.

28. gr.

Jafnskjótt sem umboðsmaður Skuldaskilasjóðs eða stjórn sjóðsins hefur tekið við lánbeiðni, skal það tilkynnt skiptaráðanda, og er þá hvers konar aðför vegna skulda lánbeiðanda óheimil á hendur honum og ábyrgðarmönnum hans, þangað til samningaumleitunum er lokið. Eigi verður heldur bú hans tekið til gjaldþrotaskipta frá sama tíma. Nú takast eigi samningar og bú lánbeiðanda er tekið til gjaldþrotaskipta áður en sex mánuðir eru liðnir frá því samningaumleitunum lauk og við skiptin kemur í ljós, að lánbeiðandi hefur brotið gegn ákvæðum 27. gr., og má þá með málsókn rifta þeim samningum og greiðslum, er ólöglega hafa farið fram, samkvæmt reglum gjaldþrotaskiptalaganna, enda sé málsókn hafin innan sex vikna frá því búskipti byrja. Tímabilið frá því er umboðsmaður Skuldaskilasjóðs eða stjórn sjóðsins hefur tekið við lánbeiðni og þangað til samningaumleitunum er lokið telst ekki með fyrningartíma skuldar, víxilréttar, lögveðsréttar eða annarra slíkra réttinda.

29. gr.

Skuldaskilasjóður er undanþeginn opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast.

Öll skjöl viðvíkjandi lánum úr sjóðnum eru undanþegin stimpilgjaldi.

Vottorð úr opinberum skrám er skylt að afgreiða til sjóðsins án endurgjalds.

30. gr.

Fiskveiðasjóður Íslands skal annast allar afgreiðslur lána, innheimtu á þeim svo og önnur nauðsynleg skrifstofustörf í því sambandi gegn þóknun, er ráðherra ákveður.

Afborgana- og vaxtagreiðslur af lánum þeim, er Skuldaskilasjóður veitir, skulu ganga til greiðslu á lánum þeim, er sjóðurinn sjálfur hefur tekið, sbr. 7. gr.

31. gr.

Kostnað við framkvæmd laga þessara greiðir ríkissjóður.

32. gr.

Í reglugerð fyrir Skuldaskilasjóð má setja þau ákvæði um stjórn sjóðsins og starfrækslu, er nauðsynleg þykja og eigi fara í bága við lög þessi.

33. gr.

Með lögum þessum er úr gildi felldur II. kafli laga nr. 100 1948.

34. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt beiðni atvinnumálaráðherra. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að bera fram breytingartillögur og fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma, ef þurfa þykir. Frumvarpinu fylgdi frá ráðherra svo hljóðandi greinargerð:

Framangreint frumvarp er samið af skilanefnd, sem skipuð var samkvæmt lögum nr. 85/1948, um aðstoð til útvegsmanna, er síldveiðar stunduðu sumarið 1948. Skilanefndin hefur síðan annazt afgreiðslu á lánum úr ríkissjóði vegna aflabrests á síldveiðunum.

Fyrsti kafli frumvarpsins fjallar um frjáls skuldaskil, en sá síðari um þvinguð skuldaskil.

Nokkur skoðanamunur hefur ríkt um það, hvora þessara leiða beri að fara, en í frumvarpinu er fylgt II. kafla laga nr. 100 1948 að því leyti, að þess sé kostur, að þær verði báðar farnar.

Meginmunurinn á ákvæðum I. kafla frumvarpsins og II. kafla laga nr. 100/1948 er sá, að í 5. gr. frumvarpsins er það skilyrði sett fyrir aðstoð, að birt verði áskorun til lánardrottna og ábyrgðarmanna aðstoðarbeiðanda um að lýsa kröfum á hendur honum að viðlögðum kröfumissi, og enn fremur að eftirgjafir á lánum ríkissjóðs samkvæmt 1. gr. skuli ekki nema hærri hundraðshluta en eftir verður gefinn að meðaltali þeim útgerðarmönnum, sem aðstoð fá samkvæmt II. kafla frumvarpsins. Innköllun skulda þykir nauðsynleg til þess að sannreyna efnahag aðstoðarbeiðanda, og ekki hefur þótt fært að leggja til, að þeir, sem geta samið við skuldheimtumenn sína í frjálsum skuldaskilum, fái hlutfallslega meiri eftirgjafir af skuldum sínum við ríkissjóð en hinir, sem fara í þvinguð skuldaskil.

Þá er svo ákveðið í 3. gr. frumv., að útgerðarmönnum skuli veittur greiðslufrestur á ógreiddum afborgunum af lánum til skipakaupa úr Stofnlánadeild og Fiskveiðasjóði.

Í II. kafla frumvarpsins er fylgt í meginatriðum ákvæðum laga nr. 99/1935, um Skuldaskilasjóð vélbátaeigenda.

Að öðru leyti vísast til bréfa skilanefndarinnar, dags. 27. september s. l. og 13. f. m., þar sem gerð er nánari grein fyrir frumvarpinu og einstökum atriðum þess.

Fylgiskjal I.

SKILANEFND

Reykjavík, 27. sept. 1950.

Til svars við bréfi hins háa ráðuneytis, dags. 9. þ. m., og með tilvísun til viðtals við ráðuneytið fyrir og eftir móttöku nefnds bréfs leyfir skilanefndin sér að tjá ráðuneytinu það, er hér fer á eftir varðandi störf nefndarinnar.

Með bréfi, dags. 22. júní 1949, var nefndinni tilkynnt, að ráðuneytið hefði ákveðið að nota heimild í II. kafla laga nr. 100 1948 til að veita að nokkru eða öllu leyti eftirgjöf á lánum til síldarútvegsmanna. Ákveðið var þó í samráði við ráðuneytið, að nefndin byrjaði ekki fyrir alvöru á störfum fyrr en sumarsíldveiðum 1949 væri lokið.

Á árunum 1949—50 hafa 120 eigendur 144 síldveiðiskipa sótt til nefndarinnar um aðstoð samkv. fyrrnefndum lögum. Nefndin tjáði hinu háa ráðuneyti í bréfi 25. nóv. 1949, að hún teldi aðstoð þá, er nefnd lög gera ráð fyrir, „tæpast koma að tilætluðum notum" nema eigendum skipanna yrði jafnframt „séð fyrir einhverri aðstoð við greiðslu áfallinna afborgana af lánum Stofnlánadeildar sjávarútvegsins og Fiskveiðasjóðs Íslands, sem á bátum þeirra hvíla". Skömmu síðar lagði ríkisstjórnin fyrir Alþingi frv. til laga um breytingar á l. nr. 100 1948 og viðauka við þau lög, þar sem m. a. var gert ráð fyrir, að veittur yrði greiðslufrestur á umræddum afborgunum. Varð þá að samkomulagi milli nefndarinnar og ráðuneytisins að fresta afgreiðslu umsókna fyrst um sinn. Jafnframt bárust ráðuneytinu tillögur um almenn skuldaskil síldarútvegsmanna frá Landsbanka Íslands, og voru tillögur þessar sendar nefndinni til umsagnar 8. febr. 1950. Umsögn nefndarinnar til ráðuneytisins er dagsett 16. febrúar 1950, og taldi nefndin æskilegt, að séð yrði fyrir fé til framkvæmdar skuldaskila, eins og gert var ráð fyrir í tillögum þessum. Að öðru leyti vísast til nefnds bréfs nefndarinnar.

Með tilliti til þess, sem nú hefur verið sagt, leit nefndin svo á, að endanleg lausn skuldamála síldarútvegsins væri í athugun hjá ríkisstjórn og Alþingi, og að ekki mætti af hálfu nefndarinnar taka ákvarðanir, sem komið gætu í bága við þá lausn. Af þeim ástæðum gat eigi orðið úr framkvæmdum fyrr en niðurstaða væri fengin um þessi atriði. Hins vegar fór svo, að tillögur Landsbankans voru ekki lagðar fyrir Alþingi, og stjórnarfrumvarpið var óafgreitt í þinglok.

Í júlímánuði s. l. annaðist nefndin samkv. fyrirmælum ráðuneytisins innlausn sjóveðs frá sumarsíldveiðunum 1949, fyrir ca. 1.5 millj. kr. Hinn 9. maí barst nefndinni enn fremur bréf frá ráðuneytinu, þar sem gert var ráð fyrir, að afgreiðslu aðstoðarbeiðna yrði frestað fram yfir síldarvertíð, en að nefndin annaðist innköllun krafna á hendur eigendum síldveiðiskipanna, enda kæmi til samþykki þeirra. Í viðtölum, sem formaður nefndarinnar átti við stjórn Landsbankans, varð þó að samkomulagi, að innkölluninni yrði frestað þar til í septembermánuði, og féllst nefndin á það, þar sem óskir um innköllun höfðu aðallega komið fram af Landsbankans hálfu, enda talið gagnslítið að gefa út innkallanir fyrir síldarvertíð eða í byrjun hennar.

Þegar sá tími kom, að innköllun krafna átti að fara fram samkv. fyrrnefndu bréfi ráðuneytisins og samkomulagi við Landsbankann, taldi nefndin þó, eins og fram hefur komið í viðtölum við ráðuneytið, eigi rétt að hefjast handa í því efni, fyrr en ný staðfesting væri fengin hjá ráðuneytinu á því, að innköllunin skyldi eiga sér stað. Taldi nefndin eigi útilokað, að hin slæma rekstrarafkoma síldveiðiskipanna að þessu sinni kynni að verða til þess, að nýjar ákvarðanir yrðu teknar, sbr. bréf ráðuneytisins 9. maí.

Þó ástand það, sem verið hefur í þessum málum samkv. framansögðu, hafi vafalaust orðið til þess, að ýmis útgerðarfyrirtæki, sem ella hefðu stöðvazt, hafi getað haldið áfram rekstri sínum, telur nefndin naumast fært, að það ástand haldist áfram.

Varðandi lausn þessara mála, eins og þau horfa við nú, að lokinni síldarvertíð, vill nefndin taka þetta fram:

Af þeim 120 aðstoðarbeiðendum, er fyrr voru nefndir, hafa 90 sent nefndinni efnahagsreikninga fyrir samtals 111 skip. Vantar þá enn efnahagsreikninga fyrir 33 skip (30 aðstoðarbeiðenda), er eigi hafa fengizt, þótt leitað væri eftir með símskeytum á s. l. vori.

Skuldir þeirra 90 aðstoðarbeiðenda (111 skipa), sem reikninga hafa sent, voru, þegar reikningarnir voru samdir, sem hér segir:

Veðskuldir	kr.	60 131 000.00
Aðrar skuldir	—	18 805 000.00
Samtals	kr.	78 935 000.00

Hlutafé, stofnfé og varasjóðir eru ekki taldir með skuldum. Það skal tekið fram, að aðgreining skulda í veðskuldir og aðrar skuldir er ekki nákvæm og að sem næst 10 millj. kr. af veðskuldunum eru lán úr ríkissjóði vegna aflabrests á síldveiðum. Ef lán úr ríkissjóði vegna aflabrests á síldveiðum eru ekki talin til veðskulda, þá breytist framangreind skuldaskipting í samræmi við það.

Áfallnir vextir og afborganir af stofnlánum teljast til veðskulda. Gera verður ráð fyrir, að skuldirnar hafi hækkað nokkuð síðan umræddir efnahagsreikningar voru samdir, og hér er eingöngu um þau skip að ræða, er aðstoðar hefur verið óskað fyrir.

Eignir sömu aðstoðarbeiðenda töldust ca. kr. 63 257 000.00. Er þá farið eftir tryggingarmati skipa og brunabótamati húseigna. Ef skuldaskilasjóður ætti að lána 15—20% af nefndum eignum, eins og gert er ráð fyrir í tillögum Landsbankans, þyrfti til þess ca 9½—12½ millj. kr. En hér er eingöngu um að ræða þá 90 aðstoðarbeiðendur (111 skip), er hafa sent nefndinni efnahagsreikninga. Þar við mundu svo bætast þeir aðstoðarbeiðendur, er ekki hafa sent efnahagsreikninga, svo og þeir útvegsmenn, er enn hafa ekki sótt um aðstoð, en kynnu að sækja um hana síðar. Yrði því að gera ráð fyrir hærri lánum úr Skuldaskilasjóði sem því svarar. Hins vegar fengi ríkissjóður, ef til skuldaskila kæmi, væntanlega eitthvað upp í það, sem hann hefur lánað eða ábyrgzt á árunum 1945—50 vegna aflabrests á síldveiðum, jafnvel þótt litið yrði á þau öll sem óveðtryggð og hliðstæð lausaskuldum aðstoðarbeiðenda.

Áfallnar afborganir af stofnlánum vélbátaeigenda (aðstoðarbeiðenda og annarra) námu í nóvember 1949 ca. 5.9 millj. kr., og má gera ráð fyrir, að þær nemi í nóvember 1950 ca. 7.1 millj. kr.

Lán þau, er ríkissjóður hefur veitt eigendum síldveiðiskipa vegna aflabrests og ábyrgzt fyrir þá, eru nú sem hér segir:

Aðstoðarlán 1945	ca.	kr.	3 898 000.00
— 1947	—	—	4 855 000.00
— 1949	—	—	6 281 000.00
— 1950	—	—	1 500 000.00
Bráðabirgðalán 1948	—		668 000.00
— 1949	—	—	1 281 000.00
Samtals		kr.	18 483 000.00

Um sjóveð frá síldveiðunum s.l. sumar (1950) er nefndinni ekki kunnugt, en Landssamband íslenzkra útvegsmanna hefur nýlega kosið þriggja manna nefnd til að afla ýmissa upplýsinga í sambandi við aflabrestinn síðastliðið sumar.

Með tilliti til afstöðu bankanna, sem verða að veita rekstrarlán framvegis, ef útgerð skipanna á að halda áfram, má að líkindum gera ráð fyrir, að ekki verði komizt

hjá skuldaskilum fyrir næstu vetrarvertíð. Til þess að auðvelda skuldaskilin, ef til kæmi, telur nefndin enn sem fyrr æskilegt, að veittur verði frestur á afborgunum af stofnlánum, eins og áður var fyrirhugað, en nú yrði vart hjá því komizt að taka afborganir ársins 1950 með, þannig að frestur yrði veittur á afborgunum þriggja ára, 1948—50. Afborganafrestur yrði þá því skilyrði bundinn, að skuldaskil yrðu samþykkt fyrir hlutaðeigandi útgerð.

Nefndin vill að lokum taka það fram, að hún telur mjög mikilvægt, að afgreiðslu skuldaskilalaga yrði hraðað, ef til kæmi, þar sem innköllunarfrestur yrði ekki skemmri en 4—6 vikur, og að afgreiðsla skuldaskilafrumvarps hlýtur að taka talsverðan tíma eftir að innköllun er lokið.

Að fyrirlagi ráðuneytisins hefur nefndin hinn 20. þ. m. gefið út tilkynningu til síldarútvegsmanna um, að nauðsyn þyki til bera að gefa út innköllun krafna og óskað eftir svörum þeirra fyrir 28. þ. m. Telur nefndin ekki unnt að senda frekari greinargerð um málið eða tillögur í því að svo stöddu, en vill þó benda á, að ef sett yrðu ný lög um skuldaskil, væri æskilegt að samræma þau þeirri undirbúningsvinnu, sem nú er verið að framkvæma eða framkvæmd verður af nefndinni, enda taki skuldaskilastjórnin, sem skipuð yrði samkvæmt lögunum, við framkvæmdinni um leið og lögin gengju í gildi.

Virðingarfyllst.

F. h. skilanefndar.

Sveinbjörn Jónsson.

Til sjávarútvegsmálaráðuneytisins.

Fylgiskjal II.

SKILANEFND

(Stofnuð samkvæmt 5. gr. laga nr. 85 15. des. 1948.)

Reykjavík, 13. okt. 1950.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið,
Reykjavík.

Með sérstakri skírskotun til greinargerðar skilanefndar, dags. 27. sept., og til svars við bréfi hins háa ráðuneytis, dags. 29. s. m., leyfir skilanefndin sér hér með að senda ráðuneytinu frumvarp til laga um aðstoð til útvegsmanna. Er það tillaga meiri hluta nefndarinnar með tilliti til þess, sem að framan er sagt, að frumvarp þetta verði lagt fyrir Alþingi. Næði það samþykki, félli þar með úr gildi II. kafli laga nr. 100 1948.

Samkvæmt þessu yrðu skuldamál þeirra aðila, sem sótt hafa um aðstoð til nefndarinnar, leyst sem hér segir, enda teljist þeir aðstoðar þurfi og færir um að halda áfram rekstri að fenginni aðstoð:

1. Greiðslufrestur verði veittur á allt að þriggja ára afborgunum stofnlána og lánstími lengdur sem því svarar.
2. Þeir, sem náð geta frjálsu samkomulagi við lánardrottna, sem talið er viðunandi, geti, ef þeir óska, fengið eftirgjöf aðstoðarlána að meira eða minna leyti án þess að til opinberra skuldaskila komi, með tilteknum skilyrðum, enda sé eftirgjöfin bundin við nánar tiltekið hámark (meðaltal eftirgjafa við skuldaskilin). Tryggt á að vera með frv., að eftirgjöfin verði ekki til ónýtis og komi ekki þeim til góða, sem eru í þann veginn að hætta útgerð.
3. Stofnaður verði skuldaskilasjóður útvegsmanna, sem hafi með höndum skuldaskil fyrir þá, sem þess þurfa og ekki hafa fengið eftirgjöf samkvæmt 2. lið.

Um 1. lið. Áætlað er, að vangreiddar afborganir af stofnlánum vélbátaeigenda í Stofnlánadeild sjávarútvegsins og Fiskveiðasjóði Íslands nemi samtals um 7.1 millj. kr. í nóvember 1950. Eins og sakir standa hafa útvegsmenn, er sótt hafa um aðstoð, greiðslufrest á þessum afborgunum eins og öðrum skuldum, en sá greiðslufrestur fellur niður um leið og umsókn er afgreidd, og telur nefndin, að hlutaðeigendum mundi verða um megn að standa skil á þeim þegar í stað eða á skömmum tíma. Um vangreidda vexti af stofnlánum gerir nefndin ekki sérstakar tillögur, en gerir ráð fyrir, að einhvern veginn yrði séð fyrir greiðslu þeirra við frjálsa samninga eða skuldaskil.

Um 2. lið. Þótt nefndin geri, með skírskotun til fyrrnefndrar greinargerðar, dags. 26. sept., tillögur um opinber skuldaskil fyrir þá, er þess þurfa, lítur hún svo á, að eðlilegt sé að gefa kost á nokkurri eftirgjöf aðstoðarlána til þeirra, sem ekki geta sætt sig við skuldaskilin og aðstöðu hafa til að koma fjármálum sínum í viðunandi horf án þeirra. Frá sjónarmiði ríkissjóðs hefur þetta þann kost, að fjárþörf Skuldaskilasjóðs verður þeim mun minni sem fleiri fara þá leið, sem hér er stungið upp á, enda var við setningu laganna nr. 100 1948 fyrirhugað að fara þessa leið. Hins vegar hafa ástæður breytzt svo mjög síðan, að gera má ráð fyrir, að þeir, sem þá leið geta farið, séu nú miklu færri en þá. Hins vegar hefur nefndinni þótt rétt að koma í veg fyrir, að eftirgjöf aðstoðarlána til þeirra, er þessa leið fara, geti orðið óeðlilega mikil miðað við hina, sem opinber skuldaskil verða gerð fyrir. En athygli skal vakin á því, að til þess að fullnægja ákvæði frv. varðandi þetta atriði verður að fresta endanlegri ákvörðun um upphæðir þær, er gefnar verða eftir, þangað til skuldaskilum er að mestu lokið, svo að hægt sé að reikna út meðaltal eftirgjafa aðstoðarlána við skuldaskil. En ákveða má áður, að eftirgjöf skuli eiga sér stað, þó að upphæðir séu ekki nákvæmlega ákveðnar. Lagt er til, að ákveða megi, að eftirgjöfin samkvæmt þeim lið sé því skilyrði bundin, að innköllun hafi farið fram.

Um 3. lið. Nefndin leggur til, með skírskotun til þess, sem áður er sagt, að frv. Landsbankans um skuldaskilasjóð síldveiðiskipa verði, með nokkrum breytingum, sem gerðar hafa verið eftir lauslega athugun á því, II. kafli frumvarps nefndarinnar um aðstoð til útvegsmanna. Sumar breytingarnar varða atriði, sem ekki er kveðið á um í frv. Landsbankans, en meginefni þess er ekki raskað. Lagt er til, að lántökuheimild Skuldaskilasjóðs með ríkisábyrgð nemi allt að 20 milljónum króna, og vill nefndin í því sambandi vitna til fyrrnefndrar greinargerðar sinnar, dags. 26. sept. s. l., þar sem færðar eru líkur að því, að lán til 111 síldveiðiskipa nemi 9½—12½ millj. kr. Nefndin gengur út frá því, að meginhluti lánsins yrði tekinn í skuldabréfum, en nokkra peninga þyrfti þó væntanlega að taka að láni, m. a. til greiðslu á kaupi, sem tryggt er með sjóveði í skipunum. Gert er ráð fyrir, að heimilt sé að koma á skuldaskilum fyrir vélbáta, ef sérstaklega stendur á, þótt þeir hafi ekki stundað síldveiðar, og er það raunar í samræmi við tillögur Landsbankans. Varðandi tryggingu fyrir lánum úr Skuldaskilasjóði (11. gr.) kom til orða í nefndinni, að rétt væri að taka fram, að setja skyldi persónulega ábyrgð fyrir greiðslu lánsins. Ákvæði eru sett um, að innköllun, sem framkvæmd hefur verið af skilanefnd, gildi sem innköllun af hálfu stjórnar skuldaskilasjóðs og umsókn um aðstoð skilanefndar sem umsókn um skuldaskil. Rétt þykir, að ákvarðanir sjóðsstjórnarinnar um lántöku með ríkisábyrgð séu háðar samþykki fjármálaráðherra.

Þótt nefndin geri tillögur um heimild til eftirgjafa af öðrum skuldum en þeim, sem tilgreindar eru í 1. gr. frumvarpsins um aðstoð til útvegsmanna, vill hún vekja athygli ráðuneytisins á því, að þörf gæti verið á að athuga möguleika útvegsmanna til að standa straum af lánum úr framkvæmdasjóði, sbr. 22. gr. fjárlaga 1945, lánum úr styrktar- og lánasjóði fiskiskipa og lánum, er veitt voru úr ríkissjóði vegna kaupa á fiskiskipum, er ríkisstjórnin lét smíða innanlands.

Þess skal að lokum getið, að nefndin hefur, að fengnu samþykki hlutaðeigenda, birt í Lögbirtingablaði 5. og 11. okt. innköllun vegna 109 aðstoðarbeiðenda, sem eru eigendur 126 síldveiðiskipa, og að síðan hafa 5 aðstoðarbeiðendur, eigendur 5 skipa,

samþykkt innköllun. Alls eru nú 138 aðstoðarbeiðnir í vörzlum nefndarinnar vegna 155 síldveiðiskipa.

Einn nefndarmanna, Björn Ólafs, leggur til, að frumvarp Landsbankans verði lagt fyrir Alþingi, en gerir ekki aðrar tillögur.

Ofangreindar tillögur eru, eins og getur í bréfi nefndarinnar dags. 26. f. m., byggðar á þeim upplýsingum, sem hún hefur þegar fengið. Þær upplýsingar eru ekki fullnægjandi, þó nú sé vitað nokkru meira en þegar nefnt bréf var skrifað.

Virðingarfyllst.

Sveinbjörn Jónsson. Gísli Guðmundsson. Björn Ólafs.
Elías Halldórsson. Erl. Þorsteinsson.

Ed. 148. Frumvarp til laga [89. mál]

um breyting á lögum nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.

Flm.: Rannveig Þorsteinsdóttir.

1. gr.

Á eftir 1. málsgr. 4. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Fjárhagsráð hefur einnig vald til að ákveða hámarksverð á vörum seldum í fornsölum.

2. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Sala á vörum milli heildverzlana innbyrðis og smásöluverzlana innbyrðis (keðjuverzlun) er bönnuð, nema slík verzlun sé gerð án álagningar eða heildarálagning vörunnar sé innan þeirra takmarka í heildsölu og smásölu, sem heimiluð eru. Verzlunum (heildverzlunum og smásöluverzlunum) er óheimilt að láta til iðnaðar aðrar vefnaðarvörur en þær, sem sérstök gjaldeyris- og innflutningsleyfi hafa verið veitt fyrir í þeim tilgangi. Bannað er að halda vörum úr umferð í því skyni að fá hærri verzlunarhagnað af þeim síðar.

3. gr.

3. mgr. 19. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn öðrum ákvæðum þessara laga eða samþykktum, settum samkvæmt þeim, varða sektum allt að 200 þús. kr. Ef miklar sakir eru, skal sökunautur sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 4 árum og sviptur atvinnurétti um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Ítrekun brots varðar aukinni refsingu. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal heimil vera.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það eru nú mikil brögð að því, að fornsölur hafi á boðstólum vörur, sem eru ófáanlegar annars staðar, og við verði, sem er hærra en verðlagsákvæði heimila. Sýnist með öllu óþarft, að vörur séu á þessum stöðum seldar hærra verði en annars staðar er leyfilegt, en hins vegar ekki tvímælalaust, hvort verðlagsákvæðin ná til þessara verzlana, þar sem starfshættir þeirra eru aðrir en almennra verzlana.

1. gr. þessa frv. miðar að því að taka af öll tvímæli um heimild fjárhagsráðs til þess að ákveða hámarksverð á varningi seldum í fornsölum.

Breytingin, sem gert er ráð fyrir með 2. gr., er gerð í þeim tilgangi að útiloka, að vefnaðarvara, sem ætluð er til sölu í verzlunum, sé seld til iðnaðar, og í 3. gr. felst lítils háttar breyting til lagfæringar á hegningarákvæðum laganna.

Ed. 149. Nefndarálit [21. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin ræddi frumvarp þetta á fundi sínum í dag og var sammála um að mæla með því, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna (BrB) var fjarverandi, er málið var afgreitt.

Alþingi, 10. nóv. 1950.

Rannveig Þorsteinsdóttir, form., frsm. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Haraldur Guðmundsson.
Páll Zóphóníasson.

Ed. 150. Nefndarálit [58. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 64 11. júní 1938, um breyt. á l. nr. 55 27. júní 1921, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin ræddi frumvarp þetta á fundi sínum í dag og mælir með því, að það verði samþykkt.

Alþingi, 10. nóv. 1950.

Rannveig Þorsteinsdóttir, form., frsm. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Haraldur Guðmundsson.
Finnbogi R. Valdimarsson. Gísli Jónsson.

Ed. 151. Breytingartillaga [75. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

Frá Rannveigu Þorsteinsdóttur.

Við 1. gr. Greinin falli niður, og breytist greinatalan samkvæmt því.

Ed. 152. Frumvarp til laga [90. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja prestssetursjörðina Vatnsleysu í Viðvíkursveit, er prestssetur verður flutt þaðan.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Hólmjárni Jósefssyni Hólmjárn prestssetursjörðina Vatnsleysu í Viðvíkursveit, er prestssetur verður flutt þaðan, fyrir það verð og með þeim greiðsluskilmálum, er um semur, enda verði jörðin jafnframt gerð að ættaróðali.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Með bréfi, dags. 8. ágúst s. l., tilkynnti kirkjumálaráðuneytið biskupi, að það mundi hlutast til um að prestssetur að Vatnsleysu verði lagt niður og flutt að Hólum, svo fljótt sem við verður komið. Nú hefur Hólmjárn Jósefsson Hólmjárn farið þess á leit, að honum verði seld þessi ættarjörð hans, er prestssetur verður flutt þaðan. Hreppsnefnd Viðvíkurhrepps hefur afsalað honum til handa forkaupsrétti sínum að jörðinni með því skilyrði, að hann gerði jörðina jafnframt að ættaróðali sínu samkvæmt gildandi lögum, og hefur það skilyrði verið sett fyrir söluheimildinni.

Nd. 153. Breytingartillögur [26. mál]

við frv. til l. um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

Frá Skúla Guðmundssyni.

1. Við 1. gr.
   a. Á eftir 3. tölul. í 2. málsgr. komi nýr töluliður:
      Vinna í skrifstofum og sölubúðum.
   b. Orðin „og öryggisráð“ í 3. málsgr. falli burt.
2. Við 4. gr. Í stað „öryggisráðs“ komi: ráðuneytisins.
3. Við 8. gr. Orðin „og öryggisráð“ falli burt.
4. Við 9. gr. Orðin „og öryggisráð“ falli burt.
5. Við 10. gr. Orðin „og öryggisráð“ falli burt.
6. Við 11. gr. Í stað „öryggisráðs“ í 2. málsgr. komi: ráðuneytisins.
7. Við 12. gr.
   a. Upphaf greinarinnar orðist svo:
      Um verksmiðjur og verkstæði gilda eftirfarandi ákvæði, enda séu þessi fyrirtæki starfrækt að staðaldri á sama stað.
   b. 10. tölul. orðist svo:
      Fatageymsla. Þegar vinnu er þannig háttað, að nauðsynlegt er að hafa fataskipti áður en vinna hefst og að henni lokinni, skal verkamönnum veitt viðunandi aðstaða til þess, m. a. að því leyti, að hægt sé að geyma fatnaðinn svo að vel fari.
   c. 11. tölul. orðist svo:
      Vinnufatnaður. Verkamenn skulu vera í vinnufötum, er vel henta fyrir vinnuna.
   d. Orðin „og öryggisráð“ í 19. tölul. falli burt

8. Við 13. gr. Greinin orðist svo:
   Eigi vinnuveitandi að sjá verkamönnum fyrir húsnæði, skal það vera nægilega rúmgott og vandað, að dómi öryggismálastjóra.
9. Við 15. gr.
   a. Orðin „og öryggisráðs“ í 1. málsgr. falli burt.
   b. Í stað „öryggisráð“ í 2. málsgr. komi: ráðuneytið.
10. Við 24. gr.
   a. Orðin „og öryggisráð“ í 2. málsgr. falli burt.
   b. Í stað „öryggisráðs“ í 4. málsgr. komi: ráðuneytisins.
   c. Orðin „öryggisráðs og“ í síðustu málsgr. falli burt.
11. Við 30. gr. Orðin „og öryggisráð“ í síðari málsgr. falli burt.
12. Við V. kafla. Kaflinn (31.—33. gr.) falli burt.
13. Við 34. gr. Orðin „í samráði við öryggisráð“ falli burt.
14. Við 36. gr. Síðasta málsgr. falli burt.
15. Við 37. gr. Orðin „og öryggisráð“ falli burt.
16. Við 38. gr. Orðin „og öryggisráð“ falli burt.
17. Við 39. gr. Orðin „og öryggisráð“ falli burt.
18. Við 42. gr. Orðin „í samráði við öryggisráð“ falli burt.
19. Við 43. gr. 1. málsgr. orðist svo:
   Öryggismálastjóri gerir útdrátt úr þessum lögum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, og skal verkamönnum gert auðvelt að kynna sér efni þeirra.
20. Við 44. gr. Í stað „öryggisráð“ komi: öryggismálastjóra.
21. Við 45. gr. Í stað orðanna „skulu þeir velja“ í 1. málsgr. komi: er þeim heimilt að velja.
22. Við VII. kafla. Kaflinn (47.—48. gr.) falli burt.
23. Við 49. gr.
   a. Orðin „og öryggisráð“ í 1. málsl. falli burt.
   b. Í stað „öryggisráð“ í 2. málsgr. komi: öryggismálastjóra.

Ed. 154. Frumvarp til ábúðarlaga. [65. mál]

(Eftir 2. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 107 með þessari breytingu:

55. gr. hljóðar svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1951.
Um jarðir, sem verið hafa í óslitinni ábúð frá því fyrir gildistöku laga nr. 87 1933, án þess að nýtt byggingarleyfi hafi verið gefið út eða framlengt eftir gildistöku þeirra, fer samkvæmt lögum nr. 1 12. jan. 1884, þangað til leiguliðaskipti verða á slíkum jörðum eða nýtt byggingarbréf er gefið út.
Falla lög nr. 1 12. janúar 1884 úr gildi jafnóðum og slík leiguliðaskipti verða.

Nd. 155. Nefndarálit [32. mál]

um frv. til l. um framkvæmd á viðskiptareikningum við Pólland, dags. 14. júní 1948 og 7. apríl 1949.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 13. nóv. 1950.

Skúli Guðmundsson, form. Ásg. Ásgeirsson, frsm. Sig. Ágústsson, fundaskr.

Einar Olgeirsson. Jóhann Hafstein.

Nd. 156. Frumvarp til laga [91. mál]

um breyting á lögum nr. 66 27. júní 1921, um fasteignaskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

2. málsgr. 3. greinar laganna orðist svo:

Hús eða lóð, sem eigi er 5000 króna virði að fasteignamati, eru undanþegin skatti, og telst skatturinn aðeins af heilum þúsundum, en því, sem umfram er, skal sleppt. Af skattskyldri fasteign skal þó greiða minnst 10 krónur á ári. Hið sama er um ítök og hlunnindi.

2. gr.

Ákvæði laga þessara koma fyrst til framkvæmda við innheimtu fasteignaskatts á manntalsþingum 1951.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt beiðni fjármálaráðuneytisins, og fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

„Samkvæmt núgildandi fasteignamatslögum er lægsta eining fasteignaskatts kr. 0.15 og kr. 0.30, og er auðvitað langt frá því, að innheimta svo lágs gjalds svari kostnaði. Þótt einingin yrði tífölduð, hækkuð í kr. 1.50 og kr. 3.00, er hún of lág, vegna þess að of mikill hluti hennar eyðist í kostnað við innheimtu hennar. Því er lagt til, að fasteignaskattur sé ekki innheimtur af fasteign, sem er lægra metin en 5000 krónur, og að greiddar séu minnst 10 krónur af fasteign, sem á annað borð er skattskyld.

Allmargar fasteignir féllu með þessu móti undan fasteignaskatti, en samanlagður skattur af þeim yrði svo lág fjárhæð, af 1000 fasteignum sennilega ekki yfir 5000 krónur, að fé það, sem sparaðist við að þurfa hvorki að leggja hann á né innheimta, mundi fara langt til að vinna upp hækkun skattsins. Nokkur hækkun á skattinum kæmi á móti lækkuninni við það, að lægsta gjald yrði ákveðið kr. 10.00.“

Sþ. **157. Tillaga til þingsályktunar** [92. mál]

um afnám skömmtunar á byggingarvörum o. fl.

Flm.: Jóhann Jósefsson, Gunnar Thoroddsen, Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að afnema nú þegar skömmtun á byggingarvörum og gefa frjálsa byggingu hæfilegra íbúðarhúsa, er menn byggja til eigin afnota, enn fremur byggingu útihúsa í sveitum og verbúða.

Greinargerð.

Í síðasta þingi flutti fyrsti flm. þessa máls till. til þál. um það, að ríkisstjórninni væri falin athugun á þessu máli með það fyrir augum, að fullt athafnafrelsi fengist í þeim efnum, er um ræðir í tillögunni, sem hér liggur fyrir.

Var þar gert ráð fyrir, að í byrjun september þ. á. yrði þeim hömlum aflétt, sem hér eru í þessu efni. Sú tillaga varð eigi útrædd á þinginu og fékk því eigi endanlega afgreiðslu.

Sú greinargerð, er þar með fylgdi, gefur svo ljósa hugmynd um þetta fjárfestingaratriði, að rétt þykir að láta hana enn koma fram.

Hún hljóðar svo:

„Þegar lög um fjárhagsráð voru sett (lög nr. 7 5. júní 1947), var gert ráð fyrir, að fjárfestingarstjórnin næði ekki til minni háttar framkvæmda. Í reglugerð um fjárhagsráð o. fl. frá 31. júlí 1947 eru sett um þetta nánari ákvæði á þá lund, að ekki þurfi fjárfestingarleyfi til eftirtalinna framkvæmda:

1. að gera mannvirki eða tæki, sem eigi kostar meira í vinnu og efni en kr. 10000.00;
2. að byggja íbúðarhús til nota fyrir sjálfan sig eða skyldulið sitt, enda sé húsið ekki stærra en 350 rúmmálsmetrar og eigi óeðlilega mikið í það borið á neinn hátt, og húseigandi vinni að byggingu þess sjálfur með skylduliði sínu að mestu leyti;
3. að byggja verbúðir eða útihús á bújörðum, enda kosti framkvæmdir eigi í efni og vinnu meira en kr. 50000.00.

Jafnframt var ákveðið, að framkvæmdir af þessu tagi yrði að tilkynna til fjárhagsráðs mánuði áður en verkið hæfist.

Fjárhagsráði var þó heimilað að banna slíkar framkvæmdir, ef það teldi, að þær fælu í sér óeðlilega sóun á vinnu og efni.

Í reyndinni urðu þessi ákvæði lítils virði. Skömmtun á nokkrum helztu byggingarvörum var sett á í ágústmánuði 1947, og voru engar undanþágur veittar frá þeirri skömmtun. Var talið ófært að veita nokkrar almennar undanþágur frá skömmtuninni, án þess að allt kerfið liðaðist í sundur. Fjárhagsráð tók þá upp þá reglu að gefa út formlegar heimildir til efniskaupa, er í reynd voru í engu frábrugðnar fjárfestingarleyfum, til þeirra framkvæmda, er undanþegnar voru samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar. Var þetta talið óhjákvæmilegt til þess að tryggja þessum aðilum, að þeir gætu fengið úthlutað byggingarefni. Munu leyfi til slíkra framkvæmda hafa verið veitt viðstöðulítið framan af árinu 1948, en síðan var að mestu tekið fyrir slíkar leyfisveitingar í júnímánuði sökum yfirvofandi efnisskorts. Í október 1948 var reglugerðinni breytt til samræmis við þá venju, er myndazt hafði. Voru þá undantekningarnar að heita mátti með öllu afnumdar. Þó var því ákvæði haldið, að eigi þyrfti fjárfestingarleyfi fyrir framkvæmdum, er kostuðu eigi meira í efni og vinnu en kr. 10000.00. Þetta náði þó ekki til útihúsa í sveitum og hafði að heita mátti enga þýðingu vegna skömmtunarinnar. Þannig er þessum málum háttað enn í dag.

Það þarf ekki að orðlengja, hvílík takmörkun á athafnafrelsi manna felst í því fyrirkomulagi, sem verið hefur í þessum efnum nú um nærfellt þriggja ára skeið. Tafir, óþægindi og skriffinnska eru óhjáhvæmilegir fylgifiskar slíks fyrirkomulags. Byggingarkostnaður verður meiri en ella hefði þurft að vera og vinnukraftur notast verr. Einkum hefur mikill bagi orðið að þessum ráðstöfunum í sveitum og verstöðvum, þar sem byggingarframkvæmdir verða að fara fram á ákveðnum tíma árs.

Er það því ekkert álitamál, að mikil nauðsyn er til þess að losna við þessar hömlur á minni háttar framkvæmdum hið allra fyrsta, hvað svo sem verður um framtíð fjárfestingarstjórnarinnar í heild.

Viðhorfið í þessum málum hefur breytzt allmjög í seinni tíð. Mjög hefur dregið úr peningaveltu innanlands, og má því gera ráð fyrir, að ekki yrði óeðlilega mikið um framkvæmdir af því tagi, sem hér um ræðir, enda þótt hömlum yrði létt af. Gengislækkunin hefur áhrif í sömu átt. Á hinn bóginn hefur reynslan leitt í ljós, að allmiklum erfiðleikum er bundið að undanþiggja vissar framkvæmdir fjárfestingarleyfum, á meðan skömmtun er enn haldið á byggingarvörum, og vafasamt er, hver vinningur er því samfara. Þess vegna er hér lagt til, að ríkisstjórnin láti nú þegar fara fram athugun á því, hvort ekki sé fært að afnema þegar á þessu ári skömmtun á byggingarvörum og létta jafnframt af hömlum á byggingu útihúsa, verbúða og hæfilegra íbúða, er menn byggja til afnota fyrir sjálfa sig og skyldulið sitt. Er ætlazt til, að þessari athugun verði lokið það snemma, að hinar breyttu reglur gætu komið til framkvæmda að aflokinni síldarvertíð í byrjun september. Hagar því víða svo, að haustið og yfirleitt tímabilið fram að vetrarvertíð er hentugur tími fyrir sjómenn og aðra til að vinna sjálfa að byggingu eigin íbúða og gera sér þann tíma þann veg arðbæran."

Öll rök, sem fyrir hendi voru á s. l. þingi fyrir því að gefa þær tilslakanir á fjárfestingarafskiptum fjárhagsráðs, sem hér um ræðir, eru enn í fullu gildi.

Afskipti fjárhagsráðs af íbúðabyggingum almennings standa í vegi fyrir eðlilegri þróun í þessum málum. Þær standa, að því er íbúðarhúsin snertir, og í vegi fyrir eðlilegri stofnun eigin heimila hjá fólki, sem eins og eðlilegt er og sjálfsagt vill staðfesta ráð sitt og byggja eigið heimili.

Þá verða hömlurnar einnig til hindrunar þeim, sem utan aðalvertíða eða heyannatíma vilja verja tíma sínum til þess að byggja yfir sig sjálfir eða hjálpa til við það á þeim tíma, sem þeir mega helzt missa frá aðalatvinnu sinni.

Í stuttu máli sagt torvelda hömlurnar, sem beitt er gegn byggingu hóflegra eiginíbúðarhúsa, eðlilega þróun fjölskyldulífs hjá þjóðinni og lama heilbrigt framtak einstaklinganna víðs vegar um land.

Hitt atriðið, sem um ræðir, er bygging nauðsynlegra útihúsa í sveitum og verbúða við sjóinn. Það leiðir af sjálfu sér, að hömlur í þessu efni eru alltaf til óþæginda og oft til stórskaða. Ákvarðanir þeirra, sem standa fyrir veitingu fjárfestingarleyfa, hljóta líka að verða nokkuð af handahófi. Af því leiðir svo, nærri óhjákvæmilega, misrétti, og er vísast, að þeir verði þar harðast úti, sem ekki hafa daglegan aðgang að þeim mönnum, sem ráða yfir þessum hlutum.

Flm. þessarar tillögu telja nægilega reynslu fengna um það, að fjárfestingarafskipti fjárhagsráðs séu svo vafasöm, þegar um ræðir minni háttar framkvæmdir, að nú sé meir en tími til kominn að hætta þeim.

Nd. 158. Breytingartillaga [33. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

Frá viðskiptamálaráðherra.

Framan við 1. gr. frv. kemur ný gr., svo hljóðandi (og breytist greinatala samkv. því):

1., 2. og 3. málsgr. 11. gr. laganna falli niður.

Áfallin framleiðslu- og útflutningsgjöld samkvæmt þessum málsgreinum skulu ekki innheimt. Enn fremur skal endurgreiða þau framleiðslu- og útflutningsgjöld, sem þegar hafa verið greidd ríkissjóði samkvæmt þessum málsgreinum.

Nd. 159. Nefndarálit [4. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, og mælir meiri hluti hennar með því, að það verði samþykkt. EOl er andvígur frumvarpinu.

Alþingi, 14. nóv. 1950.

Skúli Guðmundsson, form., frsm.	Sig. Ágústsson, fundaskr.	Ásg. Ásgeirsson, með fyrirvara.

Jóhann Hafstein.

Nd. 160. Nefndarálit [7. mál]

um frv. til l. um skyldu bæjar- og sveitarsjóða til að greiða uppbót á laun skólastjóra og kennara við barnaskóla.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 14. nóv. 1950.

Skúli Guðmundsson, form., frsm.	Sig. Ágústsson, fundaskr.	Ásg. Ásgeirsson.

Einar Olgeirsson. Jóhann Hafstein.

Nd. 161. Nefndarálit [5. mál]

um frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin tók frv. fyrir á fundi sínum í dag. Leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 13. nóv. 1950.

Skúli Guðmundsson, form. Sig. Ágústsson, fundaskr., frsm. Ásg. Ásgeirsson.

Jóhann Hafstein.

Sþ. 162. Nefndarálit [15. mál]

um till. til þál. um skipun nefndar til að gera tillögur um aukna atvinnu í kaupstöðum og kauptúnum.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin er klofin í málinu. Við undirritaðir leggjum til, að tillagan verði samþykkt óbreytt, en meiri hl. nefndarinnar leggur til, að tillagan verði afgr. með rökstuddri dagskrá.

Tillaga þessi kom fram hinn 12. okt. og var vísað til nefndar þessarar hinn 18. okt. Á fundi nefndarinnar 19. s. m. var ákveðið að senda hana til umsagnar félagsmálaráðherra, Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands. Frá Alþýðusambandi Íslands barst umsögn, dags. 21. okt. Er þar vitnað í tillögu, er miðstjórn Alþýðusambandsins hafði samþykkt og sent ríkisstjórninni 13. s. m., svo hljóðandi:

„Miðstjórnin vill í þessu sambandi benda á nauðsyn þess, að nú þegar sé skipuð nefnd manna í bæjum og kauptúnum, sem hafi það hlutverk að semja rökstudda álitsgerð um þörf á aukinni atvinnu í hverju sveitarfélagi og leita eftir verkefnum, sem vinna þarf og tryggt geta öruggari atvinnuafkomu en ella. Verkalýðssamtökunum sé tryggður fulltrúi í nefndum þessum. Miðstjórn A. S. Í. telur miklu varða, að fullur skilningur sé ríkjandi í þessum málum, jafnt hjá löggjafanum og ríkisstjórn, sem og verkalýðssamtökunum ...“

Mælir Alþýðusambandið með samþykkt þáltill. og segir það „eindregna ósk sína og bein tilmæli, að hún verði samþykkt eins og hún hafi verið fram borin.“

Frá Vinnuveitendasambandinu hefur ekkert svar borizt, og getur það skýrzt með fjarveru formanns og láti framkvæmdastjóra.

Af hálfu flutningsmanna gekk meðundirritaður (FJ) eftir því í n., að afgreiðslu málsins yrði hraðað, en fékk jafnan það svar, að enn vantaði umsögn félagsmálaráðherra. Loks að þrem vikum liðnum barst svar ráðherra og er dags. 10. þ. m. Segist ráðuneytið vilja upplýsa, „að það hafi nú þegar, að gefnu tilefni frá einstökum stöðum, látið athuga afkomuhorfur þar og gert ráðstafanir til þess, að úr yrði bætt í bili, svo og gert tillögur um framtíðarlausn á mikilvægum vandamálum atvinnulífsins þar, má þar t. d. nefna Hellissand á Snæfellsnesi.“

Enn fremur segir félagsmálaráðherra, að fiskábyrgðarnefnd sé falið „að athuga í samráði við félagsmálaráðuneytið þau atriði, er þingsályktunartillagan fjallar um.“

Við teljum þessar ráðstafanir félagsmálaráðherra alls ófullnægjandi. Víða að berast nú kvartanir um aukið atvinnuleysi og vandræði.

Skráning atvinnulausra manna, er hefur farið fram á Ísafirði og Siglufirði, sýnir uggvænlegt atvinnuleysi og enn fremur ólífvænlega lágar tekjur fjölda verkamanna og sjómanna, það sem af er árinu.

Bæjarstjórnirnar á Ísafirði og Siglufirði hafa báðar sent Alþingi áskorun um að samþykkja tillögu þessa. Almennur fulltrúafundur verkalýðsfélaganna á Vestfjörðum, fjölmennur kjósendafundur á Ísafirði, hreppsnefndarfundur í Hnífsdal, enn fremur ýmsir aðrir aðilar hafa að undanförnu sent Alþingi og ríkisstjórn ýmsar áskoranir um að hefjast handa um athuganir og framkvæmdir til þess að auka atvinnu, en bæta úr atvinnuleysi. Þessu hefur af hálfu Alþingis og ríkisstjórnar engu verið sinnt.

Þegar athugað er, hve skjótt og röggsamlega var brugðið við af hálfu ríkisstjórnar um að leysa vandræði bænda á óþurrkasvæðunum í sumar, fáum við ekki séð, hvernig Alþingi og ríkisstjórn getur skotið sér undan að láta alvarlega athugun fara fram á atvinnuástandinu í kaupstöðum og kauptúnum og gera ráðstafanir til þess að bæta úr því. Leggjum við því til, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 14. nóv. 1950.

Finnur Jónsson, frsm. Lúðvík Jósefsson.

Nd. 163. Nefndarálit [11. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum, og á l. nr. 45 7. maí 1928, um breyt. á þeim lögum.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndinni hafa borizt tvö frumvörp um lengingu hvíldartíma háseta á botnvörpuskipum, efnislega að mestu samhljóða. Við afgreiðslu málsins lagði nefndin það frumvarp til grundvallar, sem fyrr var útbýtt í þinginu. Samkomulag náðist ekki um afgreiðslu. Minni hlutinn (LJós) mælir með samþykkt frv. Undirritaður meiri hluti leggur til, að frumv. verð afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem Alþingi hefur þegar sett lög um lágmarks hvíldartíma háseta á botnvörpuskipum og aðilar hafa nýlega orðið ásáttir um að gera nánari ákvörðun hvíldartímans að samningsatriði, telur deildin ekki rétt að svo stöddu, að ríkisvaldið hafi frekari afskipt af þessu máli, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 14. nóv. 1950.

Pétur Ottesen, form. Sig. Ágústsson, frsm. Gísli Guðmundsson, fundaskr.

Halldór Ásgrímsson.

Nd. 164. Frumvarp til laga [93. mál]

um atvinnuleysistryggingar.

Flm.: Sigurður Guðnason.

1. gr.

Félög karla og kvenna, sem vinna hvers konar daglaunavinnu, svo og annarra, sem vinna fyrir launum við sams konar vinnu, svo sem sjómenn, starfsfólk við iðju, iðnaðarmenn, verzlunar- og afgreiðslufólk, skrifstofufólk, starfsmenn við flutninga á mönnum og vörum, þjónustufólk í veitingahúsum og önnur sambærileg félög, sem stofnað hafa atvinnuleysissjóði innan félagsins, eiga rétt á staðfestingu atvinnumálaráðherra sjóðnum til handa og hlunnindum samkvæmt lögum þessum, ef hann fullnægir þeim skilyrðum, sem lög þessi ákveða. Stjórn atvinnuleysissjóðs skal skipuð 3 mönnum, sem kosnir skulu í viðkomandi félagi með sama hætti og stjórn félagsins.

2. gr.

Markmið atvinnuleysissjóðs er að tryggja sjóðsfélaga gegn atvinnuleysi, ef það stafar ekki af þeim sökum, sem um getur í 7. gr.

3. gr.

Skilyrði fyrir því, að atvinnuleysissjóður geti fengið staðfestingu ráðherra, eru:

1. Að sjóðsfélagar séu ekki færri en 15 og vinni að sömu eða svipaðri starfsgrein eða eigi við svipuð vinnuskilyrði að búa.
2. Að félagið sé heimilisfast í einhvrejum kaupstaðanna eða kauptúnanna og sjóðsfélagar allir búsettir í kaupstaðnum, kauptúninu eða nágrenni.
3. Að samþykktir atvinnuleysissjóðsins og starfstilhögun sé í samræmi við það, sem hér fer á eftir.

4. gr.

Félög þau, sem stofnuð hafa atvinnuleysissjóði, skulu setja þeim samþykktir. Samþykktirnar skulu staðfestar af ráðherra, að fengnum tillögum Tryggingastofnunar ríkisins. Á sama hátt skal fara um breytingar á samþykktum.

5. gr.

Engum má neita um að gerast sjóðsfélagi, ef hann fullnægir upptökuskilyrðum þeim, sem sett eru í lögum þessum, enda sé hann fullra 16 ára að aldri.

6. gr.

Í samþykktum skal ákveða árstillag sjóðsfélaga og hvernig þau skuli greiðast. Fé sjóðsins skal ávaxtað með tryggum hætti og þannig, að ávallt sé nægilega mikið af því handbært. Einnig skal í samþykkt ákveðið um styrkveitingar úr sjóðnum, og má veittur styrkur aldrei nema meira en ⅘ af þeim launum, sem á sama tíma eru greidd í viðkomandi starfsgrein.

Í samþykktum skal einnig ákveða, hve langur biðtími skuli líða til þess er sjóðsfélagi á rétt til styrks, og má sá tími vera mismunandi langur, eftir því hver starfsgreinin er.

7. gr.

Staðfestur atvinnuleysissjóður má ekki veita atvinnuleysisstyrk:

1. Til manna, er þátt taka í verkfalli eða verkbann nær til.
2. Til þeirra manna, er njóta slysa-, sjúkra- eða örorkustyrks samkv. lögum um almannatryggingar eða eru á opinberu framfæri vegna langvarandi veikinda.

3. Til þeirra, sem misst hafa atvinnu af ástæðum, sem þeir eiga sjálfir sök á, svo sem vegna drykkjuskaparóreglu.
4. Til þeirra, sem sviptir eru frelsi sínu að opinberri tilhlutun.
5. Til þeirra, sem neita vinnu, er þeim býðst að tilhlutun vinnumiðlunarskrifstofu, samkv. lögum um vinnumiðlun eða á annan hátt, svo að sannað sé, þó því aðeins, að ekki hvíli verkfall eða verkbann á vinnunni og kaupgjald og vinnutími sé í samræmi við taxta eða kjarasamning viðkomandi verkalýðsfélags, eða annað vandhæfi á vinnunni, sem stjórn verkalýðsfélags tekur gilt.
6. Til þeirra, sem hafa eða gætu sannanlega haft þær árstekjur, að nægi þeim til fulls framfæris fyrir sig og þá, sem þeir hafa á framfæri sínu.

8. gr.

Stofnfé atvinnuleysissjóða skal vera:

Þær þrjár milljónir króna, ásamt vöxtum af þeim, sem geymdar eru í þessu skyni hjá Tryggingastofnun ríkisins samkv. lögum nr. 42 14. apríl 1943, sbr. lög nr. 50 7. maí 1946.

Stofnfé þessu skal skipta hlutfallslega miðað við félagatölu milli þeirra atvinnuleysissjóða, sem stofnaðir hafa verið og viðurkenndir samkv. lögum þessum fyrir 1. jan. 1952.

9. gr.

Tekjur atvinnuleysissjóða skulu vera sem hér segir:

1. Þeir, sem hafa sjóðsfélaga í atvinnuleysissjóði í þjónustu sinni, skulu greiða í viðkomandi atvinnuleysissjóð sem svarar 4% af heildarupphæð þeirra vinnulauna, er sjóðsfélagar vinna fyrir hjá þeim. Aflahlutur og hvers konar greiðslur í öðru en peningum fyrir unnin verk teljast vinnulaun.
2. Ríkissjóður greiðir árlega til atvinnuleysissjóðanna 150 kr. á hvern félaga sjóðsins, að viðbættri fullri verðlagsuppbót samkvæmt kaupgjaldsvísitölu.
3. Bæjar- og sveitarsjóðir greiða árlega til atvinnuleysissjóðsins í viðkomandi bæjar- eða sveitarfélagi upphæð, sem nemur helmingi framlags ríkissjóðs samkv. 2. tölul.
4. Iðgjöld, sem sjóðsfélagar kunna að greiða samkv. samþykktum sjóðanna.

   Gjöld þau, sem atvinnurekendum ber að greiða samkv. 1. tölul., skulu innheimt ásamt tryggingargjöldum samkv. lögum um almannatryggingar, nr. 50 frá 7. maí 1946.

10. gr.

Stjórn staðfests atvinnuleysissjóðs skal árlega senda Tryggingastofnun ríkisins endurskoðaða reikninga sjóðsins, og skal Tryggingastofnunin hafa eftirlit með því, að sjóðirnir starfi lögum samkvæmt. Hefur hún rétt til að krefjast skýrslna um allt, sem sjóðinn varðar, og aðgang að skjölum hans og skilríkjum.

11. gr.

Atvinnuleysissjóðir, sem stofnaðir verða samkvæmt lögum þessum, skulu tilkynna ráðherra stofnunina. Ráðherra skal innan eins mánaðar ákveða, hvort sjóðurinn hlýtur staðfestingu eða eigi. Hljóti sjóðurinn staðfestingu, nýtur hann frá byrjun næsta ársfjórðungs þeirra réttinda, sem lög þessi ákveða, þ. á m. framlaga ríkisins og bæjar- og sveitarfélaga samkv. 2. og 3. tölulið 9. gr., í hlutfalli við það, sem er eftir ársins.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Atvinnuleysissjóðir, sem stofnaðir verða og viðurkenningu hljóta á tímabilinu frá gildistöku laganna og til 1. des. 1951, eiga rétt á að fá greitt upp í stofnfé sitt samkv. 8. gr. fjárhæð, sem nemi 200 krónum á hvern sjóðsfélaga.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu var flutt 1949 að tilhlutun Verkamannafélagsins Dagsbrúnar. Í greinargerð fyrir því frumvarpi var sagt, að það væri flutt vegna breyttra viðhorfa í atvinnumálum þjóðarinnar og vaxandi atvinnuleysis verkafólks. Því verður ekki neitað, að síðan frumvarp þetta var síðast flutt, hefur mikið sigið á ógæfuhliðina fyrir verkafólki í atvinnumálum og nauðsynin fyrir lagasetningu sem þeirri, er frumvarp þetta gerir ráð fyrir, því brýnni nú.

Fáir munu treystast til að neita því, að það sé mesta verðmætissóun þjóðfélagsins, er vinnufærir menn fá ekki atvinnu um lengri eða skemmri tíma, og að það sé frumskylda þjóðfélagsins að sjá hverjum vinnufærum þegn fyrir hæfilegri atvinnu, en taka ella á sig þá ábyrgð, er leiðir af atvinnuleysi.

Atvinna landsmanna hefur dregizt mikið saman hin síðari ár, og er nú svo komið, að í ýmsum atvinnugreinum, er áður veittu fjölda manna vinnu, er nú sáralítið að gera, svo sem í byggingarvinnu og ýmsum iðnaði. Til viðbótar hinum almenna samdrætti í atvinnulífinu hefur orðið tilfinnanlegur aflabrestur í mörgum verstöðvum, sem gert hefur hlut verkafólksins mjög rýran.

Atvinnuleysi er nú mikið víða um landið og sums staðar svo, að til stórra vandræða horfir. Það ætti að vera öllum ljóst, að kjör atvinnuleysingja eru nú óbærilegri en áður vegna hinnar miklu dýrtíðar og að allt verður að gera til að firra heimili atvinnuleysingjanna þeim skorti, sem nú er óhjákvæmilega hlutskipti þeirra. Hér í Reykjavík voru um mánaðamótin okt. og nóv. s. l. skráðir 251 atvinnuleysingi og er það hærri tala en um mörg undanfarin ár.

Þess ber þó að geta, að vitanlegt er, að margir verkamenn veigra sér við, þótt atvinnulausir séu, að ganga hin erfiðu spor til atvinnuleysisskráningar nú á nýjan leik, eftir að hafa búið við sæmilega atvinnu í mörg ár, og að skráning atvinnuleysingja er því engan veginn rétt mynd af atvinnuástandinu.

Það er ekki sjáanleg nein sú stefnubreyting í fjárhags- og atvinnumálum þjóðarinnar, er valdið geti því að hér skapist atvinnuöryggi, heldur þvert á móti má búast við að atvinnuleysi fari vaxandi á næstu tímum.

Það er því augljóst, að enda þótt verkamenn kjósi atvinnuöryggi fram yfir atvinnuleysistryggingar, þá verður ekki hjá því komizt að gera núverandi ástandi og horfum í þessum málum fullan reikning og að þjóðfélagið verði að taka á sig viðeigandi skyldur, sé það ekki fært um að sjá öllum þegnum sínum fyrir atvinnu.

Frumvarp það, er hér liggur fyrir, gerir einmitt ráð fyrir því, að þjóðfélagið taki nú á sig þessa skyldu. Gerir frumvarpið ráð fyrir stofnun atvinnuleysissjóða innan félaga launþega. Stofnfé þeirra skal vera sú upphæð (3 millj. kr.), sem geymd er í þessu skyni hjá Tryggingastofnun ríkisins skv. lögum nr. 42 14. apríl 1943.

Til þess að gefa nokkra hugmynd um, hvaða trygging er fólgin í frv. þessu, ef að lögum yrði, skal hér tekið dæmi af félagi, sem telur um 3000 félaga, eins og verkamfél. Dagsbrún, og miðað við, að greidd vinnulaun á ári svari til þess, að sé greitt dagkaup alla virka daga. Ef gert er ráð fyrir, að styrkurinn yrði ⅔ dagkaupsins að meðaltali, mundi hann endast handa yfir 450 mönnum í 6 mánuði, eða 900 mönnum í 3 mánuði árlega, — þó ekki sé reiknað með stofnfénu og ekki gert ráð fyrir neinum iðgjöldum, sem félagsmenn greiddu sjálfir. — Ef hins vegar þarf ekki að ganga á sjóðinn um nokkurt árabil, væri hægt að verja miklu fé úr honum til atvinnuframkvæmda, enda þótt búið yrði þannig um allar lánveitingar úr sjóðnum, að tryggt væri, að hann gæti jafnan staðið við löglegar skuldbindingar sínar. Hér er því um að ræða mjög mikilsverða tryggingu til að halda uppi atvinnu. Þetta var einmitt höfuðröksemdin í greinargerð fyrir frumv. því um atvinnuleysistryggingu, sem Brynjólfur Bjarnason flutti í efri deild 1942 og var í öllum aðalatriðum á sömu leið og þetta frumvarp. — Þar var þó t. d. gert ráð fyrir, að iðgjöld atvinnurekenda yrðu 6%, en aðeins 4% í þessu frumv. — Ef það frumv.

hefði þá náð fram að ganga, mundu nú vera til miklir sjóðir, sem hægt væri að verja til stórvirkra atvinnuframkvæmda.

Í frumv. þessu er gert ráð fyrir, að verkalýðsfélögin ráði sem mest sjálf, hvernig tryggingunum er hagað, innan þeirra takmarka, sem lögin setja, svo sem um upphæð styrkja, biðtíma, aldurstakmörk, iðgjöld hinna tryggðu sjálfra o. s. frv. Verður það áreiðanlega affarasælast, þar sem aðstæður eru mismunandi í hinum ýmsu félögum og ýmsu atvinnugreinum.

Sþ. 165. Fyrirspurn [94. mál]

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

til ríkisstjórnarinnar um Keflavíkurflugvöll.

1. Hversu margir menn starfa nú á Keflavíkurflugvelli? Hversu margir þeirra eru Íslendingar og hversu margir útlendingar?
2. Hversu margir Íslendingar vinna tæknileg störf á vellinum, og hver eru þau störf?
3. Hversu margar íbúðir hafa verið byggðar á vellinum síðan Keflavíkursamningurinn var gerður?
4. Hverjar aðrar byggingar hafa verið reistar, og hver er stærð þeirra?
5. Hverjar hafa verið helztar atvinnuframkvæmdir aðrar á Keflavíkurflugvelli?
6. Hversu miklu hefur innflutningur til Keflavíkurflugvallarins numið að magni og verðmæti síðan flugvallarsamningurinn við Bandaríkin var gerður?
7. Hversu miklar hafa verið tolltekjur ríkissjóðs af þessum innflutningi?
8. Hversu mikið hefur verið flutt inn til vallarins á þessu tímabili af tóbaki, áfengi og áfengu öli?
9. Hversu mikið fé hafa hinir erlendu starfsmenn og fyrirtæki á Keflavíkurflugvelli greitt í tekjuskatta hér innanlands á þessu tímabili?
10. Hversu mikið fé hafa sömu aðilar greitt í útsvör til sveitarfélaga?
11. Hversu miklar gjaldeyristekjur hafa bankarnir haft af Keflavíkurflugvelli á þessu tímabili, og hvernig sundurliðast þær tekjur?
12. Hversu mikill hluti af umferðinni um völlinn stafar af samgöngum bandaríska hersins við hernámssvæði sitt á Þýzkalandi?
13. Hverjar ráðstafanir hefur ríkisstjórnin gert til að undirbúa, að Íslendingar taki sjálfir við allri starfrækslu á vellinum 1953?

Ed. 166. Frumvarp til laga [95. mál]

um breyting á 1. gr. laga nr. 45 10. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Liður III, 16 orðist svo: Kálfafellsstaður: Kálfafellsstaðar, Einholts og Hofssóknir.

Liður 17 fellur niður.

Liður VI, 29 orðist svo: Hruni: Hruna, Tungufells, Stóra-Núps, Hrepphóla og Ólafsvallasóknir. Liður 28 fellur niður.

Liður IX, 47 orðist svo: Borg: Borgar, Álftaness, Álftártungu og Akrasóknir. 1. gr. laga nr. 27 26. okt. 1917 fellur niður.

Liður X, 49 orðist svo: Miklaholt: Miklaholts, Rauðamels, Kolbeinsstaða og Staðarhraunssóknir.

Liður X, 53 orðist svo: Helgafell: Stykkishólms, Helgafells, Bjarnarhafnar, Breiðabólsstaðar og Narfeyrarsóknir. Liður 54 fellur niður.

Liður XI, 56 orðist svo: Hvammur í Hvammssveit: Hvamms, Staðarfells, Dagverðarness, Skarðs og Staðarhólssóknir. Liður 57 fellur niður.

Liður XII, 59 orðist svo: Staður á Reykjanesi: Reykhóla, Garpsdals, Staðar og Gufudalssóknir.

Liður XII, 63 orðist svo: Bíldudalur: Bíldudals, Selárdals, Rafnseyrar og Álftamýrarsóknir. 1. gr., 1. mgr. laga nr. 63 11/6. 1938 fellur niður.

Liður XIV, 73 orðist svo: Staður í Grunnavík: Staðarsókn, Hesteyrarsókn og Staðarsókn í Aðalvík. Liður 74 fellur niður.

Liður XV, 76 orðist þannig: Staður í Steingrímsfirði: Staðar, Kaldrananess, Kollafjarðarness og Óspakseyrarsóknir. Liður 77 fellur niður.

Liður XVI, 81 orðist svo: Breiðabólsstaður í Vesturhópi: Breiðabólsstaðar, Víðidalstungu, Vesturhópshóla og Tjarnarsóknir. Liður nr. 80 fellur niður.

Liður XVI, 84 orðist svo: Bergstaðir: Bergstaða, Bólstaðarhlíðar, Holtastaða, Auðkúlu og Svínavatnssóknir.

Liður XVII, 87 orðist svo: Reynistaðaklaustur: Reynistaðar, Sauðárkróks, Hvamms og Ketusóknir. Liður 86 fellur niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þó koma lögin ekki til framkvæmda fyrr en við næstu prestaskipti, þar sem prestar hafa veitingu fyrir prestaköllum þeim, sem leggja á niður.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Hinn 28. sept. s. l. ritaði skipulagsnefnd prestssetra kirkjumálaráðherra bréf um ýmiss konar athuganir, er hún hafði gert á prestssetrum landsins, ásamt tillögum um byggingar- og ræktunarframkvæmdir á prestssetrum í sveitum. Bréf þetta er svo hljóðandi:

Reykjavík, 28. sept. 1950.

Skipulagsnefnd prestssetra hefur unnið að því að kynna sér eftir föngum ástand prestssetranna í landinu, möguleika á fækkun presta, tilfærslu prestssetra, bygginga- og ræktunarþörf á hverju prestssetri. Enn fremur hefur hún orðið ásátt um ákveðnar tillögur varðandi þessi mál, sem hún leyfir sér að leggja fyrir yður, hæstv. hr. kirkjumálaráðherra til athugunar og umsagnar.

Alls eru hér á landi 112 prestaköll en prestsembættin 115. Af þessum 112 prestaköllum eru 36 í kaupstöðum, kauptúnum eða í sveit þar sem svo lítið land fylgir, að ekki er til ætlazt, að prestar reki teljandi bú. Bújarðir fylgja hins vegar 76 prestssetrum.

Að athuguðu máli telur nefndin geta komið til mála að leggja niður allt að 11 sveitaprestssetur og sameina sóknir þeirra nágrannaprestaköllum. Veldur þar um annars vegar fólksfærð en hins vegar breytt og bætt samgönguskilyrði:

Þessi prestaköll eru:

	Íbúatala 1949
1. Sandaprestakall	165
2. Stóra-Núpsprestakall	591
3. Staðarhraunsprestakall	152
4. Breiðabólsstaðarprestakall á Snæf.	124

5. Staðarhólsþing 392
6. Hrafnseyrarprestakall 91
7. Staðarprestakall í Aðalvík 42
8. Tröllatunguprestakall 296
9. Tjarnarprestakall á Vatnsnesi 142
10. Auðkúluprestakall 166
11. Hvammsprestakall í Laxárdal 112

Enn fremur telur nefndin ekki óeðlilegt, að Prestsbakkaprestur sitji áfram á Kirkjubæjarklaustri, Kálfholtsprestur sitji áfram í prestshúsinu í Þykkvabæ, Víkurprestur verði fluttur að Hólum, Staðarprestur á Hólmavík og Hraungerðisprestur að Selfossi.

Eru þá eftir 60 sveitaprestssetur, er ætla má að verði framtíðaraðsetur presta, er stunda búskap jafnframt prestsstarfinu.

Samkvæmt athugun nefndarinnar, eru byggingar og ræktun á þessum prestssetrum sem hér segir.

I. Íbúðarhús:
   a. Steinhús eða sæmileg timburhús 46
   b. Léleg hús, er endurbyggja þarf á næstu árum 14
II. Gripahús, hlöður og verkfærageymslur:
   a. Viðunandi bygging 10
   b. Nokkur hús stæðileg 20
   c. Léleg hús eða engin 30
III. Ræktað land:
   a. Túnstærð 12 ha og meira 10
   b. Túnstærð minni en 12 ha. 50

Um byggingu íbúðarhúsa verður ekki rætt hér, þar sem þau mál munu væntanlega leysast á viðunandi hátt á næstu árum, samkvæmt gildandi lögum um hýsingu prestssetra.

Öðru máli gegnir um útihús prestssetranna og ræktun. Þar er ástandið svo alvarlegt og óviðunandi, að ekki verður fram hjá gengið. Frá þjóðhagslegu sjónarmiði er það óforsvaranlegt, að ekki sé unnt að reka sómasamlegan búskap á sveitaprestssetrum, — sem mörg eru kostajarðir og vel í sveit settar — af þeirri ástæðu að ekki eru þar til nauðsynlegustu útihús og heyhlöður og véltæk tún hæfilega stór.

Eru það tillögur nefndarinnar, að ríkið láti á næstu 10 árum reisa nauðsynleg útihús á þeim 50 sveitaprestssetrum, þar sem slík hús nú vantar og hefji jafnframt ræktunarframkvæmdir þar á sama tíma þannig, að túnstærð hvers prestsseturs verði a. m. k. 12 ha.

Kostnaður við þær framkvæmdir reiknast nefndinni til að verði sem hér segir:

1.	34 fjós (fyrir 10 gripi) hvert á	kr.	65	þús.	kr. 2210	þús.
2.	34 fjóshlöður (400 hesta) hver á	—	30	—	— 1020	—
3.	32 hesthús (fyrir 5 hesta) hvert á	—	10	—	— 320	—
4.	36 fjárhús (fyrir 100 fjár) hvert á	—	20	—	— 720	—
5.	42 hlöður (fyrir 200 hesta) hver á	—	15	—	— 630	—
6.	48 áhaldageymslur hver á	—	8	—	— 384	—
7.	Ræktun 252 ha hver á	—	6	—	— 1512	—
					6798	þús.

Er það tillaga nefndarinnar, að stofnaður verði með lögum sérstakur sjóður, Prestssetrasjóður, undir yfirumsjón kirkjustjórnarinnar, er á næstu 10 árum veiti fé til þessara framkvæmda, og hafi stjórn hans á hendi að sjá um endurbyggingu og ræktun á prestssetrum, samkvæmt framanskráðri áætlun.

Stofnfé og tekjur sjóðsins verði sem hér segir:

1.	Fyrningarsjóður prestssetra og endurbyggingarsjóður útihúsa er nú nema	kr.	420 þús.
2.	Afgjöld prestssetra, að frádregnum afborgunum af þeim lánum, sem á þeim hvíla, kr. 120 þús. á ári, eða alls á næstu 10 árum ..	—	1200 —
3.	Árlegt framlag úr kirkjujarðasjóði kr. 50 þús. á ári í 10 ár	—	500 —
4.	Fyrningarsjóðsgjald af prestsseturshúsum kr. 40 þús. á ári í 10 ár	—	400 —
5.	Árgjöld og fyrningargjöld af veittu fé úr Prestssetrasjóði til bygginga og ræktunar (2% af kostnaði) um næstu 10 ár	—	580 —
6.	Árlegt framlag ríkissjóðs kr. 370 þús. á ári í 10 ár	—	3700 —
		Kr.	6800 þús.

Í sambandi við einstaka liði viljum við taka þetta fram:

1. Fyrningarsjóðir prestssetranna eru nú geymdir í Söfnunarsjóði og Landsbankanum. Þykir eðlilegt, að þetta fé verði notað í þágu prestssetranna til þess að bæta þar úr aðkallandi þörfum.
2. Sanngjarnt þykir að afgjaldi prestssetranna að svo miklu leyti, sem þau ekki fara til greiðslu áhvílandi skulda, verði varið til þess að bæta jarðirnar að húsum og ræktun, enda er það í fullu samræmi við anda jarðræktarlaganna, er gera ráð fyrir að landsetar vinni af sér jarðarafgjöld með jarðabótum.
3. Í lögum um hýsingu prestssetra er svo fyrir mælt, að kirkjujarðasjóður láni fé til útihúsabygginga á prestssetrum, enda sjóðurinn stofnaður af andvirði seldra jarðakirkjunnar. Í stað þessa er hér lagt til, að sjóðurinn leggi prestssetrasjóði til árlega upphæð til útihúsabygginga um næstu 10 ár.
4. Þar sem fyrningarsjóðirnir verða stofnfé Prestssetrasjóðs, þykir sjálfsagt, að árlegar tekjur þeirra renni einnig þangað.
5. Í sambandi við framlag ríkissjóðs kr. 370 þús. á ári um næstu 10 ár, er rétt að vekja athygli á því, að um leið er ríkissjóður leystur undan þeirri skyldu samkv. l. um hýsingu prestssetra, að leggja fram ókeypis allt efni til bygginga, en þau framlög munu hafa numið um 250 þús. kr. á ári undanfarið.

   Útgjaldaaukningin á þessum lið er því aðeins 120 þús. kr. á ári. En á móti því vegur margfaldlega sá sparnaður beinn og óbeinn, sem af því leiðir, ef prestaköllunum yrði fækkað svo sem nefndin hefur bent á hér að framan. Auk þessa er svo á það að líta, að eftir 10 ár ættu öll prestssetrin að vera orðin sæmilega hýst og ræktuð, og ríkissjóður laus við frekari kostnað af þeim. Hins vegar mundi það vafalaust taka 20—30 ár að koma þessum málum í slíkt horf, ef ekki yrði komið neinu skipulagi á framkvæmdirnar jafnvel þótt ríkið legði árlega fram 250 þús. á ári eins og það hefur gert undanfarið.

Ef þér, hæstv. hr. kirkjumálaráðherra, gætuð að athuguðu máli, fallizt á þessar tillögur í meginatriðum, og stutt að því að gera þær að lögum, þá viljum við benda á, að eftir 10 ár verður lokið því hlutverki Prestssetrasjóðs að húsa sómasamlega og rækta öll sveitaprestssetur landsins, og ætti hann úr því að geta tekið að sér að öllu leyti viðhald prestssetranna, bæði íbúðarhúsa og útihúsa án nokkurs árlegs framlags á fjárlögum til þeirra mála. En til þessa er nú varið um hálfri milljón á ári.

Tekjur Prestssetrasjóða reiknast okkur að verða muni árlega að 10 árum liðnum og þegar byggingar og ræktunarframkvæmdum er lokið:

1.	Árgjöld til fyrningarsjóða prestsseturshúsa	kr.	45 þús.
2.	Afgjöld prestssetranna	—	125 —
3.	Árgjöld af veittu fé úr Prestssetrasjóði (2% af 6.8 millj.)	—	136 —
		Samtals kr.	306 þús.

Ætti þessi upphæð væntanlega að nægja, að óbreyttu verðlagi, til þess að standa straum af öllu viðhaldi prestssetranna, án þess að til nokkra beinna framlaga þyrfti að koma úr ríkissjóði, og teljum við að með því væri mikið unnið fyrir ríkissjóðinn.

Að lokum skal fram tekið, að nefndin er fús til að láta í té ýtarlegri greinargerð um þessi efni, ef óskað er, og enn fremur væri henni kært að ræða við yður um málið við hentugt tækifæri.

Virðingarfyllst.

Í skipulagsnefnd prestssetra.

Gústav A. Jónasson. Sveinn Víkingur. Pálmi Einarsson.

Til kirkjumálaráðherra, Reykjavík.

Kirkjumálaráðuneytið hefur ekki tekið afstöðu til bréfsins í heild, en telur rétt, að leggja fram frumvarp um niðurlagningu þeirra prestakalla, sem nefndin hefur talið geta komið til mála að leggja niður, með því að tillögur hennar og kostnaðaráætlanir um endurreisn prestssetranna miðast við að slík niðurlagning hafi farið fram.

Það atriði er því sem fyrr segir hér fram borið. Það er skoðun ráðuneytisins, að meiri fækkun hefði átt að eiga sér stað, því með bættum samgöngum og minna starfssviði presta en áður var, er fækkun eðlileg og sjálfsögð, þar sem hún er framkvæmanleg án þess að dregið sé úr árangri þess þýðingarmikla starfs, sem prestastétt landsins vinnur í þágu þjóðarinnar. Í meðförum þingsins ætti því þessi fækkun að geta orðið meiri. Kirkjumálaráðuneytið hefur á því fullan skilning að mikil þörf er að framkvæma margt af því, sem skipulagsnefnd prestssetra leggur til, en það er svo um það eins og margt annað, að ekki er hægt að gera um það bindandi áætlun fram í tímann. Framkvæmdir á prestssetrum verða eins og margar aðrar þarfar og aðkallandi framkvæmdir, að gerast í samræmi við vilja fjárveitingavaldsins ár hvert og hlíta dómi þess um það, hvað er nauðsynlegast af mörgu nauðsynlegu, á hverjum tíma.

Til skýringar á orðalagi 1. gr. frv. skal þetta tekið fram:

Sandfellsprestakall á að sameinast Kálfafellsstaðarprestakalli, Stóra-Núpsprestakall Hrunaprestakalli, Akrasókn í Staðarhraunsprestakalli sameinist Borgar, en Staðarhraunssókn Miklaholtsprestakalli. Breiðabólsstaður á Skógarströnd sameinist Helgafellsprestakalli, Skarðs- og Staðarhólssóknir í Staðarhólsþingaprestakalli sameinist Hvammsprestakalli í Hvammssveit en Garpsdalssókn Staðarprestakalli á Reykjanesi. Rafnseyrarprestakall sameinist Bíldudalsprestakalli, en Staðarprestakall í Aðalvík sameinist Staðarprestakalli í Grunnavík. Tröllatunguprestakall sameinist Staðarprestakalli í Steingrímsfirði, en Tjarnarprestakall sameinist Breiðabólstaðarprestakalli í Vesturhópi. Auðkúluprestakall sameinist Bergsstaðaprestakalli en Hvammsprestakall í Laxárdal sameinist Reynistaðaklausturssprestakalli.

Nd. 167. Nefndarálit [56. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 82/1936, um ríkisútgáfu námsbóka.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin fellst á, að nauðsyn beri til að hækka námsbókagjald vegna útgáfu bóka til barnafræðslu, svo að það nemi 15 kr. á hvert heimili, sem sendir barn í barnaskóla, þar sem kostnaður við útgáfu bóka hefur stórhækkað, síðan 1940, er gjaldið var ákveðið 7 kr.

Samkvæmt lögum nr. 82 1936, um ríkisútgáfu námsbóka, er ráðherra heimilt að leggja fyrir ríkisprentsmiðjuna að gefa út námsbækur, fleiri eða færri, fyrir nemendur annarra almennra skóla en barnaskóla og útbýta þeim á sama hátt og bókum til barnafræðslu. Má þá hækka námsbókagjald, svo, að það nemi allt að 15 kr. á heimili, sem sendir nemendur bæði í barnaskóla og annan almennan skóla. Nefndin telur rétt að breyta þessu ákvæði til samræmis, jafnframt því að námsbókagjald vegna barnafræðslu er hækkað, svo sem farið er fram á í þessu frv.

Einn nefndarmanna, Ásmundur Sigurðsson, vill þó gera meiri breytingar á frv., þannig að rétturinn til að njóta þeirra hlunninda, er lögin ákveða, nái til 15 ára aldurs, eða þar til hinni almennu skólaskyldu er lokið. Mun hann flytja brtt. um það atriði og skrifar undir nál. með fyrirvara. Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi (greinatala breytist samkv. því):

3. málsliður 12. gr. laganna orðist þannig:

Ráðherra hækkar námsbókagjaldið samkvæmt þessari grein smátt og smátt, eftir því sem útgáfan er aukin samkvæmt henni, en aldrei má námsbókagjaldið nema meiru en 20 kr. á heimili.

Alþingi, 14. nóv. 1950.

Gunnar Thoroddsen, form.	**Páll Þorsteinsson,** fundaskr., frsm.	**Ásmundur Sigurðsson,** með fyrirvara.
Gísli Guðmundsson.	**Kristín L. Sigurðardóttir.**	

Sþ. 168. Nefndarálit [15. mál]

um till. til þál. um skipun nefndar til að gera tillögur um aukna atvinnu í kaupstöðum og kauptúnum.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið ásátt um afgreiðslu málsins. Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að málið verði afgreitt með rökstuddri dagskrá, en minni hl. (FJ og LJós) vill samþykkja tillöguna óbreytta.

Allsherjarnefnd hafði leitað álits ráðuneytisins um málið. Ráðuneytið svaraði erindi nefndarinnar með bréfi og tilkynnir, að það hafi þegar hafizt handa um athugun á málinu.

Meiri hl. nefndarinnar er þeirrar skoðunar, að þar sem ráðuneytið hefur tekið þetta mál til meðferðar, þá muni lítill vinningur vera við það, að þingið fyrirskipi, að nefnd skuli sett til ákvarðana um það, hvað gera skuli til aukningar atvinnu, þar sem slíkra ráðstafana þarf með. Undir slíkum kringumstæðum mun ríkisvaldið verða að láta sig slík mál miklu skipta, og mun heppilegast, að ríkisstjórnin hafi þegar frá upphafi málið í sinni hendi til ákvarðana og úrræða.

Meiri hlutinn leggur til, að málið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að ríkisstjórnin hefur ákveðið að beita sér fyrir því, að rannsakað verði atvinnuástand og atvinnuhorfur í kaupstöðum og kauptúnum landsins og leitað verði úrræða til atvinnuaukningar, þar sem þess er talin þörf, þykir Alþingi ekki ástæða til, að skipuð verði sérstök nefnd til að framkvæma slíka athugun, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 14. nóv. 1950.

Jóhann Þ. Jósefsson, form.	**Jörundur Brynjólfsson,** frsm.	**Jón Gíslason,** fundaskr.
Jón Sigurðsson.	**Stefán Stefánsson.**	

Nd. 169. Nefndarálit [5. mál]

um frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur klofnað um mál þetta, sem er um að framlengja hinar miklu tollahækkanir, sem í þessum ákvæðum fólust, er þau voru sett, og eru nú enn þá þungbærari eftir gengislækkunina. Ég er andvígur þessu frv., eins og ég var andvígur þessum álögum, er þær voru á lagðar.

Því var lofað, er gengislækkunin var framkvæmd, að tollar skyldu lækkaðir. Loforðin um það voru ekki aðeins gefin í greinargerð gengislækkunarlaganna, heldur og flutt fram af formælendum þeirra laga. Meðal annars í fyrirsögn þess frv., sem hér er til meðferðar, var það undirstrikað með því að láta sjálfa fyrirsögnina vera „frv. til l. um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.“

Nú er lagt til að framlengja allar þessar tollaálögur óbreyttar. Það væri hægt að tryggja ríkinu meira fé í ríkissjóð, þótt tollar þessir væru lækkaðir, ef þeirri stefnu væri fylgt í verzlunarmálum að leyfa meiri framleiðslu landsmanna á útflutningsvörum, leyfa landsmönnum að flytja út og selja afurðir sínar og kaupa meira af vörum til landsins. Sú stefna ríkisstjórnarinnar að setja sem mestar hömlur á framleiðslu landsmanna, hindra þá í að flytja út vörur og kaupa inn vörur, skapar hinn sára vöruskort, sem þjóðin nú býr við. Afleiðing þessarar stefnu er því hvað tolltekjur ríkisins snertir sú að minnka tekjur ríkisins, þótt tollunum sé haldið eins háum og raun ber vitni. Þessi stefna ríkisstjórnarinnar verður því beinlínis til þess að auka dýrtíðina í landinu enn meir en ríkisstjórnin hefur gert með gengislækkunarráðstöfunum sínum.

Þá skal og á hitt minnt, að það kemur betur við alþýðu manna í landinu að taka tekjurnar í ríkissjóð með öðrum aðferðum en þessum gífurlegu tollum.

Hins vegar er 3. gr. frv. sjálfsögð, þar sem í henni framlengist hin gamla heimild til að fella niður eða lækka aðflutningsgjöld á kornvörum og sykri.

Legg ég því til, að frv. sé samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin falli niður.
2. Við 2. gr. Greinin falli niður.
3. Við 4. gr. Greinin falli niður.

Alþingi, 15. nóv. 1950.

Einar Olgeirsson.

Nd. 170. Frumvarp til laga [96. mál]

um breyting á lögum nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. gr.

5. gr. laganna orðist þannig:

Til húsbygginga og annarra mannvirkja þarf leyfi fjárhagsráðs.

Þó skal heimilt að byggja hagkvæmar smáíbúðir án fjárfestingarleyfis, en ráðherra skal með reglugerð ákveða stærðartakmörk þeirra.

Enn fremur skal ákveðið í reglugerð, að tilteknar minni háttar framkvæmdir, svo sem bygging útihúsa í sveitum og verbúða, séu heimilar án fjárfestingarleyfis. Nánari ákvæði um fjárfestingarleyfi séu sett í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fjárhagsnefnd Nd. flutti á síðasta þingi að meginefni sömu tillögu til breytingar á fjárhagsráðslögunum og hér er flutt. Kom tillagan fram í þinglokin og fékk ekki afgreiðslu. Hins vegar mátti telja líklegt, að öruggt þingfylgi væri fyrir henni, enda stóðu að flutningi hennar fulltrúar allra þingflokka.

Það virðist augljóst, að aðstæður eru nú gerbreyttar frá því, er lögin um fjárhagsráð voru sett árið 1947, sérstaklega varðandi nauðsyn þeirra ströngu fjárfestingarreglna, sem þau ráðgerðu. Fleiri tillögur hliðstæðar þeirri, sem hér er flutt, um meira frjálsræði til framkvæmda, komu fram á síðasta þingi og eru enn fluttar nú, og sams konar ályktanir hafa verið gerðar samhljóða í ýmsum bæjarfélögum. Önnur rök með slíkri tillögu eru þau, að hið stranga fjárfestingareftirlit með byggingu hagkvæmra smáíbúða sé óþarft orðið vegna skorts á byggingarefni og lánsfé. Nægjanlegt er að tryggja slíkum framkvæmdum hæfilegt magn heildarinnflutnings byggingarefnisins.

Ed. 171. Frumvarp til laga [97. mál]

um breyting á lögum nr. 62 1939, um tollskrá o. fl.

Flm.: Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

1.—5. tölul. 79. kafla 1. gr. laganna (Hljóðfæri og hljóðfærahlutar) skal orða svo:

1.	Flygel og píanó	tollfrjáls.
2.	Hlutar til flygela og píanóa	tollfrjálsir.
3.	Orgel og harmonium	tollfrjáls.
4.	Hlutar til orgela og harmonía	tollfrjálsir.
5.	Strengjahljóðfæri og hlutar til þeirra	tollfrjáls.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í þessu frumvarpi er lagt til, að töluliðirnir 1—5 í 79. kafla laga um tollskrá breytist á þá lund, að þau hljóðfæri, sem þar eru upp talin, en það eru píanó, flygel, orgel, harmonía og strengjahljóðfæri ásamt hlutum til þeirra, verði tollfrjáls.

Í lögunum um tollskrá er nú ákveðið, að greiða skuli vörumagnstoll of hljóðfærum og hljóðfærahlutum frá 7—120 aurum af kílói og auk þess 30—80% verðtoll. — Algengast er, að verðtollurinn sé 50% af hljóðfærum. — Þá er þess að geta, að á verðtollinn bætist svo 45% álag samkvæmt lögunum um gengisskráningu og fleira. Þessir háu tollar valda tilfinnanlegri verðhækkun á hljóðfærum og torvelda mjög efnaminna fólki að eignast þau.

Eigi það að teljast æskilegt, að iðkun tónlistar verði virkur þáttur í íslenzku menningarlífi og verðmæti tónlistar almenningseign, sýnist svo sem slík óhófleg

skattlagning hljóðfæra sé ekki aðeins ástæðulaus, heldur næsta óskynsamleg, og beri að hverfa frá henni sem tekjuöflun fyrir ríkissjóð.

Sú viðsýni ríkir þó í löggjöfinni, að erlendar bækur eru tollfrjálsar, og virðist flutningsmanni sjálfsagt, að sama eigi að gilda um algengustu hljóðfæri.

Tónlistarskólar starfa nú í öllum helztu kaupstöðum landsins, og ver ríkissjóður nokkru fé til styrktar þeirri kennslu. Virðist þá lítið samræmi í því að leggja jafnframt hömlur á, að fólk geti eignazt nauðsynleg tæki til tónlistariðkana.

Samkvæmt seinustu verzlunarskýrslum, sem hagstofan hefur sent frá sér, þ. e. verzlunarskýrslunum fyrir árið 1947, voru það ár flutt inn 35 orgel og harmonía, 247 píanó og 3 flyglar fyrir 700000 krónur. Má af því sjá, að aldrei getur ríkissjóður auðgazt að marki á þessum innflutningi og verður því heldur ekki fyrir neinum verulegum tekjumissi, þó að tollur verði niður felldur af þeim hljóðfærum, sem frumvarpið tekur til.

Hins vegar er tollurinn nú ekki svo lítill hluti af verði hinna þyngri og dýrari hljóðfæra og getur því orðið til þess að gera efnalitlu fólki ókleift að ráða við kaupverð þeirra.

Hér er ekki um fánýtan óþarfavarning að ræða, heldur menningartæki, sem æskilegt er, að sé á fleiri manna færi að eignast en þeirra einna, sem hafa fullar hendur fjár. Þess vegna vil ég vænta þess, að málið fái góðar undirtektir á Alþingi.

Ed. 172. Breytingartillaga [89. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.

Flm.: Haraldur Guðmundsson.

Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Sala á vörum milli heildverzlana innbyrðis og smásöluverzlana innbyrðis (keðjuverzlun) er bönnuð, nema slík verzlun sé gerð án álagningar eða heildarálagning vörunnar sé innan þeirra takmarka í heildsölu og smásölu, sem heimiluð eru. Iðnfyrirtækjum er óheimilt að vinna úr til sölu öðrum vefnaðarvörum en þeim, sem þau hafa keypt samkvæmt gjaldeyris- og innflutningsleyfum, er þeim hefur verið úthlutað. Bannað er að halda vörum úr umferð í því skyni að fá hærri verzlunarhagnað af þeim síðar.

Nd. 173. Frumvarp til laga [98. mál]

um breyting á lögum nr. 40 1942, um breyting á lögum nr. 112 1941, um lax- og silungsveiði.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Í stað orðanna „fyrir árslok 1947“ í 1. gr. laganna komi: fyrir 1. júlí 1951.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt ákvæðum gildandi laga um lax- og silungsveiði var landeigendum veittur réttur til að leysa til sín hverjum fyrir sinni landareign, veiðiréttindi, sem

skilin höfðu verið við landeignina áður en lög þessi tók gildi, ef fullnægt væri vissum skilyrðum, sem lögin setja, þar á meðal stofnun veiðifélags. Krafan um innlausn skyldi fram lögð í síðasta lagi fyrir árslok 1947.

Þótt fresturinn, er lögin veittu landeigendum til að krefjast innlausnar, virtist allrúmur, hefur reynslan orðið á þá leið, að á nokkrum stöðum urðu landeigendur, er hug höfðu á þessu, of seinir til að krefjast innlausnar, með því að ekki tókst að fullnægja ákvæðum laganna um stofnun veiðifélags áður en innlausnarfresturinn var útrunninn.

Með frv. er lagt til, að þessum landeigendum verði nú enn veitt tækifæri til að innleysa til sín veiðiréttinn, með því að framlengja innlausnarfrestinn til 1. júlí 1951, enda verði þá ekki frekari frestur veittur í þessum efnum.

Nd. 174. Frumvarp til laga [99. mál]

um verkstjóranámskeið.

Frá iðnaðarnefnd.

1. gr.

Árlega skal halda námskeið, ef nægileg þátttaka fæst, til þess að búa menn undir verkstjórapróf. Námskeiðin skal halda á kostnað ríkissjóðs, undir sömu yfirstjórn og iðnskólarnir. Hvert námskeið skal vera allt að 6 mánuði að meðtöldum prófum.

2. gr.

Inntökuskilyrði á námskeiðin skulu vera þessi:

a. Að nemandinn sé fullra 22 ára að aldri.
b. Að hann sé ekki haldinn næmum sjúkdómi eða hafi líkamsgalla, sem orðið geti honum til tálmunar við starf hans.
c. að hann hafi óskert mannorð.
d. Að hann hafi unnið 12 mánuði eða lengur við þá starfsgrein, sem hann vill taka verkstjórastarf í, og hafi auk þess verið flokkstjóri eða aðstoðarverkstjóri í sömu starfsgrein 4 mánuði eða lengur.
e. Að hann hafi lokið miðskólaprófi eða tilsvarandi inntökuprófi.

3. gr.

Próf skulu haldin að afloknum námstíma. Verkstjórar með prófi og verkstjórar þeir, sem starfandi eru og starfað hafa sem verkstjórar, ganga fyrir öðrum um verkstjórn í sömu starfsgrein í opinberri vinnu.

4. gr.

Með reglugerð skal setja ákvæði um það, hvaða námsgreinar skuli kenna og hverjar prófkröfur skuli vera, svo og um það, hvernig kennslu og prófum skuli hagað, um skólagjald og annað, er að kennslu og undirbúningi lýtur.

5. gr.

Hver sá, sem staðizt hefur verkstjórapróf, fær skírteini um það á eyðublaði, sem ráðuneytið gefur út. Á skírteininu skal geta þeirra kennslugreina, sem próftaki hefur verið reyndur í, og tilgreina (með tölum) þær einkunnir, sem hann hefur hlotið. Einnig skal tilgreina þá lægstu einkunn, sem þarf til að standast prófið, og þá hæstu, sem hægt er að öðlast. Allir prófnefndarmenn skulu undirrita skírteinið, og sömuleiðis forstöðumaður námskeiðanna.

Skýrslur um prófið, ásamt fullum nöfnum próftaka, fæðingarstað, degi og ári, svo og einkunnum þeim, sem þeir hafa hlotið, skal rita í bækur, sem til þess eru ætlaðar. Bækur þessar skulu geymdar þar, sem ráðuneytið ákveður.

Allir prófnefndarmenn og forstöðumaður námskeiðanna staðfesta skýrslurnar með undirskrift sinni.

6. gr.

Rétt er að fela Iðnskólanum í Reykjavík að sjá um þessi námskeið, og skulu þau verða deild í þeim skóla jafnskjótt og því verður við komið.

7. gr.

Óski einhver, sem ekki er nemandi námskeiðsins, að ganga undir próf, skal hann senda umsókn um það til ráðuneytisins eigi síðar en mánuði áður en próf byrjar. Umsókninni skal fylgja vottorð um, að hann fullnægi inntökuskilyrðum á námskeiðið, og auk þess vottorð frá þeim kennara eða kennurum, sem hafa kennt honum, um, að hann sé fær um að ganga undir prófið.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi. Það er samið af Geir G. Zoëga vegamálastjóra, Helga H. Eiríkssyni skólastjóra iðnskólans í Reykjavík og Jóhanni Hjörleifssyni formanni Verkstjórasambands Íslands, og fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

„Með bréfi samgöngumálaráðuneytisins, dags. 2. júlí 1947, vorum við undirritaðir skipaðir í nefnd til þess að gera tillögur um kennslu fyrir verkstjóra og verkstjóraefni.

Á Alþingi 1939 var flutt frumvarp til laga um verkstjórn í opinberri vinnu. Var leitað umsagnar ýmissa opinberra embættismanna um frumvarpið, og voru þeir allir á einu máli um, að nauðsyn bæri til, að verkstjórar gætu átt kost á fræðslu í verkstjórn og öðrum námsgreinum, sem þeir þurfa að hafa kunnáttu í. Frumvarpinu var vísað til ríkisstjórnarinnar og hefur ekki komið frá henni aftur. En þar sem það frumvarp var um verkstjórn, en ekki fræðslu verkstjóra, taldi nefndin ekki ástæðu til að taka það eða einstök ákvæði þess til meðferðar.

Nefndin hefur aflað sér gagna og upplýsinga frá Norðurlöndunum um fyrirkomulag þessarar fræðslu þar, og hér innanlands um fjölda verkstjóra og þörf á fræðslu fyrir þá.

Á Norðurlöndum er verkstjórum kennt á námskeiðum, sem standa 1—3 mánuði á ári. Í Danmörku hafa Verkamannasambandið og Vinnuveitendasambandið í samvinnu við Landsforeningen til Arbejdslöshedens Bekempelse og Teknologisk Institut komið á fót skóla fyrir verkamenn og verkstjóra, Arbejdsteknisk Skole, sem rekinn er með styrk frá ríki og bæ. Er verkstjórum kennt þar 1—2 mánuði á ári í 3 ár, áður en þeir fá burtfararpróf, en þar á eftir geta þeir 4. árið fengið námskeið í sérgreinum, bæði á vegum Arbejdsteknisk Skole og eins í Teknologisk Institut.

Í Svíþjóð halda hin opinberu fyrirtæki ríkis og bæja, að mestu á eigin kostnað, nokkurra vikna námskeið árlega fyrir verkstjóra innan sinnar atvinnugreinar, auk þess sem Statens Hantverksinstitutt hefur stutt námskeið í sérgreinum.

Í Noregi eru haldin 8 mánaða námskeið fyrir verkstjóra í vegagerð, rörlagningu og járnbrautarlagningu við Oslo elementærtekniske Skole og Stavanger elementærtekniske Skole, enda hafi verkstjóraefni 4—5 ára verklega æfingu eftir 19 ára aldur. Hliðstæð námskeið er verið að setja á stofn í fleiri greinum við 4 aðra tekniska skóla í Noregi, og við Teknologisk Institutt í Osló eru haldin stutt námskeið í sérgreinum

til skiptis fyrir verkstjóra í ýmsum greinum. Í Kongsberg er 2 ára skóli fyrir verkstjóra í námuiðnaðinum og eins árs skóli fyrir vopnasmiðina. Annars hafa Norðmenn á prjónunum athugun á almennri skipulagningu verkstjórafræðslunnar.

Hér á landi hefur nokkur undanfarin ár verið haldið námskeið fyrir verkstjóra að tilhlutun Verkstjórasambands Íslands og undir stjórn vegamálastjóra. Hefur það venjulega staðið 6 vikna tíma og þátttaka verið góð. Í Verkstjórasambandi Íslands eru nú 374 verkstjórar í 35 starfsgreinum. Meiri hluti þessara manna eru sjálfmenntaðir, þ. e. þeir hafa alizt upp í starfinu og með hyggjuviti og athugun lært það mikið, að þeim hefur verið trúað fyrir verkstjórn. Er það augljós sóun á tíma og starfskröftum, að hver verkamaður af öðrum og hver verkstjóri af öðrum þurfi sjálfir að vera að finna upp alkunn og sjálfsögð sannindi og þekkingaratriði, auk þess sem óhjákvæilegt er, að skýrslugerð og reikningshald verði eitthvað ábótavant hjá mönnum, sem lítið eða ekkert hafa lært til þeirra hluta. Þá ber og þess að gæta, að nú á síðari árum hefur, eins og kunnugt er, mikil breyting orðið á um nær allar vinnuaðferðir, þar sem véltæknin hefur tekið við af mannshöndinni. Hin breyttu vinnubrögð krefjast nýrrar þekkingar. Til þess að stjórna vinnuflokkum þar, sem vélar eru notaðar við flest störf, þarf víðtækari kunnáttu en áður útheimtist. Nefndin er því á einu máli um það, að tímabært sé og nauðsynlegt að halda uppi reglulegri fræðslu fyrir verkstjóra og verkstjóraefni og að fast fyrirkomulag verði haft á þeirri fræðslu.

Nefndin telur heppilegra fyrir íslenzkar aðstæður, að þessi fræðsla verði veitt á einu 6 mánaða námskeiði, en ekki dreifð á fleiri ár með styttri námskeiðum. Verði þá teknar fáar og sem skyldastar starfsgreinar saman í hvert sinn. T. d. mætti taka saman verkstjóra og verkstjóraefni í gatnagerð, vegagerð, hafnargerð, flugvallagerð, vatns- og hitaveitulögnum, undirstöðum undir ýmis mannvirki, svo sem olíugeyma o. fl., ýmissi byggingavinnu o. fl. sér; símalögnum og rafmagnsleiðslum sér; fiskverkun, síldarsöltun, síldarverksmiðjum o. fl. sér; afgreiðslumenn í pakkhúsum, hraðfrystihúsum og við skip sér; o. s. frv. Auk þess má halda stutt námskeið (2—3 vikur) í sérgreinum síðar.

Námsgreinar þær, sem kenna þarf, eru nokkuð mismunandi eftir flokkum, en þessar greinar hafa verið kenndar:

Stærðfræði, þar í reikningur og notkun reiknistokka.
Mælingar, þar á meðal hallamælingar og uppmælingar.
Kostnaðaráætlanir.
Skýrslugerð.
Vinnubókhald.
Byggingarefni, steinsteypa og sprengingar.
Vegagerð.
Jarðvegsfræði, framræsla o. fl.
Hirðing véla og verkfæra.
Hjálp í viðlögum og slysavarnir.
Iðnfræðilegar sérgreinar, þar sem það á við.

Kostnaður við slík námskeið fer eftir aðstæðum. Ef hægt yrði að setja þau í samband við iðnskóla eða aðra tekniska skóla, sem hefðu húsnæði, svo að ekki þyrfti að leigja það sérstaklega, yrði kostnaður við eina deild (25—30 nem.), sem þykir sennileg árleg þátttaka, sem hér segir:

Kennsla: 25 vikur, 40 st. á viku á 27.00	kr.	27 000.00
Kennslugögn, pappír o. fl.	—	500.00
Ljós, hiti og ræsting o. fl.	—	2 500.00
Samtals	kr.	30 000.00

Ef hver nemandi greiddi kr. 500.00 í skólagjald, þyrfti ríkið að leggja til 15—18 þúsund á ári eftir þátttöku til þess að halda uppi þessum námskeiðum, sem mundi þó lækka, ef framlag fengist frá Reykjavíkurbæ.

Samkvæmt framansögðu leggur nefndin til, að fyrir Alþingi verði lagt framangreint frumvarp til laga um þetta efni.“

Ed. 175. Breytingartillaga [21. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

Frá Rannveigu Þorsteinsdóttur.

Við 1. gr. Fyrir orðin „ritari forseta Íslands o. s. frv.“ í niðurlagi greinarinnar kemur: ritari forseta Íslands, bankastjóri o. s. frv.

Nd. 176. Frumvarp til laga [21. mál]

um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Upphaf 7. tölul. 32. gr. laganna skal orða svo:

Hafi enn fremur 3 ár samtals verið alþingismaður, skrifstofustjóri Alþingis eða fulltrúi í skrifstofu þess, skrifstofustjóri eða fulltrúi í stjórnarráðinu, fulltrúi héraðsdómara, þar á meðal borgardómara, borgarfógeta og sakadómara í Reykjavík, eða fulltrúi lögreglustjórans þar, lögreglustjóri eða bæjarstjóri, ritari forseta Íslands, bankastjóri o. s. frv.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi fallin lög nr. 67 28. des. 1944.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 177. Frumvarp til laga [28. mál]

um breyting á lögum nr. 69 12. apríl 1945, um stýrimannaskólann í Reykjavík.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Orðið „þýzku“ í 3. gr. laga nr. 69 12. apríl 1945 falli niður.

2. gr.

Á 5. gr. II. sömu laga eru gerðar eftirtaldar breytingar:

1. Orðin „eða stjarna“ í 2. tölulið falli niður.
2. 7. töluliður orðist svo: Þekking á himinhvolfinu og daglegri hreyfingu þess, á bauganeti þess, á því að ákveða afstöðu himinhnatta, þekking á sólinni og hreyfing hennar.

3. 9. töluliður orðist svo: Kunna að finna ristíma og hvarftíma sólarinnar.
4. 10. töluliður orðist svo: Þekking á hæðarleiðréttingum himinhnatta og að kunna að finna breiddina með athugun sólarinnar í hádegisbaug.
5. Nýr töluliður nr. 11 bætist við greinina: Kunna að finna staðarlínu fyrir skipið með hæðaraðferðinni.

3. gr.

Á 6. gr. sömu laga eru gerðar eftirtaldar breytingar:

1. Málsgreinin „Að kunna að finna breiddina af athugun sólar“ o. s. frv., falli niður.
2. Málsgreinin „Að kunna að finna lengdina með sjóúrinu“ o. s. frv., falli niður.
3. Málsgreinin „Þýzka (skrifleg og munnleg): Krafizt er sömu kunnáttu og í ensku“ falli niður.

4. gr.

12. gr. sömu laga falli niður og greinatala laganna breytist í samræmi við það.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 178. Breytingartillögur [60. mál]

við frv. til l. um rétt manna til kaupa á ítökum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 4. gr. Aftan við greinina bætist: nema ítaki sé lýst í þinglesnu landamerkjabréfi þeirrar jarðar, sem ítakið liggur í eða fyrir.
2. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Nú lítur ítakseigandi svo á, að missir ítaksins skerði verulega aðstöðu til búrekstrar á jörðinni, og mótmælir sölunni á þeim grundvelli, og er þá ekki skylt að selja það, nema tveir dómkvaddir menn telji, að ítakið komi að betri notum með því heldur en liggja áfram undir jörðina, sem hefur nýtt það. Kostnað við gerðina greiðir sá aðili, er hennar óskar.
3. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Eftir að ítaki hefur verið lýst samkvæmt 3. gr. og eignarréttur þess viðurkenndur, hefur eigandi þeirrar jarðar, er ítakið liggur í eða fyrir, rétt til að kaupa ítakið undir jörðina. Verði ekki samkomulag um kaupverð, skal ítakið metið á sama hátt og land, sem tekið er eignarnámi, sbr. lög nr. 61 14. nóv. 1917.

Nd. 179. Breytingartillögur [56. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 82/1936, um ríkisútgáfu námsbóka.

Frá Ásmundi Sigurðssyni.

Á undan 1. gr. komi tvær nýjar greinar (og breytist greinatalan samkvæmt því):

1. (1. gr.) Í stað „barnafræðslunnar“ í fyrri málsl. 1. gr. laganna komi: barna- og unglingafræðslunnar.

2. (2. gr.) 2. gr. laganna orðist þannig:
Ríkið gefur út allar námsbækur, sem nauðsynlegar eru til barna- og unglingafræðslunnar í landinu samkvæmt skrá þeirri, er um getur í 1. gr., og dreifir þeim út á meðal allra skólaskyldra barna og unglinga í landinu, hvort tveggja í samræmi við ákvæði þessara laga.

Sþ. 180. Tillaga til þingsályktunar [100. mál]

um endurskoðun íslenzkrar áfengislöggjafar.

Flm.: Sigurður Bjarnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara fyrir næsta reglulegt þing endurskoðun á gildandi lagaákvæðum um sölu og veitingar áfengis með það fyrir augum að stuðla að skynsamlegri og hóflegri meðferð áfengra drykkja en nú tíðkast með þjóðinni.

Jafnframt verði framkvæmd athugun á því, hvort unnt sé að skapa landsmönnum auknar gjaldeyristekjur með því að leyfa hér bruggun áfengs öls til útflutnings.

Greinargerð.

Það er á alþjóðarvitorði, að reglur þær, sem nú gilda um sölu og veitingar áfengis hér á landi, stuðla engan veginn að skynsamlegri meðferð þjóðarinnar á áfengum drykkjum. Mikið brestur og á, að Íslendingar fari þannig með áfengi, að sæmilegt geti talizt og menningarþjóð samboðið. Hins vegar er mjög erfitt að ræða þessi mál á opinberum vettvangi. Valda þar um margs konar fordómar og rík hneigð til þess að trufla rökrétta hugsun, en hvetja til æsinga og sleggjudóma.

Með tillögu þessari er lagt til, að ríkisstjórnin láti fram fara endurskoðun á gildandi reglum og lagaákvæðum um sölu og veitingar áfengis með það fyrir augum að stuðla að skynsamlegri og hóflegri meðferð áfengra drykkja en nú tíðkast með þjóðinni. Um réttmæti og nauðsyn slíkrar endurskoðunar ættu allir öfgalausir menn, sem skilja það vandamál, sem hér er um að ræða, að geta verið sammála. Umbótum frá núverandi ástandi verður ekki komið fram nema nýrra skynsamlegra leiða verði freistað.

Þá er lagt til, að ríkisstjórnin láti framkvæma athugun á því, hvort unnt sé að skapa þjóðinni auknar gjaldeyristekjur með bruggun áfengs öls hér á landi til útflutnings. Gjaldeyrisafkoma Íslendinga er nú hin hörmulegasta. Stórfelldur skortur er í landinu á brýnustu nauðsynjum. Knýjandi nauðsyn ber þess vegna til þess, að allra hugsanlegra ráða verði leitað til þess að auka gjaldeyristekjur þjóðarinnar. Það er álit margra manna, að miklir möguleikar séu á að gera hér gott öl, sem yrði útgengileg vara á erlendum mörkuðum. Væri það hrein fásinna að láta undir höfuð leggjast að rannsaka þá möguleika. — Að öllu þessu athuguðu væntir flutningsmaður þessarar tillögu þess, að Alþingi taki henni vel og í samræmi við þann vanda, sem þjóðinni er á höndum í því efni, sem hún fjallar um.

Sþ. 181. Tillaga til þingsályktunar [101. mál]

um gæðamat iðnaðarvara.

Flm.: Rannveig Þorsteinsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka, á hvern hátt hægt sé að tryggja gæðamat iðnaðarvara, innlendra og erlendra, sem seldar eru hér á landi.

Greinargerð.

Á síðari árum hefur talsvert borið á því, að óvandaðar iðnaðarvörur, innlendar og erlendar, væru hér til sölu, og veldur vöruskorturinn því, að fólk neyðist til þess að kaupa slíkar vörur, þar sem sjaldnast er um neitt að velja. Nú er ekkert gæðamat á iðnaðarvörum né eftirlit með því, hvort þær fullnægja þeim kröfum, sem ætla mætti, að kaupandinn geri um notagildi þeirra og endingu, en nauðsynlegt er, að eitthvað sé gert til þess að fá slíkt eftirlit.

Hér er aðeins gert ráð fyrir rannsókn á því, hvernig hægt sé að tryggja gæðamat, og mundi sú rannsókn sýna, hvort gæðamat hefur mjög mikinn kostnað í för með sér, en vitað er, að það er þjóðinni dýrt, bæði í heild og einstaklingum hennar, að kaupa og nota óvandaðar vörur.

Nd. 182. Nefndarálit [77. mál]

um frv. til l. um breyt. á og viðauka við l. nr. 43 23. maí 1949, um innflutning og úthlutun jeppabifreiða til landbúnaðarþarfa o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta, og leggur hún til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

Við 2. gr.

1. Síðasti málsl. í f-lið fellur niður.
2. Aftan við greinina bætist nýr stafl. (ný lagagr.), svo hljóðandi:

Úthlutunarnefnd jeppabifreiða skal í októbermánuði ár hvert gera áætlun um það, hvað er nauðsynlegt að flytja inn á næsta ári af varahlutum til jeppabifreiða og dráttarvéla, sem til eru í landinu, og einnig innflutning á nytsamlegustu verkfærum, sem aflvélarnar geta dregið við vinnu og flutninga, svo að þær komi að sem beztum notum. Þessi áætlun sé send innflutningsyfirvöldunum, og ber að leggja á það ríka áherzlu, að þessi innflutningur fáist.

Alþingi, 17. nóv. 1950.

Ásgeir Bjarnason, form., frsm. Jón Sigurðsson, fundaskr. Ásmundur Sigurðsson.

Jón Pálmason. Jón Gíslason.

Nd. 183. Nefndarálit [24. mál]

um frv. til l. um aðstoð til bænda á óþurrkasvæðunum á Austur- og Norðurlandi.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþykkt, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 17. nóv. 1950.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Sig. Ágústsson, fundaskr. Ásg. Ásgeirsson.
Einar Olgeirsson. Jóhann Hafstein.

Ed. 184. Frumvarp til laga [60. mál]

um rétt manna til kaupa á ítökum.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Það kallast ítak í lögum þessum, er jörð á rétt til landsnytja, svo sem slægna, beitar, svarðartekju, torfristu, laxveiði, silungsveiði, reka alls konar, grasatekju, eggjatekju, fuglatekju, sölvafjöru, maríukjarnafjöru og hvers konar annarra nytja í landi annarra jarða eða fyrir landi þeirra. Ítak telst einnig nytjaréttur, er kirkjur eiga utan heimajarðar kirknanna.

2. gr.

Rétt er eiganda jarðar, sem aðrir eiga ítak í eða fyrir, að kaupa það undir jörð sína eftir lögum þessum.

3. gr.

Ráðherra skal, eftir að lög þessi hafa öðlazt gildi, auglýsa þrívegis í Lögbirtingablaðinu fyrirmæli til allra þeirra, er telja sig eiga einhvers konar ítök í eða fyrir landi jarða, sem aðrir eiga, að lýsa þeim á manntalsþingi í þinghá þeirrar jarðar, sem tilkall er gert til ítaks í, innan þriggja ára frá síðustu auglýsingu. Ákvæði þessi ná þó eigi til skógarítaka (sbr. lög nr. 100 14. maí 1940).

4. gr.

Þegar ítökum er lýst samkvæmt 3. gr., skal tilgreina, ef kostur er, með hvaða hætti ítökin urðu til og hvenær, hvernig þau hafi verið notuð síðustu áratugina og hvers virði þau séu talin nú, og greina fyrir því skilríki eftir föngum.

Nú vill eigandi eða umráðamaður einhverrar jarðar ekki kannast við, að aðrir eigi ítök í eða fyrir landi jarðarinnar, svo sem haldið er fram af þeim, er lýsir til ítaks eftir 3. gr., og skal hann þá mótmæla því við viðkomandi sýslumann, er þá fer með málið samkvæmt lögum nr. 41 28. nóv. 1919, um landamerki o. fl.

Ítök, sem ekki er lýst á tilsettum tíma samkvæmt 3. gr., falla niður, nema ítaki sé lýst í þinglesnu landamerkjabréfi þeirrar jarðar, sem ítakið liggur í eða fyrir.

5. gr.

Nú lítur ítakseigandi svo á, að missir ítaksins skerði verulega aðstöðu til búrekstrar á jörðinni, og mótmælir sölunni á þeim grundvelli, og er þá ekki skylt

að selja það, nema tveir dómkvaddir menn telji, að ítakið komi að betri notum með því heldur en liggja áfram undir jörðina, sem hefur nýtt það. Kostnað við gerðina greiðir sá aðili, er hennar óskar.

6. gr.

Eftir að ítaki hefur verið lýst samkvæmt 3. gr. og eignarréttur þess viðurkenndur, hefur eigandi þeirrar jarðar, er ítakið liggur í eða fyrir, rétt til að kaupa ítakið undir jörðina. Verði ekki samkomulag um kaupverð, skal ítakið metið á sama hátt og land, sem tekið er eignarnámi, sbr. lög nr. 61 14. nóv. 1917.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 185. Nefndarálit [35. mál]

um frv. til l. um útreikning vísitölu framfærslukostnaðar.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., og leggur meiri hluti hennar til, að það verði samþykkt. Minni hl. (EOl) er frv. andvígur.

Alþingi, 17. nóv. 1950.

Skúli Guðmundsson, form.	Jóhann Hafstein, frsm.	Sig. Ágústsson, fundaskr.
	Ásg. Ásgeirsson.	

Nd. 186. Nefndarálit [18. mál]

um frv. til l. um meðferð opinberra mála.

Frá allsherjarnefnd.

Eins og fram kemur í greinargerð frumvarpsins, hefur frumvarp til laga um meðferð opinberra mála verið lagt fyrir Alþingi tvisvar áður, 1948 og 1949. Allsherjarnefnd neðri deildar fékk frumvarpið í bæði skiptin til meðferðar. Hið fyrra árið hafði nefndin farið yfir allt frumvarpið og athugað nýmæli þess. Var þá m. a. leitað umsagnar Félags héraðsdómara og lögreglustjórans í Reykjavík um frv. Enn fremur átti nefndin viðræður við þá, sem undirbjuggu frumvarpið upphaflega, dr. juris Einar Arnórsson og hæstaréttardómarana Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson. Ekki varð þó af því, að nefndin afgreiddi málið frá sér, en þá voru líka ýmis nýmæli í frumvarpinu, sem leitt hefðu af sér allverulegan kostnaðarauka, bæði varðandi breytingu á skipun sakadómaraembættisins í Reykjavík og stofnun tveggja nýrra embætta, saksóknara ríkisins og rannsóknarstjóra. Þessi atriði munu, af fjárhagsástæðum, hafa orðið til þess að tefja fyrir framgangi málsins, þó að telja verði hiklaust, að þau hefðu horft til bóta réttarfarslega.

Nú liggur þetta frumvarp til laga um meðferð opinberra mála fyrir í þeirri breyttu mynd, að út úr því eru tekin ákvæðin um skipun opinbers ákæranda, þ. e. saksóknara ríkisins, og rannsóknarstjóra, en um þau atriði er flutt annað sérstakt

frumvarp. Einnig eru felld niður fyrri ákvæði um breytingar á skipun sakadómaraembættisins í Reykjavík.

Allsherjarnefnd hefur nú að nýju farið yfir og athugað frumvarpið í þeirri mynd, sem það nú liggur fyrir. Undirritaðir nefndarmenn eru sammála um að leggja til, að frumvarpið verði samþykkt, en áskilja sér þó rétt til þess að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Eins og áður er tekið fram, eru nú veigamestu nýmælin varðandi meðferð opinberra mála fráskilin þessu frumvarpi, þ. e. a. s. um sérstakan opinberan ákæranda, saksóknara ríkisins, og rannsóknarstjóra. Með þessum nýmælum, sem nú eru fólgin í öðru sérstöku frumvarpi, sem fyrir þinginu liggur, er að því stefnt að innleiða þær meginreglur um meðferð opinberra mála, að ákæruvald og dómsvald sé aðskilið, en það er í samræmi við núgildandi reglur í flestum menningarlöndum. Þrátt fyrir þetta er frumvarpið, eins og það nú liggur fyrir, vafalaust til mikilla bóta. Í fyrsta lagi er safnað í eina heildarlöggjöf öllum eldri og mjög dreifðum ákvæðum um meðferð opinberra mála, og jafnframt eru í frumvarpinu enn veruleg nýmæli frá því, sem verið hefur. Flest nýmæli frumvarpsins, sem máli skipta, eru í samræmi við þær stefnur, sem upp hafa verið teknar í öðrum menningarríkjum. Hins vegar kom það fram í greinargerð frumvarpsins í upphafi, hversu landshagir hér eru mjög frábrugðnir því, sem víðast er annars staðar, bæði fámenni og strjálbýli, og yrði því að gjalda varhuga við skilyrðislausri upptöku erlends skipulags á rannsókn og meðferð opinberra mála hér. Var á það bent, að ekki mætti taka upp skipulag, er yrði landinu ofviða og of kostnaðarsamt, heldur einungis það, sem telja mætti ríkinu meðfærilegt og veitti þó einstaklingunum nægilegt öryggi. Talið er, að hvoru tveggja framangreindu sjónarmiði sé fullnægt. Þess var og getið, að við samningu frumvarpsins hafa verið rannsökuð og höfð til hliðsjónar erlend lög, en reynsla um meðferð opinberra mála hér á landi hafi þó ráðið mestu um efni þess.

Við athugun frumvarpsins hefur gætt nokkuð mismunandi sjónarmiða varðandi ýmis nýmæli þess. Má þar til nefna ákvæði 100. gr., þar sem gert er ráð fyrir, að öll vitni eiðfesti framburði sína fyrir fram, gagnstætt þeirri venju, sem fylgt hefur verið. Um þetta atriði var eftirfarandi skýring gefin í greinargerð frumvarpsins upphaflega, þar sem fram koma skoðanir þeirra, sem sömdu frumvarpið (sbr. hér að framan):

„Gert er ráð fyrir þeirri veigamiklu breytingu frá eldri lögum, að vitni skuli heitfest áður en þau bera vætti í máli. Verður að ætla, að þessi meðferð tryggi það, að vitni vandi betur til vættis síns en háttur sá, er nú er hafður á heitfestingu vitna. Þá má og benda á það, að tími og fé sparast fyrir þá meðferð, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, með því að oft verður, samkvæmt gildandi reglum, að leiða vitni tvisvar, fyrst við skýrslutöku og síðar til staðfestingar."

Um þetta atriði segir á hinn bóginn í umsögn frá stjórn Félags héraðsdómara:

„Þetta er gerbreyting frá því, sem verið hefur. Héraðsdómarar hafa yfirleitt gert sér far um að eiðfesta eigi vitni, nema þeir hafi talið það nauðsynlegt, og þá ætið eftir á, eftir að farið hefur verið með vitninu yfir framburð þess og ósamræmi það, sem kann að hafa verið milli hans og annarra skýrslna. Virðist reynslan sýna, að heppilegt sé að beita eigi eiðnum oftar en nauðsynlegt er, og teljum við ofnotkun hans geta spillt tilfinningu manna fyrir þýðingu hans og helgi. Með þetta í huga erum við andvígir fyrirframheitfestingunni, sem greinin gerir ráð fyrir, og metum við þetta sjónarmið meira en hitt, sem mælir með fyrirframheitfestingunni, en það er að okkar áliti, að vitni muni, ef henni er beitt, vanda meir til framburðar síns frá upphafi, og sá vinnusparnaðar dómarans að þurfa eigi sérstaklega að kalla að nýju vitni til heitfestingar fyrra framburðar.

Í huga flestra manna er eiður eða heit merk athöfn og veldur mörgum umhugsun og jafnvel hugarstríði. Má gera ráð fyrir, að vitnum, sem þannig er háttað — og þau eru, sem betur fer, mörg — þyki illt, ef þau yrðu heitfest um efni, sem

enga eða mjög óverulega þýðingu hefðu fyrir úrslit máls, en slíkt hlyti oft að verða, ef fyrirframheitfestingin verður lögfest.

Þá veit dómari við frumrannsóknir mála oft og tíðum ekki, hvort vitni það, sem hann kallar fyrir sig, til þess að leita hjá því upplýsinga, getur borið nokkuð um málavexti, og væri að okkar dómi oft ástæðulaust að heitfesta slík vitni.“

Allsherjarnefnd hefur viljað leiða athygli háttvirtra þingmanna að þessu, enda þó að hún geri ekki tillögur til breytinga frá því, sem er í frumvarpinu um fyrirframheitfestingu.

Einnig er um að ræða gerbreytingar frá eldri reglum í 2. málsgr. 77. gr. og 1. málsgr. 40 gr. Það eru fyrirmæli um það, að sökuðum manni, sem lögreglumaður yfirheyrir eða dómari kveður yfirheyrðan vegna gruns á honum sjálfum um refsiverða hegðun, skuli á það bent, að honum sé óskylt að svara spurningum, en einnig gerð grein fyrir því, að þögn hans kunni að verða skýrð honum í óhag. Hins vegar gilda um þetta nú þær reglur, að sökunaut má þvinga með ógnun um fangelsi við vatn og brauð til þess að svara spurningum dómara. Breytingin er í samræmi við nútímareglur menningarríkja. Nefndin telur hana réttmæta, en þó segir um hana eftirfarandi í umsögn stjórnar Félags héraðsdómara:

„... viljum við benda á það, að minnsta kosti í fyrstu má búast við, að framkvæmdin valdi talsverðum örðugleikum. Fyrst og fremst má búast við því, að einhverjir hinna yfirheyrðu noti sér þetta til þess að neita algerlega að gefa nokkra skýrslu. Má þá vera, að þeir neiti vegna grunnhyggni eða af öðrum ástæðum að gefa skýrslur um atriði, sem þeim væri hagur í að gefa skýrslur um.

Þá má við því búast, að neitun yfirheyrða á því að gefa skýrslu geti aukið verulega starf það, sem leggja þarf í rannsókn máls, og getur slíkt orðið bagalegt, sérstaklega, er svo stendur á, að dómari hefur engum lögreglumönnum á að skipa. Loks viljum við geta þess, að okkur er ekki kunnugt neitt dæmi þess, að dómari hafi með aðgangsharðri yfirheyrslu fengið mann til að játa á sig afbrot, er hann eigi hefur framið.“

Ákvæði XV. kafla um flutning og meðferð opinberra mála fyrir héraðsdómi stefna m. a. að því að taka upp líka skipan um vandamestu opinber mál, sem koma hér fyrir dómstóla, sbr. 130.—136. gr., og tíðkast í nágrannalöndum okkar. Þó að nokkurn aukinn sakarkostnað leiði af skipun sækjanda og verjanda í þessum meiri háttar málum fyrir undirrétti, er ekki í það horfandi, miðað við þá réttarfarsbót, sem í því felst.

Eins og tekið er fram, áskilja nefndarmenn sér rétt til að flytja og fylgja breytingartillögum, en þar eru þó einkum hafðar í huga minni háttar breytingar til lagfæringar og glöggvunar, og mælt með samþykkt frv. með þeim fyrirvara.

Alþingi, 16. nóv. 1950.

Jörundur Brynjólfsson, form.	Jóhann Hafstein, fundaskr., frsm.	Jónas G. Rafnar.

Finnur Jónsson.

Nd. 187. Lög [4. mál]

um breyting á lögum nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

(Afgreidd frá Nd. 17. nóv.)

Samhljóða þskj. 4.

Nd. 188. Frumvarp til laga [102. mál]

um breyting á lögum nr. 35 29. apríl 1946, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.

Flutningsmaður: Jón Sigurðsson.

1. gr.

Á eftir VI. kafla (40. gr.) laganna kemur nýr (VII.) kafli (41.—47. gr.), svo hjóðandi:

VII. KAFLI

Um endurbyggingu eyðijarða og um eftirlit með ábúð á jörðum.

a. (41. gr.) Skylt er nýbýlastjórn að sporna við því eftir föngum, að jarðir fari í eyði, sem að dómi trúnaðarmanna nýbýlastjórnar og jarðræktarráðunauts Búnaðarfélags Íslands eru vel fallnar til jarðræktar og búrekstrar, og hafa um það samráð við hlutaðeigandi sveitarstjórnir, að notaðar séu heimildir ábúðarlaganna til að koma í veg fyrir jarðníðslu og að byggilegar jarðir séu lagðar í eyði. Nýbýlastjórn vinni enn fremur að því í samstarfi við hlutaðeigandi sveitarstjórnir, að jarðir, sem komnar eru í eyði, en veita þau skilyrði til búrekstrar, er að framan greinir, byggist aftur þar til hæfum mönnum. Skylt er hreppstjórum að senda nýbýlastjórn skýrslu um hver áramót um eyðijarðir í hreppnum, þar með taldar þær jarðir, er 3. gr. ábúðarlaganna ræðir um. Skýrslur þessar skulu gerðar eftir fyrirsögn nýbýlastjórnar.

b. (42. gr.) Nýbýlastjórn skal svo fljótt sem tök eru á láta rannsaka skilyrði til ræktunar og búrekstrar á eyðijörðum og jörðum, sem ekki eru nytjaðar nema að einhverju leyti, sbr. 3. gr. ábúðarlaganna. Við rannsókn þessa skal safna upplýsingum um öll þau atriði, er máli skipta vegna búrekstrar á hverri einstakri jörð, og hvað varð þess valdandi, að hún fór að einhverju eða öllu leyti í eyði. Skal þetta þannig gert, að þeir, sem falast eftir jarðnæði, geti fengið rétta og greinilega hugmynd um jörðina og þá aðstöðu til búrekstrar, er hún veitir.

Nýbýlastjórn skal árlega gera skrá yfir þær af þessum jöðum, sem hún telur rétt að byggja og eru lausar til ábúðar. Skrá þessi skal birt almenningi.

c. (43. gr.) Skylt er nýbýlastjórn að veita þeim, er þess óska og hafa hug á að reisa bú í sveit, upplýsingar um þær jarðir, sem eru lausar til ábúðar og um ræðir í 42. gr. Umsækjendur um jarðnæði, er leggja fram vottorð skilríkra manna um, að þeir uppfylli þær kröfur, er gera verður til búandi manna í sveit, skulu njóta þeirrar aðstoðar nýbýlastjórnar við útvegun jarðnæðis, er hún getur í té látið.

d. (44. gr.) Nú leiðir rannsókn í ljós, að einhver ákveðinn annmarki er þess valdandi, að jörð, sem nýbýlasjóður á eða nýbýlastjórn hefur full umráð yfir, byggist ekki, en jörðin er að öðru leyti vel fallin til ræktunar og búrekstrar, og er nýbýlastjórn þá heimilt að ráða bót á þessu. Kostnaður nýbýlasjóðs af þessum framkvæmdum má þó aldrei fara fram úr áætluðum meðalstofnkostnaði býlis í byggðahverfi.

e. (45. gr.) Heimilt er nýbýlastjórn að kaupa einstakar jarðir, þar með talin eyðibýli, ef hún telur það nauðsynlegt til þess að koma betra skipulagi á byggðina og tryggja örugga ábúð á jörðunum. Kaupverð slíkra jarða skal vera undir því verði, er nýbýlastjórn greiðir á sama tíma fyrir lönd undir byggðahverfi.

f. (46. gr.) Verði jarðareigandi brotlegur við ákvæði 3. gr. ábúðarlaganna og hlutaðeigandi sveitarstjórn notar ekki þá heimild, sem henni er veitt samkv. 3. og 4. gr. sömu laga til að ráðstafa jörð, sem komin er í eyði eða niðurníðslu og nýbýlastjórn telur vel fallna til búrekstrar, er nýbýlastjórn heimilt að gera hverjar þær ráðstafanir, er ábúðarlögin heimila hreppsnefndum, til þess að jörðin verði endur-

byggð af þar til hæfum manni. Nýbýlastjórn er enn fremur heimilt að ganga í þau kaup, er um ræðir í annarri málsgr. 4. gr. ábúðarlaganna, að hlutaðeigandi hreppsnefnd frágenginni, ef nýbýlastjórn telur það henta.

g. (47. gr.) Jarðir, sem nýbýlastjórn fær eignarumráð yfir samkv. heimild 45. og 46. gr., skulu auglýstar til sölu og ábúðar. Skylt er kaupanda að gera jörðina að ættaróðali samkv. ákvæðum laga nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð. Söluverð jarðar sé kostnaðarverð nýbýlastjórnar, þar með talinn kostnaður við þær umbætur, sem gerðar kunna að vera á jörðinni samkv. 44. gr. Heimilt er þó nýbýlastjórn að veita styrk vegna ræktunarumbóta tilsvarandi ákvæðum 36. gr., þá er jörðin hefur verið tekin til ábúðar. Jarðir þessar njóta réttar til lána úr byggingarsjóði og Ræktunarsjóði, að ábúð tryggðri, eftir sömu reglum og byggðar jarðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lok síðustu heimsstyrjaldar var sú skoðun almenn, að verkefni landbúnaðarins hlyti að verða það eitt að fullnægja þörfum þjóðarinnar fyrir landbúnaðarvörur. Sjávarútvegurinn mundi sjá þjóðinni fyrir öllum þeim gjaldeyri, er hún þarfnaðist. Með þetta í huga var allt kapp lagt á að efla sjávarútveginn og varið til þess miklu fé á okkar mælikvarða.

Til þess að landbúnaðurinn gæti fullnægt sínu hlutverki þurftu bændur að auka framleiðslu mjólkur og garðávaxta; af kjöti var meira en nóg framleitt, ef ekki var hugsað um útflutning. Nýbýlalögin, sem sett voru á þessum árum, mótast mjög af þessu viðhorfi, þar er höfuðáherzlan lögð á stofnun byggðahverfa, þar sem mjólkurframleiðsla og garðyrkja hljóta að verða aðalatvinnugreinarnar.

En þetta fór sem kunnugt er á annan veg en ætlað var. Aflabrestur, verkföll og sölutregða erlendis hefur leitt í ljós, að það er fyrirhyggjulaust af þjóðinni að byggja allar gjaldeyrisvonir á jafnmisbrestasömum atvinnuvegi og sjávarútvegurinn er og hlýtur ávallt að verða. Til þess að ráða bót á þessu verður að vinna markvisst að því að koma öðrum atvinnugreinum, er hafa aðstöðu til að framleiða gjaldeyrisvöru til útflutnings, í það horf, að ekki þurfi að treysta eingöngu á getu sjávarútvegsins í þessum efnum. Að því er landbúnaðinn snertir er það sauðfjárræktin, sem hér kemur fyrst og fremst til álita.

Unnið er að því að útrýma sauðfjárpestunum. Fjárskiptin, sem farið hafa fram, hafa yfirleitt gefið ágæta raun og gerbreytt viðhorfi bænda til sauðfjárræktarinnar. Gengisbreytingin og hækkandi verðlag á útfluttum sauðfjárafurðum hefur einnig bætt mjög aðstöðuna til útflutnings á þessum afurðum, þó að gengið sé fram hjá þeirri tilraun með sölu á dilkakjöti til Bandaríkjanna, sem nú stendur yfir, og þeim vonum, sem við hana eru tengdar.

Það mun láta nærri, að nú sé rúmlega 400 þús. sauðfjár á öllu landinu. Flest mun sauðfé hafa orðið nokkuð yfir 700 þús., og mætti fjölga enn meir, líklega allt að 1 milljón, án þess að landið liði tjón af, ef jafnframt væri unnið markvisst að fjölgun býla í þeim sveitum, þar sem eru rúmgóð sauðlönd og góð ræktunarskilyrði, fækkun stóðhrossa, aukinni ræktun og tækni. Koma upp fjárheldum girðingum á hentugum stöðum og beitilönd ræst fram, þar sem þess er þörf. En þá má ekki afskipta þessi byggðarlög um vegi og síma, eins og nú vill brenna við.

Hér skal engu um það spáð, hverju slíkt átak fengi orkað til bóta í gjaldeyrismálum okkar. En illa þætti mér þá úr rætast, ef útfluttar sauðfjárafurðir jafngiltu ekki að verðmæti öllum innfluttum rekstrarvörum landbúnaðarins og skiluðu auk þess nokkrum afgangi í erlendum gjaldeyri.

Því miður er högum bænda nú svo háttað vegna fjárpestanna, að þeir eiga

fyrir höndum erfiðan róður áður en því marki yrði náð, er ég hef drepið á. En nokkuð mætti líka flýta fyrir þessari þróun, ef markvisst væri að því unnið.

Að hér hefur verið vikið sérstaklega að því verkefni, er virðist bíða sauðfjárræktarinnar, stafar af því, að aðaltilgangurinn með flutningi þessa frv. er að stuðla að því, að sauðfjárræktin geti sem fyrst tekið þetta verk að sér svo um muni. Hér er um það að ræða, að nýbýlastjórn fái rýmra um hendur en nú er til að kaupa jarðir, er þörf krefur, og til að veita ýmsa aðstoð og fyrirgreiðslu við endurbyggingu jarða. Þessi aðstoð mun aðallega koma sauðfjárræktarsveitunum að notum, þar eð sauðfjárpestirnar hafa í mörgum héruðum átt langmestan beinan og óbeinan þátt í, að jarðir byggðust ekki, er ábúendaskipti urðu. Talið er, að af þeim jörðum, er farið hafa í eyði síðustu 10 árin, hafi að minnsta kosti 52 byggilegar og góðar sauðjarðir farið í eyði af þessum sökum. Með þessu frv. er leitazt við að beina fjármagni nýbýlasjóðs meira til þessara sveita en unnt hefur verið hingað til og um leið að því stefnt að tryggja búreksturinn og stuðla að því, að lönd, sem nú eru lítið nytjuð en vel fallin til búrekstrar, verði fullnytjuð. Þá hefur það komið í ljós, að margar hreppsnefndir eru afskiptalausar um, þó að jarðir séu lagðar í eyði þvert ofan í ákvæði ábúðarlaganna. Til þess að ráða bót á þessu er lagt til, að nýbýlastjórn, sem auk nýbýlastjóra hefur trúnaðarmenn í hverju héraði, hafi rétt til að hlutast til um þessi mál að hreppsnefndinni frá genginni. Þykir líklegt, að þetta verði nokkurt aðhald fyrir einstaklinga um að sniðganga ekki lögin í þessu efni, eins og átt hefur sér stað. Það er ekki heldur við það unandi, að samtímis og ríkið ver miklu fé til að reisa nýbýli leggi einstakir menn jafnvel allgóðar bújarðir í eyði óátalið og jafnvel með góðu samþykki sveitarstjórnanna, án þess að nokkuð sé að gert.

Nd. 189. Frumvarp til laga [103. mál]

um Áfengis- og tóbakseinkasölu ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Ríkisstjórnin rekur verzlun, sem nefnist Áfengis- og tóbakseinkasala ríkisins. Skal hún annast innflutning og sölu á þeirri vöru, er ríkisstjórnin hefur rétt til einkasölu á samkvæmt 2. gr., svo og tilbúning þeirrar vöru, er um getur í lögum þessum.

2. gr.

Ríkisstjórnin ein má flytja hingað frá útlöndum eftirtalda vöru:

1. Áfengi og vínanda, sem leyft er að flytja til landsins og í er meira en 2¼ % af vínanda að rúmmáli.
2. Tóbak og tóbaksvöru hvers konar.
3. Eldspítur og vindlingapappír, allar tegundir.
4. Ilmvötn, hárvötn, munnvötn, andlitsvötn, bökunardropa, kjarna (essensa) til iðnaðar og pressuger. Sömuleiðis er ríkisstjórninni heimilt að framleiða ofangreinda vöru.

3. gr.

Lög þessi taka ekki til skipa, sem koma í landhelgi og hafa framangreinda vöru innanborðs, enda sé farið með hana svo sem áfengislög og tolllög mæla fyrir um.

4. gr.

Verzlunin skal greiða lögákveðna tolla og aðflutningsgjöld af allri þeirri vöru, sem hún flytur til landsins.

5. gr.

Um sölu á áfengi, og annarri þeirri vöru, sem fara skal með sem áfengan drykk, fer samkvæmt ákvæðum áfengislaga nr. 33 frá 9. jan. 1935.

Alla aðra vöru, sem verzlunin flytur inn eða framleiðir, selur hún aðeins kaupfélögum, öðrum verzlunarfélögum eða kaupmönnum, enda hafi þeir aðilar opna sölubúð.

Brauðger, bökunardropa, kjarna, ilmvötn, hárvötn, munnvötn og andlitsvötn er þó heimilt að selja öðrum aðilum. Enn fremur tóbak til sauðfjárbaðana og lækningar ormaveiki í sauðfé.

6. gr.

Einkasölunni er skylt að útvega frá útlöndum lyf, umbúðir og hjúkrunargögn, sem talin eru í lyfsöluskránni, fyrir ríkissjóð, lækna, er rétt hafa til lyfjasölu, og sjúkrahús.

Skal forstjórinn gæta þess, að einkasalan hafi jafnan í þjónustu sinni sérfróða menn um lyfjasölu og lyfjagerð, sem heilbrigðismálaráðherra samþykkir með ráði landlæknis.

7. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð ákvæði um álagning einkasölunnar eða samþykkir verðskrár hennar á hverjum tíma.

Tóbak til sauðfjárbaðana og lækninga við ormaveiki selur einkasalan við kostnaðarverði. Tóbaksvörur skulu seldar sama verði í verzlunum, hvar sem er á landinu. Einnig skal áfengi selt með sama verði á öllum sölustöðum einkasölunnar.

8. gr.

Letra skal á umbúðir þeirrar vöru, annarrar en lyfja, sem einkasalan selur: „Áfengis- og tóbakseinkasala ríkisins“. Lyfjavörur skal árita: „Lyfjaverzlun ríkisins“.

9. gr.

Fjármálaráðherra skipar forstjóra Áfengis- og tóbakseinkasölu ríkisins. Laun hans skulu ákveðin í launalögum. Forstjórinn ræður starfsfólk einkasölunnar. Laun fastráðinna starfsmanna skulu ákveðin í launalögum.

10. gr.

Einkasalan skal vera í tveimur deildum, áfengisdeild og tóbaksdeild, og skal bókhaldi stofnunarinnar hagað þannig, að fram komi vörusala og bruttóhagnaður hvorrar deildar fyrir sig. Sala á lyfjum og þeirri vöru, sem talin er í 2. gr. 4., færist á reikninga áfengisdeildar, en sala á eldspítum og vindlingapappír á reikning tóbaksdeildar.

11. gr.

Ágóði sá, er verður af einkasölunni, greiðist í ríkissjóð og telst með tekjum hans. Fjármálaráðherra getur ákveðið, að árlega leggist nokkur hluti ágóðans í endurnýjunar- og varasjóð.

12. gr.

Endurskoðun reikninga einkasölunnar annast endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins. Heimilt er að fela starf þetta löggiltum endurskoðendum.

13. gr.

Brot gegn lögum þessum varðar sektum allt að 100000 kr., ef ekki liggur þyngri refsing við eftir öðrum lögum. Auk þess er vara sú, sem inn er flutt eða framleidd í heimildarleysi, upptæk, og skal afhenda hana einkasölunni til ráðstöfunar.

14. gr.

Setja skal í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga.

15. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin l. nr. 69 7. maí 1928 um einkasölu á áfengi, l. nr. 58 8. sept. 1931 um einkasölu ríkisins á tóbaki og l. nr. 65 10. des. 1934 um einkasölu á eldspítum og vindlingapappír, svo og allar síðari breytingar á þessum lögum.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1951.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er lagt til að sameina í eina stofnun Áfengisverzlun ríkisins og Tóbakseinkasölu ríkisins.

Ríkisstjórnin hefur leitazt við að finna leiðir til þess að draga úr kostnaði við ríkisreksturinn og gera hann hagfelldari. Hefur verið skýrt frá nokkrum ráðstöfunum, sem ríkisstjórnin hefur ýmist gert í þessu skyni eða mun gera tillögur um. Ein þeirra er sú, að sameina þessi tvö fyrirtæki, svo sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir.

Telja menn sig mega vona, að af þessu leiði sparnað í beinum rekstrarkostnaði stofnananna.

Frumvarpinu er ætlað að koma í staðinn fyrir þau lög, sem nú eru í gildi um þessar tvær stofnanir. Eru því aðalatriði gildandi lagaákvæða um Áfengisverzlun og Tóbakseinkasölu tekin upp í frumvarpið, en þó voru ákvæðin endurskoðuð í samráði við forstjóra þessara stofnana og fengna reynslu. Breytingar, sem gerðar eru á einstökum atriðum, eru ekki svo veigamiklar, að ástæða sé til að rekja þær í einstökum atriðum í athugasemdum. Höfuðatriði frv. er að sjálfsögðu sameining þessara tveggja fyrirtækja.

Ráðgert er, að lögin taki gildi 1. júlí næsta ár. Þykir ekki fært að gera ráð fyrir gildistöku þeirra fyrr, þar sem talsverðan undirbúning þarf, bæði vegna ráðstöfunar húsnæðis, mannaráðninga o. fl.

Ed. 190. Frumvarp til laga [104. mál]

um nýtt orkuver og nýja orkuveitu rafmagnsveitna ríkisins.

Flm.: Gísli Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fela rafmagnsveitum ríkisins að virkja jarðhita á Reykhólum í Austur-Barðastrandarsýslu til raforkuvinnslu í 100 kw. orkuveri og leggja þaðan aðalorkuveitu um byggðina.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs eða ábyrgjast lán, sem rafmagnsveitur ríkisins taka, að upphæð allt að 1100 þúsund krónum, til greiðslu á stofnkostnaði þeirra mannvirkja, sem getur um í 1. gr. Af þeirri upphæð má taka sem lán úr raforkusjóði samkvæmt 1. lið 35. gr. raforkulaganna allt að 365 þúsund krónum, þó eigi meira en sem nemur ⅓ hluta af stofnkostnaði mannvirkjanna.

3. gr.

Framkvæmdir samkv. 1. gr. mega ekki hefjast, nema fyrir liggi nákvæmar kostnaðaráætlanir um virkjunina og tryggt hafi verið nægilegt fé til framkvæmdanna.

4. gr.

Um stofnun og rekstur þess orkuvers og þeirrar orkuveitu, sem um ræðir í 1. gr., fer að öðru leyti eftir ákvæðum raforkulaga, nr. 12 2. apríl 1946.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Þar til komið hefur verið upp orkuveri því, sem um ræðir í 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt að fela rafmagnseftirlitinu að koma upp dieselrafstöð á Reykhólum, allt að 60 kw. orku, enda sé fé lagt fram til þess á fjárlögum.

Greinargerð.

Árið 1943 skipaði ríkisstjórnin fimm manna nefnd til þess að gera tillögur um framtíðarnot Reykhóla, er ríkissjóður hafði keypt „fyrir samvinnubyggð eða til annarra almenningsnota“ samkvæmt lögum nr. 17 13. jan. 1938.

Skilaði nefndin á því sama ári mjög ýtarlegu áliti til ríkisstjórnarinnar og gerði jafnframt ákveðnar tillögur um framtíðarnot jarðarinnar. Hafa síðan af Alþingi og ríkisstjórn verið gerðar margvíslegar umbætur á jörðinni í samræmi við tillögur nefndarinnar, svo sem skipulagning og mæling á landi jarðarinnar og skipting á því í byggingar- og ræktunarsvæði, bygging tilraunastöðvar í jarðrækt fyrir Vesturland, ásamt ræktunarframkvæmdum í sambandi við tilraunastöðina, bygging prestsbústaðar og sundlaugar og að síðustu ræktunarframkvæmdir í stórum stíl til undirbúnings samvinnubyggðar eða til annarra almenningsnota, eins og lögin mæla fyrir um. Auk þess hefur verið byggt á jörðinni síðan eitt íbúðarhús, en fyrir var á jörðinni annað íbúðarhús, auk læknisbústaðar með tilheyrandi sjúkraskýli. Þá hefur og verið byggður þar hluti af fyrirhugaðri verzlunarbyggingu kaupfélagsins Fyrirhugað er að byggja þar heimavistarbarnaskóla fyrir Austur-Barðastrandarsýslu, gagnfræðaskóla og kennarabústaði í sambandi við þessar stofnanir, og e. t. v. fleiri menntastofnanir, er tími líður fram. Þá er einnig fyrirhugað að byggja einkaíbúðir, eftir því sem þörf gerist vegna væntanlegs atvinnurekstrar, skepnuhús, hlöður og skemmur, og að síðustu gróðurhús, iðjuver og verksmiðjur í sambandi við notkun jarðhitans, sem þar er fyrir í mjög stórum stíl. Hefur verið gert ráð fyrir þessu í skipulagningu landsins, enda þegar allveruleg eftirspurn eftir landspildum til þessara framkvæmda.

Sem stendur hefur jörðin enga raforku, og stendur það öllum framkvæmdum mjög fyrir þrifum, enda ógerningur að nokkur veruleg þróun geti átt sér stað þar, nema komið verði upp jafnframt nægilegu raforkuveri fyrir staðinn. Hefur mál þetta þegar verið athugað af rafmagnseftirlitinu, og vísast til fylgiskjala, sem birt eru hér með, um þessi atriði. Eins og fylgiskjölin bera með sér, er vatnsorka mjög takmörkuð og stækkunarmöguleikar síðar meir mjög litlir eða engir, Hins vegar má ætla, að auðvelt sé að auka hitaorkuna með borun, og því er lagt til, að sú leið verði valin, enda nokkurs virði að fá úr því skorið, hversu slík orka reynist hér á landi. Hins vegar þykir rétt, að fyrst í stað verði rafmagnið framleitt með dieselvél, sem síðar gæti verið hjálparstöð á þeim tímum dags, sem aðalorkuverið kynni að verða of áhlaðið. Er þess vænzt, að Alþingi fallist á, að þessar framkvæmdir megi ekki dragast, og samþykki frv.

Læt ég hér með fylgja sem fylgiskjöl I. og II. útdrátt úr fundargerðabók skipulagsnefndar Reykhóla og áætlun rafmagnseftirlits ríkisins.

Fylgiskjal I.

Útdráttur úr fundargerð skipulagsnefndar Reykhóla 4. nóv. 1950:

— — —

2. Formaður lagði fram ýtarlegt álit, greinargerð og útreikning frá raforkumálastjóra ríkisins varðandi rafveitu á Reykhólum. Var þar gerð áætlun um virkjun og rekstur á jarðhitastöð, vatnsvirkjun og dieselstöð. Nefndin var sammála um að fela formanni sínum að flytja á yfirstandandi Alþingi frumvarp til laga um raforkustöð og rafveitu á Reykhólum í samræmi við tillögur raforkumálastjóra. Voru fundarmenn á einu máli um það, að nægilegt rafmagn á staðnum væri meginskilyrði fyrir þróun nauðsynlegra framkvæmda á Reykhólum.
Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Gísli Jónsson. Helgi Elíasson. Pálmi Einarsson.

Fylgiskjal II.

RAFORKUMÁLASKRIFSTOFAN

Rafveita fyrir Reykhóla á Barðaströnd.

Eftirfarandi greinargerð er byggð á tillöguuppdrætti um skipulag Reykhóla, dags. í september 1948, á greinargerð Sigurjóns Rist vatnamælingamanns raforkumálaskrifstofunnar, dags. 7. marz s. l., um athuganir, er hann gerði á staðnum í ágúst 1948, og á greinargerð raforkumálaskrifstofunnar um virkjun Grundarár og Heyár í Reykhólasveit, dags. 10. maí s. l., auk þeirra upplýsinga, sem skipulagsnefnd hefur látið í té.

I. Aflþörf.

Gert er ráð fyrir, að öll hús á skipulagssvæði þorpsins verði byggð og fái raforku til ljósa og matareldunar frá rafveitunni, en að raforka verði ekki notuð til upphitunar. Auk þess er gert ráð fyrir, að raforka verði leidd að tilraunastöðinni, sem er um 650 m fyrir norðan kirkjuna. Þegar lokið er öllum framkvæmdum í þorpinu, má gera ráð fyrir, að aflþörfin verði eins og hér segir:

Unglingaskóli	20	kw.
Barnaskóli	15	—
Iðnaðarhús	20	—
Læknisbústaður	5	—
Prestsbústaður	4	—
Gróðurhús	15	—
Sundlaug	3	—
Íþróttahús	4	—
Heimavistarskóli	15	—
Kennarabústaðir	6	—
Íbúðarhús	46	—
Götulýsing	10	—
Tilraunastöð	20	—
Annað	10	—
Samtals	193	kw.

Sé reiknað með samtímastuðli 0,5—0,53, verður uppsett afl á rafstöðu eða spennistöð að vera um 100 kw. Sé reiknað með, að hlutdeild hvers íbúa í mesta álagi verði um 400 wött, ætti stöðin að geta framleitt næga raforku fyrir um 250 íbúa.

II. Raforkuvinnsla.

Við raforkuvinnsluna koma hér einkum 3 tilhaganir til greina. Fyrst má nefna jarðhitavirkjun. Samkvæmt tilboði frá verksmiðjunni Atlas í Danmörku, dags. 11. sept. 1947, mun það magn af heitu vatni, sem hægt er að fá á Reykhólum, vera nægilegt fyrir 100 kw. aflstöð, og yrði hún staðsett nálægt þeim stað, sem gert er ráð fyrir stöðvarhúsi á uppdrætti um innanbæjarkerfi.

Raforkuvinnsla með vatnsvirkjun kemur einnig til greina. Nálægt Reykhólum eru tvær ár, Grundará og Heyá. Samkvæmt greinargerð raforkumálaskrifstofunnar, dags. 10. maí 1950, um virkjunaraðstæður í þessum ám, kemur virkjun Heyár tæplega til greina, en sé hún virkjuð, verður stöðvarhúsið um 1700 m frá þorpinu, og verður því að byggja háspennulínu þaðan að spennustöð í þorpinu. Verði Grundará virkjuð, verður stöðvarhúsið um 1200 m frá þorpinu og háspennulínan því um 1200 m. Staðsetning spennustöðvarinnar verður þá á sama stað og rafstöð á uppdrætti um innanbæjarkerfi. Með virkjun Heyár má væntanlega fá um 180 hö eða um 130 kw. án vatnsmiðlunar, en með virkjun Grundarár fæst ekki meir en um 100 hö eða ca. 70 kw., og er þá gert ráð fyrir vatnsmiðlun í Grundarvatni.

Þriðja tilhögunin um raforkuvinnslu er, að byggð verði diselrafstöð. Stærð stöðvarinnar verður þá um 100 kw. Sé gert ráð fyrir, að notaðar verði 2 vélasamstæður, ein ca. 30 kw. og önnur ca. 70 kw., fæst meira rekstraröryggi og betri nýting aflvélanna.

III. Innanbæjarkerfið.

Rafstöðvarhúsið eða spennistöðin er hugsuð staðsett nálægt skólunum og iðnaðarhúsunum, þar eð raforkunotkunin verður mest á þeim stöðum. Sé miðað við diesel-rafstöð, verður húsið úr steinsteypu og stærð þess um 11×6,5 m (Sjá teikn. F. nr. 1235). Í vélasal hússins verður rúm fyrir 2 vélasamstæður og nauðsynlegan rafbúnað. Auk þess verður þar rúm fyrir skrifstofu og geymslu, og má einnig hafa þar litla verzlun, t. d. raftækjaverzlun.

Línukerfið er hér hugsað sem loftlínukerfi, og er það sýnt á meðfylgjandi uppdrætti F. nr. 1352.

Spennufallið frá fyrirhugaðri stöð að sundlaug og íþróttahúsi verður 12,3% miðað við fullt álag, samtímastuðull 1 og cosφ 0,9. Með samtímastuðli 0,73 verður spennufallið 9%. Með sömu forsendum verður spennufallið frá stöðinni að austasta íbúðarhúsinu 8% miðað við samtímastuðul 0,73.

Fjarlægðin frá rafstöðinni að tilraunastöðinni verður um 800 m. Miðað við 20 kw. álag, 230 volta spennu við stöðvarvegg og vírgildleika 3×95 mm² verður spennufallið um 6,5% reiknað með cosφ 0,95, en um 7,2% ef reiknað er með cosφ 0,85. Þar sem búast má við allmikilli vélanotkun í tilraunastöðinni, verður þetta spennufall að teljast nokkuð hátt. Í stað lágspennulínu er því betra að nota háspennulínu, en þá verður spennufallið hverfandi lítið.

Verði raforkan fengin frá vatnsaflsstöð, t. d. frá virkjun Grundarár, verður að leiða orkuna háspennta til þorpsins. Hentugast verður þá að hafa spennustöð á línunni og taka þaðan orkuna fyrir tilraunastöðina.

Eftirfarandi kostnaðaráætlanir eru byggðar á þeim lauslegu athugunum, sem gerðar hafa verið á staðháttum og öðrum aðstæðum.

IV. Stofnkostnaðaráætlanir:

1. **Jarðhitarafstöð.**

100 kw. túrbína og rafall með öllu tilheyrandi, f.o.b. verð samkvæmt tilboði Atlas 11. sept. 1947 ..... d. kr. 94000.00
+ 30% verðhækkun ..... – — 28000.00

Samtals ca. d. kr. 122000.00 á kr. 2/363	kr.	290000.00
Kostnaður og tollar ca. 30%	—	90000.00
Flutningur til Reykhóla, uppsetning, ýmislegt og ófyrirséð	—	70000.00
Boranir, aðgerðir, dælur, pípur o. fl.	—	200000.00
Rafstöðvarhús og tafla	—	200000.00
Samtals	kr.	850000.00

2. Vatnsaflsstöð.

Virkjun Grundarár 70 kw. Stofnkostnaður, samkvæmt lauslegri kostnaðaráætlun raforkumálaskrifstofunnar, dags. 10/5 '50	kr.	850000.00

3. Dieselrafstöð.

Diesel-rafal samstæða 30 kw 3×230 V.	ca. kr.	50000.00
Diesel-rafal samstæða 70 kw. 3×230 V.	— —	90000.00
Tafla með mælum, spennustillum o. fl.	— —	50000.00
Flutningur, tollar ca. 30%	— —	60000.00
Uppsetning, ýmislegt og ófyrirséð	— —	50000.00
Rafstöðvarhús	— —	150000.00
Samtals	kr.	450000.00

4. Innanbæjarkerfið.

Lausleg efnisupptalning og kostnaðaráætlun.

Stólpar 52 stk. á kr. 510.00	kr.	26520.00
Topphettur 52 stk. á kr. 8.50	—	432.00
Eirvír 50 mm² 220 kg		
Eirvír 35 mm² 820 —		
Eirvír 25 mm² 295 —		
Eirvír 10 mm² 205 —		
——— 1540 kg á kr. 13.00	—	20020.00
Útieinangraður vír, 16 mm² 550 m á kr. 2.70	kr.	1210.00
Endaeinangrarar f. 25—35 mm² 45 stk. á kr. 26.00	—	1170.00
Einangrarar m. ¾″ krókum 75 stk. á kr. 24.00	—	1800.00
Einangrarar m. ⅝″ krókum 115 stk. á kr. 17.00	—	1955.00
Útivíraklemmur f. 35—50 mm² 50 stk. á kr. 4.25	—	210.00
Útivíraklemmur f. 10—25 mm² 40 stk. á kr. 2.50	—	100.00
Stofnvarhús m. inntökum 35 stk. á kr. 205.00	—	7150.00
Kwst.-mælar 15 A, 1-fasa 40 stk. á kr. 205.00	—	8200.00
Götuljósker 50 stk. á kr. 255.00	—	12750.00
Stög með strekkjurum 18 stk. á kr. 110.00	—	1980.00
Stöðvarúttak ásamt tilheyrandi útbúnaði	—	2500.00
Ýmislegt smáefni	—	6500.00
Flutningur á efni frá Reykjavík til Reykhóla	—	7000.00
Vinna við lagningu kerfisins	—	45000.00
Vextir, undirbúningur, ófyrirséð o. fl. ca. 20%	—	35503.00
Samtals	kr.	180000.00

5. **Lína frá rafstöð eða spennistöð að tilraunastöð.**

a. Lágspennulína 3×95 mm².

Eirvír 95 mm² 2150 kg á kr. 13.00	kr.	27950.00
Stólpar 20 stk. á kr. 510.00	—	10200.00
Stólpahettur 20 stk. á kr. 8.50	—	170.00
Einangrarar m. ¾″ krókum, 55 stk. á kr. 24.00	—	1320.00
Endaeinangrarar 6 stk. á kr. 25.00	—	150.00
Stög m. strekkjurum 6 stk. á kr. 110.00	—	660.00
Ýmislegt smáefni	—	500.00
Vinna við uppsetningu og flutningskostnaður	—	14000.00
Ófyrirséð o. fl.	—	10050.00
Samtals	kr.	65000.00

b. Háspennulína 6 kw.

800 m háspennulína	kr.	35000.00
Stólpaspennar 25 kVA 3-fasa	—	25000.00
Samtals	kr.	60000.00

Háspennulögnin verður samkvæmt þessu heldur ódýrari en lágspennulögn, enn fremur er háspennulögnin hentugri vegna hverfandi lítils spennufalls.

Hér á eftir er áætlaður heildarkostnaður við hinar 3 mismunandi tilhaganir:

Tilhögun I.

Jarðhitarafstöð 100 kw.

A. Rafstöð	kr.	850000.00
B. Loftlínukerfi	—	180000.00
C. Lína að tilraunastöð	—	60000.00
Samtals	kr.	1090000.00

Tilhögun II.

Vatnsvirkjun 70 kw.

A. Virkjun		kr.	850000.00
B. Loftlínukerfi		—	180000.00
C. Háspennulína og spennistöðvar.			
1200 m háspennulína	kr. 55000.00		
25 kVA sp.st. v. tilraunst.	— 15000.00		
75 kVA sp.st. í Reykhólum	— 40000.00		
		—	110000.00
Samtals		kr.	1140000.00

Tilhögun III.

Dieselrafstöð 100 kw.

A. Rafstöð	kr.	450000.00
B. Loftlínukerfi	—	180000.00
C. Lína að tilraunastöð	—	60000.00
Samtals	kr.	690000.00

V. Rekstraráætlanir.

Samkvæmt áætluðum heildarkostnaði verður tilhögun III — dieselrafstöð — ódýrust í byggingu, en til samanburðar er hér á eftir áætlaður rekstrarkostnaður og vinnslukostnaður raforkunnar eftir hinum mismunandi tilhögunum og nýtingartíma.

Tilhögun 1.

100 kw. jarðhitarafstöð.
Árlegur rekstrarkostnaður (lánskjör 5% p.a. á 15 og 25 árum).

Rafstöð:		
Vextir og afborganir 9.6% af kr. 850000.00	kr.	82000.00
Gæzla (1 maður)	—	30000.00
Viðhald ca.	—	13000.00
Ýmislegt og ófyrirséð ca. 10%	—	15000.00
	Kr.	140000.00
Kerfi:		
Vextir og afborganir 7.1% af 240000.00	—	17000.00
Viðhald ca.	—	5000.00
Ýmislegt og ófyrirséð ca. 10%	—	3000.00
Samtals	kr.	165000.00

Tilhögun 2.

Vatnsvirkjun 70 kw.
Árlegur rekstrarkostnaður (lánskjör 5% p.a. á 25 árum).

Rafstöð:		
Vextir og afborganir 7.1% af kr. 850000.00	kr.	60000.00
Gæzla (1 maður)	—	30000.00
Viðhald ca.	—	5000.00
Ýmislegt og ófyrirséð ca. 10%	—	10000.00
	Kr.	105000.00
Kerfi:		
Vextir og afborganir 7.1% af kr. 290000.00	—	21000.00
Viðhald ca.	—	5000.00
Ýmislegt og ófyrirséð ca. 10%	—	4000.00
Samtals	kr.	135000.00

Tilhögun 3.

100 kw. dieselrafstöð.
Árlegur rekstrarkostnaður (lánskjör 5% p.a. á 15 og 25 árum).

Rafstöð:		
Vextir og afborganir 9.6% af kr. 450000.00	kr.	43000.00
Gæzla (1 maður)	—	30000.00
Viðhald ca.	—	12000.00
Ýmislegt og ófyrirséð ca. 10%	—	10000.00
	Kr.	95000.00
Kerfi:		
Vextir og afborganir 7.1% af kr. 240000.00	—	17000.00
Viðhald ca.	—	5000.00
Ýmislegt og ófyrirséð ca. 10%	—	3000.00
Samtals	kr.	120000.00

Þessi árlegi rekstrarkostnaður verður að greiðast af tekjum seldrar raforku.

Við tilhögun 3 kemur auk þess olíukostnaður. Brennsluolíunotkunina má áætla um 400 gr. á hverja unna kwst. að meðaltali. Miðað við, að olían kosti kr. 850.00 hvert tonn komin á staðinn, verður brennsluolíukostnaðurinn kr. 0.35 á kwst. Smurningsolíukostnaðinn má áætla um 10% af brennsluolíukostnaði, og verður því allur olíukostnaður um kr. 0.39 á unna kwst. í orkuveri.

Hér á eftir er tafla, sem sýnir lauslega áætlaðan vinnslukostnað og söluverð raforkunnar, miðað við mismunandi orkuvinnslu í rafstöð. Við útreikning á söluverði raforkunnar er reiknað með afborgunar- og viðhaldskostnaði línukerfisins, og auk þess um 20% tapi í kerfi vegna mælaskekkju.

Orkuvinnsla kwst	Vinnslukostn. au/kwst			Söluverð au/kwst			Nýtingartimi klst. á ári		
Tilhögun:	I	II	III	I	II	III	I	II	III
100000	140	106	132	206	168	197	1000	1430	1000
200000	70	525	87	103	84	122	2000	2850	2000
300000	47	35	71	68	56	97	3000	4300	3000
400000	35	(26)	(63)	52	(42)	(85)	4000	(5600)	(4000)
500000	28	(21)	(58)	41	(34)	(77)	5000	(7200)	(5000)

Miðað við vinnslukostnað á hverja kwst. verður vatnsaflsstöðin að teljast hentugust. Við jarðhitarafstöð og vatnsaflsstöð má gera ráð fyrir, að hægt verði að komast í allt að 4000 klst. nýtingu á ári, en við dieselrafstöð má hæst reikna með um 2500 klst. nýtingu.

VI. Bráðabirgðalausn.

Á Reykhólum eru 5—6 hús, og verið er að byggja 2—3 til viðbótar. Auk þess er tilraunastöð 600—700 metra frá kirkjunni. Þær framkvæmdir, sem gerðar verða nú, verða að miðast við þessar byggingar. Hentugasta lausnin á þessu stigi málsins er því talin, að fengin verði lítil dieselrafsöð 20—30 kw., sem sett verði upp til bráðabirgða. Byggja má bráðabirgðaskýli fyrir þá samstæðu þar, sem gert er ráð fyrir að stöðvarhúsið verði reist í framtíðinni, og síðan lögð lína að þeim húsum, sem þegar hafa verið byggð eða eru í byggingu. Loftlínan verði byggð samkvæmt uppdrættinum um innanbæjarkerfi, þannig að þessi hluti kerfisins geti gengið inn í kerfið sem heild, án mikilla breytinga. Verði byggð lína að tilraunastöðinni nú þegar, mun vera rétt að byggja hana sem háspennulínu 6 eða 10 kw., þótt línan verði fyrst um sinn notuð sem lágspennulína. Með því verður hægt að flytja næga orku að tilraunastöðinni, þegar rafstöðin verður byggð endanlega. Ef um vatnsvirkjun verður að ræða, má nota línuna sem hluta af þeirri háspennulínu, sem leggja verður frá rafstöð að spennistöð í þorpinu.

Eftirfarandi efnisupptalning og kostnaðaráætlun er gerð samkvæmt meðfylgjandi uppdrætti F. nr. 1353 af þeim hluta innanbæjarkerfisins, sem byggja þarf strax.

Hluti af innanbæjarkerfi.

Lausleg efnisupptalning og kostnaðaráætlun.

Stólpar 20 stk. á kr. 510.00	kr.	10200.00
Topphettur 20 stk. á kr. 8.50	—	170.00
Eirvír 50 mm² 225 kg.		
Eirvír 35 mm² 280 —		
Eirvír 25 mm² 135 —		
Eirvír 10 mm² 60 —		
——— 700 kg á kr. 13.00	—	9100.00
Endaeinangrarar 25 stk. á kr. 26.00	—	650.00
Einangrarar m. ⅝″ krókum 20 sk. á kr. 17.00	—	340.00

Einangrarar m. ¾″ krókum 40 stk. á kr. 24.00	—	960.00
Stofnvarhús m. inntökum 10 stk. á kr. 205.00	—	2050.00
Kwst-mælar 15 amp. 1-fasa 10 stk. á kr. 205.00	—	2050.00
Götuljósker 20 stk. á kr. 255.00	—	2550.00
Stög m. strekkjurum 10 stk. á kr. 110.00	—	1100.00
Ýmislegt smáefni	—	3000.00
Flutningur á efni frá Reykjavík til Reykhóla	—	3500.00
Vinna við lagningu	—	20000.00
Vextir, undirbúningur, ófyrirséð o. fl. ca. 20%	—	14000.00
Samtals	kr.	70000.00

Samkvæmt þessu verður kostnaðurinn um kr. 70000.00. Sé reiknað með því, að línan að tilraunastöðinni verði byggð sem háspennulína, má áætla stofnkostnað hennar um kr. 35000.00.

Stofnkostnað 30 kw. dieselrafstöðvar í bráðabirgðahúsi, hluta af línukerfinu og línu að tilraunastöðinni má áætla lauslega eins og hér segir:

Diesel-samstæða 30 kw. með töflu, uppsett ..	ca. kr.	60000.00
Rafstöðvarskýli	— —	10000.00
Hluti af innanbæjarkerfi	— —	70000.00
Lína að tilraunastöð	— —	35000.00
Samtals	kr.	175000.00

Æskilegt er, að það, sem gert verður í raforkumálunum nú þegar, sé gert í samræmi við þær tilhaganir, sem hér eru nefndar, til þess að byggja megi áfram á þeim framkvæmdum síðar.

Reykjavík, 17. maí 1950.

Páll Sigurðsson.

Fylgiskjal III.

RAFORKUMÁLASKRIFSTOFAN

Grundará og Heyá í Reykhólasveit.

Undirritaður (Sigurjón Rist) athugaði Grundará og Heyá 10. ágúst 1948 ásamt Sigurði Elíassyni Reykhólum og Kristni bónda að Grund. Engar hæðarmælingar voru gerðar.

Árnar eru dragár. Verða litlar síðari hluta vetrar og síðari hluta sumars, en vaxa snögglega í leysingum og stórrigningum. Vötnin, Grundarvatn og Ísavatn, draga að vísu nokkuð úr stærstu sveiflunum. Vatnsmagn Grundarár 10. ágúst 1948 var 16 l/s um fjallsbrún. Úrkoma í Stykkishólmi og Kvígindisdal var tvo næstu mánuði á undan 96%, sé miðað við meðaltal mánaðanna júní og júlí á tímabilinu 1901—1930. Nú í vetur hefur Sigurður Elíasson mælt vatnsmagnið vikulega, þann 20. nóv. s. l. var það 25 l/s. Viku síðar gerði frost og hríðaveður, þá fór rennslið niður í 10 l/s í nokkra daga, en hefur haldizt síðan um 25 l/s.

Ekki er ráð að virkja þessar ár, nema nota vötnin til miðlunar, en í því sambandi er nauðsynlegt að þekkja heildarárrennslið og það helzt fyrir nokkur ár. Þar sem samfelldar mælingar eru ekki enn fyrir hendi, verð ég hér að reikna með meðalúrkomu næstu veðurstöðva, en þá fæst t. d. ársúrkoma Grundarvatnssvæðisins 784+420×1.5=1414 mm, og sé reiknað með afrennslisstuðlinum 0.75, fæst hæð afrennslisvatnsins 1060 mm.

Nafn	Úrkomusv. km²	Vatnshæð mm	Vatn millj. m³	ltr/sek.
Grundará, fjallsbrún	2,6	1055	2,74	87
— n. v. G.vatn	1,9	1060	2,01	64
Grundarvatn	0,25			
Heyá, gljúfrið	12,5	1000	12,5	400
— n. v. Ísavatn	2,9	1040	3,2	96
Ísavatn	0,88			

Ef t. d. miðlun í Grundarvatni á að vera nægileg á milli árstíða, þarf að vera hægt að geyma þar a. m. k. 50% af ársrennslinu til vatnsins sjálfs, en það svarar til geymis upp á 1 millj. m³, en til þess að ná slíkum geymi þarf vatnsyfirborðið að sveiflast til um 4 m. Þessi geymir yrði þó ekki nægilegur til að geyma vatn frá úrkomusömum árum til hinna þurru. Eins og áður segir, gerði ég engar hæðarmælingar. En svo virtist sem sæmilega auðvelt væri að lækka vatnið um 1 m og hækka það um annan. Þar eð hátt er í kringum allt vatnið, er möguleiki á að hækka það nokkuð meir, en það þarf að hallamæla.

Vatnið yrði að fara frjálst frá miðlunarstíflu Grundarvatns og niður undir fjallsbrún, en þar kæmi inntaksstíflan. Það vatn, sem fellur til á svæðinu frá Grundarvatni og niður á brún, er lítils virði til virkjunar, því að úrkomunni skolar þarna burt í stríðum flaum, sem gengur strax niður, er leysingu eða rigningu slotar. Upp að Grundarvatni er um 3 km leið og erfið að vetrinum til. Því mun ekki verða hægt að loka fyrir rennslið úr vatninu, þótt rigning eða hlákubloti komi á miðjum tæmingartímanum, vatnið af neðri hluta úrkomusvæðisins mun því fara forgörðum. Frá inntaksstíflu lægi þrýstivatnspípan vestan árinnar niður snarbratta skriðumela með smáum klettaskriðum. Stöðvarhúsinu yrði valinn staður þar, sem aðalbrekkan endar ofan við bæinn Grund. Samkvæmt korti herforingjaráðsins, blað 23, er fallið þarna 230—250 m. Að sjálfsögðu verður ekki sagt um lengd þrýstivatnspípunnar fyrr en leiðin hefur verið mæld, en hún mun vera af stærðargráðunni 800 m.

Heimtaug að Reykhólum ..... 1200 m
— — Tilraunastöðinni ..... 650 —

Yfirboð Ísavatns þarf að sveiflast um 1,8 m, til þess að þar sé hægt að geyma 50% af ársrennsli vatnsins sjálfs. Um fallhæð hjá Heyárfossi verður ekkert sagt, fyrr en hún hefur verið mæld. Þar er Heyá í djúpu gljúfri og aðstaða til virkjunar slæm.

Reykjavík, 7. marz 1950.

Sigurjón Rist (sign.).

Fylgiskjal IV.

RAFORKUMÁLASKRIFSTOFAN

Um virkjun Grundarár og Heyár í Reykhólasveit.

Eftirfarandi ályktanir eru byggðar á skýrslu Sigurjóns Rist vatnamælingamanns, dags. 7. marz s. l., og korti herforingjaráðsins, 23. blaði S. A. Þar eð hvorki hefur verið mælt fyrir virkjun við Grundará né Heyá og vatnsmælingar eru af mjög skornum skammti, er aðeins reynt að leiða í ljós, um hvað mikið afl geti verið að ræða, og gizka á virkjunarkostnað þess.

Grundará og Heyá eru dragár, sem falla af Reykjanesfjalli. Úrkomusvæði þeirra eru í 200—400 m hæð yfir sjó. Báðar hafa árnar möguleika á miðlun, Grundará í Grundarvatni, en Heyá í Ísavatni. Frá stöðvarhússtæði Grundarár upp að vatni eru um 2 km, en tilsvarandi fjarlægð við Heyá rúmir 5 km. Virkjanir þessar eru ekki stærri en það, að gert er ráð fyrir, að fjarstýrður útbúnaður á miðlunarlokum

verði of dýr og því verði að stjórna lokunum með því að senda mann upp eftir. Nú er að vetrarlagi oft erfitt að komast þangað, og má því gera ráð fyrir, að oft tapist vatn að óþörfu og að stundum verði vatnsskortur.

Heyá.

Úrkomusvæði Heyár er um 12,5 km². Ísavatn er 0,88 km² að stærð. Virkjanlegt rennsli án miðlunar má ætla 125 l/sek. Samkvæmt kortinu er þarna 160 m fall, og áætlast nettófallhæð því 145 m. Afl samkvæmt þessu án miðlunar 180 hö.

Með því að byggja um 2 m háa stíflu við Ísavatn ætti að vera hægt að geyma helming af ársrennslinu til vatnsins og þannig að auka virkjanlegt rennsli upp í 250 l/sek., og yrði þá aflið 360 hö.

Samkvæmt frásögn Sigurjóns Rist er áin mjög niðurgrafin og pípustæðið erfitt, auk þess alveg óvíst — jafnvel ólíklegt, að hægt sé að byggja miðlunarstíflu upp við Ísavatn nema með mjög miklum tilkostnaði.

Að svo óathuguðu máli er ómögulegt að gera kostnaðaráætlun, en gizka má á, að virkjun 180 ha án miðlunar kosti um 1,2 milljón kr., en að með miðlun og að 360 hö kosti um 2 millj. kr.

Grundará.

Úrkomusvæði Grundarár er um 2,6 km². Grundarvatn er 0,25 km². Virkjanlegt rennsli án miðlunar má ætla 25 l/sek. Brúttófallhæð samkvæmt kortinu 230 m. Nettófallhæð er áætluð 190 m. Afl án miðlunar um 50 hö, en það verður of lítið handa sveitinni. Samkvæmt skýrslu Sigurjóns Rist mun hægt að fá 2 m miðlunarhæð í vatninu án mikils kostnaðar, og ætti þá að mega virkja 50 l/sek., eða um 100 hö.

Bæði stíflustæðin fyrir miðlunarstíflu og inntaksstíflu eru mjög hentug og stíflur því ódýrar. Pípustæðið eru mjög brattir skriðumelar og lengd pípu um 800 m.

Lausleg kostnaðaráætlun.

Miðlunarstífla	kr.	100000.00
Inntaksstífla	—	70000.00
Þrýstivatnspípa	—	250000.00
Stöðvarhús	—	120000.00
Vélar og rafbúnaður	—	120000.00
Stjórn, undirbúningur, bankakostnaður, vextir, ýmislegt og ófyrirséð	—	190000.00
Samtals	kr.	850000.00

Ómögulegt er að svo komnu máli að gera samanburð á því, hvar bezt sé að virkja, en auðveldast er efalaust að virkja Grundará, hins vegar er rennsli tryggara og jafnara í Heyá.

Reykjavík, 10. maí 1950.

Rögnv. Þorláksson.

Ed. 191. Frumvarp til laga [105. mál]

um breyting á lögum nr. 83/1940, um friðun arnar og vals.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Í stað „1950“ í 1. gr. laganna komi: 1960.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 83/1940 eru ernir og valir alfriðaðir til ársloka 1950. Fuglum þessum virðist fremur fækka en fjölga og mjög fátt orðið um þá, — jafnvel vafasamt, að takast muni að hindra gereyðingu arnarins. Talið er, að á öllu landinu muni nú naumast nema 10 arnarhjón. Er því lagt til, að friðunartíminn verði framlengdur um næstu 10 ár.

Nd. 192. Lög [7. mál]

um skyldu bæjar- og sveitarsjóða til að greiða uppbót á laun skólastjóra og kennara við barnaskóla.

(Afgreidd frá Nd. 20. nóv.)

Samhljóða þskj. 7.

Ed. 193. Frumvarp til laga [106. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19 frá 1940.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

2. mgr. 256. gr. laganna orðist svo:

Ef tjón af brotinu nemur ekki yfir 500 krónur, og engin sérstök atvik auka saknæmi þess og sökunautur hefur ekki áður reynzt sekur um auðgunarbrot, skal því aðeins opinbert mál höfðað, að sá krefjist þess, sem misgert var við.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Síðan almenn hegningarlög voru sett 1939—40 hefur verðgildi peninga breytzt eins og kunnugt er. Þykir því rétt að hækka úr 50 krónum í 500 krónur hámark þess tjóns, er hin sérstaka ákæruregla í 2. mgr. 256. gr. miðast við.

Ed. 194. Frumvarp til laga [107. mál]

um breyting á bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

2. málsliður 1. málsgreinar 38. greinar laganna breytist þannig, að í stað orðanna „skal sæta varðhaldi eða fangelsi nema um alveg sérstakar málsbætur sé að ræða“ komi: skal, ef um ítrekað brot er að ræða, sæta varðhaldi eða fangelsi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Svo er mælt fyrir í 2. málslið 1. málsgr. 38. greinar bifreiðalaganna, að hver sem ekur bifreið eða reynir það, er hann er undir áhrifum áfengis, fær öðrum manni, sem er undir áhrifum áfengis, stjórn bifreiðar, ekur bifreið, eftir að hann hefur verið sviptur ökuleyfi eða réttindum til að öðlast það, misnotar merki það, sem rætt er um í 1. gr. 5. mgr., eða notar skrásetningarmerki á aðra bifreið en til er ætlazt, skuli sæta varðhaldi eða fangelsi, nema um alveg sérstakar málsbætur sé að ræða.

Breyting sú, er hér er lagt til, að gerð verði á málsliðnum, er þess efnis, að í stað þess að þar er nú gert ráð fyrir því, að beitt sé varðhalds- eða fangelsisrefsingu, þótt um fyrsta brot sé að ræða, verður það lagt á vald dómara að meta, hvort ástæða þyki til að beita varðhalds- eða fangelsisrefsingu við fyrsta brot þeirrar tegundar, er um ræðir í málsliðnum.

Eðlilegt þykir að gera þessa breytingu, m. a. vegna þess að sakir þrengsla í fangelsum landsins hefur ekki reynzt mögulegt að fullnægja öllum þeim varðhalds- og fangelsisdómum, sem upp hafa verið kveðnir fyrir þessi brot. Hefur því sá háttur verið hafður á, að breyta þeirri refsingu með náðun í sektir, er miðaðar hafa verið við efnahag sökunauts. Þar sem ekki er sjáanlegt, að á þessu verði breyting bráðlega, þykir réttara, að sjálfum lögunum sé breytt til samræmis við þessa staðreynd.

Sþ. 195. Fyrirspurnir [108. mál]

I. Til forsætisráðherra um lýðveldisfánann.

Frá Gísla Jónssyni.

Hvar er lýðveldisfáninn, sem dreginn var að hún á Lögbergi við lýðveldisstofnunina, varðveittur?

II. Til landbúnaðarráðherra um límvatn til áburðar.

Frá Gísla Jónssyni.

Hefur ríkisstjórnin látið framkvæma á s. l. sumri tilraunir með límvatn sem áburð til ræktunar, samkvæmt þingsályktun frá 18. jan. þ. á., og ef svo er, hver er árangurinn?

III. Til sjávarútvegsmálaráðherra um soðkjarnaverksmiðju.

Frá Gísla Jónssyni.

Hvað líður byggingu stöðvar til hagnýtingar efna úr síldarsoði, sem heimilað var með lögum frá síðasta Alþingi að reisa við síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði?

IV. Til sjávarútvegsmálaráðherra varðandi dýpkunarskipið „Gretti".

Frá Gísla Jónssyni.

Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að draga úr rekstrarkostnaði dýpkunarskipsins „Grettis", og hver hefur árangurinn orðið?

V. Til viðskiptamálaráðherra varðandi viðskiptasamninga við Danmörku.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Hefur skuld sú, sem Íslendingar stofnuðu til í Danmörku á s. l. ári og torveldaði viðskiptasamninga milli ríkjanna, verið yfirfærð?
2. Hafa viðskiptasamningar milli Íslands og Danmerkur verið gerðir fyrir yfirstandandi ár og á hvaða grundvelli?
3. Hvernig er viðskiptajöfnuðurinn á milli þessara ríkja á þessu ári?

VI. Til félagsmálaráðherra um sama kaup kvenna og karla.

Frá Soffíu Ingvarsdóttur.

Hefur ríkisstjórninni borizt fyrirspurn frá Alþjóðavinnumálastofnuninni í Genf varðandi alþjóðlegar reglur um sömu laun karla og kvenna fyrir sömu störf? Ef svo er, hefur þá ríkisstjórnin svarað fyrirspurninni, og hver var afstaða ríkisstjórnarinnar til málsins?

VII. Til félagsmálaráðherra um athugun á réttarstöðu og atvinnuskilyrðum kvenna.

Frá Soffíu Ingvarsdóttur.

Hvað hefur ríkisstjórnin gert til athugunar á réttarstöðu og atvinnuskilyrðum kvenna, er henni var falið samkvæmt þingsályktun á síðasta þingi?

Sþ. 196. Breytingartillaga [100. mál]

við till. til þál. um endurskoðun íslenzkrar áfengislöggjafar.

Frá Pétri Ottesen.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara fyrir næsta reglulegt þing gagngerða endurskoðun á áfengislögunum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, til þess að reisa skorður við hinu gegndarlausa vínflóði í landinu og þjóðfélagsböli því, sem af því leiðir.

Ed. **197. Frumvarp til laga** [109. mál]

um breyting á erfðalögum, nr. 42 23. maí 1949.

Flm.: Gísli Jónsson.

1. gr.

3. málsliður 1. gr. laganna falli niður.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Ef hinn látni á engin börn eða barnabörn á lífi, en faðir og móðir hans lifandi, erfa þau hann að jöfnu. Kjörbörn og börn þeirra teljast hér sem börn og barnabörn arftaka.

3. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Nú eru báðir foreldrar látnir, og taka þá afar og ömmur arfleifanda allan arf eftir hann að jöfnu, þau sem á lífi eru.

4. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Ef enginn arftaki er á lífi, sbr. 1.—5. gr., fellur arfurinn allur til Tryggingastofnunar ríkisins.

5. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Það hjóna, sem lengur lifir, erfir einn fjórða af eignum maka síns, ef hann á börn eða barnabörn á lífi, annars erfir það allar eignir hans.

6. gr.

8. gr. laganna falli niður.

7. gr.

11. gr. laganna falli niður.

8. gr.

18. gr. laganna ásamt fyrirsögn falli niður.

9. gr.

20. gr. laganna orðist svo:

Arfleiðanda er ekki heimilt að ráðstafa með erfðaskrá meira en einum fjórða hluta eigna sinna.

10. gr.

28. gr. laganna falli niður.

11. gr.

Í stað orðsins „ríkissjóður“ í lok 33. gr. laganna komi: Tryggingastofnun ríkisins.

12. gr.

Fé því, sem fellur til Tryggingastofnunar ríkisins samkvæmt lögum þessum, skal varið til þess að koma á fót og starfrækja öryrkjastofnun, samkvæmt reglugerð, er tryggingaráð semur og ráðherra staðfestir.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um aldir fór saman á Íslandi framfærsluskylda og erfðaréttur. Voru menn þá skyldir að sjá fyrir ættingjum, enda tækju þeir eftir þá arf. Með endurbættri félagsmálalöggjöf hafa orðið á þessu mjög verulegar breytingar. Nú er sú skylda færð meira og meira yfir á Tryggingastofnun ríkisins að framfæra þá, sem eigi megna að komast af af eigin rammleik, og þessu létt af jafnvel allra nánustu ættingjum, án þess þó að erfðaréttur þeirra sé að nokkru skertur. Þannig er t. d. efnaður aðili ekki skyldur að framfæra systkini sitt, heldur ber Tryggingastofnuninni að greiða því bætur samkvæmt gildandi lagaákvæðum. Tæmist hins vegar báðum arfur, skiptist hann jafnt á milli þeirra, og alveg eins þótt arfalóð hvors um sig sé ekki nægilegt til þess að framfæra hið fátækara og það verði því að njóta áfram bóta frá Tryggingastofnuninni. Verður því tæplega á móti mælt, að hér eru úrelt lagaákvæði enn í gildi. Fjárhagur Tryggingastofnunarinnar er enn sem vænta má sá, að ógerlegt er að sinna öllum þeim verkefnum, sem æskilegt væri, að hún gæti sinnt, enda vitað, að enn eru bótaupphæðir til einstaklinga þannig, að ógerlegt er að lifa af þeim einum saman. Kemur þetta e. t. v. langharðast niður á öryrkjum, sem ekki hafa aðstöðu til þess að keppa á vinnumarkaðinum, einkum þegar mikið framboð er á vinnuafli. Með því að koma á fót öryrkjastofnun, sem veitt gæti móttöku þeim öryrkjum, sem unnið gætu lengri eða skemmri vinnudag, mætti gera hvort tveggja í senn: minnka mjög verulega þann kostnað, sem öryrkjarnir nú kosta Tryggingastofnunina, og jafnframt nota mikið vinnuafl, sem nú fer algerlega forgörðum, og þannig auka allverulega framleiðslu þjóðarinnar. Þetta er því hið mesta nauðsynjamál fyrir alla aðila. Það er ljóst, að ríkissjóður leggur ekki fram um ófyrirsjáanlegan tíma, það fé, sem til þess þarf að koma upp og starfrækja slíka stofnun, svo að nauðsynlegt er að finna einhverja aðra leið. Er því eðlilegast, að allt það erfðafé, sem aðrir erfingjar en börn og barnabörn, foreldrar, afar og ömmur eiga nú rétt á að erfa, gangi beint til Tryggingastofnunar ríkisins, til þess þar að sinna þessu mjög svo aðkallandi verkefni. Vegna þess er frv. þetta til breytinga á gildandi erfðalögum fram borið.

Nd. 198. Breytingartillögur [77. mál]

við frv. til l. um breyt. á og viðauka við l. nr. 43 23. maí 1949, um innflutning og úthlutun jeppabifreiða til landbúnaðarþarfa o. fl.

Frá Ingólfi Jónssyni.

Við 2. gr.

1. Við a-lið. Á eftir orðunum „heimilisdráttarvélar“ í 1. málsl. 1. málsgr. og „dráttarvélar“ í 2. málsgr. komi: og landbúnaðarbifreiðar.
2. Við b-lið. 1. málsl. orðist svo: Innflutningsyfirvöldin ákveða fjárhæð þá, sem verja skal til innflutnings á dráttarvélum og landbúnaðarbifreiðum, í réttu hlutfalli við óskir bænda um innflutning á þessum tækjum, og tilkynna það úthlutunarnefndinni, sem síðan skiptir tækjunum milli umsækjenda.
3. Við d-lið. Á eftir orðinu „dráttarvél“ á tveim stöðum komi: eða landbúnaðarbifreið.
4. Við f-lið.
   a. Á eftir orðinu „dráttarvélar“ í 1. málsl. komi: eða landbúnaðarbifreiðar.
   b. Í stað orðsins „dráttarvélategund“ í sama málsl. komi: dráttarvéla- eða landbúnaðarbifreiðategund.

Sþ. 199. Breytingartillögur [92. mál]

við till. til þál. um afnám skömmtunar á byggingarvörum o. fl.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Í stað orðanna „afnema nú þegar skömmtun á byggingarvörum“ í tillgr. komi: gefa nú þegar frjálsan innflutning á byggingarvörum.
2. Fyrirsögn till. orðist svo: Till. til þál. um frjálsan innflutning á byggingarvörum o. fl.

Nd. 200. Breytingartillögur [18. mál]

við frv. til l. um meðferð opinberra mála.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

1. Við 13. gr.
   a. Í stað orðanna „skipar verjanda“ í 3. málsl. komi: skipar sækjanda og og verjanda.
   b. Í stað orðanna „spyr sökunaut og vitni og tekur við staðfestingu þeirra á skýrslum sínum“ í sama málsl. komi: spyr sökunaut, heitfestir vitni og spyr þau.
2. Við 48. gr. Í stað orðanna „hirzlum og skipum“ í fyrri málsgr. komi: hirzlum, skipum og öðrum farartækjum.
3. Við 139. gr. 2. tölul. orðist svo: Þóknun skipaðs sækjanda og verjanda.
4. Við 163. gr. Aftan við „159.—161. gr.“ í fyrri málsgr. komi: og 41. gr.

Ed. 201. Frumvarp til laga [110. mál]

um nýtt orkuver og nýja orkuveitu rafmagnsveitna ríkisins.

Flm.: Gísli Jónsson, Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fela rafmagnsveitum ríkisins að virkja Dynjandisá í Arnarfirði til raforkuvinnslu í 7000 hestafla orkuveri og leggja þaðan aðalorkuveitu um byggðir á Vestfjörðum, samkv. áætlunum dags. 2. marz 1946.

2. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs eða ábyrgjast lán, sem rafmagnsveitur ríkisins taka, að upphæð allt að 30 millj. króna, til greiðslu stofnkostnaðar þeirra mannvirkja, sem um getur í 1. gr. Af þeirri upphæð má taka lán úr raforkusjóði samkv. 1. lið 35. gr. raforkulaganna, allt að 10 millj. króna, þó eigi meira en sem nemur ⅓ hluta af stofnkostnaði mannvirkjanna.

3. gr.

Framkvæmdir samkv. 1. gr. mega ekki hefjast, nema fyrir liggi nákvæmar kostnaðaráætlanir um virkjunina og tryggt hafi verið nægilegt fé til framkvæmdanna, og ríkissjóður hafi auk þess tryggt sér vatnsréttindin í Dynjandisá.

4. gr.

Um stofnun og rekstur þess orkuvers og þeirrar orkuveitu, sem ræðir um í 1. og 2. gr., fer að öðru leyti eftir ákvæðum raforkulaga, nr. 12 2. apríl 1946.

5. gr.

Raforkusjóður endurgreiði nú þegar sveitarsjóðum á Vestfjörðum þann kostnað, er þeir þegar hafa lagt fram vegna rannsókna á virkjun Dynjandisár og raforkuveitum um Vestfirði, og verði sá kostnaður reiknaður með í heildarkostnaði orkuvers og orkuveitu, enda fái rafmagnsveitur ríkisins öll gögn hér að lútandi án frekari greiðslu.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Þar til framkvæmdum samkvæmt 1. gr. er lokið, skal þeim dieselraforkuverum, sem þegar hefur verið komið upp á Vestfjörðum, veitt aðstoð úr raforkusjóði samkvæmt 2. tölulið 35. gr. raforkulaga, nr. 12 2. apríl 1946, svo að þau þurfi eigi að selja raforku hærra verði en raforkuver ríkisins. Lán þessi endurgreiðist sjóðnum eftir sömu reglum og lán þau, er hann kann að veita til annarra aðila samkvæmt 2. tölul. 35. gr. raforkulaganna.

Greinargerð.

Í tugi ára hafa verið uppi bollaleggingar um virkjun Dynjanda í Arnarfirði. Hafa þegar farið fram margvíslegar rannsóknir og áætlanir til undirbúnings því verki. Í fyrstu var það erlent hlutafélag, sem hugði að virkja Dynjanda og keypti í því augnamiði þar vatnsréttindi, lét gera víðtækar mælingar og áætlanir, en framkvæmdir stöðvuðust, m. a. vegna ófriðarins 1939—45. Þegar séð var, að þessir aðilar mundu ekki byggja orkuverið, mynduðu héruðin á Vestfjörðum með sér samtök til þess að halda áfram rannsóknum og undirbúningi, og eyddu þau allmiklu fé í þetta verk í von um, að ríkissjóður styrkti þá síðar til þess að koma upp orkuverinu og orkuveitu frá því um Vestfirði. Fóru athuganir þessar fram á árunum 1942—44, eins og meðfylgjandi skjöl bera með sér. Árið 1945 gaf ríkisstjórnin fyrirmæli um, að mál þetta skyldi fá enn nánari athugun, og var skýrsla um þá rannsókn gefin í marz 1946. Birtist hún hér með sem fylgiskjal. Síðan hefur ekkert verið aðhafzt í málinu, þótt liðin séu rúmlega 4 ár, önnur orkuver verið byggð og stækkuð og orkuveitur lagðar fyrir tugi millj. króna. Og þó er vitað, að Vestfirðir hafa enga möguleika til að fá nægilega eða ódýrari raforku frá neinu öðru orkuveri, eins og hitt er jafnljóst, að Vestfjarðahéruðin eiga undir því alla sína lífsafkomu í framtíðinni, að unnt sé að tryggja þeim nægilega raforku á sama verði og hún er seld á öðrum stöðum á landinu frá vatnsraforkuverum.

Vegna þess dráttar, sem hér hefur á orðið í raforkuframkvæmdum Vestfjarða, hafa héruðin orðið að koma upp dieselraforkustöðvum, og hefur framleiðsla þeirrar orku orðið allverulega kostnaðarmeiri en orka sú, sem framleidd er í raforkuverum ríkisins, og komið niður á íbúum og atvinnufyrirtækjum sem allþungur skattur, sem lamað hefur atvinnulífið mjög verulega. Til þess að bæta úr þessu er frv. þetta fram borið. En með því að búast má við, að enn dragist um óákveðinn tíma að fullgera þessi mannvirki, þótt frv. verði að lögum á þessu þingi, þykir nauðsynlegt að setja bráðabirgðaákvæði, sem tryggir héruðunum sömu aðstoð úr raforkusjóði og þá, sem nú er veitt héraðsrafmagnsveitum ríkisins, enda verði sjóðnum endurgreidd þessi lán á sínum tíma eftir sömu reglum.

Er þess vænzt, að alþingismenn fallist á þetta og samþykki frv.

Fylgiskjal I.

Virkjun Dynjandisár. — Áætlanir og greinargerð.

I. Inngangur.

Á undanförnum árum hefur Finnbogi R. Þorvaldsson prófessor framkvæmt ýmsar athuganir og mælingar viðvíkjandi virkjun vatnsfalla í Arnarfirði á vegum framkvæmdanefndar Orkuvers Vestfjarða (sjá skýrslu F. R. Þ. dags. 3. marz 1943 og 31. marz 1944).

Á síðastliðnu ári gaf samgöngumálaráðherra vegamálaskrifstofunni og rafmagnseftirliti ríkisins fyrirmæli um að gera ýtarlega frumáætlun um virkjun vatnsfalla í Arnarfirði og aðalorkuveitu um Vestfirði með hliðsjón af rannsóknum Finnboga R. Þorvaldssonar prófessors.

Þar eð aðstæður og veðrátta í Arnarfirði veldur því, að ekki er hægt að fást þar við rannsóknir nema stuttan tíma árs, svo og að ekki er fyrirsjáanlegt, að orkuþörf Vestfjarða nú eða í náinni framtíð verði meiri en svo, að fullnægja megi henni með virkjun annarrar hvorra ánna, Dynjandisár eða Mjólkár, varð það að ráði að miða allar rannsóknir og áætlanir að þessu sinni við virkjun Dynjandisár einnar, enda eru þar m. a. betri möguleikar til vatnsmiðlunar en við Mjólká.

Vegamálaskrifstofan fól firmanu Höjgaard & Schultz að annast rannsóknir og áætlun um sjálfa virkjunina, og hefur rafmagnseftirlitið, vegamálastjórnin og áðurnefnt firma haft samráð um áætlanagerðina.

II. Virkjunartilhögun.


Í greinargerð Höjgaard & Schultz (dags. 28. des. 1945) er gerð grein fyrir þeirri virkjunartilhögun, sem ákveðið var að athuga, og er hún í aðalatriðum eins og hér segir:

Þar, sem Dynjandisá rennur úr Litla-Eyjavatni, er byggð 3—4 m há stífla. Sú vatnsuppistaða, sem fæst við stíflu þessa, er um 800000 teningsmetrar, og er efra vatnsborð í ca. 356 m hæð.

Um 50 m innan við stíflu er gert ráð fyrir að inntakið sé byggt til þess að losna við erfiðleika vegna íss frá inntaki, og er vatnið leitt í 270 m löngum jarðgöngum að lokuhúsi, þaðan í einfaldri trépípu um 2000 m leið að þrýstivatnsgeymi. Frá þrýstivatnsgeymi er svo ráðgert að leiða vatnið í einni eða tveimur 1575 m löngum stálpípum að orkuveri. Í áætlun Höjgaard & Schultz er gert ráð fyrir einfaldri stálpípu, en samkvæmt upplýsingum, er síðar hafa borizt frá túrbínufirmunum í U. S. A., er talið heppilegra að hafa 2 stálpípur í stað einnar, og er reiknað með því í kostnaðaráætluninni. Neðra vatnsborð er í ca. 1 m hæð og er því fallhæðin um 355 m.

III. Stærð virkjunar.

Samkvæmt skýrslum Finnboga R. Þorvaldssonar prófessors hefur minnsta nýtilegt rennsli Dynjandisár orðið um 1,4 m^3/sek., á þeim tímabilum, sem mælingar ná yfir. Er þá átt við rennslið í ánni þar, sem hún kemur úr Litla-Eyjavatni. Vatnsmælingarnar eru gerðar niður á láglendi og rennslið uppi við Litla-Eyjavatn fundið á þann hátt, að stöku sinnum hafa verið gerðar samanburðarvatnsmælingar uppi við vatnið og niðri á láglendi. Hafa þær mælingar ekki gefið ástæðu til þess að ætla, að mikill munur sé á vatnsrennslinu á þessum tveim stöðum í ánni, en við þetta er það að athuga, að samanburðarmælingarnar hafa ekki verið gerðar á veturna. Bæði með tilliti til þessa og eins með tilliti til þess, að gerðar vatnsmælingar ná yfir tiltölulega stutt tímabil, er full ástæða til þess að ætla, að rennslið geti orðið minna en 1,4 m^3/sek., en þótt þær vatnsrennslismælingar, sem fyrir hendi eru, séu þannig engan veginn fullnægjandi til þess að ákveða stærð virkjunarinnar, var ákveðið að gera til bráðabirgða áætlun um virkjun, sem að afli miðast við minnsta rennsli, 1,4 m^3/sek.


Ísafjarðar djúp
Bolungavík
Súðureyri
Önundarfjörður
Flateyri
Hnífsdalur
Ísafjörður
Dýrafjörður
Þingeyri
Arnarfjörður
Rafnseyri
Dynjandi
Tálknafjörður
Patreksfjörður
Bíldudalur
Sveinseyri
Hatneyri
Virkjun Dynjandisár
Háspennulína
1:500000
0
10
20 km.
Rafmagnseftirlit ríkisins.
F.nr. 780.

Rennslið 1,4 m³/sek. samsvarar án afltapa 6600 hö við 355 m fallhæð. Geri maður ráð fyrir, að nýtni vatnsvéla sé 80% og afltöp í inntaki og vatnsgöngum 10%, verður afl á túrbínuás um 4700 hö. Starfi orkuverið eitt, verður mesta virkjanlegt afl að miðast við þessa hestaflatölu og þá vatnsmiðlun, sem fyrir hendi er, þar sem minnsta rennsli er einmitt á þeim tíma árs, sem afl- og orkuþörf er mest. Eins og áður er getið, er vatnsuppistaðan við þá virkjunartilhögun, sem gert er ráð fyrir, aðeins 800 þúsund teningsmetrar, og þar frá dragast um 400 þús. teningsmetrar vegna íss á lóninu. Sú eina miðlun, sem kemur til greina, er því dægurmiðlun. Verður hér reiknað með, að virkja megi 4700 hö + 50%, eða 7000 hö, en á það samtímis bent, að engin vissa er fyrir því, að þetta geti staðizt við þá virkjunartilhögun, sem um ræðir.

Starfi orkuverið með öðru eða öðrum orkuverum, sem gætu hjálpað til, þegar vatnsrennslið er minnst, mætti vitanlega virkja meira afl. Sú athugun, sem hér er gerð, miðast aftur á móti við, að orkuverið starfi eitt eða með öðrum vatnsorkuverum á Vestfjörðum, en vatnsrennsli þeirra mundi sennilega vera minnst á sama tíma árs og það er minnst í Dynjandisá.

IV. Orkuver.

Með tilliti til þess, að gert er ráð fyrir, að orkuverið starfi eitt eða í samvinnu við önnur vatnsorkuver á Vestfjörðum, verður að gera ráð fyrir fleiri en einni vélasamstæðu. Önnur ástæða til þessa gæti verið sú, að stundum yrði sennilega að fara mjög sparlega með vatnið. Vélasamstæðurnar verða því að vera minnst tvær að tölu. Sé vel gengið frá inntakinu við stífluna, þannig að sandur og önnur óhreinindi komist ekki í túrbínurnar svo neinu verulegu nemi, og séu vefjur rafalanna af beztu gerð, má gera ráð fyrir, að hættan á bilunum og nokkru verulegu sliti á nýjum og góðum vélum sé mjög lítil. Og þar sem fáar og stórar vélasamstæður eru fjárhagslega hagkvæmari en margar og smáar, verður hér gert ráð fyrir tveim samstæðum, 3500 hö hvorri. Ætti sá vélafjöldi einnig að nægja til þess að hægt sé að framkvæma nauðsynlegt viðhald á vélunum. Þykir ekki ástæða til að lýsa vélunum og rafbúnaði ýtarlega hér, en gert er ráð fyrir, að í orkuveri séu öll þau tæki og allur sá útbúnaður, sem almennt gerist í nýtízku stöð af tilsvarandi stærð og gerð.

V. Háspennulínur.

Sumarið 1944 ferðaðist Höskuldur Baldvinsson á vegum rafmagnseftirlitsins um Vestfirði til þess að athuga lauslega, hvaða línustæði helzt kæmu til greina í sambandi við virkjun Dynjanda. Sumpart með hliðsjón af skýrslu Höskuldar og sumpart með hliðsjón af landsuppdráttum er hér gert ráð fyrir eftirtöldum línustæðum:

Frá virkjun Dynjanda út með Borgarfirði að sunnanverðu út á móts við Rafnseyri. Þar greinist línan til suðurs og norðurs sem hér segir:

Til suðurs. Áfram út með Borgarfirði yfir Suðurfirði (í sæstreng) að Bíldudal. Frá Bíldudal yfir Tunguheiði að Sveinseyri. Frá Sveinseyri yfir Tálknafjörð (í sæstreng) og Lambeyrarháls að Vatneyri.

Til norðurs. Yfir Borgarfjörð (í sæstreng) að Rafnseyri. Frá Rafnseyri eftir Rafnseyrardal og Brekkudal að Þingeyri. Frá Þingeyri yfir Dýrafjörð (í sæstreng) eftir Gemlufallsdal, Bjarnardal, Breiðadal og Dagverðardal til Ísafjarðar. Við botn Önundarfjarðar greinist línan og liggur til Flateyjar út með Önunarfirði að norðanverðu. Í botni Breiðadals greinist línan og liggur til Bolungavíkur yfir Botnsheiði, Gilsbrekkuheiði og eftir Syðridal. Við botn Súgandafjarðar greinist línan og liggur til Suðureyrar út með Súgandafirði að sunnanverðu.

Línur þessar eru samtals 127 km að lengd, þar af 10 km sæstrengur.

Hvað Bolungavík viðvíkur, er einnig hægt að gera ráð fyrir að fara með línu frá Hnífsdal yfir Heiðarskarð; og hvað Suðureyri viðvíkur, frá Flateyri yfir Klofningsheiði. Verður þó ekki reiknað með þeim línustæðum hér.

Á teikningu F. nr. 780 eru framangreind línustæði og afstaða orkuvers sýnd.

Gert er ráð fyrir, að línurnar verði byggðar á tvöföldum tréstólpum (H-stólpum), að notaðir verði hengieinangrarar, að víragildleiki verði 50 m/m² (nema næst Dynjanda, 70 m/m²) og grunnvír enginn. Sums staðar uppi á heiðum og í fjallshlíðum er þó gert ráð fyrir stálmöstrum, líkt og í línunni milli Fljótaárvirkjunar og Siglufjarðar, en þar sem nákvæm athugun á línustæðum hefur ekki farið fram, er að svo stöddu ekki hægt að segja með vissu, hvar eða að hve miklu leyti þarf að gera slíkar ráðstafanir.

Athuganir á flutningsgetu háspennulínanna hafa leitt í ljós, að 30000 volt er sú lægsta spenna, sem hægt er að komast af með, að minnsta kosti á norðurálmunni. Verður reiknað með þessari spennu hér, en ef ráðizt verður í virkjun, yrði að athuga þetta atriði vandlega. Eru það aðallega sæstrengirnir, sem valda nokkrum erfiðleikum, ef hærri spenna verður valin, en kostnaðarauki er tiltölulega lítill á loftlínum.

VI. Aðalspennistöðvar.

Gert er ráð fyrir, að reistar verði aðalspennistöðvar á eftirtöldum stöðum:

Vatneyri, Sveinseyri, Bíldudal, Rafnseyri, Þingeyri, Flateyri, Suðureyri, Bolungavík, Ísafirði.

VII. Kostnaðaráætlun.

A.	Orkuver.			
	1. Byggingarmannvirki:			
	Stífla	kr.	1030000.00	
	Jarðgöng og inntak	—	2000000.00	
	Þrýstivatnspípa	—	6320000.00	
	Þrýstivatnsgeymir	—	510000.00	
	Stöðvarhús o. fl.	—	1360000.00	
	Íbúðarhús og geymslur	—	850000.00	
	Strengbraut	—	820000.00	
		kr.	12800000.00	
	2. Vélar og virki	—	2355000.00	
	3. Bankakostnaður og vextir á byggingartíma	—	1345000.00	
		kr.	16500000.00	kr. 16500000.00
B.	Háspennulínur.			
	117 km loftlína	kr.	7000000.00	
	10 km sæstrengur	—	1400000.00	
		kr.	8400000.00	kr. 8400000.00
C.	Aðalspennistöðvar	—	1200000.00	— 1200000.00
D.	Innanbæjarkerfi	—	3900000.00	— 3900000.00
			Heildarkostnaður	kr. 30000000.00

Vatnsréttindin munu vera í einkaeign, en kostnaður við kaup á þeim er ekki meðtalinn hér.

VIII. Rekstraráætlun.

A. Heildaryfirlit.

Á orkuveitusvæðinu búa um 6400 manns. Sé gert ráð fyrir, að orkunotkunin til ljósa, heimilisþarfa, almenns iðnaðar og vélanotkunar verði um 500 kwst. á mann á ári, verður orkunotkunin til þeirra þarfa um 3,2 millj. kwst. á ári.

Frystihúsin á því svæði, sem hér er um að ræða, eru 12 talsins með samanlögðu uppsettu vélaafli 2055 hö, eða um 1500 kw. Samkvæmt lauslegri áætlun mun meðal-

notkunartíma þessa afls vera um 2000 klst. á ári. Eftir þessum forsendum verður salan til frystihúsanna um 3,0 millj. kwst. á ári.

Heildarnotkunin áætlast því um 6,2 millj. kwst. á ári.

Rekstrarkostnaður áætlast eins og hér er sýnt:

Rekstrarkostnaður.

1. Viðhald:			
a. orkuvers, 0,6%	kr. 100000.00		
b. háspennulína, 1,6%	— 135000.00		
c. aðalspennistöðva, 1,5%	— 18000.00		
d. innanbæjarkerfa, 1,6%	— 62000.00		
	kr. 315000.00	kr.	315000.00
2. Stjórn og gæzla		—	480000.00
3. Vextir og afborganir af 4% láni:			
a. til virkjunar, 5,8% (til 30 ára)	kr. 960000.00		
b. til háspennulína, aðalspennistöðva og innanbæjarkerfa, 6,4% (til 25 ára)	— 865000.00		
		—	1825000.00
4. Ófyrirséð	ca.	—	180000.00
	Samtals	kr.	2800000.00

Afl í orkuveri er 7000 hö, eða 5150 kw. Sé gert ráð fyrir, að samanlögð orkutöp á leið til neytenda verði 20%, verður þetta afl um 4100 kw.

Í eftirfarandi töflu er sýnt, hverju meðalverði á kwst. þarf að reikna með við mismunandi nýtingartíma á þessu afli.

Nýtingartími:	Seld orka:	Meðalverð pr. kwst.:
4000 klst.	16 400 000 kwst.	17,1 aur.
3000 —	12 300 000 —	22,8 —
2000 —	8 200 000 —	34,2 —
1000 —	4 100 000 —	68 —

Að ofan var heildarnotkunin áætluð 6,2 millj. kwst. á ári og árlegur rekstrarkostnaður kr. 2,8 millj. Ef hægt á að vera að reka samvirkjunina sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki, verður meðalverð seldrar raforku samkvæmt þessum forsendum að vera 45 aurar á kwst.

B. Rekstur aðalorkuveitu.

Sennilegt er, að væntanleg samvirkjun Vestfjarða verði rekin á þann hátt, að orkuver, háspennulínur og aðalspennistöðvar verði starfrækt sem sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi. Hér á eftir skal þetta fyrirtæki nefnt aðalorkuveita. Á hverjum stað selji aðalorkuveitan orkuna frá aðalspennistöð til viðkomandi héraðs eða innanbæjarveitu fyrir ákveðið verð pr. kw.ár.

Rekstrarkostnaður aðalorkuveitu áætlast eins og hér segir:

1. Viðhald:			
a. orkuvers, 0,6%	kr. 100000.00		
b. háspennulína, 1,6%	— 135000.00		
c. aðalspennistöðva, 1,5%	— 18000.00		
		kr.	253000.00
2. Stjórn og gæzla		—	130000.00

3. Vextir og afborganir af 4% láni:			
a. til virkjunar 5,8% (til 30 ára)	kr. 960000.00		
b. til háspennulína og aðalspennistöðva 6,4% (til 25 ára)	— 615000.00		
		—	1575000.00
4. Ófyrirséð		—	142000.00
		Samtals kr.	2100000.00

Ef gengið er út frá, að afltap, miðað við afl frá aðalspennistöðvum, verði að meðaltali 10%, verður samanlagt afl frá þeim um 4650 kw. Meðalsöluverð fyrir hvert kw.ár, miðað við mismunandi mesta samanlagt álag, verður því að vera eins og sýnt er í eftirfarandi töflu:

Selt frá aðalspennistöðvum:	Verð pr. kw.ár:
4650 kw.	kr. 450
4000 —	— 525
3000 —	— 700
2000 —	— 1050
1000 —	— 2100

Fyrst um sinn mun ekki vera varlegt að áætla meiri meðalnotkun en um 300 wött á mann til ljósa, heimilisnotkunar, almenns iðnaðar og vélanotkunar. Ásamt álaginu til frystihúsanna svarar þetta til mesta álags um 3000 kw. samanlagt. Samkvæmt töflunni hér að ofan þyrfti því verð raforkunnar frá aðalspennistöð að vera um kr. 700 fyrir hvert kw.ár, sem verður að teljast mjög hátt verð, sérstaklega þegar tekið er tillit til þess, að ekki mun vera hægt að gera ráð fyrir sölu raforku til hitunar að nokkru verulegu leyti.

Í rekstraráætluninni hér að ofan hefur aðeins að litlu leyti verið tekið sérstaklega tillit til núverandi rafveitna á viðkomandi stöðum, enda ekki þótt ástæða til að gera ýtarlega rekstraráætlun á núverandi stigi málsins. Tilgangur þessarar áætlunar er aðeins sá, að gefa hugmynd um, hvernig vænta má, að rekstrarafkoma verði fyrstu árin.

IX. Athugasemdir.

Eins og getið var um í inngangínum, hefur ekki enn verið ráðizt í að gera ýtarlega frumáætlun um virkjun Mjólkár. Þá hafa heldur ekki verið gerðar fullnægjandi mælingar á vatnsrennslinu úr Litla-Eyjavatni, og er því engan veginn víst, að hægt sé að virkja 7000 hö úr Dynjandisá með þeirri virkjunartilhögun, sem gert er ráð fyrir hér að framan.

Einnig ber að geta þess, að háspennulínur liggja að verulegu leyti í töluverðri hæð yfir sjávarmál, og er bilanahætta því tiltölulega mikil. Allar aðstæður eru líka mjög erfiðar, og er því hætt við, að það geti tekið langan tíma að gera við línubilanir. Af þessu leiðir, að rekstraröryggisins vegna mun vera óhjákvæmilegt að reisa varastöðvar í kauptúnunum, þó virkjun Dynjandisár eða önnur samvirkjun fyrir Vestfirði verði framkvæmd.

Þá má benda á, að í bæjar- og sveitarfélögum, þar sem raforka hefur verið af mjög skornum skammti, tekur ávallt nokkurn tíma að vinna upp orkunotkunina. Vegna rekstrarafkomunnar fyrstu árin fyrir væntanlega samvirkjun Vestfjarða væri því æskilegt, að orkuþörfin væri nokkurn veginn í samræmi við virkjunarstærð.

Þá ber og að geta þess, að jafnframt því að starfrækja varastöðvar sem slíkar, yrðu þær einnig starfræktar sem toppstöðvar. Sérstaklega er ástæða til þessa þegar orkunotkunin er orðin það mikil, að afl samvirkjunar er fullnotað.

Innanbæjarkerfin í kauptúnunum á orkuveitusvæði væntanlegrar samvirkjunar eru öll mjög léleg, og er nauðsynlegt að endurbæta þau allverulega, eða leggja þau

að nýju. Hvort sem samvirkjun verður framkvæmd bráðlega eða ekki, er nauðsynlegt að taka innanbæjarkerfin fyrir strax. Mun það þá verða gert með hliðsjón af því, að þau gætu tekið við orku frá væntanlegri samvirkjun án þess að neinna verulegra breytinga þyrfti með.

Að öllu þessu athuguðu virðist eðlilegasta lausn raforkumála Vestfjarða vera sú að byrja á því að byggja varastöðvarnar og endurbæta eða leggja að nýju innanbæjarkerfin.

Meðan verið er að byggja varastöðvarnar, leggja innanbæjarkerfin og vinna upp orkunotkunina, verður að halda áfram skipulögðum rannsóknum á vatnsvirkjunarmöguleikum í Arnarfirði, eða annars staðar þar, sem fá mætti nægilegt vatnsafl fyrir sameiginlega virkjun eða virkjanir fyrir Vestfirði.

Með áframhaldandi rannsókn á vatnsrennsli, úrkomu og staðháttum væri hægt að skapa miklu öruggari grundvöll fyrir væntanlega samvirkjun eða virkjanir Vestfjarða en unnt er með hliðsjón af þeim upplýsingum og þeim gögnum, sem eru fyrir hendi nú.

Reykjavík, 2. marz 1946.

F. h. vegamálastjórnarinnar

Geir G. Zoëga.

Sigurður Jóhannsson.

F. h. rafmagnseftirlits ríkisins

Páll Sigurðsson.

Fylgiskjal II.

Vatnsmælingar Dynjandisár og Mjólkár í febrúar 1950.

Um viku af febrúarmánuði brá til norðlægrar áttar á Vestfjörðum. Undirritaður (Sigurjón Rist) ákvað því að fara með v.s. Heklu til Bíldudals þ. 15. s. m., til að mæla rennslið í Dynjandisá og Mjólká í vetrarhörkum.

V.s. Hekla lagði úr höfn í Reykjavík kl. 23 þ. 15. og kom til Bíldudals á hádegi næsta dags. Ég hafði með símskeyti daginn áður tryggt mér bát frá Bíldudal og inn í Arnarfjarðarbotn, en nú var norðvestan rok og dimmviðri, veðrið því talið ófært á sjó, svo að erfiðlega ætlaði að ganga að fá bát til fararinnar, en ég mátti engan tíma missa, ef mér ætti að auðnast að ná Heklu, þá er hún kæmi að norðan aftur. Fékk loks bát kl. 16 og kom inn að Dynjanda kl. 22.

Vann við mælingar heim við Dynjanda næsta morgun (þ. 17. febr.), en fór svo á skíðum upp að Eyjavatni og náði niður að Borg seint um kvöldið. Jóhann sonur bóndans að Dynjanda aðstoðaði mig uppi við Eyjavatn.

Rennsli Mjólkár og Borgarhvilftarlækjar mælt 18. og 19. febr.

Bátur kom frá Bíldudal inn að Borg að sækja mig kl. 14 á sunnudaginn (19. febr.). Komið var til Bíldudals kl. 18, en þá hafði v.s. Hekla flautað í síðasta sinn til burtfarar, svo að ekki mátti tæpara standa, að ég næði í hana. Hún var samstundis komin á fullt skrið út Arnarfjörð og linnti ekki látum fyrr en hún rakst óþyrmilega á hafnarbakkann í Reykjavík morguninn eftir.

Dynjandisá.

Mikill klaki var á yfirfalli Dynjandisár, þó var hægt að brjóta hann svo niður, að engin truflun var af honum.

Mæling á yfirfalli og straumhraðamæling gáfu 1150—1170 l/s.

Kvísl sú, sem Dynjandisá var veitt í, þegar yfirfallið var byggt, flutti nú ekkert vatn. Ég mokaði mig þar niður til að kanna það. Snjórinn var um 1½ m að þykkt, og frosið var að stíflugarðinum, svo að ekkert komst þar í gegn. Fjallfossinn (Dynjandi) var einn ljósgrænn klakabunki, og þar sást aðeins á tveim stöðum í vatn, sem fossaði utan á klakagarði. Vatnshitinn við yfirfallið var um 0,05° C, en lofthiti ÷ 8° C.

Á fjallinu var snjór í meðallagi eftir árstíma. Þar var slétt yfir lægðir og ekki unnt að sjá, hvar áin rann. Skíðafæri var gott á fjallinu, en sneiða varð fyrir urðarhryggi, sem norðannæðingurinn skóf allan snjó af, sömuleiðis festi ekki snjó í fjallsbrúninni, þar var glerungshjarn. Rennsli úr Eyjavatni var 1040 l/s, vatnshitinn um 0,07° C. Á vatninu var þykkur ís. Vatnið virtist allt kalt (ekki liggja í termiskri lagskiptingu), en ógerlegt var að mæla það nákvæmlega nema við vendimæli, því að norðan bylur var á með 13° frosti. Eyjavatnið er gegnumrennslisvatn. Vatnið í því mun endurnýjast á 10—15 dögum að vetrinum til, svo að hiti þess er að mestu háður hita þess vatns, sem í það rennur. Sökum þykkra snjóalaga var ekki unnt að komast að ánni, sem rennur úr Stóra-Eyjavatni í Eyjavatn, né heldur að Austurá. Gil þeirra voru slétt af snjó.

Svíná.

Kom að Svíná í 360 m hæð, þar sem ég hef mælt rennsli hennar tvisvar áður. Nú var þar klakabunki og ekki hægt að sjá, hvar áin seytlaði undir.

Mjólká og Borgarhvilftarlækur.

Vatnsmagn við sjávarmál 980 l/s, þar af Borgarhvilftarlækur 70 l/s. Mjólká því um fjallsbrún 910 l/s. Vatnshiti 0,0° C. Veður N 5 ÷ 10° stórhríð. Mikill snjór og klaki við vatnshæðarmælinn og því ekki hægt að ná réttri vatnshæð. Ekki virtist þó vera völ á betri stað til vatnshæðarmælinga. Niður á eyrunum hjá gamla yfirfallinu var stór svellbunki, og þar seytlaði áin í tveim þröngum rásum.

Heildaryfirlit.

Dynjandisá, um Dynjanda	1160 l/s = 35 l/s	pr. km²
— n. v. Eyjavatn	1040 — = 50 —	— —
Frá fjallsbrún að Eyjavatni	120 — = 10 —	— —
Mjólká við sjávarmál	980 — = 35 —	— —
Borgarhvilftarlækur	70 — = 35 —	— —
Mjólká, um fjallsbrún	910 — = 35 —	— —

Svíná var ekki hægt að mæla, eins og að framan greinir. En sé vatnsmagn hennar áætlað samkvæmt hlutfalli hennar við Dynjandisá í fyrri mælingum, ætti hún nú að flytja í 360 m hæð 71 l/s. Úrkomusvæðið er 7 km², svo að því yrði rennslið um 10 l/s pr. km², eða það sama og fyrir svæðið frá Dynjandisfossi að Eyjavatni. Þessi svæði eru að mörgu lík, þar hafa stöðuvötn ekki áhrif á rennslið eins og annars staðar á Dynjandis—Gláma-svæðinu.

Þótt vetrarríki hafi verið mikið fyrir botni Arnarfjarðar s. l. hálfan mánuð, mun hér ekki vera um að ræða óvenjulítið vetrarrennsli, því að í fyrsta lagi var mikill snjór s. l. vor, sem leysti seint, svo að fannir lágu á úrkomusvæðum ánna fram eftir öllu sumri, í öðru lagi var mikil rigning í septembermánuði, í þriðja lagi komu hlákublotar í janúar, en þeir hafa að vísu lítið eða ekkert náð til úrkomusvæðisins, sem hæst liggur.

Hér mun því öllu heldur vera um venjulegt miðsvetrarrennsli að ræða, sem ætla mætti að fari hægt minnkandi næsta mánuð.

Þá hafði ég með mér vatnshæðarmælingabækur Dynjandisár og Mjólkár yfir tímabilið ágúst 1947 til ársloka 1949 til þess að fá leiðréttingu hjá gæzlumönnum um vatnsborðshækkun af völdum ísa. Þar sem lyklar hæðarmælanna eru tilbúnir, er hægt að summera rennslið yfir nefnt tímabil.

Reykjavík, 25. febr. 1950.

Sigurj. Rist.

Sþ. 202. Tillaga til þingsályktunar [111. mál]

um innlausn á sjóveðskröfum síldveiðisjómanna.

Flm.: Áki Jakobsson, Ásmundur Sigurðsson, Einar Olgeirsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera nú þegar ráðstafanir til þess, að þegar verði innleystar sjóveðskröfur sjómanna, er til hafa orðið á sumarsíldveiðum 1949 og 1950, þannig að sjómenn þeir, er kröfurnar eiga, geti fengið greidd laun sín.

Heimilt er ríkisstjórninni að verja fé úr ríkissjóði í þessu skyni, ef þörf krefur.

Greinargerð.

Enn þá einu sinni er síldveiðiflotinn kominn í höfn eftir aflaleysisár, og eigendur meiri hluta skipanna geta ekki greitt kaupið til sjómannanna. Atvinna hefur um allt land verið mjög lítil síðan síldveiðunum lauk, og eru sjómenn, sem ekki hafa getað fengið greitt kaup sitt frá sumrinu, svo illa staddir, að þeir hafa ekki fyrir brýnustu þörfum sínum. S. l. þrjú ár eru nú búin að vera í gildi lagaákvæði, sem hindra sjómenn í að hagnýta þann sjóveðsrétt, sem þeir eiga í skipunum, til að knýja útgerðarfélögin til að greiða kaupið. Bankar og aðrar lánsstofnanir eru ófáanlegar til að lána út á sjóveðin, og svo rammt kveður að réttleysi sjómanna, eins og nú er komið, að innheimtumenn opinberra gjalda, neita að taka sjóveðskröfur upp í þessi gjöld, heldur gera hiklaust lögtök í ýmsum brýnum eignum sjómanna, svo sem íbúðum þeirra og innanstokksmunum.

Fjöldi sjómanna á nú inni kaup sitt frá síldveiðum bæði 1949 og 1950 og er með lögum bannað að gera ráðstafanir til að knýja fram greiðslu. Meðan svo er fyrir aðgerðir Alþingis og ríkisstjórnar, er óhjákvæmilegt, að hið opinbera hlutist til um að greiða út kaupið.

Útgerðir þeirra báta, sem ekki hafa greitt kaupið, eru nú í skuldaskilum, og eru raunar búnar að vera það lengi. Þeim skuldaskilum hlýtur að verða lokið á þann hátt, að allar sjóveðskröfur verða greiddar; hjá því verður ekki komizt. Þess vegna breytir það ekki neinu um endanleg framlög ríkissjóðs til síldarútvegsins, þó að ríkissjóður nú í bili leysi til sín sjóveðin, svo að sjómenn séu ekki settir á vonarvöl fjárhagslega eða beinlínis sveltir, en þannig er ástandið nú hjá flestum þeirra manna, er ekki hafa getað fengið greitt kaup sitt á síldveiðunum.

Ed. 203. Nefndarálit [68. mál]

um frv. til l. um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita Gunnari Bergsteinssyni sjóliðsforingja stýrimannsskírteini á íslenzkum skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Tveir nefndarmenn (BSt og HV) voru fjarstaddir, er málið var afgreitt.

Alþingi, 23. nóv. 1950.

Gísli Jónsson, form., frsm.	Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskr.	Steingr. Aðalsteinsson.

Ed. 204. Nefndarálit [27. mál]

um breyt. á l. nr. 30 1. febr. 1936, um breyt. á og viðauka við siglingalög, nr. 56 30. nóv. 1914.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frv. þetta, sem er staðfesting á bráðabirgðalögum, hefur nefndin athugað og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Tveir nefndarmenn (BSt og HV) voru fjarstaddir, er málið var afgreitt.

Alþingi, 23. nóv. 1950.

Gísli Jónsson, form., frsm.	Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskr.	Steingr. Aðalsteinsson.

Nd. 205. Breytingartillögur [33. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 22 19. marz 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Á undan 1. gr. frv. komi ný grein, svo hljóðandi:

a. Þriðji málsliður 9. málsgr. 12. gr. laganna orðist svo:
Við útreikning á þeim hluta skatts, er félagi ber að greiða, skal fyrst finna, hvað einstaklingi ber að greiða af nettóeign sinni, annarri en eign í félagi.

b. Á undan síðasta málsl. 9. málsgr. 12. gr. laganna komi:
Nú á félag eignarhlutdeild í öðru hlutafélagi eða samvinnufélagi, og skal þá það félag greiða þann hluta skattsins, sem svarar til slíkrar eignarhlutdeildar, eftir hlutfallinu milli þess eignarhluta og heildareignar félagsins, að hlutafé eða stofnfé meðtöldu.

Sþ. 206. Tillaga til þingsályktunar [112. mál]

um jöfnunarverð á olíu.

Flm.: Lúðvík Jósefsson, Finnur Jónsson, Sigurður Ágústsson, Halldór Ásgrímsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að útsöluverð á olíu verði hið sama á öllum þeim stöðum á landinu, þar sem olíuflutningaskip, sem annast flutninga á milli hafna, geta losað olíu í birgðageyma olíufélaganna.

Greinargerð.

Það er alkunnugt, að útsöluverð á olíu er mishátt á hinum ýmsu stöðum á landinu. Í Reykjavík er olíuverðið jafnan lægst, en er svo allmiklu hærra í þorpum og bæjum úti á landi. Verðmismunurinn er skýrður með því, að til Reykjavíkur komi olíufarmarnir beint erlendis frá, en síðan þurfi að leggja í aukakostnað við dreifinguna út um land.

Þetta er að vísu rétt, en gæta verður þess, að núverandi fyrirkomulag um flutning á allri olíu erlendis frá upp til Reykjavíkur, er aðeins fyrirkomulagsatriði, sem vel væri hægt að hafa með öðrum hætti. Væru olíubirgðastöðvar byggðar í öðrum landsfjórðungum, þá væri einnig hægt að flytja þangað beint mikið magn af olíu í einu. Olíuinnkaupin til landsins eru gerð sameiginlega fyrir alla landsmenn og því aðeins tekst að hafa olíuverðið lágt í Reykjavík, að þangað sé jafnframt flutt öll olía, sem nota þarf í landinu. Mishátt olíuverð gerir ýmsan rekstur í landinu mjög ósambærilegan, og hallar þá alltaf á staðina utan Reykjavíkur. Fiskibátar á Vestfjörðum, Norðurlandi, Austfjörðum og Vestmannaeyjum verða að greiða allmiklu hærri olíureikning eftir árið en sambærilegir bátar við Faxaflóa. Frystihús og annar fiskiðnaður í bæjunum úti á landi getur ekki verið samkeppnisfær við Reykjavík, þegar olíuverðið er þar miklum mun hærra.

Félagssamtök útvegsmanna hafa hvað eftir annað gert þá kröfu til ríkisvaldsins, að komið verði á jöfnunarverði á olíu, að minnsta kosti á þeim grundvelli, sem tillaga þessi leggur til, þ. e. að útsöluverðið sé jafnt á öllum þeim stöðum á landinu, þar sem olíuflutningaskip geta nú losað olíu beint í birgðageyma olíufélaganna.

Sþ. 207. Tillaga til þingsályktunar [113. mál]

um niðurgreiðslu á olíu til rafstöðva.

Flm.: Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að greiða niður verð á hráolíu til rafstöðva, sem reknar eru af opinberum rafveitum til almenningsþarfa, þannig að hráolíuverð til þeirra lækki sem nemur gengisbreytingunni.

Greinargerð.

Það er kunnugt, að á nokkrum stöðum á landinu er raforka framleidd til almenningsþarfa með dieselvélum. Þar sem þannig raforkuframleiðsla er, hefur ekki þótt tiltækilegt sökum kostnaðar að koma upp vatnsvirkjun. Þannig háttar t. d. í flestum þorpum á Austurlandi og Vestfjörðum. Þessir staðir hafa löngum verið illa settir með raforku, búið við ónóga orku og mjög dýra.

Ríkið hefur tekið mikinn þátt í lausn raforkumálanna þar, sem mestar hafa verið framkvæmdir í vatnsvirkjunarmálum. Ýmist hefur ríkið tekið stór lán eða lagt fram miklar fjárfúlgur í slíkum tilfellum, og nú í seinni tíð má segja, að ríkið hafi nær allan veg og vanda af lausn rafmagnsmálanna í mörgum bæjum og sveitum, þar sem vatnsorka er notuð við raforkuframleiðsluna. Staðirnir, sem enn búa við raforku frá dieselvélum, eru að mestu fyrir utan þá miklu framkvæmdaáætlun, sem ríkið nú vinnur eftir í rafmagnsmálum. Þegar þessa er gætt, virðist ekki óeðlilegt, að farið sé fram á, að ríkið greiði niður að nokkru þá gífurlegu hækkun á hráolíuverði, sem orðið hefur að undanförnu og bitnar nú þannig á íbúum ýmissa staða, að raforkuverð þeirra stórhækkar á sama tíma, sem raforka annarra getur haldizt óbreytt í verði. Mestur hluti þeirrar miklu hækkunar á hráolíuverði, sem orðið hefur að undanförnu, stafar beint frá gengisbreytingunni. Í þessari þingsályktunartillögu er lagt til, að sú verðhækkun, sem þannig er til komin, verði greidd niður úr ríkissjóði. Flestar þær rafveitur, sem nytu góðs af þessari niðurgreiðslu, eru litlar, en þó eru meðal þeirra allstórar veitur eins og í Vestmannaeyjum, Neskaupstað og á Patreksfirði. Auk þess, sem íbúar þessara staða hafa þurft að mæta stórhækkandi raforkuverði að undanförnu, hefur raforkan til iðnaðar og þá fyrst og fremst til fiskiðnaðar orðið svo dýr á þessum stöðum, að nærri stappar, að

ókleift sé að reka fiskiðnaðinn vegna miklum mun dýrari raforku en er annars staðar á landinu. Það sýnist réttmætt, að ríkið hlaupi nú nokkuð undir bagga með þessum stöðum, sem minnstan stuðning hafa hingað til fengið í rafmagnsmálunum og jafnan hafa átt við erfiðust kjör að búa í þeim efnum.

Ed. 208. Frumvarp til laga [114. mál]

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Soffía Ingvarsdóttir.

1. gr.

1. málsgr. 11. gr. laganna skal orða svo:

Stundi gift kona atvinnu utan heimilis síns og hjá öðrum en manni sínum eða fyrirtæki, sem hann er meðeigandi að, skal skattur lagður á tekjur hvors hjónanna um sig.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðari tímum hefur þjóðfélagsþróunin stefnt að því, að konur fái sams konar menntun og svipað uppeldi og karlar. Afleiðingin er eðlilega sú, að sífellt fleiri konur, að loknu ýmiss konar námi, taka að sér ýms störf utan heimilis, þó giftar séu. Enn fremur eru fjárhagsástæður margra heimila þannig, að konan þarf að leggja á sig mikla vinnu utan heimilisstarfanna til að afla heimilinu nauðsynlegra tekna. Samkvæmt núgildandi skattalögum, þar sem laun eiginkonu eru lögð við laun manns hennar, þegar talið er fram til skatts, fer óeðlilega mikill hluti af launum konunnar í skattgreiðslu. Af þeim sökum batnar fjárhagur heimilisins óeðlilega lítið, þó að konan leggi hart að sér við utanheimilsstörf. Mótmælaraddir kvenna gegn þessu óréttlæti skattalaganna hafa á síðari árum orðið æ háværari, og hafa kvennasamtökin sameinazt í aðalatriðum um þá kröfu, sem felst í grein þeirri, er hér liggur fyrir.

Ed. 209. Nefndarálit [28. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 69 12. apríl 1945, um Stýrimannaskólann í Reykjavík.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og rætt það við skólastjóra stýrimannaskólans. Benti hann nefndinni á, að nauðsynlegt væri að ákveða með lögum, að skipaðir væru að jafnaði 4 kennarar við skólann í stað 3 kennara, eins og nú væri ákveðið í frv. Hefði þetta og verið í frv. upphaflega; í síðastl. 2 ár hefðu allir þessir 4 kennarar verið ráðnir sem fastakennarar, og auk þess orðið að greiða allt að 150 þús. kr. fyrir stundakennslu, svo að hér væri ekki um nein ný útgjöld að ræða fyrir ríkissjóð. Féllst nefndin á þetta að fengnum öllum upplýsingum.

Nefndin ræddi einnig við skólastjóra um ástæðu fyrir því að fella nú niður kennslu í þýzku, þar sem vitað er um miklar siglingar bæði verzlunar- og fiskiflotans til þýzkumælandi þjóða og því rík ástæða til, að yfirmenn skipanna kunni einmitt skil á þeirri tungu. Taldi hann, að kennsla í of mörgum tungumálum væri

ekki heppileg til að ná sæmilegum heildarárangri af tungumálakennslunni. Á þetta gat nefndin ekki fallizt, og vildi hún ekki stuðla að því, að þessi kennsla verði felld niður. Það er hins vegar jafnan á valdi skólastjóra og ráðherra að ákveða með reglugerð, hve miklum tíma sé varið til þýzkukennslu á hverjum tíma.

Einn nefndarmanna (HV) var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Með tilvísun til þessa leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin falli niður.
2. Við 3. gr. Töluliður 3 falli niður.
3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

14. gr. sömu laga orðist svo:

Við stýrimannaskólann skulu, auk skólastjóra, vera að jafnaði fjórir skipaðir kennarar, þrír kennarar í siglingarfræði og tungumálakennari, og stundakennarar eftir þörfum.

Laun fastakennara við skólann skulu ákveðin í launalögum.

Alþingi, 23. nóv. 1950.

Gísli Jónsson, form., frsm.	Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskr.	Steingr. Aðalsteinsson.
	Bernh. Stefánsson.	

Sþ. 210. Nefndarálit [85. mál]

um till. til þál. um aukningu á dagskrárfé útvarpsins.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað tillöguna, og telja undirritaðir nefndarmenn rétt, að athugun sú, sem í tillögunni greinir, verði látin fara fram, en auk þess verði jafnframt látin fara fram athugun á því, hvort unnt muni að koma fram heildarsparnaði í rekstri útvarpsins. Leggjum við því til, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Aftan við tillögugreinina bætist:

Jafnframt athugi nefndin, hvort unnt muni að koma við heildarsparnaði í rekstri útvarpsins.

Einn nefndarmanna (LJós) greiddi atkvæði gegn tillögunni.

Alþingi, 24. nóv. 1950.

Ingólfur Jónsson, form.	Finnur Jónsson, frsm.	Jón Gíslason, fundaskr.
Stefán Stefánsson.	Jörundur Brynjólfsson.	Jón Sigurðsson.

Nd. **211. Frumvarp til laga** [18. mál]

um meðferð opinberra mála.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

Samhljóða þskj. 18 með þessum breytingum:

13. gr. hljóðar svo:

Í málum samkvæmt 5. gr., 3. málsgr., kveður héraðsdómari meðdómendur til að frumprófi loknu eða síðar, ef þá reynist ástæða til. Taka meðdómendur þátt í rannsókn, málsmeðferð og dómsuppsögn. Héraðsdómari stýrir dómi og kveður einn upp úrskurði, þá er efni verða til, skipar sækjanda og verjanda, ákveður málshöfðun, gefur út stefnur, nefnir skoðunar- og matsmenn, spyr sökunaut, heitfestir vitni og spyr þau, sér um samningu dóms og áfrýjun og kemur yfir höfuð fram út á við fyrir hönd dómsins. Í fjölskipuðum dómi löglærðra manna framkvæma þeir allir þessar athafnir.

48. gr. hljóðar svo:

Nú er rannsókn háð vegna brots, er varðað getur annaðhvort 20000 króna sekt eða sekt og upptöku eignar, og er þá rétt að gera leit í húsum sakaðra manna, geymslustöðum, hirzlum, skipum og öðrum farartækjum að munum, sem hald skal á leggja, eða annars til öflunar sakargagna.

Leit má gera hjá öðrum mönnum en sökuðum, þegar slíkt brot hefur verið framið þar eða sakaður maður handtekinn eða gildar ástæður eru til að ætla, að þar finnist munir, sem hald ber að leggja á, eða önnur sakargögn, þar á meðal bækur, bréf og önnur skjöl.

139. gr. hljóðar svo:

Til sakarkostnaðar í opinberum málum telst:

1. Ferðakostnaður dómara og sækjanda og skipaðs verjanda, ef því er að skipta, enda skal greiða þeim óhjákvæmilegan kostnað af ferðalagi vegna rannsóknar og meðferðar málsins.
2. Þóknun skipaðs sækjanda og verjanda.
3. Þóknun fyrir aðstoð vegna málsins, svo sem skjalaþýðingar, dómtúlkun, afnot muna annarra manna o. s. frv.
4. Gæzlu-, varðhalds- og flutningskostnaður ákærða, þar til framkvæmd refsingar hefst samkvæmt ákvæðum dómsins.
5. Þóknun til vitna, mats- og skoðunarmanna.
6. Þingvotta- og birtingargjöld.
7. Kostnaður af kyrrsetningu samkvæmt 144. gr. og fullnustu dóms með aðför.
8. Annar óhjákvæmilegur kostnaður.

Réttargjöld, gjald fyrir eftirrit beinlínis í þágu málsins, stimplun dómsgerða eða staðfestingu skal eigi greiða.

163. gr. hljóðar svo:

Sektir samkvæmt 159.—161. gr. og 41. gr. renna í ríkissjóð.

Kæra má sérstaklega refsiákvæði samkvæmt 159., 160. og 161. gr., en ella fer um áfrýjun eftir 175. gr.

Ed. 212. Nefndarálit [90. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja prestssetursjörðina Vatnsleysu í Viðvíkursveit, er prestssetur verður flutt þaðan.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt málið og fengið um það upplýsingar frá skrifstofustjóra kirkjumálaráðuneytisins. Jörðin Vatnsleysa var keypt fyrir prestssetur, þegar prestssetrið var flutt frá Viðvík. Eigandi jarðarinnar, Jósef J. Björnsson, seldi hana á kr. 37500.00. Þá var á henni nýlega byggt steinhús, sem gert var við fyrir kr. 6466.15, svo að jörðin hefur kostað ríkissjóð sem næst kr. 44000.00.

Frumvarpið heimilar ríkisstjórninni að selja syni Jósefs, H. J. Hólmjárn, jörðina, og enda þótt sumir nefndarmanna séu því yfirleitt mótfallnir, að ríkisjarðir séu seldar, þá geta þeir þó eftir atvikum verið með því, að frumvarpið verði samþykkt, þar sem gera á jörðina að ættaróðali og þess er vænzt, að ríkissjóður skaðist ekki á sölunni.

Alþingi, 23. nóv. 1950.

Páll Zóphóníasson, form., frsm. Eiríkur Einarsson, fundaskr. Vilhjálmur Hjálmarsson.
Finnbogi R. Valdimarsson. Ingólfur Flygenring.

Nd. 213. Nefndarálit [61. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 83 22. okt. 1945, um viðauka við lög nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Leggur meiri hlutinn til, að það verði samþykkt, en minni hlutinn (LJós, SÁ) er andvígur því.

Meiri hlutinn lítur svo á, að fengin reynsla sýni, að ekki sé heppilegt, að heimild handa ráðherra samkvæmt lögum nr. 83 22. okt. 1945, um friðun einstakra veiðisvæða fyrir ágangi dragnótabáta sé algerlega bundin samhljóða áliti Fiskifélags Íslands og fiskideildar atvinnudeildar háskólans.

Það er alkunnugt, að stundum er ágengni dragnótabáta svo mikil á heimamiðum ýmissa útgerðarstaða, að til vandræða horfir, og er slíkt því tilfinnanlegra sem útgerðin er meira stunduð á opnum vélbátum (trillum), en á þeim verður sjór ekki að jafnaði sóttur nema tiltölulega skammt undan landi. Dæmi eru til, að dragnótabátar hafa svo gersamlega eyðilagt veiði innfjarða og á öðrum grunnmiðum, að sjómenn hafa átt um tvennt að velja, að hætta róðrum um lengri eða skemmri tíma eða sækja á fjarlægari fiskimið en fært má teljast smærri bátum, bæði vegna vegalengdar og hættulegs sjólags, ef út af ber með veður.

Við slíkar aðstæður er erfitt að búa, og stendur það smábátaútgerðinni mjög fyrir þrifum í ýmsum veiðistöðum.

Það verður því að teljast æskilegt, að ráðherra hafi óskoraða heimild til að friða þýðingarmestu fiskimið þeirra útgerðarstaða, sem hafa við slíka erfiðleika að stríða. Má ætla, að þá geti orðið auðveldara en nú virðist vera að koma við eðlilegu

mati á þeim rökum, sem fram eru færð með og móti því að friða fyrir dragnótaveiðum eitt eða annað veiðisvæði.

Alþingi, 24. nóv. 1950.

Pétur Ottesen, form.	Gísli Guðmundsson, fundaskr.	Halldór Ásgrímsson, frsm.

Ed. 214. Frumvarp til laga [115. mál]

um sölu lögveða án undangengins lögtaks.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Nú eru gjöld tryggð með lögveði í sérstaklega tilgreindum eignum, fasteignum eða lausafé, og gjaldhæðin er ákveðin samkvæmt lögum eða reglugerðum, staðfestum af stjórnarráðinu, og má þá, ef gjöldin eru ekki greidd á réttum gjalddaga og lögtaksréttur er ekki fyrndur, selja lögveðið á nauðungaruppboði, en birta skal áður með hálfs mánaðar fyrirvara almenna áskorun um greiðslu gjaldanna í dagblaði eða á annan venjulegan hátt, og tilkynna skrásettum eiganda lögveðsins með ábyrgðarbréfi, að óskað verði uppboðs á lögveðinu, verði skuldin eigi greidd innan 14 daga frá dagsetningu tilkynningarinnar.

2. gr.

Uppboðið fari fram að hætti nauðungaruppboða.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er heimilað að selja lögveð fyrir gjöldum þeim, sem um ræðir í 1. gr. frumvarpsins, án undangengins lögtaks. Léttir þetta innheimtuna og sparar báðum aðilum kostnað. Aftur á móti er þessi innheimtuaðferð jafntrygg fyrir báða aðila og sala að undangengnu lögtaki. Sala lögveða án undangengins lögtaks er áður heimiluð fyrir aðflutningsgjöldum í 29. gr. laga nr. 63 frá 1937. um tollheimtu og tolleftirlit og fyrir gjaldi af innlendum tollvörutegundum í 5. gr. laga nr. 60 frá 1939. Einnig er einstaklingum heimiluð sala veðbundinna fasteigna án undangengins dóms, sáttar eða aðfarar, sbr. 1. gr. laga nr. 57 1949, um nauðungaruppboð, og 3. gr. laga nr. 18 frá 1887, um veð, sbr. einnig áður 10. gr. tilskipunar 18. febr. 1847, sem nú hefur verið úr gildi numin. Virðist heimild sú, sem veitt er í 1. gr. frv. ekki hafa meiri áhættu í för með sér en hinar eldri heimildir, sem hér hafa verð taldar.

Eigi þykir þó rétt, að láta lög þessi ná til allra lögveðskrafna, heldur aðeins þeirra gjalda, sem hvíla á sérstaklega tilgreindum eignum, enda sé gjaldhæðin ákveðin með lögum eða reglugerðum staðfestum af Stjórnarráði Íslands.

Undir þessi lög falla því þau gjöld, sem lögveð hafa í einstökum eignum til ríkis, bæjar- og sveitarfélaga, svo og opinberra sjóða eða aðila, sem heimilaður er slíkur réttur í lögum eða reglugerðum eða falinn er slíkur réttur af opinberum aðila.

Utan við lög þessi falla lögveð, sem hvíla á ótilgreindum eignum manna, svo og lögveð, sem einstaklingar kunna að eignast fyrir kröfum sínum á hendur öðrum, þar með taldar sjóveðskröfur.

Nd. 215. Breytingartillögur [82. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina að selja þjóðjörðina Húsanes í Breiðuvíkurhreppi í Snæfellsnessýslu.

Frá Gísla Guðmundssyni.

1. Aftan við 1. gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Enn fremur er ríkisstjórninni, að fengnum meðmælum hreppsnefndar Sauðaneshrepps og sýslunefndar Norður-Þingeyjarsýslu, heimilt að selja kirkjujörðina Skoruvík í Sauðaneshreppi ábúandanum, Birni Kristjánssyni, fyrir verð, sem ákveðið er með mati dómkvaddra manna.
2. Fyrirsögn orðist svo:
   Frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja þjóðjörðina Húsanes og kirkjujörðina Skoruvík.

Nd. 216. Frumvarp til laga [116. mál]

um breyting á l. nr. 66/1944, um breyting á og viðauka við l. nr. 36/1909 um laun háskólakennara og um breyting á l. nr. 21/1936, um Háskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi 1950.)

1. gr.

2. málsgr. 3. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Skv. lögum nr. 24/1930 skulu dósentar við Háskóla Íslands, er þeir hafa starfað í embætti um 6 ár, verða prófessorar með sömu réttindum og skyldum sem aðrir prófessorar háskólans. Skv. lögum nr. 66/1944 voru stofnuð tvö dósentsembætti við heimspekideild háskólans, annað í bókmenntum, hitt í sögu. Í lögunum var fram tekið, að ákvæði laga nr. 24/1930 skuli ekki taka til þessara tveggja dósentsembætta.

Haustið 1941 hafði verið ráðinn lektor í íslenzku nútíðarmáli og hagnýtri íslenzkukennslu að heimspekideildinni. Árið 1946 var lektorsembættið frá 1941 lögfest sem dósentsembætti, en í þau lög var þó ekki sett sams konar ákvæði og í lögin frá 1944, þ. e., að þeir, sem embættinu gegndu, skyldu ekki verða prófessorar eftir sex ára starf. Sá maður, sem dósentsembættinu í málfræði hefur gegnt, var því skipaður prófessor 1948 eftir rúmlega sex ára kennslustarf.

Eðlilegt virðist, að sömu reglur gildi um öll áðurgreind embætti í málfræði, bókmenntum og sögu, sem stofnuð hafa verið á síðast liðnum áratug. Einungis um dósentsembættið í málfræði gildir nú hin almenna regla, að dósentar verði prófessorar eftir 6 ára starf. Með þessu frv. er lagt til, að sama regla verði látin gilda um bókmennta- og söguembættin, en þeir menn, sem þeim gegna, hafa nú kennt við háskólann í meira en 6 ár.

Prófessorar og dósentar inna af hendi hliðstæð kennslustörf, en munur á árslaunum þeirra er 2700 kr.

Ed. 217. Nefndarálit [89. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin ræddi frv. þetta á fundi sínum í dag og kvaddi til viðtals um það þá Hermann Jónsson fulltrúa fjárhagsráðs og Pétur Pétursson verðgæzlustjóra, sem gerðu nefndinni grein fyrir þeim atriðum, sem frv. fjallar um.

Í sambandi við 1. gr. frv. vill nefndin taka fram eftirfarandi:

Samtímis því sem frv. þetta kom fram hefur fjárhagsráð gefið út tilkynningu um hámarksverð á notuðum vörum, sem seldar eru í fornverzlunum. Nefndin vill ekki draga í efa heimild fjárhagsráðs samkv. gildandi lögum til að gefa út slíka tilkynningu, en telur þó eftir atvikum rétt, að sett verði skýr ákvæði um þetta efni.

Nefndin var sammála um að mæla með því, að frv. yrði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 2. gr. 2. málsliður orðist svo: Óheimilt er að framleiða vöru til sölu í verzlunum úr innfluttri vefnaðarvöru og garni, nema innflutningsleyfi hafi verið veitt fyrir vörunni til iðnaðar.

Alþingi, 24. nóv. 1950.

Rannveig Þorsteinsdóttir, form., frsm. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Páll Zóphóníasson.
Soffía Ingvarsdóttir. Steingr. Aðalsteinsson.

Ed. 218. Nefndarálit [106. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 frá 1940.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin ræddi frv. þetta á fundi sínum í dag, en einn nefndarmanna (StgrA) var fjarstaddur.

Leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Fyrir orðin „500 krónur“ komi: 1000 krónur.

Alþingi, 23. nóv. 1950.

Rannveig Þorsteinsdóttir, form., frsm. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Páll Zóphóníasson.
Soffía Ingvarsdóttir.

Ed. 219. Nefndarálit [107. mál]

um frv. til l. um breyt. á bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin ræddi frumvarpið á fundi sínum í dag og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna (StgrA) var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 23. nóv. 1950.

Rannveig Þorsteinsdóttir, form., frsm. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Páll Zóphóníasson.

Soffía Ingvarsdóttir.

Nd. 220. Frumvarp til laga [56. mál]

um breyting á lögum nr. 82/1936, um ríkisútgáfu námsbóka.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

2. málsliður 7. gr. laganna orðist þannig:
Námsbókagjald skal vera 15 krónur á heimili.

2. gr.

3. málsliður 12. gr. laganna orðist þannig:
Ráðherra hækkar námsbókagjaldið samkvæmt þessari grein smátt og smátt, eftir því sem útgáfan er aukin samkvæmt henni, en aldrei má námsbókagjaldið nema meiru en 20 kr. á heimili.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 116/1940, um breytingar á lögum nr. 82/1936.

Ed. 221. Frumvarp til laga [117. mál]

um innflutning jeppabifreiða.

Flm.: Páll Zóphóníasson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal sjá um, að sem fyrst á næsta ári verði fluttar til landsins 14 jeppabifreiðar:

1 handa búnaðarsambandi Austurlands,
1 — búnaðarsambandi N-Þingeyinga,
1 — búnaðarsambandi S-Þingeyinga,
2 — sæðingarstöðinni á Akureyri,
1 — búnaðarsambandi Eyfirðinga,
1 — búnaðarsambandi Skagfirðinga,

1 handa búnaðarsambandi Borgfirðinga,
1 — sæðingarstöðinni á Hvanneyri,
1 — sæðingarstöðinni á Lágafelli,
1 — búnaðarsambandi Kjalarnesþings,
2 — búnaðarsambandi Suðurlands,
1 — rannsóknarstöðinni á Keldum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Vegna gjaldeyriserfiðleika hefur innflutningur jeppabifreiða verið stöðvaður. Eftirspurn eftir bifreiðum þessum er hins vegar mikil og engar líkur fyrir því, að hægt verði að fullnægja henni, þó að innflutningur verði mögulegur á næsta ári. Ekki verður um það deilt, að þörf manna fyrir þessar bifreiðar er misjöfn, og verður sjálfsagt erfitt að finna leiðir, er tryggi það, að þeir umsækjendur fái þær, er mesta hafa þeirra þörf. Varla verður þó ágreiningur um það, að þar sem að standa þarfir fjöldans, þá beri að meta þær meira en þörf einstaklingsins. Í þessu frumvarpi eru teknar 14 jeppabifreiðar og lagt til, að þær verði þegar fluttar inn, og eru þarfir manna til að fá þær augljósar og skulu nú raktar.

Bændur í Eyjafirði standa allir saman í nautgriparæktarfélögunum. Þeir hafa komið sér upp sæðingarstöð á Akureyri, og er frá henni ekið með sæðið um allt héraðið, eftir því sem þörf krefur. Við þetta vinna þrír menn, og eru þeir oft allir á ferðinni og ætíð tveir á hverjum degi. Til þessa hafa þeir þrjá bíla, og er einn gamall herjeppi, sem nú er að verða ófær til aksturs, annar vörubíll, sem notaður er í neyð, og þriðji jeppabíll nothæfur. Eigi þessi starfsemi að geta haldið áfram með viðhlítandi kostnaði, er nauðsynlegt að fá tvo nýja jeppabíla.

Samband nautgriparæktarfélags Borgarfjarðar var stofnað 1936 og starfaði fyrst á árinu 1937. Nú er það að koma upp sæðingarstöð að Hvanneyri, og vantar þá alveg bílakost til þess að geta flutt sæðið um héraðið. Í bili er hugsað að komast af með lánsbíla, en slíkt er með öllu ógerlegt í framtíðinni. Svipað má segja um sæðingarstöð að Mosfelli, sem nú er að taka til starfa.

Loks er svo lagt til, að Keldur fái einn jeppa. Vegna starfsins þar er þeim nauðsyn að geta hvenær sem er farið á þá staði, sem t. d. grunsamir sjúkdómar koma upp á, eins og þeim líka er nauðsynlegt að fara eitt og annað til að viða að sér efni til rannsókna viðvíkjandi þeim verkefnum, sem unnið er að á hverjum tíma.

Trúnaðarmenn Búnaðarfélags Íslands, sem fara um landið, mæla jarðabætur og leiðbeina bændum, vantar víða farartæki, og hafa sumir orðið að fara gangandi milli bæja, og má heita, að slíkt sé ógerningur, þótt orðið hafi við slíkt að hlíta.

Sþ. 222. Tillaga til þingsályktunar [118. mál]

um uppeldisheimili handa vangæfum börnum og unglingum.

Flm.: Soffía Ingvarsdóttir, Kristín Sigurðardóttir, Rannveig Þorsteinsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja nú þegar undirbúning að stofnun og starfrækslu uppeldisheimila handa vangæfum börnum og unglingum, sbr. 37. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 29/1947, og taka að þeim undirbúningi loknum upp í fjárlagafrumvarp þá fjárveitingu, sem nauðsynleg reynist vera í þessu skyni.

Greinargerð.

Eitt af nauðsynjamálum þjóðfélagsins eru ráðstafanir til hjálpar og viðreisnar börnum og unglingum, sem eru óviðráðanleg heimilum sínum, hafa gerzt brotleg við landslög eða eru á siðferðislegum glapstigum. Hið fyrsta til úrbóta á þessu sviði er að taka slík börn og ungmenni úr óhollu umhverfi og slæmum félagsskap. Fyrr meir var þrautalendingin að senda hið misheppnaða ungviði á góð sveitaheimili. Mörg þeirra urðu að nýjum og betri mönnum í breyttu umhverfi við fjölbreytt og þroskandi störf.

En hin síðari ár eru það staðreyndir, að ókleift hefur reynzt að koma nema litlum hluta þeirra barna og unglinga, sem lent hafa á einhvern hátt á glapstigum, í sveit. Fæst sveitaheimili hafa nú orðið tök á að bæta við sig slíkum heimilismönnum né kæra sig um það ýmissa orsaka vegna.

Að þessu athuguðu er sýnt, að brýna nauðsyn ber til, að komið sé hér upp uppeldisheimilum, fleiri eða færri, þar sem afbrigðileg börn og unglingar dveljist undir handleiðslu hæfra manna við nám og nytjastörf í hollu umhverfi. Í lögum um vernd barna og unglinga 1947 er gert ráð fyrir slíkum stofnunum. Nefnd, sem menntamálaráðherra skipaði árið 1949 til hjálpar og viðreisnar börnum á glapstigum, hefur skilað rökstuddu áliti um bráða nauðsyn á stofnun uppeldisheimila, bæði fyrir eldri og yngri drengi og fyrir unglingsstúlkur. Enn fremur upptökuheimili, þar sem aðstaða sé til fyrir sérfróða menn að rannsaka ástand og sálarlíf vangæfra barna og unglinga.

Stofnun slíkra heimila, fleiri eða færri, hefur nokkurn kostnað í för með sér, en sé þeim vel stjórnað og þau vel í sveit sett, ætti rekstur þeirra að meira eða minna leyti að geta staðið á eigin fótum. Krefst þetta mál mikils og góðs undirbúnings, sem þyrfti að hraða. Að beztu manna yfirsýn er hinn stærsti gróði þjóðfélagsins, ef takast má með skynsamlegum aðgerðum að bjarga mannsefnum, sem annars færu forgörðum sökum afbrota eða siðspillingar.

Sþ. 223. Nefndarálit [85. mál]

um till. til þál. um aukningu á dagskrárfé útvarpsins.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Ég hef ekki getað orðið sammála meiri hl. nefndarinnar um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. vill samþ. tillöguna lítið breytta og láta setja umrædda rannsóknarnefnd á ríkisútvarpið. Ég er samþykkur því, að skipuð verði rannsóknarnefnd til þess að gera ýtarlega athugun á rekstri ríkisútvarpsins, en ég tel sjálfsagt, að ríkisútvarpið sé ekki tekið eitt út úr af ríkisstofnunum til slíkrar rannsóknar, heldur verði jafnframt gerð hliðstæð rannsókn á fleiri ríkisstofnunum. Ég vil því gera þáltill. almenna og fela þeirri nefnd, sem falin yrði rannsóknin, að gera sem ýtarlegasta athugun á rekstri ýmissa ríkisfyrirtækja með sérstöku tilliti til þess, að þar verði komið á sparnaði.

Ég legg því til, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Tillgr. skal orða svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd til þess að athuga fjármál og rekstur ríkisstofnana með það fyrir augum að leiða í ljós, hvort ekki megi spara í útgjöldum þeirra og gera rekstur þeirra hagkvæmari.

2. Fyrirsögn till. verði:
Tillaga til þingsályktunar um nefnd til að rannsaka fjármál og rekstur ríkisstofnana.

Alþingi, 27. nóv. 1950.

Lúðvík Jósefsson.

Nd. 224. Breytingartillögur [24. mál]

við frv. til l. um aðstoð til bænda á óþurrkasvæðunum á Austur- og Norðurlandi.

Frá Finni Jónssyni og Erlendi Þorsteinssyni.

1. Við 1. gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
Jafnframt verði ríkisstjórninni, að undangenginni skjótri rannsókn, heimilað að verja allt að 1½ milljón króna til atvinnuaukningar og til aðstoðar við vélbátaútgerðina á Vesturlandi og Norðurlandi og til að afstýra neyðarástandi í þessum landshlutum vegna langvarandi aflabrests og atvinnuleysis.
2. Við fyrirsögn frv. bætist: og til atvinnuaukningar verkamanna og sjómanna á Vestur- og Norðurlandi.

Nd. 225. Frumvarp til laga [26. mál]

um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

I. KAFLI
Gildissvið laganna, tilkynningarskylda o. fl.

1. gr.

Lög þessi ná til sérhverrar starfrækslu, þar sem einn verkamaður eða fleiri vinna, eða notuð er orka, sem er eitt hestafl eða meira, hvort tveggja þó með þeim undantekningum, er greinir í lögum þessum.

Undanþegin lögum þessum eru:
1. siglingar, fiskveiðar og aðrar veiðar, þar með talin aðgerð á veiðinni á skipsfjöl, enda sé ekki um sérstök verksmiðjuskip að ræða,
2. loftferðir,
3. vinna í einkaíbúð vinnuveitanda, enda sé um algeng heimilisstörf að ræða,
4. allur almennur búrekstur.

Ráðherra getur þó, í samráði við öryggismálastjóra, mælt svo fyrir í reglugerð, að vélar og önnur áhöld og mannvirki, sem lög þessi ná ekki til, en ætla má að sérstök hætta geti stafað af, skuli vera háð því eftirliti, er lög þessi mæla fyrir um.

2. gr.

Verkamaður merkir í lögum þessum hvern þann mann, karl eða konu, sem vinnur utan heimilis síns í annars manns þjónustu.

Vinnuveitandi merkir í lögum þessum hvern þann mann, karl eða konu, sem hefur í þjónustu sinni einn eða fleiri verkamenn.

Sé fyrirtæki, sem lög þessi ná til, starfrækt af tveim mönnum eða fleiri í sameiningu, telst aðeins annar eða einn þeirra vinnuveitandi samkvæmt þessum lögum,

en hinn eða hinir teljast vera verkamenn, enda vinni þeir við fyrirtækið. Skal það tilkynnt öryggiseftirlitinu, hver sé talinn vinnuveitandi.

Framkvæmdastjóri félags telst vinnuveitandi í merkingu þessara laga.

Sé um opinberan rekstur að ræða, telst vinnuveitandi sá, er umsjón hefur með starfrækslunni, og skal það tilkynnt öryggiseftirlitinu, hver það er.

3. gr.

Sérhvert fyrirtæki, sem lög þessi ná til (sbr. 1. gr.), skal tilkynna öryggiseftirlitinu starfrækslu sína áður liðinn er hálfur mánuður frá því hún hófst. Tilkynningunni skulu fylgja fullnægjandi upplýsingar um starfræksluna, hvers konar og hve mikil orka er notuð, hve margir verkamenn vinni þar að jafnaði og annað það, er máli kann að skipta og krafizt verður. Ef notuð eru í fyrirtækinu efni, efnasambönd eða lofttegundir, sem hættleg teljast heilsu manna, skal fylgja um þau skrá frá trúnaðarlækni öryggiseftirlitsins.

Þegar gerð er breyting á fyrirtæki, skal senda öryggiseftirlitinu sams konar tilkynningu og um getur í 1. málsgr. þessarar greinar strax og breytingum er lokið.

Eigandi farandvélar skal tilkynna hana öryggiseftirlitinu, og þegar þess er óskað, láta því í té upplýsingar um, hvar vélin er í notkun.

4. gr.

Rísi ágreiningur milli öryggismálastjóra og vinnuveitanda um það, hvort lög þessi nái til starfrækslu, má skjóta ágreiningnum til ráðuneytisins, og kveður það upp úrskurð um hann.

II. KAFLI

Almenn ákvæði um tilhögun á vinnustað.

5. gr.

Vinnuveitanda ber að sjá um, að á vinnustað sé öllu svo fyrir komið, að verkamenn séu verndaðir gegn slysum og sjúkdómum eftir því, sem föng eru frekast til.

Vinnuveitanda ber að sjá svo um, að verkamenn fái vitneskju um, ef hætta fylgir störfum þeirra og á hvern hátt bezt sé að forðast hana. Sérstaklega skal leiðbeina óvönum verkamönnum, nemum og ungum verkamönnum í þessu efni.

6. gr.

Verkamenn skulu stuðla að því eftir megni, að allt, sem gert er til að vernda þá gegn slysum og sjúkdómum, komi að sem beztum notum, þeim ber og að stunda reglusemi og nauðsynlega varkárni á vinnustað.

Verkamenn skulu sérstaklega gæta þess, að vélar, verkfæri, áhöld og annar útbúnaður, sem notaður er við vinnuna, sé í góðu lagi, og skulu þeir lagfæra þá galla, sem á kunna að verða, í samráði við yfirmann sinn, ef unnt er.

Verði verkamaður fyrir slysi við vinnu sína, eða fái atvinnusjúkdóm, ber honum að tilkynna það yfirmanni sínum svo fljótt sem verða má. Eigi má taka upp þá vinnu á ný, fyrr en það hefur verið lagfært, sem kann að hafa verið í ólagi.

Þegar verkamönnum er ætluð sérstök matstofa, sem öryggiseftirlitið hefur viðurkennt, er þeim óheimilt að neyta matar síns annars staðar á vinnustað.

7. gr.

Trúnaðarmaður verkamanna (sbr. 45. gr.) skal reglulega líta eftir því, að allur öryggisútbúnaður sé í góðu lagi og hann notaður á réttan hátt. Verði hann var einhverra ágalla, skal hann tilkynna það vinnuveitanda. Verði trúnaðarmaðurinn þess var, að hægt sé að bæta um öryggisútbúnaðinn á einhvern hátt, ber honum að vekja athygli vinnuveitanda á því. Sömuleiðis skal trúnaðarmaðurinn vekja áhuga verkamanna á notkun alls þess, er til öryggis má verða, og leiðbeina þeim um allt það, er að öryggisútbúnaðinum lýtur.

Trúnaðarmaður skal, í samráði við verkstjóra, hafa gát á því, að óviðkomandi menn séu ekki á ferli á vinnustað.

8. gr.

Þegar um vinnu er að ræða, sem hefur í för með sér óvenjulega mikla hættu fyrir líf, limi eða heilbrigði verkamanna eða er óvenjulega erfið, getur ráðherra sett reglur í samráði við öryggismálastjóra um öryggisútbúnað umfram það, sem mælt er fyrir um í lögum þessum. Í þeim reglum geta verið ákvæði um takmörkun vinnutímans, að verkamenn innan 18 ára aldurs séu eigi látnir framkvæma verkið og eigi heldur verkamenn, sem hafi annaðhvort ekki nægilegt líkamlegt eða andlegt atgervi til vinnunnar.

9. gr.

Ráðherra getur ákveðið, í samráði við öryggismálastjóra, að fram fari reglubundin læknisskoðun verkamanna, enda sé ástæða til að ætla, að á þann hátt megi koma í veg fyrir eða hefta atvinnusjúkdóm til muna. Þegar svo stendur á, er vinnuveitandi skyldur til að gefa verkamönnum frí frá störfum, án skerðingar á kaupi, til þess að skoðun geti farið fram.

10. gr.

Ráðherra er heimilt, í samráði við öryggismálastjóra, að gefa út reglugerðir og aðrar reglur um tilhögun á vinnustað, starfsháttu og önnur atriði, er varða heilbrigði og velferð verkamanna, svo og um öryggisútbúnað til að forðast slys og sjúkdóma af völdum vinnunnar, allt innan þeirra takmarka, er lög þessi ákveða.

Ef vélar, verkfæri, áhöld og annar útbúnaður, sem notaður er við vinnuna, er þannig gerður, að nauðsynlegt sé að sannreyna styrkleika hans eða önnur gæði eða rannsaka hann á annan hátt, ber seljandinn eða eigandinn allan eða nokkurn hluta kostnaðarins af rannsókninni eftir nánari fyrirmælum ráðherra.

11. gr.

Sérhver, sem ætlar að reisa eða starfrækja meiri háttar verksmiðju eða verkstæði eða breyta eldra fyrirtæki, skal leita umsagnar öryggismálastjóra um, hvort hið fyrirhugaða skipulag sé í samræmi við lög þessi eða reglugerðir settar samkvæmt þeim. Í því skyni skal hann láta í té sundurliðaða greinargerð með nægilegum uppdráttum yfir fyrirkomulag véla og húsakynna og öðrum upplýsingum, er máli kunna að skipta, allt eftir því, sem öryggismálastjóri kann að krefjast. Ákveða skal í reglugerð, hver stærð verksmiðja og verkstæða skuli falla undir ákvæði þessarar greinar.

Vilji hlutaðeigandi ekki una úrskurði öryggismálastjóra, getur hann skotið máli sínu til úrskurðar ráðuneytisins.

III. KAFLI

Sérstakar reglur varðandi ráðstafanir til verndar heilbrigði og velferð verkamanna.

12. gr.

Um verksmiðjur og verkstæði gilda eftirfarandi ákvæði, enda séu þessi fyrirtæki starfrækt að staðaldri á sama stað:

1. *Lofthæð.* Þar, sem unnið er, skal eigi vera lægra undir loft en 2.5 m, en sé hiti mikill, raki, ryk, reykur, óþefur, eitraðar gastegundir, sprengifimar gastegundir eða annað þess háttar, sem eigi er hægt að fjarlægja, skal lofthæð vera a. m. k. 3 m.
2. *Loftrúm.* Við vinnu skal hver verkamaður hafa a. m. k. 15 m^3 loftrúm. Þó má minnka loftrúmið niður í 10 m^3 fyrir hvern verkamann, ef sérstök loftræsting er fyrir hendi, enda samþykki öryggismálastjóri það. En sé hins vegar óhjákvæmilega mikill hiti á vinnustaðnum, raki, ryk, reykur, óþefur, eitraðar

gastegundir, sprengifimar gastegundir eða annað þess háttar, getur öryggismálastjóri krafizt þess, að loftrúmið sé aukið allt upp í 25 m³. Þegar reiknað er út loftrúm, skal eigi taka tillit til hæðar, sem er yfir 4 m.

3. *Gólf.* Á vinnustað skulu gólfin vera úr því efni, er bezt hentar hverju sinni, og efnisvalið fara eftir vinnu þeirri, sem að er unnið.
4. *Þak, veggir og loft.* Á vinnustað skal þak, veggir og loft vera nægilega þétt og hlý. Málningu skal haldið vel við, þar sem málað er, en sé vinnustaðurinn kalkaður, skal kalka á hæfilegum fresti. Öryggismálastjóri getur bannað að nota veggfóður á loft og veggi, ef hann telur það óhentugt af heilbrigðis- eða hreinlætisástæðum.
5. *Lýsing.* Sérhver verkamaður skal hafa þá birtu við vinnu sína, er bezt hentar hverju sinni, svo að sjón hans sé ekki hætta búin.
6. *Hreingerning.* Vinnustaðir skulu vera tilhlýðilega hreinsaðir.
7. *Hiti.* Upphitun skal vera nægileg á vinnustað og í matstofu að dómi trúnaðarmanns verkamanna og öryggismálastjóra, og fari eftir því, hver vinna er stunduð.
8. *Drykkjarvatn.* Verkamenn skulu hafa aðgang að nægilegu og góðu drykkjarvatni, og skal svo vera um búið, að hægt sé að gæta nægilegs hreinlætis, þegar þess er neytt.
9. *Handþvottur og böð.* Á sérhverjum vinnustað skulu vera nægilega margar handlaugar eða annar hentugur útbúnaður með sápu eða öðru þvottaefni fyrir verkamenn til að þrífa sig. Skal handlaugum haldið tilhlýðilega hreinum. Handlaugarnar skulu vera í eða fast við búningsherbergi, ef það er fyrir hendi, en annars í vinnuherbergi. Telji öryggismálastjóri það nauðsynlegt af þrifnaðar- eða heilbrigðisástæðum, getur hann krafizt þess, að heitt vatn sé tiltækilegt til notkunar við þvottinn. Af sömu ástæðum getur hann krafizt þess, að sérstök bað- eða þvottaherbergi séu til afnota, og eru verkamenn þá skyldugir að nota þau.
10. *Fatageymsla.* Þegar vinnu er þannig háttað, að nauðsynlegt er að hafa fataskipti áður en vinna hefst og að henni lokinni, skal verkamönnum veitt viðunandi aðstaða til þess, m. a. að því leyti, að hægt sé að geyma fatnaðinn svo að vel fari.
11. *Vinnufatnaður.* Verkamenn skulu vera í vinnufötum, sem vel henta fyrir vinnuna. Kveða skal á um það í reglugerð, við hvaða störf ákvæði þessa töluliðs skuli gilda.
12. *Matstofa og dvalarstofa.* Verkamenn skulu, eftir því sem við verður komið, hafa aðgang að matstofu eða öðrum hentugum stað til að matast. Þar skal vera hægt að hita upp mat og drykk. (Sbr. enn fremur síðustu málsgr. 6. gr.).
13. *Salerni.* Hæfilega mörg salerni skulu vera til afnota fyrir verkamenn. Þau skulu vera nálægt vinnustað og tilhlýðilega frá þeim gengið. Þar sem 5 kvenmenn eða fleiri vinna að staðaldri, skal þeim ætlað sérstakt salerni.
14. *Stólar.* Þegar verkamönnum er ætlað að vinna sitjandi, skulu þeir hafa til afnota hentuga stóla. Sé þeim hins vegar ætlað að vinna standandi, má krefjast þess, að þeir fái til afnota sæti, sem þeir geta notað, þegar tækifæri gefst við vinnuna.
15. *Loftræsting.* Á vinnustað skal andrúmsloftið endurnýjað nægilega og á þann hátt, er bezt hentar viðkomandi starfrækslu. Þó skal þess gætt, að skaðlegur súgur sé ekki, þar sem unnið er.
16. *Reykur, gufa, eitraðar og sprengifimar gastegundir o. fl.* Gastegundir, sem óhollusta eða sprengihætta stafar af, svo og reykur, gufa, hitasvækja og óþefur, sem myndast í einstökum vinnustofum, skal leitt burt frá stað þeim, þar sem það myndast, eftir því sem frekast er unnt, en þess ætíð gætt, að það berist ekki í aðrar vinnustofur. Þar sem ekki er hægt að komast hjá óhreinindum í andrúmsloftinu, sem hætta stafar af, skal verja verkamenn gegn áhrifum

þeirra á viðeigandi hátt. Verkamenn skal verja eftir megni gegn áhrifum mikils hita.

17. *Skaðlegur raki.* Ef vinnuaðferðin hefur í för með sér, að hið venjulega rakastig loftsins breytist til muna, skulu gerðar viðeigandi ráðstafanir til verndar verkamönnum gegn áhrifum rakans.
18. *Ryk.* Aðferðum við vinnuna skal eftir mætti hagað þannig, að ryk myndist ekki. Verði ekki hjá því komizt, að ryk berist í andrúmsloftið, skulu gerðar ráðstafanir til verndar verkamönnum gegn skaðlegum áhrifum þess.
19. *Eitruð efni og önnur efni hættuleg heilsu manna.* Alls staðar þar, sem framleidd eru eitruð efni eða önnur efni, sem eru hættuleg heilsu manna, slík efni myndast, eru notuð, vegin, búið er um þau eða með þau farið á annan hátt, skulu gerðar ráðstafanir til verndar verkamönnum gegn skaðlegum áhrifum þeirra. Sé þess nokkur kostur, skal nota miður hættuleg efni eða hættulaus efni í stað hinna hættulegu, enda hafi það ekki verulegt óhagræði í för með sér fyrir starfræksluna. Í samráði við öryggismálastjóra getur ráðherra bannað framleiðslu eða notkun sérstaklega hættulegra efna eða sett þau skilyrði fyrir leyfi á notkun þeirra, að sérhvert ílát eða umbúðir, sem efnin eru í hrein eða blönduð öðrum efnum, beri þess greinileg merki.
20. *Smithætta.* Ef sérstök hætta er á, að verkamenn geti smitazt af sjúkdómum við vinnu sína, skulu gerðar nauðsynlegar ráðstafanir til að verja þá smitun.
21. *Hlífðarútbúnaður verkamanna o. fl.* Verkamönnum skal látinn í té sérstakur hlífðarútbúnaður, svo sem grímur, hanzkar, gleraugu, eyrnahlífar og öndunaráhöld, þeim til varnar gegn skaðlegum áhrifum, ef ekki er á annan hátt hægt að verja þá gegn þeim. Kostnaðinn af slíkum hlífðarútbúnaði ber vinnuveitandinn. Verkamönnum ber að nota þennan hlífðarútbúnað, þegar þeir eru við slíka vinnu.
22. *Náttból.* Ef vinnustaður er svo afskekktur, að örðugt sé fyrir verkamenn að útvega sér náttból, skal vinnuveitandi láta verkamönnum í té tilhlýðilegan og ef þörf krefur upphitaðan næturdvalarstað, þar sem karlar og konur geta dvalið hvort í sínu lagi.

13. gr.

Eigi vinnuveitandi að sjá verkamönnum fyrir húsnæði, skal það vera nægilega rúmgott og vandað, að dómi öryggismálastjóra.

14. gr.

Ef vinna fer fram að nokkru eða öllu leyti undir berum himni, í opnum skúrum, undir hlífðarþaki eða á annan svipaðan hátt, gilda ákvæði 12. gr. þessara laga að svo miklu leyti, sem við getur átt.

15. gr.

Um starfrækslu, sem ákvæði 12. gr. þessara laga ná ekki til, t. d. byggingavinnu, fermingu og affermingu skipa, mannflutninga og aðra flutninga, matsölustaði, gistihús, skemmtistaði, landbúnað og garðyrkju, ákveður ráðherra samkvæmt tillögum öryggismálastjóra, að hve miklu leyti ákvæði 12. gr. skuli ná til slíkrar starfrækslu.

Rísi ágreiningur um það, hvort einhver starfræksla falli undir ákvæði 12. gr. eða þessarar greinar, sker ráðuneytið úr ágreiningnum.

IV. KAFLI
Ráðstafanir til að verjast slysum.

16. gr.

Byggingar allar og önnur mannvirki, sem lög þessi ná til, svo og vélar, verkfæri, áhöld og annar útbúnaður skal vera tryggilega gerður, og skal hann notaður og honum haldið við á tilhlýðilegan hátt. Þar sem byggingarsamþykktir eru í gildi,

skal farið eftir ákvæðum þeirra, enda séu ekki gerðar strangari kröfur í lögum þessum. Ef nauðsynlegt er, skal vinnuveitandi láta fram fara rannsókn á því, hvort frágangur sé tryggilegur.

Þegar fyrirkomulag bygginga og annarra mannvirkja er ákveðið, skal þess gætt, að gangar, stigar og útgöngudyr séu nægilega greiðfærar, ef eldsvoða ber að höndum. Hættulegar gryfjur, skurðir og annað þess háttar skal vera nægilega varið. Gólfum skal haldið þannig við, að ekki sé sérstök hætta við falli á þeim. Hvarvetna þar sem umferð er, skal vera séð fyrir nægilegri birtu.

Útbúnaður, sem gerður er til varnar slysum, skal vera eins hentugur og frekast eru föng á og settur upp á réttan hátt. Honum skal haldið nægilega vel við.

17. gr.

Enginn framleiðandi eða seljandi má láta af hendi vélar, vélahluta, verkfæri, áhöld eða annan útbúnað, sem lög þessi ná til, nema ákvæðum laga þessara og reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim, sé tryggilega fullnægt, og skal allur nauðsynlegur öryggisútbúnaður fylgja vélunum.

Sá, sem setur upp vélar, vélahluta, verkfæri, áhöld eða annan útbúnað, sem lög þessi ná til, ber ábyrgð á því, að ákvæðum laga þessara og reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim, sé fullnægt.

Ákvæði 1. og 2. málsgr. þessarar greinar skerða þó á engan hátt ábyrgð þá, sem hvílir á vinnuveitanda samkvæmt lögum þessum.

Ráðherra getur ákveðið, að hver sá, sem lætur af hendi aflvélar, verkfæri eða annan útbúnað, sem lög þessi ná til, skuli tilkynna það öryggismálastjóra. Lætur öryggiseftirlitið þá í té ókeypis eyðublöð fyrir tilkynningarnar.

Raforkuver skulu láta öryggiseftirlitinu í té upplýsingar um sölu þeirra á raforku, eftir nánari fyrirmælum ráðherra.

18. gr.

Á sérhverjum vinnustað, sem lög þessi ná til, skal vera tiltækilegur útbúnaður til hjálpar í viðlögum, og skal útbúnaðurinn vera í samræmi við nánari fyrirmæli öryggismálastjóra. Sömuleiðis getur öryggismálastjóri krafizt þess af stærri fyrirtækjum, að þau búi út sérstakar slysastofur eftir nánari fyrirmælum hans.

Í fyrirtækjum, þar sem slysahætta er veruleg, skal einn eða fleiri af verkamönnunum hafa tekið þátt í námskeiði í hjálp í viðlögum, og hafi þá sá eða þeir verkamannanna einir umráð yfir útbúnaði þeim, sem er fyrir hendi til hjálpar í viðlögum.

19. gr.

Sérhver vél, allur búnaður hennar, undirstöður og festing skal vera fulltraust og þannig frá öllu gengið, að notkun vélarinnar hafi sem minnsta slysahættu í för með sér. Ef nauðsynlegt er, skal vélin vera með hentugum öryggisbúnaði, sem byggður sé með henni, sé þess nokkur kostur.

Ef öryggismálastjóri telur það nauðsynlegt af öryggisástæðum, getur hann krafizt þess, að þannig sé frá vél og öryggisbúnaði hennar gengið, að eigi sé hægt að nota vélina, nema öryggisbúnaður hennar sé í fullu lagi.

Eigi má taka öryggisbúnað af vél meðan hún er í notkun.

Gangar ætlaðir til umferðar í vélarúmum eða öðrum stöðum, þar sem vélar eru í notkun, skulu vera svo breiðir og háir, að umferð þar sé hættulaus. Önnur bil milli véla skulu vera lokuð, meðan önnur hvor eða báðar vélarnar eru í gangi, og á þann hátt, er öryggismálastjóri kann að segja fyrir um.

Meðan vél er í gangi má eigi leggja á hana reim, snúru eða annað þess háttar, hreinsa hana, smyrja eða gera annað svipað við hana, nema það sé óumflýjanlega nauðsynlegt og þá því aðeins, að gætt sé ýtrustu varkárni, t. d. þess, að viðkomandi verkamaður sé eigi þannig klæddur, að fötin auki hættuna.

Þegar eigi verður hjá því komizt, t. d. vegna viðgerðar eða annars þess háttar, að unnið sé nálægt eða við hættulegar vélar, skal þeim haldið kyrrum og þannig vera frá þeim gengið, að þær verði eigi settar í gang, unz vinnunni er lokið.

Eigi má nota hanzka, vettlinga eða annað þess háttar við vörzlu véla, ef það kann að auka slysahættu.

20. gr.

Aflvélar skulu vera þannig gerðar, að ræsa megi þær hættulaust, sé gætt venjulegrar varkárni. Öryggismálastjóri getur sett nánari reglur um þetta atriði.

Þegar vélar eru tengdar aflvélinni, má ekki ræsa hana, fyrr en gefið hefur verið greinilegt merki um það, og skal merkið heyrast alls staðar þar, sem þess er þörf. Frá þessu ákvæði getur öryggiseftirlitið gefið undanþágu, ef slysahætta eykst ekki við það að þess áliti.

21. gr.

Frá öllum drifbúnaði skal tryggilega gengið og settar um hann hlífar allt eftir nánari fyrirmælum öryggismálastjóra.

22. gr.

Frá vinnuvélum skal þannig gengið, að hægt sé að stöðva þær fljótt og hættulaust frá vinnustað, enda telji öryggiseftirlitið þá varúðarráðstöfun ekki ónauðsynlega.

Ef vinnuvél er reimknúin frá hreyfli eða drifás og ekki er hægt að ræsa, þegar vinnuvélin er í tengslum, skal vera þannig frá henni gengið, að hún verði á öruggan hátt tekin úr tengslum með búnaði, er öryggismálastjóri samþykkir.

23. gr.

Ílát með gufu eða öðrum gastegundum, sem eru með yfirþrýstingi, skulu vera nægilega sterk og þannig frá þeim gengið að öðru leyti, að sem minnst hætta stafi af þeim. Sérstaklega skal þess gætt, að þrýstingsaukning í þeim hafi ekki verulega aukna hættu í för með sér.

24. gr.

Gæzlu gufukatla og suðukatla, sem eru með yfirþrýstingi, má aðeins fá í hendur reglumönnum og áreiðanlegum mönnum, sem eru fullra 18 ára að aldri.

Sá, sem stendur fyrir gæzlu eða gætir á eigin ábyrgð gufuketils með hitafleti, sem er 30 m² eða meira, skal hafa vélstjórapróf eða hafa notið annarrar menntunar, sem ráðherra, í samráði við öryggismálastjóra, telur fullnægjandi.

Þeir, sem gæta á eigin ábyrgð annarra gufukatla en þeirra, er getur í 2. málsgr. þessarar greinar, þurfa að hafa notið þeirrar menntunar, er öryggismálastjóri tekur gilda, eða að sanna á annan hátt fyrir honum kunnáttu sína, t. d. með því að ganga undir próf hjá honum eða fulltrúa hans.

Verði gæzlumaður gufuketils sannur að sök um óreglu í starfi eða vítaverða óvarkárni, getur öryggismálastjóri svipt hann rétti til gæzlu gufuketils. Úrskurði öryggismálastjóra má áfrýja til ráðuneytisins.

Ef ómögulegt er af óviðráðanlegum ástæðum að útvega til gæzlu gufuketils mann, sem hefur réttindi til þess, getur vinnuveitandi falið gæzluna manni, sem hann telur vel til þess fallinn, enda þótt hann hafi eigi rétt til gæzlu gufuketils. Þessi ráðstöfun skal strax tilkynnt öryggiseftirlitinu, og tekur það ákvörðun um, hversu lengi hún megi haldast. Eigi má haga gæzlu gufuketils eins og segir í þessari málsgrein lengur en hálfan mánuð, nema samþykki öryggismálastjóra komi til.

Ráðherra getur, samkvæmt tillögum öryggismálastjóra, veitt undanþágur frá ákvæðum þessarar greinar fyrir einstaka gufukatla eða sérstakar gerðir gufukatla.

25. gr.

Ker og önnur ílát, sem soðið er í eða brætt, svo og ílát með ætandi efnum eða öðrum hættulegum efnum, skulu vera þannig útbúin og þannig frá þeim gengið, að hættan af þeim sé svo lítil, sem verða má.

26. gr.

Lyftitæki, gálgar, hengibrautir og önnur slík verkfæri skulu vera sterkbyggð og þannig gerð, að sem minnst hætta stafi af þeim fyrir verkamenn. Á þeim skal sérstaklega athuga:

1. hvort allir burðarhlutar (útleggjarar, keðjur, strengir og annað þess háttar) séu nægilega sterkir og sé vel haldið við;
2. að ofhleðsla eigi sér ekki stað;
3. að byrðin sé fest og losuð á öruggan hátt, og
4. að byrðin setji mann ekki í hættu, meðan hún er á lofti.

Um fermingu og affermingu skipa gilda eftirfarandi sérstök ákvæði: Á flutningsstykki, sem eru 1000 kg að þyngd með umbúðum eða meira og fermd eru í íslenzkri höfn, skal þunginn vera greinilega merktur og þannig, að merkingin máist ekki brátt af. Sé ómögulegt eða illgerlegt að ákveða þungann nákvæmlega, getur öryggiseftirlitið leyft, að ágizkaður þunginn sé merktur á umbúðirnar. Að öðru leyti setur ráðherra reglur um fermingu og affermingu skipa í samræmi við ákvæði þessara laga.

27. gr.

Sé hætta á falli húsa, reykháfa, brúa, geyma eða annarra mannvirkja, falli eða skriðufalli moldarbakka, sands, malar, vörustafla eða annars þess háttar, skal gera nauðsynlegar öryggisráðstafanir, svo að eigi sé hætta á slysum á mönnum.

Þegar unnið er í brunnum, námum, gryfjum, kötlum, geymum eða öðru þess háttar, sömuleiðis þegar unnið er með eitruð efni, sprengifim efni eða efni, sem eru hættuleg á annan hátt, skal gera nægilegar öryggisráðstafanir, svo að eigi sé hætta á, að menn kafni, eitrist, verði fyrir slysi af völdum sprengingar eða slasist á annan hátt.

28. gr.

Ef eigi er hægt að veita verkamönnum nægilega vernd gegn slysum eða sjúkdómum með öðrum hætti, skal gera sérstakar öryggisráðstafanir, þar sem því verður við komið, t. d. nota hentugasta fatnað, öryggisbelti eða hlífðarútbúnað þann, sem nefndur er í 21. tölulið 12. greinar.

Verkamenn eru skyldir að nota þann öryggisútbúnað, sem nefndur er í 1. málsgrein þessarar greinar, þegar þeir þarfnast hans við vinnu sína.

29. gr.

Komi fyrir slys á vinnustað, svo að dauði verkamanns hljótist af, eða verði verkamaður fyrir slysi, sem er þess eðlis, að gera megi ráð fyrir að dómi læknis, að Almannatryggingarnar verði bótaskyldar, skal vinnuveitandi tilkynna það öryggiseftirlitinu svo fljótt, sem verða má, og eigi síðar en að einum sólarhring liðnum. Öryggiseftirlitið skal láta framkvæma rannsókn á orsökum slyssins.

Verði verkamaður veikur af sjúkdómi, sem stafar af atvinnu hans, skal tilkynna það á sama hátt og þegar um slys er að ræða (sbr. 1. málsgr. þessarar greinar).

30. gr.

Hafi læknir verkamann til lækninga, sem þjáist af atvinnusjúkdómi (sbr. 49. gr. laga nr. 50/1946, um almannatryggingar), skal læknirinn tilkynna sjúklinginn og sjúkdóminn til héraðslæknis, er síðan tilkynnir það öryggiseftirlitinu.

Ráðherra setur, í samráði við öryggismálastjóra, nánari reglur um ákvæði 1. málsgr. þessarar greinar. Þar getur hann og ákveðið, að tilkynningarskyldan nái til fleiri sjúkdóma en þeirra, er 1. málsgr. þessarar greinar nær til, enda geti þeir stafað af aðbúnaði á vinnustað eða öðru, er vinnuna snertir.

V. KAFLI
Lágmarkshvíldartími verkamanna o. fl.

31. gr.

Vinnu skal þannig hagað, að sérhver verkamaður geti notið samfelldrar hvíldar frá vinnu sinni, er eigi sé skemmri en 8 klst. á sólarhring.

Ákvæði 1. málsgreinar þessarar greinar ná þó eigi til:

1. hvers konar björgunarstarfs;
2. björgunar hvers konar framleiðslu frá skemmdum;
3. annars konar vinnu, sem ráðherra, í samráði við öryggismálastjóra, kann að tiltaka í reglugerð.

Þegar undantekningarákvæði 2. málsgr. þessarar greinar eru í gildi, skal haga vinnu þannig, að verkamenn geti notið samanlagðs lágmarkshvíldartíma á þrem sólarhringum.

32. gr.

Bifreiðarstjórar, sem að staðaldri flytja fólk, og stjórnendur þeirra véla, sem mönnum getur stafað sérstök hætta af, skulu ekki hafa lengri vinnutíma en 12 klst. á sólarhring.

33. gr.

Meðan vinna stendur yfir skulu verkamenn fá hæfilega langa hvíldartíma með hæfilegu millibili. Getur ráðherra, í samráði við öryggismálastjóra, gefið út nánari reglur um ákvæði þessarar greinar.

VI. KAFLI
Eftirlit með framkvæmd laganna.

34. gr.

Eftirlit með því, að ákvæðum laga þessara og reglugerða settum samkvæmt þeim sé framfylgt, hefur sérstakt öryggiseftirlit, sem stjórnað er af öryggismálastjóra. Ráðherra skipar öryggismálastjóra og fasta starfsmenn öryggiseftirlitsins.

Ráðherra setur öryggiseftirlitinu starfsreglur.

35. gr.

Fastir starfsmenn öryggiseftirlitsins eru öryggismálastjóri, öryggiseftirlitsmaður, skoðunarmenn og annað starfsfólk skrifstofu eftirlitsins, og taka þeir laun samkvæmt launalögum, en ráðherra ákveður umdæmisskoðunarmönnum (sbr. 37. gr.) þóknun fyrir störf þeirra.

Öryggiseftirlitið hefur samráð við hlutaðeigandi héraðslækni í öllum málum, er snerta heilbrigði verkamanna.

Trúnaðarlæknir öryggiseftirlitsins er kennari við Háskóla Íslands í heilsufræði.

Eigi mega starfsmenn öryggiseftirlitsins hafa eftirlit í fyrirtækjum, þar sem þeir hafa fjárhagslegra hagsmuna að gæta.

36. gr.

Öryggismálastjóri og öryggiseftirlitsmaður skulu vera véla- eða efnafræðingar, en skoðunarmenn skulu færa sönnur á, að þeir hafi nægilega þekkingu að dómi öryggismálastjóra.

Ákvæði 1. málsgr. þessarar greinar koma þó ekki til framkvæmda að því er snertir núverandi starfsmenn véla- og verksmiðjueftirlitsins.

37. gr.

Ráðherra skiptir landinu í eftirlitsumdæmi í samráði við öryggismálastjóra og skipar skoðunarmenn í hvert þeirra. Umdæmisskoðunarmenn eru umboðsmenn

öryggiseftirlitisns hver í sínu umdæmi, og framkvæma þeir vandaminni skoðanir undir eftirliti öryggiseftirlitsmanna og öryggismálastjóra.

38. gr.

Þar sem slysahætta er mikil eða vinna þess eðlis, að sérstök hætta er á, að verkamenn bíði tjón á heilsu sinni, skal starfræksla skoðuð reglulega samkvæmt nánari ákvörðun öryggismálastjóra. Önnur starfræksla skal skoðuð, þegar öryggiseftirlitið álítur þess þörf eða ef sérstakt tilefni er til, t. d. vegna breytinga, slysa, er orðið hafa, eða samkvæmt beiðni. Öll stærri fyrirtæki skulu þó skoðuð a. m. k. einu sinni á ári.

Starfsmenn öryggiseftirlitsins skulu fylgjast með því eftir föngum, að lög þessi séu haldin, en jafnframt skulu þeir beita áhrifum sínum í þá átt, að samvinna takist milli vinnuveitenda, verkstjóra og verkamanna til eflingar aukinnar varkárni sérhvers verkamanns, að öryggisútbúnaður og aðrar ráðstafanir til aukins öryggis komi að sem beztu gagni og að umbætur verði gerðar á öryggisútbúnaði. Verkamönnum og trúnaðarmönnum þeirra er heimilt að bera fram kvartanir við öryggiseftirlitið og gera tillögur til umbóta á öryggisútbúnaði. Sé trúnaðarmönnum verkamanna kunnugt um, að eigi sé farið eftir ákvæðum laga þessara, er þeim skylt að tilkynna það öryggiseftirlitinu. Með allar slíkar umkvartanir eða tilkynningar skal fara sem trúnaðarmál.

39. gr.

Öryggiseftirlitið skal beita sér fyrir rannsóknum á útbreiðslu atvinnusjúkdóma og vinna að útrýmingu þeirra.

Trúnaðarlæknir er öryggiseftirlitinu til aðstoðar í öllum þeim málum, sem snert geta heilbrigði verkamanna, og leita skal álits hans áður en læknisskoðun er fyrirskipuð samkv. 9. gr. þessara laga.

Ráðherra setur, í samráði við öryggismálastjóra, nánari reglur um starfssvið trúnaðarlæknisins.

40. gr.

Öllum starfsmönnum öryggiseftirlitsins skal hvenær sólarhrings sem er heimill frjáls aðgangur að sérhverjum vinnustað, sem lög þessi ná til, enda geri þeir vinnuveitanda ekki ónæði utan venjulegs vinnutíma, nema nauðsyn krefji. Þeim er heimilt að krefjast nauðsynlegra upplýsinga starfi sínu viðkomandi af vinnuveitanda og sérhverjum verkamanni, sem er í vinnu eða hefur verið í vinnu einhvern tíma síðustu þrjá mánuði. Þeim er og heimilt að skoða skjöl þau og skilríki, sem eiga að vera fyrir hendi samkvæmt þessum lögum.

Starfsmenn öryggiseftirlitsins mega ekki nota aðstöðu sína til að afla sér annarra upplýsinga um starfræksluna en þeirra, sem eru nauðsynlegar eða kunna að verða nauðsynlegar vegna eftirlitsins. Eigi mega þeir heldur láta öðrum í té upplýsingar um starfræksluna, verkamenn eða aðra aðila, ef þeir hafa fengið vitneskjuna vegna eftirlits síns og ástæða er til að ætla, að henni skuli haldið leyndri.

41. gr.

Ef öryggiseftirlitið hefur krafizt þess með hæfilegum fyrirvara af einhverju fyrirtæki, að öryggisútbúnaður verði lagfærður eða nýjum öryggisútbúnaði komið fyrir og lagfæringin hefur eigi verið gerð, þegar frestur sá er liðinn, sem öryggiseftirlitið hefur gefið til framkvæmdanna, getur öryggismálastjóri látið framkvæma lagfæringarnar á kostnað fyrirtækisins. Slíkan kostnað má innheimta jafnhliða opinberum gjöldum, og fylgir lögtaksréttur þeim kröfum.

Telji öryggiseftirlitið sérstaka hættu á ferðum fyrir líf eða heilbrigði verkamanna eða annarra, getur það krafizt þess, að strax sé bætt úr því, sem ábótavant er, eða látið hætta vinnu í þeim hluta starfrækslunnar, sem þannig er á sig kominn.

42. gr.

Ákvörðunum öryggismálastjóra skv. 41. gr. þessara laga má innan hálfs mánaðar áfrýja til ráðherra, sem kveður upp úrskurð um deiluefnið.

Áfrýjun samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar frestar ekki framkvæmd aðgerða eftir ákvæðum 2. málsgr. 41. gr. þessara laga.

43. gr.

Öryggismálastjóri gerir útdrátt úr þessum lögum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, og skal verkamönnum gert auðvelt að kynna sér efni þeirra.

Öryggismálastjóri getur fyrirskipað vinnuveitanda að festa upp greinilegar aðvaranir á stöðum, þar sem sérstök nauðsyn er vegna slysahættu eða annars, er lög þessi varðar.

44. gr.

Læknar og sjúkrahús skulu tilkynna héraðslækni alla sjúklinga, sem eru til lækninga hjá þeim og eru með sjúkdóma, sem stafa eða kunna að stafa af atvinnu þeirra, en héraðslæknir gerir öryggiseftirlitinu síðan aðvart. Ráðherra setur, í samráði við landlækni og öryggismálastjóra, nánari reglur um tilkynningarskyldu þessa.

45. gr.

Í hverju fyrirtæki, þar sem 5 verkamenn eða fleiri vinna að staðaldri, er þeim heimilað að velja sér trúnaðarmann, er viðurkenndur sé af vinnuveitanda.

Trúnaðarmaður verkamanna skal fylgjast með starfstilhögun í fyrirtækinu í samráði við vinnuveitanda og líta eftir, að haldnar séu settar reglur um öryggisútbúnað og hollustuhætti. Vinnuveitandi og verkstjórar skulu ráðgast við trúnaðarmann um allt það, er snertir öryggi verkamanna við vinnu og annan aðbúnað þeirra.

Hafi trúaðarmaður verkamanna kvartað við vinnuveitanda eða verkstjóra um eitthvert atriði, er snertir öryggi verkamanna við vinnu og annan aðbúnað þeirra, skal trúnaðarmanninum tilkynnt að hæfilegum tíma liðnum, hvað gert verður vegna umkvörtunarinnar.

Öryggiseftirlitsmenn skulu jafnan leita upplýsinga um viðkomandi fyrirtæki hjá trúnaðarmanni verkamanna, þegar litið er eftir fyrirtækinu, en trúnaðarmaður er skyldur að gefa eftirlitsmönnum þær upplýsingar um fyrirtækið, er hann getur í té látið og snerta öryggi verkamanna við vinnu eða hollustuhætti.

Trúnaðarmaður verkamanna nýtur þeirrar verndar, sem ákveðin er í 11. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

46. gr.

Vinnuveitendum, verkstjórum og trúnaðarmönnum verkamanna skulu látin í té ókeypis lög þessi sérprentuð og reglugerðir, sem settar verða samkvæmt þeim, eftir því sem við á.

47. gr.

Þar, sem starfsemi fer fram við gildistöku laga þessara, er að einhverju leyti fer í bága við ákvæði þeirra, skal öryggismálastjóra með samþykki öryggisráðs heimilt að veita frest um ákveðinn tíma til að koma því í lag, sem ábótavant kann að reynast.

VII. KAFLI

Eftirlitsgjald.

48. gr.

Til að standast kostnað af framkvæmd laga þessara skulu eigendur þeirra fyrirtækja, er lög þessi ná til, greiða árlega í ríkissjóð eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá, er ráðherra setur í samráði við öryggismálastjóra. Eftirlitsgjaldið skal miðað við orkunotkun og vélafjölda fyrirtækis eða fjölda verkamanna, sem

vinna í fyrirtækinu, eða hvort tveggja, rúmmál húsa í smíðum, magn þeirrar vöru, sem flutt er úr eða í skip, stærð íbúðarskýla verkamanna og vinnustofa án véla, og enn fremur skal greiða skrásetningargjald nýrra véla miðað við innkaupsverð þeirra. Eftirlitsgjaldið innheimtist jafnhliða opinberum gjöldum, og fylgir því lögtaksréttur.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. þessara laga er ráðherra heimilt, í samráði við öryggismálastjóra, að undanþiggja þá starfrækslu eftirlitsgjaldinu, þar sem fimm verkamenn eða færri vinna, eða notuð er orka, sem eigi fer fram ár 3 hö, enda sé vinnu þannig háttað, að eftirlit sé miður nauðsynlegt.

VIII. KAFLI
Refsiákvæði.

49. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum frá 50—5000 krónum, nema þyngri hegning liggi við að öðrum lögum. Sektirnar renna í ríkissjóð.

50. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim skal farið sem almenn lögreglumál.

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

51. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 24 7. maí 1928, um eftirlit með verksmiðjum og vélum, lög nr. 102 3. maí 1935, um viðauka við lög nr. 24 frá 7. maí 1928, um eftirlit með verksmiðjum og vélum, og lög nr. 72 7. maí 1940, um breyting á lögum nr. 24 7. maí 1928, um eftirlit með verksmiðjum og vélum.

52. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 226. Tillaga til þingsályktunar [119. mál]

um athugun á fjárþörf landbúnaðarins.

Flm.: Ingólfur Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni:

1. Að láta fara fram nákvæma rannsókn á, hversu mörg íbúðarhús í sveit þarf að endurbyggja næstu 5 ár.
2. Að láta á sama hátt rannsaka og gera áætlun um, hversu miklu fjármagni þarf að verja næstu 5 ár til peningshúsa og annarra bygginga tilheyrandi landbúnaðinum.
3. Að rannsaka, hversu miklu fjármagni þarf að verja til ræktunarframkvæmda næstu 5 ár, miðað við, að allur heyfengur verði tekinn af ræktuðu landi (túnum eða áveitulöndum) eftir þann tíma.
4. Að láta fram fara athugun á, hversu mikið fjármagn þarf til raforkudreifingar og virkjana næstu 10 ár, miðað við, að flest sveitabýli á landinu hafi fengið rafmagn að þessum tíma loknum.

Greinargerð.

Um það verður ekki deilt, að miklar framfarir hafa orðið í landbúnaðinum síðustu árin. Húsakostur hefur stórum batnað, samgöngubætur orðið miklar og ræktun aukizt mikið. Rafmagn er og komið í ýmsar sveitir, og er það ekki þýðingarminnst. Skylt er að viðurkenna það, sem vel hefur tekizt, og ekki væri rétt að gera lítið úr framförum síðustu ára á sviði landbúnaðarins fremur en í öðrum greinum þjóðlífsins. En eins og að líkum lætur er mikið eftir ógert og margt, sem kallar eftir skjótri lausn.

Þannig eru enn í sveitum landsins margir bæir, sem eru lélegir mannbústaðir og verður að endurbyggja mjög fljótt. Það er nauðsynlegt að fá strax yfirlit um fjölda slíkra sveitabæja, svo að mögulegt verði að gera sér fulla grein fyrir lánaþörfinni á þessu sviði. Það mun vera regla hjá Búnaðarbankanum að lána allt að 45 þús. kr. til byggingar íbúðarhúss í sveit, ef sæmilega er til þess vandað. Algengustu íbúðarhús, sem nú eru byggð í sveitum landsins, munu kosta ca. 100 þús. kr. Það er því ljóst, að 45 þús. kr. er allt of lágt lán fyrir allan þorra bænda, og hafa því margir, sem neyðast til að byggja á þessum tímum, orðið fyrir miklum erfiðleikum vegna byggingarkostnaðarins. Með því að fá yfirlit um þann fjölda íbúðarhúsa, sem verður að byggja í sveitum á næstunni, er hægt að gera sér ljósa fjárþörf byggingarsjóðsins, með tilliti til þess, að lánað verði allt að 75% af byggingarkostnaði húsanna, eins og lög sjóðsins heimila.

Ræktunarsjóður hefur lánað út á útihúsabyggingar og ræktunarframkvæmdir. Hefur sá sjóður ekki getað fullnægt þörfum bænda. Hefur þó verið nokkru rýmra þar en hjá byggingarsjóðnum.

Með því að safna gögnum um nauðsynlegar framkvæmdir á sviði ræktunar og útihúsabygginga er hægt að leiða í ljós, hvað mikið þarf að auka framlög til ræktunarsjóðs, til þess að hann geti gegnt hlutverki sínu.

Eðlilegast er, að ríkisstjórnin feli Búnaðarfélagi Íslands að safna gögnum viðvíkjandi 1.—3. lið tillögunnar.

Um 4. lið tillögunnar er það að segja, að raforkumálaskrifstofan ætti að hafa möguleika á að gera nokkuð fljótt þá útreikninga og áætlanir, sem þar er farið fram á.

Undanfarin ár hefur mikið verið gert í rafmagnsmálunum og mörg heimili fengið rafmagn, sem höfðu tæplega gert sér vonir um þau þægindi í náinni framtíð. En þau heimili eru miklu fleiri, sem ekkert hafa af kostum rafmagnsins að segja. Það fólk ber fram réttmætar óskir til Alþingis og ríkisstjórnar, að nú verði ekki staðar numið á þeirri framfaraleið, sem lögð var á Alþingi 1942 með stofnun raforkusjóðs og haldið hefur verið áfram á, samkvæmt raforkulögunum. Með því að gera heildaráætlun um kostnað við nauðsynlegar virkjanir og dreifingu um þær byggðir landsins, sem til greina koma, verður ljóst, hvað fjárþörfin til framkvæmdanna verður mikil, og þá fyrst er hægt að gera réttmætar tillögur til fjárframlaga á þessu sviði.

Það er fyrir fram víst, að allar þær framkvæmdir, sem getið er um í tillögunni, eru fjárfrekar. En þær munu skila arði bæði beint og óbeint. Hinir miklu fólksflutningar til kaupstaðanna hafa kostað þjóðina mikið. Og fari slíku fram eftirleiðis, að straumurinn liggi til kaupstaðanna, og þá mest til Reykjavíkur, má búast við, að það jafnvægisleysi, sem af slíku leiðir, gæti orðið litlu þjóðfélagi að falli.

Eina ráðið til að skapa fullkomið jafnvægi í þjóðfélaginu og eðlilega þróun atvinnulífsins er aukin ræktun og önnur uppbygging í sveitunum ásamt útbreiðslu rafmagnsins. Verði að því unnið með dugnaði og festu, mun þjóðin fá aukinn viðnámsþrótt gegn þeim erfiðleikum, sem svo oft ógna smáþjóðum.

Nd. 227. Nefndarálit [44. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 28. nóv. 1950.

Jörundur Brynjólfsson, form., frsm. Jóhann Hafstein, fundaskr. Áki Jakobsson.
Jónas G. Rafnar. Finnur Jónsson.

Ed. 228. Frumvarp til laga [106. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 frá 1940.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

2. mgr. 256. gr. laganna orðist svo:

Ef tjón af brotinu nemur ekki yfir 1000 krónur, og engin sérstök atvik auka saknæmi þess og sökunautur hefur ekki áður reynzt sekur um auðgunarbrot, skal því aðeins opinbert mál höfðað, að sá krefjist þess, sem misgert var við.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 229. Frumvarp til laga [89. mál]

um breyting á lögum nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Á eftir 1. málsgr. 4. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Fjárhagsráð hefur einnig vald til að ákveða hámarksverð á vörum seldum í fornsölum.

2. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Sala á vörum milli heildverzlana innbyrðis og smásöluverzlana innbyrðis (keðjuverzlun) er bönnuð, nema slík verzlun sé gerð án álagningar eða heildarálagning vörunnar sé innan þeirra takmarka í heildsölu og smásölu, sem heimiluð eru. Óheimilt er að framleiða vöru til sölu í verzlunum úr innfluttri vefnaðarvöru og garni, nema innflutningsleyfi hafi verið veitt fyrir vörunni til iðnaðar. Bannað er að halda vörum úr umferð í því skyni að fá hærri verzlunarhagnað af þeim síðar.

3. gr.

3. mgr. 19. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn öðrum ákvæðum þessara laga eða samþykktum, settum samkvæmt þeim, varða sektum allt að 200 þús. kr. Ef miklar sakir eru, skal sökunautur sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 4 árum og sviptur atvinnurétti um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Ítrekun brots varðar aukinni refsingu. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal heimil vera.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 230. Nefndarálit [55. mál]

um frv. til l. um Náttúrugripasafn Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Með frv. þessu er lagt til, að starfsemi Náttúrugripasafns Íslands, sem rekið hefur verið af ríkissjóði síðan í ársbyrjun 1947, verði ákveðin með sérstökum lögum, hliðstæðum þeim, er nú gilda um landsbókasafn, þjóðskjalasafn og verndun fornminja. Er ætlazt til, að þrír lærðir náttúrufræðingar starfi við safnið, dýrafræðingur, grasafræðingur og jarðfræðingur, og er þetta í samræmi við þá starfshætti, er tíðkazt hafa síðan ríkið tók við safninu. Gert er ráð fyrir, að sérfræðingar þessir vinni að almennum rannsóknum á náttúru landsins og annist einnig eða sjái um tilteknar rannsóknir samkvæmt fyrirmælum ríkisstjórnarinnar, eftir því sem efni standa til á hverjum tíma. Safnið hefur nú til afnota hluta af hinu nýja húsi þjóðminjasafnsins.

Nefndin hefur athugað frv. og rætt efni þess við menntamálaráðherra og dr. Finn Guðmundsson. Eru nefndarmenn sammála um að mæla með frumvarpinu án breytinga. Jafnframt vill nefndin vekja athygli á því, að ástæða væri til að athuga, hvort ekki væri hægt að samræma störf Rannsóknaráðs ríkisins, Atvinnudeildar háskólans og Náttúrugripasafns Íslands betur en gert hefur verið hingað til.

Alþingi, 25. nóv. 1950.

Gunnar Thoroddsen, form.	Páll Þorsteinsson, fundaskr.	Gísli Guðmundsson, frsm.
Kristín L. Sigurðardóttir.	Ásmundur Sigurðsson.	

Ed. 231. Frumvarp til laga [28. mál]

um breyting á lögum nr. 69 12. apríl 1945, um stýrimannaskólann í Reykjavík.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Á 5. gr. II. sömu laga eru gerðar eftirtaldar breytingar:

1. Orðin „eða stjarna“ í 2. tölulið falli niður.
2. 7. töluliður orðist svo: Þekking á himinhvolfinu og daglegri hreyfingu þess, á bauganeti þess, á því að ákveða afstöðu himinhnatta, þekking á sólinni og hreyfing hennar.

3. 9. töluliður orðist svo: Kunna að finna ristíma og hvarftíma sólarinnar.
4. 10. töluliður orðist svo: Þekking á hæðarleiðréttingum himinhnatta og að kunna að finna breiddina með athugun sólarinnar í hádegisbaug.
5. Nýr töluliður nr. 11 bætist við greinina: Kunna að finna staðarlínu fyrir skipið með hæðaraðferðinni.

2. gr.

Á 6. gr. sömu laga eru gerðar eftirtaldar breytingar:

1. Málsgreinin „Að kunna að finna breiddina af athugun sólar“ o. s. frv., falli niður.
2. Málsgreinin „Að kunna að finna lengdina með sjóúrinu“ o. s. frv., falli niður.

3. gr.

14. gr. sömu laga orðist svo:

Við stýrimannaskólann skulu, auk skólastjóra, vera að jafnaði fjórir skipaðir kennarar, þrír kennarar í siglingafræði og tungumálakennari, og stundakennarar eftir þörfum.

Laun fastakennara við skólann skulu ákveðin í launalögum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 232. Breytingartillaga [90. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja prestssetursjörðina Vatnsleysu í Viðvíkursveit, er prestssetur verður flutt þaðan.

Frá Gísla Jónssyni.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Hólmjárni Jósefssyni Hólmjárn prestssetursjörðina Vatnsleysu í Viðvíkursveit, er prestssetur verður flutt þaðan, og Bergsveini Finnssyni, Neðri-Gufudal, jörðina Neðri-Gufudal í Gufudalshreppi fyrir það verð og með þeim greiðsluskilmálum, er um semur, enda verði jarðirnar gerðar að ættaróðali.

Ed. 233. Lög [27. mál]

um breyting á lögum nr. 30 1. febr. 1936, um breyting á og viðauka við siglingalög, nr. 56 30. nóv. 1914.

(Afgreidd frá Ed. 28. nóv.)

Samhljóða þskj. 28.

Ed. 234. Lög [68. mál]

um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita Gunnari Bergsteinssyni, sjóliðsforingja, stýrimannsskírteini á íslenzkum skipum.

(Afgreidd frá Ed. 28. nóv.)

Samhljóða þskj. 110.

Nd. 235. Breytingartillögur [33. mál]

við brtt. á þskj. 158 (Gengisskráning o. fl.).

Frá Finni Jónssyni.

1. 1. efnismálsgr. orðist svo:
   11. gr. laganna falli niður.
2. Aftan við 2. efnismálsgr. bætist: Endurgreiða skal síldarútvegsmönnum og sjómönnum framleiðslugjald, sem innheimt hefur verið af fersksíldarverði til söltunar og síldarbræðslu á sumrinu 1950.

Nd. 236. Nefndarálit [61. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 83 22. okt. 1945, um viðauka við lög nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur klofnað um málið. Meiri hl. vill samþykkja frumv. óbreytt, en við teljum efni frumv. varhugavert og mælum á móti samþykkt þess.

Í nokkur undanfarin ár hefur sá háttur verið hafður á, að frekari friðun fiskisvæða fyrir dragnótaveiðum væri ekki leyfð, nema fyrir lægi samhljóða álit Fiskifélags Íslands og fiskideildar atvinnudeildar háskólans. Þegar þessi ákvæði voru sett í lög, kom fram, að flestir litu svo á, að heppilegast væri, að hlutlausir aðilar og vel kunnugir fiskfriðunarmálum hefðu mælt með aukinni friðun, áður en slík aukin friðun yrði samþykkt. Það var því vissulega að vel athuguðu máli, að þetta ákvæði var bundið í lögum.

Friðun fiskisvæða fyrir dragnót er nú þegar allvíðtæk, og er mjög hæpið að þrengja veiðisvæðið frá því, sem nú er, nema beinlínis sé hætt allri dragnótaveiði.

Það er kunnugt, að einstakir menn sækja af ofurkappi, að bönnuð verði öll dragnótaveiði. Þeir knýja oft fast á ráðherra og þingmenn sína að fá staðfestar friðunarsamþykktir, sem vægast sagt eru mjög hæpnar. Við, sem minni hlutann skipum, erum þeirrar skoðunar, að illa væri farið, ef dragnótaveiði yrði gerð óframkvæmanleg með vafasamri friðun, en sú friðun, sem ekki getur hlotið samþykki fiskideildar atvinnudeildar háskólans og Fiskifélags Íslands, verður að teljast mjög vafasöm, að ekki sé sterkar til orða tekið.

Við undirritaðir leggjum því til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 28. nóv. 1950.

Sig. Ágústsson, frsm. Lúðvík Jósefsson.

Sþ. 237. Fyrirspurnir. [120. mál]

I. Til raforkumálaráðherra um virkjun Fossár í Fróðárhreppi.

Frá Sigurði Ágústssyni.

1. Hvað líður framkvæmdum í sambandi við virkjun Fossár, sem samþykkt var með lögum nr. 92 frá 5. júní 1947?
2. Hefur ráðherra falið rafmagnsveitum ríkisins að reisa raforkuverið, eins og löggjöfin gerir ráð fyrir?

3. Má vænta þess, að hafizt verði handa á vori komanda með nauðsynlegar framkvæmdir í sambandi við virkjunina?

II. Til ríkisstjórnarinnar um hvíldartíma áhafna íslenzkra flugvéla.

Frá Einari Olgeirssyni.

Hvaða reglur eru nú í gildi um hvíldartíma áhafna íslenzkra flugvéla, og hvernig hefur þeim ákvæðum verið framfylgt?

Ed. 238. Frumvarp til laga [121. mál]

um breyting á lögum nr. 50 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

I. KAFLI

1. gr.

Auk þeirra starfsmanna, sem nefndir eru í 4. gr. laganna, er ráðherra heimilt að skipa sérstakan yfirlækni Tryggingastofnunar ríkisins, er nefnist heilsugæzlustjóri.

Heilsugæzlustjóri skal hafa yfirstjórn allra læknamálefna stofnunarinnar í samráði við forstjóra.

Hann hefur með höndum framkvæmd og forstöðu heilsugæzlumála Tryggingastofnunarinnar, er þriðji kafli laganna kemur til framkvæmda, en vinnur þangað til að undirbúningi þeirra framkvæmda og hefur yfirumsjón með starfsemi sjúkrasamlaganna meðan þau starfa.

Tryggingayfirlæknir annast í samráði við heilsugæzlustjóra störf þau, sem honum eru sérstaklega falin í lögunum.

2. gr.

Ráðherra er heimilt að gera breytingar á skipun og verksviði sérfræðinganefndar þeirrar, er um getur í 2. málsgr. 6. gr. laganna, þannig að heilbrigðismálaráðherra tilnefni einn mann í nefndina, er verði formaður hennar í stað landlæknis, og að hlutverk nefndarinnar verði eingöngu að úrskurða örorkustig og orkutap þeirra, er sækja um bætur og ekki vilja una úrskurði lækna Tryggingastofnunarinnar eða tryggingaráð telur ástæðu til að leita úrskurðar nefndarinnar um.

3. gr.

Stéttarsamband bænda skal hafa rétt til þess að skipa einn fulltrúa til þess, ásamt fulltrúum þeim, er um getur í 9. gr. laganna, að taka þátt í umræðum tryggingaráðs og gera tillögur um skiptingu í áhættuflokka og iðgjöld skv. 113. gr.

4. gr.

Til ársloka 1954 skulu sýslunefndir í tryggingaumdæmum utan kaupstaða fara með störf trygginganefnda, sbr. 11. gr. laganna. Þó er sýslunefnd heimilt að fela þessi störf sérstakri nefnd, er hún kýs. Í kaupstöðum utan Reykjavíkur annast stjórnir sjúkrasamlaganna þessi störf. Verði öll sjúkrasamlög í tryggingaumdæmi sameinuð í eitt samlag, skal stjórn þess fara með störf trygginganefndar í umdæminu í stað sýslunefndar.

II. KAFLI

5. gr.

Grunnupphæðir bóta samkv. II. kafla laganna, 1—4, skulu frá 1. janúar 1951 vera sem hér segir:

1. Árlegur elli- og örorkulífeyrir samkv. 15. og 18. gr. laganna:
   a. Fyrir hjón, þegar bæði fá lífeyri:
      Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 6528.00
      Á 2. — ..... — 4896.00
   b. Fyrir einstaklinga og hjón, þegar annað fær lífeyri:
      Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 4080.00
      Á 2. — ..... — 3060.00
2. Árlegur barnalífeyrir skv. 20. gr. laganna:
   Á 1. verðlagssvæði ..... — 2400.00
   Á 2. — ..... — 1800.00
3. Árlegar fjölskyldubætur skv. 30. gr. laganna:
   Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 1200.00
   Á 2. — ..... — 900.00
4. Ekkjubætur samkv. 35. gr. laganna:
   Fyrstu 3 mán. eftir lát maka ..... kr. 600.00 á mán.
   Næstu 9 mán., ef ákvæði greinarinnar heimila ..... — 450.00 - —
5. Hámark árlegra makabóta samkv. 38. gr. laganna:
   Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 2448.00
   Á 2. — ..... — 1836.00
6. Sjúkrabætur samkv. 40. gr. laganna:
   a. Fyrir kvænta karla, þegar konan vinnur eigi utan heimilis:
      Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 18.00 á dag.
      Á 2. — ..... — 15.00 - —
   b. Fyrir aðra:
      Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 15.00 á dag.
      Á 2. — ..... — 12.00 - —

Nú eru hjón eigi samvistum, af heilsufarslegum ástæðum eða öðrum ástæðum, er tryggingaráð metur jafngildar, og er ráðinu þá heimilt að úrskurða hvoru hjónanna um sig fullan einstaklingslífeyri samkv. 15. gr. laganna.

6. gr.

Tryggingaráði skal heimilt að greiða ekklum allt að fullum barnalífeyri, í stað hálfs, eins og ákveðið er í síðustu málsgr. 23. gr. laganna.

7. gr.

Takmarkanir þær, sem ákveðnar eru í 2. og 3. málsgr. 23. gr. laganna á greiðslum barnalífeyris til ekkna, skulu einnig gilda um greiðslur barnalífeyris til mæðra óskilgetinna barna og fráskilinna kvenna samkv. 27. og 28. gr.

8. gr.

Þegar Tryggingastofnunin greiðir barnalífeyri samkv. 1. málsgr. 27. gr. laganna, á hún endurkröfurétt á hendur barnsföður, og fer um innheimtu slíkrar kröfu eftir ákvæðum 117. gr. laganna.

Verði vanskil af hálfu föður, skal innheimta kröfuna hjá framfærslusveit hans, og telst fjárhæðin framfærslustyrkur veittur honum. Eignast Tryggingastofnunin að öllu leyti sama rétt á hendur framfærslusveit föður og dvalarsveit móður hefur samkv. framfærslulögum, en um endurkröfurétt framfærslusveitar á hendur barnsföður fer samkv. ákvæðum framfærslulaga. Þverskallist framfærslusveit við að greiða,

eignast Tryggingastofnunin þann rétt, sem dvalarsveit móður á samkv. framfærslulögum, til að endurkrefja ríkissjóð um upphæðina.

Aðrar bætur og styrki, sem Tryggingastofnunin á endurkröfurétt á, skal innheimta með sama hætti.

9. gr.

Heimilt skal tryggingaráði að greiða fjölskyldubætur vegna barna, þótt þau dveljist ekki á heimili föðurins og ákvæði 2. málsgr. 32. gr. laganna taki til þeirra, ef sannað er, að hann kostar framfæri þeirra að fullu, enda greiðast bæturnar þá til hans.

10. gr.

Fæðingarstyrkur samkv. 34. gr. laganna skal vera jafn til allra mæðra og nema kr. 600.00 fyrir hverja fæðingu. Þó skal ógift móðir, sem verður fyrir vinnutjóni og tekjumissi vegna barnsburðar og leggur fram úrskurð á hendur barnsföður fyrir barnsfararkostnaði, eiga rétt á því, að Tryggingastofnunin greiði henni til viðbótar allt að kr. 300.00 á mánuði í allt að 3 mánuði á þann hátt, sem í 2.—4. mgr. greinarinnar segir, enda hefur þá Tryggingastofnunin endurkröfurétt á hendur barnsföður og sveitarfélagi fyrir viðbótarupphæðinni, á sama hátt og segir í 27. gr. laganna um endurkröfurétt á barnalífeyri.

11. gr.

Til ársloka 1954 er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að greiða giftum konum, þótt þær vinni eigi utan heimilis, sjúkrabætur vegna aðstoðar eða hjúkrunar í veikindum þeirra, sbr. 92. gr. laganna, enda nemi sjúkrabætur til þeirra eigi hærri upphæð en samsvarar lífeyri samkv. 15. gr. laganna og greiðist því aðeins, að skilyrði 2. málsgr. 40. gr. laganna séu fyrir hendi.

Þá er og heimilt að greiða sjúkrabætur til manna, sem náð hafa 67 ára aldri, ef þeir njóta ekki lífeyris eða annarra bóta frá Tryggingastofnuninni.

12. gr.

Tryggingaráði er heimilt, þegar ekki liggja fyrir fullar sannanir þess, að tekjur umsækjanda um sjúkrabætur hafi rýrnað svo vegna sjúkleikans, að þær fari niður fyrir það mark, sem 2. málsgr. 39. gr. laganna ákveður, að fresta úrskurði um sjúkrabætur, þar til fullnægjandi upplýsingar um tekjur hans á veikindaárinu liggja fyrir.

13. gr.

Ákvæði b-liðs 42. gr. laganna um lengri biðtíma þeirra, sem hafa launþega í þjónustu sinni, skulu aðeins gilda um þá, sem kaupa svo mikla vinnu, að þeim beri að greiða gjald samkv. 112. og 113. gr. af meiru en 52 vinnuvikum.

14. gr.

Heimilt skal tryggingaráði að víkja frá þeim ákvæðum 1. málsgr. 43. gr. laganna, sem gera sjúkrahúsvist eða rúmlegu að skilyrði fyrir greiðslu sjúkrabóta, ef sérstaklega stendur á.

15. gr.

Heimilt skal tryggingaráði að lengja tilkynningarfrest þann, sem um ræðir í 44. gr., þó ekki yfir 3 mánuði.

16. gr.

Grunnupphæðir slysabóta samkvæmt II. kafla laganna skulu frá 1. janúar 1951 vera sem hér segir:

1. Dagpeningar samkv. 53. gr. laganna kr. 22.50 á dag.
2. Fullur árlegur örorkulífeyrir samkv. 56. gr. laganna kr. 4080.00.
3. Dánarbætur, samkv. 57. gr. laganna:
   a. Til ekkju eða ekkils samkv. 1. tölul. kr. 9000.00. Fullur lífeyrir samkv. sama lið kr. 4080.00.

b. Barnalífeyrir samkv. 2. tölul. kr. 2400 á ári.
c. Bætur til uppkomins barns samkv. 3. tölul. kr. 3000.00—9000.00. Sama gildir systkini, sbr. 5. tölul.
d. Bætur til foreldris samkv. 4. tölul. kr. 3000.00—9000.00.

Heimilt er Tryggingastofnuninni að hækka örorkulífeyri samkv. 2. tölul. þessarar greinar, eftir sömu reglum og gilda um ellilífeyri samkv. 17. gr. laganna.

17. gr.

Ráðherra getur ákveðið, að útgerðarmönnum skuli skylt að tryggja gegn aukaiðgjaldi áhættu þá vegna bótaskyldra slysa, sem þeir bera samkv. 32. gr. laga nr. 41 19. maí 1930, þannig, að Tryggingastofnunin greiði hinum slasaða, auk dagpeninga skv. 53. grein laganna, fullt kaup eða aflahlut í eina viku frá afskráningardegi að telja.

18. gr.

Barnalífeyrir samkv. 3. mgr. 56. gr. laganna skal aldrei vera lægri en verið hefði, ef lífeyririnn væri ákveðinn eftir fyrirmælum laganna um barnalífeyri til öryrkja, sbr. 20. og 22. gr. laganna.

19. gr.

Heimilt skal tryggingaráði að ákveða, að árlegar umsóknir um bætur, sbr. 65. gr. laganna, megi niður falla að því er varðar einstakar bótategundir, fleiri eða færri, og ákveður ráðið þá, hversu oft skuli endurnýja umsóknir og leggja fram eða endurnýja skilríki til sönnunar bótaréttinum.

III. KAFLI

20. gr.

Framkvæmd heilsugæzlu samkvæmt 3. kafla laganna skal frestað til 1. jan. 1955, að öðru leyti en því, að réttur sveitarfélaga, sem koma á fót heilsuverndarstöðvum og/eða lækningastöðvum og reka þær samkv. 76. gr. laganna, til ríkisstyrks samkv. 77. gr. laganna helzt óbreyttur, svo og ákvæði 82. og 83. gr. laganna um skipun lækna við slíkar stöðvar.

21. gr.

Til þess tíma, er í 20. gr. segir, skal 3. kafli laga nr. 104 30. des. 1943, um sjúkratryggingar, vera í gildi, með þeim breytingum, er hér greinir:

1. Þar sem sjúkrasamlög eru ekki starfandi, skulu þau stofnuð eigi síðar en svo, að samlagsmenn njóti réttinda frá 1. október 1951, enda þótt samlagsstofnun hafi eigi verið ákveðin með atkvæðagreiðslu samkvæmt 29. gr. þeirra laga.
2. Ríkisstjórnin getur að fengnum tillögum tryggingaráðs ákveðið, að sjúkrasamlög, sem starfa í sama tryggingaumdæmi, skuli sameinuð, enda séu stjórnir a. m. k. ⅔ hluta sjúkrasamlaganna því samþykkar. Nú sameinast öll samlög innan sama umdæmis, og skal þá sýslunefnd kjósa fjóra menn í stjórn samlagsins.
3. Ríkisstjórnin getur, ef tryggingaráð gerir tillögur þar um, ákveðið, að greiðslur sjúkrasamlaga fyrir lyf, önnur en þau, sem lífsnauðsynleg teljast til notkunar að staðaldri, og umbúðir utan sjúkrahúsa, samkv. 2. tölul. 33. gr. l. 104/1943, skuli takmarkaðar frekar en þar er gert.
4. Þegar maður, 67 ára eða eldri, þarfnast sjúkrahúss- eða hælisvistar umfram þær 5 vikur, er sjúkrasamlagi hans ber að greiða samkv. síðari málslið fyrstu málsgreinar 38. gr. laga nr. 104 frá 1943, vegna ellikramar eða annarra slíkra sjúkdóma, skal Tryggingastofnun ríkisins þann tíma, er hann þarfnast hjálparinnar, greiða ríkisframfærslunni ellilífeyri þann, er hlutaðeigandi á rétt til, ásamt álagi, sem úrskurðað kann að vera samkv. 17. gr., ef ákvæði ríkisfram-

færslulaga nr. 78/1936 verða látin taka til langvarandi ellisjúkdóma á sama hátt og þau taka nú til annarra langvarandi sjúkdóma.

5. Hámark framlags ríkissjóðs og sveitarsjóðs samkv. 47. gr. laga nr. 104/1943 skal vera 60 krónur á ári.
6. Tryggingastofnun ríkisins skal greiða sjúkrasamlagsiðgjöld þeirra elli- og örorkulífeyrisþega, sem þess óska og eigi hafa hærri tekjur en svo, að þær ásamt lífeyri frá Tryggingastofnuninni eða eftirlaunum úr opinberum sjóði nemi þrefaldri lífeyrisupphæð samkv. 15. gr. laganna.

22. gr.

Til ársloka 1954 skal Tryggingastofnun ríkisins vera heimilt að greiða styrki til læknisvitjanasjóða, er starfa samkv. lögum nr. 59/1942, og til sjúkrasamlaga, sem verða fyrir óvenjulegum útgjöldum vegna sjúkraflutninga og læknisvitjana og starfa í héruðum, þar sem ekki eru læknisvitjanasjóðir. Styrkir þessir mega samtals nema allt að 300 þús. kr. á ári, og skal úthlutunin til læknisvitjanasjóða gerð að fengnum tillögum landlæknis, en úthlutun til sjúkrasamlaga samkvæmt ákvörðun tryggingaráðs.

23. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal fyrir lok ársins 1951 láta fram fara athugun á vinnugetu öryrkja, sem ætla má, að geti unnið fyrir sér að nokkru eða öllu leyti, ef þeim er veittur kostur á atvinnu við þeirra hæfi. Jafnframt skal Tryggingastofnunin gera tillögur um ráðstafanir til þess, að starfskraftar slíkra öryrkja geti komið þeim sjálfum og þjóðfélaginu að sem mestum notum, og hafa samráð og samvinnu við trygginganefndir og héraðsstjórnir um þær tillögur.

IV. KAFLI

24. gr.

Iðgjöld og framlög til tryggingasjóðs samkv. IV. kafla laganna, 2.—5., skulu frá 1. janúar 1951 til ársloka 1954 vera sem hér segir:

1. Árleg iðgjöld hinna tryggðu samkv. 107. gr. laganna:
   a. Kvæntir karlar:
      Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 450.00
      Á 2. — ..... — 360.00
   b. Ókvæntir karlar:
      Á 1. verðlagssvæði ..... — 400.00
      Á 2. — ..... — 320.00
   c. Ógiftar konur:
      Á 1. verðlagssvæði ..... — 300.00
      Á 2. — ..... — 240.00
2. Iðgjöld atvinnurekenda samkv. 112. gr. laganna:
   Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 4.80 á viku.
   Á 2. — ..... — 3.60 - —
3. Heildarupphæð framlags sveitarfélaga samkv. 114. gr. laganna:
   10.8 millj. kr.
4. Framlag ríkissjóðs samkv. 116. gr. laganna:
   17.4 millj. kr.

25. gr.

Í stað ákvæða um verðlagsuppbætur og vísitöluálag í 2. tölul. bráðabirgðaákvæða laganna skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

Grunnupphæðir bóta samkv. lögum þessum skulu hækka til samræmis við vísitölu framfærslukostnaðar eftir sömu reglum og laun, sbr. 6. gr. laga nr. 22 1950, um gengisskráningu o. fl., þó aldrei yfir 15%.

26. gr.

Þeir iðgjaldsgreiðendur einir, sem hvorki ber að greiða tekjuskatt né eignarskatt, skulu eiga rétt á því, að sveitarsjóður greiði fyrir þá iðgjöld samkv. 2.—4. málsl. 1. málsgr. 109. gr. laganna. Nú innheimtir Tryggingastofnunin iðgjald slíks iðgjaldsgreiðanda hjá sveitarsjóði, og tekur sveitarstjórn þá ákvörðun um, hvort og á hvern hátt hún krefur hann um endurgreiðslu.

27. gr.

Störf ógifts fólks yfir 20 ára aldur, er dvelst og starfar á heimilum foreldra sinna, skulu metin til vinnuvikna samkv. 112. gr. laganna á sama hátt og störf unglinga á aldrinum 16—20 ára, sbr. reglugerð 21. des. 1946, um áhættuiðgjöld o. fl.

28. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal vera heimilt, til ársloka 1954, að fella niður af iðgjöldum þeirra atvinnurekenda, sem hætta atvinnurekstri á því tímabili, allt að þeirri upphæð, sem hlutaðeigandi greiddi í slysatryggingariðgjöld fyrir árið 1946 skv. 2. kafla laga nr. 104/1943.

29. gr.

Um innheimtu framlags sveitarsjóða gilda ákvæði 117. gr. laganna, auk ákvæða 115. gr., þó þannig, að Tryggingastofnunin getur innheimt þau án milligöngu innheimtumanna ríkisins, að svo miklu leyti sem hún kýs það heldur.

Hafi sveitarsjóður eigi tekjur sem tryggingargjaldi svarar af þeim fasteignum, sem gjald sveitarfélags til tryggingasjóðs miðast við, er framlagi er skipt milli sveitarfélaga innan tryggingaumdæmis samkv. 2. tölul. 3. málsgr. 114. gr. laganna, er sveitarstjórn heimilt að leggja á og innheimta hjá eigendum fasteignanna upphæð, sem svarar því gjaldi, sem sveitarsjóður greiðir þannig vegna þeirra.

30. gr.

Tekjuafgangi Tryggingastofnunarinnar, eins og hann nú er orðinn og síðar kann að verða, skal varið til þess að mæta halla, er verða kann á rekstri tryggingganna einstök ár, og skal ekki tekið til ábyrgðar ríkissjóðs umfram hið fasta framlag hans, sbr. 24. gr. þessara laga, meðan nokkur tekjuafgangur er fyrir hendi í tryggingasjóði.

31. gr.

Skrár þær, er sveitarstjórnum ber að semja samkvæmt 118. gr. laganna, skal gera í þremur eintökum, og skulu þær gerðar mánuði fyrr en greinin ákveður. Skal sveitarstjórn senda eitt eintakið hlutaðeigandi innheimtumanni þá þegar, en hin tvö til skattanefndar (skattstjóra), eins og greinin mælir fyrir um.

Ákvæði 3. og 4. mgr. 118. gr. skulu einnig gilda um framlagningu skrár um iðgjöld samkv. 112. og 113. gr., svo og um kærur út af þeim gjöldum.

32. gr.

Heimilt skal að fresta afhendingu nýrra tryggingarskírteina, sbr. 127. gr., eftir því sem tryggingaráð telur nauðsynlegt, og nota fyrri skírteini á meðan slík frestun varir.

33. gr.

Til ársloka 1954 skulu sjúkrasamlög í kaupstöðum utan Reykjavíkur annast umboðsstörf fyrir Tryggingastofnunina, samkv. samningum, er tryggingaráð samþykkir.

34. gr.

Sjúkrasamlagsiðgjöld samkv. 45. gr. laga nr. 104/1943 og iðgjöld samkv. 112. og 113. gr. almannatryggingalaganna vegna lögskráðra sjómanna og bifreiðarstjóra skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipum og bifreiðum og ganga fyrir öllum

öðrum veðum en lögveðum fyrir gjöldum til ríkissjóðs. Iðgjöld samkv. 112. og 113. gr. vegna byggingar húsa og annarra mannvirkja skulu og hafa sams konar veðrétt í eignum þessum.

35. gr.

Tryggingaráð getur ákveðið, að auk þeirra frjálsu slysatrygginga, sem Tryggingastofnuninni er heimilt að taka að sér samkv. 3. málsl. 1. málsgr. 135. gr. laganna, skuli stofnunin einnig veita félagssamtökum íþróttamanna kost á að kaupa slysatryggingu fyrir meðlimi sína, þegar þeir taka þátt í opinberri íþróttakeppni eða æfingum og námskeiðum undir stjórn viðurkenndra íþróttakennara, enda fáist endurtrygging fyrir a. m. k. 75% áhættunnar.

36. gr.

Þó að lífeyrisgreiðslur falli niður vegna fyrirmæla í 1. tölul. bráðabirgðaákvæða laganna, haldast í fullu gildi ákvæði 16. gr. um hækkun lífeyris vegna frestunar á lífeyrisgreiðslum.

37. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1951. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 115 1949, um framlengingu heimilda í l. nr. 92 1948.

Tryggingastofnun ríkisins skal eins fljótt og við verður komið eftir gildistöku þessara laga láta semja og gefa út handbók um tryggingamál, er veiti aðgengilegt yfirlit yfir gildandi lagaákvæði um almannatryggingar, einkum réttindi og skyldur hinna tryggðu og annarra aðila, er lögin snerta.

Greinargerð.

Frumvarpið er flutt samkvæmt ósk félagsmálaráðherra. Áskilja einstakir nefndarmenn sér að hafa óbundnar hendur um einstök atriði frv. og að bera fram breytingartillögur eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma. Frv. fylgdu frá ráðherra eftirfarandi athugasemdir og skýringar:

Fyrir síðasta Alþingi var lagt frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 50/1946 um almannatryggingar og viðauka við þau. Það frumvarp var samið af tryggingaráði samkvæmt beiðni fyrrverandi ríkisstjórnar. Ekki náði frumvarpið fram að ganga á síðasta Alþingi, en félagsmálaráðherra gaf þá yfirlýsingu um að hann mundi á því þingi, er nú situr, leggja fram frumvarp, þar sem teknar yrðu til greina ýmsar þær breytingar, sem ákveðnar voru í frumvarpinu 1949. Vegna breyttra aðstæðna á margan hátt, og sérstaklega þó vegna vaxandi fjárhagsörðugleika ríkissjóðs og sveitarfélaga, þótti ekki fært að taka upp í frumvarpið nú nein þau ákvæði, sem sköpuðu Tryggingastofnuninni ný eða aukin útgjöld, þar sem ekki hefur þótt fært að hækka framlög sveitarfélaga og ríkissjóðs til stofnunarinnar, og eru því þau ákvæði úr fyrra frumvarpi, sem höfðu teljandi aukin útgjöld í för með sér, felld niður úr þessu frumvarpi.

Frumvarpið, sem hér liggur fyrir, miðar því fyrst og fremst að því að samræma ýmis ákvæði tryggingalaganna, sem breytt hefur verið á undanförnum árum með viðaukalögum frá ári til árs, færa grunnupphæðir bóta og annan lífeyri svo og greiðslur allar, iðgjöld og framlög til samræmis við verðgildi peninga eins og það er nú, svo og að kveða nánar á um ýmis ákvæði tryggingalaganna, sem ekki hafa þótt með öllu tvímælalaus.

Um samningu frumvarpsins upphaflega og nauðsyn endurskoðunar tryggingalaganna vísast til greinargerðar þeirrar, sem fylgdi frumvarpinu 1949 (þskj. 110, 1949) að öðru leyti en nú hefur sagt verið.

Rétt þykir að taka það fram, að gert er ráð fyrir því í frumvarpi þessu, að vísitöluálag skuli greitt á grunnupphæðir bóta, eins og þær eru nú, þó svo, að aldrei verði greitt hærra álag en 15%. Í samræmi við þessa hækkun hafa iðgjöld verið hækkuð nokkuð. Nemur hækkunin á iðgjöldum hinna tryggðu sem næst 15% frá

því, sem nú er greitt, en iðgjöld atvinnurekenda hækka sem svarar 3%. Ekki er gert ráð fyrir, að vísitöluuppbót verði greidd á framlög sveitarfélaga og ríkissjóðs, en tryggingasjóði, sem nú hefur yfir allmiklu fé að ráða, ætlað að bera hallann, sem af þessu kann að leiða, árið 1951, en ráðgert að taka síðar til athugunar, ef halli þessi reynist verulegur, hvernig honum skuli eytt.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

I. kafli.

Um 1. gr.

Starf heilsugæzlustjóra hefur þegar verið tekið upp með því verksviði, sem greinin kveður á um. Heilsugæzlustjóri sinnir þeim störfum, sem áður heyrðu undir deildarstjóra sjúkratryggingadeildar, auk yfirstjórnar læknamálefna og undirbúnings heilsugæzlu. Þótti sjálfsagt að kveða á um starf þetta í lögum, svo og um afstöðu heilsugæzlustjóra og tryggingayfirlæknis.

Um 2. gr.

Starf sérfræðinganefndar, sbr. 2. mgr. 6. gr. almannatryggingalaganna, hefur í reyndinni orðið harla lítið, enda þörfin fyrir slíka nefnd mun minni, eftir að skipaður hefur verið heilsugæzlustjóri auk tryggingayfirlæknis. Rétt þykir þó, að til sé aðili utan stofnunarinnar sjálfrar, sem hægt sé að áfrýja til úrskurðum um orkutap og örorkustig þeirra, sem ekki vilja una úrskurði starfsmanna stofnunarinnar um þessi atriði. Er því lagt til, að nefndin starfi áfram með nokkuð breyttri skipan og verkefni hennar verði einskorðað við þessa úrskurði.

Um 3. gr.

Hér er lagt til, að Stéttarsamband bænda fái sömu aðstöðu til áhrifa á ákvörðun slysatryggingargjalda og Alþýðusambandið og Vinnuveitendasamband Íslands hafa nú.

Um 4. gr.

Samkvæmt lögunum skal kjósa tryggingnefndir hlutfallskosningu á sameiginlegum fundi allra sveitarstjórna í hverju tryggingaumdæmi eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar. Þetta hefur þótt fyrirhafnarsamt og kostnaðarsamt, og með því að störf tryggingnefnda hafa víðast hvar ekki reynzt meiri en svo, að sýslunefndir ættu að geta bætt þeim á sig, er hér lagt til, að sá háttur verði upp tekinn, nema sýslunefnd kjósi heldur að fela sérstakri nefnd störfin, enda kjósi þá sýslunefnd tryggingnefndina. Þó þykir réttara, þar sem sjúkrasamlag nær yfir heilt tryggingaumdæmi, að samlagsstjórnin fari með þessi störf.

II. kafli.

Um 5. gr.

Í grein þessa eru teknar upp grunnupphæðir bóta frá Tryggingastofnuninni samkv. II. kafla laganna og færðar til samræmis við þær grunntölur, sem almennt er nú reiknað með síðan breytingar þær á launakjörum, sem lög nr. 22 1950 um gengisskráningu o. fl. gera ráð fyrir.

Þá er og heimilað, að úrskurða megi hjónum fullan einstaklingslífeyri hvoru fyrir sig, ef þau eru eigi samvistum, þegar svo er ástatt sem í greininni segir.

Ástæðan til þess, að hjónum er ætlaður lægri lífeyrir en tveim einhleypingum, er vitanlega sú, að talið er, að hjón geti jafnaðarlega komizt af með minna sér til framfæris. Sú ástæða er ekki fyrir hendi, þegar hjónin búa ekki saman. Samt þótti ekki rétt að leggja til, að hjónum verði ávallt greiddur fullur einstaklingslífeyrir hvoru um sig, ef þau búa ekki saman, þar sem slíkt gæti leitt til misnotkunar og stuðlað að því, að hjón á ellilífeyrisaldri slitu sambúð. Hins vegar geta oft verið góðar og

gildar ástæður til þess, að gömul hjón geti ekki haft sameiginlegt heimili, og er þessu ákvæði ætlað að ná til slíkra tilvika.

Þetta ákvæði mun ekki hafa neina verulega útgjaldaaukningu í för með sér.

Um 6. gr.

Svo getur staðið á, að maður, sem misst hefur konu sína frá barnahópi, sé fyrst í stað engu betur settur en kona, sem misst hefur mann sinn. Því er lagt til, að heimilt sé að greiða ekkli fullan barnalífeyri, en haldið skilyrðum síðustu málsgr. 23. gr. fyrir heimildinni. Jafnframt er gert ráð fyrir, að heimildin verði einkum notuð fyrsta árið eftir fráfall konunnar.

Upphæðir þær, sem í greininni eru tilfærðar, eru fengnar þannig, að því er snertir 1. og 5 tölul., að gömlu grunntölurnar ásamt þeim föstu uppbótum, sem greiddar eru á þessu ári, eru þrefaldaðar og síðan breytt svo, að þær séu deilanlegar með tólf, en hin fasta uppbót, sem nú er greidd, nemur 13.3% af hinum gamla grunni. Aðrar upphæðir í greininni eru fengnar með því að þrefalda eldri grunnupphæðir.

Um 7. gr.

Samkvæmt núgildandi ákvæðum á ekkja, sem giftist aftur, rétt til barnalífeyris í þrjú ár hið mesta. Aftur á móti eiga mæður óskilgetinna barna og fráskildar konur, sem barnalífeyri fá samkvæmt úrskurði, óskertan rétt til barnalífeyris til 16 ára aldurs barnanna, þó að þær giftist eða taki upp sambúð við karlmann. Á meðan barnsfaðir er á lífi á Tryggingastofnunin að vísu endurkröfurétt á hendur sveitarfélagi barnsföður eða barnsmóður og sveitarfélögin endurkröfu á hendur barnsföður. En misréttið, sem í þessu felst, verður sérstaklega áberandi, ef barnsfaðirinn deyr. Þá fellur niður endurkrafan á sveitarfélögin, og í staðinn kemur krafa í dánarbú barnsföður, þ. e. a. s. lífeyririnn verður raunverulega óendurkræfur í flestum tilfellum.

Það er því lagt til, að þetta misræmi verði leiðrétt og ákveðið, að barnalífeyrir falli jafnan niður eftir þrjú ár, ef kona giftist, hvort sem um er að ræða ekkjubörn, óskilgetin börn eða börn fráskilinna kvenna.

Um 8. gr.

Grein þessi var tekin upp í frumvarpið undir meðferð þess í efri deild á síðasta þingi.

Sveitarstjórnir hafa flestar hverjar verið óánægðar með það ákvæði, að Tryggingastofnunin gæti krafið dvalarsveit barnsmóður um útlagðan barnalífeyri, og hafa haldið því fram að krefja bæri beint framfærslusveit barnsföður og létta þannig af sveitarstjórnunum því milliliðastarfi, sem þær hafa nú eins og lögin eru framkvæmd.

Við þessari beiðni er orðið með upptöku þessarar greinar, en vafalaust hefur hún bæði vinnuaukningu og hækkuð útgjöld í för með sér fyrir Tryggingastofnunina.

Um 9. gr.

Samkv. 2. mgr. 32. gr. eru fjölskyldubætur ekki greiddar vegna barna, sem barnalífeyrir er greiddur með, „eða greitt er með af öðrum, sem því svarar, samkvæmt úrskurði". Þetta hefur verið skýrt svo, að óheimilt sé að greiða fjölskyldubætur ekki einasta þeim, sem barnalífeyri fá, heldur einnig þeim, sem barnalífeyri greiða samkvæmt úrskurði.

Sú undantekning, sem í frvgr. felst, hefur verið upp tekin samkvæmt tillögu tryggingarnefndar Reykjavíkur.

Um 10. gr.

Grein þessi var tekin upp í frumvarpið undir meðferð þess á síðasta Alþingi.

Aðalbreytingin, sem í henni felst, er sú, að hér eftir skal öllum mæðrum greiddur jafn fæðingarstyrkur úr tryggingasjóði, en samkvæmt núgildandi ákvæðum fá þær

mæður, sem vinna utan heimils, hærri fæðingarstyrk, nema þær séu giftar og eiginmaðurinn teljist geta séð heimilinu farborða.

Ákvæði þetta, um að mismuna þannig mæðrunum, hefur sætt mikilli gagnrýni.

Jafnframt er lagt til, að ógift móðir, sem verður fyrir vinnutjóni og tekjumissi vegna barnsburðar og leggur fram úrskurð á hendur barnsföður fyrir barnsfararkostnaði, skuli eiga rétt á því, að Tryggingastofnunin greiði henni til viðbótar sömu fjárhæð og í greininni er gert ráð fyrir á mánuði í þrjá mánuði eftir reglum 34. gr. laganna, en á þessari viðbótargreiðslu á Tryggingastofnunin endurkröfurétt hjá barnsföður og sveitarfélagi á sama hátt og barnalífeyrir væri.

Þessi breyting hefur enga útgjaldaaukningu í för með sér fyrir Tryggingastofnun ríkisins, því hér er um tilfærslu að ræða.

Um 11. gr.

Fyrri liður greinarinnar er sama efnis og 4. tölul. 1. gr. viðaukalaganna frá 28. des. 1948. Þykir rétt, að það ákvæði gildi á meðan 92. gr. laganna kemur ekki til framkvæmda vegna frestunar heilsugæzlukaflans.

Um síðari liðinn er það að segja, að þegar 67 ára maður eða eldri heldur áfram störfum og sparar stofnuninni með því lífeyrisgreiðslu, virðist ósanngjarnt að synja honum um sjúkrabætur, ef hann verður fyrir tekjumissi vegna veikinda, fyrir það eitt, að hann er orðinn 67 ára.

Um 12. gr.

Það er oft illmögulegt, þegar atvinnurekendur eiga í hlut, að gera sér grein fyrir því, hvers menn missa í af tekjum vegna veikinda eða hversu miklum tekjum þeir halda þann tíma, sem þeir eru veikir.

Oft er helzt einhvern stuðning að finna í skattaframtali manna fyrir veikindaárið, og því er lagt til, að heimilt sé að fresta úrskurði þangað til það liggur fyrir.

Um 13. gr.

Reglan um lengri biðtíma atvinnurekenda, annarra en einyrkja, þegar um sjúkrabætur er að ræða, olli talsverðum deilum, þegar lögin voru sett, og síðan hafa heyrzt mörg andmæli gegn henni, einkum frá málsvörum bænda og samtökum þeirra.

Þetta atriði hefur verið mikið athugað, en ekki hefur þótt fært að afnema mun þann, sem gerður er að þessu leyti á launþegum og atvinnurekendum. Ástæðan er einkum sú, hversu afar erfitt er að meta fjárhagstjón atvinnurekenda af skammvinnum veikindum, sem og hin, að ætla má, að atvinnurekandi, sem nokkuð hefur umleikis, standi allajafna nokkurn veginn jafnréttur, þótt hann sé veikur í mánuð eða skemur.

Hins vegar er hér komið til móts við óskir þær, sem fram hafa komið um breytingu á þessari reglu, með því að leggja til, að reglan um 5 vikna biðtíma gildi aðeins um þá atvinnurekendur, sem kaupa svo mikla vinnu, að þeim beri að greiða slysatryggingargjald af 52 vinnuvikum. Í þessu sambandi er rétt að benda á 3. gr. reglugerðar frá 21. des. 1946 og 27. gr. frumvarps þessa (sbr. 7. lið núgildandi viðaukalaga), um það, hvernig meta skuli til vinnuvikna vinnu fólks, sem dvelur á heimili foreldra sinna og vinnur þeim, en tekur lítið eða ekkert kaup (sjá aths. við 27. gr.).

Augljóst er, að ákvæði greinarinnar eykur mjög á erfiðleika í framkvæmd sjúkrabótareglnanna.

Um 14. og 15. gr.

Í reyndinni hefur ekki þótt unnt að framfylgja stranglega ákvæðum þeim, sem hér um ræðir, einkum þó ákvæðinu um tilkynningarfrestinn. Því er lagt til, að tryggingaráði verði heimilað að víkja frá þessum ákvæðum.

Um 16. gr.

Í grein þessa eru teknar upp grunnupphæðir slysabóta samkv. II. kafla laganna og hinar eldri grunntölur færðar til samræmis á sama hátt og segir í athugasemdum við 5. gr. Þá er og heimilað að hækka örorkulífeyri samkvæmt 2. tölul. þessarar greinar eftir sömu reglum og gilda um ellilífeyri, þ. e. um allt að 40 af hundraði, ef bótaþegi þarf hjúkrunar eða umönnunar.

Um 17. gr.

Grein þessi var tekin upp í frv. á síðasta Alþingi að tilhlutun heilbrigðis- og félagsmálanefndar Ed., eftir beiðni frá samtökum útgerðarmanna. Tilsvarandi ákvæði var í slysatryggingalögum, en var fellt niður, þegar almannatryggingalögin voru samþykkt.

Samkvæmt 32. gr. sjómannalaga (41/1930) á skipverji, sem eigi er vinnufær um lengri tíma vegna slysa, rétt á fullu kaupi frá útgerðinni í einn mánuð frá ráðningarslitum, sé hann stýrimaður eða vélstjóri, en í sjö daga, sé hann í annarri stöðu á skipinu.

Samkvæmt greininni er orðið við þeirri ósk útgerðarmanna, að Tryggingastofnunin taki á sig greiðslu kaups eða aflahlutar fyrstu vikuna eftir afskráningu til allra skipverja, og að hún fái þann aukakostnað, sem hér um ræðir, uppborinn með sérstöku aukaiðgjaldi frá útgerðarmönnum, sem þá losna með öllu við kaupgreiðslur til skipverja frá afskráningardegi.

Um 18. gr.

Hér er lagt til, að ákvæðin um barnalífeyri til þeirra, sem verða öryrkjar vegna slysa við vinnu, verði færð til samræmis við hin almennu ákvæði almannatryggingalaganna um barnalífeyri, en samkvæmt gildandi ákvæðum getur barnalífeyrir til slysaöryrkja orðið lægri en hinn almenni barnalífeyrir.

Um 19. gr.

Í 65. gr. laganna er svo ákveðið, að sækja skuli árlega um hvers konar bætur. Þetta kostar allmikla vinnu hjá umboðsmönnum tryggginganna og er varla nauðsynlegt til lengdar um allar tegundir bóta. Því er lagt til, að það verði lagt á vald tryggingaráðs, hversu oft skuli endurnýja umsóknir. Einkum er haft í huga, að fallið verði frá árlegum umsóknum um ellilífeyri og endurkræfan barnalífeyri.

III. kafli.

Um 20. gr.

Í grein þessari felst frestun á framkvæmd heilsugæzlukafla almannatryggingalaganna til 1. jan. 1955, en kafla þessum hefur nú verið frestað frá ári til árs síðan 1947. Heilsugæzlustofnanir þær, sem gert er ráð fyrir, að bæjarfélögin komi upp, svo sem lækningastöðvar og heilsuverndarstöðvar, eru enn ekki fyrir hendi og engar líkur til, að þær verði fullgerðar í lok ársins 1951, eins og til var ætlazt, nema á örfáum stöðum. En án þessara stofnana og nægilegra sjúkrahúsa er mjög erfitt, ef ekki ókleift, að framkvæma ákvæði heilsugæzlukaflans eins og til er ætlazt. Sjúkrahúsaskorturinn hér í Reykjavík, ásamt vöntun á lækningastöð og heilsuverndarstöð, hlýtur sérstaklega að torvelda mjög allar heilsugæzluframkvæmdir. Það hefur komið í ljós, að miklir erfiðleikar eru á því að ná viðhlítandi samningum við læknasamtökin um fastar greiðslur og ákveða þeim gjaldskrá á þeim grundvelli, sem lögin gera ráð fyrir, meðan fyrrnefndar stofnanir eru ekki komnar upp og bætt að verulegu leyti úr sjúkrahúsaskortinum. Bæjarstjórn Reykjavíkur hefur nú fyrir nokkru gert áætlun um að reisa bæjarsjúkrahús og aðrar nauðsynlegar heilsugæzlustofnanir, og er við það miðað, að þeim framkvæmdum verði lokið á árinu 1955. Hefur Tryggingastofnunin þegar heitið nokkrum fjárhagslegum stuðningi til þessara framkvæmda, og er frestunin við það miðuð, að stofnanirnar verði þá tilbúnar til notkunar.

Um 21. gr.

Meðan frestað er heilsugæzlukafla almannatryggingalaganna samkv. 20. gr. er nauðsynlegt, að III. kafli laga nr. 104/1943, um sjúkratryggingar, verði áfram í gildi, en með nokkrum breytingum frá því, sem nú er, og eru þær teknar upp í þessa grein:

Um 1. tölul. Nú hafa verið stofnsett sjúkrasamlög í 159 hreppum og kaupstöðum af 229. Mun láta nærri, að 10—12% landsmanna standi enn utan sjúkratrygginganna. Þess eru allmörg dæmi, að fólk, sem býr utan samlagssvæða og orðið hefur fyrir þungum búsifjum af völdum sjúkdóma, leiti til tryggingánna, án þess að nokkuð sé hægt fyrir það að gera, annað en að greiða sjúkradagpeninga, sem oftast hrökkva skammt fyrir kostnaðinum og koma því aðeins til greina, að um vinnandi mann sé að ræða, sem orðið hefur fyrir tekjumissi. Hin dæmin eru þó vafalaust fleiri, sem stofnunin fær enga vitneskju um. Rétt þykir því að leggja til, að samlög verði nú lögboðin alls staðar þar, sem þau hafa ekki þegar verið stofnuð.

Um 2. tölul. Reynslan sýnir, að utan kaupstaðanna og einkum í sveitahreppum eru samlögin yfirleitt of smá. Mörg dæmi eru um það, að einn eða tveir þungir sjúklingar kosta lítið sveitasamlag árstekjur þess eða vel það. Er það ljóst, að sveiflurnar í afkomu slíkra samlaga hljóta að geta orðið geysimiklar og rekstur þeirra á allan hátt ótryggari en stærri samlaga. Er því æskilegt, að stuðlað verði að sameiningu slíkra samlaga í stærri samlög. Þó þykir varla fært að fyrirskipa slíka sameiningu, nema verulegur vilji sé fyrir því í hinum einstöku héruðum, og er því það skilyrði sett, að stjórnir ⅔ hluta þeirra samlaga, sem sameina skal, fallist á sameininguna.

Um 3. tölul. Samkvæmt gildandi ákvæðum ber sjúkrasamlögum að greiða lífsnauðsynleg lyf utan sjúkrahúsa að fullu, og önnur nauðsynleg lyf að ¾ hlutum. Hér er lagt til, að heimilað verði að draga nokkuð úr lyfjagreiðslum, einkum þegar ekki er um lífsnauðsynleg lyf að ræða, sem notuð eru að staðaldri, en þó því aðeins að tryggingaráð leggi til, að svo verði gert. Beiting þessa ákvæðis mundi bæði lækka útgjöld sjúkrasamlaganna og draga nokkuð úr óþarfri lyfjanotkun.

Um 4. tölul. Á undanförnum árum hefur það þráfaldlega komið fyrir, að gamalmenni, sem þurft hafa á hjúkrun og sjúkrahúsvist að halda, hafa ekki getað orðið aðnjótandi nægilegrar aðstoðar sökum þess, að þau lagaákvæði um sjúkrahjálp til gamalmenna, sem nú felast að nokkru leyti í ríkisframfærslulögunum (l. nr. 78 1936), að nokkru leyti í sjúkratryggingalögunum (l. nr. 104 1943) og að nokkru leyti í almannatryggingalögunum (l. nr. 50 1946), hafa aldrei verið samræmd, og af þeirri ástæðu hefur nokkur hluti þessara gamalmenna orðið útundan. Hér er því um það að ræða að brúa þetta bil aðallega með breyttri framkvæmd ríkisframfærslulaganna.

Aukin útgjöld Tryggingastofnunarinnar af ákvæði þessu verða óveruleg. Sjúkrasamlögin mundu frekar hagnast á breytingunni, en útgjöld ríkisframfærslunnar mundu eitthvað aukast. Hins vegar er hér um svo mikið réttindamál að ræða vegna gamalmennanna, að illverjandi er að láta það ástand, sem nú er í þessum efnum, haldast áfram.

Um 5. tölul. Hér er lagt til, að hámark á framlagi ríkissjóðs og sveitarsjóða samkvæmt 47. gr. laga nr. 104/1943 skuli vera 60 kr. á ári.

Nú er þessum málum þannig skipað, að ríkissjóður greiðir allt að 54 kr. á hvern samlagsmeðlim. Þessi upphæð er fengin þannig, að hámarksgjaldið, sem í lögunum er ákveðið 18 kr., er þrefaldað. Á þessa upphæð hefur Tryggingastofnunin greitt sjúkrasamlögunum vísitöluálag, sem að vísu hefur ekki enn fengizt endurgreitt frá ríkissjóði. Meðalvísitala ársins 1950 mun verða sem næst 8⅓ stigs, og verði sú viðbót greidd úr ríkissjóði, mundi framlag ríkissjóðs í ár nema kr. 58.50 á samlagsmeðlim þar sem hæst er greitt.

Síðan frumvarp þetta var lagt fram fyrst, haustið 1949, hefur mikil hækkun orðið á daggjöldum og verð á lyfjum einnig hækkað mikið. Það má því búast við, að fjárhagsörðugleikar sjúkrasamlaganna fari vaxandi, og muni því þurfa að sjá

þeim fyrir einhverjum auknum tekjum, auk þess sem nauðsynlegt er að gæta sem mest sparnaðar í rekstri samlaganna.

Um 6. tölul. Árin 1948 og 1949 hefur Tryggingastofnunin, samkv. ákvæði í viðaukalögum, greitt sjúkrasamlagsiðgjöld þeirra elli- og örorkulífeyrisþega, sem eigi höfðu svo háar tekjur, að varðaði skerðingu lífeyris. Ákvæðið er sett vegna frestunar heilsugæzlukaflans, en gamalt fólk og öryrkjar áttu að fá sjúkratryggingu án iðgjaldagreiðslu, þegar hann kæmi til framkvæmda.

Hér er lagt til, að ákvæðið verði rýmkað nokkuð, þannig að samlagsiðgjöld verði greidd fyrir alla þá, sem einhvers lífeyrisréttar njóta, í stað þess, að nú nær ákvæðið aðeins til þeirra, sem ekki hafa meiri tekjur en svo, að þeir eigi rétt á fullum lífeyri.

Um 22. gr.

Grein þessi er sama efnis og 3. liður 1. greinar núgildandi viðaukalaga og kemur í staðinn fyrir 94. gr. almannatryggingalaganna. Upphæðin, sem heimilt er að nota í þessu skyni, er í viðaukalögunum frá 1948 ákveðin 100 þús. kr., en er hér hækkuð upp í 300 þús. kr. á ári og þannig færð til samræmis við aðrar grunntölur.

Um 23. gr.

Grein þessi var tekin upp í frumvarpið undir meðferð þess á síðasta Alþingi og miðar að því, að athugun verði látin fram fara á vinnugetu þeirra öryrkja, sem nú eru í landinu, með það fyrir augum, að takast mætti að sjá þeim fyrir atvinnu við þeirra hæfi.

IV. kafli.

Um 24. gr.

Í grein þessari eru fastákveðnar hinar nýju upphæðir iðgjalda og framlaga til tryggingasjóðs samkv. IV. kafla laganna 2.—5.

Iðgjöld hinna tryggðu skv. 107. gr. laganna eru ákveðin sem næst 15% hærri og iðgjöld atvinnurekenda skv. 112. gr. laganna sem næst 3% hærri en þau eru nú.

Heildarupphæð framlags sveitarfélaga er í gildandi viðaukalögum (nr. 92/1948) ákveðin 3.6 millj. króna og á þá upphæð skyldi greitt vísitöluálag, sem var 300, og varð því hlutur sveitarfélaganna samanlagt 10.8 millj. króna, og er þeirri upphæð haldið óbreyttri í frumvarpinu sem heildarupphæð framlags sveitarfélaganna.

Framlag ríkissjóðs samkv. 116. gr. laganna er í frv. nú ákveðið 17.4 millj. króna. Þetta framlag er í fjárlögum ársins 1950 ákveðið 17.3 millj. kr.

Um 25. gr.

Í stað ákvæða þeirra um verðlagsuppbætur og vísitöluálag, sem nú eru í gildi samkv. 2. tölulið bráðabirgðaákvæða laganna, er í þessari grein lagt til, að hækka skuli grunnupphæðir bóta samkv. lögum þessum til samræmis við vísitölu framfærslukostnaðar eftir þeim reglum, sem gilda um hækkun launa samkv. lögum nr. 22/1950, um gengisskráningu o. fl. Þó má sú hækkun aldrei nema meira en 15%.

Hins vegar er ekki gert ráð fyrir því að greiða vísitöluálag á framlög sveitarfélaga og ríkissjóðs, og halla þeim, sem við þetta kann að skapast, ætlað að lenda á tryggingasjóði, þar til öðruvísi verður ákveðið.

Um 26. gr.

Grein þessi var tekin upp í frumvarpið undir meðferð þess á Alþingi og felst í henni heimild fyrir sveitarstjórnir til að endurkrefja þá iðgjaldagreiðendur, sem sveitarstjórn hefur orðið að leggja út iðgjöld fyrir. Ákvæðið er tekið upp vegna þess, að nokkuð hefur borið á því, að iðgjaldagreiðendur við sæmilegar ástæður, en sem greiða þó ekki tekjuskatt, misnotuðu þetta ákvæði laganna.

Um 27. gr.

Greinin er sama efnis og 7. liður 1. gr. núg. viðaukalaga. Samkv. hinum tilvitnuðu reglum er sá tími, sem börn dvelja á heimili foreldra sinna og vinna þeim kauplaust, aðeins reiknaður að ¼ hluta til gjaldskyldra vinnuvikna. Sé kaup greitt, umfram fæði og dvalarkostnað, reiknast hverjar 150 kr. sem ein vika til viðbótar, unz fullu iðgjaldi er náð.

Um 28. gr.

Greinin er sama efnis og 6. tölul. 1. gr. núgildandi viðaukalaga. Rökin fyrir þessari heimild eru þau, að bæði slysatryggingagjöld fyrir 1946 og gjöld samkv. 113. gr. fyrir 1947 voru miðuð við unnar vikur á árinu 1946.

Um 29. gr.

Innheimtu þessara framlaga hefur verið hagað þannig, að utan kaupstaða hafa innheimtumenn ríkisins, sem jafnframt eru umboðsmenn stofnunarinnar, innheimt framlögin samkv. samningi við stofnunina, en í kaupstöðum hafa sjúkrasamlögin haft innheimtuna á hendi, nema í Reykjavík, þar sem aðalskrifstofan innheimtir framlögin beint. — Hér er lagt til, að sami háttur verði á þessu alls staðar á landinu og innheimtan fengin innheimtumönnum ríkisins, þó þannig, að stofnunin geti innheimt framlögin beint þar, sem það þykir henta.

Um 30. gr.

Grein þessi var tekin upp í frv. á síðasta Alþingi og fjallar um tekjuafgang Tryggingastofnunarinnar. Er henni skylt að bera með sjóðum sínum allan ófyrirséðan tekjuhalla, og skal ekki gripið til ábyrgða ríkissjóðs meðan tekjuafgangur er fyrir hendi í tryggingasjóði. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 31. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 32. gr.

Útgáfa tryggingarskírteina skv. 127. gr. hefur mjög takmarkaða þýðingu, á meðan framkvæmd á heilsugæzlukaflanum er frestað, þar sem hinir tryggðu þurfa ekki að sanna skil sín við stofnunina nema gagnvart stofnuninni sjálfri og umboðsmönnum hennar. Er því lagt til, að framlengd verði heimildin í síðara hluta 9. tl. 1. gr. núg. viðaukalaga til að fresta útgáfu nýrra skírteina, enda kostar árleg útgáfa skírteina talsvert fé og mikla vinnu.

Um 33. gr.

Ákvæði þetta er framlenging á 11. bráðabirgðaákvæði almannatryggingalaganna, sbr. og 10. lið 1. gr. oftnefndra viðaukalaga.

Um 34. gr.

Greinin er sama efnis og 13. liður 1. gr. núg. viðaukalaga. Ákvæði þessi um lögveð fyrir tryggingagjöldum voru sett samkv. ábendingu og óskum innheimtumanna stofnunarinnar.

Um 35. gr.

Grein þessi var tekin upp í frumvarpið á síðasta Alþingi að tilhlutan heilbrigðis- og félagsmálanefndar Ed. til þess að auðvelda tryggingar fyrir íþróttamenn. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki sérstakra skýringa.

Um 36. gr.

Í 16. gr. almannatryggingalaganna er ákveðið, að sé greiðslum ellilífeyris frestað fram yfir 67 ára aldur, hækki árlegur lífeyrir hins tryggða um 5% fyrir hvert ár,

sem frestunin varir, þó ekki yfir 40%. — Það hefur verið talið vafasamt, að fólk, sem vegna tekna á ekki rétt á lífeyri (sbr. brb.ákv. 1), öðlist rétt til þessarar hækkunar fyrir þann tíma, sem það átti ekki lífeyrisréttinn.

Eðlilegt og sanngjarnt er, að fólk, sem heldur áfram að vinna og afla sér tekna eftir 67 ára aldur og sparar stofnuninni með því útgjöld, sé látið njóta þess með umræddri hækkun, þegar það lætur af störfum, enda skynsamlegt að örva fólk á þann hátt til að leggja ekki árar í bát og leita til tryggginganna, fyrr en það má til. Með ákvæði þessu er því slegið föstu, að reglan gildi einnig um þetta fólk.

Um 37. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Nd. 239. Nefndarálit [20. mál]

um frv. til l. um. breyt. á l. nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Samkomulag tókst ekki í nefndinni um afgreiðslu þessa máls. Það kom í ljós, að meiri hluti nefndarinnar var meðmæltur meginstofni frumvarpsins, en ég, sem einn skipa minni hlutann, er frumvarpinu andvígur og legg til, að það nái ekki fram að ganga.

Eins og ég gerði grein fyrir við fyrstu umræðu þessa máls, get ég engan veginn á það fallizt, að lækkaðar verði sektir fyrir brot á lögunum um bann gegn botnvörpuveiðum eins og gert er í þessu frumvarpi. Þá get ég heldur ekki veitt því sjónarmiði brautargengi, að það sé gert að meginatriði fyrir sektarhæðinni, að gerður sé mismunur á stærð skipsins, sem brotið er framið á, en samkvæmt frumvarpinu á að lækka að mjög miklum mun sektir fyrir ólöglegar landhelgisveiðar, ef brotið er framið á skipi, sem ekki er yfir 115 rúmlestir að stærð. Frá mínum bæjardyrum séð hefur það sjónarmið miklu ríkari rétt á sér, að tekið sé tillit til þess tjóns, sem af verknaðinum leiðir, en þetta hefur verið hyrningarsteinn þessarar löggjafar nú um þrjátíu ára skeið. Með frumvarpi þessu er mjög brotið í bág við þessa stefnu. Það er alkunnugt, að landhelgisbrot, sem framin eru á skipum af þeirri stærð, er hin mikla lækkun í sektarákvæðum tekur til, valda sízt minna tjóni en brot, sem framin eru á stærri skipum. Það er á vitund allra þeirra, sem nokkuð þekkja til um þessar veiðar, að yfirleitt er það svo, að þeim, sem botnvörpuveiðar stunda á minni skipum, hættir til að vera nærgöngulli en stærri skipin á þeim stöðvum innan landhelginnar, sem eru aðal klak- og uppeldisstöðvar nytjafiskanna. En fiskifæðin stafar af því fyrst og fremst, hversu drápið og tortímingin á uppfæðingnum er skefjalaus á þessum svæðum. Það þarf að sjálfsögðu að hafa sín takmörk, hversu nærri má ganga nytjafiskinum, en fram hjá því verður ekki komizt, að aðalhættan, sem að Íslendingum steðjar í þessu efni, er fólgin í drápi ungfisksins, sem stafar af ónógri friðun uppvaxtarstöðva við strendur landsins.

Þá er og þess að gæta, að Íslendingar eru ekki einir um að stunda botnvörpu- og dragnótaveiðar á hinum minni skipum á miðunum hér. Á hverju ári sækir hingað ótölulegur grúi slíkra erlendra skipa frá Noregi, Svíþjóð, Danmörku og Færeyjum og ef til vill víðar að. Síðari hluta vetrarvertíðar kveður t. d. stundum svo mikið að mergð þessara skipa á miðunum við Vestmannaeyjar, að Vestmannaeyingar sjálfir verða að flýja af sínum fiskisælustu miðum, af því að þeir koma ekki veiðarfærunum í sjóinn fyrir þrengslum. Þessi floti, sem dreifður er víðs vegar með ströndum landsins, er vitanlega allágengur við landhelgina, þrátt fyrir hinar

háu sektir, og varla mundi það draga úr yfirtroðsluhneigðinni, er þeim bærist fréttin um það, að nú kostaði það miklum mun minna en áður að fiska í landhelgi við Ísland.

Því er mjög á lofti haldið, og má til sanns vegar færa, að sektirnar eru háar. En þau rök liggja til þess, að mikið verk er því fólgið, að verja landhelgina, svo að viðhlítandi sé. Þess höfum vér ekki verið megnugir. Sektarupphæðin er því ákveðin með hliðsjón af því, að hún ein út af fyrir sig skapi verulegt aðhald. Það er og viðurkennt af erlendum þjóðum, að þetta sjónarmið sé ekki óeðlilegt, miðað við aðstæður hér. Loks vil ég benda á, að þessi lækkun á sektunum skýtur nokkuð skökku við það t. d., að 1948 voru sektir fyrir brot á fiskveiðalöggjöfinni hækkaðar verulega, fimm- til tífaldaðar, og er þar þá um að ræða gullkrónur eins og hér.

Alþingi, 28. nóv. 1950.

Pétur Ottesen,
form.

Nd. 240. Nefndarálit [86. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Það varð ekki í nefndinni samkomulag um afgreiðslu þessa máls. Meiri hluti nefndarinnar mælir með meginstofni frumvarpsins, en minni hlutinn er því andvígur. Um rök fyrir þeirri afstöðu vísast til nefndarálits um frumvarp til laga um breyt. á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, frá minni hluta sjávarútvegsnefndar, á þskj. 239.

Alþingi, 28. nóv. 1950.

Pétur Ottesen,
form.

Nd. 241. Nefndarálit [49. mál]

um frv. til l. um sveitarstjóra.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Í hreppi, þar sem eru fleiri en 500 íbúar, er hreppsnefnd heimilt að fela sérstökum sveitarstjóra stjórn og framkvæmd hreppsmála.
2. Við 2. gr. 1. málsl. gr. orðist svo:
   Ákveði hreppsnefnd að nota heimild 1. gr. laga þessara, skal hún auglýsa starf sveitarstjóra og taka við umsóknum um það.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt í hreppsnefnd, og skal þar

nánar kveðið á um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og það annað, sem rétt þykir að taka fram af því tilefni. Ekki er skylt að binda ráðningu sveitarstjóra við kjörtímabil hreppsnefndar eða önnur ákveðin tímamörk. Uppsagnarfrestur af hálfu hvors aðila skal vera sex mánuðir.

4. Við 7. gr. Orðin „að þar til fengnu samþykki félagsmálaráðherra“ falli burt.
5. Við 8. gr. Greinin orðist svo:

   Nú verður sveitarstjóri sekur um stórfellda eða ítrekaða vanrækslu eða hirðuleysi í starfi sínu eða skeytir ekki áminningu hreppsnefndar, og getur hún þá með fundarsamþykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal félagsmálaráðuneytinu þegar frávikninguna. Oddviti tekur þá við starfi sveitarstjóra og gegnir því, unz sveitarstjóri hefur verið ráðinn að nýju.
6. Við 9. gr. Greinin falli burt.

Alþingi, 28. nóv. 1950.

Páll Þorsteinsson, form., frsm. Kristín L. Sigurðardóttir, fundaskr. Gylfi Þ. Gíslason.
Helgi Jónasson. Magnús Kjartansson.

Ed. 242. Nefndarálit [87. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin ræddi frv. þetta á einum fundi. Einn nefndarmanna (StgrA) var fjarstaddur. Mælir nefndin með því, að frv. verði samþ. með svofelldri

BREYTINGU:

Aftan við 2. gr. komi nýr málsl., svo hljóðandi: Ákvæði þetta tekur þó ekki til innstæðu, er nemur 5000 krónum eða minna.

Alþingi, 28. nóv. 1950.

Rannveig Þorsteinsdóttir, form., frsm. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Páll Zóphóníasson.
Soffía Ingvarsdóttir.

Sþ. 243. Tillaga til þingsályktunar [122. mál]

um endurskoðun og uppsögn Keflavíkursamningsins.

Flm.: Finnbogi R. Valdimarsson, Hannibal Valdimarsson, Páll Zóphóníasson, Kristinn Andrésson.

Alþingi ályktar að lýsa yfir þeim vilja sínum, að óskað verði endurskoðunar á Keflavíkursamningnum jafnskjótt og ákvæði hans leyfa eða fyrr, ef samkomulag næst um það, og verði þeirri skipan komið á starfrækslu flugvallarins við Keflavík með uppsögn samningsins eða án þess, að stjórn hans og rekstur verði algerlega í höndum Íslendinga, en samið við þær þjóðir, sem völlinn nota til friðsamlegra þarfa í samræmi við alþjóðasamþykktir, um greiðslu kostnaðar við rekstur hans og viðhald.

Greinargerð.

Sá tími fer í hönd, að ríkisstjórn Íslands hefur rétt til að fara fram á endurskoðun Keflavíkursamningsins, sem samþykktur var á Alþingi 5. okt. 1946 undir nafninu „samningur við Bandaríki Ameríku um niðurfelling herverndarsamningsins frá 1941 o. fl.“. Samkvæmt ákvæðum samningsins getur hvor aðili um sig óskað endurskoðunar á honum eftir 7. okt. 1951 og sagt honum síðan upp, ef samningar takast ekki innan sex mánaða, og fellur hann þá úr gildi eftir eitt ár frá uppsagnardegi.

Samningur þessi var á sínum tíma ekki gerður að vilja Íslendinga og því síður eftir ósk þeirra eða þeim í hag. Eftir aðstæðum í landinu og tildrögum öllum má skoða hann sem nauðungarkost tekinn af litlum meiri hluta Alþingis, en móti þjóðarvilja. Bandaríkin höfðu ári áður farið fram á þrjár herstöðvar í nágrenni Reykjavíkur til 99 ára og sátu með her í landi. Þegar vitnaðist um þessar kröfur, hóf allur fjöldi félagasamtaka í landinu, jafnt menntamenn sem alþýða, eindregin mótmæli, og ríkisstjórn Íslands sendi Bandaríkjastjórn neitandi svar við orðsendingu hennar, og var fallið frá opinberum herstöðvaumleitunum í bili. Varð það til þess, að alþingiskosningarnar sumarið 1946 snerust ekki nema að litlu leyti um þetta mál, heldur afstöðu til nýsköpunarstefnu ríkisstjórnarinnar, enda hafði almenningur á Íslandi þá ekki ástæðu til að ætla annað eftir yfirlýsingar stjórnmálaflokka en að enginn þeirra mundi ljá því liðsinni að veita nokkru erlendu ríki landsréttindi eða hernaðarítök hér á landi. Eftir kosningarnar, þegar samningurinn hafði verið lagður fram, urðu hörð átök um hann á Alþingi og ný mótmæli streymdu að frá landslýðnum. Á Alþingi samþykktu hann aðeins 32 þingmenn, en 19 greiddu atkvæði á móti og einn sat hjá. Þessi samningsgerð mætti þannig frá upphafi mikilli andstöðu, og fjöldi málsmetandi Íslendinga utan þings og innan lét í ljós mikinn ugg við samþykkt hans.

Reynslan af framkvæmd Keflavíkursamningsins hefur mjög farið eftir því, sem andmælendur hans sögðu fyrir. Þau sérréttindi og undanþágur frá íslenzkum lögum, sem Bandaríkjastjórn og starfslið hennar nýtur eftir samningnum, hafa reynzt óeðlileg og óheppileg. Í öðru lagi hafa íslenzk stjórnarvöld reynzt ómegnug eða óviljug að halda á rétti Íslands gagnvart hinum sterka mótaðila. Samningurinn heimilar t. d. Bandaríkjunum að flytja tollfrjálsar til vallarins þær vörur einar, sem nauðsynlegar eru til afnota vegna flugsamgangna við hernámssvæði Bandaríkjanna í Þýzkalandi, en þær samgöngur eru aðeins brot af umferðinni um völlinn. Innflutningur til flugvallarins umfram tollfrjálsar vörur eftir samningnum hefur eflaust numið þessi ár tugum þúsunda tonna, en íslenzka ríkið hefur engar tolltekjur haft af þeim innflutningi öllum og ekki einu sinni verið eftir þeim gengið af Íslands hálfu, svo að vitað sé. Enn fremur hefur Bandaríkjastjórn eða umboðsmenn hennar starfslið og athafnir á flugvellinum umfram það, sem nauðsynlegt er til þess að fullnægja starfrækslu þar samkvæmt tilgangi samningsins, tekur vinnuafl frá Íslendingum, en geldur af starfsemi á flugvellinum enga skatta. Framkvæmd samningsins hefur auk heldur í ýmsum atriðum verið slík, að teljast má móðgun við Íslendinga. Í skjóli samningsins fer án minnsta vafa fram frá Keflavíkurflugvelli stórvægilegt smygl og svartamarkaðsbrask, sem engar skorður eru við reistar. Reynslan af framkvæmd samningsins hefur í stuttu máli orðið sú, að flugvöllurinn hefur orðið bandarískt umráðasvæði, þar sem íslenzk lög og réttur ná ekki til. Íslendingar hafa þar í eigin landi nýlendu erlends stórveldis, þar sem gilda önnur lög en annars staðar á Íslandi. Slík erlend yfirráð yfir hluta af íslenzku landi hafa jafnframt breytt aðstöðu Íslands, skert sjálfstæði þess og sjálfstæðisvitund Íslendinga.

Þar sem reynslan af Keflavíkursamningnum er orðin slík eftir aðeins fjögur ár, má vita fyrir fram, hver hætta er á ferðum, ekki aðeins fyrir sjálfstæði og hagsmuni, heldur einnig þjóðerni og tungu Íslendinga, ef samningurinn yrði endur-

nýjaður, hluti íslenzks lands framvegis undir erlendum yfirráðum og erlent lið ætti enn að fá að dveljast langdvölum á Íslandi. Þau ár, sem samningurinn hefur gilt, hafa verið hér í álfu friðartímar, en hversu miklu geigvænlegri er þó hættan af samningnum fyrir íslenzku þjóðina, líf hennar og tilveru í landinu, ef til styrjaldar dregur með þeim ægivopnum, sem þá gæti orðið beitt.

Öll rök, samningurinn í sjálfum sér, og ekki síður reynslan af framkvæmd hans, hníga að því, að óskað verði af Íslands hálfu eftir endurskoðun samningsins eins fljótt og heimilt er, og honum verði síðan sagt upp og ekki endurnýjaður, heldur taki Íslendingar að fullu og öllu við rekstri hans, eins og þeir eru fyllilega færir um, og flugvöllurinn í Keflavík verði síðan frjáls öllum þjóðum til friðsamlegra afnota einna. Er óhætt að fullyrða, að aðrar þjóðir, sem þyrftu að hafa slík afnot af vellinum, mundu taka þátt í greiðslu kostnaðar við rekstur hans og viðhald, enda er beinlínis gert ráð fyrir slíkri þátttöku í kostnaði í alþjóðaflugmálasamþykktum, sem Ísland gerðist aðili að 1947, enda taka önnur ríki nú þegar verulegan þátt í kostnaði við loftskeytaþjónustu vegna flugferða um Ísland.

Ekki getur leikið vafi á, að það er í samræmi við óskir meginþorra Íslendinga, að Keflavíkursamningnum verði sagt upp. Fyrir tveim árum, á Alþingi 1948, var flutt tillaga til þingsályktunar af þeim Hermanni Jónassyni, Gylfa Þ. Gíslasyni, Hannibal Valdimarssyni, Skúla Guðmundssyni og Páli Zóphóníassyni um endurskoðun samningsins, mjög samhljóða þeirri, sem hér er borin fram. Í ýtarlegri greinargerð með tillögunni rökstyðja þeir líkt og hér hefur verið gert endurskoðun og uppsögn samningsins, bæði með þeim óeðlilegu sérréttindum og undanþágum frá íslenzkum lögum, sem Bandaríkjastjórn og starfsmenn hennar njóta samkvæmt honum, og eins 2½ árs reynslu, sem þá var komin í ljós af framkvæmd hans. Taka þeir skýrt fram, að á því „verði ekki ráðin bót, nema íslenzk lög taki til alls og allra á þessum stað Íslands sem öllum öðrum stöðum þess“, og kveða svo að orði, að „annað sé ekki samboðið þjóð, sem halda vilji sjálfstæði sínu og algeru fullveldi í fyllsta heiðri“.

Ýmis samtök landsmanna hafa þegar krafizt uppsagnar Keflavíkursamningsins jafnskjótt sem ákvæði hans leyfa, nú síðast þing Alþýðusambands Íslands með samhljóða atkvæðum.

Ed. 244. Nefndarálit [105. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 83 1940, um friðun arnar og vals.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, borið það saman við gildandi lög, rætt um það við Finn Guðmundsson náttúrufræðing og rætt það á fundum sínum, og er sammála um að leggja til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 29. nóv. 1950.

Rannveig Þorsteinsdóttir, form.	Lárus Jóhannesson, fundaskr.	Páll Zóphóníasson, frsm.
Soffía Ingvarsdóttir.	Steingr. Aðalsteinsson.	

Nd. 245. Breytingartillaga [77. mál]

við frv. til l. um breyt. á og viðauka við l. nr. 43 23. maí 1949, um innflutning og úthlutun jeppabifreiða til landbúnaðarþarfa o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 2. gr. Aftan við a-lið (13. gr.) bætist: og skal nefndin vinna að því, þegar innflutningur er ákveðinn, að umsóknirnar séu teknar til greina, þannig að rétt hlutfall haldist milli dráttarvéla og jeppabifreiða.

Nd. 246. Breytingartillögur [77. mál]

við brtt. á þskj. 198 [Jeppabifreiðar o. fl.].

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Fyrir orðið „landbúnaðarbifreiðar“ í 1. tölulið komi: jeppabifreiðar.
2. Annar tölul. falli niður.
3. Fyrir orðið „landbúnaðarbifreið“ í 3. tölul. komi: jeppabifreið.
4. Við 4. tölul.:
   a. Fyrir orðið „landbúnaðarbifreiðar“ í a-lið komi: jeppabifreiðar.
   b. Í stað orðsins „landbúnaðarbifreiðategund“ í b-lið komi: jeppabifreiðategund.

Ed. 247. Nefndarálit [98. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 1942, um breyt. á l. nr. 112 1941, um lax- og silungsveiði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin leggur til, eftir að hafa athugað frumvarpið, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 30. nóv. 1950.

Páll Zóphóníasson, form., frsm. Eiríkur Einarsson, fundaskr. Ingólfur Flygenring.
Vilhjálmur Hjálmarsson. Finnbogi R. Valdimarsson.

Nd. 248. Breytingartillögur [44. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

Frá Jóni Pálmasyni, Helga Jónassyni, Gylfa Þ. Gíslasyni.

1. Við 1. gr. Fyrir „1/10 kjósenda“ í 4. efnismálslið komi: 1/5 kjósenda.
2. Á eftir 1. gr. kemur ný gr., svo hljóðandi:
   Aftan við 1. málsgr. 27. gr. laganna bætist: með þeirri breytingu, að þegar reiknuð eru út atkvæði hvers frambjóðanda, þar sem engin breyting hefur verið

gerð á röð frambjóðanda á lista, skal fyrsti maður fá 1 atkvæði, annar ½ atkv., þriðji ⅓ o. s. frv., og skulu atkvæðatölur hvers frambjóðanda á breyttum lista reiknaðar út eftir sömu reglu.

Ed. 249. Nefndarálit [52. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 34 29. apríl 1946, um fræðslu barna.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur haft frv. til meðferðar á nokkrum fundum og rætt efni þess við menntamálaráðherra og fræðslumálastjóra. Hafa þeir gefið nefndinni nánari upplýsingar en gert er í grg. frv. um það ófremdarástand, sem skapazt hefur í skólabyggingarmálum, vegna þess að ríkissjóður hefur ekki, með þeim fjárveitingum, sem verið hafa í fjárl. síðustu ára, getað innt af höndum framlög til skólahúsa jafnóðum og þau hafa verið byggð, þannig að hinn 1. júlí s. l. hafði safnazt um 10 millj. króna skuld við bæjar- og sveitarfélög vegna ógreiddra framlaga til skólabygginga (barnaskóla, skólastjóraíbúða, gagnfræðaskóla og húsmæðraskóla). Fjöldi skólahúsa er í smíðum og liggur jafnvel undir skemmdum vegna fjárskorts viðkomandi sveitarfélaga og dráttar á greiðslu ríkisframlags, eins og vikið er að í grg. frv., en raunverulega er tekið fyrir nýjar skólabyggingar, sem þó er mjög aðkallandi þörf fyrir víða um land að áliti fræðslumálastjóra.

Það liggur í augum uppi, að í þessu frv. felst ekki lausn á þessu vandamáli sjálfu. Það fjallar aðeins um hin almennu skilyrði fyrir ríkisframlaginu, og hefur nefndin að athuguðu máli talið rétt að halda sér við þau ein.

Þó að einstakir nefndarmenn telji, að því verði ekki öllu lengur skotið á frest að gera viðunandi skipun á greiðslu hinna áföllnu skulda og jafnframt ráðstafanir til þess, að hægt sé að hefja skólabyggingar, sem fræðslumálastjórnin sjálf telur bráðnauðsynlegar, með nokkurri von um, að hið lögboðna ríkisframlag til þeirra fáist greitt í náinni framtíð, þá hafa allir nefndarmenn eftir atvikum getað fallizt á að leggja til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Síðasti málsl. gr. orðist svo:

Ríkisframlagið er bundið því skilyrði, að fræðslumálastjórnin hafi samþykkt uppdrætti, áður en hafizt er handa um byggingu, að skólalóðin sé eign skólahverfisins, eða afnotarétturinn tryggður með óuppsegjanlegum leigusamningi, og að fé sé veitt til skólabygginga í fjárlögum, enda hafi fræðslumálastjórnin ákveðið framlag til viðkomandi skólabyggingar af því fé.

Alþingi, 27. nóv. 1950.

Ingólfur Flygenring, form.	Rannveig Þorsteinsdóttir, fundaskr.	F. R. Valdimarsson, frsm.
Hannibal Valdimarsson.	Eiríkur Einarsson.	

Ed. 250. Nefndarálit [53. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 49 7. maí 1946, um húsmæðrafræðslu.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. samtímis frv. til l. um breyting á l. nr. 34 29. apríl 1946, um fræðslu barna, og vísast til athugasemda nefndarinnar um það frv. á þskj. 249.

Nefndin er sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ríkisframlagið er bundið því skilyrði, að fræðslumálastjórnin hafi samþykkt uppdrætti, áður en hafizt er handa um byggingu, að skólanum hafi verið lagt til ókeypis nægilegt land til starfsemi hans að dómi fræðslumálastjórnarinnar og að fé sé veitt til skólabygginga í fjárlögum, enda hafi fræðslumálastjórnin ákveðið framlag til viðkomandi skólabyggingar af því fé.

Alþingi, 27. nóv. 1950.

Ingólfur Flygenring, form. — Rannveig Þorsteinsdóttir, fundaskr. — F. R. Valdimarsson, frsm.

Hannibal Valdimarsson. — Eiríkur Einarsson.

Ed. 251. Nefndarálit [54. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 7. maí 1946, um gagnfræðanám.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. samtímis frv. til l. um breyt. á l. nr. 34 29. apríl 1946, um fræðslu barna, og vísast til athugasemda nefndarinnar um það frv. á þskj. 249.

Nefndin er sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Við 53. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ríkisframlagið er bundið því skilyrði, að fræðslumálastjórnin hafi samþykkt uppdrætti, áður en hafizt er handa um byggingu, að skólalóðin sé eign viðkomandi skólahverfis eða skólahverfa, eða afnotaréttur inn tryggður með óuppsegjanlegum leigusamningi, og að fé sé veitt til skólabygginga í fjárlögum, enda hafi fræðslumálastjórnin ákveðið framlag til viðkomandi skólabygginga af því fé.

Alþingi, 27. nóv. 1950.

Ingólfur Flygenring, form. — Rannveig Þorsteinsdóttir, fundaskr. — F. R. Valdimarsson, frsm.

Hannibal Valdimarsson. — Eiríkur Einarsson.

Sþ. **252. Breytingartillögur** [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1951.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

1. Við 10. gr. III. 3. b. Nýr liður:
Til kaupa á innanstokksmunum 110 000
2. — 11. — A. 6. b. (Sýslumenn o. s. frv., skrifstofukostn.).
a. Við 1. (Grunnlaun) Fyrir „1 685 430“ kemur 1 695 430
b. Við 2. (Verðlagsuppbót). Fyrir „252 814“ kemur ... 254 314
3. — 11. — A. 8. b. (Lögreglukostn. í Rvík).
Fyrir „700 000“ kemur 807 000
4. — 11. — A. 10. Nýr liður.
Til byggingar fangahúsa 75 000
5. — 11. — A. 17. (Framkvæmd laga um bókhald).
Liðurinn fellur niður.
6. — 11. — B. 5. (Eftirlit með skipulagi).
÷ Tekjur. Fyrir „300 000“ kemur 317 509
7. — 12. — IV. D. (Heilsuhælið á Kristnesi). Liðurinn orðist svo:
1. Laun:

a. Grunnlaun með uppbót	577 447	
b. Verðlagsuppbót	86 617	
	664 064	
÷ Hlunnindi	117 864	
		546 200
2. Matvörur	420 000	
3. Annar kostnaður	372 000	
	1 338 200	
÷ Tekjur	774 400	
Rekstrarhalli		563 800

8. — 12. — IV. H. (Drykkjumannahæli á Úlfarsá).
Liðurinn fellur niður.
9. — 12. — VIII. (Heilsuverndarstöðvar).
Fyrir „175 000“ kemur 215 000
10. — 12. — X. (Fjórðungssjúkrahús á Akureyri).
Fyrir „350 000“ kemur 500 000
11. — 13. — A. I. 2. (Ferðakostnaður verkfræðinga).
Frádráttarliðurinn (÷ Fært á ýmis verk .... 250 000) fellur niður.
12. — 13. — A. II. a. Liðurinn orðist svo:
Til nýrra akvega:

1. Reynivallavegur	65 000
2. Akrafjallsvegur	35 000
3. Hvalfjarðarvegur	60 000
4. Leirársveitarvegur	25 000
5. Svínadalsvegur	25 000
6. Lundarreykjadalsvegur	35 000
7. Melasveitarvegur	25 000
8. Bæjarsveitarvegur	25 000
9. Skorradalsvegur	50 000

10.	Hálsasveitarvegur	60 000
11.	Hvítársíðuvegur	30 000
12.	Varmalandsvegur	25 000
13.	Álftaneshreppsvegur	65 000
14.	Hraunhreppsvegur	65 000
15.	Hnappadalsvegur	20 000
16.	Fróðárheiðarvegur	180 000
17.	Útnesvegur	100 000
18.	Fróðárhr.- og Eyrarsveitarvegur	60 000
19.	Helgafellssveitarvegur	25 000
20.	Skógarstrandarvegur í Snæfellsnessýslu	75 000
21.	Skógarstrandarvegur í Dalasýslu	35 000
22.	Dalasýsluvegur	60 000
23.	Laxárdalsvegur	25 000
24.	Klofningsvegur	60 000
25.	Laugavegur	10 000
26.	Staðarhólsvegur	10 000
27.	Skarðsstrandarvegur	70 000
28.	Haukadalsvegur	15 000
29.	Svínadalsvegur	80 000
30.	Reykhólavegur	100 000
31.	Gautdalsvegur	10 000
32.	Gufudalsvegur	100 000
33.	Barðastrandarvegur	100 000
34.	Rauðasandsvegur	90 000
35.	Örlygshafnarvegur	100 000
36.	Bíldudalsvegur	25 000
37.	Suðurfjarðarvegur	35 000
38.	Dalahreppsvegur	50 000
39.	Rafnseyrarheiðarvegur	60 000
40.	Núpsvegur	70 000
41.	Hjarðardalsvegur	20 000
42.	Breiðdalsheiðarvegur	20 000
43.	Súgandafjarðarvegur	60 000
44.	Súðavíkurvegur	60 000
45.	Ármúlavegur	80 000
46.	Ögurvegur	150 000
47.	Bolungarvíkurvegur	75 000
48.	Selstrandarvegur	30 000
49.	Kaldrananesvegur	20 000
50.	Strandavegur	175 000
51.	Reykjafjarðarvegur	80 000
52.	Reykjafjarðarvegur frá Veiðileysu að Djúpuvík	25 000
53.	Vatnsnesvegur	100 000
54.	Vesturhópsvegur	40 000
55.	Miðfjarðarvegur	30 000
56.	Vatnsdalsvegur	100 000
57.	Svínvetningabraut	45 000
58.	Norðurárdalsvegur	20 000
59.	Skagastrandarvegur	70 000
60.	Gönguskarðsvegur	70 000
61.	Sauðárkróksbraut	20 000
62.	Hegranesvegur	15 000
63.	Skagafjarðarvegur	75 000

64.	Útblönduhlíðarvegur		70 000
65.	Hofsósvegur		40 000
66.	Siglufjarðarvegur		100 000
67.	Flókadalsvegur		25 000
68.	Hrísavegur		25 000
69.	Svarfaðardalsvegur		20 000
70.	Eyjafjarðarbraut sunnan Leynings		35 000
71.	Laugalandsvegur		25 000
72.	Dalvíkurvegur (Hámundarstaðaháls)		25 000
73.	Hörgsárdalsvegur ytri		15 000
74.	Ólafsfjarðarvegur		25 000
75.	Öxnadalsheiðarvegur		170 000
76.	Svalbarðsstrandarvegur		80 000
77.	Fnjóskadalsvegur í Hálshreppi		35 000
78.	Kinnarbraut í Ljósavatnshreppi		70 000
79.	Bárðardalsvegur eystri		10 000
80.	Bárðardalsvegur vestri		15 000
81.	Laxárdalsvegur		45 000
82.	Hvammsheiðarvegur		20 000
83.	Reykjahverfisvegur		20 000
84.	Tjörnesvegur í Suður-Þingeyjarsýslu		30 000
85.	Tjörnesvegur í Norður-Þingeyjarsýslu		30 000
86.	Kelduhverfisvegur		30 000
87.	Hólsfjallavegur		65 000
88.	Kópaskers- og Raufarhafnarvegur		60 000
89.	Raufarhafnarvegur til Þistilfjarðar		50 000
90.	Langanesvegur og Ytri-Lónsvegur		50 000
91.	Bakkafjarðarvegur		85 000
92.	Vopnafjarðarvegir:		
	a. Vesturdalsvegur	25 000	
	b. Strandavegur	35 000	
	c. Fjallsíðuvegur ytri	20 000	
			80 000
93.	Hróarstunguvegur nyrðri		30 000
94.	Hróarstunguvegur eystri		20 000
95.	Hlíðarvegur		30 000
96.	Upphéraðsvegur		30 000
97.	Jökuldalsvegur		30 000
98.	Úthéraðsvegur		30 000
99.	Borgarfjarðarvegur		80 000
100.	Fjarðarheiðarvegur		100 000
101.	Skóga- og Fljótsdalsvegur		30 000
102.	Mjóafjarðarvegur		20 000
103.	Eskifjarðarvegur		15 000
104.	Norðurbyggðavegur í Skriðdal		60 000
105.	Fáskrúðsfjarðarvegur		200 000
106.	Stöðvarfjarðarvegur		70 000
107.	Berunesvegur		70 000
108.	Breiðdalsvíkurvegur		40 000
109.	Vattarnesvegur		10 000
110.	Geithellnavegur		65 000
111.	Lónsheiðarvegur		65 000
112.	Almannaskarðsvegur		30 000
113.	Melatangavegur		10 000

114.	Innnesjavegur	20 000
115.	Suðursveitarvegur	20 000
116.	Öræfavegur	25 000
117.	Mýravegur	20 000
118.	Hornsvegur	10 000
119.	Síðuvegur	20 000
120.	Suðurlandsvegur um Landbrot	40 000
121.	Búlandsvegur	15 000
122.	Mýrdalssandsvegur	45 000
123.	Landbrotsvegur	35 000
124.	Meðallandsvegur	20 000
125.	Mýrdalsvegur	50 000
126.	Landeyjavegur	30 000
127.	Syðri-Landeyjavegur	30 000
128.	Ytri-Landeyjavegur	30 000
129.	Rangárvallavegur	60 000
130.	Þykkvabæjarvegur	50 000
	Þar af 20 000 í veginn Miðkot—Unhóll.	
131.	Hagabraut	90 000
132.	Landvegur	50 000
133.	Bakkabæjavegur	10 000
134.	Merkurvegur	15 000
135.	Árbæjarvegur	50 000
136.	Ásvegur	35 000
137.	Gnúpverjahreppsvegur	5 000
138.	Grafningsvegur	40 000
139.	Hrunamannahreppsvegur	50 000
140.	Laugardalsvegur	50 000
141.	Skálholtsvegur	80 000
142.	Partavegur	20 000
143.	Selvogsvegur	200 000
144.	Bræðratunguvegur	35 000
145.	Kiðjabergsvegur	10 000
146.	Hamarsvegur	10 000
147.	Austurlandsvegur	125 000
	Þar af til Fagradalsbrautar 25 000.	
143.	Grindavíkurvegur	35 000

13. Við 13. gr. A. III. Liðurinn orðist svo:

Brúargerðir:

1.	Reykjadalsá	100 000
2.	Laxá á Skógarströnd	130 000
3.	Stapagil	60 000
4.	Ólafsdalsá	120 000
5.	Djúpadalsá í Gufudalssveit	120 000
6.	Sauðlauksdalsá í Rauðasandshreppi	80 000
7.	Langá í Valþjófsdal	80 000
8.	Gjörfudalsá	130 000
9.	Seljalandsá	50 000
10.	Broddá í Bitru	85 000
11.	Víðidalsá í Miðfirði	75 000
12.	Vatnsdalsá í Austur-Húnavatnssýslu	75 000
13.	Gljúfurá í Útblönduhlíð	115 000
14.	Glerá á Akureyri	100 000
15.	Sandá í Axarfirði	125 000

16. Þverá í Fjallasíðu 100 000
17. Selfljót í Úthéraði 55 000
18. Þórisá í Skriðdal 85 000
19. Helgustaðaá 80 000
20. Djúpá í Fljótshverfi 40 000
21. Grenilækur 60 000
22. Kverná í Rangárvallasýslu 82 000
23. Smábrýr 650 000

14. Við 13. gr. A. VIII. Nýir (rómv.) liðir:
a. Til ræktunarvega:
1. Í Vestmannaeyjum 30 000
2. Í Flatey á Breiðafirði 10 000
3. Í Flatey á Skjálfanda 3 000
4. Í Grímsey 3 000
5. Í Hrísey 4 000
50 000
b. Til vegalagningar á landi ríkissjóðs í Kópavogi 50 000

15. — 13. — C. VIII.
a. Liðurinn orðist svo:
Til hafnarmannvirkja:
1. Akranes 220 000
2. Akureyri 220 000
3. Bakkafjörður 90 000
4. Bíldudalur 75 000
5. Bolungarvík 50 000
6. Dalvík 25 000
7. Flateyri 75 000
8. Grindavík 50 000
9. Hafnarfjörður 220 000
10. Hofsós 75 000
11. Hrísey 20 000
12. Húsavík 50 000
13. Ísafjörður 50 000
14. Kópasker 100 000
15. Neskaupstaður 25 000
16. Ólafsfjörður 160 000
17. Ólafsvík 50 000
18. Patreksfjörður 220 000
19. Rif á Snæfellsnesi 500 000
20. Sandgerði 100 000
21. Sauðárkrókur 125 000
22. Siglufjörður 100 000
23. Skagaströnd 150 000
24. Stykkishólmur 75 000
25. Vestmannaeyjar 170 000
26. Þorlákshöfn 170 000
27. Þórshöfn 50 000
b. Nýr (rómv.) liður:
Til lendingarbóta:
1. Blönduós 25 000
2. Borgarfjörður eystri 25 000
3. Borgarnes 16 000
4. Djúpivogur 25 000
5. Drangsnes 35 000

	6. Eyrarbakki		25 000
	7. Flatey á Breiðafirði		10 000
	8. Flatey á Skjálfanda		40 000
	9. Grenivík		25 000
	10. Grímsey		4 000
	11. Haganesvík		25 000
	12. Hjallanes		6 000
	13. Hnífsdalur		40 000
	14. Hólmavík		20 000
	15. Hvammstangi		14 000
	16. Kaldrananes		25 000
	17. Mjóifjörður		15 000
	18. Reykjanes		10 000
	19. Svalbarðseyri		30 000
	20. Vogar		50 000
	21. Vopnafjörður		50 000
16.	Við 13. gr. C. IX. (Hafnarbótasjóður).		
	a. Fyrir „500 000“ kemur		1 300 000
	b. Nýr (rómv.) liður:		
	Til ferjuhafna:		
	1. Í Hornafirði	75 000	
	2. Í Ögri	25 000	
	3. Á Brjánslæk	25 000	
			125 000
17.	— 14. — A. VIII. (Eftirlit með kirkjugörðum). Liðurinn fellur niður.		
18.	— 14. — B. VII. Fyrir „Sjómannaskólinn“ kemur: Stýrimannaskólinn.		
19.	— 14. — B. X. 2. b. (Verklegt nám á Hvanneyri). Nýr liður: Stundakennsla		35 708
20.	— 14. — B. XI. a. (Iðnskólahald). Fyrir „250 000“ kemur		335 000
21.	— 14. — B. XIV. 2. c. (Annar rekstrarkostnaður og stundakennslustyrkur). Fyrir „1 800 000“ kemur		2 450 000
22.	— 14. — B. XIV. 3. (Byggingarstyrkur gagnfræða- og héraðsskóla). Fyrir „1 400 000“ kemur		1 300 000
23.	— 14. — B. XV. 2. Nýr liður: Til Árnýjar Filippusdóttur (byggingarstyrkur)		5 000
24.	— 14. — B. XVI. 7. (Ferðakennsla í íþróttum). Fyrir „30 000“ kemur		20 000
25.	— 14. — B. XVI. 8. Nýr liður: Vegna undirbúnings undir þátttöku Íslendinga í Ólympíuleikunum 1952		50 000
26.	— 14. — B. XXVI. (Rannsóknir á þroskastigi skólabarna).		
	a. Við 1. a. (Grunnlaun). Fyrir „75 204“ kemur		47 640
	b. Við 1. b. (Verðlagsuppbót). Fyrir „11 180“ kemur		7 146
27.	— 15. — A. III. 6. Nýr liður: Til uppsetningar Þjóðminjasafns		75 000
28.	— 15. — A. IV. 6. Nýr liður: Til að skrá og setja upp jurtasafn (í eitt skipti fyrir öll)		20 000

29.	Við 15. gr.	A. VIII. 7. Nýr liður: Til bókaútgáfu menningarsjóðs, til útgáfu nýrrar Íslandslýsingar		20 000
30.	— 15.	— A. VIII. 10. („Zoology of Iceland"). a. Við textalínuna bætist: (lokagreiðsla). b. Fyrir „10 000" kemur		5 000
31.	— 15.	— A. VIII. 12. (Jón Dúason). Fyrir „15 000" kemur		25 000
32.	— 15.	— A. XVII. 1. Nýr liður: Til Jóns Norðfjörð		8 000
33.	— 15.	— A. XVIII. 3. Nýr liður: Til Tónlistarskóla Siglufjarðar		10 000
34.	— 15.	— A. XVIII. Nýr (rómv.) liður: Til Kantötukórs Akureyrar, vegna utanfarar		30 000
35.	— 15.	— A. XIX. Nýr (rómv.) liður: Til Guðrúnar Á. Símonardóttur, til söngnáms		6 000
36.	— 15.	— A. XX. Nýr liður: Til Lögreglukórs Reykjavíkur, vegna utanfarar		6 000
37.	— 15.	— A. XXI. 3. (Listasafn Einars Jónssonar, ýmis gjöld). Fyrir „20 000" kemur		25 000
38.	— 15.	— A. XXV. (Umbætur á Þingvöllum). Fyrir „30 000" kemur		100 000
39.	— 15.	— XXVI. Nýr liður: Til minnismerkis Jóns biskups Arasonar		20 000
40.	— 15.	— B. IV. 1. i. 1. (Ný tæki). Liðurinn fellur niður.		
41.	— 15.	— B. IX. Liðurinn orðist svo: Framlag til mótvirðissjóðs:		
		a. Framlag tæknilegrar aðstoðar		150 000
		b. Til kaupa á nýjum jarðskjálftamæli		50 000
		c. Til kortlagningar jarðvegsins		198 000
42.	— 16.	— A. 4. C. a. (Skurðgröfukaup). Fyrir „100 000" kemur		200 000
43.	— 16.	— A. 5. b. (Kaup á jarðræktarvélum). Fyrir „1 000 000" kemur		500 000
44.	— 16.	— A. 10. Nýr liður: Til umbóta á Reykhólum vegna skipulags staðarins		25 000
45.	— 16.	— A. 13. (Fyrirhleðsla á Þverá og Markarfljóti). a. Fyrir „350 000" kemur		550 000
		b. Nýir liðir:		
		1. Til fyrirhleðslu á Kaldaklifsá		50 000
		2. Til fyrirhleðslu á Hólmsá í Austur-Skaftafellssýslu		25 000
46.	— 16.	— A. 14. (Landþurrkun á Eyrarbakka). a. Fyrir „20 000" kemur		10 000
		b. Nýir liðir:		
		1. Til landþurrkunar á Stokkseyri		10 000
		2. Til landþurrkunar í Austur-Landeyjum		20 000
47.	— 16.	— A 16. (Sandgræðsla). Nýr liður: Til raflýsingar í Gunnarsholti		30 000
48.	— 16.	— A. 25. b. (Bætur vegna fjárskipta). Fyrir „7 560 000" kemur		9 460 000
49.	— 16.	— A. 26. Nýr liður: Kostnaður vegna norræns búnaðarmóts á Íslandi		25 000

50. Við 16. gr. A. 27. (Hreindýrarækt á Suðurlandi).
Liðurinn fellur niður.

51. — 16. — B. 4. (Reikningaskrifstofa sjávarútvegsins).
Fyrir „22 000“ kemur 31 000

52. — 16. — B. 6. (Alþjóðahvalveiðaráð).
Fyrir „4 525“ kemur 6 820

53. — 16. — B. 7. (Nýjar síldveiðiaðferðir).
Fyrir „300 000“ kemur 350 000

54. — 16. — C. 1. (Landssamband iðnaðarmanna).
Fyrir „50 000“ kemur 60 000

55. — 16. — C. 4. (Til iðnráða).
Fyrir „10 000“ kemur 15 000

56. — 17. — 2. a. 2. (Framlag skv. l. nr. 194/1943).
Fyrir „4 500 000“ kemur 4 800 000

57. — 17. — 7. a. (S. Í. B., byggingarstyrkur).
Liðurinn fellur niður.

58. — 17. — 7. b. (S. Í. B., rekstrarstyrkur).
Fyrir „32 190“ kemur 44 039

59. — 17. — 12. Nýr liður:
Til dagheimilis Kvenfélagsins Hlífar, Akureyri, byggingarstyrkur 15 000

60. — 18. — II. a.
a. Eftirfarandi liðir falla niður:
Björn Bl. Jónsson, fyrrv. eftirlitsmaður.
Guðmundur Ólafsson, fyrrv. fiskimatsmaður.
Hjálmar Guðjónsson, fyrrv. yfirfiskimatsmaður.
Sigurður Jóakimsson, fyrrv. fiskimatsmaður.
b. Við bætast í stafrófsröð:
Halldór Jónsson, fyrrv. sóknarprestur 4 650.00
Hallgrímur Fr. Hallgrímsson, fyrrv. póstur 1 121.50
Kristín Bjarnadóttir, fyrrv. starfsk. Alþ. 1 690.50
Þórarinn Bjarnason, fyrrv. fiskimatsm. 2 242.50
c. Jón Guðmundsson, fyrrv. skrifst.stj.
Aftan við textann bætist: biðlaun.
d. Verðlagsuppbót.
Fyrir „190 664.61“ kemur 186 914.83

61. — 18. — II. b.
a. Eftirfarandi liðir falli niður:
Sigríður Hansdóttir.
Þórhildur Eiríksdóttir Magnús.
b. Helga I. Stefánsson.
Fyrir „Stefánsson“ kemur: Stefánsdóttir.
c. Þórunn Þórðardóttir.
Fyrir „990“ kemur 1 035
d. Verðlagsuppbót.
Fyrir „113 734,71“ kemur 112 577,09

62. — 20. — Inn. V. (Lán tekin á árinu).
Fyrir „2 000 000“ kemur 3 000 000

63. — 20. — Út. IX. 1. (Tilraunastöð á Keldum).
Liðurinn fellur niður.

64. — 20. — Út. IX. 2. (Menntaskólinn á Akureyri).
Fyrir „400 000“ kemur 200 000

65. — 20. — Út. IX. 3. (Sjómannaskólinn).
Fyrir „500 000“ kemur 400 000

66. Við 20. gr. Út. XII. Nýr liður:
Til byggingar prestssetursbúss á Hólum 100 000
67. — 22. — XIV. Nýr liður:
Að afhenda Sambandi íslenzkra berklasjúklinga að Reykjalundi til eignar og afnota Trésmiðju ríkisins við Silfurtún með vélum, áhöldum og óunnu efni, er verksmiðjunni tilheyrir, enda takist samningar um þetta milli Sambands íslenzkra berklasjúklinga og ríkisstjórnarinnar.

Sþ. 253. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1951.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins. Leggur meiri hl. n. til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem bornar eru fram á sérstöku þingskjali, en á þetta getur minni hl. n., þeir ÁS og HV, ekki fallizt. Gefa þeir því út sérstakt minni hluta nál. Minni hl. hefur allan tímann tekið þátt í umræðum í n. um hin ýmsu mál og greitt atkvæði um fram komnar brtt., enda einnig fylgt mörgum þeim brtt., sem meiri hl. ber fram.

Frv. til fjárlaga fyrir árið 1951 var útbýtt í Sþ. þ. 11. okt. og vísað til nefndarinnar þ. 13. s. m. Þ. 16. s. m. hélt nefndin fyrsta fund sinn, og úr því hélt hún daglega fundi til 30. nóv. s. l. Hafði hún þá haldið alls 50 fundi og tekið fyrir og afgreitt 148 erindi, sem borizt höfðu til hennar.

Skal nú vikið hér nokkuð að afgreiðslu frv. og þeim breytingum, sem meiri hl. n. leggur til, að gerðar verði á því.

Tekjurnar.

Samkvæmt fjárlagafrv. eru heildartekjurnar á árinu 1951 áætlaðar rúml. 287 millj. króna; er það 11 millj. króna lægri tekjuáætlun en á fjárlögum yfirstandandi árs, en tæpum 3 millj. hærri en tekjuáætlunin árið 1949. Samkvæmt ríkisreikningnum 1949 urðu tekjurnar alls um 295 millj. kr., eða um 10 millj. kr. meiri en áætlað var á fjárlögum það ár. Rekstrargjöldin urðu hins vegar árið 1949 295.7 millj. og rekstrarhalli rúmar 800 þús. kr. Hækkuðu því skuldir ríkissjóðs það ár um þá upphæð, að viðbættum mismun á inn- og útgreiðslum samkvæmt 20. gr. fjárlaganna.

Í lok októbermánaðar 1949 eru ríkissjóðstekjurnar orðnar 208 millj. Tilsvarandi tekjur í októberlok í ár eru tæpar 215 millj. Má því ætla, að heildartekjurnar á árinu fari tæplega yfir 300 millj., eða það, sem áætlað var á fjárlögum yfirstandandi árs. Hins vegar má búast við því, að erfitt veitist að halda útgjöldunum á þ. á. undir því, sem áætlað er á fjárlögum. Er því sýnt, að fjárhagsafkoman á þessu ári verður tæplega þannig, að búast megi við miklum rekstrarhagnaði og þá því síður hagstæðum greiðslujöfnuði, en að því takmarki ber þó að stefna í afgreiðslu fjárlaga. Sést þetta nokkru betur innan fárra daga, þegar ljóst er, hverjar tekjurnar hafa orðið í s. l. mán. Verður tekjuáætlunin því athuguð nánar fyrir 3. umr.

2. gr.

Með tilvísun til þess, sem upplýst er hér að framan, leggur meiri hl. nefndarinnar til, að greinin verði samþykkt óbreytt.

3. gr.

Nefndin hefur kynnt sér ýtarlega þau gögn öll, sem henni bárust í sambandi við rekstur þeirra stofnana, sem færðar eru á 3. gr. frv., og auk þess átt viðræður við

flesta þá aðila, sem veita stofnununum forstöðu. Hefur nefndin lagt fram ýmsar tillögur til sparnaðar á rekstri stofnananna, en með því að flestar þeirra eru þess eðlis, að töluverður undirbúningur er óhjákvæmilegur, áður en unnt væri að framkvæma þær, þótti rétt að fresta að taka upp í frv. breytingar til lækkunar á þessari grein, þar til séð yrði, hvort takast mætti að koma á fyrirhuguðum breytingum, þannig að með þeim fengist verulegur sparnaður fyrir ríkissjóð.

Á B-lið þessarar greinar eru áætlaðar 10 þús. kr. í tekjur af fasteignum ríkissjóðs. Samkvæmt yfirliti, sem sent var nefndinni, hafa tekjur og gjöld af fasteignum ríkissjóðs verið árið 1949 sem hér segir.

	Tekjur:	Gjöld:
Utan Reykjavíkur	38 070.24	87 125.43
Í Reykjavík	19 128.60	70 498.16
Gjöld fram yfir tekjur	100 424.75	
	157 623.59	157 623.59

Er þessi mismunur færður til gjalda á 19. gr. Nefndin vill benda á, að nauðsynlegt er að láta fara fram sérstaka athugun á þessu máli, þar sem leigan fyrir fasteignirnar er auðsjáanlega sett svo lág, að tvöfalda upphæð hennar þarf til að standa undir kostnaði við eignirnar, og er þá hvorki reiknað með vöxtum né fyrningum eignanna. Væntir nefndin þess, að á þessu verði gerðar raunhæfar umbætur. Verður samkvæmt framansögðu ekki komið við breytingu á greininni á þessu stigi.

Gjaldabálkurinn.

10. gr.

Lagt er til, að tekið sé upp í greinina 110 þús. vegna gengisbreytingarinnar á þ. á. Er þetta í sambandi við kaup á innanstokksmunum í sendiráðið í London, en kaupverðið var ógreitt, er gengisbreytingin var gerð á árinu. Er þetta samkv. ósk ríkisstjórnarinnar.

11. gr.

Lagt er til, að hækkaður verði skrifstofukostnaður embættismanna um kr. 11 500 vegna lögreglustjóraembættisins á Akranesi. Er hækkun þessi samkvæmt beiðni ríkisstjórnarinnar. Þá er lagt til, að hækkað verði framlag til lögreglunnar í Reykjavík um 107 þús. Er hér beinlínis um leiðréttingu að ræða á frv. Þá er enn fremur lagt til að taka upp 75 þús. kr. framlag til byggingar fangahúsa samkvæmt ósk ríkisstjórnarinnar. Nemur hækkun þessi alls kr. 193 500.

Lagt er til, að niður verði fellt framlag til eftirlits með bókhaldi, kr. 22 860, og að tekjur til skipulags bæja- og sveitarþorpa verði hækkaðar um kr. 17 509, til að mæta áætluðum útgjöldum. Lækkunartill. á þessari grein nema því kr. 40 369.

12. gr.

Lagt er til, að laun við Heilsuhælið á Kristnesi verði hækkuð um kr. 28 980. Er hér beinlínis um leiðréttingu að ræða. Þá er einnig lagt til, að styrkur til heilsuverndarstöðva sé hækkaður um 40 þús. vegna veittra launauppbóta, sem reiknað er með almennt á frv., en ekki tekið með í þessum lið. Er hér því einnig um að ræða leiðréttingu á frv. Lagt er einnig til, að framlag til sjúkrahússins á Akureyri verði hækkað um 150 þús. Er þessi bygging komin það langt, að leggja verður kapp á að ljúka henni sem fyrst, ef unnt er. Tillögur til hækkunar á þessari grein nema alls kr. 218 980. Þá er einnig lagt til, að framlag til drykkjumannahælisins á Úlfarsá, 70 þús. kr., falli niður. Hefur enn ekki verið fastákveðið, hvernig þessum rekstri verður fyrir komið, og meðan svo er, þykir ekki ástæða til að ætla ákveðna upphæð í reksturinn.

13. gr.

Lagt er til, að 250 þús. kr., sem færðar eru til frádráttar á kostnaði við stjórn vegamála, verði felldar niður. Lagt er til, að framlag til nýrra vega hækki um 350 þús. frá því, sem er á frv., og allri upphæðinni skipt á þann hátt sem brtt. ber með sér. Vegamálastjóri lagði á það ríka áherzlu, að tillaga sín um 13.5 millj. til viðhalds vega yrði tekin upp í frv. Hefði þessi kostnaður orðið 13.3 millj. 1949 og færi sívaxandi með hækkandi kaupgjaldi, lengingu þjóðvega og vaxandi umferð. Með því að ríkisstjórnin mælti gegn því, að framlagið yrði hækkað frá því, sem það er á frv., vildi meiri hl. n. ekki leggja til á þessu stigi, að það yrði gert. Lagt er til, að framlag til brúargerða verði hækkað um 97 þús. og öllu framlaginu skipt á þann hátt, sem fram er tekið í brtt. Þá er einnig lagt til, að tekið verði upp framlag til ræktunarvega á sama hátt og að undanförnu, og 50 þús. til vegagerða á löndum ríkisins í Kópavogi.

Samvinnunefnd samgöngumála mun gera tillögur um framlög til flóabáta, svo sem venja er til, og ber fjvn. því engar brtt. fram við þennan lið greinarinnar.

Meiri hl. nefndarinnar ber ekki heldur fram á þessu stigi till. til breytinga á framlagi til Ferðaskrifstofu ríkisins. En hann leyfir sér að benda á, að auk þessarar stofnunar starfrækir ríkið umferðamálaskrifstofu, sem áætlar kostnað 110 þús. á næsta ári. Lítur n. svo á, að þetta starf mætti fela Ferðaskrifstofunni og spara við það einhverja upphæð. Væntir n. þess, að þetta verði tekið til athugunar af ríkisstjórninni.

Lagt er til, að varið verði til hafnarmannvirkja og lendingarbóta 3 730 þús. og því skipt á þann hátt, sem fram er tekið í brtt. Er þessi upphæð 20 þús. lægri en á frv. Þá er einnig lagt til, að framlag til hafnarbótasjóðs verði hækkað um 800 þús., en það er sú upphæð, sem þarf til að uppfylla ákvæði laga um hafnarbótasjóð. Þá er einnig lagt til, að tekið verði upp framlag til ferjuhafna, 125 þús., og því skipt á þann hátt, sem fram kemur í brtt. Brtt. til hækkunar á þessari grein nema alls 1 millj. 722 þús., en til lækkunar 20 þús.

14. gr.

Lagt er til, að fellt verði niður framlag vegna kostnaðar við eftirlit með kirkjugörðum, kr. 7 200, og lækkaður byggingarstyrkur til gagnfræðaskóla og héraðsskóla um 100 þús., lækkað verði framlag til kennslu í íþróttum um 10 þús. og kostnaður við rannsókn á þroskastigi barna um kr. 31 598, eða alls brtt. til lækkunar kr. 148 798. Þá er lagt til, að hækkuð verði laun við bændaskólann á Hvanneyri um kr. 35 708. Er hér aðeins um leiðréttingu að ræða. Enn fremur að hækkað verði framlag til iðnfræðslu um 85 þús., þar sem launauppbótin hafði eigi verið tekin með á þessa upphæð. Lagt er til, að framlag til rekstrar gagnfræðaskóla verði hækkað um 650 þús. Er hér um leiðréttingu að ræða á frv. Þá er einnig lagt til, að tekið verði upp 50 þús. kr. framlag til undirbúnings þátttöku í Ólympíuleikum 1952. Þykja íslenzkir íþróttamenn hafa sýnt það á yfirstandandi ári, að rétt sé að styrkja þá á þessu sviði. Brtt. til hækkunar alls á þessari grein eru kr. 825 708.

15. gr.

Lagt er til, að gerðar verði allmiklar breytingar til hækkunar á þessari grein, er nemi alls 698 þús. Munar þar mestu hækkun á framlagi til mótvirðissjóðs um 398 þús. Hefur ríkisstjórnin óskað eftir því, að þetta yrði tekið upp á frv. Þá eru 75 þús. til þess að koma fyrir munum á þjóðminjasafninu, 20 þús. til þess að skrásetja og líma upp plöntusafn, en þetta er hvort tveggja samkvæmt ósk ríkisstjórnarinnar. Þá er hér meðtalin 70 þús. kr. hækkun á framlagi til umbóta á Þingvöllum. Gerð er tillaga um að fella niður framlag til kaupa á jarðskjálftamæli, 30 þús. kr., með því að 50 þús. kr. til þessa eru ætlaðar af fé því, sem greitt er í mótvirðissjóð.

16. gr.

Lagt er til, að hækkað verði um 100 þús. framlag til kaupa á skurðgröfum. Er það samkv. ósk ríkisstjórnarinnar. Þá er lagt til að taka upp 25 þús. til umbóta á

Reykhólum. Er þetta vegna skipulags þess, sem verið er að gera á jörðinni vegna ýmissa væntanlegra framkvæmda. Lagt er til, að framlag vegna fyrirhleðslu á Markarfljóti verði hækkað um 200 þús. Hefur orðið að vinna á s. l. hausti fyrir allmikla fjárupphæð til þess að fyrirbyggja, að fljótið bryti sér nýja leið til vesturs yfir Fljótshlíðarlöndin, og þess utan er mjög aðkallandi að byggja varnir vestan fljótsins til að fyrirbyggja, að „Fauski" brjóti frekar en orðið er af jörðum, sem þar liggja. Kynnti nefndin sér þetta af eigin sýn, og hefur fallizt á nauðsyn um hækkun framlagsins af ástæðum, sem að framan greinir. Þá er einnig lagt til að taka upp 75 þús. til fyrirhleðslu á Hólmsá og Kaldaklifsá og til landþurrkunar í Landeyjum 20 þús., þar sem framkvæmdum þessum er enn eigi lokið, og 30 þús. til rafmagnsveitu í Gunnarsholti. Lagt er til samkv. ósk ríkisstjórnarinnar að hækka bætur vegna fjárskipta um 1 900 þús.; er hér um leiðréttingu að ræða á frv., og að taka upp nýjan lið vegna kostnaðar af norrænu búnaðarmóti á Íslandi 25 þús. Þá er enn fremur lagt til að hækka framlag til sjávarútvegsmála um kr. 61 295, þar af 50 þús. til þess að gera tilraunir með nýjar síldveiðiaðferðir samkvæmt ósk ríkisstjórnarinnar, og enn fremur er lagt til, að framlag til iðnaðarmála á þessari grein verði hækkað um 15 þús. Allar tillögur til hækkunar á þessari grein nema 2 millj. 451 þús. 295 kr.

Þá er lagt til, að framlag til kaupa á jarðræktarvélum verði lækkað um 500 þús., þar sem telja má, að innflutningur slíkra véla verði allverulega skorinn niður á n. á. Lagt er til, að framlag til hreindýraræktar, 30 þús., verði fellt niður. Brtt. til lækkunar á þessari grein því alls 530 þús.

17. gr.

Nefndin hefur nokkuð rætt framlag til almannatrygginga. En með því að fyrir þinginu liggur frv. til breytinga á tryggingalöggjöfinni og ekki er vitað, hvernig það verður afgreitt, þykir ekki rétt að gera tillögur til breytinga á þessu stigi málsins. Hins vegar er lagt til, að framlag til sjúkrasamlaga verði hækkað um 300 þús., þar sem sýnt þykir, að það er of lágt áætlað í frv. Lagt er til, að rekstrarstyrkur vegna læknislauna á Reykjalundi verði hækkaður um kr. 11 849, eða til samræmis við laun lækna á heilsuhælunum, vegna launauppbótar, sem greidd er, en ekki hefur verið reiknuð á þennan lið. Er hér aðeins um leiðréttingu að ræða. Lagt er til að taka upp nýjan lið, byggingarstyrk til barnaheimilis á Akureyri, 15 þús. — Hækkunartill. alls á þessari grein kr. 326 849. — Þá er einnig lagt til, að byggingarstyrkur til Sambands ísl. berklasjúklinga, 200 þús. krónur, verði felldur niður. Á móti komi heimild í 22. gr., sbr. þá brtt., fyrir ríkisstjórnina að afhenda sambandinu eign sína Trésmiðju ríkisins, með þeim skilyrðum, sem um semst á milli aðila. Hefur mál þetta verið rætt við sambandið og ríkisstjórnina. Í trausti þess, að um þetta takist fullt samkomulag, er lagt til, að liðurinn verði felldur niður.

18. gr.

Lagt er til, að nokkrar breytingar verði gerðar á þessari grein, sem flestar eru leiðréttingar aðeins. Brtt. til hækkunar eru kr. 9 729, en til lækkunar kr. 47 352.87. Er hér aðeins að ræða um aðila, sem látizt hafa á þ. ári.

20. gr.

Lagt er til, að lán tekin á árinu vegna fjárskiptanna verði hækkuð um 1 millj. Þá er lagt til, að framlag til byggingar tilraunastöðvar á Keldum, 200 þús., verði fellt niður, að framlag til heimavistarskólahúss við Menntaskólann á Akureyri verði lækkað um 200 þús. og framlag til byggingar sjómannaskóla um 100 þús., eða alls till. til lækkunar 500 þús. Nefndin hefur fengið upplýst, að mjög er aðkallandi að breyta hitakerfi í Sjómannaskólanum, þannig að tekin verði upp olíukynding og samfara henni næturhitun með rafmagni, og mundi það spara allverulega árlegan hitunarkostnað hússins. Væntir nefndin þess, að því fé, sem veitt er á þessari grein til skólans, verði fyrst og fremst varið til slíkra umbóta. Lagt er til, að tekinn verði

upp nýr liður til hækkunar, 100 þús. til prestssetursbyggingar á Hólum: er þetta samkvæmt ósk ríkisstjórnarinnar.

22. gr.

Nefndin hefur rætt nokkuð liðina VIII, IX og XIII á þessari grein, en frestað til 3. umr. að taka endanlega ákvörðun um þá. Hins vegar er lagt til að taka upp heimild fyrir ríkisstjórnina til að afhenda Trésmiðju ríkisins samkv. því, sem tekið er fram um þetta atriði hér að framan.

Þegar séð verður, hvaða afgreiðslu frv. fær við 2. umr., mun nefndin athuga á ný, hvort nauðsynlegt þyki að gera frekari tillögur til breytinga til þess að tryggja greiðsluhallalaus fjárlög, og ræða það þá við fjármálaráðherra fyrir 3. umr., svo að stjórnin geti aflað sér heimilda til tekjuöflunar, ef nauðsyn krefur, áður en endanlega er gengið frá afgreiðslu fjárlaganna.

Hér er að síðustu heildaryfirlit yfir þær breytingar, sem meiri hl. n. leggur til, að gerðar verði:

Hækkun gjalda alls	kr.	6 556 061.00
÷ lækkun gjalda alls	—	1 086 519.87
Gjaldahækkun alls	kr.	5 469.441.13

Eignabreytingar.

Inn. Hækkun á lántöku samkv. brtt. á 20. gr.			1 000 000
Út. Lækkun á útborgun samkv. 20. gr.		500 000	
÷ Hækkun		100 000	
Útborgunarlækkun alls		400 000	

Ef tillögur meiri hl. nefndarinnar verða allar samþykktar, munu niðurstöðutölur fjárlagafrv. verða sem hér segir:

Rekstraryfirlit.

Tekjur alls		287 387 064
Gjöld	251 756 182.13	
Rekstrarhagnaður	35 630 881.87	
Kr.	287 387 064.00	287 387 064

Sjóðsyfirlit.

Innborganir	kr.	293 347 064.00
Útborganir	—	292 599 709.13
Hagstæður greiðslujöfnuður	kr.	747 354.87

Fyrir öllum breytingartillögum er meiri hluti í nefndinni.

Alþingi, 2. desember 1950.

Gísli Jónsson, form., frsm. Helgi Jónasson, fundaskrifari. Halldór Ásgrímsson.

Karl Kristjánsson. Pétur Ottesen. Ingólfur Jónsson.

Jónas Rafnar.

Nd. 254. Frumvarp til laga [123. mál]

um breyting á lögum nr. 101 30. des. 1943, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Í stað orðanna „allt að 60% af fasteignamati þeirra“ í 1. mgr. 8. gr. komi: samkvæmt því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins hefur á undanförnum árum ávaxtað fé sitt aðallega með lánveitingum til húsabygginga vegna sjóðfélaga. Samkvæmt gildandi lagaákvæðum má sjóðurinn því aðeins veita slík lán, að ríkissjóður ábyrgist þau, en fasteignalán án ríkisábyrgðar mega ekki fara fram úr 60% af fasteignamati, enda þótt tryggð séu með 1. veðrétti. Er auðsætt, að mönnum er lítil sem engin stoð að slíkum lánskjörum.

Það er ósk ríkisstjórnarinnar, að ábyrgðarskuldbindingum samkv. ofanskráðu verði framvegis létt af ríkissjóði án þess þó, að lánsmöguleikar sjóðfélaga verði skertir, enda virðist ástæðulaust, að ríkissjóður taki að sér að ábyrgjast tiltölulega lág lán, sem tryggð eru með 1. veðrétti í fasteign.

Frumvarp þetta er samið í samráði við stjórn lífeyrissjóðsins, og er því ætlað, ef að lögum verður, að heimila ríkisstjórninni að setja reglugerðarákvæði þess efnis, að stjórn sjóðsins megi veita lán úr sjóðnum líkt og verið hefur, með þeim breytingum, að sjóðurinn taki 1. veðrétt í viðkomandi fasteign, en ríkisábyrgðar verði ekki krafizt.

Nd. 255. Frumvarp til laga [124. mál]

um breyting á lögum nr. 102 30. des. 1943, um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Í stað orðanna „allt að 60% af fasteignamati þeirra“ í 1. mgr. 6. gr. komi: samkvæmt því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lífeyrissjóður barnakennara hefur á undanförnum árum ávaxtað fé sitt aðallega með lánveitingum til húsabygginga vegna sjóðfélaga. Samkvæmt gildandi lagaákvæðum má sjóðurinn því aðeins veita slík lán, að ríkissjóður ábyrgist þau, en fasteignalán án ríkisábyrgðar mega ekki fara fram úr 60% af fasteignamati, enda þótt tryggð séu með 1. veðrétti. Er auðsætt, að mönnum er lítil sem engin stoð að slíkum lánskjörum.

Það er ósk ríkisstjórnarinnar, að ábyrgðarskuldbindingum samkv. ofanskráðu verði framvegis létt af ríkissjóði án þess þó, að lánsmöguleikar sjóðfélaga verði skertir, enda virðist ástæðulaust, að ríkissjóður taki að sér að ábyrgjast tiltölulega lág lán, sem tryggð eru með 1. veðrétti í fasteign.

Frumvarp þetta er samið í samráði við stjórn lífeyrissjóðsins, og er því ætlað, ef að lögum verður, að heimila ríkisstjórninni að setja reglugerðarákvæði þess efnis, að stjórn sjóðsins megi veita lán úr sjóðnum líkt og verið hefur, með þeim breytingum, að sjóðurinn taki 1. veðrétt í viðkomandi fasteign, en ríkisábyrgðar verði ekki krafizt.

Nd. 256. Nefndarálit [21. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 85 23 júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. Einn nefndarmanna (ÁkJ) var fjarstaddur, er málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 4. des. 1950.

Jörundur Brynjólfsson, form.	Jóhann Hafstein, fundaskr.	Jónas G. Rafnar, frsm.
	Finnur Jónsson.	

Ed. 257. Frumvarp til laga [87. mál]

um breyting á lögum nr. 29 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Fyrri málsliður 5. gr. laganna orðist svo:

Fógeti framkvæmir lögtak, þó má hreppstjóri gera lögtak í sveitum, þegar skuldin ekki nemur meiru en 10 þúsund krónum.

2. gr.

Aftan við 7. gr. laganna bætast nýjar málsgreinar svo hljóðandi:

Þá er heimtir skulu í kaupstöðunum skattar þeir og gjöld, er um ræðir í 2. málslið 4. gr., getur fógeti ákveðið að byrja gerðina í skrifstofu sinni, enda tilkynni hann skuldara í ábyrgðarbréfi eða á annan jafn tryggilegan hátt, hvenær gerðin á að fara fram og skori á hann að mæta við gerðina, og er nægilegt, að sú tilkynning sé send til eða birt á því heimili gerðarþola, sem síðast er skráð í manntal. Mæti gerðarþoli þá ekki, og hafi hann eigi tilkynnt lögleg forföll, skal lögreglan eftir beiðni fógeta hafa uppi á gerðarþola og sjá um, að hann mæti hjá fógeta.

Eigi þarf nema einn vott við lögtaksgerðir, er fógeti framkvæmir, en kveðja má hann til sérfróða virðingarmenn, ef hann telur þess þörf.

Nú á gerðarþoli inneignir í bönkum eða sparisjóðum, og þarf gerðarbeiðandi þá ekki að sætta sig við, að bent sé á aðrar eignir til lögtaks, að því leyti sem inneignir þessar hrökkva til greiðslu á kröfunni. Ákvæði þetta tekur þó ekki til innstæðu, er nemur 5000 krónum eða minna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 34 7. maí 1928.

Nd. 258. Nefndarálit [86. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu frv. Minni hlutinn (PO) er því andvígur og leggur til, að það verði fellt. Undirritaður meiri hluti er frv. meðmæltur og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 4. des. 1950.

Gísli Guðmundsson, fundaskr. Sig. Ágústsson, frsm. Halldór Ásgrímsson.
Lúðvík Jósefsson.

Nd. 259. Nefndarálit [82. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina að selja þjóðjörðina Húsanes í Breiðuvíkurhreppi í Snæfellsnessýslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. ásamt brtt. við það, sem flutt er af þm. N-Þ. Enn fremur hafa nefndinni borizt tilmæli frá 1. þm. Rang. um að taka upp í frv. heimild til að selja 10 hektara spildu úr Tjaldhólalandi í Rangárvallasýslu, sem skógrækt ríkisins keypti árið 1943. Var hugmyndin að setja þar upp gróðrarstöð fyrir trjáplöntur, en síðar var horfið frá því ráði og uppeldisstöðin sett á fót á Tumastöðum. Síðan hefur þessi landspilda legið ónotuð að mestu, og skógrækt ríkisins telur sig ekki hafa lengur þörf fyrir þetta land. Að fengnum þessum upplýsingum leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:
   Ríkisstjórninni er heimilt að selja eftirtaldar jarðir, að fengnum meðmælum hlutaðeigandi hreppsnefnda og sýslunefnda og skuldbindingu kaupenda um, að þeir geri jarðirnar að ættaróðali.
   1. Þjóðjörðina Húsanes í Breiðuvíkurhreppi í Snæfellsnessýslu ábúanda jarðarinnar, Jóni Lárussyni.
   2. Kirkjujörðina Skoruvík í Sauðaneshreppi í Norður-Þingeyjarsýslu ábúandanum, Birni Kristjánssyni.

   Enn fremur heimilast ríkisstjórninni að selja Þórarni Guðjónssyni, Ásgarði í Hvolhreppi, 10 hektara spildu úr Tjaldhólalandi í Hvolhreppi í Rangárvallasýslu, sem skógrækt ríkisins keypti árið 1943, að fengnu samþykki skógræktar ríkisins og að því tilskildu, að land þetta verði lagt undir nýbýlið Ásgarð.

   Söluverð jarða þessara og landspildu, sem hér um ræðir, skal ákveðið með mati dómkvaddra manna.
2. Fyrirsögn frv. orðist svo:
   Frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja landspildu og tvær jarðir í opinberri eigu.

Alþingi, 2. des. 1950.

Ásgeir Bjarnason, form. Jón Sigurðsson, fundaskr., frsm. Jón Pálmason.
Jón Gíslason.

Ed. 260. Breytingartillaga [90. mál]

við brtt. á þskj. 232 (Jarðasala).

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Aftan við till. bætist:

Jörðina Neðri-Gufudal er þó því aðeins heimilt að selja, að samkomulag náist við söfnuðinn um það að gera kirkjuna þar að safnaðarkirkju.

Nd. 261. Frumvarp til laga [77. mál]

um breyting á og viðauka við lög nr. 43 23. maí 1949, um innflutning og úthlutun jeppabifreiða til landbúnaðarþarfa o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Meðan innflutningur og gjaldeyrisleyfi er háð ákvörðun ríkisvaldsins, skal úthlutunarnefnd jeppabifreiða, sem um ræðir í 2. gr., einnig úthluta til bænda þeim heimilisdráttarvélum, sem til landsins eru fluttar.

2. gr.

Á eftir 12. gr. laganna komi 7 nýjar gr., svo hljóðandi:

a. (13. gr.) Stjórnir hreppabúnaðarfélaga skulu í októbermánuði ár hvert gera skrá yfir þær heimilisdráttarvélar og jeppabifreiðar, sem eru í eigu manna á félagssvæðinu. Skal þar tilgreina tölu, tegund og eigendur þessara véla og bifreiða. Enn fremur ber stjórnum búnaðarfélaganna að taka á móti umsóknum bænda um heimilisdráttarvélar, hver af sínu félagssvæði, og fer með þær eins og fyrir er mælt í 5. gr., eftir því sem við á.

Skýrslur þessar ásamt umsóknum bænda um dráttarvélar og jeppabifreiðar skulu komnar til úthlutunarnefndar fyrir lok nóvembermánaðar ár hvert, og skal nefndin vinna að því, þegar innflutningur er ákveðinn, að umsóknirnar séu teknar til greina þannig, að rétt hlutfall haldist milli dráttarvéla og jeppabifreiða.

b. (14. gr.) Innflutningsyfirvöldin ákveða tölu þeirra heimilisdráttarvéla, sem leyft er að flytja til landsins, og tilkynna það úthlutunarnefndinni, sem síðan skiptir þeim dráttarvélum milli umsækjenda. En ákvörðun um það, hvaða fáanlegar vélategundir eru fluttar inn, er á valdi þeirra einstaklinga, sem fá úthlutað vélum frá nefndinni, sbr. 18. gr.

Við skiptin skal nefndin hafa hliðsjón af þeim skýrslum, er fyrir liggja. Hún skal taka tillit til þess, hve margar dráttarvélar og jeppar, sem notaðir eru til landbúnaðarstarfa, eru á félagssvæðinu.

c. (15. gr.) Óheimilt er fyrst um sinn að úthluta heimilisdráttarvél til einstaklings, sem áður hefur fengið slíka vél eða á hana í nothæfu ástandi. Sama gildir, ef hann á jeppabifreið og hefur fengið undanþágu frá bifreiðaskatti.

d. (16. gr.) Nú fær einhver úthlutað dráttarvél eða jeppabifreið og einhverra orsaka vegna kaupir hana ekki á því ári, sem leyfið er veitt fyrir. Skal hann þá tilkynna það úthlutunarnefnd, sem þá úthlutar vélinni eða bifreiðinni til annars umsækjanda innan sama búnaðarfélags.

Ekki má eigandi dráttarvélar eða jeppabifreiðar selja hana, nema með samþykki stjórnar búnaðarfélags, þar sem hann er búsettur.

e. (17. gr.) Að skiptum loknum tilkynnir nefndin hlutaðeigandi umsækjendum úthlutun vélanna og bifreiðanna.

f. (18. gr.) Sá, sem tilkynningu fær um úthlutun dráttarvélar eða jeppabifreiðar, skal afhenda tilkynninguna þeim innflytjanda, er flytur inn þá dráttarvéla- eða jeppabifreiðategund, er hann óskar að fá. Innflytjandinn afhendir svo þær tilkynningar, sem honum hafa borizt, þeim valdhafa, er gjaldeyri úthlutar, og skal hann eiga rétt á gjaldeyrisleyfi samkvæmt því.

g. (19. gr.) Úthlutunarnefnd jeppabifreiða skal í októbermánuði ár hvert gera áætlun um það, hvað er nauðsynlegt að flytja inn á næsta ári af varahlutum til jeppabifreiða og dráttarvéla, sem til eru í landinu, og einnig innflutning á nytsamlegustu verkfærum, sem aflvélarnar geta dregið við vinnu og flutninga, svo að þær komi að sem beztum notum. Þessi áætlun sé send innflutningsyfirvöldunum, og ber að leggja á það ríka áherzlu, að þessi innflutningur fáist.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal meginmál þeirra fært inn í lög nr. 43 frá 23. maí 1949 og lögin gefin út samkvæmt því í einu lagi með fyrirsögninni: Lög um úthlutun jeppabifreiða og heimilisdráttarvéla.

Nd. 262. Frumvarp til laga [49. mál]

um sveitarstjóra.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Í hreppi, þar sem eru fleiri en 500 íbúar, er hreppsnefnd heimilt að fela sérstökum sveitarstjóra stjórn og framkvæmd hreppsmála.

2. gr.

Ákveði hreppsnefnd að nota heimild 1. gr. laga þessara, skal hún auglýsa starf sveitarstjóra og taka við umsóknum um það.

Á löglega boðuðum hreppsnefndarfundi skal greiða atkvæði um framkomnar umsóknir, og er sá ráðinn, sem flest fær atkvæði. Nú eru atkvæði jöfn við endurtekna atkvæðagreiðslu, og skal þá hlutkesti ráða. Atkvæðagreiðsla skal vera leynileg.

3. gr.

Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt í hreppsnefnd, og skal þar nánar kveðið á um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og það annað, sem rétt þykir að taka fram af því tilefni. Ekki er skylt að binda ráðningu sveitarstjóra við kjörtímabil hreppsnefndar eða önnur ákveðin tímamörk. Uppsagnarfrestur af hálfu hvors aðila skal vera sex mánuðir.

4. gr.

Laun sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim, er í 3. gr. getur, og greiðast þau úr sveitarsjóði.

5. gr.

Sveitarstjóri fer með störf þau, sem oddvita eru falin í sveitarstjórnarlögum, önnur en stjórn á fundum hreppsnefndar, og hefur á hendi framkvæmd málefna sveitarfélagsins. Hann annast innheimtu á tekjum sveitarsjóðs og fyrirtækja hans, án sérstakrar þóknunar.

Að öðru leyti skal starfsvið sveitarstjóra og verkaskipting milli hans og oddvita nánar ákveðin í samþykkt um stjórn málefna sveitarfélagsins, sem hreppsnefnd semur, en félagsmálaráðuneytið staðfestir.

6. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

Nú er hreppsnefndarmaður kjörinn sveitarstjóri, og fellur þá niður umboð hans sem hreppsnefndarmanns þann tíma, er hann gegnir sveitarstjórastarfi, en varamaður hans tekur sæti í hreppsnefndinni.

7. gr.

Nú hefur sveitarstjóri tekið við starfi, og falla þá niður launagreiðslur til oddvita úr sveitarsjóði samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga, en heimilt er hreppsnefnd að ákveða oddvita þóknun fyrir störf hans.

8. gr.

Nú verður sveitarstjóri sekur um stórfellda og ítrekaða vanrækslu eða hirðuleysi í starfi sínu eða skeytir ekki áminningu hreppsnefndar, og getur hún þá með fundarsamþykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal félagsmálaráðuneytinu þegar frávikninguna. Oddviti tekur þá við starfi sveitarstjóra og gegnir því, unz sveitarstjóri hefur verið ráðinn að nýju.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1951.

Nd. 263. Lög [28. mál]

um breyting á lögum nr. 69 12. apríl 1945, um stýrimannaskólann í Reykjavík.

(Afgreidd frá Nd. 4. des.)

Samhljóða þskj. 231.

Nd. 264. Breytingartillaga [96. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

Frá Skúla Guðmundssyni.

2. efnismálsgrein 1. gr. orðist svo:

Þó skal þeim einstaklingum, sem ekki eiga nothæfar íbúðir, heimilt að byggja hagkvæmar smáíbúðir til eigin nota án fjárfestingarleyfis, en ráðherra skal ákveða með reglugerð stærðarmörk íbúðanna.

Sþ. **265. Nefndarálit** [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1951.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur þríklofnað. Að nefndaráliti meiri hlutans standa fulltrúar stjórnarflokkanna, þeir Gísli Jónsson, Helgi Jónasson, Ingólfur Jónsson, Jónas Rafnar, Pétur Ottesen, Halldór Ásgrímsson og Karl Kristjánsson. — Fulltrúi Sósíalistaflokksins í nefndinni, Ásmundur Sigurðsson, gerir grein fyrir sinni afstöðu í sérstöku áliti, — og í eftirfarandi nefndaráliti geri ég nokkra grein fyrir afstöðu Alþýðuflokksins til frumvarps til fjárlaga fyrir árið 1951.

Að þessu sinni var fjárlagafrumvarpið fyrsta málið, sem þingið fékk til meðferðar. Þetta er lofsvert og á svo að vera. En á undanförnum árum hefur það stundum komið fyrir, að 2—3 vikur hafa verið liðnar af þingtímanum, þegar fjárlagafrumvarpið hefur loks verið lagt fram. En þó að þessu beri að fagna, skiptir samt ávallt mestu máli, að vel takist til um afgreiðslu fjárlaga og af festu og skarpskyggni sé tekið á úrlausn aðkallandi vandamála.

Þá er nú og loks útlit fyrir, að Alþingi takist að afgreiða fjárlög í tæka tíð, þ. e. áður en árið er byrjað, sem fjárlögin eiga að gilda fyrir. En á undanförnum árum hefur það hent hvað eftir annað, að fjárlög hafa ekki verið afgreidd fyrr en langt var liðið á fjárlagaárið, jafnvel stundum komið fram í maí eða júní. Var þannig ár eftir ár stjórnað fjárlagalaust mánuðum saman, þrátt fyrir skýlaus fyrirmæli stjórnarskrárinnar um, að ekkert gjald megi greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum. — Þá er það að segja um fjáraukalögin, að þau koma ekki þingmönnum fyrir sjónir fyrr en þrem til fjórum árum eftir á, og nema þau nú hin síðari ár mörgum tugum milljóna. Er þá auðvitað ekkert við þau að gera fyrir Alþingi annað en að leggja yfir þau blessun sína, hversu óhóflegan fjáraustur sem þau sýna í heimildarleysi. Með þessu háttalagi hefur fjárveitingavald Alþingis verið stórlega skert og það dregið í hendur fjármálaráðherra langt umfram það, sem til er ætlazt í stjórnarskránni. Hefur þetta hvort tveggja verið margsinnis vítt, enda að allra dómi óþolandi.

Þegar fjárlagafrumvarpið var lagt fram, voru rekstrartekjur áætlaðar 287 387 064 krónur, en rekstrarútgjöld 246 286 741 króna. Þannig var fjárlagafrumvarpið að þessu sinni lagt fyrir þingið með rúmlega fjörutíu og einnar milljón króna rekstrarafgangi.

Hins vegar var hagstæður greiðslujöfnuður á sjóðsyfirliti ekki nema rúmar 5 milljónir króna.

Á þessum niðurstöðum frumvarpsins hefur engin gerbreyting orðið við meðferð frv. í fjárveitinganefnd.

Rekstrargjöld hafa hækkað um rúmlega 6½ milljón króna vegna tillagna, er nefndin samþykkti, en flestar voru frá ríkisstjórninni. Lækkanir gjaldamegin eru um 1 milljón og 86 þús. krónur. Nettóhækkun gjalda á rekstrarreikningi er þannig 5.4 milljónir og rekstrarafgangur ca. 35.7 millj., er nefndin skilar frv. til 2. umræðu.

Þetta kynni nú í fljótu bragði að sýnast allglæsileg niðurstaða á þessum seinustu og verstu tímum í fjármála- og atvinnulífi, en svo er þó ekki, þegar betur er að gáð. Verður ekki annað séð en að hæstvirt ríkisstjórn hafi sett sjónaukann fyrir blinda augað, að því er það snertir að ætla fjárveitingar til úrlausnar helztu vandamálunum, sem við blasa og leysa verður.

Inn í frumvarpið vantaði a. m. k. einnar milljónar króna lögboðið fjárframlag til hafnarbótasjóðs. Þar vantaði að áliti stjórnarinnar sjálfrar fast að þrem hundruð þúsundum króna viðbótarfjárveitingu til sendiráðanna í London og París, til mæðiveikivarnanna vantaði a. m. k. 1 milljón og 400 þúsund krónur, til byggingar sýslumannabústaða fékk nefndin og að vita, að stjórnin teldi sig vanta eigi minna en

680 þúsundir, og fleiri voru eftirþankar stjórnarinnar, eða til samans fast að 7 milljónum króna.

Í frumvarpinu eru allar fjárveitingar til launagreiðslna á árinu 1951 miðaðar við aðeins 115 vísitölustig. Er slíkt þó þegar í fullu ósamræmi við dýrtíðarástandið í dag, þar sem vísitalan var um seinustu mánaðamót komin upp í 123 stig, og verðlag hefur aldrei stigið hraðar en einmitt seinustu vikurnar. Þó að ekki væri reiknað með hærri kaupgjaldsvísitölu en 130—135 stigum á árinu 1951, mundi þurfa að bæta 10—12 millj. króna upphæð á gjaldabálk fjárlaga til að standast það. En í þessu efni virðist fjármálaráðherra, ríkisstjórn og meiri hluti fjárveitinganefndar ætla að bjarga sér með því haldlitla úrræði að neita bara staðreynd hinnar hækkandi dýrtíðar og láta þar við sitja, því að á þessu hefur engin lagfæring verið gerð til þessa.

Hitt er þó óafsakanlegast að mínu áliti, að þess sést hvergi vottur í frumvarpinu, að ríkisstjórnin geri sér ljóst, að ríkissjóður þurfi að koma vélbátaútgerðinni til hjálpar, ef hún á ekki að stöðvast algerlega á komandi vetrarvertíð.

Það blasir þó við nú þegar, að fiskverð verður að hækka um 40—50 aura kílóið að minnsta kosti til þess að von geti verið um hallalausan rekstur vélbátaflotans, jafnvel þó að gert sé ráð fyrir meðalaflaári eða vel það. Er og engum skyldara en hæstvirtri ríkisstjórn að rétta þarna hjálparhönd, þar eð hið stórhækkaða verðlag á öllum rekstrarvörum útgerðarinnar er bein afleiðing hinnar stórfelldu gengislækkunar, sem öllu átti við að bjarga og ekki hvað síst útgerðinni, eftir því sem látið var í veðri vaka fyrir seinustu kosningar.

Þá er ekki annað sýnt en að leggja þurfi síldveiðideild aflatryggingasjóðs til nokkrar milljónir króna, ef hún á að geta innt af hendi skuldbindingar sínar samkvæmt nýsettri reglugerð.

En hvorugu þessu er sinnt í frumvarpinu, og ekki heldur í tillögum meiri hluta fjárveitinganefndar. — Þannig er blinda auganu beint að erfiðleikum atvinnulífsins, og verður naumast sagt, að það beri þjóðhollri stjórnarstefnu vitni.

Í fullu samræmi við þetta er það, að lækkandi fjárframlög til verklegra framkvæmda setja aðalsvip sinn á þetta fjárlagafrumvarp, og er það nálega hið eina, sem bendir til þess, að sjálf ríkisstjórnin taki sparnaðarhjal sitt hátíðlega.

Eins og vikið hefur verið að hér að framan, hækka allir frumvarpsliðir, sem aðallega eru greiðslur til embættismanna og sýslunarmanna og fastra starfsmanna hjá ríki og ríkisstofnunum, um fast að 30%. Þetta er aðeins rétt áætlun miðað við dýrtíðarástand líðandi stundar, og er því ekkert um það að segja.

En þegar kemur að hinum almennu verklegu framkvæmdum ríkisins, svo sem vegagerðum, vegaviðhaldi, brúar- og hafnargerðum o. s. frv., þá er ekki fylgt sömu reglu. Þá er ekki bætt 30% ofan á fjárveitingar gildandi fjárlaga til sömu verka, eins og þurft hefði að gera, ef vinna við verklegar framkvæmdir ríkisins á ekki að dragast stórlega saman á næsta ári. — Öðru nær, hér er stefnt í þveröfuga átt. Flestar upphæðir til verklegra framkvæmda eru beinlínis lækkaðar að krónutölu miðað við fjárlög þessa árs. Þannig voru ætlaðar til nýrra akvega 7 350 000 króna á þessu ári, en á frumvarpinu eru það réttar 7 milljónir. Lækkunin er þó meiri en sjálfar tölurnar gefa til kynna, því að nú er í fyrsta sinni ætlazt til, að ferðakostnaður verkfræðinga að upphæð 250 000 krónur takist af sjálfu vegafénu, en ekki af þeirri upphæð, sem ætluð er stjórn vegamálanna, eins og hingað til hefur verið. Í raun réttri eru því ekki veittar 7 milljónir til nýrra akvega, heldur aðeins 6 750 000 krónur, eða 600 þúsund krónum lægri upphæð en í þessa árs fjárlögum. Ef fjárframlög til vega hefðu hækkað hlutfallslega eins og upphæðirnar til embættisbáknsins, þá hefði fjárveiting til nýrra akvega átt að vera 9½ milljón króna á næsta ári. — Raunveruleg lækkun er því 2.8 milljónir á þessum eina lið.

Til viðhalds vega er á frumvarpinu ætluð sama upphæð og á þessu ári, eða 12.8 milljónir. Með 30% álagi hefði sú upphæð orðið 16.6 milljónir.

Til brúargerða eru nú ætlaðar 2.5 milljónir, móti þremur milljónum á þessu

ári. Bein lækkun 500 þúsundir auk dýrtíðarálagsins. Ef sú sjálfsagða sanngirni hefði ríkt að ætla þessum aðkallandi framkvæmdum fjárframlög með líku notagildi og fjárveiting þessa árs til brúargerða hafði, þá hefði þessi upphæð átt að vera fast að fjórum milljónum.

Til hafnargerða og lendingarbóta voru á þessa árs fjárlögum ætlaðar 4.5 millj., en nú aðeins 3.7 milljónir. Ef fullrar sanngirni hefði gætt, hefði sú upphæð átt að vera 5.8 milljónir að minnsta kosti.

Í sambandi við þennan lið er rétt að árétta það, að af lögboðnu framlagi til hafnarbótasjóðs, 1½ milljón, var aðeins þriðjungurinn tekinn á frumvarpið. — Það hefur nú verið leiðrétt í nefndinni.

Þá voru á þessa árs fjárlögum 150 þúsund krónur til ferjuhafna, en það var fellt niður í frumvarpinu. — Einnig það hefur nú verið leiðrétt að nokkru í fjárveitinganefnd.

Þessari stefnu, sem nú hefur verið lýst, stórfelldum samdrætti verklegra framkvæmda hjá ríkinu, þegar atvinnuleysi er farið að gera alvarlega vart við sig, er ég algerlega andvígur.

Vil ég í því sambandi skírskota til þeirrar margyfirlýstu stefnu Alþýðuflokksins, að þá beri ríkisvaldinu einkum að auka verklegar framkvæmdir, og fyrirbyggja þar með atvinnuleysi, er einkaatvinnurekstrinum vegnar erfiðlega og atvinnulífið í landinu dregst saman. — Verður naumast um það deilt, að það er rétt stefna að beita þannig skattpeningi þegnanna til atvinnujöfnunar á erfiðleikatímum. Um það verður ekki heldur deilt, að atvinnuástand er nú þannig á vegi statt víða um land, að þessarar stefnu væri nú hin fyllsta þörf með röggsamlegri framkvæmd.

En í viðbót við það, sem þegar er sagt, sést berlega, þegar litið er á fjárveitingar á 16. grein, til atvinnumála, að hæstvirt ríkisstjórn er ekki þess sinnis að hlúa sérstaklega að atvinnulífinu, eins og stendur a. m. k.

Að vísu eru nokkuð hækkaðar fjárveitingar til landbúnaðarins, en þegar kemur að sjávarútveginum, sést, að honum eru aðeins ætlaðar 3.7 milljónir á frumvarpinu móti 8 milljónum króna á fjárlögum þessa árs.

Sama er að segja um iðnaðinn. Til iðnaðarmála eru nú aðeins veittar 726 þúsund krónur móti 811 þúsund krónum á þessu ári. Smávægileg lækkun að vísu, en sýnir þó andann, enda var ekki úr háum söðli að detta hjá þessum þriðja aðalatvinnuvegi þjóðarinnar.

Verður því naumast trúað, að á þessu fáist ekki leiðréttingar fyrir 3. umr.

Á 17. gr. vantar fjárveitingu til almannatrygginganna nokkuð á fjórðu milljón, ef starfsemi þeirra á ekki að lamast verulega eða til þess ætlazt, að þær tæmi öryggissjóði sína á fáum árum.

Framlag til vinnumiðlunar að upphæð 100 000 krónur er fellt niður í frumvarpinu, og getur það hvorki talizt höfðinglegt né hyggilegt, þegar atvinnuleysi færist í vöxt, og þörfin á að miðla vinnu og greiða fyrir atvinnulausu fólki eykst með degi hverjum.

Nokkuð hefur verið að því gert af hæstvirtum fjármálaráðherra og stuðningsmönnum stjórnarinnar að guma af sparnaðarviðleitni sinni í sambandi við þetta fjárlagafrumvarp. En því miður er allt það hjal á litlum rökum reist.

Að vísu er lagt til, að embætti veiðimálastjóra, loðdýraræktarráðunauts og skattdómara verði lögð niður, enda varla annað fært. Auk þess hefur nokkrum öðrum opinberum starfsmönnum verið sagt upp, en í sumum tilfellum lítur þó fyllilega út fyrir, að annað ráði þeim uppsögnum en eintóm viðleitni til sparnaðar. Þá er þess að geta, að á móti kemur fjölgun starfsmanna, sem ráðgerð er og nokkurn veginn jafnast á við fækkunina.

Svo mikið má fullyrða, að engin stefnubreyting í sparnaðarátt — nema til verklegra framkvæmda — er sýnileg af þessu fjárlagafrumvarpi. Er þetta líka að nokkru játað af hæstv. fjármálaráðherra í athugasemdum með frumvarpinu, þar sem segir:

„Nú í októbermánuði h e f s t sérstök sérfræðileg athugun á starfskerfi ríkisins og vinnuaðferðum með það fyrir augum að reyna að finna leiðir til þess að gera það óbrotnara og bæta vinnuaðferðir.“

Er gleðilegt, ef þessi sérfræðirannsókn er nú í gangi, en til þessa hefur a. m. k. ekkert heyrzt um árangur af henni. Ætti þó samkvæmt þessu e. t. v. að mega gera sér vonir um tillögur frá ríkisstjórninni til samdráttar á starfskerfi ríkisins og bættra vinnuaðferða, áður en frumvarpið hlýtur endanlega afgreiðslu í fjárveitinganefnd og á þinginu.

Í utanríkismálunum verður ekki annað séð en að lítillar hófsemdar sé gætt í launagreiðslum. Í þeim málum leggur ríkisstjórnin til, að skipaður verði sérstakur sendiherra í Stokkhólmi, í stað sendifulltrúans, sem þar er nú. Einnig er lagt til, að sendiráðið í Moskva verði lagt niður. En þrátt fyrir þetta eru fjárfúlgur þær, sem utanríkisþjónustan tekur til sín, hærri en nokkru sinni fyrr.

Kemur hér átakanlega í ljós, hvílík kotungskróna íslenzka krónan er orðin gagnvart gjaldeyri annarra þjóða, enda eru þjónustumönnum Íslands erlendis nú greiddar fúlgur, sem nema hundruðum þúsunda í íslenzkum krónum hverjum um sig.

Samkvæmt upplýsingum utanríkisráðuneytisins eru helztu launagreiðslur til sendiráðanna sem hér segir:

Í Kaupmannahöfn:

Grunnlaun sendiherra 36 000 kr. og staðaruppbót 69 000. — Heildarlaun 105 000 krónur.

Í Stokkhólmi:

Grunnlaun sendifulltrúa 30 200 kr. og staðaruppbót 83 800. — Heildarlaun 114 000 krónur.

Í London:

Grunnlaun sendiherra 36 000 kr. og staðaruppbót 137 400. — Heildarlaun 173 400 krónur.

Í Washington:

Grunnlaun sendiherra 36 000 kr. og staðaruppbót 257 800. — Heildarlaun 293 800 krónur.

Í París:

Grunnlaun 36 000 kr. og staðaruppbót 218 600. — Heildarlaun 254 600 krónur.

Í París eru heildarlaun fyrsta aðstoðarmanns, sendiráðunauts, 117 500 krónur og auk þess eru honum greiddar kr. 2500 á mánuði í húsaleigupeninga samkvæmt upplýsingum sendiherra, eða hvorki meira né minna en 30 þúsund krónur á ári.

Í Osló:

Grunnlaun sendiherra 36 000 og staðaruppbót 66 800. — Heildarlaun 102 800 krónur.

Í Hamborg.

Grunnlaun aðalræðismanns 30 600 og staðaruppbót 78 900. — Heildarlaun 109 500 krónur.

Má það með ólíkindum teljast, ef ekki er hægt með neinu móti að draga úr kostnaði við utanríkisþjónustuna, ef alls sparnaðar er gætt. Verður að leggja á það ríka áherzlu, að svo verði gert.

Enn þá hefur ekkert verið minnzt á tekjubálk frumvarpsins. Hefur ríkisstjórnin og meiri hluti fjárveitinganefndar lagt kapp á það, að afgreiðsla á tekjuhliðinni verði látin bíða þriðju umræðu. Þrátt fyrir það hef ég leyft mér að gera nokkra athugun á þeirri áætlun, sem felst í 2. grein frumvarpsins um tekjur af tollum og sköttum á næsta ári.

Virðist mér sú athugun benda ótvírætt til þess, að ýmsir liðir greinarinnar séu óþarflega lágt áætlaðir, hvort sem borið er saman við niðurstöðu ríkisreikningsins 1949 eða upplýsingar ráðuneytisins um útkomuna miðað við 1. nóvember síðastliðinn.

Það er alkunna, að íhaldssamar ríkisstjórnir nota oft þá aðferð að áætla tekjur lægra en réttmætt er, beinlínis í þeim tilgangi, að synja um fjárveitingar til nauðsynlegra framkvæmda undir því yfirskini, að fé sé ekki fyrir hendi.

Í annan stað er með of lágri tekjuáætlun falið fyrir þegnunum, hvaða tolla- og skattabyrðar séu á þá lagðar.

Og í þriðja lagi fær ríkisstjórn með of lágri tekjuáætlun minna aðhald en skyldi frá Alþingi um nauðsynlegan sparnað, auk þess sem fjárveitingavaldið er með slíkum hætti að nokkru dregið úr höndum þingsins og fært í hendur ráðherra meira en æskilegt eða nauðsynlegt er.

Ég mun því bera fram breytingartillögur til hækkunar við tekjuhlið frumvarpsins í samræmi við það, sem líkur benda til, að allöruggt megi þó telja, að standist. Einnig mun ég bera fram nokkrar tillögur til breytinga við gjaldabálk frumvarpsins, aðallega til aukinna fjárframlaga til verklegra framkvæmda og til aðstoðar við atvinnulífið við sjávarsíðuna, svo og vegna Almannatrygginganna.

Þá virðist auðsætt, að á frumvarpið vanti fjárveitingu til að greiða 8—10 vísitölustig á laun opinberra starfsmanna, og flyt ég tillögu um, að bætt sé úr því. Að öðru leyti áskil ég mér rétt til að flytja tillögur við frumvarpið síðar, er betur sést, hverju fram vindur um endanlega afgreiðslu þess.

Það skal að lokum fram tekið, að ég tók þátt í öllum störfum nefndarinnar, nema hvað herra Guðmundur Í. Guðmundsson tók í fyrstu sæti í nefndinni í minn stað og starfaði þar í þingbyrjun um hálfs mánaðar skeið. Er ég samþykkur miklum meiri hluta þeirra breytingartillagna, sem bornar eru fram af háttvirtum meiri hluta nefndarinnar, svo langt sem þær ná.

Alþingi, 4. desember 1950.

Hannibal Valdimarsson.

Sþ. 266. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1951.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar (HV).

1.	Við	2. gr.	1. (Tekjuskattur og eignarskattur). Fyrir „35 000 000“ kemur	40 000 000
2.	—	2. —	4. (Verðtollur). Fyrir „73 000 000“ kemur	78 000 000
3.	—	2. —	5. (Innflutningsgjald af benzíni). Fyrir „9 500 000“ kemur	10 800 000
4.	—	2. —	6. (Gjald af innl. tollvöruteg.). Fyrir „6 500 000“ kemur	7 500 000
5.	—	2. —	9. (Bifreiðaskattur). Fyrir „3 000 000“ kemur	4 000 000
6.	—	2. —	10. (Aukatekjur). Fyrir „2 300 000“ kemur	2 500 000
7.	—	2. —	15. (Veitingaskattur). Fyrir „2 500 000“ kemur	3 500 000
8.	—	2. —	17. (Söluskattur). Fyrir „50 000 000“ kemur	55 000 000
9.	—	3. —	A. 2. (Áfengisverzlunin). Fyrir „46 000 000“ kemur	52 000 000

10.	Við	3. gr.	A. 3. (Tóbakseinkasalan). Fyrir „22 000 000“ kemur	29 000 000
11.	—	11. —	A. 6. b. (÷ Frá Tryggingastofn. ríkisins). Fyrir „600 000“ kemur	400 000
12.	—	12. —	IV. H. (Drykkjumannahæli á Úlfarsá). Fyrir „70 000“ kemur	100 000
13.	—	13. —	A. II. a. (Nýir akvegir). Fyrir „7 000 000“ kemur	9 500 000
14.	—	13. —	A. III. (Brúargerðir). Fyrir „2 500 000“ kemur	3 000 000
15.	—	13. —	C. VIII. (Hafnarmannvirki). Fyrir „3 750 000“ kemur	5 500 000
16.	—	16. —	B. (Sjávarútvegsmál). Á eftir 8. tölul. koma 3 nýir liðir:	
			a. Til síldveiðideildar aflatryggingasjóðs til að standast skuldbindingar samkv. nýsettri reglugerð	6 000 000
			b. Til niðurgreiðslu á kostnaðarliðum bátaútvegsins	8 000 000
			c. Til atvinnuaukningar vegna aflabrests og atvinnuleysis á Vestfjörðum og Norðurlandi	1 500 000
17.	—	16. —	C. 2. (Iðnlánasjóður). Fyrir „300 000“ kemur	500 000
18.	—	17. —	2. (Almannatryggingar).	
			a. Við a. 1. Fyrir „17 300 000“ kemur	20 700 000
			b. Við a. 2. Fyrir „4 500 000“ kemur	5 000 000
19.	—	17. —	21. Nýr liður: Til vinnumiðlunar	200 000
20.	—	19. —	3. Nýr liður: Vegna vanreiknaðrar vísitöluuppbótar	5 600 000

Sþ. 267. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1951.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar.

Ég hef ekki getað orðið sammála meðnefndarmönnum mínum um afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins. Ber ýmislegt til þess, og vil ég því gera grein fyrir afstöðu minni í sérstöku áliti.

Hin síðari ár hefur afgreiðsla fjárlaga tekið mjög miklum breytingum. Frá 1945 hafa rekstrarútgjöld fjárlaganna 2½-faldazt að krónutölu, en jafnframt orðið mjög miklar breytingar á hlutfalli milli hinna ýmsu útgjaldaliða. Þannig hefur til dæmis hlutfallstala verklegra framkvæmda, sem greiddar eru af rekstrargjöldum ríkisins, og á ég þar við nýbyggingar vega, brúa, hafna, skólahúsa og sjúkrahúsa, farið sílækkandi. Árið 1946 var varið til þessara framkvæmda ca. 15.3% af heildarrekstrargjöldum ríkisins, 1947 ca. 14%, 1948 ca. 10%, 1949 ca. 9.1% 1950 ca. 8.6%, og eins og afgreiðsla virðist nú ákveðin af hæstv. ríkisstjórn og flokkum hennar, munu þessar framkvæmdir fá í hæsta lagi 7.6% rekstrarútgjalda, eða fyllilega helmingi lægri en 1946. Þótt að vísu megi hér taka nokkurt tillit til þess, að nokkrir nýir útgjaldaliðir hafa bætzt á fjárlögin á þessum tíma, sem eðlilega röskuðu þessu hlutfalli eitthvað, þá er þar ekki um að ræða nema brot af þeim gífurlega mismun, sem hér hefur verið bent á. Sérstaklega er þetta varhugavert á tímum eins og nú, þegar atvinnuleysi fer

vaxandi, og þannig horfur á, að allmikill hluti vinnuafls þjóðarinnar notist ekki, ef sömu stefnu verður haldið áfram í atvinnumálum þjóðarinnar sem nú er gert.

Þegar litið er yfir aðra þætti fjárlaganna og samanburður gerður á milli þessara ára, koma ekki síður athyglisverðir hlutir í ljós.

Viðvíkjandi dýrtíðargreiðslunum má t. d. benda á það, að þær eru lægstar 1946, einmitt það árið, sem framlögin til fyrrnefndra verklegra framkvæmda eru hæst. Samkvæmt ríkisreikningnum eru greiddar eftirtaldar fjárupphæðir til niðurgreiðslu á vöruverði innanlands þessi ár:

1946	16 245	millj.	kr.
1947	35 930	—	—
1948	44 611	—	—
1949	36 433	—	—
1950	33 000	—	— (áætlun fjárl.).

Á þessu fjárlagafrumvarpi, sem nú skal afgreiða fyrir næsta ár, eru áætlaðar 25 millj. til dýrtíðarráðstafana. Hver maður veit, að þær upphæðir, sem notaðar hafa verið s. l. ár, og sú upphæð, sem áætluð er fyrir yfirstandandi ár, nægja engan veginn til þess að halda verðbólgunni í skefjum. Kemur þetta gleggst í ljós með því dýrtíðarflóði, er yfir skall með gengislækkuninni. Þaðan af síður þarf nokkur maður að efast um, að þær 25 millj., sem frumvarpið gerir ráð fyrir, muni skammt hrökkva. Hér er því beinlínis verið að bjóða heim verðbólguflóði, sem enginn sér hvenær muni lægja.

Þá skal vikið að nokkrum atriðum, sem beinlínis vantar á frumvarpið.

Má þá fyrst benda á það, að ein umfangsmesta og dýrasta ríkisstofnunin, fjárhagsráð ásamt undirdeildum þess, er alls ekki tekin með. Í athugasemdum við frv. er þess að vísu getið, að e. t. v. verði gerðar breytingar á þessu kerfi, og ekki sé vitað, hvers kostnaðar megi vænta af eftirliti með gjaldeyrisverzlun og verðlagi á næsta ári, og sé því þeim lið sleppt að svo stöddu. Nú eru liðnir nær tveir mánuðir síðan frumvarpið var lagt fram, og hefði verið eðlilegt, að nægilegar upplýsingar um þau efni lægju fyrir, svo að hægt væri að taka þá áætlun inn í frumv. fyrir 2. umræðu, svo fremi að tilætlunin sé að halda þessari starfsemi áfram, sem án efa mun vera fyrirhuguð.

Á 16. gr. B., sjávarútvegsmál, eru felldir niður þrír stórir liðir, sem voru á síðustu fjárlögum til aðstoðar vélbátaflotanum. Er það í fyrsta lagi framlag til að lækka framleiðslukostnað bátaútvegsins, 1 700 þús. kr., og tvenns konar greiðslur vegna síldveiðanna sumarið 1949, samtals 2 800 þús. Þannig er framlagið til sjávarútvegsmála lækkað um 4 500 þús. Ekkert liggur fyrir, sem bendir í þá átt, að vélbátaútgerðin þurfi síður á aðstoð að halda nú en áður, þótt sú aðstoð ætti máske að vera í öðru formi, heldur hníga öll rök að því, að mjög sé tvísýnt um rekstur þess atvinnuvegar á næsta ári, ef ekkert verður að gert. Sá samdráttur framleiðslunnar, sem af slíku mundi leiða, mundi ekki aðeins valda skorti á nauðsynjavörum handa þjóðinni, heldur einnig draga svo úr tekjum ríkisins, að fjárlögin sjálf fengju á engan hátt staðizt. Ég tel því, að Alþingi sé að skjóta sér undan óhjákvæmilegri nauðsyn, ef fram hjá þessu verður gengið, og flyt því um það breytingartillögu.

Þá skal enn fremur á það bent, að framlagið til almannatrygginga á 17. gr., 17 300 þús. kr., er of lágt áætlað, miðað við að sömu bætur verði greiddar og áður. Er þessi áætlun byggð á því, að ekki sé tekið tillit til þeirrar 15% vísitöluhækkunar, sem viðurkennd er í frumvarpinu og allar launagreiðslur reiknaðar eftir. Ef ríkið neitar að taka tillit til þessarar hækkunar með hækkun á sínu framlagi, verður vitanlega ekki hægt að innheimta iðgjöld einstaklinga eða framlög sveitarfélaga með þessu álagi. Nú nemur 15% hækkun á framlagi ríkisins nokkuð á fjórðu milljón króna. En sé þar við lagt 15% vísitöluálag á önnur iðgjöld, þá nemur sú upphæð 7—8 millj. kr., sem tryggingarnar yrðu að taka sem rekstrarhalla, ef tekjurnar hækka ekki. Í greinargerð frumvarps þess um breytingu á tryggingalögunum, er lagt hefur verið

fyrir Alþingi, er að vísu gert ráð fyrir þessu frá hendi hæstv. ríkisstjórnar. Hins vegar fæ ég ekki séð, hvernig slík afgreiðsla fær staðizt, og virðist því óhjákvæmilegt að hækka framlag hins opinbera um a. m. k. mestan hluta þeirrar vísitöluhækkunar, er hér um ræðir. Sú afgreiðsla, sem að er stefnt með fyrrnefndum breytingartillögum, hlýtur að kollvarpa sjálfu tryggingakerfinu áður en langt líður, ef hún verður framkvæmd.

Það, sem einkennir þá fjárlagaafgreiðslu, er nú virðist vera fyrirhuguð samkv. tillögum meiri hluta fjárveitinganefndar og hæstv. ríkisstjórnar, er því þetta:

1. Felldar eru nú að fullu niður greiðslur vegna fiskábyrgðar, sem s. l. ár námu 30 millj. króna.
2. Lækkaðar hafa verið greiðslur vegna niðurgreiðslu á vöruverði innanlands um 8—9 millj. kr.
3. Lækkuð hafa verið framlög til sjávarútvegsins um 4½ millj. kr., með því að fella niður fyrrnefndar upphæðir til ýmiss konar aðstoðar við vélbátaflotann.
4. Framlög til verklegra framkvæmda eru ekki hækkuð að krónutölu, þótt gengislækkunin valdi því, að miklu minna verður nú unnið fyrir sömu upphæðir en áður.

Þrátt fyrir þetta lækka rekstrarútgjöld fjárlaganna ekki nema um rúmar 10 millj., sé miðað við, að samþykktar verði allar breytingartillögur meiri hlutans. En eins og bent hefur verið á, munu ekki vera komin öll kurl til grafar enn þá, og vafasamt, hvort munurinn verður nokkur um það er lýkur.

Þessi ömurlega niðurstaða er vitanlega bein afleiðing þess, að gengislækkunin, sem notuð var til þess að létta vissum fjárhagsbyrðum af ríkissjóði, svo sem fiskábyrgðar- og dýrtíðargreiðslum, hefur valdið nýju dýrtíðarflóði, sem krefst aukinna útgjalda á öðrum sviðum, bæði í beinum launagreiðslum og öðru, er snertir beinan rekstur ríkisins.

Þannig færist æ meiri og meiri hluti teknanna frá því að vera annaðhvort trygging fyrir framleiðsluna eða aflvaki verklegra framkvæmda í það að verða bein rekstrarútgjöld við sjálft embættiskerfið.

Viðvíkjandi þeim breytingartillögum, er ég flyt á sérstöku þingskjali, skal þetta tekið fram:

Við 10. gr. flyt ég 3 breytingartillögur. Tvær hinar fyrri um að fella niður fjárveitingar til sendiráðanna í Osló og Stokkhólmi. Hefur það áður verið rætt allmikið, bæði í fjárveitinganefnd og annars staðar, að nægilegt væri að hafa eitt sendiráð á Norðurlöndum. Við þetta mundi sparast nærri ½ millj. kr. Þá er tillaga um að lækka kostnað við þátttöku í alþjóðaráðstefnum um 200 þús. kr. Ég hygg óhætt að fullyrða, að Íslendingar mundu engu tapa, þótt dregið væri úr þeim ferðalögum, sem mjög hafa tíðkazt undanfarið á hvers konar erlend mót, og því sé óhætt að lækka þennan lið er þessu nemur.

Við 11. gr. eru 2 breytingartillögur. Hin fyrri er um að fella niður 50 þús. kr. fjárveitingu til viðgerðar á bæjarfógetahúsinu í Neskaupstað vegna skemmda af völdum skriðuhlaups.

Á síðustu fjárlögum voru veittar til þessa 100 þús. kr., og sýnast þessar upphæðir báðar til samans óeðlilega háar til þess aðeins að bæta fyrrnefndar skemmdir. Sé hins vegar um aðrar framkvæmdir að ræða, ætti það að koma fram. —

Önnur tillagan við þessa grein er um að lækka kostnað við húsaleigueftirlit um 50 þús. kr. Mun hér ekki vera um meira starf að ræða en svo, að hægt væri að vinna það auðveldlega fyrir þá upphæð, er ég legg til.

Við 12. gr. legg ég til, að hækkaður verði styrkur til byggingar læknisbústaða, sjúkraskýla og sjúkrahúsbygginga um 200 þús. kr. Er hér um að ræða hina mestu nauðsyn, en upphæð sú, sem nú er á frumvarpinu, hefur einmitt mjög verið lækkuð hin síðustu ár.

Við 16. gr. B. legg ég til, að tekin verði upp ný fjárveiting til aðstoðar við vélbátaflotann, 4 500 000 kr., eða sama upphæð og var í þrennu lagi á síðustu fjárlögum.

Sömuleiðis legg ég til, að framlagið til almannatrygginga á 17. gr. verði hækkað um 3 millj. kr., í samræmi við það, sem áður er sagt um það atriði.

Þá er að síðustu tillaga um að lækka framlag til sýslumannabústaða á 20. gr. um 200 þús. kr. Á frumvarpinu eru jafnar uppbætur ætlaðar til sýslumannabústaða, bygginga á prestssetrum og læknisbústaða, sjúkraskýla og sjúkrahúsa, annarra en fjórðungssjúkrahúsa. Þegar athugaður er fjöldi embættisbústaða hverrar tegundar og þess gætt enn fremur, að sjúkrahúsin og sjúkraskýlin fylgja læknisbústöðunum, þá verður því ekki neitað, að hér er um mjög mikið ósamræmi að ræða.

Verði þessar breytingartillögur samþykktar, þannig að greiðsluhalli verði á frumvarpinu, mun ég við 3. umræðu flytja breytingartillögu um breytingar á tekjuáætluninni eða öflun nýrra tekna til að mæta þeim útgjöldum.

Alþingi, 4. des. 1950.

Ásmundur Sigurðsson.

Sþ. 268. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1951.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar (ÁS).

1.	Við	10. gr.	III. 2. (Sendiráðið í Stokkhólmi). Liðurinn fellur niður.	
2.	—	10. —	III. 6. (Sendiráðið í Osló). Liðurinn fellur niður.	
3.	—	10. —	III. 11. (Kostnaður við alþjóðaráðstefnur). Í stað „550 000“ kemur	350 000
4.	—	11. —	A. 15. (Bæjarfógetahúsið í Neskaupstað). Liðurinn fellur niður.	
5.	—	11. —	B. 12. (Húsaleigueftirlit). Í stað „134 832“ kemur	84 832
6.	—	12. —	IX. (Læknisbústaðir og sjúkrahús). Í stað „500 000“ kemur	700 000
7.	—	16. —	B. 8. Nýr liður: Til aðstoðar við vélbátaflotann	4 500 000
8.	—	17. —	2. a. 1. (Almannatryggingar). Í stað „17 300 000“ kemur	20 300 000
9.	—	20. —	XV. (Sýslumannabústaðir). Í stað „500 000“ kemur	300 000

Nd. 269. Nefndarálit [20. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Samkomulag náðist ekki innan nefndarinnar um afgreiðslu frumvarpsins. Minni hl. (PO) er frumvarpinu andvígur og leggur til, að það verði fellt. Undirritaður meiri hluti leggur til, að það verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. Fyrir orðin „115 rúmlestum“ á einum stað og „115 rúmlestir“ á þremur stöðum í 1. og 2. efnismálsgr. kemur: 200 rúmlestum, 200 rúmlestir.

Alþingi, 4. des. 1950.

Sig. Ágústsson, frsm. Gísli Guðmundsson, fundaskr. Halldór Ásgrímsson.

Lúðvík Jósefsson.

Nd. 270. Nefndarálit [59. mál]

um frv. til l. um vinnumiðlun.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frv. þetta er borið fram af ríkisstjórninni, og ræddi nefndin það allýtarlega á mörgum fundum. Félagsmálaráðh. kom á fund nefndarinnar til viðræðu um málið. Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Tveir nefndarmenn, þeir GÞG og MK, eru frv. andvigir og munu skila sérstöku nefndaráliti.

Við, sem undir þetta nefndarálit ritum, leggjum til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 6. gr.

a. Orðin „og skal einn þeirra sérstaklega kjörinn sem formaður stjórnarinnar“ í 2. málsl. 1. mgr. falla niður.
b. Á eftir 2. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsl., svo hljóðandi: Stjórnin kýs sér sjálf formann.

Alþingi, 5. des. 1950.

Páll Þorsteinsson, form. Helgi Jónasson, frsm. Kristín Sigurðardóttir, fundaskr.

Nd. 271. Frumvarp til laga [125. mál]

um sérstaka lækkun tekjuskatts af lágtekjum.

Flm.: Einar Olgeirsson.

1. gr.

Veita skal sérstaka tilslökun í tekjuskatti af hreinum tekjum 25 þúsund kr. eða lægri, álögðum 1951. Skattlækkunin ákveðst þannig, að tekjuskattur gjaldanda með 25 þúsund krónur í hreinar árstekjur, og konu og barn á framfæri, miðað við Reykjavík, skal lækkaður um 33⅓ af hundraði.

Þeirrar hlutfallslækkunar í tekjuskatti, sem þessi gjaldandi fær, skulu allir þeir njóta, sem jafnháan eða lægri tekjuskatt hafa, þó aðeins þeir, er hljóta niðurfærslu tekna samkv. 14. gr. laga nr. 20/1942.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Síðasta ár var veitt samkv. lögum nr. 60 1950 tilslökun í tekjuskatti af hreinum tekjum 20 þúsund kr. eða lægri, álögðum 1950. Það er full þörf á að veita slíka tilslökun á tekjuskatti, er lagður verður á 1951, og er hér lagt til, að tilslökunin sé veitt af 25 þús. kr. hreinum tekjum eða lægri.

Nd. 272. Nefndarálit [72. mál]

um frv. til laga um stjórn flugmála.

Frá meiri hl. samgöngumálanefndar.

Nefndin hefur rætt þetta mál ýtarlega og sent það til umsagnar flugráðs og flugfélaganna, Loftleiða h.f. og Flugfélags Íslands h.f. Flugráð mælti með, að frv. yrði samþykkt óbreytt. Stjórn Flugfélags Íslands taldi æskilegt, að sú breyting yrði gerð á 3. gr. þess, að ráðherra skyldi leita tillagna flugráðs, áður en hann setti reglur um ferðir innlendra flugfélaga.

Stjórn Loftleiða var þeirrar skoðunar, að skynsamlegra væri að tryggja betri framkvæmd l. nr. 65/1947 en að setja ný lög um þessi efni. Þá ræddi nefndin frv. einnig við flugmálastjóra, sem var því andvígur.

Meiri hluti samgöngumálanefndar lítur svo á, að sú stefna, sem kemur fram í þessu frv., að gera framkvæmd flugmála einfaldari og ódýrari, sé rétt. Þess vegna mælir hann með samþykkt frv. með þeirri breytingu, að hámark sekta vegna brota á lögum þessum hækki nokkuð.

Minni hlutinn, Lúðvík Jósefsson, er hins vegar andvígur frv.

Samkvæmt ofansögðu leggur meiri hlutinn til, að frv. verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Við 4. gr. Í stað „10000 krónum“ í síðari málsl. komi: 30000 krónum.

Alþingi, 5. des. 1950.

Sigurður Bjarnason, form., frsm. Jón Gíslason, fundaskr. Stefán Stefánsson.
Ásgeir Bjarnason.

Nd. 273. Nefndarálit [106. mál]

um frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 frá 1940.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur einróma til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 5. des. 1950.

Jörundur Brynjólfsson, form. Jónas G. Rafnar, frsm. Jóhann Hafstein, fundaskr.
Finnur Jónsson. Áki Jakobsson.

Sþ. 274. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1951 og við brtt. á þskj. 252.

I. Frá *Sigurði Ágústssyni.*
Við brtt. 252, 12. 21. (Við 13. gr. A. II. a. — Skógarstrandarvegur í Dalasýslu).
Aftan við liðinn bætist: Unnið verði fyrir framlagið á utanverðri Skógarströnd.

II. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við brtt. 252, 13. 11. (Við 13. gr. A. III.).
Fyrir „Víðidalsá í Miðfirði" kemur: Víðidalsá nálægt Víðidalstungu.

III. Frá *Sigurði Ágústssyni.*
Við 252, 15. a. 19. (Við 13. gr. C. VIII. — Rif á Snæfellsnesi).
Fyrir „500 000" kemur 700 000

IV. Frá *Jóni Pálmasyni.*
Við brtt. 252, 15. a. 23. (Við 13. gr. C. VIII. — Skagaströnd).
Fyrir „150 000" kemur 220 000

V. Frá *Sigurði Ágústssyni.*
Við 15. gr. A. VII. 12. (Amtsbókasafnið í Stykkishólmi).
Fyrir „4 500" kemur 13 000

VI. Frá *Jóni Pálmasyni.*
Við brtt. 252, 46. b. 2. (Við 16. gr. A. 14.). Nýr liður:
Til fyrirhleðslu til verndar ríkisjörðinni Saurbæ í Vatnsdal 30 000

VII. Frá *Einari Olgeirssyni, Sigurði Guðnasyni* og *Steingrími Aðalsteinssyni.*
1. Við 17. gr. Á undan 1. tölulið kemur nýr töluliður:
Til atvinnuaukningar, gegn jafnmiklu framlagi frá bæjar- og sveitarfélögum 3 500 000
2. Við 17. gr. 24. Nýr liður:
Til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði samkv. III. kafla laga nr. 44 7. maí 1946 ..... 750 000

VIII. Frá *Sigurði Ágústssyni.*
Við 17. gr. 26. (Vatnsveitur).
Fyrir „150 000" kemur 200 000

IX. Frá *Steingrími Aðalsteinssyni* og *Sigurði Guðnasyni.*
Við 20. gr. Út. VI. 1. (Ríkisspítalarnir). Liðurinn orðist svo:
Til viðbótarhúsnæðis við ríkisspítalana 2 000 000
Þar af 1 millj. kr. til byggingar hjúkrunarkvennaskóla.

X. Frá *Einari Olgeirssyni, Sigurði Guðnasyni* og *Steingrími Aðalsteinssyni.*
Við 22. gr. IX. Nýr liður:
Að taka að láni fé til þess að lána bæjar- og sveitarfélögum til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði samkv. III. kafla laga nr. 44 7. maí 1946, og sé lánsupphæðin í hlutfalli við framlög ríkissjóðs samkv. lögum.

Nd. 275. Frumvarp til laga [126. mál]

um breyting á lögum nr. 59 7. maí 1946, um sérstakar fyrningarafskriftir.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Heimild 1. gr. laga nr. 59 7. maí 1946 til sérstakra afskrifta skal einnig ná til eigna af þeirri tegund, sem þar eru taldar og teknar verða í fyrstu notkun á árunum 1951, 1952 og 1953.

Öll önnur ákvæði fyrrgreindra laga gilda einnig um þessar eignir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir tilmælum fjármálaráðuneytisins, og fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

„Með lögum nr. 59 7. maí 1946, um sérstakar fyrningarafskriftir, var heimilað að hækka verulega afskriftir ýmissa framleiðslutækja, sem tekin voru í fyrstu notkun árin 1944—1948.

Með lögum nr. 15 16. marz 1949 var ákveðið, að þessi heimild til sérstakra afskrifta skyldi einnig ná til eigna, sem teknar yrðu í fyrstu notkun árin 1949 og 1950. Þar sem enn er mikil nauðsyn að afskrifa framleiðslutæki þessarar tegundar, er lagt til með þessu frumvarpi, að ákvæði laganna frá 1946 verði einnig látin ná til sams konar eigna, sem teknar verða í fyrstu notkun á árunum 1951—1953 incl.“

Nd. 276. Frumvarp til laga [127. mál]

um framlenging á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. gr.

Lög nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands, skulu gilda árin 1951 og 1952, enda verji félagið tekjuafgangi sínum, þá er það hefur greitt hlut-höfum 4% arð, venjuleg sjóðstillög og útsvar samkvæmt framangreindum lögum, til kaupa á skipum eða á annan hátt í þágu samgöngumála.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. er flutt eftir beiðni stjórnar h/f Eimskipafélags Íslands í bréfi, dags. 4. nóv. 1950. Einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um breytingartillögur.

Nd. 277. Breytingartillaga [26. mál]

við frv. til l. um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Við 47. gr. Orðin „með samþykki öryggisráðs“ falli burt.

Nd. 278. Breytingartillaga [26. mál]

við frv. til l. um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

Frá Emil Jónssyni.

Við 47. gr. Í stað „öryggisráðs“ komi: ráðherra.

Nd. 279. Nefndarálit [46. mál]

um frv. til l. um nýtt orkuver og nýja orkuveitu rafmagnsveitna ríkisins.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt mál þetta á þrem fundum og fengið munnlega og skriflega umsögn raforkumálastjóra. Leggur n. til, að frv. verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „700—1000“ komi: allt að 700.
2. Á eftir 2. gr. komi ný gr., 3. gr., svo hljóðandi (greintala breytist skv. því):
   Framkvæmdir skv. 1. gr. mega ekki hefjast nema fyrir liggi nákvæmar áætlanir um orkuverið og orkuveituna og tryggt hafi verið nægilegt fé til framkvæmdanna.
3. Við 3. gr. (sem verður 4. gr.).
   Í stað orðanna „1. og 2. gr.“ komi 1.—3. gr.

Alþingi, 5. des. 1950.

Gunnar Thoroddsen, form., frsm. Bjarni Ásgeirsson, fundaskrifari. Sigurður Guðnason.

Emil Jónsson. Skúli Guðmundsson.

Fylgiskjal.

RAFORKUMÁLASTJÓRI

Reykjavík, 23. nóvember 1950.

Iðnaðarnefnd neðri deildar, Alþingi.

Raforkumálaskrifstofan hefur móttekið bréf yðar, dags. 15. þ. m., þar sem leitað er umsagnar um frumvarp til laga um nýtt orkuver og nýja orkuveitu rafmagnsveitna ríkisins, á þingskjali nr. 79. Er þar um að ræða virkjun Fossár í Hólshreppi og orkuveitu til Bolungavíkur.

Skal fyrst tekið fram, að ég tel ekki rétt að binda stærð virkjunarinnar að lögum við 700 til 1000 hestöfl, þó e. t. v. kunni svo að fara, að virkjuð verði 700 hestöfl, en stærri virkjun en það kemur tæplega til greina vegna fyrirsjáanlegs vatnsskorts. Einnig ber að taka til greina, að stofnkostnaður t. d. 500 ha. virkjunar verður minni en stofnkostnaður stærri virkjunar og því minni líkur til þess, að slík virkjun verði byggðarlaginu ofviða fjárhagslega en 700—1000 ha. virkjun.

Enn þá hefur ekki verið unnið fyllilega úr vatnsrennslismælingum síðustu ára og því of snemmt að slá neinu endanlega föstu um virkjunarstærð. Skal þess þá og getið, að í áætlun þeirri, sem um getur í greinargerð frumvarpsins, var gert ráð fyrir að veita Tröllá yfir í Fossá og fá þannig aukið vatnsrennsli, en síðari athuganir benda til þess, að slíkar ráðstafanir verði bæði kostnaðarsamar og til minna gagns en álitið var á sínum tíma.

Að þessu athuguðu vildi ég því leggja til, að í 1. gr. frumvarpsins komi: allt að 700 hestafla í stað „700—1000 hestafla."

Tilgangur með stofnun rafmagnsveitna ríkisins var fyrst og fremst sá, að þær tækju á sínar herðar að koma upp hinum stærri virkjunum og veitum, þeim sem ná til margra sveitarfélaga í senn. En þegar um er að ræða virkjanir eins og þessa, sem aðeins á að sjá einu sveitarfélagi fyrir rafmagni, þykir eðlilegra og hagkvæmara, að viðkomandi sveitarfélag sjái sjálft um byggingu og rekstur fyrirtækisins. Hreppsnefnd Hólshrepps hefur einnig gert tilraun til þess að fara þá leið, en ekki tekizt að afla nauðsynlegs fjár til framkvæmdanna og þess vegna leitað þess, að ríkið tæki að sér virkjunina.

Nú er mér að vísu ekki kunnugt, hverjar líkur eru til, að hreppnum mundi takast að útvega nægilegt fé til virkjunarframkvæmdar þessarar, ef hann heldur áfram að leita fyrir sér, en ekki getur það talizt öruggt, að bráðlega verði hægt að koma upp virkjuninni, þótt rafmagnsveitum ríkisins yrði falið það. Allt fé raforkusjóðs er nú orðið bundið í virkjunum og veitum, en árlegar nettótekjur sjóðsins nú aðeins um 2½ milljón. Hins vegar eru þegar heimildir og samþykktir fyrir hendi um nýjar rafmagnsveitur ríkisins og héraðsrafmagnsveitur ríkisins, sem áætlað er, að muni kosta um 15—20 milljónir króna. Nú hefðu rafmagnsveitur ríkisins að réttu lagi átt að taka lán til framkvæmda sinna annars staðar en í raforkusjóði, að upphæð allt að 15 millj. kr., en hafa ekki til þessa átt kost á nema um það bil 2 millj. kr. Það er auðsætt, að tilgangslaust er að fela rafmagnsveitum ríkisins ný verkefni, nema þeim verði séð fyrir nauðsynlegu fé til framkvæmdanna á einn eða annan hátt.

En ef treysta má því, að rafmagnsveitum ríkisins verði séð fyrir nauðsynlegu fjármagni til að leysa af hendi þau verkefni, sem þeim eru ætluð, og ef sýnt þykir, að fjáröflunar vegna sé heppilegra, að framkvæmd á virkjun Fossár í Hólshreppi verði í höndum rafmagnsveitna ríkisins heldur en í höndum hreppsins, þá kemur að sjálfsögðu til mála að fela rafmagnsveitunum byggingu og rekstur virkjunarinnar. En ég vil í þessu sambandi þó láta í ljós þá skoðun mína, að forðast beri í lengstu lög að hverfa frá þeirri verkaskiptingu, sem raforkulögin byggja á, að hvert sveitarfélag sjái sjálft um lausn sinna raforkumála, að svo miklu leyti sem þau verða leyst innan sveitar og varða það sveitarfélag eitt, en rafmagnsveitur ríkisins annist lausn hinna stærri verkefna. Enn fremur að forðast beri svo sem kostur er að fella undir rekstur rafmagnsveitna ríkisins mjög mikinn fjölda af smávirkjunum og smáveitum dreifðum um land allt, þótt það hins vegar liggi í hlutarins eðli, að mannvirki rafmagnsveitna ríkisins eru allmikið dreifð um landið.

Í frumvarpinu er ákvæði um heimild til lántöku, en aðeins í ísl. krónum. Heppilegra er að láta slíka heimild einnig ná til lántöku í erlendri mynt, ef svo býður við að horfa, t. d. í sambandi við véla- og efniskaup erlendis.

Virðingarfyllst.

Jakob Gíslason.

Sþ. 280. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1951 og við brtt. á þskj. 252.

I. Frá *Sigurði Bjarnasyni* og *Hannibal Valdimarssyni.*
Við brtt. 252, 13. (Við 13. gr. A. III. — Brúargerðir). Nýr liður:
Selá á Langadalsströnd 300 000

II. Frá *samvinnunefnd samgöngumála.*
Við 13. gr. B. II. (Flóabátar og vöruflutningar).
Fyrir „750 000“ kemur 975 000

III. Frá *Sigurði Bjarnasyni* og *Hannibal Valdimarssyni.*
Við brtt. 252, 15. b. 19. (Við 13. gr. C. VIII. — Hafnarmannvirki).
Nýr liður:
Sæból í Aðalvík 20 000

IV. Frá *Ásgeiri Bjarnasyni.*
Við 14. gr. B. II. b. Nýr liður:
Til Sverris Markússonar, til dýralækninganáms 5 000

V. Frá *Gunnari Thoroddsen, Gylfa Þ. Gíslasyni, Rannveigu Þorsteinsdóttur, Jóhanni Hafstein, Kristni E. Andréssyni, Stefáni Jóh. Stefánssyni, Jónasi Árnasyni og Sigurði Bjarnasyni:*
Við 15. gr. A. XVIII. Nýr liður:
Til Sinfóníuhljómsveitar Íslands, enda náist samkomulag um framlag frá bæjarstjórn Reykjavíkur, Ríkisútvarpinu og þjóðleikhúsinu, allt að 200 000

VI. Frá *Gunnari Thoroddsen.*
Við 15. gr. A. XIX. Nýr liður:
Til Guðmundar Jónssonar, til söngnáms 6 000

VII. Frá *Sigurði Bjarnasyni* og *Hannibal Valdimarssyni.*
Við 22 gr. VII. Nýir liðir:
a. Að verja 100 þús. kr. til þess að bæta tjón, sem varð á brimbrjótnum í Bolungavík haustið 1946.
b. Að greiða hlutatryggingasjóði sjómanna og útgerðarmanna í Bolungavík 30 þús. kr. vegna starfsemi sjóðsins á árunum 1939—1944.

Sþ. 281. Nefndarálit [1. mál]

um styrk til flóabáta og vöruflutninga.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Nefndin hefur eins og undanfarin ár haft til meðferðar undirbúning tillagna um flutningastykri og fjárveitingar til flóabáta fyrir komandi ár. Hafa henni borizt skýrslur og upplýsingar um rekstur og afkomu hinna einstöku báta. Enn fremur hefur hún að vanda notið aðstoðar og samvinnu forstjóra Skipaútgerðar ríkisins. Fylgir skýrsla hans með nefndarálitinu.

Enda þótt rekstrarafkoma flóabátanna hafi á þessu ári orðið mjög erfið, hefur nefndin yfirleitt ekki talið sér fært að hækka styrki til þeirra. Henni er ljóst, að af þeim ástæðum kunni e. t. v. svo að fara, að einhverjir þeirra komist í þrot og stöðvist á næsta ári. En nefndin hefur viljað stuðla að því eftir fremsta megni, að ýtrasta sparnaðar og hagsýni yrði gætt um rekstur flóabátanna.

Undanfarin ár hafa iðulega verið uppi raddir um á Alþingi, að með auknum skipakosti til strandferða ætti að vera unnt að fækka flóabátunum og draga úr fjárveitingum til þeirra. Samvinnunefndin hefur framkvæmt allverulega athugun á möguleikum þess. En svo að segja allar framkvæmdir í þessum efnum hafa strandað á eindregnum mótmælum hlutaðeigandi héraða og þingmanna þeirra. Nú varð það að samkomulagi í nefndinni að leggja til, að ríkisstjórnin láti fyrir næsta þing framkvæma ýtarlega rannsókn á því, hvernig flóabátaferðunum verði haganlegast og ódýrast komið fyrir. Enn fremur að ríkisstjórnin láti rannsaka flutningaþörf og aðstöðu þeirra héraða, sem verst eru sett um samgöngur og aðdrætti á landi og styrks hafa notið úr ríkissjóði. Leggur nefndin áherzlu á, að slík athugun verði látin fram fara.

Um einstaka flóabáta og ferðir þeirra skal þetta tekið fram:

Breiðafjarðarsamgöngur:

Þessum ferðum hefur verið hagað á svipaðan hátt og undanfarin ár. Rekstrarstyrkur til þeirra verður hinn sami og á þessu ári. En niður er felldur 10 þús. kr. vélastyrkur, sem m/b Konráð, er annast ferðirnar um norðanverðan Breiðafjörð, var veittur á fjárlögum þessa árs.

Ísafjarðarsamgöngur:

M/s Fagranes hefur annazt þær eins og áður. Rekstur þess hefur verið mjög óhagstæður. Rekstrarhalli skipsins árið 1949 varð rúmlega 50 þús. kr. þrátt fyrir ríkisstyrkinn, og árið 1948 var hallinn 55 þús. kr. Upplýst er, að rekstrarafkoman muni ekki verða betri á yfirstandandi ári. Hefur stjórn Djúpbátsins, sem annast þessar ferðir, farið fram á verulega hækkun styrks til þeirra og telur, að ella hljóti þær að stöðvast héraðinu til óbætanlegs tjóns.

Nefndin taldi þó ekki fært að verða við þeim óskum, en vill þó freista þess að létta nokkuð undir með þessu þýðingarmikla samgöngutæki Ísfirðinga í bæ og sýslum. Leggur hún því til, að styrkurinn til Djúpbátsins verði hækkaður um 10 þús. kr.

Norðurlandssamgöngur:

Í þessum landshluta virðast ferðir flóabátanna hafa gengið sæmilega. Verkefni Húnaflóa- og Strandabátanna hefur að vísu verið lítið af sömu ástæðum og undanfarin ár, aflabresti á síldveiðunum og deyfð og erfiðleikum í verksmiðjuþorpunum á Ströndum.

Eina breytingin, sem nefndin leggur til að gerð verði á styrkveitingunum til Norðurlandsbátanna, er sú, að lækkað verði um 9 þús. kr. framlag til Flateyjarbáts á Skjálfanda, en hann fékk þá upphæð á þessu ári til vélakaupa.

Austfjarðasamgöngur:

Hjá Austfjarðabátunum eru þær breytingar gerðar, að vélastyrkur, 4. þús. kr., til Mjóafjarðarbáts fellur nú niður, en lagt er til, að Loðmundarfjarðarbáti verði veittur 10 þús. kr., styrkur til vélakaupa á næsta ári.

Suðurlandsskip:

Eins og kunnugt er, hefur Alþingi um langt skeið veitt Vestur-Skaftafellssýslu nokkurn styrk til vöruflutninga á hinni löngu og erfiðu flutningaleið til þessa héraðs. Nemur sá styrkur á þessu ári 80 þús. kr. Nú hefur sýslunefnd héraðsins, og

þingmaður þess lagt á það mikla áherzlu, að styrkur þessi verði hækkaður verulega, þar sem flutningskostnaður hafi hækkað mjög.

Enda þótt samvinnunefnd samgöngumála viðurkenni, að Vestur-Skaftfellingar hafi að ýmsu leyti sérstöðu um aðdrætti nauðsynja sinna og flutning búsafurða vegna hinna miklu vegalengda, er þeir verða að sækja um, og algers hafnleysis, taldi hún þó ekki kleift að ganga langt til móts við óskir þeirra. Lagði hún þó til, að flutningastyrkurinn til svokallaðs „Suðurlandsskips", sem raunar er alls ekki fljótandi far, yrði hækkaður um 20 þús. kr. til að greiða niður hinn aukna flutningskostnað.

Samkvæmt tillögum þeim, sem fyrir liggja, áætlar nefndin styrk til flóabátaferða og vöruflutninga í fjárlögum ársins 1951 samtals kr. 975 000.00, eða 17 þús. kr. hærri en á fjárlögum þessa árs. Má í þessu sambandi geta þess, að s. l. ár hafa útgjöld ríkissjóðs vegna þessarar nauðsynlegu þjónustu, sem flóabátarnir veita fjölmörgum byggðarlögum víðs vegar um land, sáralítið hækkað. Þeim hefur verið haldið niðri þrátt fyrir mikla hækkun á rekstrarkostnaði bátanna og ýmiss konar breytingar rekstri þeirra í óhag. Horfir af þeim ástæðum mjög óvænlega um afkomu sumra þeirra.

Nefndin leggur til, að styrksupphæðin skiptist þannig:

Djúpbátur	240 000.00
Húnaflóa- og Strandabátur	82 000.00
Norðurlandsbátur	220 000.00
Hríseyjarbátur	6 000.00
Flateyjarbátur á Skjálfanda	11 000.00
Loðmundarfjarðarbátur	6 000.00
sami, styrkur til vélakaupa	10 000.00
Mjóafjarðarbátur	13 500.00
Eskifjarðarbátur	18 000.00
Berufjarðarbátur	4 000.00
Suðurlandsskip	100 000.00
Mýrabátur í Faxaflóa	2 500.00
Flateyjarbátur, venjulegar ferðir	25 000.00
sami, vikuf. Flatey—Brjánslækur—Kinnarstaðir	30 000.00
Stykkishólmsbátur	85 000.00
Skógarstrandar- og Langeyjanesbátur	11 000.00
Patreksfjarðarbátur	2 000.00
Til bátaferða í A.-Skaftafellssýslu og vöruflutninga til Öræfa	35 000.00
Vestmannaeyja—Stokkseyrarbátur	72 000.00
Rangárssandsbátur	2 000.00
	975 000.00

Alþingi, 4. des. 1950.

Sigurður Bjarnason, form. Nd.-nefndar, frsm.	Eiríkur Einarsson, form. Ed.-nefndar.	Jón Gíslason, fundaskr. Nd.-nefndar.
Karl Kristjánsson, fundaskr. Ed.-nefndar.	Stefán Stefánsson.	Lúðvík Jósefsson.
Ásgeir Bjarnason.	Vilhjálmur Hjálmarsson.	Ingólfur Flygenring.

Fylgiskjal.

SKIPAÚTGERÐ RÍKISINS

Reykjavík, 10. nóvember 1950.

Háttvirt samvinnunefnd samgöngumála Alþingis hefur óskað eftir, að ég gerði yfirlit yfir rekstur flóabátanna á þessu ári á svipaðan hátt og gert hefur verið und-

anfarin ár og einnig tillögur um styrk til bátanna á næsta ári miðað við, að þeir verði reknir með svipuðu fyrirkomulagi og verið hefur. Vil ég reyna að verða við þessum óskum nefndarinnar með eftirfarandi:

Djúpbáturinn:

H.f. Djúpbáturinn á Ísafirði hefur eins og að undanförnu annazt ferðir um Djúpið og nágrennið með m.b. Fagranesi. Báturinn hefur siglt eftir fastri áætlun, og hefur ferðum venjulegast verið hagað þannig, að farið er frá Ísafirði í Djúpið alla þriðjudaga og föstudaga, til Jökulfjarða og Aðalvíkur alla fimmtudaga og yfir sumarmánuðina til Arngerðareyrar alla laugardaga og miðvikudaga í sambandi við bifreiðaferðir til Suðurlands. Síðast í september byrjuðu svo ferðir til Flateyrar, og voru þær farnar alla miðvikudaga og sunnudaga, og féll þá miðvikudagsferðin til Arngerðareyrar niður. Þegar svo bílferðir til Suðurlandsins teppast, leggst laugardagsferðin til Arngerðareyrar niður, en vesturferðin þá farin á laugardögum í staðinn fyrir á sunnudögum. Rekstur bátsins hefur gengið fremur illa, eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, en rekstursreikningur er ekki ennþá kominn, og er vafasamt, að báturinn geti haldið uppi ferðum með sama fyrirkomulagi á næsta ári fyrir sama styrk.

Húnaflóa- og Strandabátur:

Ferðir þessa báts eru um vestanverðan Húnaflóa og Strandahafnir, og hefur Sigurður Pétursson útgerðarmaður í Djúpavík annazt þær með bát sínum Hörpu (29 lestir). Farin var ein áætlunarferð í viku milli Ingólfsfjarðar og Hvammstanga með viðkomu á öllum milliliggjandi stöðum í báðum leiðum, en frá 1. ágúst til 15. september voru áætlunarferðirnar 2 á viku. Alls voru farnar 23 áætlunarferðir, og hafði báturinn alls 382 viðkomur í þeim. Verkefni þessa báts er mjög lítið, sem stafar mikið af því, að síldaraflinn hefur brugðizt, eins og kunnugt er, og því mjög lítið að gera við flutninga til og frá verksmiðjunum á Djúpavík og Ingólfsfirði, en fjárflutningar í haust hafa gefið bátnum nokkrar tekjur, og hefur því útkoma á rekstri hans orðið skárri en vænta mátti.

Norðurlandsbátur:

Bátur þessi gengur um Eyjafjörð til Siglufjarðar og Grímseyjar að sumrinu og að vetrinum einnig um Skagafjörð. Hefur hr. útgerðarmaður Steindór Jónsson haft þessar ferðir á hendi með bát sínum Drang (74 lestir). Er ferðunum í stórum dráttum hagað þannig yfir vetrarmánuðina, að farnar eru 2 ferðir í viku frá Akureyri til Sauðárkróks, með viðkomu á höfnum í Eyjafirði og Skagafirði í báðum leiðum. Meðan Siglufjarðarskarð er fært bifreiðum, er Skagafjarðarferðunum sleppt, en fjölgað aftur ferðum um Eyjafjörð til Siglufjarðar og Grímseyjar. Rekstursreikningur bátsins er ekki kominn enn, en þó má ætla, að reksturinn hafi gengið allsæmilega, og lagt mun verða í það að reka bátinn með svipuðu fyrirkomulagi á næsta ári fyrir sama styrk.

Hríseyjarbátur:

Bátur þessi gengur milli Hríseyjar og lands í sambandi við bifreiðaferðir til og frá Akureyri. Eru farnar venjulega 2 ferðir í viku og aukaferðir eftir þörfum. Hefur báturinn í þessum ferðum það sem af er árinu flutt um 900 farþega og auk þess póst. Oddvitinn í Hrísey hefur umsjá með ferðunum.

Flateyjarbátur á Skjálfanda.

Bátur þessi gengur milli Flateyjar á Skjálfanda og Húsavíkur. Er venjulega farin ein ferð í viku og stundum oftar, ef þurfa þykir. Hefur oddviti Flateyjarhrepps umsjá með því, að ferðir þessar komi að sem beztum notum fyrir Flateyinga.

Loðmundarfjarðarbátur.

Bátur þessi gengur milli Seyðisfjarðar og Loðmundarfjarðar. Kaupfélag Austfjarða á Seyðisfirði hefur tekið að sér umsjá með ferðum þessum. Eru venjulega farnar ein til tvær ferðir hálfsmánaðarlega, eftir því sem þurfa þykir.

Haustið 1949 tókst svo illa til, að bátur þessi eyðilagðist algerlega í aukaferð til Loðmundarfjarðar, og réðst eigandi hans í að kaupa nýjan bát, og var þá sótt um 10 þús. kr. styrk til vélakaupa í þann bát, en beiðnin kom of seint til þess að hún væri tekin fyrir á síðasta Alþingi og verður því tekin aftur upp nú í þetta skipti.

Mjóafjarðarbátur:

Bátur þessi gengur milli Mjóafjarðar og Neskaupstaðar og fer einnig nokkrar ferðir til Seyðisfjarðar. Hreppsnefnd Mjóafjarðarhrepps hefur umsjá með, að ferðirnar komi að sem mestum notum fyrir Mjófirðinga. Rekstursreikningur fyrir bátinn er ekki kominn, en samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, mun rekstur hafa gengið sæmilega vel.

Eskifjarðarbátur:

Ferðir þessar eru milli Búðareyrar og Eskifjarðar annars vegar og Hafraness hins vegar. Eru þær aðallega til þess að koma Fáskrúðsfirði í bifreiðasamband við Austur- og Norðurland, og er ferðum bátsins hagað eftir áætlunarferðum bifreiða til og frá Austurlandi. Garðar Jónsson útgerðarmaður á Reyðarfirði hefur haft ferðir þessar á hendi eins og undanfarin ár með bát sínum Heklu (10 lestir), og er ekki annað vitað en að rekstur þessa báts hafi gengið fremur vel.

Berufjarðarbátur:

Bátur þessi heldur uppi ferðum frá Djúpavogi að Stakk á Berufjarðarströnd í sambandi við bifreiðaferðir við Austfirði, og er ekki annað vitað en ferðir þessar hafi gengið eins og til stóð.

Mýrabátur í Faxaflóa.

Enginn sérstakur bátur er í þessum ferðum, heldur hafa bændur á staðnum, sem hafa trillubát, séð um þær og styrknum skipt á milli þeirra.

Flateyjarbátur á Breiðafirði:

Ferðir þessa báts eru um norðanverðan Breiðafjörð, og hefur h.f. Norðri í Flatey annazt þær eins og að undanförnu með bátnum Konráð. Var siglt eftir fastri áætlun og ferðum hagað eins og á undanförnum árum, enn fremur farnar aukaferðir, þegar þurfa þótti. Rekstur þessa báts hefur gengið í betra lagi, þannig að segja má, að það hafi nokkurn veginn staðizt á tekjur og gjöld.

Stykkishólmsbátur:

Ferðir þessa báts eru um sunnanverðan Breiðafjörð, og hefur kaupfélagið í Stykkishólmi séð um þær eins og undanfarin ár með m.b. Baldri (38 lestir). Báturinn hefur siglt eftir fastri áætlun, og hefur ferðunum verið hagað eins og undanfarin ár. Rekstursreikningur er enn ekki kominn fyrir bátinn, en samkvæmt þeim upplýsingum, sem fengizt hafa, hefur reksturinn gengið allsæmilega.

Skógarstrandar- og Langeyjanesbátur:

Oddur Valentínusson hafnsögumaður í Stykkishólmi hefur haft þessar ferðir á hendi, og eru þær farnar eftir föstum áætlunum og aukaferðir þess á milli. Skýrslur eru ennþá ekki komnar yfir reksturinn, en upplýsingar hafa fengizt um, að hann muni hafa gengið eins og til stóð.

Patreksfjarðarbátur:

Bátur þessi gengur milli Vatneyrar og Örlygshafnar og Hvalskers, og er styrkurinn ætlaður til að létta undir með mjólkurflutningi bænda á þessari leið. Oddviti Patreksfjarðarhrepps hefur séð um, að styrkurinn komi að tilætluðum notum.

Stokkseyrar—Vestmannaeyjabátur:

Ferðir þessa báts eru milli Vestmannaeyja og Stokkseyrar. Eru þær aðallega farnar vegna fólksflutninga yfir sumarmánuðina. Hefur m.b. Gísli Johnsen verið í ferðum þessum. Farnar voru 45 ferðir og fluttir ca. 860 farþegar, auk þess nokkuð af varningi og lifandi skepnum. Rekstur báts þessa hefur gengið í betra lagi, þannig að segja má, að hann hafi nokkurn veginn fyrir afskriftum.

Rangársandsbátur:

Enginn bátur hefur verið í ferðum þessum um margra ára bil, heldur hefur styrkurinn verið notaður til að létta undir flutningum með bændum milli Rangársands og Vestmannaeyja, og hefur sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu séð um úthlutun styrksins.

Eins og sjá má af þessu stutta yfirliti, hefur rekstur flóabátanna á þessu ári gengið yfirleitt í betra lagi, enda hefur verið reynt að mæta auknum kostnaði vegna gengislækkunarinnar með því að hækka far- og farmgjöld tilsvarandi. Þó hefur ekki alls staðar verið hægt að koma þeirri hækkun við vegna samkeppni frá bílum og alls konar inngripabátum, og hef ég oft áður leyft mér að gera háttvirtri nefnd grein fyrir því máli, og leyfi ég mér að vísa til þess.

Virðingarfyllst.

Skipaútgerð ríkisins.

Pálmi Loftsson.

Til samvinnunefndar samgöngumála Alþingis.

Nd. 282. Breytingartillaga [107. mál]

við frv. til l. um breyt. á bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941.

Frá landbúnaðarnefnd.

Á undan 1. gr. kemur ný gr., svo hljóðandi:
Fyrir orðin „18 ára“ í 2. mgr. 20. gr. laganna kemur: 17 ára.

Ed. 283. Frumvarp til laga [52. mál]

um breyting á lögum nr. 34 29. apríl 1946, um fræðslu barna.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

1. málsgr. 13. gr. laganna orðist svo:
Ríkissjóður greiðir allt að helmingi stofnkostnaðar heimangönguskóla, en þrjá fjórðu hluta stofnkostnaðar heimavistarskóla og skólastjórabústaða í heimangöngu-

skólum. Hlutaðeigandi sveitarfélög greiða hinn hlutann. Séu tveir eða fleiri hreppar eða hluti úr hreppi um sama skóla, greiða þeir stofnkostnaðinn í hlutfalli við samanlagðan tekju- og eignarskatt íbúanna eftir meðaltali fimm síðustu ára. Ríkisframlagið er bundið því skilyrði, að fræðslumálastjórnin hafi samþykkt uppdrætti, áður en hafizt er handa um byggingu, að skólalóðin sé eign skólahverfisins, eða afnotarétturinn tryggður með óuppsegjanlegum leigusamningi, og að fé sé veitt til skólabygginga í fjárlögum, enda hafi fræðslumálastjórnin ákveðið framlag til viðkomandi skólabyggingar af því fé.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 284. Frumvarp til laga [53. mál]

um breyting á lögum nr. 49 7. maí 1946, um húsmæðrafræðslu.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ríkisframlagið er bundið því skilyrði, að fræðslumálastjórnin hafi samþykkt uppdrætti, áður en hafizt er handa um byggingu, að skólanum hafi verið lagt til ókeypis nægilegt land til starfsemi hans að dómi fræðslumálastjórnarinnar og að fé sé veitt til skólabygginga í fjárlögum, enda hafi fræðslumálastjórnin ákveðið framlag til viðkomandi skólabyggingar af því fé.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 285. Frumvarp til laga [54. mál]

um breyting á lögum nr. 48. 7. maí 1946, um gagnfræðanám.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Við 53. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ríkisframlagið er bundið því skilyrði, að fræðslumálastjórnin hafi samþykkt uppdrætti, áður en hafizt er handa um byggingu, að skólalóðin sé eign viðkomandi skólahverfis eða skólahverfa, eða afnotarétturinn tryggður með óuppsegjanlegum leigusamningi, og að fé sé veitt til skólabygginga í fjárlögum, enda hafi fræðslumálastjórnin ákveðið framlag til viðkomandi skólabygginga af því fé.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **286. Frumvarp til laga** [128. mál]

um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h/f.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

I. KAFLI
Um stofnun Iðnaðarbanka Íslands h/f.

1. gr.

Stofna skal hlutafélag, er heiti Iðnaðarbanki Íslands h/f. — Hlutverk félagsins skal vera að starfrækja banka, er sérstaklega hafi að markmiði að styðja verksmiðjuiðnað og handiðn í landinu.

2. gr.

Heimili og varnarþing félagsins skal vera í Reykjavík. Félagsstjórninni skal þó vera heimilt að ákveða, að bankinn hafi umboðsskrifstofu og útibú utan Reykjavíkur.

3. gr.

Hlutafé félagsins skal nema allt að 6 milljónum króna. Ríkissjóður skal leggja fram allt að 2½ milljón króna. Félag íslenzkra iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna skal safna og leggja til hvort um sig 1½ milljón kr. hlutafjár, en ½ milljónar kr. skal aflað með hlutafjársöfnun innanlands samkvæmt opinberu útboði, þegar stjórn hlutafélagsins ákveður að fengnu samþykki fjármálaráðherra. Fé það, er ríkissjóður leggur fram samkvæmt grein þessari, er ríkisstjórninni heimilt að taka að láni.

4. gr.

Á hluthafafundi félagsins skulu engar takmarkanir vera á atkvæðisrétti að því er hlutafé ríkissjóðs snertir.

II. KAFLI
Um stjórn hlutafélagsins.

5. gr.

Stjórn félagsins skal kosin með hlutfallskosningum á árlegum aðalfundi. Skal hún skipuð 5 aðalmönnum og 5 mönnum til vara, er kosnir skulu á sama hátt.

6. gr.

Stjórnin ræður bankastjóra, ákveður laun hans og setur honum erindisbréf.

7. gr.

Á fyrsta aðalfundi félagsins skal setja því samþykktir. Þá skal og setja reglugerð um starfsemi bankans. Samþykktir félagsins og reglugerð bankans skulu liggja undir samþykki iðnaðarmálaráðherra. Í samþykktum og reglugerð má setja nánari ákvæði um félagið og um bankann, og skulu þar á meðal vera ákvæði um endurskoðun á reikningum bankans.

III. KAFLI
Starfshættir bankans.

8. gr.

Bankanum skal heimilt að taka við peningum sem innlán eða með sparisjóðskjörum eða á hlaupareikning, að kaupa og selja víxla og ávísanir, að veita lán gegn tryggingum og að annast öll önnur venjuleg bankastörf.

9. gr.

Bankinn skal eiga a. m. k. sem svarar 10% af innlánsfé með sparisjóðskjörum í tryggum og auðseldum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum, verðbréfum Landsbanka Íslands, Búnaðarbanka Íslands og öðrum jafntryggum verðbréfum. Verðbréfaeign þessa skal hækka upp í allt að 20%, ef fjármálaráðherra, að fengnum tillögum fulltrúaráðs bankans, telur þess þörf.

10. gr.

Hlutafélagið skal njóta sömu sérréttinda og Landsbankanum eru veitt í 50., 52. og 55.—58. grein laga nr. 10 15. apríl 1928.

IV. KAFLI
Um iðnlánasjóð.

11. gr.

Iðnaðarmálaráðherra gerir samning við Iðnaðarbanka Íslands h/f um það, að bankinn taki að sér stjórn og starfrækslu Iðnlánasjóðs Íslands, þannig að sjóðurinn verði sérstök deild í bankanum með aðskildum fjárhag og sérstakri bókfærslu, og fari að öðru leyti um sjóðinn eftir þeim reglum, er um hann eru settar í lögum þeim og reglugerðum, er um hann gilda.

12. gr.

Bankanum er heimilt að starfrækja fleiri deildir innan bankans, sem vinna að því markmiði, sem um er rætt í 1. grein.

Greinargerð.

Landssamband iðnaðarmanna og félag íslenzkra iðnrekenda hafa farið þess á leit við iðnaðarnefnd, að hún flytji frv. um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h/f. Frv. er samið af fulltrúum þessara samtaka. Iðnþingið, sem háð var í haust, fjallaði um málið og óskaði eindregið eftir lögfesting frv.

Iðnaðarnefnd gat ekki orðið sammála um flutning málsins. Meiri hl. (Emil Jónsson, Gunnar Thoroddsen og Sigurður Guðnason) telur rétt að verða við tilmælum iðnaðarmanna og iðnrekenda og flytur frv. í þeirri mynd, sem það barst í hendur iðnaðarnefndar. Einstakir nefndarmenn meiri hl. áskilja sér rétt til að flytja og fylgja brtt. Minni hl. n. (Bjarni Ásgeirsson oð Skúli Guðmundsson) vildi ekki taka þátt í flutningi frv. og taldi eðlilegra, að fram væri borin þáltill um málið.

Frv. fylgdi svofelld greinargerð frá höfundum þess:

Reykjavík, 4. apríl 1949.

„Frumvarp þetta er þannig til orðið, að á s. l. sumri skrifaði iðnaðarmálaráðherra bréf til Landssambands iðnaðarmanna, með beiðni um, að sambandið semdi frumvarp til laga um iðnaðarbanka. Sambandsstjórnin lagði mál þetta síðan fyrir iðnþing Íslendinga, sem háð var í Reykjavík síðastliðið haust. Iðnþingið samþykkti að bjóða Fél. ísl. iðnrekenda að tilnefna tvo fulltrúa, er ásamt tveimur fulltrúum frá Landssambandi iðnaðarmanna skyldu semja frumvarp til laga um iðnaðarbanka. Fél. ísl. iðnrekenda varð vel við þessum tilmælum. Nefndin varð endanlega þannig skipuð, að Sveinbjörn Jónsson byggingarmeistari og Þorsteinn Sigurðsson húsgagnasmíðameistari áttu sæti þar fyrir hönd Landssambands iðnaðarmanna, en H. J. Hólmjárn efnafræðingur og Páll S. Pálsson lögfr. fyrir hönd F. Í. I.

Nefndin hefur haldið allmarga fundi og orðið sammála um frumvarp það, sem liggur fyrir.

Nefndin telur rétt og skylt, áður en gerð er grein fyrir hverjum lið frumvarpsins, að drepa nokkrum orðum á lánsfjárþörf iðnaðarins.

Allt fram um síðustu aldamót var landbúnaðurinn langstærsti atvinnuvegur landsmanna. Á fyrstu áratugum tuttugustu aldarinnar hófst sjávarútvegurinn til vegs og virðingar, sem vera bar. Þriðji aðalatvinnuvegur þjóðarinnar, iðnaðurinn, er naumast til fyrr en eftir árið 1930, nema sem handverk. Verksmiðjuiðnaður fer ekki að blómgast hér á landi fyrr en eftir þann tíma.

Árið 1940 er svo komið atvinnuskiptingu landsmanna, að 30.6% höfðu beint lífsframfæri af landbúnaði, 21.3% af iðnaði og 15.9% af sjávarútvegi. Fullyrða má, að síðan hefur þróunin gengið í þá átt, að þeim hefur fækkað hlutfallslega, sem stunda landbúnaðarstörf, en iðnaðarmönnum og iðnverkafólki hefur fjölgað.

Allmikið misræmi hefur ríkt um lánsfjárafstöðu atvinnurekenda, eftir því hvaða atvinnugrein þeir stunda.

Með stofnun Búnaðarbankans, sem nú hefur starfað í meira en tuttugu ár, var bændum á margvíslegan hátt tryggður aðgangur til hagkvæmra lána til íbúðar- og gripahúsabygginga, til jarðræktar, til stofnunar nýbýla o. fl. o. fl.

Lög um stofnun Útvegsbanka Íslands h/f eru nú 19 ára gömul. Það er athyglisvert, að í fyrstu grein þeirra laga segir, að bankinn skuli sérstaklega styðja sjávarútveg, iðnað og verzlun landsmanna. Bankinn átti upphaflega að heita Sjávarútvegsbanki Íslands. Einhverjir þingmenn voru óánægðir með þetta og vildu láta bankann heita Verzlunar- og útvegsbanka Íslands.

Það kom hvergi fram í greinargerð þessa lagafrumvarps eða í umræðunum um það á þingi, að bankanum skyldi ætlað það hlutverk að styðja iðnaðinn í landinu, þó að þessi skrautfjöður stæði í frumvarpinu. Reyndin hefur líka orðið sú, að iðnaðurinn á engan aðgang að Útvegsbankanum fram yfir aðra banka. Þegar vel árar, njóta iðnaðarmenn og iðnaðarfyrirtæki lánsviðskipta hjá öllum bönkum með venjulegum láns- og vaxtakjörum, en þegar að þrengir og bankarnir draga úr útlánastarfsemi, þá telja lánsstofnanirnar það vera fyrir utan sitt verksvið að greiða sérstaklega úr lánsfjárþörf iðnaðarins, vegna þess að sérstakur iðnaðarbanki er ekki til.

Iðnaðarfyrirtækin vantar sérstaklega tryggingu fyrir því, að einhver viss lánsfjárstofnun fullnægi lánsfjárþörf þeirra, þegar erfitt er að fá lán og þeim er mest þörf á lánum til þess að reksturinn stöðvist ekki.

Á það skal bent, að iðnfyrirtækin þurfa á miklu handbæru fé að halda til þess að þau geti keypt hráefni með nægilegum fyrirvara. Nægar efnisbirgðir verða ávallt að vera fyrir hendi, svo að ekki komi til rekstrarstöðvunar af þeim sökum. Það getur tekið nokkra mánuði að vinna úr aðkeyptum efnum, gera þau aftur að markaðshæfri vöru og koma þeirri vöru til kaupenda. Á þann hátt liggur ávallt mikið fé bundið í fyrirfram greiddum og óseldum vörum, sem veldur því, að iðnfyrirtækin þurfa að hafa greiðan aðgang til rekstrarlánsfjár.

Lagasetning síðari ára og viðskiptareglur bankanna um efniskaup hafa stórum aukið rekstrarfjárþörf iðnfyrirtækja. Þriðji hluti efnis þarf að greiðast fyrirfram við pöntun, en efnisvaran kemur til landsins mörgum mánuðum og jafnvel ári síðar, og fé liggur bundið á meðan.

Háir tollar verða að greiðast við komu efnisvaranna, en þær eru marga mánuði að komast í söluhæfa framleiðsluvöru. Vegna viðskiptahaftanna verður að haga innkaupum þannig, að vörusendingar verði stærri og færri en verið hefur.

Þá er og vitað, að geysimikið fjármagn er bundið í verksmiðjum og iðnaðarvélum á landi hér, svo að auðsætt er, að stofnlánaþörf iðnaðarins er mjög mikil. Samkvæmt skýrslu fjárhagsráðs um rannsókn á iðnaðinum í landinu er talið, að fjármagn, bundið í framleiðslutækjum iðnaðarins, hafi 1. okt. 1947 eigi verið undir 300 milljónum króna, miðað við bókfært verð.

Svo er til ætlazt samkvæmt þessu frumvarpi, að iðnaðarmenn leggi sjálfir fram verulegan hluta af stofnfé bankans. Framlag ríkissjóðs verður af þeim ástæðum allmiklu minna en ella, og virðist ekki vera tilfinnanlegt, sé það t. d. borið saman við árlegt framlag til Búnaðarbankans.

Að vísu hefur fyrirhugaður iðnaðarbanki ófullnægjandi fjármagni yfir að ráða,

þó að stofnfé sé að fullu greitt. En þó að svo sé, er enginn vafi á því, að bankinn mun veita iðnaðinum ómetanlegan stuðning.

Um frumvarpið sjálft er það að segja, að það er að nokkru leyti samið með hliðsjón af lögum Útvegsbanka Íslands h/f, en er þeim þó á ýmsan hátt frábrugðið. Frumvarpið er mjög stutt, með tilliti til þess, að hægt sé að ákveða einstök fyrirkomulagsatriði í reglugerð bankans, en það auðveldar göngu frumvarpsins gegnum hreinsunareld Alþingis, að það sé ekki margort og flókið.

Frumvarpið nefnist frumvarp um Iðnaðarbanka Íslands h/f. Er nafnið Iðnaðarbanki valið fremur en Iðnbanki, vegna þess að bankanum er ætlað að starfa fyrir handiðn og verksmiðjuiðnað.

Um frumvarpið er þetta að segja:

Um 1. gr.

Heppilegt þótti að velja hlutafélagsformið fyrir bankann, þar sem svo er til ætlazt, að stofnfé sé lagt fram af mörgum aðilum, ríkissjóði, félagssamtökum og einstaklingum. Bankanum er sérstaklega ætlað að styrkja iðnaðinn í landinu. Verður að leggja áherzlu á, að þó að bankinn fari inn á þær brautir að annast almenn viðskipti, þá verði starfsemi hans hagað í samræmi við þennan sérstaka tilgang.

Um 2. gr.

Ekki er líklegt, að til þess komi í bráð, að bankinn þurfi að setja upp útibú utan Reykjavíkur, en þó getur svo farið, þegar honum vex fiskur um hrygg, og þess vegna þykir rétt, að félagsstjórnin hafi þær leiðir opnar, án þess að breyta þurfi lögum þessum.

Um 3. gr.

Ætlazt er til, að ríkissjóður leggi fram 2½ milljón, landssamtök iðnaðarins 3 millj. og hálfrar millj. sé aflað með almennu útboði.

Framlag iðnaðarsamtakanna er skyldubundið, þannig að samtökin verða að leggja fram tilskilið fé, en hins vegar er þetta ekki tímabundið, þannig að hægt er að stofna bankann, þegar kominn er verulegur hluti af framlaginu. Framlag félagssamtakanna er ekki bundið við það, að fé sé tekið einvörðungu úr sjóði þeirra, heldur miklu fremur hugsað á þá lund, að samtökin safni fé þessu hjá áhugasömum iðnaðarmönnum. Þó er þetta algerlega sett í sjálfsvald samtakanna.

Um 4. gr.

Vegna ákvæða hlutafélagalaganna um takmörkun á atkvæðisrétti í ⅕ atkvæðamagns hjá hverjum hluthafa, þótti rétt að taka fram í lögum þessum, að atkvæði ríkissjóðs skyldi eigi háð þeim takmörkunum.

Um 5. gr.

Nú mun starfa svonefnt bankaráð við hvern hinna þriggja banka, sem starfandi eru í Reykjavík. Þar sem hér er um hlutafélag að ræða, þykir eðlilegt, að félagsstjórnin sjálf annist stjórn bankans, að svo miklu leyti sem stjórn hans er ekki í höndum bankastjóra. Sanngjarnt er, að þeim þremur aðilum, sem mest leggja fram, ríkisstjórninni, F. Í. I. og Landssambandi iðnaðarmanna, verði hverjum fyrir sig tryggður fulltrúi í félagsstjórninni, en vegna fyrirmæla hlutafélagalaganna verður það ekki gert á annan veg en með sérstöku lagaákvæði, svo sem hér er lagt til. Til þess að hlutur þessara þriggja aðila skerði ekki rétt annarra hluthafa til útnefningar tveggja stjórnarmanna, þá fer hver hluthafi með eitt atkvæði við kosningar, án tillits til hlutafjáreignar.

Um 6.—7. gr.

Þurfa ekki skýringar við.

Um 8. gr.

Hér er gert ráð fyrir almennum bankaviðskiptum, sem sjálfsagt er. Rétt þykir, til trausts og tryggingar fyrir viðskiptamenn bankans, að ríkissjóður ábyrgist innstæður. Það virðist ekki vera áhættusamt fyrir ríkissjóð, þegar þess er gætt, hve framlagt hlutafé iðnaðarmanna sjálfra er mikið, en það yrði eigendum þess að sjálfsögðu tapað fé, áður en til þess kæmi, að ábyrgðin félli á ríkissjóð.

Um 9. gr.

Þarf ekki skýringar við.

Um 10. gr.

Það er bæði til hagræðis fyrir bankann sjálfan og þá, sem við hann skipta, að bankinn öðlist þau réttindi, sem Landsbankanum eru veitt í lögum nr. 10 1928, 50. gr. (glötun viðtökuskírteinis), 51. gr. (ávöxtun á fé ófullráðra manna og almannastofnana. Geymslufé), 52. gr. (innistæður undanþegnar kyrrsetningu), 54. gr. (kauplaust veðbókarvottorð), 55. gr. (samningur um að ákvæði tilskipunar 18. febr. 1847, 10. gr., sé tekið upp í veðskuldabréf), 56. gr. (að bankinn missi ekki kröfu, sem glatast fyrir óhapp), 57. gr. (uppboð á handveði), 58. gr. (undanþága skatta og stimpilgjalds), 59. gr. (bann við sölu fasteigna á nauðungaruppboði, nema áður sé rannsakað, hvort eignin sé veðsett bankanum).

Um 11. gr.

Ætlunin er, að Iðnlánasjóðurinn verð sérstök deild við bankann, með svipuðum hætti og Fiskveiðasjóður við Útvegsbankann. Iðnlánasjóður hefur starfað um 9 ára skeið, ófullnægjandi að vöxtum og getu, en hefur þó sýnt það, hve þörf iðnaðarins fyrir lánsfé er mikil, því sjóðurinn hefur verið alls ófær um að lána stærri iðnaðarfyrirtækjum, en hins vegar hefur hann rétt ýmsum handverksmönnum og smærri iðnaðarfyrirtækjum hjálparhönd til stofnlána.

Þörfin fyrir bankann er sérstaklega brýn, vegna þess að Iðnlánasjóður hefur lítið reynzt aflögufær um rekstrarlán, en samkvæmt 3. gr. laga um iðnlánasjóð, er honum fyrst og fremst ætlað að annast stofnlán.

Vegna þess að sjóðurinn hefur fengið fast form sem lánsfjárstofnun, þá leggjum vér til, að hann haldi áfram að starfa, en sem sérstök deild innan bankans.

Um 12. gr.

Þarf ekki skýringar við.“

Sþ. 287. Fyrirspurn [129. mál]

til ríkisstjórnarinnar um störf Grænlandsnefndar.

Frá Pétri Ottesen.

Hvað líður rannsókn þeirri, er ríkisstjórnin ákvað að láta fram fara um réttindi Íslendinga til yfirráða á Grænlandi?

Ed. 288. Breytingartillögur [52. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 34 29. apríl 1946, um fræðslu barna.

Frá Gísla Jónssyni og Karli Kristjánssyni.

Við 1. gr.

1. Við 1. meginmálslið greinarinnar bætist: þegar fé er veitt til þess í fjárlögum.
2. Síðasti málsl. greinarinnar orðist svo: Ríkisstyrkurinn er bundinn því skilyrði, að fræðslumálastjórnin hafi samþykkt uppdrætti, áður en hafizt er handa um byggingu, og að skólalóðin sé eign viðkomandi skólahverfa, eða afnotaréttur-inn tryggður með óuppsegjanlegum leigusamningum.

Ed. 289. Breytingartillaga [53. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 49 7. maí 1946, um húsmæðrafræðslu.

Frá Gísla Jónssyni og Karli Kristjánssyni.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

a) Aftan við 1. málsl. 7. gr. laganna bætist: þegar fé er veitt til þess í fjárlögum.
b) Aftan við 1. málsgr. sömu lagagr. bætist: Ríkisstyrkurinn er bundinn því skilyrði, að fræðslumálastjórnin hafi samþykkt uppdrætti, áður en hafizt er handa um byggingu, og að skólalóðin sé eign viðkomandi skólahverfa, eða afnotaréttur-inn tryggður með óuppsegjanlegum leigusamningum.

Ed. 290. Breytingartillaga [54. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 7. maí 1946, um gagnfræðanám.

Frá Gísla Jónssyni og Karli Kristjánssyni.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

a) Aftan við 1. málsl. 53. gr. laganna bætist: þegar fé er veitt til þess í fjárlögum.
b) Aftan við 1. málsgr. sömu lagagr. bætist: Ríkisstyrkurinn er bundinn því skilyrði, að fræðslumálastjórnin hafi samþykkt uppdrætti, áður en hafizt er handa um byggingu, og að skólalóðin sé eign viðkomandi skólahverfa, eða afnotaréttur-inn tryggður með óuppsegjanlegum leigusamningum.

Sþ. 291. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1951 og við brtt. á þskj. 252.

I. Frá *Áka Jakobssyni.*
Við 12. gr. X. Nýr liður:
Til byggingar sjúkrahúss á Siglufirði 200 000

II. Frá *Ásgeiri Bjarnasyni.*
Við brtt. 252, 12. 20. (Við 13. gr. A. II. a. — Skógarstrandarvegur í Snæfellsnessýslu).
Aftan við liðinn bætist: Unnið verði fyrir framlagið á innanverðri Skógarströnd og utanverðum Hörðudal.

III. Frá *Áka Jakobssyni.*
Við brtt. 252, 15. a. 22. (Við 13. gr. C. VIII. — Siglufjörður).
Fyrir „100 000“ kemur 220 000

Nd. 292. Breytingartillögur [26. mál]

við frv. til l. um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

Frá Jóhanni Hafstein.

1. Við 3. gr. Aftan við síðustu mgr. bætist: og hver beri ábyrgð á gæzlu hennar gagnvart öryggiseftirlitinu.
2. Við 5. gr. Aftan við greinina bætist 2 nýjar mgr., svo hljóðandi:
   Á vinnustöðum, þar sem aflvélar eru eða önnur vélknúin tæki notuð við reksturinn, skal að jafnaði vera starfandi maður eða menn, er hafa þekkingu á vélum þeim og tækjum, sem á vinnustöðum eru.
   Í fiskiðjuverum, frystihúsum og rafstöðvum skulu eingöngu vera við vélgæzlu menn, sem hafa öðlazt vélstjóraréttindi, og skulu þeir sjá um, að allur öryggisútbúnaður sé í lagi, í nánu samráði við öryggiseftirlitið. Þó skulu þeir menn, sem nú eru í þessum störfum, en hafa þó ekki tilskilin vélstjóraréttindi, eigi missa rétt til starfans við setningu þessara laga.
3. Við 6. gr.
   a. Í stað niðurlags 2. mgr. „og skulu þeir lagfæra .... ef unnt er“ komi: og skulu strax tilkynna yfirmanni sínum, ef þeir verða varir við, að verkfæri, áhöld eða annar útbúnaður gengur úr lagi.
   b. Í stað orðanna „ber honum að tilkynna“ í 3 mgr. komi: ber honum eða trúnaðarmanni að tilkynna.
4. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
   Sérhver sá, sem ætlar að reisa eða reka verksmiðju eða verkstæði eða breyta eldra fyrirtæki, skal tilkynna það öryggiseftirlitinu.
   Hver sá, sem tekur að sér byggingu verksmiðja, verkstæða eða annars þess háttar, uppsetningu véla eða vélbúnaðar, hverju nafni sem nefnist, skal vera ábyrgur gagnvart öryggiseftirlitinu um, að allur öryggisútbúnaður sé samkvæmt þessum lögum.
   Óheimilt er að hefja rekstur í nýrri verksmiðju eða verkstæði fyrr en eftirlitsmaður hefur gefið viðkomandi skoðunarvottorð um, að allur útbúnaður sé í fullu lagi.
5. Við 12. gr. Við 5. tölulið bætist: Vinni verkamaður í eimkötlum, lýsis- eða olíugeymum, skal þess jafnan gætt, að rafljósaútbúnaður geti hvorki myndað neista né valdið rafmagnshöggi.
6. Við 19. gr. 5. mgr. falli niður.
7. Við 32. gr. Í stað orðanna „skulu ekki hafa“ komi: skulu að jafnaði ekki hafa.

Nd. 293. Breytingartillögur [26. mál]

við frv. til l. um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

Frá Jóhanni Hafstein.

1. Við 1. gr. Fyrir „starfrækslu“ í 1. mgr. kemur: starfsemi.
2. Við 2. gr.
   a. Fyrir „starfrækt“ í 3. mgr. kemur: rekið.
   b. Fyrir „starfrækslunni‘ í síðustu mgr. kemur: rekstrinum.

3. Við 3. gr. Fyrir „starfrækslu“ og „starfræksluna“ í 1. mgr. kemur: starfsemi og starfsemina.
4. Við 4. gr. Fyrir orðin „hvort lög þessi nái til starfrækslu“ kemur: hvort tiltekin starfsemi sé háð ákvæðum laga þessara.
5. Við 12. gr.
   a. Fyrir „starfrækt“ í 1. mgr. kemur: rekin.
   b. Fyrir „Hreingerning“ í 12. tölul. kemur: Ræsting.
   c. Fyrir „starfræksluna“ í 19. tölul. kemur: starfsemina.
6. Við 15. gr. Fyrir „starfrækslu“ á þrem stöðum kemur: starfsemi.
7. Við 38. gr. Fyrir „starfrækslan“ og „starfræksla“ í fyrri mgr. kemur: starfsemin og starfsemi.
8. Við 40. gr. Fyrir „starfræksluna“ á tveim stöðum í síðari mgr. kemur: starfsemina.
9. Við 41. gr. Fyrir „starfrækslunnar“ í síðari mgr. kemur: starfseminnar.
10. Við 48. gr. Fyrir „starfrækslu‘ í síðari mgr. kemur: starfsemi.

Nd. 294. Nefndarálit [23. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 101 30. des. 1943, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 6. des. 1950.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Sig. Ágústsson, fundaskr. Einar Olgeirsson.
Jóhann Hafstein. Ásg. Ásgeirsson.

Nd. 295. Nefndarálit [24. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 102 30. des. 1943, um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 6. des. 1950.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Sig. Ágústsson, fundaskr. Einar Olgeirsson.
Jóhann Hafstein. Ásg. Ásgeirsson.

Sþ. 296. Tillaga til þingsályktunar [130. mál]

um lánsfjárútvegun til iðnaðarins.

Flm. Skúli Guðmundsson, Bjarni Ásgeirsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að taka til rækilegrar athugunar, hvernig auðveldast og hagkvæmast verði bætt úr lánsfjárþörf iðnaðarins. Skal sérstaklega athugað, hvort framkvæmanlegt og heppilegt sé að koma nú þegar á fót sérstakri bankastofnun fyrir iðnaðinn. Þyki ekki tiltækilegt að koma upp slíkri stofnun þegar að lokinni þessari athugun, séu athugaðir möguleikar til fjármagnsútvegunar til aukinna lánveitinga handa iðnaðinum, með starfsemi sérstakra lánadeilda hjá einhverjum af þeim bönkum, sem nú eru starfandi, þar til sérstakur iðnbanki verður stofnaður.

Álit og tillögur um þetta efni verði lagt fyrir næsta Alþingi.

Greinargerð.

Iðnaðarnefnd neðri deildar hefur verið sent uppkast að frumvarpi til laga um stofnun iðnbanka. Flutningsmenn þessarar tillögu, sem báðir eiga sæti í iðnaðarnefnd Nd., viðurkenna fyllilega nauðsyn þess, að bætt verði úr lánsfjárþörf iðnaðarins. En þeir telja því máli betur borgið með því að fela ríkisstjórninni nú þegar athugun og undirbúning málsins milli þinga, heldur en með því að bera fram frv., sem ekki hefur hlotið nægan undirbúning og vitað er um fyrir fram og viðurkennt, að ekki muni fá fullnaðarafgreiðslu á þessu þingi, þannig að málið stæði á sama stigi í byrjun næsta þings, ef ekki væri annað gert en að flytja frv. Þess vegna er tillaga þessi nú fram borin.

Ed. 297. Nefndarálit [38. mál.]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur rætt frv. þetta á nokkrum fundum. Eftir að frv. um sama efni — skattframtöl hjóna, 114. mál. Ed., þskj. 208 — hafði verið vísað til nefndarinnar, ræddi hún það jafnframt. Niðurstaða í nefndinni varð sem hér segir:

Nefndin klofnaði. Meiri hlutinn (BSt, KK og KA) er fylgjandi frv. þessu á þskj. 55. Einn maður úr meiri hl. (KA) kysi þó heldur að fylgja frumvarpinu á þskj. 208 og flytur brtt., sem ganga í þá átt.

Minni hl. (GJ og ÞÞ) er frv. andvígur og skilar sérstöku áliti.

Nánar í framsögu.

Alþingi, 7. des. 1950.

Bernh. Stefánsson, form.	Karl Kristjánsson, frsm.	Kristinn E. Andrésson.

Sþ. 298. Tillaga til þingsályktunar [131. mál]

um viðbúnað vegna ófriðarhættu.

Flm.: Kristín Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að nægar birgðir séu jafnan til í landinu af hjúkrunargögnum, lyfjum og öðrum brýnustu nauðsynjum, vegna yfirvofandi ófriðarhættu.

Alþingi ályktar enn fremur að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því, í samráði við bæjar- og sveitarfélög, að gerðar verði nauðsynlegar ráðstafanir til öryggis borgurunum, ef til styrjaldar dregur.

Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að styrjaldaróttinn grípur nú ört um sig í heiminum, enda full ástæða til að óttast, að styrjöld sú, er nú geisar í Kóreu, kunni þá og þegar að breiðast út og verða að hinni þriðju heimsstyrjöld. Takist svo hörmulega til, þrátt fyrir friðarvilja meginþorra mannkyns, eru líkur til, að land okkar muni sogast inn í þann hildarleik. Verður því að teljast tímabært, að nú þegar séu gerðar allar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til öryggis landsmönnum, svo sem að nægar birgðir séu til af lyfjum og hjúkrunargögnum, svo og nauðsynlegustu matvörum. Enn fremur er þörf á, að athugaðir séu möguleikar á að flytja börn og gamalmenni burt af hættulegustu stöðunum, þangað sem hættan er talin minni.

Ed. 299. Breytingartillaga [38. mál.]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Kristni Andréssyni.

Við 1. gr. Í stað setninganna „og má þá frádráttarbær kostnaður ... vinnur sér inn“ komi: og hjá öðrum en manni sínum eða fyrirtæki, sem hann er meðeigandi að, og er henni þá heimilt að telja fram sérstaklega til skatts þær tekjur, sem hún hefur af þeirri atvinnu.

Þegar gift kona telur sérstaklega fram til skatts, skal frá hreinum tekjum hennar draga 900 kr. áður en skattur er reiknaður, og fellur þá tilsvarandi frádráttarupphæð niður við ákvörðun skatts eiginmanns.

Ed. 300. Frumvarp til laga [132. mál]

um breyting á lögum nr. 49 5. apríl 1948, um breyting á bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Aftan við 2. mgr. 2. gr. laganna komi ný málsgrein svo hljóðandi:

Þrátt fyrir framangreind ákvæði þurfa þeir, sem leyst hafa af hendi fyrir 31. des. 1950, próf, sem heimilar þeim að stýra leigubifreiðum til mannflutninga, og upp-

fylla skilyrði laganna um aldur og óflekkað mannorð, ekki að ganga undir ökukennslupróf, enda hafi þeir fengið löggildingu dómsmálaráðherra til ökukennslu fyrir 1. apríl 1951. Löggilding samkvæmt ákvæðum þessarar málsgreinar skal vera ókeypis, en fyrir framlengingu hennar skal greiða sama gjald og ákveðið verður fyrir framlengingu réttinda þeirra manna, sem ganga undir ökukennarapróf.

2. gr.

Aftan við 3. gr. laganna komi svo hljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir, sem samkvæmt ákvæðum laga þessara eiga rétt á löggildingu til ökukennslu án greiðslu og hafa greitt fyrir löggildingu samkæmt lögum nr. 49 5. apríl 1948 og reglugerð nr. 178, 13. des. 1948, skulu fá leyfisgjaldið endurgreitt, ef þeir krefjast þess fyrir 1. júlí 1951.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 49 5. apríl 1948 var bifreiðalögunum breytt, að því er ökukennsluréttindi varðar. Breytingin hefur ekki að fullu komið til framkvæmda vegna óánægju þeirra starfsstétta, sem hlut eiga að máli.

Með lagafrumvarpi þessu er gert ráð fyrir þeirri breytingu, að þeir, sem fyrir árslok 1950 hafa lokið hinu meira bifreiðastjóraprófi, skuli halda ökukennsluréttindum, sem þeir hafa öðlazt með meiraprófsréttindum sínum fyrir gildistöku laga 49 5. apríl 1948, eða hefðu öðlazt fyrir 31. des. 1950, ef lög nr. 49 5. apríl 1948 hefðu ekki gilt að þessu leyti.

Nd. 301. Nefndarálit [13. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 22 19. marz 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar (EOl).

Meiri hl. nefndarinnar lagðist gegn þessu frv., en ég legg til, að það verði samþykkt.

Það er orðin hin brýnasta þörf á því fyrir allan verkalýð, að vísitalan sé greidd mánaðarlega. Öll þau loforð, sem ríkisstjórnin gaf um stöðvun eða lækkun dýrtíðar, hafa brugðizt. Samkvæmt greinargerð „vísindamannanna“ fyrir gengislækkunarfrumvarpinu átti vísitalan að hækka um 11—13%, en nú þegar er hækkunin orðin 23% og viðbúið, að hún haldi áfram að hækka á næstu mánuðum.

Það ástand, sem verkalýðurinn og flestallir launþegar nú búa við, er því orðið óþolandi, og kastar þó fyrst tólfunum, þegar ríkisstjórnin leiðir atvinnuleysið yfir alþýðu manna í viðbót við þau lélegu launakjör, sem skömmtuð voru með gengislækkunarlögunum.

Öll verkalýðssamtök landsins standa á bak við þá kröfu, sem í þessu frv. felst: að laun hækki eða lækki mánaðarlega í samræmi við hreyfingu vísitölunnar.

Nýafstaðið þing Alþýðusambands Íslands samþykkti einróma mjög eindregna og rökstudda ályktun þess efnis, og fylgir hún hér með sem fylgiskjal. Er auðséð af þeim viðurlögum, er Alþýðusambandið þar heitir, ef ekki verður orðið við þessum réttmætu óskum þess, að ríkisstjórnin er beinlínis að stofna til vinnuófriðar í land-

inu með því að viðhalda hinum ranglátu vísitöluákvæðum gengislækkunarlaganna, eftir að allir útreikningar, sem ríkisstjórnin byggði á, hafa sýnt sig að vera rangir.

Ég legg því eindregið til, að þetta frv. verði samþykkt.

Alþingi, 8. des. 1950.

Einar Olgeirsson.

Fylgiskjal.

Ályktun 22. þings Alþýðusambands Íslands um dýrtíðina og kaupgjaldið.

„Alger stöðvun eða lækkun dýrtíðarinnar var meginkrafa seinasta Alþýðusambandsþings til ríkisvaldsins.

Yrði sú krafa að vettugi virt, fól þingið sambandsstjórn að vernda hagsmuni verkalýðsins með því að beita sér fyrir almennum grunnkaupshækkunum, þannig að raunverulegur kaupmáttur launanna rýrnaði ekki.

Þessi stefna Alþýðusambands Íslands er hin sama í dag.

Á þessu ári greip meiri hluti Alþingis til þess óheillaráðs að lækka stórlega gengi íslenzku krónunnar, þrátt fyrir ítrekuð og öflug mótmæli alþýðusamtakanna.

Nú er reynslan fengin af gengislækkuninni, og hefur hún í einu og öllu staðfest varnaðarorð verkalýðssamtakanna.

Allir hljóta að viðurkenna, að afleiðingar hennar eru stóraukin dýrtíð og dvínandi atvinna.

Vélbátaútvegurinn er að mestu stöðvaður vegna óheyrilegrar verðhækkunar á flestum nauðsynjum hans, svo sem salti, olíu, veiðarfærum, vélum og viðhaldskostnaði — en fiskverðið er óbreytt.

Og fyrir afkomu alþýðuheimilanna eru afleiðingar gengislækkunarinnar tilfinnanlegt áfall — bæði vegna samdráttar atvinnulífsins og gífurlegrar verðhækkunar allra lífsnauðsynja.

Samkvæmt ákvæðum gengislaganna er kaupgjald bundið frá 1. júlí s. l. til næstu áramóta, og hefur dýrtíðin aldrei vaxið örar en á þessu tímabili. Þannig hefur ríkisstjórnin brugðizt þeirri siðferðislegu skyldu, er á hana féll með kaupbindingunni, að stöðva þá verðhækkanir á sama tíma Nú er allt útlit fyrir, að kaup fáist jafnvel ekki leiðrétt til samræmis við vísitölu um næstu áramót, og verður það þá óbreytt næstu sex mánuði.

Því telur þingið, að verkalýðshreyfingin verði nú að spyrna við fótum, stöðva kjararýrnun þá, er af þessu hefur leitt, og hefja sókn fyrir því, sem tapazt hefur, og batnandi lífskjörum.

Felur þingið hinni væntanlegu sambandsstjórn að setja öllu ofar að sameina verkalýðsfélögin til samstilltra átaka í þessu efni.

Þingið leggur ríka áherzlu á, að væntanleg stjórn A.S.Í. hafi forustu um, að félögin leggi sameiginlega til þeirrar baráttu, sem fram undan er, meðal annars með því, að sambandsfélögin samræmi uppsagnarákvæði samninga sinna betur en orðið er, enda sé áfram haldið á þeirri braut til samræmingar kaupgjalds, sem unnizt hefur á seinasta kjörtímabili..

Það er alger lágmarkskrafa, að þegar í stað fáist kaup í samræmi við útreiknaða vísitölu hvers mánaðar, og felur þingið væntanlegri sambandsstjórn að fylgja þeirri kröfu vægðarlaust fram við ríkisstjórnina."

Nd. 302. Nefndarálit [10. mál]

um frv. til l. um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar (EOl).

Allar þær álögur, sem með þessum kafla eru álagðar, voru upphaflega settar á til þess að standa undir fiskábyrgðinni og kostnaði við að halda niðri dýrtíðinni. I. og II. kafli þessara laga voru afnumdir og þar með tilgangurinn, sem helga skyldi álögurnar. Jafnhliða setti ríkisstjórnin gengislækkunina á og lofaði samtímis að lækka álögurnar. En ekkert af því hefur verið efnt. Hinum þungu álögum er haldið, en öryggið, sem fiskábyrgðin skóp sjávarútveginum og þjóðinni, er horfið. Samtímis er svo skriffinnskubákn ríkisstjórnarinnar aukið jafnt og þétt og einokunarfjötrar lítillar yfirráðastéttar á þjóðinni hertir meir og meir.

Til þess að mótmæla þessum aðförum legg ég gegn frumvarpinu. Það verður að taka tekjurnar í ríkissjóð með aðferðum, sem ekki beinlínis auka dýrtíðina og leggjast þyngst á alþýðu manna.

Þá er og rétt að benda á, að mikið af söluskattinum leggst á fyrirtæki hins opinbera sjálfs og verður aðeins til að gera erfiðara fyrir um nauðsynlegar framkvæmdir. og gera þær dýrari. T. d. verður Sogsvirkjunin að greiða 5 milljónir króna í söluskatt af efni og vélum, sem síðan kemur fram í hækkuðu rafmagnsverði, aukinni dýrtíð.

Hins vegar er vitanlegt, að núverandi stjórnarflokkar munu halda fast við söluskattinn og því engin von um að fá honum af létt eða úr honum dregið, þar sem þá mundi ef til vill verða að taka tekjurnar þannig, að meir kæmi við auðmannastétt landsins. Ég mun því freista þess að fá fram ásamt öðrum þá breytingu á þessu frv. að fella niður sölugjald á bifreiðum, sem 31. gr. mælir fyrir um.

Alþingi, 8. des. 1950.

Einar Olgeirsson.

Nd. 303. Breytingartillögur [88. mál]

við frv. til l. um aðstoð til útvegsmanna.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Á eftir orðunum „síldveiðar stunduðu“ í 1. málsgr. komi: fyrir Norðurlandi.
   b. „1947“ í 3. tölulið falli niður.
   c. Orðin „en skal þó ekki nema hærri hundraðhluta en eftir verður gefinn að meðaltali þeim útgerðarfyrirtækjum, sem aðstoð fá til opinberra skuldaskila samkvæmt lögum þessum“ falli niður.
2. Við 10. gr.
   a. 1. málsl. 1. málsgr. orðist svo:
      Lán úr sjóðnum má veita eigendum eða útgerðarmönnum vélskipa og línuveiðigufuskipa, er síldveiðar stunduðu fyrir Norðurlandi á tímabilinu 1945—1950.
   b. Í stað „eigendum“ í 2. málsgr. komi: eigendum eða útgerðarmönnum.
3. Við 12. gr. Í stað „1. maí“ komi: 1. nóvember.
4. Við 15. gr. Í stað „menn“ komi: umboðsmenn.

5. Við 16. gr.
   a. Aftan við 1. málsl. 3. tölul. komi: ef skipaðir hafa verið samkvæmt 15. gr.
   b. 8. töluliður orðist svo:
      Rökstutt álit umboðsmanna sjóðsstjórnar, ef skipaðir hafa verið samkvæmt 15. gr., um aðstöðu lánbeiðanda til útgerðar og afkomumöguleika hans.
6. Við 17. gr.
   a. Orðið „sjóðsins“ í 1. málsl. 1. málsgr. falli niður.
   b. Síðasta málsgr. falli niður.
   c. Aftan við greinina komi ný grein (verður 18. gr.), svo hljóðandi:
      Virðingarverð allra eigna lánbeiðanda, sem farið er eftir við skuldaskilin, sbr. 10. og 11. gr., ákveður stjórn sjóðsins með hliðsjón af mati umboðsmanna og matsmanna, ef skipaðir hafa verið, sbr. 15. og 17. gr.
7. Við 18. gr. 1. málsl. orðist svo:
   Þegar sjóðsstjórin hefur fengið í hendur tilskilin gögn samkvæmt lögum þessum, tekur hún ákvörðun um, hvort lánbeiðandi geti komið til greina við lánveitingu.
8. Við 20. gr. Í stað orðanna „aðstoð samkv. þeim, þar á meðal til lánveitinga“ í 1. málsgr. komi: lánveitingu.
9. Við 26. gr. Aftan við greinina komi ný málsgr., svo hljóðandi:
   Með kröfur ríkissjóðs samkvæmt 1.—3. tölulið 1. gr. laga þessara má þó að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar fara sem óveðtryggðar kröfur, þótt veðtrygging kunni að vera fyrir láninu.
10. Við 27. gr. Í stað „lánbeiðandi hefur“ komi: lánbeiðandi hafi.

Ed. 304. Nefndarálit [35. mál]

um frv. til l. um útreikning vísitölu framfærslukostnaðar.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., og leggur meiri hluti hennar til, að það verði samþykkt. Minni hl. (KA) er frv. andvígur.

Alþingi, 7. des. 1950.

Bernh. Stefánsson, form.	Gísli Jónsson, fundaskr., frsm.	Karl Kristjánsson.
	Þorst. Þorsteinsson.	

Ed. 305. Lög [98. mál]

um breyting á lögum nr. 40 1942, um breyting á lögum nr. 112 1941, um lax- og silungsveiði.

(Afgreidd frá Ed. 8. des.)

Samhljóða þskj. 173.

Ed. 306. Nefndarálit [30. mál]

um frv. til l. um iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráð.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt þetta mál á nokkrum fundum og ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Vill meiri hl. n. láta samþykkja frv. með allverulegum breytingum, en minni hl. vill hins vegar vísa málinu til stjórnarinnar til frekari undirbúnings. Gefur hann því út sérstakt nál.

Með því að mál þetta hefur verið flutt tvisvar á Alþingi áður og í bæði skiptin verið vísað frá til frekari undirbúnings, og með því að minni hl. vill enn láta vísa því frá á sömu forsendum, þykir rétt að gefa hér yfirlit yfir meðferð þess frá upphafi.

Málið er fyrst flutt á Alþingi árið 1947 sem 42. mál Ed. það ár. Er því þá vísað til iðnaðarnefndar deildarinnar. Skilar meiri hl. nefndarinnar áliti 12. febr. 1948. Leggur hann til, að frv. verði samþ. með nokkrum breytingum. Hafði nefndin leitað umsagnar rannsóknaráðs ríkisins, Félags ísl. iðnrekenda, Landssambands ísl. iðnaðarmanna og Búnaðarfélags Íslands um frv., en allir þessir aðilar mæla með því, að frv. verði samþ., og margir þeirra mjög eindregið, en benda jafnframt á nauðsynlegar breytingar, er þurfi að gera á því. Tók meiri hl. að fullu tillit til þeirra ábendinga og bar fram breytingartill. í samræmi við þær. Minni hl. nefndarinnar (PZ og StgrA) bar þá fram svo hljóðandi rökstudda dagskrá: „Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti endurskoða þetta frumvarp með hliðsjón af lögum um rannsóknaráð og lögum um fjárhagsráð og leggi síðan fyrir næsta Alþingi frumvarp um heildarskipun iðnaðarmálanna og aðstoð ríkisins við þau, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“ Þ. 27. febr. 1948 er rökstudda dagskráin samþykkt með 6 atkv. gegn 5 og frv. afgreitt þannig á því þingi. Þáverandi iðnaðarmálaráðherra, Emil Jónsson, sendir málið á ný til flestra þeirra aðila, sem áður höfðu athugað frv. og mælt með því, og er afstaða þeirra til málsins óbreytt. Mæla þeir enn með því, að það verði samþykkt með þeim breytingum einum, er þeir höfðu bent á áður. En auk þess er málið sent til fjárhagsráðs til umsagnar. Mælir það einnig með því, að frv. nái fram að ganga, bendir á, að á því þurfi þó að gera breytingar, og býðst til að annast þær, ef ráðuneytið óski þess. Ráðherra hefst þó ekkert frekar að í málinu, þrátt fyrir margítrekaðar óskir flm. og þrátt fyrir marggefin loforð um að afgreiða málið til Alþingis á því ári. Málið er því borið fram á ný af sama flm. á þinginu 1949. Er því á ný vísað til 2. umræðu og iðnaðarnefndar efri deildar. Eftir að nefndin hafði kynnt sér öll gögn, sem fyrir lágu í málinu, ritaði hún ráðuneytinu 17. des. 1949 og óskaði eftir því, að það fæli fjárhagsráði að breyta frumvarpinu eins og það hafi boðizt til að gera með bréfi, dags. 6. ágúst 1948. Hafði ráðuneytið orðið við þessari beiðni nefndarinnar. En með því að því hafði ekki borizt neitt svar frá fjárhagsráði um miðjan febr. 1950, endursendi það nefndinni öll gögnin og mælir með því, að frv. verði samþykkt. Þrátt fyrir þetta fæst ekki samkomulag um það í nefndinni að leggja til, að frv. verði samþykkt m. a. vegna þess, að undirbúningur þykir enn ekki nægilegur. Er málið þá rætt á ný við þáverandi iðnaðarmálaráðherra, Jóhann Jósefsson, sem ákveður að skipa 5 manna nefnd til að undirbúa málið. Skipar hann nefndina 9. marz 1950. Með því að sú nefnd hafði ekki lokið störfum áður en þingi lauk, þótti iðnaðarnefnd efri deildar ekki rétt að afgreiða frá sér málið á því þingi.

Á yfirstandandi Alþingi var málið enn borið fram í sinni upphaflegu mynd. Var því að lokinni 1. umræðu vísað til 2. umræðu og iðnaðarnefndar efri deildar. Tekur nefndin málið fyrir á fundi 28. okt. s. l. Liggur þá fyrir hjá nefndinni bréf frá nefnd þeirri, er ráðherra hafði skipað til að undirbúa málið, og er það birt hér með sem fylgiskjal. Þá fylgdi einnig með til nefndarinnar uppkast að frv. til laga um iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráð. Voru breytingar þær, sem bornar höfðu verið fram

af framangreindum aðilum, felldar inn í uppkastið, en efnisbreytingar engar gerðar á frumvarpinu. Eftir að nefndin hafði kynnt sér þessi gögn, kom fram ósk um að senda þau öll til núverandi iðnaðarmálaráðherra og fá umsögn hans um málið, áður en endanleg ákvörðun yrði tekin í nefndinni. Var einnig orðið við þessari ósk. Ráðuneytið hafði málið til athugunar alllangan tíma, og kvaðst ráðherra ekki geta mælt með því, að það næði fram að ganga á þessu þingi, vegna þess kostnaðar, sem samþykkt frumvarpsins hefði í för með sér, er hann kvað upplýst, að áætlaður væri um 200 þús. krónur árlega.

Meiri hl. nefndarinnar, sem vill ákveðið, að málið nái fram að ganga á þessu þingi, tekur heldur þann kostinn að draga úr verkefni iðnaðarmálastjóra, ef það mætti verða til þess, að samkomulag fengist þá heldur um framgang þess. Þær breytingar, sem hann leggur til, að gerðar verði á frv., eru því byggðar á þessu, en ekki á því, að hann telji ekki nauðsynlegt að halda verkefninu óskertu. Meiri hl. lítur svo á, að með engri sanngirni verði þriðja stærsta atvinnuvegi þjóðarinnar neitað um þá forustu, sem hér er farið fram á með þessu frv., þar sem vitað er, að hinir tveir aðalatvinnuvegir þjóðarinnar hafa notið slíkrar forustu um áratugi, og mundi enginn láta sér til hugar koma að svipta þá henni, þótt vitað sé, að það kostar margfalt meira fé en það, sem þarf til þess að mæta kostnaði við iðnaðarmálastjóra eftir þeim tillögum, sem hér eru fram bornar. Þá skal einnig á það bent, að ríkissjóður hefur mörg undanfarin ár orðið að ráða til sín sérfræðinga til að undirbúa ýmislegt það í iðnaði, sem beint mundi heyra undir þessa stofnun, og mundi þá kosta mjög miklu minna fé að láta iðnaðarmálastjóra undirbúa slík verk í framtíðinni en að ráða til þess sérfræðinga í hvert sinn. Beinlínis yrði því enginn sérstakur kostnaður við samþykkt frv., en þjóðin kæmi til að hafa alveg ómetanlegt gagn af stofnuninni, ef vel tekst um val iðnaðarmálastjórans.

Þess skal getið, að einn nefndarmanna (StgrA) vill láta gera frekari breytingar á frv. Fylgir hann ekki heldur öllum þeim breytingartillögum, sem lagt er hér til, að gerðar verði, og geymir hann sér því rétt til þess að bera fram breytingartill. eða fylgja till., sem fram kunna að koma. Hann skrifar því undir nál. með fyrirvara.

Með tilvísun til þessa er lagt til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr.
Umsagnir Flugfélags Íslands og Flugráðs eru örstuttar, þar sem sýnt er, að þessir aðilar hafi ekkert við málið að athuga. Loftleiðir h.f. eru andvígar þeirri breytingu, sem frumvarpið ráðgerir og greinargerð flugmálastjóra sýnir, svo ekki verður um villzt, að hér er um mjög óeðlilega breytingu að ræða. Þá hefur Alþingi borizt umsögn flugvallastarfsmanna ríkisins, sem mæla gegn frumvarpinu. Ég læt hér með fylgja umsagnir framangreindra aðila.

Af því, sem að framan er sagt, legg ég eindregið til, að frumvarpið verði felllt.

Alþingi, 8. des. 1950.

Lúðvík Jósefsson.

Fylgiskjal I.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS H.F.

Reykjavík, 2. desember 1950.

Vér staðfestum móttöku heiðraðs bréfs yðar, dags. 28. nóvember, þar sem óskað er umsagnar stjórnar félagsins um frumvarp til laga um stjórn flugmála.

Stjórn félagsins tók mál þetta fyrir á fundi sínum þann 1. þ. m. og varð sammála um að leggja til, að eftirfarandi breyting yrði gerð á frumvarpinu:

3. grein. Í stað orðanna: „Heimilt er ráðherra að setja reglur um flugferðir innlendra flugfélaga“ ..... o. s. frv. komi: „Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum flugráðs, að setja reglur um flugferðir innlendra flugfélaga“ ..... o. s. frv.

Að öðru leyti hefur stjórn félagsins ekkert við frumvarpið að athuga.

Virðingarfyllst,

Flugfélag Íslands h.f.

Örn Ó. Johnson.

Til samgöngumálanefndar neðri deildar Alþings.

Fylgiskjal II.

FLUGRÁÐIÐ

Reykjavík, 15. nóvember 1950.

Hjálagt sendist háttvirtri samgöngumálanefnd neðri deildar afrit af því atriði í fundargerð flugráðs, er snertir fyrirspurn nefndarinnar í bréfi frá 7. nóv. s. l.

F. h. Flugráðs,
Agnar Kofoed Hansen.

Útdráttur úr fundargerð flugráðs þ. 13. nóvember 1950.

Mánudaginn 13. nóvember 1950 var fundur haldinn í flugráði, og voru eftirtaldir meðlimir mættir: Agnar Kofoed Hansen, formaður, Jóhannes Snorrason, varaformaður, Þórður Björnsson, Baldvin Jónsson, Örn Ó. Johnson og Bergur G. Gíslason.

Haukur Claessen var ritari fundarins.

Þetta gerðist:

.....

7. Formaður vék af fundi. Lagt fram bréf frá samgöngumálanefnd Alþingis, dags. 7. nóvember, þar sem nefndin óskar eftir umsögn og áliti á þeirri skipan flugmálanna, sem gert er ráð fyrir í frumvarpi um stjórn flugmála, sem nú liggur fyrir Alþingi. Flugráð sér ekki ástæðu til að gera neinar breytingar á umræddu frumvarpi.

Fylgiskjal III.

LOFTLEIÐIR H.F.

Reykjavík, 2. desember 1950.

Samgöngumálanefnd neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Höfum móttekið frá yður, háttv. samgöngumálanefnd, til umsagnar frumvarp það, er nú liggur fyrir Alþingi um stjórn flugmála.

Það fyrsta sem vér viljum benda á, er, að lögin frá 1947 hafa að ýmsu leyti ekki verið framkvæmd. Í 2. gr. þeirra laga er gert ráð fyrir, að reglugerð verði sett um starfsskiptingu og starfssvið flugmálastjóra og flugvallastjóra og þeim fengin erindisbréf. Hvorugt þetta hefur verið gert. Framkvæmdin hefur því verið næsta ruglingsleg, hefur flugráð eða einstakir meðlimir þess framkvæmt hin ýmsu smærri störf, sem flugmálastjóri eða flugvallastjóri hefðu átt að sjá um, ef þar hefðu verið nokkrar reglur um, en aftur á móti hafa ýmis hin þýðingarmeiri mál orðið í undandrætti.

Í lögunum frá 1947 er t. d. ákveðið, að nýbyggingar flugvalla skuli heyra undir flugmálastjóra, en viðhald þeirra og rekstur heyra undir flugvallastjóra. Þessu hefur í ýmsum tilfellum verið snúið við, þar sem flugvallastjóri hefur ákvarðað um og látið gera flugvelli, væntanlega með samþykki flugráðs, þar sem kostnaðurinn hefur stundum orðið tífaldur við það, sem þessir aðilar hafa áætlað í byrjun, enda hefur enginn þessara manna verkfræðiþekkingu, en flugmálastjóri, sem er verkfræðingur, ekki fengið að hafa þar æskileg áhrif á eða gefa þar ráð um, enda þótt slík verk heyri undir hann samkvæmt lögum.

Að ýmsu þessu athuguðu teljum vér, að nær lægi að gera ráðstafanir til að lögin frá 1947 verði framkvæmd að öllu leyti, til þess að full reynsla fengist, heldur en að setja ný lög, sem ekki virðast hafa neitt nýmæli til bóta, nema síður sé. Í þessu sambandi viljum vér taka fram, að vér álítum, að núverandi flugmálastjóri

hafi rækt starf sitt vel, eftir því sem aðstaða hans hefur leyft, og hefur okkur virzt hann algerlega óhlutdrægur og réttsýnn gagnvart flugfélögunum.

Eins og flugráð er nú skipað, getur félag vort ekki treyst því sem óhlutdrægum aðila, og teljum því ekki ráðlegt að færa meira af þessum málefnum undir það. Þegar núverandi flugráð var skipað, var þannig háttað vali manna í ráðið, að 3 aðalmenn þess af 5 voru 2 stjórnarmeðlimir Flugfélags Íslands og framkvæmdarstjóri þess; síðar gekk þó núverandi flugvallastjóri úr stjórn Flugfélagsins, en sem varamaður flugvallastjóra í flugráði var þá tekinn 1. flugstjóri Flugfélags Íslands. Hins vegar var félagi voru aðeins gefinn kostur á 1 varamanni af öllum aðalmönnum og varamönnum flugráðs. Teljum vér, að ýmis störf og ákvarðanir flugráðs beri þess glöggt merki, að sömu menn eru ráðandi á báðum þessum stöðum, Flugfélagi Íslands og flugráði. Það er því ákveðin skoðun vor, að nauðsyn beri til, að flugráð verði skipað á annan hátt, þar sem jafnt tillit sé tekið til beggja flugfélaganna og að framkvæmdir þess verði að öllu leyti óhlutdrægar.

Virðingarfyllst,

Loftleiðir h.f.

Kr. Jóh. Kristjánsson,
form.

Fylgiskjal IV.

FÉLAG FLUGVALLASTARFSMANNA RÍKISINS

Reykjavík, 11. nóvember 1950.

Félag flugvallastarfsmanna ríkisins leyfir sér hér með að senda hinu háa Alþingi útdrátt úr fundargerð félagsins hinn 8. nóvember 1950:

„Fundur haldinn í félagi flugvallastarfsmanna miðvikudaginn 8. nóvember 1950 harmar, að í frumvarpi því til laga um stjórn flugmála, sem ríkisstjórnin hefur lagt fyrir Alþingi, það er nú situr, skuli vera gert ráð fyrir að leggja niður embætti flugmálastjóra og þar með svipta flugmálin embættismanni, sem nýtur fyllsta trausts flugmálastarfsmanna fyrir ágæta samvinnu, samvizkusemi, hagsýni og skipulagsgáfu.

Þá vill fundurinn vekja athygli á því öryggisleysi, sem starfsmenn flugmála hafa orðið við að búa um framtíð atvinnu sinnar, allt frá því að lögum nr. 24 frá 12. febrúar 1945 var breytt árið 1947. Óttast fundurinn, að ef annar æðsti starfsmaður flugmálanna á ekki við meira öryggi að búa í þessum málum en umrætt lagafrumvarp gefur til kynna, muni starfsöryggi almennra flugmálastarfsmanna enn minnka."

K. Jónsson,
formaður.

Margrét Jóhannsdóttir,
bréfritari.

Til Alþingis, Reykjavík.

Fylgiskjal V.

FLUGMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 29 nóvember 1950.

Í tilefni þess, að ríkisstjórnin hefur lagt fyrir hið háa Alþingi frumvarp til laga um stjórn flugmála, þar sem m. a. er gert ráð fyrir, að embætti mitt verði lagt niður, leyfi ég mér hér með að gera háttvirtri samgöngumálanefnd neðri deildar, sem nú hefur frumvarp þetta til athugunar, nokkra grein fyrir afstöðu minni til máls þessa.

Embætti mitt var stofnað samkvæmt lögum nr. 24 12. febrúar 1945, um flugvelli og lendingarstaði fyrir flugvélar, en þar segir svo í upphafi 7. greinar.

„Atvinnu- og samgöngumálaráðherra skal setja á stofn sérstaka stjórn flugmála, þegar tímabært þykir, og fellur þá starf flugmálaráðunautar ríkisins niður. Forstöðumaður þessarar stofnunar nefnist flugmálastjóri ....“.

Ekki mun um það deilt, að þegar ég varð 1945 var settur og síðan skipaður flugmálastjóri hafi verið orðið tímabært að stofna það embætti, þar sem brezka setuliðsstjórnin hafði tilkynnt, að hún mundi afhenda Íslendingum flugvöllinn í Reykjavík til eignar og umráða, og fyrir lágu fjárveitingar til byggingar flugvallarins í Vestmannaeyjum og sjóflugskýlis á Ísafirði, auk þess sem aðrar þær framkvæmdir, sem nefnd lög gera ráð fyrir, kröfðust þá þegar mikils undirbúningsstarfs.

Þá varð embætti mitt frá byrjun að sjá um útgáfu lofthæfnisskírteina flugvéla og eftirlit með þeim og útgáfu skírteina til flugmanna, sem á árinu 1945 hópuðust heim að afloknu flugnámi. Einnig var Ísland þá orðið þátttakandi í alþjóðaflugmálastofnuninni, sem skóp embættinu strax frá fyrstu tíð nær ótæmandi verkefni, jafnframt því sem stórkostleg aukning varð á allri flugstarfsemi hér á landi.

Þegar ég gaf kost á mér til umrædds starfs, var það fyrir það, að ég áleit, að menntun mín sem verkfræðingur og reynzla mín á því sviði og viðskiptasviðinu væri hin ákjósanlegasta undirstaða til þess að taka að sér þetta merkilega og margþætta uppbyggingarstarf. Í því sambandi vil ég geta þess, að ég hvarf frá betur launuðu forstjórastarfi við blómlegt atvinnufyrirtæki.

Störf embættis míns jukust enn örar og meir en nokkurn hafði órað fyrir í upphafi. Við óteljandi erfiðleika var að etja, sérstaklega í sambandi við yfirtöku flugvallarins í Reykjavík og stofnun flugumferðarþjónustunnar, þar sem Íslendingar höfðu aldrei fengizt við slík störf áður. Fáir héldu þá, að oss mundi takast þetta á þeim stutta tíma, sem til stefnu var, en alkunna er orðið, að flugþjónusta Íslendinga reyndist, þegar til kom, starfi sínu vaxin, og er jafnvel talin ein sú bezta við Norður-Atlantshaf.

Að sjálfsögðu voru þessir árangrar ekki mér einum að þakka, heldur því fyrst og fremst, að mér tókst frá upphafi að fá í þjónustu mína ágæta menn, sem unnu með mér að uppbyggingu flugmálanna og unnu síðan sem ábyrgir deildarstjórar undir yfirstjórn minni. Starfstilhögun þessi og starfsskipting reyndist frá fyrstu mjög vel, enda eðlilegt, að hæfir deildarstjórar hafi bæði veg og vanda af þeim sérmálum, sem þeim eru falin.

Vorið 1947 voru, fyrir tilstilli þáverandi flugmálaráðherra, samþykkt lög um nýskipan á stjórn flugmála, lög nr. 65 31. maí 1947, um viðauka við og breytingu á lögum nr. 24 12. febrúar 1945, um flugvelli og lendingarstaði fyrir flugvélar.

Samkvæmt lögum þessum hefur flugráð, skipað fimm mönnum, á hendi undir yfirstjórn ráðherra stjórn flugmála og annast rekstur flugvalla ríkisins. Ráðherra skipar flugmálastjóra og flugvallastjóra að fengnum tillögum flugráðs, og er í lögunum nánar kveðið á um starfsskiptingu þessara tveggja embættismanna, í stuttu máli þannig, að flugvallastjóri annast rekstur og viðhald flugvalla ríkisins undir stjórn flugráðs, en flugmálastjóri skal undir stjórn flugráðs annast öll önnur störf, er flugið varðar, og þar sérstaklega tilgreint nýbygging flugvalla, loftferðaeftirlit og öryggisþjónusta (þar með flugumferðarstjórn).

Það er persónuleg skoðun mín, að lög þessi hafi í framkvæmdinni ekki orðið flugmálunum til gagns, nema síður væri. Að vísu ætti það að geta orðið til bóta, eins og segir í athugasemdum við lagafrumvarpið, þegar það lá fyrir Alþingi árið 1947, að „fleiri menn verða kvaddir til að marka stefnuna um hin margvíslegu vandamál í sambandi við flugið en áður hefur verið“. Enn fremur skal það viðurkennt, að beinn kostnaðarauki við slíka skipulagsbreytingu verður aukaatriði, eins og einnig segir í athugasemdunum, en þó því aðeins, að um raunverulega endurbót á stjórn flugmála sé að ræða.

Í framkvæmdinni hefur þetta þó, að mér virðist, ekki tekizt. Flugráð var þannig skipað, að 3 af 5 aðalmönnum þess (þar með talinn formaður þess) eru eða hafa verið virkir stjórnendur annars flugfélagsins, auk þess sem varamaður formanns er yfirflugmaður sama félags, en frá hinu flugfélaginu er aðeins einn varamaður í flugráði. Varaformaður flugráðs er ekki aðalmaður í ráðinu og honum því oft ókunnugt um aðkallandi verkefni. Einn og sami maður var skipaður flugvallastjóri og formaður flugráðs, og varð hann þannig yfirmaður sjálfs sín, og jafnframt var flugvallastjórinn þar með orðinn yfirmaður flugmálastjóra. Erindisbréf þau, er um getur í lögunum, hafa aldrei verið gefin út, enda ekki vitað, að flugráð hafi gert neinar tillögur til ráðherra um starfsskiptingu, þótt lögin mæli svo fyrir.

Í stað þess að marka stefnuna um hin margvíslegu vandamál í sambandi við flugið, að sínu leyti eins og vel skipulögð ráðuneytisdeild, eins og lögin virðast gera ráð fyrir, hefur reyndin orðið sú, að flugráð hefur yfirleitt látið slík skipulagsmál lítt til sín taka, en störf þess snúizt um umræður og framkvæmdir á minni háttar dægurmálum, sem auðveldlega hefði mátt fela flugmálastjóra eða flugvallastjóra og starfsmönnum þeirra. Með þessu hefur flugráð á margvíslegan hátt sniðgengið mig í þeim málum, sem í lögunum er beinlínis tekið fram, að ég skuli annast, eins og t. d. varðandi nýbyggingu flugvalla, sem ég, sakir sérmenntunar minnar, ber meira skynbragð á en meðlimir flugráðs.

Ég hlýt því að mótmæla þeirri skoðun, sem fram kemur í athugasemdum við hið nýja frumvarp til laga um stjórn flugmála, þar sem því er slegið föstu, að góð reynsla hafi fengizt á þeirri tilhögun, að flugráð hefði á hendi yfirstjórn þessara mála. Aftur á móti get ég fallizt á það atriði athugasemdanna, að í ljós hafi komið, að ekki sé heppilegt og því síður nauðsynlegt að skipta framkvæmdarstörfum milli tveggja jafnrétthárra embættismanna, flugvallastjóra og flugmálastjóra, ef haft er í huga, hvernig málum þessum er stjórnað nú og þegar ég hafði þau einn með höndum. Hitt er svo annað mál, að vegna þeirra starfshátta, sem flugráð hefur tamið sér og áður hefur verið lýst að nokkru, hefur ekki fengizt reynsla á því, hvernig umrædd verkaskipting hefði notið sín við eðlileg skilyrði.

Ef rétt þykir nú að sameina aftur embætti flugmálastjóra og flugvallastjóra í eitt embætti, hlýt ég að eiga kröfu á að mér, sem flugmálastjóra, verði falin þau, enda hafði ég áður stjórn allra þessara mála og hef enn meginhluta þeirra með höndum.

Sem kunnugt er, gerir frumvarpið ráð fyrir því gagnstæða, sem sé að embætti flugmálastjóra verði lagt niður, en flugvallastjórinn látinn taka að sér framkvæmd allra flugmála, jafnvel þótt engin leið sé til að telja þau standa í sambandi við rekstur flugvalla, svo sem t. d. stjórn flugumferðar fjarri flugvöllum og eftirlit með flugvélum og flugliði.

Sem vonlegt var, hefur þeim, sem semja þurfti greinargerð fyrir slíkri rangsleitni, farizt það óhönduglega. Í athugasemdunum er, þar sem vitnað er í núgildandi lög, hvað eftir annað látið líta svo út sem stjórn flugmálanna sé lítið eða ekkert annað en rekstur flugvalla og að framkvæmdarstjórninni við flugvallareksturinn sé nú skipt milli flugvallastjóra og flugmálastjóra. Er jafnvel gengið svo langt að halda því fram, að afnám þessarar tvískiptingar muni gera „þetta hvort tveggja í senn, að koma á samræmdri og samhentari stjórn flugvallanna og um leið spara þeim nokkur útgjöld“ (leturbreyt. mín). Með svona málsmeðferð er auðvitað auðvelt að komast að þeirri niðurstöðu, að leggja beri öll þessi mál undir flugvallastjórann, og þykir tilganginum þá náð.

Ég leyfi mér því að vænta þess, að hið háa Alþingi felli lagafrumvarp þetta.

Eitt er það atriði í frumvarpinu, eða réttara sagt í athugasemdunum við það, sem ekki snertir mig beinlínis, en ég hlýt þó einnig að mótmæla. Í 3. gr. er ráðherra veitt heimild til að setja reglur um flugferðir innlendra flugfélaga o. s. frv. Í greinargerðinni segir, að ótvíræð heimild sé ekki til fyrir ráðherra til slíks. Þetta mun ekki vera rétt. Í IV. kafla laga nr. 32 14. júní 1929, um loftferðir, eru ákvæði, sem

beinlínis veita heimild til þessa, enda hefur með reglugerð nr. 13 22. janúar 1947, um fyrirtæki, er starfa að loftflutningum, verið sett nánari ákvæði um þetta með tilvísun til nefndra laga. Þá hefur flugfélögunum, með bréfum dags. 15. sept. 1947, með tilvísun til greindra laga og reglugerðar, verið veitt loftflutningaleyfi með þeim skilmálum, að þau hlýði ekki aðeins nefndum lögum og reglugerð, heldur einnig þeim lögum, reglum og fyrirmælum, er síðar kunna að verða sett hér um mál þessi. Þessi heimild hefur mér vitanlega aldrei verið vefengd, og geta má þess, að með bréfi dags. 25. sept. 1947 var flugfélögunum fyrirskipað að hlýða þrem viðbótarfyrirmælum, sem eru í eðli sínu skyld þessu, og hefur þeim fyrirmælum verið hlýtt.

Að lokum vil ég leyfa mér að láta háttv. samgöngumálanefnd í té upptalningu á þeim málum, sem samkvæmt gildandi lögum heyra undir embætti mitt:

1. **Nýbygging flugvalla**, þ. e. athuganir á landsvæðum undir væntanlega flugvelli, samkvæmt flugvallalögunum, mælingar, kostnaðaráætlanir, samningar við landeigendur og verktaka, ef flugmálastjórnin sér þá ekki um verkið sjálf. Bygging mannvirkja, svo sem flugskýla, farþegaskýla og annað, sem eðli sínu samkvæmt er tengt þessum málum.

2. **Loftferðaeftirlit:**

a. Útgáfa lofthæfnisskírteina og eftirlit með flugvélum og svifflugum, viðgerðum og breytingum á þeim. Eftirlit með útbúnaði flugvéla og hleðslu þeirra og eftirlit með því, að öryggisfyrirmælum sé hlýtt.
b. Útgáfa skírteina til flugliða, þ. e. þeirra, sem teljast til áhafna loftfara, en auk þess einnig til flugvélavirkja, flugumferðarstjóra o. þ. h., sömuleiðis eftirlit með því, að þeir viðhaldi hæfni sinni og fullnægi áfram kröfum um líkamshreysti. Próf til flugliðsstarfa, skipulagning námsskeiða í þessu skyni, starfræksla blindflugsskólans og ýmiss konar fyrirgreiðsla vegna námsmanna erlendis, útvegun skólavistar, styrkveitingar o. fl.

3. **Öryggisþjónusta**, þ. e. flugstjórnarmiðstöðin í Reykjavík, sem hefur á hendi alla flugumferðarstjórn yfir Íslandi og stóru svæði á N.-Atlantshafi, og flugturnar á flugvöllum. Eftirlit með því, að umferðarreglum sé hlýtt, og meðferð mála um brot gegn þeim. Stefnuvitar og önnur leiðsögutæki fyrir flugvélar. Flugveðurmál.

4. **Önnur störf:**

a. Í sambandi við þátttöku Íslands í alþjóðaflugmálastofnuninni þarf stöðugt að fylgjast með undirbúningi hvers konar mála, sem lögð eru fyrir meðlimaríkin til athugunar, svara fyrirspurnum frá stofnuninni, gera tillögur í ýmsum málum og safna skýrslum. Ýmsar samþykktir stofnunarinnar verða sjálfkrafa gildandi sem lög og reglugerðir fyrir þátttökuríkin, verður því að þýða þær og koma á framfæri. Enn hefur margt af þessu orðið að sitja á hakanum vegna tímaskorts og fólkseklu. Unnið er þó að framgangi þessara mála af fullum krafti, en sífellt bætast við ný verkefni á þessu sviði.
b. Vegna þátttöku alþjóðaflugmálastofnunarinnar í rekstrarkostnaði flugöryggisþjónustunnar á Íslandi þarf sífellt að gera flóknar og mikið sundurliðaðar skýrslur, að jafnaði ársfjórðungslega, en auk þess áætlanir um væntanlegan kostnað, mannahald, framkvæmdir o. s. frv.
c. Rannsóknir flugslysa, orsakir þeirra og ráðstafanir til að fyrirbyggja þau.
d. Eftirlit með fyrirtækjum, sem starfa að loftflutningum, auk annarra mála, sem þau varða, svo sem tryggingarmál.

Virðingarfyllst,

Erling Ellingsen.

Til samgöngumálanefndar neðri deildar Alþingis.

Sþ. **317. Nefndarálit** [72. mál]

um till. til þál. um byggingu þurrkvíar á Patreksfirði.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og sent hana til umsagnar til vita- og hafnarmálastjóra. Er svar hans birt hér með sem fylgiskjal.

Nefndinni er fullkomlega ljós sú þörf, sem á því er, að komið sé upp þurrkví, er fullnægt gæti að öllu þörfum flotans. Yrði að því margvíslegur hagnaður fyrir þjóðina beint og óbeint. Hins vegar er hér um svo yfirgripsmikið og fjárfrekt fyrirtæki að ræða, að sjálfsagt er að láta fara fram gaumgæfilega athugun, áður en nokkuð er fastákveðið um staðarval eða annað í sambandi við byggingu mannvirkisins, þar sem margt fleira kemur til greina en byggingarkostnaðurinn einn, m. a. öll aðstaða í sambandi við rekstur, er mannvirkið væri fullgert. Þykir nefndinni því sjálfsagt, að athugaðir séu fleiri staðir en Patreksfjörður, áður en horfið er að því að gera kostnaðaráætlun um byggingu mannvirkisins. Er þetta og skoðun vita- og hafnarmálastjóra.

Eins og kunnugt er, hafa þegar farið fram allýtarlegar athuganir á því að koma upp þurrkví við Reykjavíkurhöfn. Þykir rétt að hafa þær athuganir til hliðsjónar og samanburðar, þegar aðrir staðir eru athugaðir. Einnig þykir rétt að athuga, hver verðmunur kynni að vera á þurrkví, er tæki 18 þús. smál. skip, og kví, sem tæki 6 þús. smál. skip, þar sem slík þurrkví mundi um langt árabil væntanlega bæta mjög verulega úr þörfinni. Einkum þykir rétt að hafa þetta til hliðsjónar, þar sem það gæti haft veruleg áhrif á staðarval og endanlega ákvörðun í sambandi við lausn málsins.

Nefndin er því sammála um að leggja til, að þáltill. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera athugun á því, hvar á landinu sé hentugast og ódýrast að koma upp þurrkví til hreinsunar og viðgerðar á skipum, og láta gera að lokinni þeirri athugun kostnaðaráætlun um byggingu þurrkvíar þar, sem hagkvæmast þykir. Þurrkvíin taki allt að 18 þús. smálesta skip. Jafnframt sé athugað, hvert kostnaðarverð yrði, af kvíin yrði aðeins gerð fyrir 6 þús. smálesta skip. Skal áætluninni lokið svo fljótt sem verða má og eigi síðar en fyrir 1. október n. k.
   Kostnaður við athugunina og kostnaðaráætlunina greiðist úr ríkissjóði.
2. Fyrirsögn till. verði: Till. til þál. um byggingu þurrkvíar.

Alþingi, 8. des. 1950.

Gísli Jónsson, form., frsm.	Helgi Jónasson, fundaskr.	Pétur Ottesen.
Halldór Ásgrímsson.	Ásmundur Sigurðsson.	Hannibal Valdimarsson.
Karl Kristjánsson.	Jónas Rafnar	Ingólfur Jónsson.

Fylgiskjal.

VITA- OG HAFNAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 14. nóv. 1950.

Með bréfi, dags. 1. þ. m. hefur háttvirt fjárveitinganefnd óskað umsagnar minnar um tillögu til þingsályktunar um byggingu þurrkvíar á Patreksfirði, sem fram hefur verið borin á Alþingi á þingskjali 60.

Út af þessu skal ég leyfa mér að taka fram eftirfarandi:

Eins og kunnugt er, er ekki hægt að taka hér á land, til viðgerðar eða hreinsunar, stærri skip en 1500 tonn. Þau, sem stærri eru, og þau eru nú orðin allmörg í íslenzkri eign, verða því að láta allar viðgerðir og hreinsanir fara fram erlendis. Sömuleiðis er jafnan mikill vandi á höndum, þegar skip laskast, sem ekki er hægt að taka á land, svo sem skemmst er að minnast með olíuskipið Clam s. l. vetur. Það er því óumdeilanlegt, að mjög æskilegt væri, að hér væri aðstaða til að taka á þurrt miklu stærri skip en nú er hægt. Hitt er svo annað mál, að bygging þurrkvíar af þeirri stærð, sem nefnd er í þingsályktunartillögunni, er mjög dýrt fyrirtæki og ekki líklegt, að rekstur þess geti staðið undir stofnkostnaðargreiðslum, að minnsta kosti ekki að fullu.

Ekkert af þessum atriðum liggur þó ljóst fyrir, og teldi ég því vel farið, að um þau yrði aflað sem fyllstra upplýsinga með því að láta gera kostnaðaráætlun um byggingu þessa mannvirkis, eins og tillagan fer fram á.

Um kostnað við áætlunargerð þessa er ekki gott að segja nákvæmlega, en ef til vill mætti hafa af því nokkra hliðsjón, að samkvæmt taxta Verkfræðingafélags Íslands mundi frumáætlun fyrir þetta mannvirki kosta 75—90 000.00 kr., ef gert er ráð fyrir, að kostnaðarverð þurrkvíarinnar yrði 25—30 millj. kr. Þetta kostnaðarverð er, eins og gefur að skilja, á þessu stigi málsins hrein ágizkun. En geta má þess, að þurrkví af svipaðri stærð og hér er um að ræða var byggð í Svíþjóð fyrir 2—3 árum og kostaði um 15—16 millj. ísl. krónur, aðeins þurrkvíin sjálf með tilheyrandi dælum, en án allra lyftitækja og annars nauðsynlegs búnaðar.

Í þingsályktunartillögunni er byggingaráætlunin bundin við Patreksfjörð, en það tel ég ekki heppilegt, þar sem ýmsir aðrir staðir koma áreiðanlega til greina, engu síður en hann, og vildi ég því leyfa mér að leggja til, að áætlunargerð þessi, ef framkvæmd verður, verði ekki staðbundin.

Með hliðsjón af ofanrituðu leyfi ég mér að leggja til, að háttvirt fjárveitinganefnd mæli með samþykkt tillögunnar, með þeirri breytingu þó, að staðurinn verði ekki fyrir fram ákveðinn, heldur verði það einn þáttur verksins að leita að þeim stað, sem heppilegastur gæti talizt, að öllum aðstæðum athuguðum.

Virðingarfyllst.

Emil Jónsson.

Til fjárveitinganefndar Alþingis, Reykjavík.

Ed. 318. Nefndarálit [38. mál.]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Frv. þetta hefur verið rætt í nefndinni, en ekki fengizt samkomulag um afgreiðslu þess. Leggur meiri hl. (BSt, KK og KA) til, að frv. verði samþykkt. KA vill þó gera á því einhverjar breytingar. Gefa þeir því út meiri hluta nál. Einn nefndarmanna (ÞÞ) vill láta afgreiða málið með rökstuddri dagskrá, og gefur hann því út minni hl. nál. Ég vil hins vegar láta gera á frv. mjög veigamiklar breytingar, sem hinir aðrir nefndarmenn geta ekki fallizt á.

Árið 1917 er mörkuð á Alþingi sú stefna í skattamálum, sem að mestu hefur verið haldið síðan, að leggja stighækkandi skatta á tekjur og eignir svo að segja allra þegna þjóðfélagsins og flestöll atvinnufyrirtæki í landinu. Þjóðin hafði að vísu búið við tekjuskattslög síðan 1877, en samkvæmt þeim lögum náði skatturinn ekki til land-

búnaðar og sjávarútvegs, heldur hvíldi hann nær eingöngu á tekjum af verzlun, iðnaði og embættum, og svo á eignartekjum öðrum en húseignum, er sérstakur húsaskattur hvíldi á. Þegar atvinnuhættir og efnahagur landsmanna tóku allverulega að breytast í byrjun aldarinnar, þótti skattalöggjöfin frá 1877 bæði úrelt og ranglát, og því á engan hátt samrýmanleg breyttum aðstæðum í lífi þjóðarinnar. Milliþinganefnd, sem vann að endurskoðun skattalaganna 1907, komst að þeirri niðurstöðu, að rétt væri að breyta skattakerfinu. Er frv. um þetta lagt fyrir Alþingi 1913, en nær ekki fram að ganga. Árið 1917 er frv. borið fram á ný og nær þá samþykki þingsins. Stefnan um stighækkandi tekju- og eignarskatt er mörkuð með þeirri löggjöf. Það hafa að vísu orðið ýmsar breytingar á skattalöggjöfinni síðan, hún færð í fastara form, einkum með lögum frá 1921, skattstiga, frádráttarreglum o. fl. breytt á ýmsum tímum, eftir því sem nauðsynlegt hefur þótt, en meginstefnunni hefur jafnan verið haldið. Þjóðin hefur því fengið nú meira en 30 ára reynslu af þessari löggjöf. Ætti það að vera nægilega langur tími til þess að sjá, hvort áhrif laganna á þjóðlífið hafa verið ill eða góð, og hvort æskilegt og rétt sé að viðhalda þeim eða fella þau úr gildi.

Í athugasemdum um skattafrv., sem borið var fram á þinginu 1921 og þá gert að lögum, segir svo: „Það hefur verið einn aðalgalli á núgildandi tekjuskattslögum, að allt of vægt hefur verið gengið eftir því að fá upplýstar tekjur manna. Í þessu frv. hefur því mikil áherzla verið lögð á að tryggja það sem bezt, að allar tekjur og eignir, sem skatt ber að greiða af, komi fram til skattgjalds. Þetta er í raun og veru þýðingarmesta atriðið í öllum tekjuskattslögunum og undir framkvæmd þess er það mikið komið, hvort tekjuskatturinn nær tilgangi sínum, **að leggja skattbyrðina á borgarana eftir því, hversu færir þeir eru að bera hana.**“

Ég fullyrði, að þessi megintilgangur tekjuskattslaganna hefur algerlega brugðizt. Á öllum tímum frá því lögin voru sett hafa fleiri og færri menn úr öllum stéttum þjóðfélagsins gert allt, sem í þeirra valdi hefur staðið, til þess að telja ekki rétt og samvizkusamlega fram tekjur sínar og eignir, og þessi hvöt hefur orðið því ríkari, því meiri sem tekjur og eignir hafa verið, einmitt vegna hins stighækkandi skatts. Á þessu sviði virða menn algerlega að vettugi öll viðurlög. Hjá almenningi er það ekki talinn neinn ljóður á ráði manns, þótt hann telji ranglega fram tekjur sínar og eignir og svíki þannig skatt, hvað þá að slíkt sé talið heyra undir glæpi, svo almennt er þetta orðið; enda rita þúsundir manna undir þá yfirlýsingu á skattskýrslu sinni á ári hverju, að lagður sé við drengskapur, að rétt sé fram talið, þótt vitað sé, að svo er ekki og að tekjur og eignir séu allt annað og oftast miklu hærri en upp er gefið. Menn, sem engar aðrar tekjur hafa en launatekjur frá aðilum, sem gefa þær réttilega upp til skattayfirvaldanna, eru þeir einu, sem ekki hafa tækifæri til þess að gefa upp til skatts minni tekjur en þeir hafa á hverjum tíma. Leggst því skattabyrðin á þá aðila með miklu meiri þunga en á hina, sem hafa tækifæri til þess að draga úr framtali sínu og nota sér það. Viðurlög, sem sett hafa verið við slíku, hafa ekki borið sérlega mikinn árangur. Skattþegnarnir hafa ávallt fundið upp ný ráð og nýjar leiðir til þess að sniðganga skattalögin og koma sér þannig hjá því að greiða hina lögákveðnu skattaupphæð, og ríkisvaldið hefur jafnan fundið upp ný viðurlög, reynt að setja undir hvern nýjan leka, en ávallt tapað í þessari viðureign. Langstórfelldasta áfallið fyrir skattakerfið, eins og það er byggt upp, voru þau ákvæði eignarkönnunarlaganna frá 1947 að skattþegn, sem kann að hafa svikið skatt árum saman, í hve smáum eða stórum stíl sem það kann að hafa verið, gæti keypt sig undan öllum viðurlögum með því að telja þá rétt fram og kaupa ákveðin ríkisskuldabréf með 1% vöxtum til 25 ára fyrir þann hluta, sem undan skatti kann að hafa verið dreginn. Jafnvel þótt skattþegn léti þetta undir höfuð leggjast, voru honum veitt mjög mikil friðindi skv. ákvæðum 17. gr. þeirra laga, ef hann teldi nú fram rétt og samvizkusamlega, og þá jafnframt leystur frá öllu sektarfári fyrir skattsvik. Aldrei hefur Alþingi viðurkennt svo ótvírætt hvort tveggja í senn: ranglæti skattalaganna og viljaleysi og veikleika ríkisvaldsins til þess að framfylgja ákvæðum þeirra eins og vera ber. Allt þetta hlaut að skapa hreint virðingarleysi fyrir lögunum, hlaut að skapa þá skoðun

hjá almenningi, sem nú er orðin rótgróin, að það sé ekkert saknæmt að sniðganga skattalögin og fara í kringum þau á allan hugsanlegan hátt. Þótt ekkert kæmi annað til en það, sem hér hefur verið bent á, þá ætti að fella lögin úr gildi hið allra fyrsta. En það er einnig önnur mjög þýðingarmikil ástæða fyrir því, að rétt er og sjálfsagt að fella lögin úr gildi, en hún er sú, að hvert það fyrirtæki, sem rekur áhættusaman atvinnurekstur, og það gera flest framleiðslufyrirtæki í landinu, bera í sér dauðann undir ákvæðum skattalaganna, og geta því aðeins frestað honum, að þeim á einn eða annan hátt tækist að sniðganga lögin. Alþingi hefur einnig viðurkennt þetta innan vissra takmarka með því að gefa þeim fyrirtækjum, sem meiri hluti þings vill hlúa að, meira skattfrelsi, svo sem samvinnufélögum, útgerðarfélögum og hlutafélögum almennt, og eru takmörkin miðuð við mat þingsins á starfsemi þeirra til heilla fyrir land og lýð. Lengst hefur þetta gengið í sambandi við skattfrelsi Eimskipafélags Íslands, sem notið hefur fullkomins skattfrelsis til ríkisins frá upphafi. Og hvergi hefur árangurinn komið betur í ljós. Einmitt vegna þessa hefur félagið orðið fjárhagslega sterkasta athafnafyrirtæki landsins, sem m. a. af þeim ástæðum hefur megnað að leysa eitt hið allra mesta vandamál þjóðarinnar í friði og ófriði, að halda uppi ferðum og flutningum til landsins og frá því. Þetta fyrirtæki greiðir nú að öðrum leiðum margfalt stærri fjárupphæðir í ríkissjóðinn en það mundi gera, ef því hefði verið skylt að greiða skatta á hverjum tíma eftir skattalögunum, því að þá hefði því aldrei tekizt að vaxa svo sem það nú hefur gert. Ríkissjóðurinn og þjóðin öll hefur því grætt mest á því, að félagið hefur allan tímann notið skattfrelsis. Ekkert eitt dæmi er sterkari sönnun fyrir því en þetta, sem hér er nefnt, að skattalögin ber að fella úr gildi.

Með afnámi skattalaganna mundi slíkur vöxtur hlaupa í öll atvinnufyrirtæki, sem talizt gætu sæmilega örugg um afkomu í meðalárferði, að fólkið hefði meira en nóg að starfa, og ríkissjóður gæti sparað sér milljónaútgjöld til atvinnuaukningar eða atvinnubóta. Í góðærum söfnuðust sjóðir til að mæta áföllum illra ára, líkt og verið hefur hjá Eimskipafélaginu, og áhugi manna til að vinna á öllum sviðum þjóðlífsins yrði allt annar og meiri. Um þetta atriði verður ekki deilt.

Ber þá að athuga hina hlið málsins, hvort ríkissjóður þoli það fjárhagslega að fella niður tekju- og eignarskatt.

Árið 1921, sem er síðasta árið, sem tekju- og eignarskattur er innheimtur eftir skattalögunum frá 1917, nemur hann 6,2% af heildartekjum ríkissjóðs. Næsta ár og allt til 1934, að báðum árum meðtöldum, nemur hann frá 5,5%, eins og hann er lægstur 1927, og upp í 13%, eins og hann verður hæstur 1925. Síðasta árið, sem skatturinn er á lagður eftir lögunum frá 1921, nemur hann 10,5% af heildartekjunum. Á þessu tímabili, frá 1922—1934 að báðum árum meðtöldum, er tekjuskattsstiginn þannig, að 1% er greitt af tekjum undir 1 þús. kr., 14% af 50 þús. og 15% af hundrað þús. og yfir. Frádráttur er leyfður, 300 kr. fyrir hvert barn, 500 kr. fyrir einstakling og 1000 kr. fyrir hjón, og auk þess allir greiddir skattar á árinu. Eignarskatturinn er þá 1‰ fyrir eign undir 15 þús., en 7‰ fyrir 1 millj. og yfir. Árið 1935 er skattstiganum breytt þannig, að 40% er greitt af 50 þús. kr. tekjum eða meira, frádráttur fyrir barn er hækkaður í 500 kr., fyrir einstakling í 800 kr. og fyrir hjón í 1500 kr. Eignarskatturinn er hækkaður upp í 10‰ úr 7‰. Greiddir skattar á árinu eru þá einnig frádráttarhæfir. Síðan er lagt 10% ofan á skattaupphæðina. Þrátt fyrir þessa miklu hækkun á skattstiganum, hækkar hundraðshlutinn svo að segja ekki neitt, því að á árunum 1935—1939, sem þessi skattstigi gildir, nemur tekju- og eignarskatturinn frá 9,3%, eins og hann er lægstur 1937, til 11,9%, eins og hann verður hæstur 1935, eða sama árið og hækkunin gengur í gildi.

Árið 1940 er skattstiganum enn breytt. Er nú skylt að greiða 44% af 28 þús. kr. tekjum og því, sem þar er yfir, og auk þess 12% álag. Þrátt fyrir þessa gífurlegu hækkun fer hundraðshlutinn niður í 9,8% úr 10,6%, sem hann var árið áður. Sýnir þetta glöggt, að það er engan veginn öruggt, að hækkun skattstigans gefi ríkissjóði meira fé, nema um leið sé fyrir hendi veltuárferði, eins og var á árunum, sem á eftir komu.

Árið 1941 er sú breyting gerð á skattalögunum, að tekju- og eignarskatturinn samkv. skattstiganum 1935 er hækkaður um 10%, og auk þess er lagður stríðsgróðaskattur á tekjur yfir 50 þús., sem nemur 4—35% af tekjunum. Við þetta hækkar hundraðshlutinn upp í 21.4%. Þetta ár er fylgt sömu frádráttarreglum og áður. Árið 1942 er enn gerð breyting á skattalögunum. Þá er skattstiginn lækkaður þannig, að 22% er greitt af 50 þús. og yfir, en samtímis er fellt niður, að draga megi frá skattskyldum tekjum greidda skatta á árinu. Þá eru einnig ákveðin sérstök fríðindi til hlutafélaga og samvinnufélaga, sbr. það, sem tekið er fram hér að framan, og að síðustu er hækkaður persónufrádráttur, í 700 kr. fyrir barn, 900 kr. fyrir einstakling og 1800 kr. fyrir hjón. Tekin er og upp sérstök regla um útreikning á skattskyldum lágtekjum. En til viðbótar er svo stríðsgróðaskattinum breytt þannig, að lagt er 3—68% á tekjur frá 45 þús. og yfir. Maður skyldi ætla, að slík fjártaka hækkaði stórkostlega hundraðshluta teknanna, en það undarlega skeður, að hann hækkar aðeins það ár um 2,4%, eða upp í 23,6%. Árið 1943 en enn bætt við verðlækkunarskatti, sem nemur frá 4—18% á allar tekjur upp að 200 þús. Hækkar þá enn hundraðshluti teknanna um 2,1%, eða upp í 25,7% og nær þá hámarki. Hafa þessi skattaákvæði staðið óbreytt síðan, með þeim árangri, að hundraðshluti teknanna fer **minnkandi** og er árið 1949 17,4% af tekjum ríkissjóðs. Samkvæmt fjárlögum yfirstandandi árs er hann áætlaður 14%. En álitið er, að hann nái ekki þeirri upphæð, og samkv. fjárlagafrumvarpi fyrir 1951 er hann áætlaður 12,6% og ekki talið gerlegt að hækka þá áætlun. Samkvæmt ríkisreikningum hefur tekju- og eignarskattur ásamt stríðsgróðaskatti, verðhækkunarskatti og öllu álagi orðið 13,6% af ríkistekjunum að meðaltali á árunum 1922—1947. Hafa þó á þessum árum verið að minnsta kosti 6 veltiár, enda hækka þau hundraðshlutann mjög verulega. Af þessu er ljóst, að þessi skattur er engan veginn megintekjur ríkisins, því að 86,4% koma eftir öðrum og miklu kostnaðarminni og skynsamlegri leiðum. Er þetta enn ein ástæðan fyrir því, að rétt er að fella niður þennan skattstofn.

Samkv. frv. til fjárlaga fyrir n. k. ár eru tekjur ríkissjóðs af tekju- og eignarskatti og stríðsgróðaskatti áætlaðar alls 36 millj. 250 þús. Eftir því sem bezt verður séð af ríkisreikningnum 1949, fjárlögum 1950 og fjárlagafrv. 1951, er heildarkostnaðurinn við álagningu og innheimtu þessara skatta rúmlega 6 millj. kr. Þessi upphæð öll sparast, ef skattalögin eru úr gildi numin. Reikna má með, að rúmlega eitt þúsund manns vinni nú við álagningu skatta, útreikning og innheimtu og annað í sambandi við þennan tekjustofn, miðað við þann kostnað, sem að framan greinir. Ef þetta fólk allt væri sett í þjóðnýtari störf, t. d. til að efla útflutningsverðmætin, má gera ráð fyrir því, að þau ykjust um a. m. k. 15 millj. kr., en þetta gæfi aftur ríkissjóði mjög álitlegar tekjur, bæði í útflutnings- og innflutningsgjöldum. Mikill hluti af þeim 36 millj., sem skattþegnarnir losnuðu við að greiða í beina skatta, færi beint til þess að styrkja framleiðsluna og skapa henni meira öryggi og þannig treysta mun betur atvinnulífið í landinu og útflutninginn, en á því er þjóðinni nú mest þörf. Með óbreyttum tollalögum og veltuskatti mundi ríkissjóður gera meira en vinna upp tapið á tekjuskatti við örari viðskipti og sterkari löngun einstaklinga og félaga til athafna, þegar ekki væri lengur fyrirmunað að byggja fyrirtækin upp á fjárhagslega sterkum grundvelli, eins og nú er raunverulega gert með ákvæðum gildandi skattalaga. Nægði þetta ekki, mætti enn hækka mjög verulega tolla á allri ónauðsynjavöru, sem þeir einir kaupa, er til þess hafa fé, og greiða þannig að eigin vali skatta til ríkissjóðs.

Þá skal enn fremur bent á, að með afnámi tekjuskattslaganna yrði óhjákvæmilegt að endurskoða launalögin. Mundi ríkissjóður lækka með því launakostnaðinn um a. m. k. 10 millj., ef viðkomandi launþegar væru undanþegnir tekju- og eignarskatti. Er ég viss um, að launþegar hefðu eins vel sætt sig við slíkar kjarabætur eins og hitt að fá launin hækkuð um 30%, sem nú kostar ríkissjóðinn um 20 millj. króna.

Það er að sjálfsögðu ógerlegt að breyta þannig til um skattakerfi fyrirvaralaust, og því ætlast ég til, að ríkisstjórnin hafi eitt ár til þess að koma breytingunni á og

gera aðrar þær nauðsynlegar ráðstafanir, sem gera þarf í sambandi við hið breytta fyrirkomulag.

Afkoma ríkissjóðs á hverjum tíma er ekki komin undir, hversu hár tekjuskattur er lagður á þegnana, heldur undir hinu, hversu marga fjársterka þegna þjóðin á á hverjum tíma. Það er og verður jafnan bezti varasjóður ríkisins. Og afkoma lágtekjumanna fer aldrei neitt eftir því, hve mikinn skatt aðrir en þeir greiða í ríkissjóðinn, heldur eftir hinu, hversu mikil eftirspurn er eftir vinnuafli hjá fjársterkum fyrirtækjum, sem vilja halda uppi atvinnu í landinu, sér og öðrum til blessunar, og öruggasta leiðin til að skapa það ástand á landinu er að afnema með öllu gildandi lög um tekju- og eignarskatt.

Með tilvísun til þess, sem að framan greinir, legg ég til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Lög nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, og öll lagaákvæði um breyting á þeim lögum falla úr gildi þ. 31. des. 1951.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, er orðist svo:
   Fyrir samkomudag næsta reglulegs Alþingis skal ríkisstjórnin hafa undirbúið löggjöf um afnám þeirra embætta, sem stofnuð hafa verið vegna framkvæmda tekju- og eignarskattslaganna. Skal hún enn fremur undirbúa fyrir sama tíma breytingu á lögum um tollskrá, er tryggi ríkissjóði þann mismun á tekjum og gjöldum, sem áætla má, að verði við afnám tekjuskattslaganna, svo og aðrar nauðsynlegar ráðstafanir, sem gera verður í sambandi við afnám þeirra.
3. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.
4. Fyrirsögn frv. verði:
   Frv. til laga um afnám laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Alþingi, 9. des. 1950.

Gísli Jónsson,
fundaskr.

Fylgiskjal.

Hundraðshluti ríkisteknanna af tekju- og eignarskatti, stríðsgróðaskatti og skattauka.

Árið 1921	6,2 %
— 1922	9,9 —
— 1923	7,8 —
— 1924	7,2 —
— 1925	13,0 —
— 1926	8,7 —
— 1927	5,5 —
— 1928	8,9 —
— 1929	8,9 —
— 1930	7,2 —
— 1931	9,3 —
— 1932	10,5 —
— 1933	10,3 —
— 1934	10,5 —
— 1935	11,9 —
— 1936	11,2 —
— 1937	9,3 —
— 1938	11,2 —

Árið 1939	10,6 %
— 1940	9,8 —
— 1941	21,4 —
— 1942	23,6 —
— 1943	25,7 —
— 1944	22,8 —
— 1945	23,6 —
— 1946	20,5 —
— 1947	20,5 —
— 1948	23,7 —
— 1949	17,4 —
Meðaltal	13,6 %

Ed. 319. Nefndarálit [38. mál.]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur þríklofnað í málinu. Þrír nefndarmenn (BSt, KK og KA) munu leggja til, að frv. verði samþykkt með eða án breytinga. GJ hefur sérstöðu um breytingartilögur. Undirritaður telur ekki nauðsyn á, að frv. þetta verði samþykkt á þessu þingi. Virðist það síður en svo vera til þess fallið, að húsmæður ýmsar verði heimilisræknari, er á þann hátt, sem frv. ákveður, er haldið í hönd með þeim, er vinna úti um kvippinn og kvappinn í stað þess að stunda sjálfar börn og bú. Þá liggur þarna ný freisting fyrir þann, sem háan tekjuskatt greiðir, að telja laun „húshjálparinnar“ sem hæst, jafnvel með samkomulagi við hana, sem venjulega er í miklu lægri skattstiga. Þetta og fleira þarf að athuga vel.

Nú eru tekjuskattslögin í endurskoðun og hafa verið það um skeið. Er líklegt, að árangur þeirrar athugunar verði lagður fyrir næsta þing og tillögur milliþinganefndarinnar um breytingu á þeim. Virðist þetta atriði vel mega bíða þess. Legg ég því til, að frv. verði afgreitt frá deildinni með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem gera verður ráð fyrir, að milliþinganefnd sú, er nú starfar að endurskoðun tekju- og eignarskattslaganna, leggi tillögur sínar um breytingu á þeim fyrir næsta þing, en breyting sú, er frv. þetta vill gera á þeim lögum, virðist ekki mjög aðkallandi, telur deildin rétt að fresta afgreiðslu málsins efnislega á þessu þingi og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 10. des. 1950.

Þorst. Þorsteinsson.

Sþ. 320. Tillaga til þingsályktunar [134. mál]

um endurheimt handrita og forngripa.

Flm.: Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að bera nú þegar fram við dönsk stjórnarvöld kröfu vora um það, að skilað verði aftur handritum þeim og forngripum, sem Íslendingar eiga í dönskum söfnum.

Greinargerð.

Það er alkunnugt, að í söfnum í Danmörku er mikill fjöldi íslenzkra handrita og forngripa, er til Danmerkur voru flutt fyrr á öldum úr skjalasöfnum hér og eigu einstakra manna. Það eru ekki skiptar skoðanir um það hér á landi, að Íslendingar séu réttir eigendur handrita þeirra og forngripa, sem hér um ræðir. Krafa þeirra á hendur danskra stjórnarvalda um, að Íslendingum séu afhentir þessir fjársjóðir, styðst við siðferðislegan, sögulegan og lagalegan rétt þeirra í þessu efni, Íslendingum er það, eins og gefur að skilja, mikið og hjartfólgið áhugamál að fá þessar dýrmætu sögulegu heimildir og fornminjar í sína vörzlu, til varðveizlu í sínu eigin landi. Þess varð ekki langt að bíða, eftir að stjórnin var flutt inn í landið upp úr aldamótunum, að fram væri borin á Alþingi krafa um það, að stjórnin beitti sér fyrir því, að mál þetta yrði tekið upp og að því unnið, að viðurkenndur yrði eignarréttur Íslendinga á þessum fjársjóðum og þeim skilað aftur. Galt Alþingi ályktun um þetta efni einróma jákvæði sitt. Síðan hefur að minnsta kosti verið ályktun um það gerð á Alþingi þrisvar sinnum að fá þessum kröfum fullnægt. Eigi hefur þetta þó borið árangur enn sem komið er, annan en þann, að skilað hefur verið aftur úr safni Árna Magnússonar einhverju af handritum, sem báru þess skýlaus merki, að Árni hefði fengið þau að láni.

Er eigi við það hlítandi lengur, nú eftir að slitin hafa verið að fullu stjórnarfarsleg tengsl milli Íslands og Danmerkur, að ekki sé með fullri festu og einurð gengið eftir rétti vorum til þess að fá aftur fjársjóði þessa í vorar hendur. Er þetta einn og ekki þýðingarlítill þáttur í reikningsskilum þeim milli landanna, sem ljúka þarf nú eftir sambandsslitin.

Þegar ég á öndverðum vetri á síðasta þingi bar fram fyrirspurn um það til ríkisstjórnarinnar, hvað hún hygðist að aðhafast í þessu máli, benti utanríkisráðherra á, að nefnd manna, er danska stjórnin hefði skipað, fjallaði um þetta mál og mundi mega vænta álits frá henni þá innan skamms. Þetta hefur brugðizt. Ekkert hefur enn heyrzt frá nefnd þessari eða fregnir af því borizt, hvort hún hefst nokkuð að eða ekkert. Og gjalda skyldu íslenzk stjórnarvöld varhuga við því að halda að sér höndum í málinu af þeim sökum einum, að skipuð hefði verið í Danmörku nefnd, er hugleiða skyldi málið. Þess er og vert að geta, að fræðimenn vorir hafa ekki látið þetta fyrirbæri slæva eggjar sínar í sókn þessa máls. Þvert á móti hafa þeir nú upp á síðkastið hert mjög róðurinn um lausn málsins. Hafa nú um skeið birzt hér nokkrar skeleggar greinar í blöðum og tímaritum um málið, þar sem vel og röggsamlega er haldið á rétti Íslendinga og eigi dregin dul á rétt þeirra til þess að fá þessum kröfum sínum fullnægt. Þá hafa og birzt í dönskum blöðum raddir frá Dönum sjálfum, sem taka undir og viðurkenna þetta sjónarmið Íslendinga. Er að þessu öllu ærinn styrkur fyrir ríkisstjórn vora, er hún lætur nú málið til sín taka og gerir gangskör að því að krefjast þessa réttar vors.

Sþ. 321. Tillaga til þingsályktunar [135. mál]

um friðun Faxaflóa.

Flm.: Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að ákveða með reglugerð samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, að Faxaflói allur, innan línu, sem dregin er frá Reykjanesi í Geirfuglasker og þaðan að Öndverðanesi, verði friðaður fyrir botnvörpu- og dragnótaveiðum.

Greinargerð.

Á síðasta þingi var samþykkt þingsályktunartillaga um þetta efni, en með nokkuð öðru og óákveðnara orðalagi en nú er í tillögunni. Varð það þá ofan á við endanlega afgreiðslu tillögunnar að haga orðalagi hennar svo sem gert var með hliðsjón af því, að alllangt var þá enn í land um það, að út rynni samningur sá, sem Danir gerðu að Íslendingum forspurðum um aldamótin síðustu við Englendinga um fiskveiðaréttindi þeirra hér við land. Samningi þessum hefur, svo sem kunnugt er, verið sagt upp af hálfu Íslendinga, og fellur hann úr gildi á miðju næsta ári. Með afnámi samnings þessa, sem verið hefur fjötur um fót Íslendinga nú um hálfrar aldar skeið, er stigið merkilegt og þýðingarmikið spor. Er þá ekkert því til fyrirstöðu, að ákveðin verði með reglugerð, sem sett er á grundvelli þeirra laga, sem til er vitnað í meginmáli tillögunnar, nauðsynleg verndun fiskimiða við strendur landsins, og tekur sú ákvörðun jafnt til allra erlendra þjóða, er fiskveiðar stunda hér við land.

Fer hér á eftir greinargerð sú, er fylgdi tillögu þeirri, sem flutt var á síðasta þingi. Hefur aðstaðan hér að engu breytzt, nema hvað það kemur æ skýrara og skýrara í ljós með hverju árinu, sem líður, að brýn og óhjákvæmileg þörf er á aukinni friðun.

„Það dylst engum nú orðið, hver vá er fyrir dyrum hjá Íslendingum af völdum hinna gegndarlausu botnvörpu- og dragnótaveiða á fiskimiðunum við strendur landsins. Þátttaka Íslendinga í botnvörpu- og dragnótaveiðum hefur verið aukin hin síðari ár, en það, sem mestu máli skiptir þó í þessu sambandi, er hin stóraukna aðsókn erlendra botnvörpuskipa á fiskimiðin hér. Með hverju árinu, sem líður, fjölgar þessum erlendu fiskiskipum við strendur landsins. Skipin stækka og afköst þeirra við veiðarnar vaxa að sama skapi. Allt stefnir þetta til þeirrar rányrkju á miðunum, að til auðnar horfir áður en varir, ef þar verður eigi komið vörnum við. Eru dæmin um það deginum ljósari, að línuveiðar bátaflotans gefa með hverju árinu, sem líður, lakari og lakari raun á þeim svæðum, þar sem mest er örtröðin vegna botnvörpuveiðanna. Á fiskimiðunum í Faxaflóa þjarma botnvörpungarnir að bátaflotanum með tvennum hætti: eyðingu fisksins, þegar þeir í stórum hópum, stundum svo hundruðum skiptir, draga vörpur sínar hlið við hlið um allt veiðisvæðið, meðan nokkra bröndu er þar að fá, og hinu, að bátarnir verða af völdum togaranna oft og löngum fyrir stórfelldu veiðarfæratjóni.

Á yfirstandandi vetrarvertíð stunda 115 línubátar fiskveiðar frá verstöðvunum við Faxaflóa, samanlagt um 6753 brúttó rúmlestir að stærð. Má af þessu ráða, hve bátaútvegurinn við Faxaflóa er stór og veigamikill þáttur í fiskveiðum Íslendinga. Er það því mikið áfall, þegar fiskveiðar bregðast í flóanum.

Það orkar ekki tvímælis, að aflatregðan í Faxaflóa á rót sína að rekja til skefjalausra botnvörpu- og dragnótaveiða á þessum slóðum. Í Faxaflóa eru víðáttumiklar klakstöðvar, og þar eru enn fremur einhverjar þýðingarmestu uppeldisstöðvar nytjafiska. Fiskgengd er því ávallt mikil í flóanum, enda viðurkennt að fornu og nýju, að þar séu einhver fiskisælustu mið við strendur þessa lands.

Friðun Faxaflóa fyrir botnvörpu- og dragnótaveiðum er því óneitanlega mjög þýðingarmikill þáttur í þeirri sjálfsbjargarviðleitni Íslendinga að koma í veg fyrir hóflausa rányrkju á fiskimiðunum með aukinni friðun til verndunar fiskstofninum og því til öryggis og tryggingar, að fiskveiðar hér geti í framtíðinni orðið Íslendingum lífvænlegur atvinnuvegur. Óhjákvæmilegt er, að Íslendingar hefjist nú handa um það af alefli, að komið verði í framkvæmd ráðstöfunum um verndun fiskstofnsins og aukið olnbogarúm Íslendinga sjálfra á sínum heimamiðum með sem víðtækastri stækkun landhelginnar. Tekur þessi nauðsyn einnig til síldveiðanna, svo mjög sem erlendir síldveiðimenn þrengja nú orðið kosti Íslendinga á höfuðstöðvum þeirra veiða.“

Nd. 322. Nefndarálit [69. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 12. febr. 1945, um breyt. á l. nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og fengið umsögn landlæknis um það. Fjórir nefndarmenn mæla með því, að frv. verði samþykkt. Einn nefndarmanna, Helgi Jónasson, getur ekki mælt með frv. og mun gera grein fyrir afstöðu sinni við umræðu málsins.

Alþingi, 8. des. 1950.

Páll Þorsteinsson, form., frsm. | Kristín L. Sigurðardóttir, fundaskr. | Gylfi Þ. Gíslason.

Jónas Árnason.

Nd. 323. Nefndarálit [59. mál]

um frv. til l. um vinnumiðlun.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Með frv. þessu er gert ráð fyrir, að ríkisvaldið felli niður öll afskipti af vinnumiðlun í landinu og leggi það á vald bæjarstjórna, hvort slíkri starfsemi er haldið uppi eða ekki. Mun ráðstöfun þessi vafalaust hafa í för með sér, að dregið verður úr þessari starfsemi frá því, sem verið hefur. Hér er stefnt í þveröfuga átt við það, sem æskilegt væri, og tekin upp stefna, sem er gerólík þeirri, sem nú er uppi í þessum málum í nálægum menningarlöndum. Það var mikilvægt framfaraspor í félagsmálum, þegar sett voru lög um vinnumiðlun 1935 og komið á fót vinnumiðlunarskrifstofum í ýmsum kaupstöðum. Þjóðfélaginu er það geipidýrt að láta vinnuafl ónotað eða illa hagnýtt og raunar dýrara en talið verður í krónum og aurum. Öflug vinnumiðlun stuðlar mjög að hagkvæmri hagnýtingu vinnuaflsins og hefur því mikla þýðingu, bæði þjóðhagslega og félagslega. Þetta hafa allar menningarþjóðir gert sér ljóst og því talið sjálfsagt að halda uppi sem fullkomnastri vinnumiðlun. Alþjóðavinnumálastofnunin, sem Ísland er aðili að, hefur talið mál þetta svo mikilvægt, að hún hefur séð ástæðu til þess að gera alþjóðasamþykkt um skipulagningu vinnumiðlunar í því skyni, að aðildarríkin efli þessa starfsemi sem mest. Á þingi stofnunarinnar, sem haldið var í San Fransisco sumarið 1948, var samþykkt samhljóða frumvarp að alþjóðasamþykkt um vinnumiðlun. Var þar fyrst og fremst gert ráð fyrir því, að sérhvert ríki innan vébanda stofnunarinnar héldi uppi víðtækri vinnumiðlun, og enn fremur settar um hana ýmsar reglur til að tryggja, að hún kæmi að sem beztum notum. Hafa þingmenn átt þess kost að kynnast reglum þessum, þar eð skýrslu um störf þingsins hefur verið útbýtt sem þingskjali nr. 33. Ísland átti fulltrúa á þingi þessu, og voru reglurnar samþykktar með atkvæði Íslands. Atkvæði Íslands á þinginu mun að vísu ekki vera réttarlega skuldbindandi fyrir ríkisstjórnina, fyrr en samþykktin hefur verið staðfest á Alþingi, en það hefur ekki verið gert. En óviðkunnanlegt er það og óeðlilegt, að sama ráðuneytið, sem sendir fulltrúa á alþjóðaþing og fellst á, að þeir gerist aðilar að mikilvægri alþjóðasamþykkt, skuli rétt á eftir standa að lagabreytingu, sem gengur í þveröfuga átt við stefnu alþjóðasamþykktarinnar.

Frv. þetta er ekki borið fram vegna almennra óska kaupstaðanna um að takast þessa starfsemi á hendur. Ýmsir þeirra hafa þvert á móti þegar andmælt frv. Sparn-

aður ríkissjóðs vegna frv. er hverfandi lítill og sparnaður opinberra sjóða í heild enginn, nema afleiðingin verði sú, að dregið verði verulega úr vinnumiðluninni, en það mun fljótlega reynast margfalt dýrara en nemur þeim fáu krónum, sem sparaðar yrðu.

Á undanförnum hálfum öðrum áratug hafa hér verið stigin mörg merk spor fram á við í félagsmálum. Ef frv. þetta yrði samþykkt, yrði stigið spor aftur á bak. Á slíkt getur Alþýðuflokkurinn ekki fallizt. Og það er þeim mun varhugaverðara að stíga þetta spor aftur á bak nú sem þörfin á öflugri vinnumiðlun er mun brýnni en verið hefur undanfarin ár, þar eð horfur í atvinnumálum eru nú uggvænlegar og atvinnuleysi sverfur að víða um land. Alþýðuflokkurinn telur, að Alþingi eigi að bregðast við hinu nýja viðhorfi í atvinnumálum á allt annan hátt en þann að reyna að spara smávægilegar fjárupphæðir til vinnumiðlunar. Hann telur þvert á móti nauðsynlegt að auka vinnumiðlunina og gera ýmsar aðrar ráðstafanir til þess, að unnt verði að koma algerlega í veg fyrir atvinnuleysi og þá sóun og það böl, sem því er samfara. Í því skyni er m. a. nauðsynlegt að hafa glöggt yfirlit yfir vinnuafl þjóðarinnar, ráðstöfun þess og launakjör í landinu. Vinnumiðlunarskrifstofunum hefur verið ætlað að vinna að slíku, en það hefur ekki verið gert. Til þess að tryggja skynsamlega hagnýtingu vinnuaflsins er og nauðsynlegt að taka upp leiðbeiningar um stöðuval og vinnuþjálfun og þá ekki síður að gera öflugar ráðstafanir til þess að veita öryrkjum kost á vinnu við sitt hæfi, ekki aðeins til þess að tryggja hagnýtingu vinnuafls, sem ella væri ónotað, og bæta hag öryrkjanna, heldur einnig til þess að auka lífsþrótt þeirra. Jafnframt ber svo brýna nauðsyn til, að efnt sé til unglingavinnu, en á síðastliðnu sumri bar einmitt verulega á því, að unglingum reyndist erfitt að fá vinnu við sitt hæfi.

Til þess að marka þá stefnu sem Alþýðuflokkurinn telur að fylgja eigi í stað þeirrar stefnu, sem mótar þetta frv., mun af hálfu Alþýðuflokksins verða flutt frv. um, að komið verði á fót Atvinnustofnun ríkisins, er hafi þessi verkefni með höndum:

1) Skráningu vinnuafls þjóðarinnar og samningu launaskýrslna.
2) Atvinnuleysisskráningu.
3) Vinnumiðlun.
4) Leiðbeiningar um stöðuval.
5) Vinnuþjálfun.
6) Öryrkjavinnu.
7) Unglingavinnu.
8) Ráðstöfun þess fjár, sem veitt er í fjárlögum til framleiðslu- eða atvinnuaukningar.

Alþýðuflokkurinn telur, að miðað við horfur þær, sem nú eru framundan í atvinnumálum, væru slíkar ráðstafanir nauðsynlegar, en ekki samþykkt frv. þess, sem hér liggur fyrir. Það á að auka vinnumiðlunina og gera aðrar ráðstafanir til þess að stuðla að betri hagnýtingu vinnuaflsins og koma í veg fyrir atvinnuleysi, en ekki að gera ráðstafanir, sem stefna í öfuga átt.

Þess vegna legg ég til, að frv. verði felld.

Alþingi, 9. des. 1950.

Gylfi Þ. Gíslason.

Nd. 324. Nefndarálit [10. mál]

um frv. til l. um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndarmenn eru ekki sammála um frv. Einn nefndarmanna (EOl) er andvígur frv. og mun gefa út sérstakt nefndarálit, en meiri hl. nefndarinnar mælir með því, að frv. verði samþykkt með nokkrum breytingum, sem hann ber fram á sérstöku þingskjali. Ásgeir Ásgeirsson áskilur sér rétt til að fylgja breytingartillögum um álag á ferðagjaldeyri og innlendan söluskatt bifreiða.

Alþingi, 8. des. 1950.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Sig. Ágústsson, fundaskr. Ásg. Ásgeirsson.
Jóhann Hafstein.

Nd. 325. Nefndarálit [116. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 66/1944, um breyt. á og viðauka við l. nr. 36/1909, um laun háskólakennara, og um breyt. á l. nr 21/1936, um Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin mælir með frumvarpinu.

Alþingi, 9. des. 1950.

Gunnar Thoroddsen, form., frsm. Páll Þorsteinsson, fundaskr. Gísli Guðmundsson.
Ásmundur Sigurðsson. Kristín L. Sigurðardóttir.

Nd. 326. Nefndarálit [89. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. JóhH og JR hafa óbundnar hendur um málið.

Alþingi, 9. des. 1950.

Jörundur Brynjólfsson, form., frsm. Jóhann Hafstein, fundaskr. Jónas G. Rafnar.
Finnur Jónsson. Áki Jakobsson.

Nd. 327. Framhaldsnefndarálit [10. mál]

um frv. til l. um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Framhaldsálit þetta er gefið út til birtingar á fylgiskjali.

Alþingi, 11. des. 1950.

Ásg. Ásgeirsson.

Fylgiskjal.

Reykjavík, 5. desember 1950.

Til Alþingis, Reykjavík.

Vér undirrituð samtök bifreiðaeigenda í Reykjavík leyfum oss hér með að fara þess á leit við hið háa Alþingi, að það felli úr gildi ákvæði þau í lögum um dýrtíðarráðstafanir frá 1948, sem mæla svo fyrir, að 20% skuli greiða af matsverði þeirra bifreiða, sem seldar eru innanlands. Ákvæði þessi hafa verið framlengd oftar en einu sinni, en síðasta framlengingin á að falla úr gildi um næstu áramót. Ástæður fyrir þessari ósk vorri eru þær, er nú skal greina: Þegar þessi lagaákvæði voru sett, þá var ástandið þannig í þessum málum, að bifreiðar voru seldar hér við óeðlilega háu verði, þannig að gamlir vagnar gengu kaupum og sölum á tvöföldu til þreföldu verði nýrra bifreiða og sá, sem fékk innflutningsleyfi fyrir nýrri amerískri bifreið, gat talið það sér til tekna allt að kr. 50000.00.

Meðan þetta ástand ríkti litum vér svo á, að rétt gæti talizt, að slík verzlun væri skattlögð, og létum því málið kyrrt liggja. En nú er öldin önnur.

Með bréfi þessu fylgja tveir verðlagsreikningar (fylgiskjal nr. 1 og 2) yfir tvær innfluttar bifreiðar af sömu gerð. Fylgiskjal nr. 1 ber með sér, að vagn, sem var fluttur inn í landið þann 27/7 1948, sama ár og lögin um 20% skattinn voru sett, kostaði kr. 28409.00. Af þeirri fjárhæð var hlutur ríkisins kr. 9872.15. Fylgiskjal nr. 2 sýnir hins vegar stórfelldar breytingar á verðlagi bifreiða frá árinu 1948. Þar ræðir um vagn, sem er fluttur til landsins þann 10. júlí 1950. Þessi vagn, sem er sömu tegundar og sá fyrrnefndi, kostar nú 85686.36, og er hlutur ríkisins þar af kr. 39063.57.

Ef þessi vagn væri seldur á kostnaðarverði, ber samkvæmt núgildandi lagaákvæðum að greiða nýjan skatt til ríkisins, sem nemur kr. 17000.00, þannig að hlutur ríkisins yrði af þessum vagni við fyrstu sölu alls kr. 56063.57, en hið svokallaða rétta verð vagnsins væri þá komið yfir kr. 102000.00, án þess að seljandinn hafi haft eins eyris hagnað af viðskiptunum.

Verð notaðra bifreiða er nú aðeins hluti af nýrra bifreiða verði og fer eftir ástandi þeirra. Það er því augljóst, að svartur markaður og stór gróði af bílasölu er ekki lengur fyrir hendi.

Auk þess er kostur þeirra, sem lifibrauð hafa af akstri bifreiða, stórlega lakari nú en áður var, vegna stór hækkaðra útgjalda við starfið og minnkandi atvinnu, og hvað einkabifreiðar snertir, þá er tilkostnaður við þær að sama skapi hár, en þær eru í langflestum tilfellum nátengdar daglegum störfum eigendanna, bæði í sveit og við sjó.

Þar sem nefndur 20% skattur er afar þungbær, hefur skapazt það ástand, að í landinu eru nú í notkun mörg hundruð bifreiðar, sem seldar hafa verið, en ekki umskráðar á nöfn hinna nýju eigenda, og sögur hafa heyrzt um það, að vagnar hafi gengið mannsali, án þess að skráning hafa farið fram á þeim, eingöngu til þess að sniðganga þessa skattgreiðslu. Hér hefur skapazt stórhættulegt ástand, þar sem

mikil áhætta getur fylgt fyrir þann, sem skrásettur er eigandi bifreiðarinnar, ef slys bæri að höndum. Önnur óþægindi stafa einnig af þessu.

Flóttinn frá þessari skattgreiðslu veldur svo fölsun á skattframtölum manna, sem ef til vill mundu í fyrsta sinn leita inn á þá braut til þess að létta sér hinar þungu skattabyrðar.

Auk ofanritaðs er svo bifreiðin, nú þarfasti þjónninn, það eina í landinu af notuðum munum, sem skattlagðir eru með beinum skatti í sölu, eftir því sem vér bezt vitum.

Byggt á framanrituðu er það eindregin ósk vor, að nefndur skattur verði felldur niður þegar í stað.

Í trausti þess, að hið háa Alþingi afgreiði þessi mál í samræmi við málstað vorn.

Virðingarfyllst.

F. h. Bifreiðastjórafélagsins Hreyfill.

Bergsteinn Guðjónsson.

F. h. Vörubifreiðastjórafélagsins Þróttur.

Guðm. Kristmundsson.

F. h. Félags sérleyfishafa.

Guðbr. Jörundsson.

F. h. Félags íslenzkra bifreiðaeigenda.

Aron Guðbrandsson.

Fskj. nr. 1.

H/F RÆSIR

Reykjavík, 2. desember 1950.

VERÐLAGSREIKNINGUR

yfir 1 stk. De Soto, fólksbifreið
Frá Chrysler Corporation,
Með Tröllafossi þann 27/7 1948.
Farmskrárnr. 253. Afgreiðslunr. 9930.

Innkaup $. 1570.71 á kr. 6.5050	kr.	10217.47
Kostnaður í U.S.A. $. 244.13	—	1588.07
Flutningsgjald	—	4073.40
Vátrygging	—	229.28
Cif-verð	—	16108.22
Uppskipun	—	403.40
Akstur	—	201.70
Vörutollur	—	147.42
Verðtollur	—	7918.53
Vörugjald	—	125.95
Leyfisgjald	—	64.93
Bankakostnaður	—	236.31
Gúmmígjald	—	535.87
Innkaupsverð — Kostnaðarverð	kr.	25742.43
Álagning 5% plús kr. 300.00	kr.	1587.12
Skattur til tollstjóra	—	535.87
— — Viðtækjaverzl. ríkisins	—	123.74

		Kr. 27989.16
Söluskattur 1.5%		— 419.84
Útsala		kr. 28409.00

A.L.S.

Hlutur ríkissjóðs af bílverðinu kr. 9872.15.

Fskj. nr. 2.

H/F RÆSIR

Reykjavík, 2. desember 1950.

VERÐLAGSREIKNINGUR

yfir 1 stk. De Soto, fólksbifreið
Frá Chrysler Corporation,
Skip Tröllafoss. Komudagur 1/7 50. Farmskrá nr. 161.
Innf. nr. 9122. Tollafgr. nr. 9353.

	Erlend mynt	Fyrir gengisbr. Kr.	Eftir gengisbr. Kr.
Innkaup	$ 1789.45	16758.20	29203.82
Erlendur kostnaður	– 231.64	2169.31	3780.37
Flutningsgjald	„	6308.91	9143.35
Vátrygging	„	561.04	931.27
Cif-verð	$ 2021.09	25797.46	43058.81
Uppskipun	„	403.00	403.00
Akstur	„	201.50	201.50
Vörutollur	„	49.24	49.24
Vörutollsviðauki	„	98.48	98.48
Verðtollur 30%	„	7739.24	12722.84
Verðtollsviðauki	„	5030.50	5725.28
Gúmmígjald	„	300.00	300.00
Vörugjald	„	144.00	144.00
Leyfisgjald	„	189.28	329.84
Vextir	„	630.33	630.33
Kostnaðarverð	„	40583.03	63663.32
Álagning 5%	„	„	2029.15
—	„	„	300.00
Söluskattur til tollstjóra	„	„	4046.15
Skattur	„	„	13556.70
— til Viðt.verzl.	„	„	410.92
Söluskattur 2%	„	„	1680.12
Heildarupphæð kr.	„	„	85686.36

A.L.S.

Hlutur ríkissjóðs af bílverðinu kr. 39063.57.

Nd. 328. Lög [21. mál]

um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

(Afgreidd frá Nd. 11. des.)

Samhljóða þskj. 176.

Nd. 329. Lög

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 frá 1940.

(Afgreidd frá Nd. 11. des.)

Samhljóða þskj. 228.

Nd. 330. Nefndarálit [57. mál]

um frv. til l. um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Akureyrar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur einróma til, að það verði samþykkt með lítils háttar breytingu.

Frv. var sent merkjadómi Reykjavíkur og bæjarráði Reykjavíkur til umsagnar. Var sérstaklega leitað álits þessara aðila um það, hvort ástæða væri til að setja löggjöf í heimildarformi um sama efni, sem næði til allra bæjarfélaga á landinu. Taldi merkjadómur Reykjavíkur ekki nauðsyn á slíkri löggjöf, þar sem nægja ætti, að sett væru hverju sinni sérlög fyrir þá kaupstaði og kauptún, sem telja sér þörf á slíkri löggjöf. Bæjarráð Reykjavíkur mælti hins vegar með heildarlöggjöf.

Í umsögn merkjadóms Reykjavíkur var á það bent, að tæplega væri þörf á þeim sérdómstóli, sem 11. gr. frv. gerir ráð fyrir, því að nota mundi mega ákvæði III. kafla laga nr. 41 frá 1919 um landamerki o. fl. Nefndin lítur hins vegar svo á, að rétt sé að samþykkja frv. óbreytt, þar sem ákvæði þess um merkjadóm séu einfaldari og eigi betur við aðstæður en fyrirmæli III. kafla laga nr. 41 frá 1919.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU.

Eftir 14. gr. komi ný grein, sem verður 15. gr., svo hljóðandi:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi, 11. des. 1950.

Jörundur Brynjólfsson, form.	Jónas G. Rafnar, frsm.	Jóhann Hafstein. fundaskr.
Finnur Jónsson.	Áki Jakobsson.	

Fylgiskjal I.

Reykjavík, 2. desember 1950.

Ég hef rætt nokkuð við Árna Þ. Árnason lóðaskrárritara um frv. til laga um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Akureyrar (þskj. 92), er allshn. neðri deildar sendi bæjarráði til umsagnar hinn 8. f. m.

Eins og í greinargerð segir, er frv. samið að miklu leyti eftir l. nr. 35/1914, um mælingu og skrásetningu lóða og landa í Reykjavík, með breytingum skv. l. nr. 35/1923.

Telur lóðaskrárritari tímabært, að gerðar verði breytingar á þeirri löggjöf að því er Reykjavík varðar og hefur borið fram tillögu til borgarstjóra og bæjarráðs um, að hafizt verði handa um undirbúning þess máls. Ég efa ekki, að breyta megi til bóta ýmsum ákvæðum þessara laga og að setja beri nánari og skilmerkilegri ákvæði um lóðamælingar — uppdrætti — skrásetningar — hér í Reykjavík, þar sem töluverð reynsla er fengin um þær framkvæmdir, sem frv. stefnir að.

Þykist ég vita, að bæjarráð muni bráðlega gera ráðstafanir til að fá nákvæmar tillögur um þessi efni.

Eigi að síður er það vitað, að á grundvelli gildandi löggjafar hafa hér í Reykjavík verið unnin mikilvæg og margs háttar störf, e. t. v. undirbúningsstörf, til nákvæmra lóðamælinga og skrásetningar, Frá alm. löggjafarsjónarmiði er æskilegt, að sett verði heildarlöggjöf um mælingar og skrásetningar lóða og landa í kaupstöðum og jafnvel e. a. öðrum byggðarlögum landsins, til ákvörðunar um meðferð þeirra mála, er frv. nær til.

Komast mætti hjá tvíverknaði — og margföldum verknaði — um löggjafarstörf, ef vísa mætti til almennrar löggjafar um þetta efni.

Á þessu stigi sýnist eðlilegt, að slík alm. löggjöf yrði sett sem heimildarlög fyrir bæjar- og sveitarfélögin. Það fer mjög eftir öllum aðstæðum, hversu brýn þörfin er á hverjum stað.

Eins og sakir standa, virðist mér þó ekkert mæla því í gegn, að frv. verði samþykkt að efni til. Ég þykist vita, að í skjóli þeirrar löggjafar mætti vinna margt til gagns og frambúðar.

Ég bendi á, til athugunar fyrir bæjarstjórn Akureyrar, er til framkvæmda laganna kynni að koma, að leitað verði upplýsinga og leiðbeininga hjá lóðaskrárritaranum hér og forstöðumanni mælingadeildar bæjarverkfræðings, Hauki Péturssyni mælingaverkfræðingi. Þykir mér einsýnt, að þeir, í umboði bæjarstjórnarinnar, veiti væntanlegum mælingamanni (lóðaskrárritara) Akureyrar hinar fyllstu upplýsingar.

Er þá líklegt, að reynsla á báðum stöðum kynni að veita meiri og betri leiðbeiningar til löggjafar, er sett yrði fyrir allt landið, en að mínu viti ber að stefna að því, skv. því er að framan segir.

Framanritað bréf hefur verið lagt fyrir bæjarráð Reykjavíkur og mér falið að senda háttv. nefnd umsögnina.

Tómas Jónsson.

Til allshn. neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

BORGARDÓMARINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 17. nóvember 1950.

Út af erindi yðar, dags. 8. þ. m., varðandi frumvarp til laga um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumræmi Akureyrar, vill merkjadómur Reykjavíkur taka það fram, að hann sér ekki nauðsyn á því, að sett sé heildarlöggjöf um þetta efni. Ætti að nægja, að sett væru hverju sinni sérlög fyrir þá kaupstaði og kauptún, sem telja sér þörf á slíkum lögum. Að öðru leyti viljum vér taka þetta fram um frumvarpið:

Í 11. gr. er mælt svo fyrir, að sérstakur dómur, merkjadómur, skuli skera úr öllum þrætum um merki lóða, og skipa hann bæjarfógetinn á Akureyri og tveir meðdómsmenn. Tæplega virðist þörf á slíkum sérdómstóli, því að nota mundi mega ákvæði III. kafla laga nr. 41 frá 1919, um vettvangsmál, um úrskurð þessara mála. Í Reykjavík var að vísu settur sérstakur merkjadómur með lögum nr. 35 frá 1914, 5. gr. Var þar ákveðið, að annar maður en hinn reglulegi dómari, bæjarfógetinn, skyldi vera formaður dómsins. Mun þessi tilhögun hafa verið höfð fyrst og fremst til að létta af bæjarfógetanum því mikla starfi, sem búast mátti við, að yrði samfara úrskurðum á merkjaþrætum, sem rísa mundu í sambandi við skrásetningu lóða. Með því að í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að bæjarfógetinn á Akureyri verði for-

maður merkjadóms, þá er sýnt, að þessi ástæða liggur ekki til grundvallar störfum merkjadómsins á Akureyri, og virðist þá ekki vera þörf á sérstökum merkjadómi þar í bæ.

Einar Arnalds. Ólafur Lárusson.

Til allsherjarnefndar neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Sþ. 331. Tillaga til þingsályktunar [136. mál]

um útvegun láns til hraðfrystihúsbyggingar á Húsavík.

Flm.: Kristinn Andrésson, Hannibal Valdimarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að útvega Fiskiðjusamlagi Húsavíkur á þessu ári lán, að upphæð 800 þús. krónur, til hraðfrystihúsbyggingar með sömu kjörum og stofnlánadeild sjávarútvegsins veitir í þessu skyni.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt vegna þess, að brugðizt hefur fjárveiting úr stofnlánadeild sjávarútvegsins að upphæð 800 þús. kr., sem Fiskiðjusamlagi Húsavíkur var lofað, þegar það réðst í smíði hraðfrystihúss á staðnum. Eftir að framlag stofnlánadeildarinnar brást, gaf fjármálaráðherra loforð um, að ríkið útvegaði jafnháa lánsupphæð með sömu kjörum, og skyldi lánið veitt 8. apríl 1950. Þetta loforð hefur einnig brugðizt, eða dregizt á langinn, svo að Fiskiðjusamlagið er komið í þrot með bráðabirgðalán sín, og frystihúsið, sem er næstum fullgert, hefur ekki getað tekið til starfa.

Eins og atvinnuástandið er á Húsavík, er það brýnasta nauðsyn fyrir bæjarfélagið, að hraðfrystihúsið, sem veitt getur 40—50 manns atvinnu, taki hið bráðasta til starfa, og er ríkisstjórninni með tillögu þessari falið að sjá um, að svo geti orðið.

Ed. 332. Nefndarálit [47. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 112 30. sept. 1947, um loðdýrarækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt málið á mörgum fundum og er ekki alls kostar sammála um afgreiðslu þess. Þó hefur orðið samkomulag um að flytja við það breytingartillögur, og mun nefndin öll standa að þeim, en annars áskilja nefndarmenn sér rétt til að flytja frekari breytingartillögur, svo og að fylgja öðrum, er fram kunna að koma.

Alþingi, 11. des. 1950.

Páll Zóphóníasson, form., frsm. Eiríkur Einarsson, fundaskr. Vilhjálmur Hjálmarsson.

Þorst. Þorsteinsson. F. R. Valdimarsson.

Ed. 333. Breytingartillögur [47. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 112 30. sept. 1947, um loðdýrarækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Tvo síðustu málsl. skal orða svo: Búnaðarfélag Íslands skal hafa umsjón með loðdýraræktinni í landinu undir stjórn landbúnaðarráðherra. Hann sker úr ágreiningi um, hvort einhver dýrategund skuli teljast til loðdýra eða ekki.
2. Við 5. gr. Í stað síðari efnismálsgr. kemur:
   Óheimilt er að reisa ný minkabúr eftir að lög þessi koma til framkvæmda. Þeim, sem þá eiga lögleg umbúin minkabúr, önnur en steinsteypt, er þó heimilt að láta þau standa allt að þrem misserum, en þó aldrei lengur en Búnaðarfélag Íslands telur það fullgilda vörzlu.
   Þar, sem minkar eru nú geymdir í steinsteyptum húsum, má ala þá áfram í þeim í allt að 5 ár eftir að lög þessi koma til framkvæmda, sbr. þó 11. gr. laga nr. 56 25. maí 1948.

Nd. 334. Nefndarálit [63. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur haft mál þetta til athugunar, en ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Minni hl. leggur til, að frv. verði samþykkt, en áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 11. des. 1950.

Jörundur Brynjólfsson, form. Áki Jakobsson, frsm.

Nd. 335. Frumvarp til laga [137. mál]

um endurskoðun fasteignamatsins frá 1942.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Fjármálaráðherra skipar 3 menn í nefnd og 3 til vara til að samræma gildandi fasteignamat þeim verðlagsbreytingum og framkvæmdum, er orðið hafa í landinu frá því 1940. Fjármálaráðherra skipar formann nefndarinnar og varaformann.

2. gr.

Til hliðsjónar við breytingu fasteignamatsins skal nefndin einkum taka tillit til eftirfarandi atriða

1. Söluverðs fasteigna í hinum ýmsu héruðum.
2. Leigumála fasteigna, er leigðar eru.
3. Umbóta á jörðum og lóðum frá 1942.
4. Samgönguskilyrða og afkomumöguleika til atvinnurekstrar.

3. gr.

Til grundvallar endurskoðun fasteignamatsins skal nefndin leggja fasteignamat það, er nú er í gildi, en til viðbótar því skulu metnar allar ræktunarframkvæmdir, er gerðar hafa verið frá því er fasteignamat fór fram síðast, svo skulu og metin þau hús og mannvirki, er reist hafa verið síðan síðasta aðalmat fór fram, en fallið hafa undan aukafasteignamati.

4. gr.

Matsnefndin skal ákveða matsverð hverrar fasteignar og lætur gera skrá yfir fasteignirnar á sama hátt og gert er við gildandi fasteignamat.

5. gr.

Þegar matsnefndin hefur látið gera skrá yfir mat allra fasteigna í landinu, fært til samræmis við núverandi verðlag, og að meðtalinni ræktun og húsabótum frá 1942, skal hún senda skrána um fasteignamatið, þannig breytt, til viðkomandi hreppa og bæjarfélaga.

6. gr.

Fasteignamatsskráin skal liggja frammi í hverju bæjar- og sveitarfélagi eigi skemmri tíma en 4 vikur.

Hreppsnefndir og bæjarstjórnir auglýsi hver innan síns umdæmis, hvar skráin liggi frammi.

7. gr.

Hverri bæjar- og sveitarstjórn er skylt að kjósa 3 menn til að yfirfara viðkomandi mat landsnefndarinnar. Þessar kjörnu nefndir skulu leiðrétta nafnaskekkjur fasteignanna, ef einhverjar eru, gera skýrslu yfir fasteignir, er kann að vanta á skrá landsnefndarinnar, svo og ef fasteignir eru oftaldar. Þessar kjörnu nefndir skulu einnig, ef þær telja þess þörf, gera rökstuddar tillögur til breytinga á mati einstakra fasteigna, eða allra í heild.

Hinar kjörnu nefndir sveitar- og bæjarstjórna skulu senda landsnefndinni álit sitt og tillögur eigi síðar en 8 vikum eftir að matið hefur verið lagt fram í viðkomandi sveitar- eða bæjarfélagi.

8. gr.

Nú er fasteignaeigandi eða umboðsmaður hans óánægður með mat fasteignar sinnar, og getur hann þá innan 6 vikna frá því matið er lagt fram í hans sveitar- eða bæjarfélagi sent nefnd þeirri, er um ræðir í 7. gr., rökstudda kröfu um breytingu á matinu. Nefndin sendir síðan landsnefndinni kæru aðila, ásamt rökstuddu áliti nefndarinnar um réttmæti hennar. Slíkar umsagnir sveitar- og bæjarnefnda skulu sendast landsnefndinni á sama tíma og aðrar tillögur nefndarinnar, sbr. 7. gr.

9. gr.

Í kaupstöðum, sem hafa yfir 3000 íbúa, er bæjarstjórnum heimilt að skipta kaupstöðunum í hverfi og kjósa 3 manna nefnd fyrir hvert hverfi til að athuga matið.

10. gr.

Skylt er sýslumönnum, bæjarfógetum og öðrum embættismönnum ríkisins að gefa landsnefndinni þær upplýsingar varðandi fasteignir í viðkomandi umdæmum, er nefndin telur sig þurfa.

11. gr.

Þegar landsnefndin hefur lokið við að vinna úr tillögum sveitar- og bæjarnefndanna og tekið ákvarðanir um einstakar kærur, skal svo fljótt sem við verður komið gefa út sundurliðaða skrá yfir matsverð allra fasteigna á landinu. Skal bókin eða bækurnar löggiltar af fjármálaráðherra og sendast ókeypis öllum sýslumönnum,

bæjarfógetum, skattstjórum, hreppstjórum og lögreglustjórum, er gegna hreppstjórastörfum, bæjarstjórum og oddvitum.

12. gr.

Formanni landsnefndarinnar skulu greidd föst laun, meðan hann vinnur að matinu. Fjármálaráðherra ákveður laun hans og vinnutíma. Kaup annarra nefndarmanna ákveður fjármálaráðherra með hliðsjón af vinnu þeirra við matið.

13. gr.

Laun matsmanna, ásamt öllum öðrum kostnaði við matið, þar með talinn ferðakostnaður, síma- og ritfangakostnaður, skal greiðast úr ríkissjóði. Þeir menn, er sveitar- og bæjarstjórnir fela endurskoðun og tillögurétt varðandi fasteignamatið, skulu fá þóknun fyrir starfa sinn frá viðkomandi sveitar- eða bæjarfélagi.

14. gr.

Fjármálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd matsins, ef þurfa þykir.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpið er flutt eftir beiðni fjármálaráðherra, og fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

Fasteignamat það, er nú gildir, er löggilt 1942. Skoðun fasteigna fór fram á árunum 1939—1940, en matsverð þeirra er miðað við verðlag á árunum 1938—1940.

Hinar miklu verðlagsbreytingar, sem orðið hafa hér á landi síðan 1939, hafa orsakað það, að matsverð fasteigna er orðið í algeru ósamræmi við annað verðlag. Aukafasteignamöt eru framkvæmd á sama verðlagsgrundvelli og aðalmatið 1942. Kostnaðarverð húsa er því orðið 10—12 sinnum meira en fasteignamat þeirra. Söluverð fasteigna á sumum stöðum á landinu er þó í enn meira ósamræmi við fasteignamatið.

Eignaframtöl eru orðin í algeru ósamræmi vegna þess, hvernig ástatt er um fasteignamatið.

Þeir er búfé eða annað lausafé eiga, svo og peninga og verðbréf, greiða allt önnur gjöld af raunverulegri eign en sá, er fé sitt á í fasteign.

Tilgangur menningar- og réttarríkis með því að framkvæma mat fasteigna er fyrst og fremst sá, að fasteignir séu metnar til eigna í réttum hlutföllum, innbyrðis og við aðrar eignir. — Í gildandi lögum um fasteignamat, frá 12. apríl 1945, er gert ráð fyrir, að tímabilið á milli þess, er aðalfasteignamat fari fram, skuli vera 25 ár. Næsta aðalfasteignamat er því ráðgert 1965.

Í 1. gr. nefndra laga er komizt svo að orði: „Nú breytist verðgildi peninga að verulegu leyti á milli þess, að aðalmat fer fram, og má þá með lögum ákveða breyting á matsverði allra fasteigna í landinu í samræmi við það.“

Samkvæmt gildandi lögum, er því hægt að breyta fasteignamatinu með lögum, til samræmis við breytt verðlag í landinu. Mætti því segja, að ríkið gæti sér að kostnaðarlitlu breytt mati allra fasteigna til samræmis við breytingu á verðgildi peninga frá 1942. Málið er þó ekki svo einfalt. Síðastliðin 10 ár hafa orðið svo örar breytingar í atvinnulífi Íslendinga, að verðlag hefur raskazt innbyrðis á milli fasteigna meira en nokkur dæmi eru til í sögu okkar. Á vissum stöðum á landinu hafa heil þorp farið í eyði. Þar er engin eign seljanleg, nema hús til niðurrifs, á öðrum stöðum hefur atvinnulíf blómgazt, svo að fasteignir eru seldar með 12—14-földu fasteignamatsverði. Jarðir hafa tekið stórum breytingum. Ræktunarframkvæmdir síðustu ára hafa á sumum jörðum verið það miklar, að jörð, sem var kot 1940, er nú orðin höfuðból. Aðrar jarðir, sem slæmar samgöngur hafa, eru nú mun verðminni en þær,

er góðar samgöngur hafa. Er sá verðmunur, er af því hlýzt, meiri nú en hann var metinn fyrir 10 árum. Rafmagn, sími og hafnarbætur hafa og raskað verðhlutföllum milli einstakra byggðarlaga og einstakra eigna frá því 1940.

Telja verður því með öllu ógerlegt að leggja sama verðhækkunarmælikvarðann á allt landið, og eigi heldur hægt, einkum með tilliti til jarða og ræktunarlóða, að taka hvert einstakt sýslu- eða bæjarfélag út af fyrir sig. Aukin ræktun og bættar samgöngur síðustu ára, á einni jörð umfram aðra, valda því, að með sömu allsherjar verðlagsbreytingu næst ekki sanngjarnt samræmi.

Framkvæmd fasteignarmats þannig, að hver eign sé skoðuð og henni lýst nákvæmlega, eins og tíðkazt hefur við undanfarandi fasteignamöt, verður ávallt mjög kostnaðarsöm og tekur auk þess mjög langan tíma, þegar svo þar við bætist nauðsynleg samræming milli héraðsmatanna. Vegna kostnaðar virðist því rétt að fara bil beggja og nota þær skýrslur, sem til eru um ræktun, samgöngubætur og atvinnuþróun, án þess að kosta því til að skoða og lýsa hverri einstakri fasteign.

Framkvæmd þessa fasteignamats til samræmingar verðlags í landinu er hugsuð í frumvarpi þessu á eftirfarandi hátt:

Nefnd sú, er skipuð sé til að ákveða breytingar frá gildandi mati, notar að sjálfsögðu aðalmatið frá 1942 ásamt þeim aukafasteignamötum, er fram hafa farið síðan, sem grundvöll fyrir hinu nýja mati.

Til breytinga á fasteignamatinu, auk hinnar almennu verðlagsbreytingar í landinu, séu svo teknar til mats af nefndinni ýmsar aðrar breytingar eignanna, svo sem framræsla, nýrækt, túnasléttun og girðingar. Spjaldskrá yfir þessar umbætur á hverri jörð í landinu og hverri ræktunarlóð má fá hjá Búnaðarfélagi Íslands. Á slíkan hátt ætti nefnd glöggra manna að vera fært að breyta til betra samræmis núgildandi fasteignamati.

Telja verður þó nauðsynlegt, að kunnugum mönnum innan hvers sveitar- og bæjarfélags gefist kostur á að meta og vega ákvarðanir landsnefndarinnar, og er því gert ráð fyrir því í frumvarpinu að senda mat landsnefndarinnar til viðkomandi héraða til athugunar. Að lokinni þeirri athugun er gert ráð fyrir, að hinir kjörnu menn sveitar- og bæjarfélaga sendi landsnefndinni rökstutt álit um matið í heild, eða einstakar eignir.

Annað atriði gerir það og nauðsynlegt að senda matið, áður en það er löggilt á nýjum verðlagsgrundvelli, til athugunar kunnugustu manna, og eru til þess einkum eftirfarandi ástæður.

Í ýmsum kauptúnum og kaupstöðum hafa verið tekin upp ný götunöfn eða gömlum breytt frá því síðasta aðalfasteignamat fór fram. Eru því í gildandi fasteignamati alröng nöfn ýmissa fasteigna. Má í þessu sambandi nefna fjölbyggða staði, svo sem Akraneskaupstað, Keflavík, Kópavogshrepp o. fl. o. fl. Auk þessa hafa án efa fleiri eða færri skekkjur slæðzt inn í matið við aukafasteignamat, þar sem aukafasteignamatsmenn einstakra byggðarlaga hafa eigi ætíð hirt um að tilgreina, hvaða eignir skyldu falla úr gildandi mati, þegar ný hús hafa verið byggð eða lóðum skipt eða úr þeim selt.

Þar sem fasteignamatið er mjög notað við ýmsa starfrækslu sveitar- og bæjarfélaga, virðist eigi ósanngjarnt, að sveitar- og bæjarfélögin greiði sjálf þann kostnað, er leiðir af endurskoðun matsins heima fyrir.

Gert er ráð fyrir, að allur kostnaður annar en athugun sú, er héraðskjörnir menn framkvæma, verði greiddur úr ríkissjóði. Talið hefur verið nauðsynlegt, að formaður landsnefndarinnar stjórni allri daglegri vinnu við nauðsynleg störf í sambandi við samræmingu matsins og prentun fasteignamatsbókar. Er því gert ráð fyrir, að hann hafi föst laun og ákveðinn vinnutíma, meðan unnið er að þessum störfum.

Eigi þarf að teljast nauðsynlegt, að aðrir nefndarmenn séu fastir starfsmenn þann tíma, er endurskoðunin stendur yfir. Er því gert ráð fyrir þóknun til nefndarmanna eftir nánara samkomulagi um dagleg störf, sbr. 12. gr. frumvarpsins.

Einstakar greinar frumvarpsins virðist eigi ástæða til að skýra frekar.

Ed. 336. Frumvarp til laga [138. mál]

um viðauka við lög nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Stjórn Sogsvirkjunarinnar er heimilt að taka lán til virkjunar neðri Sogsfossanna, allt að kr. 158 000 000.00 — eitt hundrað fimmtíu og átta milljónir króna —, eða tilsvarandi upphæð í erlendum gjaldeyri, enda komi samþykki ríkisstjórnarinnar til.

Ef hentara þykir, getur ríkisstjórnin fyrir hönd ríkissjóðs tekið lán þau, er um ræðir í 1. mgr., og endurlánað þau Sogsvirkjuninni gegn gildum tryggingum.

Sogsvirkjunin er sameign ríkissjóðs og bæjarsjóðs Reykjavíkur, og bera báðir aðilar sameiginlega, báðir fyrir annan og annar fyrir báða, ábyrgð gagnvart þriðja manni á skuldbindingum Sogsvirkjunarinnar, en sín á milli bera aðilar ábyrgð á lánum og öðrum greiðsluskuldbindingum fyrirtækisins í réttu hlutfalli við eignarhlut þeirra á hverjum tíma samkvæmt sameignarsamningi, dags. 30. júlí 1949.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og fellur jafnframt úr gildi 5. gr. laganna nr. 28/1946 og önnur ákvæði, er fara í bága við efni þessara laga.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni fjármálaráðherra, og fylgdu því eftirfarandi athugasemdir. Einstakir nm. áskilja sér óbundið atkvæði um einstök atriði frv.

Lántökuheimild sú, sem ríkisstjórninni er veitt í lögum nr. 28 25. apríl 1946, um virkjun Sogsins, fullnægir engan veginn lánsfjárþörf Sogsvirkjunarinnar. Endurskoðuð kostnaðaráætlun frá í okt. 1950 gerir ráð fyrir 158 millj. kr. heildarkostnaði við virkjunina, sem sundurliðast þannig (talið í 1000 kr.):

	Erlendur gjaldeyrir		Innlendur
Efnivörur (þar með vinnuvélar verksala og	Bandaríki	Norðurálfa	kostnaður
byggingarefni), fob-verð	59 010	15 126	„
Verksalar, Fosskraft	„	10 970	„
Ráðunautar, vélsetar	2 290	1 370	„
Vátryggingar	390	64	84
Farmgjöld, uppskipun, hafnargjöld	„	„	7 970
Tollar, skattar	„	„	19 853
Vinnulaun, akstur o. fl.	„	„	30 053
Undirbúningsvinna	„	„	2 000
Stjórn, eftirlit, prófanir	„	„	3 000
Vextir á byggingatíma	„	1 230	4 590
Samtals	61 690	28 760	67 550
		Bandaríkja-gjaldeyrir	61 690
		Norðurálfu-gjaldeyrir	28 760
		Samtals	158 000

Norðurálfu-gjaldeyririnn er hugsaður sem erlent lán.

Nauðsynlegt kann að verða, að ríkið verði sjálft aðili að erlendum lántökum, og er því nauðsynlegt að lögfesta þá heimild.

Þann 30. júlí 1949 var gerður samningur milli ríkisstjórnarinnar og Reykjavíkurbæjar um sameign að Sogsvirkjuninni. Er í 3. mgr. 1. gr. lagt til að lögfesta þau ákvæði sameignarsamningsins, er varða ábyrgðir og eignarhlutföll samningsaðila. Til lántöku þarf stjórn Sogsvirkjunarinnar samþykki beggja samningsaðila.

Nd. **337. Frumvarp til laga** [88. mál]

um aðstoð til útvegsmanna.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

I. KAFLI

Um eftirgjafir lána úr ríkissjóði og greiðslufrest stofnlána.

1. gr.

Stjórn Skuldaskilasjóðs, samanber 14. gr., er heimilt að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar að semja við útgerðarmenn og útgerðarfélög, er síldveiðar stunduðu fyrir Norðurlandi á tímabilinu 1945 til 1950, um eftirgjöf að nokkru eða öllu leyti á neðantöldum skuldum þeirra:

1. Sjóveðs- og öðrum lögveðskröfum, er ríkissjóður hefur innleyst samkv. lögum nr. 85 15. des. 1948, og lánum samkv. 2. mgr. 2. gr. sömu laga.
2. Lánum, sem veitt voru úr ríkissjóði vegna aflabrests á sumarsíldveiðum 1945, 1947 og 1949.
3. Lánum, sem veitt voru með ábyrgð ríkissjóðs til áframhaldandi rekstrar á sumarsíldveiðum 1948 og 1949.

Eftirgjöf samkv. þessari grein skal einnig heimil, þó veðtrygging kunni að vera fyrir láninu.

2. gr.

Skilyrði fyrir eftirgjöfum samkv. 1. gr. eru þessi:

1. Að útgerðarmaður hafi sótt um aðstoð.
2. Að útgerðarmaður hafi látið stjórn Skuldaskilasjóðs útvegsmanna í té fullkomna greinargerð, undirritaða að viðlögðum drengskap, um fjárhag sinn og maka síns, svo og veitt færi á að láta kunnáttumenn meta eignir sínar.
3. Að stjórn Skuldaskilasjóðs þyki sýnt, að umsækjanda sé ekki kleift að standa við skuldbindingar sínar eða reka útgerð á heilbrigðum grundvelli án aðstoðar.
4. Að viðunandi samningar náist við aðra lánardrottna útgerðarmanns, ef þurfa þykir að áliti sjóðsstjórnar, með eða án hjálpar hennar, og að sýnt þyki, að honum verði með aðstoðinni kleift að reka útgerð framvegis.

3. gr.

Útgerðarmönnum og útgerðarfélögum, er aðstoð fá samkv. lögum þessum, skal veittur greiðslufrestur á ógreiddum afborgunum af lánum til skipakaupa úr Stofnlánadeild sjávarútvegsins og Fiskveiðasjóði Íslands, er féllu í gjalddaga á árunum 1948—1950, að báðum meðtöldum, þannig að samanlagðar upphæðir gjaldfallinna afborgana deilist með jöfnum árlegum upphæðum á þau ár, sem eftir eru af lánstímanum. Lántakandi skal sanna, að síðari veðlán falli ekki í gjalddaga af þessum sökum.

Dráttarvextir af vangoldnum afborgunum af lánum Stofnlánadeildar skulu vera 0,5% af hinni vangoldnu upphæð fyrir hvern mánuð, sem greiðsla dregst.

4. gr.

Verði bú útgerðarmanns eða útgerðarfélags, sem samið hefur við lánardrottna sína án milligöngu stjórnar Skuldaskilasjóðs, tekið til opinberra skuldaskila eða gjaldþrotaskipta á næsta ári frá eftirgjöf skulda eða krafna samkv. 1. gr., skal nefnd eftirgjöf eigi vera því til fyrirstöðu, að ríkissjóður og aðrir, sem gefið hafa eftir af kröfum jafnframt eftirgjöfum ríkissjóðs, geti lýst kröfum sínum með fullum upphæðum í búið. Hætti fyrirtækið rekstri innan árs, getur ríkissjóður látið eftirgjöfina falla niður.

5. gr.

Skilyrði fyrir aðstoð samkv. I. kafla laga þessara er, að birt verði í Lögbirtingablaði áskorun til lánardrottna og ábyrgðarmanna aðstoðarbeiðanda um að lýsa kröfum á hendur honum fyrir stjórn Skuldaskilasjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu auglýsingar, að viðlögðum kröfumissi.

II. KAFLI

Um skuldaskilasjóð útvegsmanna.

6. gr.

Stofna skal í sambandi við Fiskveiðasjóð Íslands sérstakan sjóð, sem nefnist Skuldaskilasjóður útvegsmanna.

7. gr.

Stofnfé sjóðsins er allt að kr. 20 000 000.00. Upphæð þessa heimilast sjóðnum að taka að láni, og er fjármálaráðherra heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs greiðslu lánsins.

8. gr.

Nú telur stjórn sjóðsins hentugra að gefa út handhafaskuldabréf fyrir sjóðinn, og er henni þá heimilt með samþykki ríkisstjórnarinnar að gefa út handhafaskuldabréf fyrir upphæð, er nemi allt að öllu stofnfé sjóðsins, enda lækki þá lántökuheimild sjóðsins um tilsvarandi fjárhæð.

Trygging þessara skuldabréfa er ábyrgð ríkissjóðs og skuldabréfin fyrir lánum þeim, er Skuldaskilasjóður veitir.

Vextir af bréfunum skulu vera 4½% p. a. Skulu þau gefin út í einum eða fleiri flokkum, eftir ákvörðun sjóðsstjórnarinnar, og skulu þau innleyst á þann hátt, að árlega sé varið sömu fastri upphæð til samanlagðrar vaxta- og innlausnargreiðslu samkvæmt útdrætti, er notarius publicus í Reykjavík framkvæmir, þannig að öll bréfin séu innleyst á 15 árum.

9. gr.

Skuldabréf sjóðsins skulu með nafnverði vera gildur gjaldeyrir til greiðslu á skuldum þeirra útvegsmanna, er lán fá hjá sjóðnum og stofnað hefur verið til á árunum 1945—1950, að báðum árum meðtöldum, að svo miklu leyti sem þær eru ekki fulltryggðar með fasteignaveði eða sjálfvörzluveði í lausafé eða afla skips, en þá eru þau gildur gjaldeyrir með nafnverði fyrir þeim hluta veðskuldanna, sem fram fer úr verðmæti veðsins samkvæmt mati því, sem um ræðir í 17. gr., enda óski veðhafi ekki eftir kaupum á hinni veðsettu eign fyrir a. m. k. 15% hærra verð en matsverð, sbr. 27. gr.

Skuldabréf sjóðsins skulu þó aðeins vera gildur gjaldeyrir gagnvart kröfueigeigendum við skuldaskil.

10. gr.

Lán úr sjóðnum má veita eigendum eða útgerðarmönnum vélskipa og línuveiðigufuskipa, er síldveiðar stunduðu fyrir Norðurlandi á tímabilinu 1945—1950. Skal lánunum varið til þess að ná samningum um nauðsynlegar eftirgjafir skulda og hagkvæmar breytingar á lánskjörum.

Enn fremur skal sjóðsstjórninni heimilt, ef aðrir vélbátar eða línuveiðiskip hafa orðið fyrir sérstökum óhöppum á þessu tímabili, að veita eigendum eða útgerðarmönnum þeirra lán á sama hátt. Lán úr Skuldaskilasjóði má eigi vera hærra en sem svarar 20% af virðingarverði allra eigna lántakanda.

Lánveitingum úr sjóðnum skal lokið 1. júlí 1951.

11. gr.

Skilyrði fyrir lánveitingum úr sjóðnum eru þessi:

1. Að lánbeiðandi reki vélbátaútveg eða línuveiðar sem aðalatvinnuveg.
2. Að hann sé að dómi sjóðsstjórnarinnar vel hæfur til að reka útgerð.
3. Að skuldir hans nemi meiru en sem svarar 75% af virðingarverði eigna hans, enda telji sjóðsstjórnin honum ekki kleift að standa við skuldbindingar sínar eða reka útgerðina á heilbrigðum grundvelli án aðstoðar sjóðsins.
4. Að samningar náist um svo mikinn afslátt á skuldum lánbeiðanda, að raunverulegar eftirstöðvar þeirra, sem sé allar skuldir hans, eftir að lán Skuldaskilasjóðs hefur verið veitt og skuldaskilasamningur gerður, nemi ekki meiru en sem svarar þeim hluta af virðingarverði allra eigna hans, sem sjóðsstjórnin telur honum fært að standa straum af og aldrei meiru en sem svarar fullu virðingarverði eignanna, svo og að samningar náist um viðunanleg greiðslukjör á þeim hluta skulda hans, sem ekki greiðist með skuldaskilasjóðsláninu.
5. Að sett sé trygging fyrir láninu, er stjórn sjóðsins samþykkir.

12. gr.

Vextir af lánum úr Skuldaskilasjóði skulu vera 5% p. a. Lánstími skal fara eftir ákvörðun sjóðsstjórnarinnar, þó skal hann aldrei vera lengri en 12 ár, en það skal þó áskilið, að ef efnahagur lántaka breytist, svo að honum verði auðvelt að greiða lán sitt á skemmri tíma að dómi sjóðsstjórnarinnar, geti hún gert honum að greiða hærri afborganir af láninu en annars er tilskilið.

Enn fremur sé áskilið, að ef lántaki breytir um atvinnuveg eða ef eigendaskipti verða að hinni veðsettu eign, sé sjóðsstjórninni heimilt að ákveða, að lánið sé þegar gjaldfallið.

Gjalddagi lánanna skal vera 1. nóvember ár hvert.

Sé árgjald ekki innt af hendi innan tveggja mánaða frá gjalddaga, er lánið allt fallið í gjalddaga.

13. gr.

Nú flytur veðsali í aðra þinghá, eftir að skuldabréfi hefur verið þinglýst, og heldur sjóðurinn þá rétti sínum, þótt skuldabréfið sé eigi þinglesið í hinni síðari þinghá veðsins.

14. gr.

Í stjórn skuldaskilasjóðs eiga sæti fjórir menn, skipaðir af ríkisstjórninni. Skal einn skipaður eftir tilnefningu stjórnar Landsbanka Íslands, annar eftir tilnefningu stjórnar Útvegsbanka Íslands h.f., en hinir tveir skulu skipaðir án tilnefningar.

Ráðherra skipar formann stjórnar Skuldaskilasjóðs.

Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða. Ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði formanns.

Skal sjóðsstjórnin skipuð til 1. júlí 1951, enda skal lánveitingum úr sjóðnum þá lokið. Eftir það hefur stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands störf sjóðsins á hendi.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðunarmönnum Fiskveiðasjóðs og úrskurðaðir af sjávarútvegsmálaráðherra og birtir í B-deild Stjórnartíðindanna.

15. gr.

Þar, sem vélbátaútvegur er stundaður, getur sjóðsstjórnin skipað einn eða fleiri umboðsmenn sér til aðstoðar um að afla gagna til ákvarðana um lánveitingar. Ákveður sjóðsstjórnin þóknun til þeirra.

16. gr.

Umsóknir um aðstoð samkvæmt lögum þessum, þar á meðal um lán úr Skuldaskilasjóði, skulu sendar sjóðsstjórninni eða þeim, er hún vísar til.

Lánbeiðni skal fylgja:

1. Afrit af síðustu skattskýrslu lánbeiðanda.
2. Síðasti rekstrar- og efnahagsreikningur lánbeiðanda.
3. Sundurliðuð skrá yfir eignir lánbeiðanda og mat umboðsmanna sjóðsins á þeim, ef skipaðir hafa verið samkv. 15. gr. Sé þar nákvæmlega tekið fram, hverjar fasteignir hans séu, og greint frá því, hvaða breytingar hafa orðið á þeim frá síðasta fasteignamati þeirra og hvert fasteignamat sé á þeim nú.

   Af vélbát eða vélbátum lánbeiðanda skal senda nákvæma lýsingu, þar sem greint sé frá aldri báts og vélar, meðferð og viðhaldi, hvaða fylgifé fylgi bátnum, síðustu sölu, hvenær seldur og fyrir hvaða verð, og öðru, sem kann að veita upplýsingar um sannvirði bátsins. Heimilt er umboðsmönnum að leita aðstoðar kunnáttumanna um þetta.

   Frá veiðarfærum, áhöldum, salti, olíu, aflabirgðum, útistandandi skuldum og öðru lausafé lánbeiðanda skal greint sem ýtarlegast.
4. Sundurliðuð skrá yfir lánardrottna lánbeiðanda. Skal þar greina skuldarupphæð, hvort skuld er tryggð með veði eða ábyrgð og hver tryggingin er, gjalddaga, afborgunarskilmála og önnur skuldakjör.
5. Sundurliðuð skrá yfir ábyrgðir lánbeiðanda. Skal greint, hverjar aðrar tryggingar eru fyrir ábyrgðarskuldunum, og þess getið, hvort líkur eru fyrir, að ábyrgðirnar falli á lánbeiðanda.
6. Vottorð lögreglustjóra eða hreppstjóra um, hve lengi lánbeiðandi hafi rekið vélbátaútgerð og hvar.
7. Drengskaparyfirlýsing lánbeiðanda um, að allar upplýsingar séu gefnar eftir bezta vitund.
8. Rökstutt álit umboðsmanna sjóðsstjórnar, ef skipaðir hafa verið samkvæmt 15. gr., um aðstöðu lánbeiðanda til útgerðar og afkomumöguleika hans.
9. Aðrar upplýsingar, er sjóðurinn kann að óska eftir.
10. Umsóknir um aðstoð, sem borizt hafa skilanefnd samkvæmt lögum nr. 85 og 100 1948, skulu gilda sem umsóknir um lán úr Skuldaskilasjóði, nema annað sé tekið fram.

17. gr.

Heimilt er að skipa tvo matsmenn fyrir hvern landsfjórðung eða fyrir tiltekið útgerðarsvæði, eftir nánari ákvörðun stjórnar Skuldaskilasjóðs, til þess að meta til peningaverðs fasteignir og skip lánbeiðenda. Skal annar skipaður af sjóðsstjórninni, en hinn af sjávarútvegsmálaráðherra.

Matsmenn Skuldaskilasjóðs skulu meta til sannvirðis allar fasteignir og skip lánbeiðenda með tilliti til þess, sem nú greinir:

1. Hvernig ástand eignarinnar er nú og hvort verulegar endurbætur eru nauðsynlegar á henni, vegna þess að viðhald hennar hafi verið vanrækt undanfarið.
2. Hvaða leigu eða afgjald megi ætla, að hægt sé að fá nú árlega eftir eignina.
3. Hvaða verð sé líklegt að fáist nú fyrir eignina með frjálsri sölu eða nauðungarsölu.
4. Að hve miklu leyti eignin fullnægi nú þeim kröfum um nothæfi, sem gerðar eru, eða hvort til þess verði að gera á henni breytingar, er hafi verulegan kostnað í för með sér.
5. Sérhvers annars, er líklegt er, að hafi áhrif á verðmæti eignarinnar.

18. gr.

Virðingarverð allra eigna lánbeiðanda, sem farið er eftir við skuldaskilin, sbr. 10. og 11. gr., ákveður stjórn sjóðsins með hliðsjón af mati umboðsmanna og matsmanna, ef skipaðir hafa verið, sbr. 15. og 17. gr.

19. gr.

Þegar sjóðsstjórnin hefur fengið í hendur tilskilin gögn samkv. lögum þessum, tekur hún ákvörðun um, hvort lánbeiðandi geti komið til greina við lánveit-

ingu. Skal hún þá láta birta þrisvar í Lögbirtingablaðinu áskorun til allra þeirra, sem fjárkröfur eiga á lánbeiðanda, þar með taldar ábyrgðir, um að lýsa kröfum sínum fyrir stjórn sjóðsins með fjögurra vikna fyrirvara frá síðustu birtingu auglýsingar. Skal í auglýsingunni tekið fram, að allar ótryggðar kröfur falli niður ógildar, ef þeim er ekki lýst innan hins tiltekna frests. Ef skuldareigandi, sem ekki hefur lýst viðurkenndri kröfu innan hins tiltekna frests, síðar meðan á samningaumleitunum stendur færir líkur fyrir því, að hann hafi eigi átt þess kost að sjá auglýsinguna, svo sem vegna fjarveru, sjúkdóms o. s. frv., er sjóðsstjórninni þó heimilt að taka kröfu hans til greina. Sé ekki lýst öllum þeim kröfum, sem taldar eru fram samkvæmt 16. gr. 4. lið, skal sjóðsstjórnin sannprófa, hvort framtalið er rétt.

Áskoranir til lánardrottna aðstoðarbeiðenda, er skilanefnd samkvæmt lögum nr. 85 og 100 1948 kann að hafa látið birta samkvæmt lögum nr. 100 1948 og reglugerð nr. 158 1949, skulu teljast fullnægjandi og koma í stað áskorana samkvæmt þessari grein.

20. gr.

Að liðnum innköllunarfresti skal sjóðsstjórnin, svo fljótt sem unnt er, taka ákvörðun um, hvort hún telur fært að veita lánbeiðanda lán úr Skuldaskilasjóði. Telji hún, að umsækjandi geti komið til greina, skal honum þegar í stað tilkynnt það, annaðhvort bréflega eða með símskeyti.

21. gr.

Nú telur stjórn Skuldaskilasjóðs, að umsækjandi uppfylli þau skilyrði, sem lög þessi setja fyrir lánveitingu úr sjóðnum, og skal hún þá, svo fljótt sem auðið er, semja frumvarp til skuldaskila fyrir hann, ef hún telur, að hann þurfi að fá eftirgjöf á skuldum eða samninga við lánardrottna.

Í frumvarpinu skulu taldar sér í flokki þær skuldir, er samningum er eigi ætlað að ná til, og í öðrum flokki þær skuldir, sem ætlazt er til, að samið sé um. Þá skal og skilmerkilega getið, hve háan hundraðshluta umsækjanda er ætlað að greiða af skuldum þeim, er samningar ná til.

Frumvarpið skal borið undir umsækjanda, og segi hann til innan 5 daga, hvort hann treystist til að hlíta ákvæðum þess.

22. gr.

Þegar eftir að samningsfrumvarp það, sem í 22. gr. getur, er fullsamið og samþykkt af umsækjanda, skal sjóðsstjórnin með ábyrgðarbréfi eða símskeyti tilkynna það öllum þeim lánardrottnum, er kröfu hafa lýst í búið, og boða þá og umsækjanda á fund með hæfilegum fyrirvara. Þangað til fundurinn er haldinn skal frumvarp eða staðfest afrit liggja á skrifstofu sjóðsins skuldheimtumönnum til sýnis.

23. gr.

Á skuldheimtumannafundi þeim, er um getur í 22. gr., skal sjóðsstjórnin leggja fram samningsfrumvarp, svo og nákvæman efnahagsreikning umsækjanda, staðfestan af stjórn sjóðsins.

Skuldheimtumenn eiga heimtingu á að fá sérhverjar upplýsingar um hag umsækjanda, er sjóðsstjórnin getur látið í té. Þeim er heimilt að bera fram breytingartillögur við frumvarpið, og skulu þær ræddar og bornar undir atkvæði sérstaklega. Verði þær samþykktar, hefur sjóðsstjórnin heimild til að taka frumvarpið aftur, ef hún telur þær verulegu máli skipta. Að öðrum kosti ber sjóðsstjórnin frumvarpið undir atkvæði skuldheimtumanna þegar að loknum umræðum og atkvæðagreiðslum um breytingartillögur.

24. gr.

Hljóti frumvarp atkvæði svo margra skuldheimtumanna eða umboðsmanna þeirra, að þeir ráði yfir meira en helmingi samanlagðra kröfuupphæða mættra

skuldheimtumanna, þeirra er samningnum er ætlað að ná til, hefur sjóðsstjórnin heimild til að staðfesta það, og er það þá bindandi einnig fyrir þá skuldheimtumenn, er greitt hafa atkvæði á móti því eða eigi mætt á fundi. Leysir það þá skuldunaut undan skyldu til að greiða þann hundraðshluta hverrar samningskröfu, sem undan er skilin í samningnum, bæði gagnvart lánardrottni sjálfum, ábyrgðarmönnum og öðrum, er annars hefðu átt endurgjaldskröfu á hendur honum fyrir greiðslu skuldarinnar.

25. gr.

Þegar eftir að samningur er staðfestur, skal sjóðsstjórnin ganga frá lánsskjölum og sjá um, að formlega sé frá öllu því gengið, sem samningur kveður á um.

26. gr.

Samningur haggar eigi heimild lánardrottins til að ganga að tryggingu eða ábyrgð, sem þriðji maður hefur sett fyrir kröfum á hendur umsækjanda.

27. gr.

Samningurinn hefur engin áhrif á þær kröfur, sem hér greinir:

1. Skuldir tryggðar með veði, þó því aðeins, að skuldarupphæð nemi eigi meiru en verðmæti veðsins. Sé skuldin hærri en verðmæti veðsins samkvæmt mati því, sem lagt er til grundvallar við samningsgerðina, ná samningar til þess hluta skuldarinnar, sem fer fram úr verði veðsins, enda óski veðhafi ekki eftir kaupum á hinni veðsettu eign fyrir a. m. k. 15% hærra verð en matsverð.
2. Forgangskröfur samkvæmt 8. kafla 83. gr. skiptalaganna, að svo miklu leyti sem eigur lánbeiðanda teljast hrökkva fyrir þeim.

Með kröfur ríkissjóðs samkvæmt 1.—3. tölulið 1. gr. laga þessara má þó að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar fara sem óveðtryggðar kröfur, þótt veðtrygging kunni að vera fyrir láninu.

28. gr.

Frá því umsækjandi hefur sótt um aðstoð til sjóðsstjórnar og þangað til samningaumleitunum er lokið, má hann ekki selja eignir sínar umfram venjulega afurðasölu og ekki veðsetja þær nema fyrir nauðsynlegum rekstrarlánum og yfirleitt ekki gera neinar þær ráðstafanir, er veruleg áhrif geti haft á efnahag hans. Komi í ljós eftir að samningur hefur verið staðfestur, að lánbeiðandi hafi brotið ákvæði greinar þessarar, er sjóðsstjórninni heimilt að ógilda samninginn og endurheimta lánið án fyrirvara, ef útborgað hefur verið.

29. gr.

Jafnskjótt sem umboðsmaður Skuldaskilasjóðs eða stjórn sjóðsins hefur tekið við lánbeiðni, skal það tilkynnt skiptaráðanda, og er þá hvers konar aðför vegna skulda lánbeiðanda óheimil á hendur honum og ábyrgðarmönnum hans, þangað til samningaumleitunum er lokið. Eigi verður heldur bú hans tekið til gjaldþrotaskipta frá sama tíma. Nú takast eigi samningar og bú lánbeiðanda er tekið til gjaldþrotaskipta áður en sex mánuðir eru liðnir frá því samningaumleitunum lauk og við skiptin kemur í ljós, að lánbeiðandi hefur brotið gegn ákvæðum 28. gr., og má þá með málsókn rifta þeim samningum og greiðslum, er ólöglega hafa farið fram, samkvæmt reglum gjaldþrotaskiptalaganna, enda sé málsókn hafin innan sex vikna frá því búskipti byrja. Tímabilið frá því er umboðsmaður Skuldaskilasjóðs eða stjórn sjóðsins hefur tekið við lánbeiðni og þangað til samningaumleitunum er lokið telst ekki með fyrningartíma skuldar, víxilréttar, lögveðsréttar eða annarra slíkra réttinda.

30. gr.

Skuldaskilasjóður er undanþeginn opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast.

Öll skjöl viðvíkjandi lánum úr sjóðnum eru undanþegin stimpilgjaldi.
Vottorð úr opinberum skrám er skylt að afgreiða til sjóðsins án endurgjalds.

31. gr.

Fiskveiðasjóður Íslands skal annast allar afgreiðslur lána, innheimtu á þeim svo og önnur nauðsynleg skrifstofustörf í því sambandi gegn þóknun, er ráðherra ákveður.
Afborgana- og vaxtagreiðslur af lánum þeim, er Skuldaskilasjóður veitir, skulu ganga til greiðslu á lánum þeim, er sjóðurinn sjálfur hefur tekið, sbr. 7. gr.

32. gr.

Kostnað við framkvæmd laga þessara greiðir ríkissjóður.

33. gr.

Í reglugerð fyrir Skuldaskilasjóð má setja þau ákvæði um stjórn sjóðsins og starfrækslu, er nauðsynleg þykja og eigi fara í bága við lög þessi.

34. gr.

Með lögum þessum er úr gildi felldur II. kafli laga nr. 100 1948.

35. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 338. Nefndarálit [30. mál]

um frv. til l. um iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráð.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin gat ekki orðið sammála; minni hlutinn vildi láta samþykkja frumvarpið, að vísu með breytingum, sem þó voru ekki ræddar sameiginlega af nefndarmönnum. Minni hl. taldi það óeðlilega afgreiðslu á máli, að ráðherra skipaði nefnd til að gera um það tillögur og sú nefnd skilaði málinu til þingnefndar, en ekki til ráðuneytisins, en svo var gangur málsins hér. Hann óskaði því ákveðið að fá að vita, hvað ríkisstjórnin legði til málanna. Munnleg skilaboð bárust um það frá atvinnumálaráðherra, að hann vildi ekki, að málið næði fram á þessu þingi, og hefur þá væntanlega viljað láta athuga málið betur af ríkisstjórninni allri.
Minni hl. er sammála meiri hl. um það, að iðnaðurinn þurfi að fá stofnun, sem geti liðsinnt og ráðlagt við framkvæmd iðnaðarmála, bæði þegar einstaklingar eiga í hlut og hálf- eða alopinberir aðilar. Á vegum sameinuðu þjóðanna hefur verið komið á fót stofnun, sem ætlað er að leiðbeina þeim þjóðum og einstaklingum, er þess óska, um allt, er lýtur að iðnaðarmálum og iðnrekstri. Þar sem iðnaður allur er minna staðbundinn og breytilegur eftir löndum en annar atvinnurekstur, telur minni hl. rétt að athuga, hvort og að hve miklu leyti stofnun þessi gæti komið okkar iðnaði að notum, áður en komið er upp hér stofnun, sem ætlað er sama verkefni fyrir okkur og hinni fyrir margar þjóðir.
Minni hl. telur því eðlilegt, að ríkisstjórnin athugi málið og afli upplýsinga um, að notum, áður en komið er upp hér stofnun, sem ætlað er sama verkefni fyrir frumvarpið er samþykkt. Vegna þessa leggur hann til, að málinu sé vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 9. des. 1950.

Páll Zóphóníasson, frsm. Rannveig Þorsteinsdóttir, fundaskr.

Ed. 339. Breytingartillaga [52. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 34 29. apríl 1946, um fræðslu barna.

Frá menntamálanefnd.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Í stað 1. málsgr. 13. gr. laganna kemur:

Ríkissjóður greiðir allt að helmingi stofnkostnaðar heimangönguskóla, en þrjá fjórðu hluta stofnkostnaðar heimavistarskóla og skólastjórabústaða í heimangönguskólum. Hlutaðeigandi sveitarfélög greiða hinn hlutann. Séu tveir eða fleiri hreppar eða hluti úr hreppi um sama skóla, greiða þeir stofnkostnaðinn í hlutfalli við samanlagðan tekju- og eignarskatt íbúanna eftir meðaltali fimm síðustu ára.

Bæjar- og sveitarfélög öðlast rétt til ríkisframlags til bygginga sinna, ef þau fullnægja þessum skilyrðum:

1. Fræðslumálastjórnin hafi samþykkt uppdrætti að húsinu, áður en hafizt er handa um byggingu.
2. Skólalóðin sé fullnægjandi að dómi fræðslumálastjórnarinnar og eign skólahverfisins eða afnotarétturinn tryggður því með óuppsegjanlegum samningi.

Framlag ríkisins greiðist eftir því, sem fé er veitt til þessara framkvæmda í fjárlögum, og í því skiptingarhlutfalli, er fræðslumálastjórnin ákveður milli hinna einstöku byggingaraðila hverju sinni.

Ed. 340. Breytingartillaga [53. mál]

við frv. til l. um um breyt. á l. nr. 49 7. maí 1946, um húsmæðrafræðslu.

Frá menntamálanefnd.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Bæjar- og sveitarfélög öðlast rétt til ríkisframlags til bygginga sinna, ef þau fullnægja þessum skilyrðum:

1. Fræðslumálastjórnin hafi samþykkt uppdrætti að húsinu, áður en hafizt er handa um byggingu.
2. Skólalóðin sé fullnægjandi að dómi fræðslumálastjórnarinnar og eign skólahverfisins eða afnotarétturinn tryggður því með óuppsegjanlegum samningi.

Framlag ríkisins greiðist eftir því, sem fé er veitt til þessara framkvæmda í fjárlögum, og í því skiptingarhlutfalli, er fræðslumálastjórnin ákveður milli hinna einstöku byggingaraðila hverju sinni.

Ed. 341. Breytingartillaga [54. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 7. maí 1946, um gagnfræðanám.

Frá menntamálanefnd.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Við 53. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Bæjar- og sveitarfélög öðlast rétt til ríkisframlags til bygginga sinna, ef þau fullnægja þessum skilyrðum:

1. Fræðslumálastjórnin hafi samþykkt uppdrætti að húsinu, áður en hafizt er handa um byggingu.
2. Skólalóðin sé fullnægjandi að dómi fræðslumálastjórnarinnar og eign skólahverfisins eða afnotarétturinn tryggður því með óuppsegjanlegum samningi.

Framlag ríkisins greiðist eftir því, sem fé er veitt til þessara framkvæmda í fjárlögum, og í því skiptingarhlutfalli, er fræðslumálastjórnin ákveður milli hinna einstöku byggingaraðila hverju sinni.

Ed. 342. Frumvarp til laga [139. mál]

um forfallahjálp húsmæðra.

Flm.: Rannveig Þorsteinsdóttir:

1. gr.

Bæjarstjórnum og sýslunefndum er heimilt að ákveða, að komið skuli á fót í umdæmum þeirra forfallahjálp til húsmæðra samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Nú gerir bæjarstjórn eða sýslunefnd samþykkt um, að í umdæmi hennar skuli tekin upp forfallahjálp til húsmæðra, og skal þá með sérstakri reglugerð, er félagsmálaráðuneytið staðfestir, kveða nánar á um starfsemi þessa.

3. gr.

Forfallahjálp skal veita húsmæðrum á heimilum þeirra, þegar sannað er með beiðni læknis eða ljósmóður, að þess sé þörf um stundarsakir vegna sjúkdóms eða sængurlegu.

4. gr.

Framkvæmd forfallahjálpar húsmæðra má fela sérstakri nefnd, sem bæjarstjórn eða sýslunefnd kýs, og skal að minnsta kosti ein kona, er hefur þekkingu á heimilsstörfum, vera í nefndinni. Heimilt er og að fela framkvæmd forfallahjálpar sjúkrasamlögum, kvenfélögum, stofnunum og einstaklingum, undir yfirstjórn hlutaðeigandi bæjarstjórnar eða sýslunefndar.

5. gr.

Forfallahjálp húsmæðra veitist gegn fullu endurgjaldi samkvæmt gjaldskrá, er félagsmálaráðuneytið setur.

Heimilt er bæjarstjórn og sýslunefnd, eða öðrum aðila í umboði þeirra, að gefa eftir hluta af greiðslu fyrir veitta forfallahjálp eða fella greiðslu alveg niður, þegar efnalítið fólk á í hlut eða sérstakar ástæður til slíkrar ívilnunar þykja fyrir hendi.

Nú verður ágreiningur um, hvort forfallahjálp skuli veitt eða eigi eða hvort krefjast skuli greiðslu fyrir veitta forfallahjálp eða hver greiðsla skuli vera, og á þá bæjarstjórn eða sýslunefnd fullnaðarúrskurðarvald um þau atriði.

6. gr.

Heimilt er sýslufélögum og bæjarfélögum, tveimur eða fleirum saman, að gera með sér samning um sameiginlega forfallahjálp húsmæðra í umdæmum sínum.

7. gr.

Heimilt er félagsmálaráðherra að ákveða í samráði við menntamálaráðherra, að efnt skuli til námskeiða fyrir konur, sem taka vilja að sér að gegna heimils-

störfum í forföllum húsmæðra. Slík námskeið skulu haldin í húsmæðraskólum eða kvennaskólum, sé þess kostur, en annars þar, sem hentugt húsnæði fæst í því skyni, enda komi samþykki félagsmálaráðherra til hverju sinni.

Ríkissjóður ber kostnaðinn af námskeiðum þessum að því leyti, sem kennslugjöld nemenda hrökkva ekki til að greiða þann kostnað.

8. gr.

Með sérstakri reglugerð, sem félagsmálaráðuneytið setur, skal setja nánari reglur um skipun og starfskjör þeirra kvenna, sem taka að sér heimilisstörf í forföllum húsmæðra.

9. gr.

Ríkissjóður endurgreiðir allt að einum þriðja hluta af halla þeim, sem bæjarsjóðir og sýslusjóðir kunna að verða fyrir af starfrækslu forfallahjálpar húsmæðra, og aldrei hærri upphæð samtals árlega en til þessa er veitt í fjárlögum, að frádregnum kostnaði við námskeið þau, sem í 7. gr. getur.

Þegar reikningar hvers starfsárs eru að fullu uppgerðir og endurskoðaðir, skal senda þá félagsmálaráðuneytinu, sem úrskurðar þá og greiðir, að þeim úrskurði gengnum, hluta ríkissjóðs af kostnaðinum.

10. gr.

Félagsmálaráðherra er heimilt að fela sérstökum ráðunaut að leiðbeina bæjarstjórnum og sýslunefndum við að setja á stofn forfallahjálp húsmæðra og hafa eftirlit með starfsemi þessari, þar með talin námskeið þau, sem í 7. gr. getur.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1951 og koma til framkvæmda, þegar fé er veitt í fjárlögum til forfallahjálpar húsmæðra.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið af nefnd, sem til þess var skipuð af ráðherra, og fylgdu því frá nefndinni eftirfarandi athugasemdir:

Á síðasta þingi var samþykkt eftirfarandi tillaga til þingsályktunar um undirbúning löggjafar um vinnuhjálp húsmæðra:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa löggjöf um vinnuhjálp húsmæðra með svipuðu sniði og nú tíðkast annars staðar á Norðurlöndum og leggja frumvarp um þetta efni fyrir Alþingi á árinu 1950.“

Hinn 20. sept. s. l. skipaði félagsmálaráðherra þau Jónas Guðmundsson skrifstofustjóra í félagsmálaráðuneytinu, Auði Auðuns bæjarfulltrúa og Rannveigu Þorsteinsdóttur alþm. í nefnd til þess að undirbúa löggjöf samkv. ofanskráðri þingsályktun, og hefur nefndin samið frumvarp það til laga um forfallahjálp húsmæðra, sem hér liggur fyrir. Nefndin hafði til hliðsjónar við samningu frumvarpsins gildandi lög frá Danmörku, Noregi og Svíþjóð um þetta efni, en studdist einkum við dönsku lögin. Nefndin studdist og við reynslu þá, sem fengin er af framkvæmd laganna í Danmörku og hún hafði getað fengið skilgóðar upplýsingar um. Hér á landi hefur þetta mál verið rætt af kvenfélögunum og sums staðar hafa verið gerðar tilraunir með það að hafa fastráðnar stúlkur til þessara starfa, en jafnan hefur þessi starfsemi lagzt niður eftir skamman tíma. Í Reykjavík hefur verið haldið uppi nokkurri starfsemi í þessa átt, og eru nú starfandi tvær stúlkur á vegum bæjarins, sem aðstoða á heimilum, þegar húsmóðirin liggur á sæng. Reynslan bendir ótvírætt til þess, að slíkrar aðstoðar sem hér er gert ráð fyrir sé full þörf, og söm er reynslan í nágrannalöndunum.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir heimild handa bæjarstjórnum og sýslunefndum til þess að ákveða, að komið skuli upp í umdæmum þeirra forfallahjálp húsmæðra.

Öllum má ljóst vera, hver vandræði steðja að heimili, þegar húsmóðirin forfallast frá verkum sínum, þótt um skamman tíma sé, og engin hjáp er við heimilisstörfin. Enginn er til þess að veita sjúklingnum aðhlynningu, enginn til þess að hugsa um börnin eða sjá um matreiðsluna. Oftast mun konan reyna að vera á fótum eins lengi og unnt er og lengur en hún þolir, og aft verður maðurinn að leggja niður vinnu til þess að taka að sér störf húsmóðurinnar. Frumvarpi þessu er ætlað, ef að lögum verður, að leggja grundvöllinn að félagslegri hjálp til að leysa þann vanda, sem hér skapast við slíkar aðstæður.

Ætlazt er til, að forfallahjálp verði veitt húsmæðrum á heimilum þeirra og aðeins um stundarsakir vegna sjúkdóms og barnsburðar, enda skal sanna með beiðni læknis eða ljósmóður, að slíkrar hjálpar sé þörf. Þessi afskipti læknis eða ljósmóður eiga að vera trygging fyrir því, að aðstoðin sé nauðsynleg vegna veikinda og heimilisástæðna.

Aðalreglan um endurgjald fyrir veitta forfallahjálp er sú, að þeir, sem hennar njóta, greiða fyrir hana samkvæmt gjaldskrá, en heimilt skal vera að gefa eftir hluta af greiðslum eða jafnvel fella þær alveg niður, þegar sérstakar ástæður þykja fyrir hendi. Hvarvetna annars staðar, þar sem þessi starfsemi hefur verið tekin upp, er gengið út frá því, að einhver endurgreiðsla eigi sér stað. Í Svíþjóð og Danmörku er t. d. farið eftir ákveðinni gjaldskrá, sem miðuð er við skattgreiðslur. Nefndin leitaði álits ýmissa aðila, þar á meðal borgarstjórans í Reykjavík, um þetta atriði, og komst að þeirri niðurstöðu, að hér á landi mundi það fyrirkomulag heppilegast, sem í frumvarpinu greinir.

Ekki þykir rétt að kveða nánar á í lögunum sjálfum um starfskjör þeirra kvenna, sem taka að sér heimilisstörf í forföllum húsmæðra, en gert er, og réttara að það sé gert í reglugerð. Gera verður ráð fyrir því, að bæði geti orðið um fastráðnar konur og lausráðnar að ræða. Fastráðnu konurnar mundu þá hafa föst mánaðarlaun og nokkuð ákveðinn vinnustundafjölda, en hinar lausráðnu fengju tímakaup og ynnu aðeins, þegar þeirra væri þörf. Í Danmörku hefur ráðningum verið hagað á þennan hátt og gefizt vel, enda er það svo, að nokkur mismunur er á, hversu þörfin er mikil, og virðist það fara eftir árstíðum, þannig að yfir vetrarmánuðina eru veikindi oftast mun meiri en að sumrinu.

Þá er gert ráð fyrir, að heimilt skuli vera að efna til námskeiða fyrir þær konur, sem taka vilja að sér að gegna heimilisstörfum í forföllum húsmæðra. Þetta atriði er mjög mikilvægt fyrir starfsemina, bæði vegna þeirra, sem taka að sér starfið, og hinna, sem njóta þess. Starf það, sem hér um ræðir, krefst margháttaðrar þekkingar, bæði um heimilishald, hvort heldur er á efnuðu eða fátæku heimili, um meðferð barna og aðstoð við sjúka og aldraða, auk þess sem konur þær, er taka að sér heimili í forföllum húsmæðra, þurfa að vera vaxnar þeirri ábyrgð, sem starfinu fylgir. Það hefur alls staðar þótt nauðsynlegt að veita nokkurn undirbúning til þessa starfs, og mun svo verða einnig hér.

Í 10. gr. frumvarpsins er ákveðið, að fela megi sérstökum ráðunaut að leiðbeina bæjarstjórnum og sýslunefndum við að koma á fót starfsemi þessari og hafa eftirlit með henni. Það skal tekið fram, að nefndin lítur ekki á þetta sem neitt aðalstarf, en telur nauðsynlegt, að einhver ákveðinn og ábyrgur aðili hafi þetta með höndum.

Hvað ríkisstyrk til starfsemi þessarar snertir, er gert ráð fyrir, að farin verði nokkuð önnur leið hér en farin hefur verið t. d. í Danmörku og Svíþjóð. Gert er ráð fyrir því sem aðalreglu, eins og áður segir, að þeir, sem hjálparinnar njóta, greiði fyrir hana að fullu, og því ættu útgjöldin ekki að verða tilfinnanleg fyrir sveitarfélög og ríki. Er því gert ráð fyrir, að af ríkisframlaginu sé fyrst greiddur kostnaður við væntanleg námskeið samkv. 7. gr. frv., en að því, sem þá er eftir, skuli varið

til þess að greiða nokkurn hluta þess halla, sem bæjar- og sveitarsjóðir kunna að verða fyrir af starfrækslu þessari.

Loks er svo ákveðið, að lögin komi þá fyrst til framkvæmda, er fé er veitt í fjárlögum til forfallahjálpar húsmæðra.

Ekki þykir ástæða til að láta sérstakar skýringar fylgja einstökum greinum frumvarpsins.

Nd. 343. Frumvarp til laga [140. mál]

um Atvinnustofnun ríkisins.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason, Stefán Jóh. Stefánsson, Finnur Jónsson, Emil Jónsson, Ásgeir Ásgeirsson.

1. gr.

Komið skal á fót Atvinnustofnun ríkisins, er hafi þessi verkefni með höndum:

1. Skráning allra vinnufærra manna og samningu launaskýrslna.
2. Atvinnuleysisskráningu.
3. Vinnumiðlun.
4. Leiðbeiningar um stöðuval.
5. Vinnuþjálfun.
6. Öryrkjavinnu.
7. Unglingavinnu.
8. Úthlutun atvinnubótafjár.

2. gr.

Atvinnustofnun ríkisins skal halda nákvæma spjaldskrá yfir alla landsmenn á vinnualdri (16—66 ára), og séu þeir, sem taldir eru öryrkjar, hafðir sér í flokki. Á spjald hvers einstaklings skal skrá upplýsingar um atvinnu hans og allar breytingar, sem verða á henni, og um laun hans eða tekjur.

Atvinnustofnunin skal gera nákvæmt yfirlit yfir launakjör í öllum atvinnugreinum og um heildartekjur allra launþega á landinu. Skýrslur þessar skal gera og birta í samráði við Hagstofu Íslands, og má fela henni að vinna þær að nokkru eða öllu leyti.

Allir þeir, sem hafa með höndum atvinnurekstur með aðkeyptu vinnuafli, skulu senda atvinnustofnuninni upplýsingar um kaupgreiðslur sínar. Lætur atvinnustofnunin gera eyðublöð fyrir kaupgjaldsskrár, og skulu þær vera þannig úr garði gerðar, að auðvelt sé að sjá af þeim, hve mikil upphæð hefur verið greidd hverjum einstökum manni á þeim tíma, er skráin nær yfir.

Skattayfirvöldum skal skylt að gefa atvinnustofnuninni eða hagstofunni allar þær upplýsingar, sem nauðsynlegar eru og þau geta í té látið til að vinna þetta verk. Með allar upplýsingar varðandi einstaklinga eða einstök fyrirtæki skal farið sem algert trúnaðarmál.

3. gr.

Atvinnustofnunin skal fylgjast með vinnumarkaðinum og gera yfirlit um alla þá verkfæra menn og konur, sem atvinnulausir eru, eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.

Auk þess skal hún auglýsa sérstaka atvinnuleysisskráningu um land allt ársfjórðungslega. Skulu þeir, sem láta skrá sig atvinnulausa, að öðru jöfnu ganga fyrir um þá vinnu, sem atvinnustofnunin vísar á eða úthlutar.

Atvinnuleysisskýrslur skulu birtar ársfjórðungslega.

4. gr.

Atvinnustofnunin skal starfrækja vinnumiðlun í Reykjavík og hafa vinnumiðlunarskrifstofur utan Reykjavíkur eftir því, sem þörf krefur. Skal hún skipta landinu í umdæmi með tilliti til atvinnuhátta, og sé miðstöð í hverju umdæmi, þar sem hægt sé að fá upplýsingar um atvinnu og annað, sem snertir starfsemi atvinnustofnunarinnar. Atvinnustofnunin getur falið bæjarfélögum eða öðrum aðilum að starfrækja vinnumiðlun fyrir sína hönd, þar sem ekki þykir fært að hafa sérstaka skrifstofu.

Atvinnustofnunin skal:

a) skrá nákvæmlega allar umsóknir um atvinnu og framboð á atvinnu,
b) auglýsa slíkar umsóknir og slíkt framboð reglulega,
c) láta í té endurgjaldslausa milligöngu þeim, sem eru í atvinnuleit, og þeim, sem vantar vinnuafl,
d) fylgjast sem bezt með öllum þeim breytingum í atvinnulífinu, sem geta haft í för með sér breytingar á eftirspurn eftir vinnuafli, og þeim breytingum á fólksfjölda, sem geta haft í för með sér breytingar á framboði vinnuafls.

5. gr.

Atvinnustofnunin skal gefa þeim unglingum og öðrum, sem þess æskja, ókeypis upplýsingar og leiðbeiningar, sem að gagni mega koma til þess að hjálpa þeim til að velja sér störf, er í senn séu lífvænleg og í sem beztu samræmi við hæfileika þeirra.

Atvinnustofnunin skal sérstaklega afla sér upplýsinga um þörfina fyrir iðnlærða eða sérmenntaða menn í hverri starfsgrein og fylgjast með því, hversu margir menn eru fullnuma eða eru við nám í hverri grein, og láta þeim, sem óska, í té upplýsingar um þessi atriði, svo og um launakjör og vinnuskilyrði.

Atvinnustofnunin skal gefa þeim, sem þess óska, tækifæri til að reyna hæfni sína á þeim sviðum, þar sem hægt er að koma við áreiðanlegum prófum að dómi sérfræðinga. Er heimilt að ákveða hæfilegt gjald fyrir þau.

6. gr.

Þegar svo stendur á, að atvinnustofnunin getur ekki vísað þeim, sem óska eftir vinnu, á störf við þeirra hæfi, en þeir gætu hins vegar með tiltölulega stuttri þjálfun eða námi orðið færir um að taka að sér aðra vinnu en þá, sem þeir hafa stundað, getur atvinnustofnunin tekið að sér að sjá um, að þeir fái slíka þjálfun, annaðhvort með því að halda sjálf námskeið eða semja við aðra aðila um að taka að sér þjálfun atvinnulausra manna.

7. gr.

Atvinnustofnunin skal leitast við að skrá alla öryrkja á aldrinum 16—66 ára og gera ráðstafanir til þess að útvega þeim vinnu við þeirra hæfi.

Í lögum þessum merkir „öryrki“ hvern þann, sem vegna afleiðinga slysa, sjúkdóms eða meðfæddrar fötlunar á mjög erfitt með að fá eða stunda vinnu, sem ella mundi hæfa honum með tilliti til aldurs hans, reynslu, verkkunnáttu eða sérþekkingar.

Á öryrkjaskrá skal einnig taka gamalt fólk, sem ekki er öryrkjar í skilningi laganna, karlmenn 65—66 ára og konur 60—66 ára, sem eru atvinnulaus og óska eftir upptöku. Gilda þá um þau öll ákvæði um öryrkjavinnuna, eftir því sem við getur átt.

Atvinnustofnunin skal gera skrá yfir þær starfsgreinar, er einkum teljast við hæfi öryrkja. Atvinnustofnunin getur ákveðið, að í starfsgreinum, sem sérstaklega henta öryrkjum, skuli þeir ganga fyrir um störf eða stöður, sem losna. Einnig skal atvinnustofnunin leita samninga við félagsskap atvinnurekenda um, að þeir láti öryrkja sitja fyrir störfum, sem sérstaklega eru talin við þeirra hæfi.

Nú tekst atvinnustofnuninni ekki að miðla skrásettum öryrkjum vinnu við þeirra hæfi með fyrrgreindum ráðstöfunum, og getur hún þá haldið námskeið til

að þjálfa þá til sérstakra starfa eða samið um það við aðra aðila, að þeir annist það. Getur þar bæði verið um að ræða líkamlega þjálfun og verklega eða bóklega kennslu.

Atvinnustofnuninni er heimilt að gera sérstakar ráðstafanir til þess að sjá þeim fyrir atvinnu, sem eru öryrkjar á svo háu stigi eða þess konar öryrkjar, að litlar líkur eru taldar til, að þeir geti fengið atvinnu við sitt hæfi á annan hátt.

Í þessu skyni er atvinustofnuninni heimilt að setja upp verkstæði eða fyrirtæki, þar sem slíkir öryrkjar vinni við störf, er þeim henti. Heimilt er atvinnustofnuninni, að fengnu samþykki ráðherra, að gangast fyrir stofnun félags eða semja við félagssamtök um rekstur vinnuhæla eða sérstakra fyrirtækja fyrir öryrkja.

Ráðherra er heimilt að veita atvinnustofnuninni einkarétt á að framleiða ákveðnar vörutegundir í slíkum vinnustofnunum. Er og heimilt að veita félögum þeim, sem að framan greinir, slíkan einkarétt. Skal það skilyrði sett fyrir slíkri viðurkenningu, að engum arði sé úthlutað til félagsmanna og öllum ágóða, sem verða kann á starfseminni, varið til hagsbóta fyrir öryrkja, enda starfi félög þessi að öðru leyti eftir reglum, sem atvinnustofnunin og hlutaðeigandi ráðherra hefur fallizt á.

8. gr.

Atvinnustofnun ríkisins skal leitast við að veita unglingum 16—20 ára, sem ekki hafa atvinnu, kost á viðfangsefnum með þeim hætti, sem ákveðið er í lögum þessum.

Þegar tala þeirra unglinga á þessum aldri, sem atvinnustofnunin getur ekki vísað á atvinnu, er óveruleg að dómi stofnunarinnar, skal hún greiða fyrir því, að þeir geti stundað nám við sitt hæfi.

Þegar um verulegt atvinnuleysi unglinga á aldrinum 16—20 ára er að ræða, skal atvinnustofnunin skipuleggja sérstakar vinnustöðvar eða vinnuskóla fyrir þá eða stofna til sérstakra opinberra framkvæmda, sem ella mundi ekki verða varið fé til í nánustu framtíð.

Vinnutími við slíka vinnu skal ekki fara fram úr 6 stundum á sólarhring, en ef hægt er að koma því við án of mikils kostnaðar, skal henni vera samfara nám, bóklegt eða verklegt, og kennsla í íþróttum.

9. gr.

Atvinnustofnun ríkisins skal gera tillögur til ráðherra um úthlutun alls þess fjár, sem veitt er sérstaklega í fjárlögum hvers árs til atvinnubótavinnu og til framleiðslu- eða atvinnuaukningar. Fé þessu má verja til beinna ríkisframkvæmda, til styrktar sveitarfélögum gegn framlagi frá þeim og til einkafyrirtækja eða samvinnufyrirtækja gegn skilyrðum, sem tryggja, að tilgangur fjárveitingavaldsins náist. Ef Alþingi samþykkir lánveitingar í sama skyni, skal atvinnustofnunin einnig gera tillögur um, hvernig því fé skuli varið.

Atvinnustofnunin skal jafnan hafa til taks bráðabirgðaáætlanir um atvinnubótavinnu, sem geti komið til framkvæmda án tafar, ef atvinnuleysi verður. Skal við slíkar framkvæmdir reynt að samræma það tvennt, eftir því sem hægt er, að veita sem flestum vinnu og framkvæma nytsöm verk.

10. gr.

Stjórn atvinnustofnunarinnar annast forstjóri, er skipaður er af ráðherra.

Enn fremur skal ráðherra skipa 7 manna atvinnuráð. Tveir skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, tveir samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, en þrír án tilnefningar, og skal einn þeirra læknisfróður, einn hagfræðingur og a. m. k. ein kona.

Atvinnuráðið sé til ráðuneytis um málefni stofnunarinnar og skal fylgjast með allri starfsemi hennar.

11. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 4 9. jan. 1935, um vinnumiðlun, og lög nr. 57 7. maí 1928, um atvinnuleysisskýrslur.

12. gr.

Lög þessi taka gildi 1. júlí 1951.

Greinargerð.

Atvinnuhorfur eru nú að ýmsu leyti uggvænlegri en verið hefur um alllangt skeið, og hefur atvinnuleysis orðið vart víða um land. Ekki ætti að þurfa að vera um það ágreiningur, að ríkisvaldið verði að gera allt, sem unnt er, til þess að stuðla að því, að allir eigi kost á að vinna fyrir sér og sínum, og koma í veg fyrir atvinnuleysi. Ekkert þjóðfélag hefur efni á því, að borgararnir eigi þess ekki kost að nota starfskrafta sína, og allra sízt Íslendingar, sem eru fámennir, en búa í stóru og lítt numdu landi, þar sem óunnin verkefni blasa við, hvert sem litið er. En atvinnuleysi er ekki aðeins sóun frá sjónarmiði heildarinnar, sóun, sem rýrir lífskjör þjóðarinnar allrar. Atvinnuleysi er og ægilegt böl frá sjónarmiði þeirra, sem fyrir því verða, ekki aðeins vegna þess, að það sviptir þá tekjum og veldur fátækt og misrétti, heldur einnig vegna hins, að það lamar starfsþrek þeirra og lífsþrótt.

Þegar svo er komið, að atvinnuleysi blasir við, ber því til þess brýna nauðsyn að gera ráðstafanir til að tryggja skynsamlega hagnýtingu vinnuafls þjóðarinnar og góða afkomu vinnandi manna. Þær ráðstafanir þurfa að sjálfsögðu að vera víðtækar, enda má segja, að það sé í raun og veru eitt meginhlutverk ríkisvaldsins að tryggja öllum stöðuga atvinnu. Þessar ráðstafanir þurfa í aðalatriðum að vera þrenns konar:

1. Ráðstafanir á sviði opinberra fjármála, þ. e. að ríkisvaldið miði fjármálastefnu sína og bankarnir útlán sín við það, að öll atvinnutæki og allt vinnuafl sé hagnýtt, án þess þó að efnt sé til verðbólgu.
2. Ráðstafanir í fjárfestingar- og innflutningsmálum til þess að tryggja þeim framkvæmdum vinnuafl, innlent fjármagn og erlendan gjaldeyri, sem nauðsynlegastar eru taldar frá sjónarmiði heildarinnar og til þess að halda uppi atvinnu þar, sem þess gerist sérstök þörf.
3. Ráðstafanir, sem stuðla að hreyfanleik vinnuaflsins, svo sem vinnumiðlun, vinnuþjálfun, leiðbeiningar um stöðuval o. fl.

Þar eð bankarnir íslenzku eru opinberar stofnanir, á ríkisvaldið að hafa skilyrði til þess að gera þær ráðstafanir, sem nefndar voru í 1. tölulið, og löggjöfin um fjárhagsráð veitir ríkisvaldinu og skilyrði til þeirra ráðstafana, sem um er rætt í 2. tölulið, þótt ekki sé að sjálfsögðu þar með sagt, að tryggt sé, að skilyrðin séu eða verði skynsamlega notuð. En ráðstafanir þær, sem um er rætt í 3. tölulið, hafa mjög verið vanræktar.

Það er megintilgangur þessa frv. að stuðla að framkvæmdum á þessu sviði, en það er viðurkennt með öllum menningarþjóðum, að slíkar ráðstafanir séu ekki síður nauðsynlegar en hinar, sem fyrr voru nefndar, til þess að unnt sé að tryggja öllum stöðuga atvinnu.

Verkefnin, sem hér bíða á þessu sviði, eru svo mörg og mikilvæg, að nauðsynlegt er að fela þau sérstakri stofnun, sem flm. frv. telja eðlilegast að nefna Atvinnustofnun ríkisins. Verkefni hennar yrðu samkv. frv. þessu:

1. Skráning vinnuafls þjóðarinnar og samning launaskýrslna.
2. Atvinnuleysisskráning.
3. Vinnumiðlun.
4. Leiðbeiningar um stöðuval.
5. Vinnuþjálfun.

6. Skipulagning öryrkjavinnu.
7. Skipulagning unglingavinnu.
8. Ráðstöfun atvinnubótafjár.

Skráning vinnuaflsins.

Frumskilyrði þess, að hægt sé að hagnýta vinnuafl þjóðarinnar skynsamlega, er, að nákvæm vitneskja sé fyrir hendi um vinnuaflið, magn þess og tegund, hvar það er og hvernig því er raunverulega ráðstafað og hvað fyrir það greitt. Alþingi virðist hafa gert sér ljósa þýðingu þessa, þar eð vinnumiðlunarskrifstofum er í gildandi lögum gert skylt að safna skýrslum um atvinnuhætti og atvinnurekendum í kaupstöðum að senda vinnumiðlunarskrifstofunum mánaðarlega afrit af kaupgjaldsskrám sínum. Þessum fyrirmælum mun þó hafa verið slælega framfylgt, og ber brýna nauðsyn til að koma þessum málum í gott horf.

Atvinnuleysisskráning.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir því, að atvinnuleysisskráning fari fram í kaupstöðum fjórum sinnum á ári. Þessum fyrirmælum mun ekki heldur hafa verið framfylgt að fullu. Skipuleg atvinnuleysisskráning er þó nauðsynleg, og virðist sjálfsagt, að atvinnustofnunin annist hana, enda á hún að hafa skilyrði til þess að liðsinna atvinnulausum mönnum, m. a. með vinnumiðlun.

Vinnumiðlun.

Síðan 1935 hefur verið haldið uppi opinberri vinnumiðlun hér á landi. Í nálægum löndum er slík starfsemi hvarvetna talin mjög mikilvæg, og hefur Alþjóðavinnumálastofnunin beitt sér fyrir því, að þessi starfsemi sé efld sem mest. Hún eykur mjög öryggi bæði vinnenda og atvinnurekenda, jafnframt því sem hún stuðlar að góðri hagnýtingu vinnuaflsins með því að stytta þann tíma, sem fer í að skipta um störf, og auðvelda mönnum að fá störf við sitt hæfi.

Fyrir Alþingi liggur nú stjórnarfrv. um að afnema skyldu til vinnumiðlunar í kaupstöðum og að fella niður framlög í því skyni, en setja bæjarstjórnum í kaupstöðum í sjálfsvald, hvort slíkri starfsemi er haldið þar uppi eða ekki. Af samþykkt þess frv. mundi vafalaust hljótast, að vinnumiðlun féili víða niður. Slíkt væri spor aftur á bak. Starfsemi þessa þarf þvert á móti að auka, og er að því stefnt með ákvæðum þessa frv.

Leiðbeiningar um stöðuval.

Í nálægum löndum hefur víðast hvar verið komið á fót stofnunum, sem hafa það hlutverk að leiðbeina mönnum í stöðuvali og stuðla þannig að því, að menn vinni við þau störf, sem þeir eru hæfastir til þess að gegna, bæði til þess að stuðla að sem mestri framleiðslu og sem mestri starfsgleði. Slík starfsemi hefur ekki verið hafin hér enn. Til þess er þó kominn tími að hefjast handa á þessu sviði, enda hafa nágrannaþjóðirnar öðlast dýrmæta reynslu í þessum efnum, sem hægt ætti að vera að hagnýta.

Vinnuþjálfun.

Til þess að ráða bót á atvinnuleysi getur verið nauðsynlegt að efna til sérstakrar vinnuþjálfunar. Svo kann að vera, að atvinnulausir menn, sem geta ekki fengið vinnu við sitt hæfi, gætu með tiltölulega stuttri þjálfun eða námi orðið færir um að gegna störfum, sem þeir höfðu ekki verið færir um að gegna áður og e. t. v. er skortur á mönnum til að annast. Er eðlilegast, að atvinnustofnunin annist slíka vinnuþjálfun.

Öryrkjavinna.

Í frv. er gert ráð fyrir því, að öryrkjar allir séu skráðir og enn fremur gamalt fólk, sem er atvinnulaust, en óskar eftir vinnu við sitt hæfi. Með því móti fengist

yfirlit yfir það vinnuafl, sem hér er um að ræða og nú er mjög illa hagnýtt. Það væri öryrkjunum sjálfum til mikilla hagsbóta og þjóðarheildinni beinn ávinningur, ef gerðar væru ráðstafanir til þess að gefa þeim kost á hentugri vinnu. Samband ísl. berklasjúklinga hefur með starfsemi sinni að Reykjalundi sannað eftirminnilega, að þeir, sem eru öryrkjar um stundarsakir eða að nokkru leyti, geta innt af hendi mjög verðmætt starf. Þar hefur verið veitt hið ágætasta fordæmi. Á þeirri braut þarf að halda áfram og koma upp hliðstæðum stofnunum fyrir aðra öryrkja og gamalt fólk. Væri með því stigið hið merkasta spor í félagsmálum, bæði séð frá sjónarmiði öryrkjanna og þjóðarheildarinnar.

Í frv. er gert ráð fyrir því, að atvinnustofnunin geti gert hvort sem hún telur heppilegra að koma sjálf á fót slíkum verkstæðum eða fyrirtækjum eða semja við félög um rekstur þeirra. Til þess að auðvelda rekstur slíkra fyrirtækja er gert ráð fyrir því, að atvinnustofnunin geti fengið einkarétt á framleiðslu vissra vörutegunda, sem henta mundi slíkum fyrirtækjum að framleiða.

Enn fremur er í frv. ákvæði um, að öryrkjar skuli hafa forgangsrétt að vissum störfum, sem sérstaklega eru við þeirra hæfi, samkvæmt ákvörðun atvinnustofnunarinnar.

Unglingavinna.

Nauðsynlegt er að gera sérstakar ráðstafanir til þess, að unglingar þurfi ekki að ganga atvinnulausir, en á síðastliðnu sumri kvað mikið að því, að unglingar gætu ekki fengið hentuga vinnu.

Í frv. er gert ráð fyrir því, að séu unglingar atvinnulausir, skuli fyrst og fremst reynt að greiða fyrir því, að þeir geti stundað nám, en að öðru leyti komið á fót vinnustöðvum eða vinnuskólum eða efnt til sérstakra opinberra framkvæmda, sem unglingar gætu starfað að. Slíkt yrði ódýrara en að láta unglingana ganga atvinnulausa.

Ráðstöfun atvinnubótafjár.

Nauðsynlegt er, að ráðstöfun alls þess fjár, sem varið er til atvinnuaukningar í fjárlögum, sé á einni hendi, og virðist eðlilegast, að atvinnustofnunin ráðstafi því, þar eð hún annast skráningu vinnuaflsins og vinnumiðlun. Með því móti ætti fé að koma að mestum notum.

Stjórn stofnunarinnar og fjármál.

Gert er ráð fyrir því, að stjórn stofnunarinnar verði í höndum eins forstjóra og sjö manna atvinnuráðs, þar sem bæði samtök verkamanna og atvinnurekenda eigi fulltrúa.

Ef frv. þetta næði fram að ganga, yrði að taka upp í fjárlög fjárveitingu í þessu skyni. Að sjálfsögðu verður að gera ráð fyrir, að þessi starfsemi kosti nokkurt fé, en þess er að gæta, að starfsemi stofnunarinnar mundi, ef vel væri á haldið, tvímælalaust hafa stórkostlega fjárhagsþýðingu fyrir þjóðarbúskapinn í heild og þá einstaklinga, sem samkvæmt frv. yrðu studdir til sjálfsbjargar.

Ef síður þætti henta að setja á fót sérstaka stofnun til að annast þau verkefni, sem frv. fjallar um, gæti mjög komið til álita að stofna sérstaka deild í sambandi við Tryggingastofnun ríkisins og fela henni þessa starfsemi.

Nd. 344. Nefndarálit [59. mál]

um frv. til l. um vinnumiðlun.

Frá 2. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Meiri hl. nefndarinnar vill láta samþykkja frumvarpið. Ég get hins vegar ekki komið auga á þau rök, er mæli með því, að vinnumiðlunarskrifstofur, sem á undanförnum góðærum nægrar atvinnu nutu stuðnings af hálfu ríkisins eins og hverjar aðrar gagnlegar stofnanir, verði sviptar þeim stuðningi og starfsemi þeirra þannig stórlega lömuð einmitt núna, þegar vaxandi atvinnuleysi ógnar öllum verkalýð, — og legg þess vegna til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 12. des. 1950.

Jónas Árnason.

Nd. 345. Nefndarálit [90. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja prestssetursjörðina Vatnsleysu í Viðvíkursveit, er prestssetur verður flutt þaðan.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundi sínum í dag og mælir einróma með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 12. des. 1950.

Bjarni Ásgeirsson, form.	Jón Sigurðsson, fundaskr.	Jón Pálmason, frsm.
Ásmundur Sigurðsson.	Ásgeir Bjarnason.	

Nd. 346. Frumvarp til laga [141. mál]

um viðauka við lög nr. 15 8. marz 1948, um innflutning búfjár.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Veita má Sambandi íslenzkra samvinnufélaga og Reykjavíkurbæ, öðrum aðila eða báðum, leyfi til þess að flytja inn nautgripi eða sæði úr nautum af hreinræktuðum holdakynjum og mjólkurkynjum til þess að hreinrækta slík kyn hér á landi og kynbæta hinn innlenda nautgripastofn til kjötframleiðslu og mjólkurframleiðslu.

2. gr.

Leyfi til þess að flytja inn nautgripi eða sæði samkvæmt 1. gr. skal bundið þeim skilyrðum, að hlutaðeigandi aðili stofni og reki bú í eyju í nágrenni Reykjavíkur, er sé fullkomin sóttkví, enda sé búið þannig stundað, að fullkomnar varúðar- og sóttvarnarráðstafanir séu viðhafðar í öllum greinum. Skal búskap og allri einangrun í öllu hagað svo sem fyrir er mælt í 4.—10. gr. laganna.

3. gr.

Heimild þá, sem felst í lögum þessum, má landbúnaðarráðherra því aðeins nota, að Búnaðarfélag Íslands og tilraunaráð búfjárræktar mæli með því og yfirdýralæknir samþykki innflutninginn. Búnaðarfélag Íslands og tilraunaráð búfjárræktar skulu samþykkja val nautgripakynja þeirra, sem inn eru flutt eða sæði er flutt inn úr, svo og val hinna innlendu nautgripa, sem notaðir eru til kynblöndunar.

4. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmd laga þessara, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands og tilraunaráðs búfjárræktar með samþykki yfirdýralæknis. Skal þar setja greinileg ákvæði um rekstur sóttvarnar- og kynblöndunarbúsins, svo og um hvenær og á hvern hátt má flytja þaðan sæði og búpening til frekari kynbóta annars staðar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni landbúnaðarráðherra. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að bera fram eða fylgja breytingartillögum við það og einnig að greiða atkvæði gegn frv. Frv. fylgdu svolátandi athugasemdir:

Frumvarp hliðstætt þessu var flutt á Alþingi 1948 og aftur lagt fyrir þingið 1949, en varð eigi útrætt. Fylgdi því 1948 greinargerð svo hljóðandi:

„Mikill áhugi er fyrir því að efna til kynblöndunar og kynbóta á íslenzkum nautgripum, bæði með aukna og bætta mjólkur- og kjötframleiðslu fyrir augum. En sökum hættu þeirrar, er stafað getur af innflutningi erlends búfjár, þykir rétt að lögfesta hinar fyllstu varúðarráðstafanir.

Í lögum nr. 15 8. marz 1948, um innflutning búfjár, eru engin bein ákvæði um innflutning sæðis til tæknifrjóvgunar né hvernig með skuli fara, ef hann er leyfður.

Samband íslenzkra samvinnufélaga hefur farið þess á leit við landbúnaðarráðuneytið að mega flytja inn sæði til þess að koma upp innlendu holdakyni nautpenings með tæknifrjóvgun og kynblöndun. Býðst Samband íslenzkra samvinnufélaga til þess að kosta þá tilraun að öllu leyti. Einnig er vitað, að forráðamenn Reykjavíkurbæjar hafa áhuga á, að hliðstæð tilraun verði gerð með innflutning til þess að bæta kúakyn vort með mjólkurframleiðslu fyrir augum.

Landbúnaðarráðuneytið telur eigi fært að veita heimild til slíks innflutnings samkvæmt lögum nr. 15 8. marz 1948, um innflutning búfjár, nema sett séu frekari ákvæði þar um, svo sem gert er í frumvarpi þessu.“

Óskir um innflutning þennan eru enn óbreyttar frá því sem var 1949, vakir hvort tveggja fyrir þeim aðilum, sem að málinu standa, að hreinrækta hér ný kyn og að kynbæta íslenzka nautgripakynið bæði til mjólkur og holda.

Nd. 347. Breytingartillögur [88. mál]

við frv. til l. um aðstoð til útvegsmanna.

Flm.: Finnur Jónsson, Lúðvík Jósefsson.

1. Við 3. gr.
   a. Í stað orðanna „samanlagðar upphæðir ..... af lánstímanum“ í niðurlagi fyrri málsl. fyrri málsgr. kemur: lánstíminn lengist um 3 ár.

b. Á eftir fyrri málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
Heimilt er stjórn skuldaskilasjóðs að ákveða, að greiðslufrestur samkv. 1. málsgr. þessarar greinar skuli einnig veittur þeim útgerðarmönnum, sem síldveiðar stunduðu fyrir Norðurlandi 1945—1950 og hafa ekki fengið aðstoðarlán, enda telji sjóðsstjórnin þá eiga erfitt með greiðslu.

c. Síðari málsgr., sem verður 3. málsgr., skal orða svo:
Dráttarvextir af vangoldnum afborgunum af lánum Stofnlánadeildar og Fiskveiðasjóðs skulu ekki reiknast fyrir þann tíma, sem liðinn er, en frá gildistöku þessara laga skulu dráttarvextir reiknaðir 0.5% af vangoldinni upphæð fyrir hvern mánuð, sem greiðslan dregst.

2. Við 5. gr. Við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
Heimilt er þó stjórn skuldaskilasjóðs að veita undanþágu frá ákvæði þessarar greinar um auglýsingu, telji hún að umsækjandi hafi gert fulla grein fyrir fjárhag sínum.

3. Við 14. gr. 1. málsgr. orðist svo:
Í stjórn skuldaskilasjóðs eiga sæti 5 menn, skipaðir af ríkisstjórninni. Skal einn skipaður eftir tilnefningu stjórnar Landsbanka Íslands, annar eftir tilnefningu stjórnar Útvegsbanka Íslands h.f., þriðji eftir tilnefningu stjórnar Landssambands íslenzkra útvegsmanna, en tveir skulu skipaðir án tilnefningar.

Ed. 348. Frumvarp til laga [142. mál]

um togaraútgerð ríkisins til atvinnujöfnunar.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

Ríkið gerir sjálft út eigi færri en fjóra þeirra togara, sem það á nú í smíðum í Bretlandi.

2. gr.

Höfuðmarkmið þessarar togaraútgerðar ríkisins er það að jafna atvinnu í kaupstöðum og kauptúnum landsins á þann hátt, að togararnir leggi þar einkum afla á land, sem atvinnuleysi gerir vart við sig og mest er þörf aukinnar atvinnu hverju sinni.

3. gr.

Stjórn togaraútgerðar ríkisins skal falin stjórn síldarverksmiðja ríkisins, og hefur framkvæmdastjóri verksmiðjanna einnig framkvæmdastjórn togaraútgerðarinnar á hendi.

4. gr.

Að svo miklu leyti sem það samrýmist höfuðmarkmiði togaraútgerðar ríkisins samkvæmt 2. gr., ber að stuðla að því með rekstri togaranna, að síldarverksmiðjur ríkisins fái aukið hráefni til vinnslu og vinnslutími þeirra geti þannig náð yfir lengri tíma ársins en hingað til hefur verið.

5. gr.

Togaraútgerð ríkisins hefur sjálfstæðan fjárhag og reikningshald, og ber ríkissjóður ábyrgð á rekstri fyrirtækisins og sér því fyrir rekstrarfé.

6. gr.

Reikningsár togaraútgerðarinnar skal vera almanaksárið. Skal stjórn síldarverksmiðja ríkisins, sem annast bókhaldið, gera reikningsskil svo fljótt sem verða má, og

eigi síðar en svo, að endurskoðendur verksmiðjanna geti lokið störfum sínum fyrir 1. maí ár hvert. Að þeim tíma liðnum skal verksmiðjustjórnin tafarlaust senda ríkisstjórninni rekstrar- og efnahagsreikninga skipanna, undirritaða af stjórninni og áritaða af endurskoðendum, ásamt skýrslu um rekstur útgerðarinnar á árinu. Reikningarnir skulu árlega birtir í B-deild Stjórnartíðindanna og ríkisreikningnum.

7. gr.

Sett verði reglugerð um tilhögun alla og rekstur togaraútgerðar ríkisins, og skal það sérstaklega tryggt með ákvæðum hennar, að megintilgangi laganna — jöfnun atvinnunnar — verði sem bezt náð.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Útgerð togara á að dómi flutningsmanna þessa frumvarps að vera þjóðnýtt. Þessar mikilvirku fljótandi verksmiðjur, togarar nútímans, eiga annað tveggja að vera eign ríkisins sjálfs eða þá bæjarfélaganna.

Auðskilin rök í stuttu máli fyrir þessari skoðun eru t. d. þau, er nú skal greina:

Þegar vel gengur, getur útgerð togara skilað svo stórfelldum gróða, að enginn einstaklingur hefur neitt með slíkan auð að gera, enda er hann ekki til orðinn við eins manns starf eða umhugsun. Hann er dýrkeyptur ávöxtur af erfiði og fórnum fjölda manns. Þess vegna er eðlilegast, að afgangur erfiðislaunanna, þ. e. sá gróði, sem reksturinn skilar, lendi hjá samfélaginu, en ekki neinum einstökum manni.

Þegar illa gengur með útgerð togara, geta töpin hins vegar orðið svo stórkostleg, að enginn einkaaðiur hrökkvi til að standast þau. Og hvað gerist þá? — Þá lenda töpin jafnan á bökum þjóðarinnar og þar með á herðum almennings. — Hér ber því að sama brunni. Togaragróði á félagslegar rætur. Töpin verða félagsleg byrði. Þess vegna er þjóðnýting togaraútgerðar réttlætismál.

Hins vegar skynja allir ranglæti þess fyrirkomulags, sem skilar gróðanum í einstaklings vasa, en leggur töpin á herðar heildarinnar. Þess vegna opnast nú augu manna óðfluga fyrir því, að einstaklingsrekstur togara hvíli vægast sagt á hæpnum réttlætisgrunni.

Í samræmi við þessa skoðun hefði verið eðlilegast, að frumvarp þetta hefði verið um þjóðnýtingu alls íslenzka togaraflotans, eða a. m. k. um ríkisrekstur allra nýju togaranna, sem nú eru í smíðum fyrir Íslendinga í Bretlandi. En eins og nú er háttað skipun þings og stjórnar, mundi trúlega lítið stoða að hreyfa málinu í þeirri mynd, og verður það að bíða betri tíða.

Hér er aðeins lagt til, að ríkið eigi og reki a. m. k. fjóra þeirra togara, sem Íslendingar eiga nú í smíðum í Englandi og munu koma hingað til lands á fyrra helmingi næsta árs.

Skal þessum ríkisreknu togurum sérstaklega ætlað það hlutverk **að jafna atvinnu í landinu, fyrirbyggja atvinnuleysi og stuðla að gernýtingu þeirra atvinnufyrirtækja, sem nú standa löngum og löngum lítt eða ekki notuð**, einstaklingum og þjóðarheild til ömunar og skaða.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að víða um land er nú vélbátaútgerðin komin í algert þrot. Samverkandi ástæður til þessa eru: Síldarleysi 6 sumur í röð, aflabrestur á heimamiðum, fjárhagslegt getuleysi og allt of lágt fiskverð miðað við verðlag á rekstrarvörum útgerðarinnar. — Hafa menn þar fyrir augum sér „blessun“ gengislækkunarinnar.

Af öllu þessu leiðir, að hið alvarlegasta ástand ríkir nú í atvinnumálum ýmissa útgerðarbæja og sjávarþorpa. Verður það afkomu þjóðfélagsins þungt í skauti áður langt líði, ef ekki verður úr bætt.

Þegar svona er ástatt, verður að grípa til einhverra úrræða. Fátækrastyrkur bæjar- og sveitarfélaga til atvinnuleysingjanna hrekkur skammt, því að ekki eru sveitarfélögin síður fátækrastyrksþurfi frá ríkinu. Ófrjó atvinnubótavinna að vetri til er bæði dýr og dregur lítið úr almennu atvinnuleysi og útbreiddum skorti.

En hvað er þá til ráða? — Svo vel vill einmitt til, að ríkið á 10 nýtízku togara í smíðum í Bretlandi, fullkomnari og mikilvirkari atvinnutæki en þjóðin hefur nokkru sinni eignazt. En sá er vandi á höndum, sökum gengislækkunarinnar, að togararnir eru svo dýrir, að einstaklingar telja sér tvísýna gróðavon af rekstri þeirra og sækjast því ekki eftir að eignast þá. Sama er að segja um bæjarfélögin. Flest þeirra hafa ekkert bolmagn til að ná eignarhaldi á þessum dýru atvinnutækjum. En hví þá ekki að láta einmitt neyðina kenna oss hið rétta? Í þessu tilfelli það, að ríkið eigi sjálft hin ágætu skip fleiri eða færri og geri þau út. Láti þau bæta úr atvinnuleysi og setja ónotuð fiskiðjufyrirtæki í fullan gang, nýti þannig vélar og vinnuafl og framleiði þann dýrmæta gjaldeyri, sem þjóðina vantar svo tilfinnanlega.

Undir slíkum kringumstæðum sýnist svo sem menn þurfi ekki að vera gallharðir þjóðnýtingarsinnar til þess að geta fallizt á ríkisútgerð togara sem eina af þeim leiðum, sem fara þarf til þess að komast út úr ógöngunum.

Í von um, að menn úr öllum flokkum kynnu e. t. v. að geta sætt sig við slíka ríkisútgerð togara til nokkurrar úrlausnar atvinnuleysisvandamálinu, er frumvarpið borið fram í þessu formi, en ekki sem allsherjar þjóðnýtingartillaga alls togaraflotans.

Með afstöðu sinni til þessa frumvarps gefst mönnum sannarlega kostur á að sýna það í verki, að þeir viðurkenni þau augljósu sannindi, **að ekkert sé eins dýrt og það að láta menn ganga atvinnulausa.**

Það er að vísu ánægjulegt, að menn játi þetta í ræðum og ritum, en hitt er þó óneitanlega öllu þýðingarmeira, að þær játningar séu ekki aðeins í orði, heldur og á borði.

Nýlega var þessi játning gerð í einu stjórnarblaðanna: „Það er fjárhagslegt tjón fyrir þjóðarheildina að láta menn ganga atvinnulausa. Það er þó jafnvel enn háskalegra sem siðferðilegt tjón að láta menn ganga atvinnulausa, því að atvinnuleysið brýtur menn niður andlega. Síðast en ekki sízt er að nefna það, að atvinnuleysið er hið versta þjóðfélagslega ranglæti, því að það dæmir vissan hluta borgaranna til að búa við skort og bágindi, meðan aðrir hafa sæmilega afkomu.“

Þetta er vel mælt og réttilega, og verður að vænta þess, að góður vilji til að hamla móti atvinnuleysi með heilbrigðum atvinnuráðstöfunum reynist vera að baki slíkum ummælum.

Þá hefur einnig mjög réttilega verið á það bent, að auk góðæris til sjávarins hér sunnanlands komi það, að á næsta ári verði lagt fram fast að 100 milljónum króna til hinnar nýju Sogsvirkjunar og enn fremur miklar fjárveitingar á fjárlögum til verklegra framkvæmda. — Allt þetta stuðlar að auknum fólksflótta frá Vestfjörðum og Austfjörðum, sem auk þess hafa nú orðið fyrir þungum búsifjum af völdum náttúrunnar. — Getur af þessu horft til landauðnar austan lands og vestan, nema mjög myndarlega sé nú þegar tekið í strenginn af hendi þings og stjórnar um aðstoð við atvinnulífið og einnig séð fyrir ríflegri fjárveitingum þangað til opinberra framkvæmda en í aðra landshluta, meðan á Sogsvirkjun, byggingu sementsverksmiðju, áburðarverksmiðju og öðrum slíkum stórframkvæmdum stendur.

Vilja flm. þessa frv. alvarlega minna á þá stórfelldu röskun á efnahagslegu jafnvægi í þjóðfélaginu, sem af fyrrnefndum þjóðfélagsaðgerðum hlýtur að leiða. — Gæti slík ríkisútgerð togara, sem hér um ræðir, með atvinnujöfnun fyrir augum bætt þar nokkuð úr, einkum ef aðrar ráðstafanir væru jafnframt gerðar í sama skyni.

Það sýnist blasa nokkuð beint við, að síldarverksmiðjustjórn verði falið að stjórna slíkri ríkisútgerð. Þar hefur ríkið á að skipa reyndum útgerðarmönnum, þaulkunnugum stórrekstri hvers konar, fiskveiðum, hagnýtingu sjávarafurða og

markaðsmálum. Auk þess verður að teljast líklegt, að með samhæfingu togaraútgerðar og verksmiðjurekstrar undir einni stjórn megi bæta rekstrarafkomu verksmiðjanna, sbr. t. d. karfaveiðarnar nú sem stendur.

Öll smáatriði í sambandi við daglega framkvæmd útgerðarmálanna sýnist mega ákveða í reglugerð, og er hér lagt til, að svo verði gert.

Sþ. 349. Tillaga til þingsályktunar [143. mál]

um útvegun heilnæmra fæðutegunda.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Rannveig Þorsteinsdóttir, Ásmundur Sigurðsson, Jóhann Jósefsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um það við hlutaðeigandi yfirvöld, að Náttúrulækningafélagi Íslands verði veitt nægileg innflutnings- og gjaldeyrisleyfi til innflutnings á ómöluðu korni, ósigtuðu mjöli, grænmeti að vetrinum, þurrkuðum ávöxtum o. s. frv., til þess að félagið geti séð félagsmönnum sínum og öðrum landsmönnum, er þess kynnu að óska, fyrir heilnæmum og óspilltum matvælum, sem nú er miklum vandkvæðum bundið að útvega.

Greinargerð.

Náttúrulækningafélag Íslands, með Jónas lækni Kristjánsson fyrrum alþingismann í fararbroddi, hefur á undanförnum árum beitt sér fyrir mjög þýðingarmiklu starfi í þá átt að opna augu þjóðarinnar fyrir aukinni neyzlu óspilltra og heilnæmra matvæla, svo sem grænmetis, ómalaðs korns, ósigtaðs mjöls, sojabauna, ávaxta o. s. frv., o. s. frv.

Í Náttúrulækningafélaginu munu nú vera um 1700—1800 félagsmenn, og víðs vegar um landið er fjöldi fólks, sem hefur mikinn hug á að haga mataræði sínu að meira eða minna leyti í samræmi við kenningar þessa félagsskapar eða forgöngumanna hans. — Sem vott um almennan áhuga á þessum málum má benda á hina miklu aðsókn að nýafstaðinni matvælasýningu Náttúrulækningafélagsins, sem stóð aðeins í 3 daga, en var þó sótt af um 4000 manns.

En hér er ekki hægt um vik, því að ýmis af þeim matvælum, sem mestu varða, eru oft lítt fáanleg eða ófáanleg. Má þar nefna grænmeti að vetrinum, þurrkaða ávexti og nýja, ómalað korn, nýtt mjöl o. fl.

Ef einhver vildi skýra þetta með gjaldeyrisfátækt þjóðarinnar, fer það skeyti fram hjá markinu, því að nýtt grænmeti, svo sem hvítkál, gulrætur og þess konar, er mjög ódýrt í innkaupum og ómalað korn kostar engan aukagjaldeyri, þar sem það kæmi í stað annarrar mjölvöru. Og að því er ávextina snertir leggur Náttúrulækningafélagið að vissu leyti meira upp úr þurrkuðum ávöxtum (rúsínum) en nýjum, ekki hvað sízt vegna þess, að ef fullnægja ætti eftirspurn eftir nýjum aldinum, mundi það reynast erfitt gjaldeyrisatriði, svo sem reynslan hefur sýnt. En um þurrkaða ávexti er öðru máli að gegna. Enn fremur má benda á það, að ef hægt væri að fá nýtt grænmeti árið um kring, kæmi það minna að sök, þótt nýja ávexti vantaði.

Náttúrulækningafélag Íslands hefur um nokkurt árabil starfrækt matsöluhús í Reykjavík við ágætan orðstír. Er þar á borðum að margra áliti hollari matur en á flestum öðrum greiðasölustöðum hér á landi.

Vegna matstofunnar hefur félagið fengið leyfi fyrir nokkrum innflutningi, en þó hefur það verið mjög af skornum skammti. Hins vegar hefur félagið lítið sem ekki getað liðsinnt þeim mörgu mönnum, bæði innan Reykjavíkur og utan, sem leitað hafa aðstoðar þess um útvegun á ýmsum hollustumatvælum.

Er oss t. d. tjáð, að nú að undanförnu hafi N. L. F. Í. gert ítrekaðar tilraunir til að fá leyfi fyrir innflutningi, en þær tilraunir lítinn árangur borið. Einnig er oss tjáð, að félagið hafi snúið sér til aðalinnflytjenda þeirra vörutegunda, sem hér er um að ræða, en litla áheyrn fengið. Eru hinir stóru innflytjendur sagðir tregir til að sinna beiðnum um útvegun vörutegunda, sem ekki eru almennt notaðar. Má þar til nefna ómalað korn og fleira þess háttar. — Einnig er það lítt við unandi, að grænar baunir þurrkaðar, nýjar gulrætur o. fl. fáist einungis flutt inn til niðursuðu, sem gerir vöruna bæði margfalt dýrari fyrir neytandann og skemmir hana að auki.

Þessu sýnist þurfa að breyta. Og virðist oss þá næsta eðlilegt, að félagsskap eins og t. d. Náttúrulækningafélagi Íslands verði gert kleift að annast innflutning ýmissa hollra matvæla, sem nú eru lítt fáanleg. Ætti slíkt engan veginn að þurfa að kosta neina verulega gjaldeyriseyðslu, þar sem aðallega yrði um tilfærslu að ræða milli vörutegunda og annað ekki.

Finnst oss ekki óeðlilegt, eða óæskilegt, að Náttúrulækningafélagið ræki verzlun, þar sem eingöngu væru á boðstólum heilnæmustu og beztu matvörur. Eru slíkar verzlanir nú til víða um lönd og eiga sums staðar veigamikinn þátt í útbreiðslu hollra manneldishátta.

Liggur í augum uppi, að útilokað er fyrir félagið að koma upp eða reka slíka verzlunarstarfsemi, nema það fái sjálft að flytja inn þær erlendu matvörutegundir, sem erfiðast er að afla með milligöngu annarra innflytjenda. Verður það að teljast miður, að hér skuli enginn aðili vera til, sem reki verzlunarstarfsemi með neyzluvörur miðað við ofangreind sjónarmið. Teljum vér því sjálfsagt, að ríkisvaldið greiði fyrir því, að úr þessu verði bætt.

Það er að verða æ augljósara, enda nú orðið viðurkennt af mörgum okkar lærðustu manneldisfræðingum, að vér Íslendingar stefnum í veigamiklum atriðum í öfuga átt um fæðuval og heilsusamlegt mataræði. Bregða eftirfarandi tölur úr innflutningsskýrslum allskýru ljósi yfir þessar óskemmtilegu staðreyndir.

Tölurnar hér á eftir sýna innflutning helztu tegunda kornmatar í kg á mann á ári.

Ár	Rúgur heill	Rúgmjöl	Hveitimjöl	Hrísgrjón	Bygg	Haframjöl
1873—79	43	9	0.5	6	13.5	„
1880—84	40	13	2	9	15	„
1885—89	33	17	8	9	15	„
1890—94	24	20	10	10	16	„
1895—99	23	29	15	11	16	0.6
1900—04	21	33	18	12	15	1.5
1905—09	15	37	23	10	8	6
1910—14	11	49	27	10	„	12
1915—19	1	54	39	6.5	„	21
1920—24	1	55	37	6	„	17
1925—29	3.5	47	41	7	„	17
1930—34	4	39	45	6	„	15
1935—39	2	47	43	6	„	14
1949	„	36	58	4	„	9

Ætli þeir verði ekki nokkuð margir, sem þessar tölur athuga, er hljóta að viðurkenna, að þróun kornvöruinnflutningsins stefni í öfuga átt við það, sem vera ætti og skynsamlegt væri?

Allt fram undir aldamót er það ómalað korn, sem setur aðalsvipinn á kornvöruinnflutninginn. Það er heill rúgur, hrísgrjón og bygg. — Nú er heili rúgurinn horfinn og byggið sömuleiðis. Í byggsins stað er komið haframjöl. Hrísgrjónaneyzlan hefur lítið breytzt allt þetta tímabil. Rúgmjölsneyzlan hefur fjórfaldazt síðan 1873, úr 9 kg í 36 kg á mann á ári.

Þetta er í sjálfu sér afturför, því að ómalað korn getur geymzt óskemmt svo árum og jafnvel öldum skiptir. Að það sé óskemmt, má m. a. marka af því, að það getur spírað. En jafnskjótt og það hefur verið kurlað eða malað, byrja í því efnabreytingar, sem spilla mjölinu og eyða meðal annars fjörefnum þess. Verða skemmdirnar þeim mun meiri sem lengra líður. Munurinn á nýmöluðu og geymdu mjöli finnst greinilega á bragðinu. Brauð úr nýmöluðu mjöli er svo ilmandi bragðgott, samanborið við annað brauð, að þeir einir trúa, sem reynt hafa.

Enn meiri skemmd er það á hveitikorninu, sem hingað flyzt, að við mölunina hefur hýðið jafnan verið sigtað frá og því fleygt í burtu. Er það venjulega selt við lágu verði sem gripafóður. — En þar með er einmitt kastað burtu verðmætustu næringarefnum kornsins. Þessi efni eru í sjálfu hýðinu og næst því; enn fremur í kíminu, sem fylgir hýðinu við sigtunina, en í því er fjölbreytt og samanþjöppuð næring, sem ætluð var hinni ungu jurt, meðan frjóanginn er að vaxa og áður en hún skýtur rótum. Með þessari meðferð er talið að fari forgörðum allt að ⅘ hlutar af fjörefnum og steinefnum kornsins, enn fremur beztu eggjahvituefnin auk fituefna og kolvetna og hinna nýfundnu „auxon"-efna, sem talin eru hafa engu minni þýðingu fyrir næringu og heilbrigði líkamans en fjörefni. — Fjörefnin í korni eru aðallega B-fjörefni, sem greinast í marga undirflokka og eru sérstaklega þýðingarmikil fyrir meltinguna og taugarnar. — Þá er í hýði korntegunda allmikið af járni. Loks eru í því ómeltanleg grófefni, tréni (cellulose), sem hafa hina mestu þýðingu fyrir meltingarstarfsemina.

Það ískyggilegasta við þróun þá, sem taflan hér að framan sýnir, er þó það, að hveitineyzlan hefur á umræddu tímabili vaxið jafnt og þétt, úr hálfu kílógrammi á mann í 58 kg. — En um hveitið er það að segja, að auk þess sem því hefur verið spillt með vandlegri sigtun, er líka blandað í það eiturefnum í því skyni að gera það hæfara til geymslu, og að því er sumum finnst líka áferðarfallegra, þ. e. a. s. hvítara. Nýlegar vísindatilraunir hafa sýnt, að efni það, sem löngum hefur verið notað á þennan hátt í hveitið, köfnunarefnis-tríklorid, hefur mjög skaðlegar verkanir á heilbrigði tilraunadýra, og mega menn, sem mikils neyta af hveiti, vel draga af því sínar ályktanir.

Nú er hveitið rúmur helmingur af öllum kornvöruinnflutningi Íslendinga, og ætti engum að vera það fagnaðarefni.

Vér höfum fyrir satt, að þegar fyrir stríð hafi Þjóðverjar bannað með öllu fínsigtun á hveiti og einnig innflutning á hvítu hveiti. Og á styrjaldarárunum fóru Englendingar eins að. Er talið, að þetta hafi reynzt góð heilbrigðisráðstöfun, og reyndist engum erfiðleikum bundið að framkvæma það, þó að ýmsir söknuðu hvíta brauðsins, eins og ekki er ólíklegt, þegar fólk hefur vanizt því frá barnæsku. En þessi dæmi sýna, að það ætti ekki að vera nein frágangssök að gera svipaðar ráðstafanir hér á landi. Til þess þyrfti þó að setja upp kornmylnu eða mylnur, sem möluðu eftir hendinni allt það korn, er vér neytum, svo að fólk ætt jafnan kost á nýrri og óspilltri mjölvöru. Að sjálfsögðu væri hægt að fínsigta mjöl, ef á þyrfti að halda, t. d. handa sjúklingum, sem ekki þola grófmeti. En sú er bótin, að í það mjöl þyrfti þá ekki að bæta neinum eiturefnum, þar eð ekki væri þörf á að geyma það nema skamman tíma.

Ef sporið væri þannig stigið heilt og óhikað, yrði beinlínis um verulegan gjaldeyrissparnað að ræða, því að korn, sem flutt væri inn í tankskipum, yrði miklu ódýrara en mjöl flutt inn í sekkjum og smápokum, eins og nú tíðkast. Uppskipun og öll meðferð yrði þá líka ódýrari, þar eð korninu yrði þá dælt úr skipi upp í korngeymsluna. Af innflutningi á ómöluðu korni leiddi líka það, að óhætt væri að flytja inn mikið í einu, þar eð ómalað korn geymist svo að segja óendanlega, eins og fyrr segir, ef geymslustaður er góður og öruggur. Þá flyzt vinnan við mölunina líka inn í landið.

Loks væri það þá ekki lítilsvirði — þar á meðal fjárhagsatriði —, ef slík ráðabreyting yrði, eins og margir hafa trú á, til að bæta heilsufar þjóðarinnar. — Þá

kæmu teknamegin aukin afköst vinnandi manna, minni fjarvistir frá störfum, minni sjúkrahúsakostnaður, minni lyfjakaup og á ýmsan annan hátt spöruð útgjöld og minni gjaldeyrisþörf.

Þessi sjónarmið hafa líka að meira eða minna leyti verið viðurkennd með áætlun um kornmylnu í sambandi við ráðstafanir Marshallfjár. Að þessu ber að stefna, og ber forráðamönnum þjóðarinnar tvímælalaust skylda til að greiða fyrir framkvæmdum í þá átt.

En meðan þetta stórmál kemst ekki í kring, er sjálfsagt og enda nauðsynlegt, að koma til móts við þá menn, sem leggja kapp á að nota einungis óskemmdan kornmat til neyzlu og vinna að því sem hugsjón að fræða aðra og hvetja til þess sama. Verður slíkt að vorum dómi að teljast til þjóðnytjastarfa, sem styrkja ber og efla.

Í þeim tilgangi er tillaga þessi fram borin, og viljum vér, flutningsmenn hennar, vænta þess, að Alþingi verði við þeim sanngjörnu óskum, sem hún fer fram á til fyrirgreiðslu og aðstoðar þeim ágætu mönnum, sem heldur kjósa að velja sér til neyzlu holla fæðu en skemmda.

Nd. 350. Nefndarálit [87. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 12. des. 1950.

Jörundur Brynjólfsson, form., frsm. Jóhann Hafstein, fundaskr. Áki Jakobsson.
Finnur Jónsson. Jónas G. Rafnar.

Nd. 351. Nefndarálit [105. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 83 1940, um friðun arnar og vals.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 12. des. 1950.

Jörundur Brynjólfsson, form., frsm. Jóhann Hafstein, fundaskr. Áki Jakobsson.
Finnur Jónsson. Jónas G. Rafnar.

Ed. 352. Nefndarálit [121. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Þegar lögin um almannatryggingar voru samin, var gengið út frá því sem vísu, að gera yrði á þeim breytingar, eftir að reynsla hefði fengizt um hin ýmsu ákvæði þeirra. Kom það fljótt í ljós, að nauðsynlegt var að breyta lögunum, enda komu fram um það kröfur svo að segja á hverju ári. Reyndist óhjákvæmilegt að gera á þeim breytingar árlega með sérstökum viðaukalögum, en heildarendurskoðun á þeim var látin fara fram árið 1949 og henni lokið fyrir samkomudag Alþingis það ár. Var milliþinganefnd falið þetta verk, og breytingar þær, sem hún lagði til að gerðar væru á lögunum, síðan bornar fram í frumvarpsformi á þinginu 1949, eins og til var ætlazt. Frumvarp þetta náði þó ekki fram að ganga á því þingi. Stöðvaðist það á síðustu stundu í seinni deild þingsins. Lýsti ríkisstjórnin yfir því, áður en þingi lauk, að hún mundi láta athuga málið á ný og leggja frumvarpið fram endurskoðað á næsta þingi.

Samkvæmt þessari yfirlýsingu óskaði félagsmálaráðherra eftir því, að nefndin flytti frv. það, sem hér er fram borið á þskj. 238. Varð nefndin við þeirri ósk. Einstakir nefndarmenn áskildu sér þó rétt til þess að bera fram breytingar eða fylgja öðrum breytingum, er fram kynnu að verða bornar, og hafa að öðru leyti óbundnar hendur í sambandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin hefur nú athugað frumvarpið. Hefur hún borið það saman við frv. það, sem lá fyrir síðasta Alþingi um sama efni, og einnig við gildandi lög um almannatryggingar og athugað jafnframt óskir og kröfur, sem fram hafa komið frá ýmsum aðilum til breytingar á frumvarpinu. Getur nefndin ekki fallizt á að leggja til, að frv. á þskj. 238 verði samþykkt óbreytt. Skal því gerð nokkur grein fyrir frv. og þeim breytingum, sem nefndin leggur til, að gerðar verði á því.

Fyrsti kafli frumvarpsins, 1.—4. gr., er tekinn upp óbreyttur frá því, sem lagt var til af milliþinganefndinni, og vísast til greinargerðar frv. um þessi atriði. Ákvæði þessa kafla hafa engin áhrif á fjárhagsafkomu stofnunarinnar.

Með 5. gr. frv. eru ákveðnar hinar nýju grunnupphæðir bóta til samræmis við ákvæði gengislaganna. Vildu einstakir nefndarmenn ákveða bæturnar nokkru hærri en gert er í frv., en um þetta varð ekki samkomulag í nefndinni. Áskilja þeir sér því rétt til þess að bera fram breytingartillögur við þessa grein eða að fylgja öðrum, sem fram kunna að koma. Verði greinin samþykkt óbreytt, hefur hún enga gjaldahækkun í för með sér fyrir stofnunina frá því, sem nú er.

6.—15. gr. frv. eru eins og þær voru samþykktar í efri deild á síðasta þingi. Ákvæði 8. gr. fela í sér nokkurn aukakostnað fyrir stofnunina, eða sem svarar að minnsta kosti launum eins manns, en 10. gr. mun hins vegar spara stofnuninni 200—300 þús. kr., ef hún verður samþykkt óbreytt.

Eins og tekið er fram í greinargerð frv., þá er hér um tvenns konar breytingu að ræða frá gildandi lögum. Felst önnur breytingin í því, að ætlazt er nú til, að allar mæður fái jafnháan fæðingarstyrk, en að mæður fái því aðeins viðbótarstyrk, kr. 300.00 á mánuði í 3 mánuði, að þær leggi fram úrskurð á hendur barnsföður fyrir barnsfararkostnaði, svo að stofnuninni sé á þann hátt tryggður endurkröfuréttur á barnsföður. Var greininni breytt þannig á síðasta þingi og er tekin hér upp á ný eins og þá var gengið frá henni í Ed. Rýrir þetta á engan hátt bætur til móðurinnar, ef hún gefur upp föður barnsins, sem hvert sem er verður að gerast til tryggingar framfærslumeðlagi. Hjá nefndinni mættu fulltrúar kvenfélagasamtakanna í landinu og mótmæltu ákveðið þeim breytingum, sem felast í 10. gr., einkum hinni síðari, og lögðu mjög fast að nefndinni, að ákvæðum um þessi atriði yrði haldið óbreyttum, eins og þau eru nú í 34. gr. laganna. Einstakir nefndarmenn áskilja sér því rétt til

að bera fram breytingartillögur við 10. gr. eða fylgja öðrum, sem fram kunna að koma. Einstakir nefndarmenn áksilja sér einnig rétt til þess að bera fram breytingartillögur við 11. gr. eða fylgja öðrum, sem fram kunna að koma í sambandi við þátttöku stofnunarinnar í kostnaði við hjúkrunarkonur eða aðra starfskrafta, er sjúkrasamlög eða sveitarstjórnir kynnu að ráða til aðstoðar á heimilum í veikindum.

Í 16. gr. frumvarpsins eru ákveðnar hinar nýju grunnupphæðir bóta á sama hátt og í 5. gr. Gildir hér sama og um 5. gr., að einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að bera fram breytingartillögur.

Um ákvæði 17.—20. gr. er enginn ágreiningur í nefndinni.

Nefndin er sammála um, að nauðsynlegt sé að gera breytingar á 5. tölulið 21. gr. Ef miðað er við, að hámarksframlag ríkissjóðs og sveitarsjóðs til sjúkrasamlaganna yrði kr. 62.00 að viðbættri verðlagsvísitölu og reiknað með henni 115, eins og gert er á fjárlagafrumvarpinu, samsvaraði þetta kr. 71.30 á mann á ári. Hvert það sjúkrasamlag, sem hefði kr. 17.83 mánaðargjald eða lægra, fengi þá ⅓ frá ríkissjóði og sveitarsjóðunum, en hin, sem hefðu hærri gjöld, fengju þá ekkert á móti þeim hluta iðgjaldsins, sem fram yfir væri. Þegar komið hefur verið á sjúkrasamlögum um allt land, er gert ráð fyrir því, að meðlimatalan verði um 90 þúsund, en þar af verði 55 þúsund með hærra mánaðargjaldi en kr. 17.83, og fá því sjúkrasamlög þeirra ekki fullt þriðjungsframlag. Sé enn fremur gert ráð fyrir því, að iðgjöld hinna 35 þúsund meðlimanna sé um kr. 120.00 á ári á mann, fá sjúkrasamlög þeirra fullan þriðjung framlags eða til jafnaðar kr. 40.00 á meðlim.

Með því að gera má ráð fyrir, að sjúkrasamlögin komi ekki öll inn í byrjun ársins, má áætla, að 5 milljóna króna framlag ríkisins láti nærri áætluðum kostnaði, miðað við vísitölu 115, en þetta breytist að sjálfsögðu, ef vísitalan hækkar enn meir. Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu er nú tekið upp 4,8 millj. kr. til þess að mæta þessum útgjöldum. Verður því nauðsynlegt að bæta enn við þá upphæð 200 þús. kr., svo að heildarframlagið verði ekki undir 5 milljónum króna, ef mæta á þeim útgjöldum, sem ákvæði þessarar greinar hafa í för með sér. — 3. töluliður 21. gr. er tekinn nýr upp í frumvarpið. Er hér um að ræða heimild til þess að takmarka greiðslur fyrir lyf, sem ekki eru talin lífsnauðsynleg —. 4. töluliður er einnig nýmæli, en hann kveður svo á, að stofnunin skuli greiða ríkisframfærslunni ellilífeyri bótaþega, ef hann dvelur á sjúkrahúsi vegna ellikramar eða annarra slíkra sjúkdóma lengur en 5 vikur, í stað þess að greiða hann beint til viðkomanda. Vísast að öðru leyti um þetta til greinargerðar frumvarpsins.

Samkvæmt ákvæðum 24. gr. er ætlazt til, að raskað verði allverulega hlutföllunum á milli þeirra aðila, sem greiða framlög til tryggingannna, frá því, sem er í gildandi lögum, þannig að hér er ætlazt til, að iðgjöld hinna tryggðu verði hækkuð allverulega, eða um 15%, og iðgjöld atvinnurekenda um 3%, en hins vegar verði engin hækkun gerð á framlagi frá sveitarfélögum né ríkissjóði. Jafnframt er gert ráð fyrir því að binda upphæð iðgjaldanna til ársloka 1954, án tillits til breytinga, sem kynnu að verða á vísitölu og kaupgjaldi í landinu allan þennan tíma. Á þetta sjónarmið getur nefndin ekki fallizt og stendur hún óskipt um þá skoðun.

Á síðastliðnu ári kom upp ágreiningur milli stofnunarinnar og ríkisstjórnarinnar um eignarrétt á því fé, sem safnazt hafði á undanförnum árum í sjóði hjá stofnuninni. Taldi ráðherra ríkissjóð vera réttan eiganda að þessu fé, þar sem það hefði verið ofgreitt stofnuninni miðað við afkomu undanfarinna ára. Alþingi skar ákveðið úr um þessa deilu og kvað svo á, að með því að ríkissjóður hefði eigi greitt stærri hlut en ákveðið væri í lögunum, bæri að skoða það fé, sem safnazt hefði, sem sjóðseign stofnunarinnar, til þess að mæta ófyrirsjáanlegum áföllum. Þetta fé verður því ekki skert á þann hátt að draga úr framlagi eins eða fleiri framlagsgjaldenda, eins og mundi verða, ef 24. gr. yrði samþ. óbreytt. Um þetta er enginn ágreiningur í n.

Samkvæmt ákvæðum 25. gr. er ætlazt til, að á grunnupphæðir bóta verði ekki greidd hærri verðlagsuppbót en 15%. Á þetta getur nefndin ekki fallizt. Verði hærri vísitöluuppbót greidd yfirleitt á laun í landinu, er engin sanngirni í því að binda

vísitöluálagið á þessar greiðslur einar, sem vitanlegt er að sízt af öllu mega lækka, ef um vaxandi dýrtíð og vísitölu er að ræða. Um þetta er nefndin fullkomlega sammála. Hins vegar telur meiri hluti nefndarinnar ekki frágangssök, ef fjárhagsástandið er þannig í landinu, að ekki þyki gerlegt að hækka iðgjöld og framlög jafnmikið og bætur, sem þó verður að teljast eðlilegast, að láta aðrar reglur gilda um vísitöluálag á tekjustofnana en á bæturnar. Með tilliti til þessa leggur meiri hluti nefndarinnar til, að vísitöluálagið á tekjustofnana verði miðað við meðalvísitölu næsta árs á undan, sem mun vera 8,33% árið 1950.

Þessi leið er að sjálfsögðu ekki æskileg, enda verður hún ekki farin nema skamma stund, og vill meiri hluti nefndarinnar benda á, að þótt hann fallist á það nú, að þessi leið verði farin í þetta skipti, gerir hann það í því fulla trausti, að ekki verði gengið svo á tekjustofna tryggingarinnar, að hætta sé á því, að stofnunin geti ekki fullnægt þeim verkefnum, sem henni eru falin samkvæmt lögunum.

Með óbreyttum tekjuliðum er gert ráð fyrir því, að rekstrarhalli stofnunarinnar hefði orðið um 9,5 millj. kr. Samkvæmt ákvörðun 24. gr. mundu tekjurnar aukast um 2,7 millj. kr., ef sú grein yrði samþykkt óbreytt. Verði hins vegar breytingartillögur nefndarinnar við þessa grein samþykktar, hækka tekjurnar um 4,2 milljónir og minnka þannig áætlaðan rekstrarhalla ofan í 5,3 millj. kr. En með því að í þessari áætlun var gert ráð fyrir 600 þús. kr. hærri lífeyrisgreiðslum en gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi, lækkar rekstrarhallinn enn um þá upphæð eða í 4,7 milljónir, miðað við, að allar bætur verði greiddar með vísitölu 115 á árinu. Verði hins vegar bætur greiddar með hærra vísitöluálagi, hækkar áætlað rekstrartap sem því nemur, eða um 500 þús. kr. fyrir hvert vísitölustig, nema til komi samsvarandi álag á iðgjöld og framlög. Er því óhjákvæmilegt að setja inn í frumvarpið heimild fyrir ríkisstjórnina til að hækka iðgjöld og framlög sem þessu nemur, ef vísitöluálag á bótagreiðslur kynni að fara fram úr 15% á árinu og forðast á, að ríkissjóður greiði einn hallann, sbr. ákvæði 30. gr. frumvarpsins. Einn nefndarmanna (LJóh) áskilur sér þó rétt til að greiða atkvæði á móti slíkri breytingu á frumvarpinu.

Rétt þykir að breyta 30. gr. frumvarpsins þannig, að skýrt sé, að tekjuafgangi stofnunarinnar skuli varið til að mæta ófyrirsjáanlegum halla, sem verða kann á rekstri tryggingarinnar.

Tillaga lá fyrir í nefndinni um að taka inn ákvæði um mæðralaun á grundvelli þess, sem samþykkt var af efri deild á síðasta þingi. Ræddi nefndin þetta mál við fyrrnefnda fulltrúa frá kvenfélagasambandinu, sem lögðu mjög ríka áherzlu á, að slíkt ákvæði yrði tekið upp í frumvarpið. Varð þó ekki samkomulag um það á þessu stigi málsins. Einstakir nefndarmenn áskilja sér því rétt til að bera fram brtt. um þetta eða fylgja öðrum, sem fram kunna að koma um sama efni.

Þá þykir rétt að geta þess, að nefndin fékk um það upplýsingar, að allt útlit væri fyrir það, að rekstrartap tryggingarinnar mundi á þessu ári verða um eða yfir 2 millj. kr. Er þetta bein aðvörun um það, að gæta verður þess á næsta ári að draga ekki svo úr tekjustofnum tryggingarinnar, að stofnuninni stafi af því bein hætta.

Með tilvísun til þess, sem að framan greinir, leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 21. gr. Í stað orðanna „60 krónur á ári“ í niðurlagi 5. tölul. komi: 62 krónur á ári að viðbættri verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu.
2. Við 24. gr. Greinin orðist svo:

   Iðgjöld og framlög til tryggingasjóðs samkvæmt IV. kafla laganna, 2.—5., skulu vera sem hér segir:

   1. Árleg iðgjöld hinna tryggðu samkvæmt 107. gr. laganna:
      a. Kvæntir karlar:

Á 1. verðlagssvæði	kr.	390.00
Á 2. —	—	310.00

b. Ókvæntir karlar:
Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 350.00
Á 2. — ..... — 280.00
c. Ógiftar konur:
Á 1. verðlagssvæði ..... — 260.00
Á 2. — ..... — 210.00

2. Iðgjöld atvinnurekenda samkv. 112. gr. laganna:
Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 4.65 á viku
Á 2. — ..... — 3.50 - —
3. Heildarupphæð framlags sveitarfélaga samkv. 114. gr. laganna:
10.8 millj. kr.
4. Fast framlag ríkissjóðs samkv. 116. gr. laganna:
17.4 millj. kr.

3. Við 25. gr.
a. Niðurlag síðari málsgr. frá og með orðunum „sbr. 6. gr. laga“ falli niður.
b. Við greinina bætist ný málsgr., er orðist svo:
Iðgjöld samkvæmt 107. og 112. gr. og framlög samkvæmt 114. og 116. gr. laganna, sbr. 24. gr. þessara laga, skulu innheimt með álagi samkvæmt meðalvísitölu næsta árs á undan.
4. Við 30. gr. Í stað orðanna „að mæta halla“ komi: að mæta ófyrirsjáanlegum halla.
5. Aftan við 37. gr. bætist svo hljóðandi

BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI:

Ríkisstjórninni er heimilt, að fengnum tillögum frá tryggingaráði, að ákveða jafna hundraðshlutahækkun á iðgjöld og framlög til tryggingaráðs, ef kaupgjald í landinu verður greitt með hærri verðlagsvísitölu en 115 á árinu 1951 og sýnilegt er, að Tryggingastofnunin þurfi á því fé að halda til þess að greiða bætur með fullu vísitöluálagi án þess að skerða tryggingasjóðinn óeðlilega. Jafnframt heimilast ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði þann hluta, sem honum ber að greiða vegna slíkrar hækkunar.

Alþingi, 13. des. 1950.

Rannveig Þorsteinsdóttir, form. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Gísli Jónsson, frsm.
H. Guðmundsson, með fyrirvara. F. R. Valdimarsson, með fyrirvara.

Ed. 353. Breytingartillögur [52. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 34 29. apríl 1946, um fræðslu barna.

Frá Bjarna Benediktssyni.

Við 1. gr., 1. efnismálslið.
a. Orðin „allt að helmingi“ verði: helming.
b. Orðin „í heimangönguskólum“ falli niður.

Nd. 354. Frumvarp til laga [52. mál]

um breyting á lögum nr. 34 29. apríl 1946, um fræðslu barna.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Í stað 1. málsgr. 13. gr. laganna kemur:

Ríkissjóður greiðir allt að helmingi stofnkostnaðar heimangönguskóla, en þrjá fjórðu hluta stofnkostnaðar heimavistarskóla og skólastjórabústaða í heimangönguskólum. Hlutaðeigandi sveitarfélög greiða hinn hlutann. Séu tveir eða fleiri hreppar eða hluti úr hreppi um sama skóla, greiða þeir stofnkostnaðinn í hlutfalli við samanlagðan tekju- og eignarskatt íbúanna eftir meðaltali fimm síðustu ára.

Bæjar- og sveitarfélög öðlast rétt til ríkisframlags til bygginga sinna, ef þau fullnægja þessum skilyrðum:

1. Fræðslumálastjórnin hafi samþykkt uppdrætti að húsinu, áður en hafizt er handa um byggingu.
2. Skólalóðin sé fullnægjandi að dómi fræðslumálastjórnarinnar og eign skólahverfisins eða afnotarétturinn tryggður því með óuppsegjanlegum samningi.

Framlag ríkisins greiðist eftir því, sem fé er veitt til þessara framkvæmda í fjárlögum, og í því skiptingarhlutfalli, er fræðslumálastjórnin ákveður milli hinna einstöku byggingaraðila hverju sinni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 355. Frumvarp til laga [53. mál]

um breyting á lögum nr. 49 7. maí 1946, um húsmæðrafræðslu.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgr. svo hljóðandi:

Bæjar- og sveitarfélög öðlast rétt til ríkisframlags til bygginga sinna, ef þau fullnægja þessum skilyrðum:

1. Fræðslumálastjórnin hafi samþykkt uppdrætti að húsinu, áður en hafizt er handa um byggingu.
2. Skólalóðin sé fullnægjandi að dómi fræðslumálastjórnarinnar og eign skólahverfisins eða afnotarétturinn tryggður því með óuppsegjanlegum samningi.

Framlag ríkisins greiðist eftir því, sem fé er veitt til þessara framkvæmda í fjárlögum, og í því skiptingarhlutfalli, er fræðslumálastjórnin ákveður milli hinna einstöku byggingaraðila hverju sinni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 356. Frumvarp til laga [54. mál]

um breyting á lögum nr. 48 7. maí 1946, um gagnfræðanám.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Við 53. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Bæjar- og sveitarfélög öðlast rétt til ríkisframlags til bygginga sinna, ef þau fullnægja þessum skilyrðum:

1. Fræðslumálastjórnin hafi samþykkt uppdrætti að húsinu, áður en hafizt er handa um byggingu.
2. Skólalóðin sé fullnægjandi að dómi fræðslumálastjórnarinnar og eign skólahverfisins eða afnotarétturinn tryggður því með óuppsegjanlegum samningi.

Framlag ríkisins greiðist eftir því, sem fé er veitt til þessara framkvæmda í fjárlögum, og í því skiptingarhlutfalli, er fræðslumálastjórnin ákveður milli hinna einstöku byggingaraðila hverju sinni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 357. Breytingartillögur [82. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina að selja landspildu og tvær jarðir í opinberri eigu.

Frá Bernharð Stefánssyni.

1. Við 1. gr. Á eftir 2. tölul. kemur nýr (3.) töluliður, svo hljóðandi:
   Þjóðjörðina Bakkagerði í Svarfaðardal í Eyjafjarðarsýslu ábúandanum, Gesti Vilhjálmssyni.
2. Við fyrirsögn. Fyrir „tvær jarðir“ komi: nokkrar jarðir.

Ed. 358. Breytingartillögur [121. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Finnbogi R. Valdimarsson.

1. Við 4. gr. Á eftir 4. gr. frv. komi ný grein, er verði 5. gr., svolátandi:
   Tryggingaráði skal heimilt að miða skerðingu eða niðurfellingu lífeyris samkvæmt 2. málsgr. 13. gr. laganna við það, að lífeyrir og eftirlaun úr opinberum sjóði eða af opinberu fé og ellilífeyrir samkv. 15. gr. fari ekki samtals fram úr upphæð, sem samsvarar lífeyri á I. verðlagssvæði að viðbættum 50% af lífeyrisupphæð þess verðlagssvæðis, þar sem hlutaðeigandi er búsettur.
2. Við 5. gr.
   a. Greinin orðist svo:
      Grunnupphæðir bóta samkv. II. kafla laganna, 1—4, skulu frá 1. janúar 1951 vera sem hér segir:

1. Árlegur elli- og örorkulífeyrir samkv. 15. og 18. gr. laganna:
   a. Fyrir hjón, þegar bæði fá lífeyri:
      Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 6624.00
      Á 2. — ..... — 4968.00
   b. Fyrir einstaklinga og hjón, þegar annað fær lífeyri:
      Á 1. verðlagssvæði ..... — 4140.00
      Á 2. — ..... — 3105.00
2. Árlegur barnalífeyrir skv. 20. gr. laganna:
   Á 1. verðlagssvæði ..... — 2400.00
   Á 2. — ..... — 1800.00
3. Árlegar fjölskyldubætur skv. 30. gr. laganna:
   Á 1. verðlagssvæði ..... — 1200.00
   Á 2. — ..... — 900.00
4. Ekkjubætur samkv. 35. gr. laganna:
   Fyrstu 3 mán. eftir lát maka ..... kr. 600.00 á mán.
   Næstu 9 mán., ef ákvæði greinarinnar heimila ..... — 450.00 - —
5. Hámark árlegra makabóta samkv. 38. gr. laganna:
   Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 2484.00
   Á 2. — ..... — 1863.00
6. Sjúkrabætur samkv. 40. gr. laganna:
   a. Fyrir kvænta karla, þegar konan vinnur eigi utan heimilis:
      Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 18.00 á dag
      Á 2. — ..... — 15.00 - —
   b. Fyrir aðra:
      Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 15.00 á dag
      Á 2. — ..... — 12.00 - —

Nú eru hjón eigi samvistum, af heilsufarslegum ástæðum eða öðrum ástæðum, er tryggingaráð metur jafngildar, og er ráðinu þá heimilt að úrskurða hvoru hjónanna um sig fullan einstaklingslífeyri samkvæmt 15. gr. laganna.

b. Á eftir greininni komi ný grein, svo hljóðandi:

Hámark lífeyrishækkunar, sem tryggingaráði er heimilt að veita vegna sjúkleika eða ellilasleika samkv. 17. gr. laganna, skal miðast við 50 af hundraði af lífeyrisupphæðinni, og má einnig veita hana mönnum, sem eru algerlega eignalausir og sökum fullkomins skorts á vinnugetu og einstæðingsskapar geta eigi komizt af með venjulegan lífeyri.

Heimilt er tryggingaráði að binda hækkun samkvæmt þessari grein því skilyrði, þegar um einstæðingsskap er að ræða, að stjórn þess sveitarfélags, þar sem lífeyrisþeginn á heima, sjái honum fyrir viðunandi húsnæði gegn leigu, sem ekki fari fram úr 25% af lífeyrisupphæðinni, enda hafi hann verið búsettur í sveitarfélaginu óslitið eigi skemur en 2 síðastliðin ár.

3. Við 10. gr. Á eftir greininni komi 2 nýjar greinar, svolátandi:
   a. Heimilt skal tryggingaráði að greiða dánarbætur samkv. 1. málslið 35. gr. laganna til ekkna og ekkla yfir 67 ára aldur, sbr. 6. gr. 4. tölul. þessara laga.
   b. Heimilt er tryggingaráði að greiða auk barnalífeyris mæðralaun til ekkna, fráskilinna kvenna og ógiftra mæðra, sem hafa tvö börn eða fleiri innan 16 ára á framfæri sínu, enda séu börnin á heimili móðurinnar.

Grunnupphæðir mæðralauna mega nema allt að:

	Á 1. verðlagssvæði:	Á 2. verðlagssvæði
1. Til mæðra með 2 börn	kr. 1200.00	kr. 900.00
2. — — — 3 —	— 2400.00	— 1800.00
3. — — — 4 — eða fleiri	— 3600.00	— 2700.00

Tryggingaráð ákveður mæðralaunin með hliðsjón af fjárhagsástæðum móðurinnar.

Mæðralaun falla niður, ef móðirin giftist, og greiðist ekki, ef hún býr með karlmanni, þótt ógift séu.

4. Við 16. gr., tölulið 2 og 3 a.
Í stað „kr. 4080.00“ komi á báðum stöðunum: kr. 4140.00.

5. Við 21. gr., 5. tölulið. Liðurinn orðist svo:
Hámark framlags ríkissjóðs og sveitarsjóðs samkvæmt 47. gr. laga nr. 104 1943 skal vera 69 krónur á ári, auk hækkunar samkvæmt reglum um greiðslu vísitöluhækkunar á kaup.

6. Við 24. gr. Greinin orðist svo:
Grunnupphæðir iðgjalda og framlaga til tryggingasjóðs samkv. IV. kafla laganna 2.—5. skulu frá 1. janúar 1951 til ársloka 1954 vera sem hér segir:

1. Árleg iðgjöld hinna tryggðu samkv. 107. gr. laganna:
   a. Kvæntir karlar:
      Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 400.00
      Á 2. — ..... — 320.00
   b. Ókvæntir karlar:
      Á 1. verðlagssvæði ..... — 360.00
      Á 2. — ..... — 290.00
   c. Ógiftar konur:
      Á 1. verðlagssvæði ..... — 270.00
      Á 2. — ..... — 220.00
2. Iðgjöld atvinnurekenda samkv. 112. gr. laganna:
   Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 4.80 á viku
   Á 2. — ..... — 3.60 - —
3. Heildarupphæð framlags sveitarfélaga samkv. 114. gr. laganna:
   10.8 millj. kr.
4. Fast framlag ríkissjóðs samkv. 116. gr. laganna:
   18 millj. kr.

7. Við 25. gr. Greinin orðist svo:
Í stað ákvæða um verðlagsuppbætur og vísitöluálag í 2. tölul. bráðabirgðaákvæða laganna skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

Grunnupphæðir bóta samkv. lögum þessum skulu hækka til samræmis við vísitölu framfærslukostnaðar eftir sömu reglum og laun, sbr. 7. gr. laga nr. 22 1950, um gengisskráningu o. fl.

Iðgjöld samkv. 107. og 112. gr. og framlög samkv. 114. og 116. gr. laganna, sbr. 24. gr. þessara laga, skulu innheimt með álagi samkv. vísitölu framfærslukostnaðar í janúarmánuði ár hvert.

Ed. 359. Frumvarp til laga [145. mál]

um breyting á lögum nr. 67 5. júní 1947, um eignakönnun.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Eignakönnunarskattur samkvæmt II. kafla laganna, að frádregnum kostnaði við framkvæmd þeirra, skal renna að hálfu í ríkissjóð og að hálfu í viðkomandi bæjar- eða sveitarsjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í lögum um eignakönnun er gert ráð fyrir, að fé það, sem inn kæmi fyrir sölu skuldabréfa með lágum vöxtum, rynni til ríkissjóðs. Við stjórnarmyndunina 1947, þegar samið var um þessa löggjöf, var hins vegar um það samið að skipta síðar fé því, sem inn kæmi fyrir skuldabréfasöluna, á milli ríkisins og bæjar- og sveitarfélaga. Af þessum skiptum varð þó ekki. Komu þá upp óskir um, að skipt yrði fé því, sem inn kæmi í eignakönnunarskatti samkvæmt II. kafla laganna, enda yrði þá fallið frá því að skipta andvirði bréfanna. Þótti þetta hafa við rök að styðjast, þar sem hið undandregna fé, er hér var á lagt, var jafnt tekjustofn bæjar- og sveitarfélaga sem ríkissjóðs. Niðurstaðan varð því sú, þegar þetta mál var til meðferðar fyrir 2 árum síðan, að þáverandi ríkisstjórn lýsti því yfir við forráðamenn Reykjavíkurbæjar, að hún myndi beita sér fyrir og sjá svo um, að þessu fé yrði skipt til helminga á milli ríkissjóðs og bæjar- og sveitafélaga. Hefur svo þetta mál legið síðan og engin viðleitni verið sýnd til þess að breyta löggjöfinni í það horf, sem þessi yfirlýsing stjórnarinnar ráðgerði. Er nú ekki seinna vænna að breyta löggjöfinni í þetta horf, þar sem verið er að innheimta féð.

Álagður eignakönnunarskattur samkvæmt II. kafla laganna nam kr. 11 337 987.00. Að sjálfsögðu verður að draga kostnað við framkvæmd laganna frá áður en skattinum er skipt. Kostnaður við álagningu skattsins nam kr. 1 220 292.00. Einnig verður að sjálfsögðu að draga frá hæfilega metinn innheimtukostnað. Verða það því nettótekjur af skattinum, sem koma til skipta.

Nd. 360. Frumvarp til laga [20. mál]

um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

3. gr. laganna orðist þannig:

Brot gegn 1. gr. varða sektum, 1000—2000 kr., ef um er að ræða skip allt að 200 rúmlestum að stærð, en 10 000—20 000 kr., ef skipið er yfir 200 rúmlestir. Skulu þá og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs, upptæk.

Brot gegn 2. gr. varða sektum 200—1000 kr., ef um er að ræða skip allt að 200 rúmlestir að stærð, en 2000—10 000 kr., ef skipið er yfir 200 rúmlestir. Um upptekt afla og veiðarfæra fer sem um brot gegn 1. gr., er um ítrekað brot er að ræða.

Nú er það ljóst af öllum atvikum, að skipið hefur hvorki verið að veiðum í landhelgi, né undirbúningur gerður í því skyni, og má þá lúka málinu með áminningu, þegar um fyrsta brot er að ræða, en ef um ítrekað brot er að ræða, með sektum, 200—1600 kr.

Allar sektir samkvæmt grein þessari eru miðaðar við gullkrónur, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924.

Leggja má löghald á skipið og selja það, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar sektum samkv. þessari grein og kostnaði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 361. Lög [24. mál]

um aðstoð til bænda á óþurrkasvæðunum á Austur- og Norðurlandi.

(Afgreidd frá Nd. 12. des.)

Samhljóða þskj. 117.

Nd. 362. Nefndarálit [41. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 12. des. 1950.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Sig. Ágústsson, fundaskr. Einar Olgeirsson.
Ásgeir Ásgeirsson. Jóhann Hafstein.

Ed. 363. Breytingartillaga [33. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

Frá atvinnumálaráðherra.

Aftan við 1. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

4. málsgr. sömu lagagreinar orðist svo:

Framleiðslugjald skal lagt á allar síldarafurðir, aðrar en þær, sem fluttar eru út fullverkaðar í smápökkum til manneldis, og skal nema 8% af útflutningsverðmæti þeirra. Ef sumarafli er minni en 6000 mál að meðaltali á skip, skal gjaldið allt endurgoldið útgerðarmönnum og sjómönnum um leið og lokið er veiðitíma. Ef sumarafli er meiri en 6000 mál að meðaltali á skip, skal gjaldið innheimt og renna allt til síldardeildar hlutatryggingarsjóðs bátaútvegsins.

Nd. 364. Breytingartillaga [5. mál]

við frv. til laga um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62 1939, um tollskrá o. fl.

Frá fjármálaráðherra.

Við 1. gr. b. Í stað „200%“ komi: 250%.

Ed. 365. Nefndarálit [8. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1951 með viðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Á fundi nefndarinnar, þegar málið var afgreitt, var einn nefndarm. (BrB) ekki mættur. Nefndin samþykkti að mæla með því, að frv. yrði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

I. 1. gr. orðist svo:
Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1951 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:
a. Með 50% viðauka eignarskatt skv. 14. gr. l. nr. 6 9. jan. 1935, álagðan á árinu 1951.
b. Með 100% viðauka vitagjald skv. l. nr. 17 11. júlí 1911 og síðari lögum um breyting á þeim lögum.
c. Með 140% viðauka aukatekjur ríkissjóðs, sem taldar eru í lögum nr. 27 27. júní 1921, að undanteknum gjöldum skv. VII. kafla laganna, sem innheimtast með 75% álagi.
d. Með 140% viðauka stimpilgjald, leyfisbréfagjald og lestagjald.
e. Með 200% viðauka gjöld skv. IX. kafla l. nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, að undanskildum gjöldum skv. 58. gr. laganna.
f. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum skv. l. nr. 60 1939, nema af gosdrykkjum samkvæmt 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkvæmt 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkvæmt 1. lið 3. kafla með 50% álagi.

II. Á eftir 2. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi (greinatalan breytist samkvæmt því):
Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 93 1950, um breyting á lögum nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

Alþingi, 13. des. 1950.

Bernh. Stefánsson, form., frsm. | Gísli Jónsson, fundaskr. | Þorst. Þorsteinsson.

Karl Kristjánsson.

Ed. 366. Nefndarálit [9. mál]

um frv. til laga um tekjuskattsviðauka árið 1951.

Frá fjárhagsnefnd.

Einn nefndarm. (BrB) mætti ekki við umræðu málsins. Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

I. Á eftir 2. gr. frv. koma þrjár nýjar greinar, svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkvæmt því):
a. (3. gr.) Ákvæði laga nr. 60 25. maí 1950, um sérstaka lækkun tekjuskatts af lágtekjum, skulu gilda til ársloka 1951.

b. (4. gr.) Tekjuskatt og tekjuskattsviðauka 1951 skal umreikna svo sem verið hefur skv. ákvæðum a-liðs 14. gr. laga nr. 20 1942, og skal miðað við umreikningstölu 340.

c. (5. gr.) Nú er skattur samkv. lögum þessum, tekju- og eignarskattur og stríðsgróðaskattur, eigi greiddur fyrir næstu áramót eftir að hann var álagður, og skal þá greiða 1% dráttarvexti fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem greiðsla dregst frá þeim áramótum.

II. Fyrirsögn frv. orðist svo:
Frv. til laga um tekjuskattsviðauka, lækkun skatts á lágtekjum o. fl.

Alþingi, 13. des. 1950.

Bernh. Stefánsson, form., frsm. Gísli Jónsson, fundaskr. Þorst. Þorsteinsson.
Karl Kristjánsson.

Ed. 367. Nefndarálit [123. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 101 30. des. 1943, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

Á fundi í dag hefur nefndin rætt og athugað frv., og var hún sammála um að mæla með því, að það verði samþykkt eins og það nú liggur fyrir.

Alþingi, 13. des. 1950.

Bernh. Stefánsson, form. Gísli Jónsson, fundaskr. Þorst. Þorsteinsson, frsm.
Karl Kristjánsson. Brynj. Bjarnason.

Ed. 368. Nefndarálit [124. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 102 30. des. 1943, um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað og rætt frv. þetta á fundi í dag, og er hún sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 13. des. 1950.

Bernh. Stefánsson, form. Gísli Jónsson, fundaskr. Þorst. Þorsteinsson, frsm.
Karl Kristjánsson. Brynj. Bjarnason.

Nd. 369. Breytingartillögur [10. mál]

við frv. til l. um framlenging á gildi III. kafla l. nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:
   Ákvæðin um tekjuöflun, sem sett voru í III. kafla laga nr. 100 1948, skulu gilda til 31. desember 1951, með þeim breytingum, að 24., 26 og 30. gr. laganna orðist eins og segir í 2.—4. gr. hér á eftir.
2. Aftan við 1. gr. komi 3 nýjar greinar, er orðist þannig:
   a. (2. gr.) 24. gr. laganna orðist þannig:
   Fyrirtæki þau, sem skattskyld eru samkv. 22. gr. laga þessara, skulu senda skattstjóra eða skattanefnd skýrslu um sölu sína á hverjum ársfjórðungi, þ. e. jan—marz, apríl—júní, júlí—september og október—desember. Skal skýrslan afhent í síðasta lagi innan 15 daga frá lokum hvers ársfjórðungs. Einnig skulu þau innan sama frests greiða til innheimtumanna ríkissjóðs söluskatt þann, er þeim ber að standa skil á fyrir ársfjórðunginn. Síðasti dagur framtalsfrestsins telst gjalddagi alls skattsins fyrir þann ársfjórðung, hvort sem skatturinn er fram talinn eða ekki.
   Skattstjóri eða skattanefnd skulu síðan yfirfara skýrslurnar og leiðrétta skattinn, ef hann er rangt upp gefinn. Einnig skulu þessir aðilar áætla skatt af sölu fyrirtækja, sem enga skýrslu senda, og skal þessu hvoru tveggja lokið fyrir 1. dag næsta mánaðar og skattupphæðin tilkynnt innheimtumanni og skattgreiðanda.
   Þeir, sem ekki vilja sætta sig við ákvörðun skattstjóra eða skattanefndar á söluskatti, geta kært hann til þeirra innan 10. næsta mánaðar eftir að skatturinn var ákveðinn. Skattstjóri eða skattanefnd skulu kveða upp úrskurð um kæruna og tilkynna úrskurðinn í ábyrgðarbréfi fyrir 20. sama mánaðar. Úrskurðum þeirra má áfrýja til yfirskattanefnda og síðan til ríkisskattanefndar, sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Kærufrestir til þessara nefnda eru 15 dagar og úrskurðarfrestir þeirra jafnlangir.
   Sá, er vöru selur eða lætur í té þjónustu, sem söluskatt ber að greiða af, ábyrgist skilvísa greiðslu skattsins til innheimtumanns ríkissjóðs. Hafi einhver eigi greitt skattinn innan mánaðar frá gjalddaga, skal hann greiða 1% í dráttarvexti fyrir hvern byrjaðan mánuð frá gjalddaga. Þá má og innheimtumaður láta lögregluna stöðva atvinnurekstur hans, þar til full skil eru gerð, með því m. a. að setja verkstofur, útsölur, tæki og vörur undir innsigli.
   Áfrýjun skattákvörðunar eða deila um skattskyldu frestar ekki eindaga skattsins né neinum þeim viðurlögum, sem lögð eru við vangreiðslu hans, en ef skattur er lækkaður eftir úrskurði eða dómi, skal þegar endurgreiða það, sem lækkuninni nemur.
   b. (3. gr.) 26. gr. laganna orðist þannig:
   Verð vöru og þjónustu má hækka sem söluskatti nemur, en óheimilt er að hækka álagningu verzlana eða fyrirtækja vegna hans. Söluskatti skv. 22. gr. skal bæta álagningarlaust við leyfilegt söluverð.
   c. (4. gr.) 30. gr. laganna orðist þannig:
   Viðbótargjöld fyrir gjaldeyris- og innflutningsleyfi skal greiða:
   a. af gjaldeyrisleyfum til utanferða, öðrum en leyfum til námsmanna og sjúklinga, 25% af leyfisfjárhæð;
   b. af innflutningsleyfum fyrir fólksbifreiðum 35% af leyfisfjárhæð. Leyfisgjaldið miðast við tollmat bifreiðanna, að frádregnu flutningsgjaldi og vátryggingariðgjaldi, ef leyfisfjárhæð er ekki tiltekin.
   Gjöld þessi skal fjárhagsráð innheimta við afhendingu leyfanna.

3. Við 2. gr. Greinin verði 5. gr. og orðist þannig:
Lög þessi öðlast þegar gildi og taka til alls þess söluskatts, sem gjaldkræfur verður eftir gildistöku þeirra.

Nd. 370. Breytingartillögur [10. mál]

við brtt. á þskj. 369 [III. kafli dýrtíðarráðstafana].

Frá fjármálaráðherra.

I. Við 1. Meginmál till. orðist svo:
Ákvæðin um tekjuöflun, sem sett voru í III. kafla laga nr. 100/1948, skulu gilda til 31. des. 1951, með þeim breytingum á 21., 24., 26. og 30. gr. laganna, sem greinir í 2.—5. gr. hér á eftir.

II. Við 2.
1. Fyrir „3 nýjar greinar“ í upphafi till. komi: 4 nýjar greinar.
2. Á undan a-lið í sama tölul. kemur nýr liður, sem verður a-liður, svo hljóðandi:
Í stað 6% söluskatt“ í 21. gr. laganna komi: 7% söluskatt.

Ed. 371. Breytingartillögur [121. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Frá Rannveigu Þorsteinsdóttur og Finnboga R. Valdimarssyni.

1. Við 7. gr. Greinin falli niður.
2. Við 10. gr. Greinin falli niður.
3. Við 11. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Hafi sjúkrasamlag eða sveitarstjórn í þjónustu sinni hjúkrunarkonu eða aðstoðarstúlkur til þess að veita hjúkrun eða aðstoð á heimilum í veikindum, er Tryggingastofnuninni heimilt að taka þátt í kostnaði við þau störf eftir samkomulagi við viðkomandi aðila.

Nd. 372. Nefndarálit [107. mál]

um frv. til l. um breyt. á bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., og mælir undirritaður meiri hl. með því, að frv. verði samþykkt. Minni hlutinn (FJ) er á móti frv.

Alþingi, 13. des. 1950.

Jörundur Brynjólfsson, form. Jóhann Hafstein, fundaskr., frsm. Jónas G. Rafnar.

Nd. 373. Nefndarálit [76. mál]

um frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 33/1935.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað þetta frv. ýtarlega, og voru nefndarmenn sammála um, að mikla nauðsyn bæri til úrbóta í því málefni, sem frv. er ætlað að lagfæra.

Nefndin sendi frv. til umsagnar lögreglustjórans í Reykjavík og sakadómara, sem nánust kynni hafa af framkvæmd þessa máls. Einnig barst nefndinni umsögn bifreiðarstjórafélagsins Hreyfils um málið með tillögum til breytinga.

Ákvæði frv., eins og það liggur fyrir tekur aðeins til stjórnenda bifreiða, sem notaðar eru til mannflutninga gegn borgun. Þetta þykir nefndinni of takmarkað og telur, að frv. ætti að ná til allra bifreiða. Sami skilningur kom fram hjá bifreiðarstjórafélaginu Hreyfli í umsögn þess, þar sem m. a. segir: „Með þessu fyrirkomulagi nær frumvarpið ekki tilætluðum árangri, og viljum vér í því sambandi benda á, að þeir bifreiðarstjórar, sem stunda áfengissölu við ýmsa samkomustaði, eru ekki leigubifreiðastjórar, þ. e. þeir stunda ekki akstur leigubifreiða sem atvinnu og hafa ekki afgreiðslu á bifreiðastöðvum, hér er um að ræða alls konar bifreiðar, sem eru algerlega óviðkomandi stétt vorri, og oft eru þetta menn, sem sviptir hafa verið afgreiðsluréttindum á bifreiðastöðvum vegna áfengissölu eða annarra afbrota í starfi sínu."

Á hinn bóginn þykja nefndinni önnur ákvæði 1. málsgr. tæpast framkvæmanleg og of langt gengið í því að leggja bifreiðarstjóra á herðar skyldu til þess að hlutast til um, að farþegi hafi ekki meðferðis áfengi. Frv. gerir ráð fyrir því, að flutningur og geymsla áfengis í bifreiðum sé saknæmt athæfi, nema með mjög fáum undantekningum.

Álit lögreglustjóra er að þessu leyti hliðstætt og nefndarmanna, en hann gerði nefndinni grein fyrir því, að hann hefði rætt efni frv. við sakadómara í Reykjavík sem forstöðumann rannsóknarlögreglunnar og yfirmenn lögreglunnar, og á grundvelli þeirrar rannsóknar lagði hann til, að frv. yrði breytt með þeim hætti, sem nefndin hefur í aðalatriðum fallizt á. Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi breytingum, sem nánari grein verður gerð fyrir í framsögu, og áskilja nefndarmenn sér einnig rétt til að flytja eða fylgja frekari breytingartillögum.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

   Við 16. gr. bætist tvær nýjar málsgr., svo hljóðandi:

   Enn fremur er þeim heimilt að rannsaka, hvort bifreiðar hafi áfengi meðferðis, þó að það sé löglega keypt, enda liggi fyrir rökstuddur grunur um, að áfengið sé ætlað til ólöglegrar sölu.

   Nú finnst áfengi í bifreið, og skal þá refsa eiganda þess sem hann væri sekur um ólöglega áfengissölu, nema sannað sé, að áfengið sé ætlað til lögmætra nota.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

   Á eftir 1. mgr. 36. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

   Brot gegn 4. mgr. 16. gr. varða sektum, er nema í fyrsta sinn fimmföldu og í annað sinn tíföldu söluverði þess áfengis, sem ætlað er til ólöglegrar sölu. Brjóti nokkur oftar ákvæði þeirrar málsgreinar eða geri sér ólöglega áfengissölu að atvinnu, varðar það auk sektar fangelsi allt að 3 mánuðum. Hafi bifreiðarstjóri ítrekað gerzt sekur um ólöglega áfengissölu, varðar það hann missi réttar

til að stjórna bifreið um stundarsakir, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru eða brot er margítrekað.

Áfengi, sem flutt er eða geymt ólöglega í bifreið, skal gert upptækt.

Alþingi, 13. des. 1950.

Jörundur Brynjólfsson, form. Jóhann Hafstein, fundaskr., frsm. Jónas G. Rafnar.

Finnur Jónsson. Áki Jakobsson.

Nd. 374. Nefndarálit [14. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 22 19. marz 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Ég legg til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 13. des. 1950.

Ásg. Ásgeirsson.

Nd. 375. Breytingartillaga [87. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undangengins dóms eða sáttar.

Frá Einari Olgeirssyni.

Við 2. gr. Í stað „5000“ í síðustu málsgr. komi: 10 000.

Ed. 376. Lög [35. mál]

um útreikning vísitölu framfærslukostnaðar.

(Afgreidd frá Ed. 13. des.)

Samhljóða þskj. 49.

Ed. 377. Frumvarp til laga [47. mál]

um breyting á lögum nr. 112 30. sept. 1947, um loðdýrarækt.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Loðdýr nefnast í lögum þessum öll þau dýr, sem ræktuð eru eða alin vegna verðmætis skinnanna eingöngu eða aðallega. Búnaðarfélag Íslands skal hafa umsjón með loðdýraræktinni í landinu undir stjórn landbúnaðarráðherra. Hann sker úr ágreiningi um, hvort einhver dýrategund skuli teljast til loðdýra eða ekki.

2. gr.

Í stað „ráðunautar í loðdýrarækt“ í síðasta málslið 3. gr. komi: Búnaðarfélags Íslands.

3. gr.

2., 3. og 4. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Búnaðarfélag Íslands skal í samráði við stjórn Loðdýraræktarfélags Íslands sjá um, að hlýtt sé lögum þessum og reglugerð um framkvæmd þeirra. Það skal fela einum af ráðunautum félagsins þau störf, sem ríkisráðunauturinn í loðdýrarækt hefur haft með höndum.

Hreppstjórar í hreppum og lögreglustjórar í kaupstöðum skulu vera trúnaðarmenn Búnaðarfélags Íslands í málum varðandi loðdýraræktina, hver í sínu umdæmi, og framkvæma eða láta framkvæma í sínu umboði eftirlit með loðdýraræktinni eftir því, sem Búnaðarfélagið eða ráðunautur þess leggur fyrir, og ganga ríkt eftir, að hlýtt sé lögum þessum og reglugerð um framkvæmd þeirra.

Nú þykir áfátt vera um eftirlit trúnaðarmanns, og getur þá ráðherra skipað annan trúnaðarmann að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

4. gr.

Í stað „landbúnaðarráðherra“ í 1. mgr. 5. gr. komi: Búnaðarfélag Íslands.

5. gr.

1. mgr. 6. gr. laganna orðist svo:

Öll loðdýr skulu geymd í fulltryggum loðdýragirðingum og búrum. Skal ávallt setja dýrheldan ytri girðingu um refabúr og önnur slík loðdýrabúr. Girðingu þessa skal setja svo langt frá búrunum, að hún valdi ekki aðfenni að þeim. Minka skal þó ávallt geyma og ala í sérstökum þar til gerðum steinsteyptum húsum með steyptu gólfi. Nánari ákvæði um gerð húsa, búra og girðinga setur landbúnaðarráðherra með reglugerð, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

Óheimilt er að reisa ný minkabúr eftir að lög þessi koma til framkvæmda. Þeim, sem þá eiga löglega umbúin minkabúr, önnur en steinsteypt, er þó heimilt að láta þau standa allt að þremur misserum, en þó aldrei lengur en Búnaðarfélag Íslands telur þau fullgilda vörzlu.

Þar, sem minkar eru nú geymdir í steinsteyptum húsum, má ala þá áfram í þeim í allt að 5 ár eftir að lög þessi koma til framkvæmda, sbr. þó 11. gr. laga nr. 56 25. maí 1948.

6. gr.

Í stað „ráðunautar“ í 3. mgr. 6. gr. komi: Búnaðarfélags Íslands.

7. gr.

11. gr. laganna falli niður og breytist greinatalan samkvæmt því.

8. gr.

Upphaf 1. mgr. 11. gr., áður 12. gr., orðist svo:

Loðdýraræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands hefur með höndum o. s. frv.

9. gr.

16., áður 17. gr., orðist svo:

Um eyðingu villiminka og annarra loðdýra, er sloppið hafa úr haldi, fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 56 25. maí 1949, um eyðingu refa og minka.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

11. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 112 30. sept. 1947, og gefa þau út svo breytt sem lög um loðdýrarækt.

Sþ. 378. Tillaga til þingsályktunar [144. mál]

um handritamálið.

Flm.: Gunnar Thoroddsen.

Alþingi ályktar að lýsa yfir því, að jafnskjótt sem handritin íslenzku fást afhent frá Danmörku mun íslenzka ríkið reisa byggingu yfir handritin, þar sem tryggð verði örugg geymsla þeirra og góð starfsskilyrði. Einnig lýsir Alþingi yfir þeirri fyrirætlun að veita fé til vinnu við handritin, þar á meðal styrki til erlendra fræðimanna, sem hér vildu starfa.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja nú þegar, í samráði við Háskóla Íslands, undirbúning fyrrgreindra ráðstafana.

Greinargerð.

Í umræðum um handritamálið er stundum að því vikið, að eigi sé vitað, hvað Íslendingar vilji á sig leggja til þess að veita handritunum þá viðtöku, er sæmir slíkum menningarfjársjóði. Meðal annars hefur verið um það spurt í blaðagreinum nú að undanförnu, hvort Íslendingar vilji búa safninu trygga geymslu og fræðimönnum starfsskilyrði til þess að vinna að handritunum og útgáfu þeirra. Virðist því fullt tilefni til þess og tímabært, að Alþingi geri nú ályktun um það mál.

Á árinu 1946 gerðu nokkrir íslenzkir fræðimenn tillögur um það til ríkisstjórnarinnar, að séð yrði fyrir öruggum stað til varðveizlu handritanna, skipaður yrði sérstakur forstöðumaður fyrir safnið, veitt yrði fé til útgáfu þeirra og styrkir til erlendra fræðimanna, er nota vildu handritin og nema íslenzku hér á landi.

Þáverandi ríkisstjórn ákvað á ráðherrafundi að beita sér fyrir því, að þessar tillögur næðu fram að ganga í aðalatriðum. Alþingi hefur hins vegar ekki lýst yfir vilja sínum um þessi efni. Tillaga þessi er flutt í því skyni, að engin tvímæli geti á því leikið, að Íslendingar séu þess albúnir að sýna handritunum fulla og verðuga rækt, þegar þessi dýrmæti þjóðararfur fellur þeim aftur í skaut.

Sþ. 379. Tillaga til þingsályktunar [145. mál]

um Grænlandsmálið.

Flm.: Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fyrir Grænlandsnefndina að hraða störfum sínum, svo að þeim geti orðið lokið eigi síðar en í árslok 1951.

Greinargerð.

Það mun hafa verið í nóvember 1948 sem ríkisstjórnin skipaði nefnd þriggja manna til þess að rannsaka réttarstöðu Íslendinga til Grænlands. Var því þá yfir lýst, að nefndin mundi þá þegar hefja störf sín og að athugun á þessu máli yrði

hraðað eftir því sem föng væru á. Ég bar fram á síðasta þingi fyrirspurn um það til ríkisstjórnarinnar, hvað liði störfum nefndarinnar, og fékk þau svör hjá utanríkisráðherra, að nefndin ynni að málinu en hann treysti sér ekki til að gefa svör við því, hvenær hún mundi ljúka störfum. Nú hef ég að nýju borið fram fyrirspurn til ríkisstjórnarinnar um það, hversu nefndinni hafi stótzt starfið, og enn fengið frá utanríkisráðherra hin sömu svör og áður, að eigi verði enn séð fyrir endann á því, hvenær nefndin geti lokið rannsókn þessari. Það er að sjálfsögðu nauðsynlegt, að nefnd þessi fái nægilegan tíma til þessarar rannsóknar. En hér stendur svo á, að alveg sérstaklega vel er búið í hendur þessarar nefndar, þar sem hún getur hagnýtt til hlítar hin miklu og merkilegu ritverk dr. Jóns Dúasonar um Grænland. Er í þessum ritum krufin til mergjar meginþorri ef ekki allar þær heimildir, sem finnanlegar eru og málstað vorum mega að haldi koma og kröfur vorar til Grænlands og yfirráða þar grundvallast á. Hlýtur það og að vera til ómetanlegs léttis við rannsókn þessa að hafa þarna samandregna á einum stað skrá yfir allar þessar heimildir og hvar þær er að finna. Munu þess engin dæmi, að jafn vel hafi verið búið í hendur nokkurrar nefndar, sem skipuð hefur verið hér á landi til rannsóknar á umfangsmiklu verkefni, eins og hér hefur verið gert. Nú stendur þannig á um Grænlandsmálið, kröfur Íslendinga til yfirráða á Grænlandi, að þetta er einn þátturinn í reikningsskilum milli Íslands og Danmerkur nú eftir sambandsslitin. Allur dráttur á því af Íslands hálfu, að mál þetta sé tekið upp og hafinn undirbúningur að því að leggja það fyrir alþjóðadómstól, ef samningar takast ekki, er okkur óhagstæður. Þess vegna ber brýna nauðsyn til þess, að rannsókn þessari, sem stofnað er til af ríkisstjórninni í því augnamiði einu að styrkja aðstöðu vora í sókn þessa máls, verði lokið sem allra fyrst. Er því með tillögu þessari að því stefnt, að svo mætti verða. Ef það reyndist óhjákvæmilegt að létta á næsta ári einhverju af öðrum störfum, sem hvíla á herðum nefndarmanna, af þeim vegna rannsóknarinnar, þá er til þess ætlazt, að það felist í samþykkt þessarar tillögu, að stjórnin hafi heimild til nauðsynlegrar fjárgreiðslu, sem af því kynni að leiða.

Ed. 380. Breytingartillögur [88. mál]

við frv. til l. um aðstoð til útvegsmanna.

Frá atvinnumálaráðherra.

1. Við 3. gr.
   a. Á eftir fyrri málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
      Nú er stjórn skuldaskilasjóðs sammála um, að rétt sé að veita útgerðarmanni, sem síldveiðar stundaði fyrir Norðurlandi á tímabilinu 1945—1950, en engin aðstoðarlán hefur fengið, greiðslufrest samkv. 1. málsgr. þessarar greinar, og skal sjóðsstjórninni það þá heimilt.
   b. Síðari málsgr., sem verður 3. málsgr., orðist svo:
      Þeir dráttarvextir, af vangoldnum afborgunum af lánum stofnlánadeildar og fiskveiðasjóðs, sem á eru fallnir við gildistöku laga þessara, skulu niður falla, en frá þeim tíma ber að greiða í dráttarvexti af afborgunum slíkra lána ½% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem greiðsla dregst.
2. Við 14. gr. 1. málsgr. orðist svo:
   Í stjórn skuldaskilasjóðs eiga sæti 5 menn, skipaðir af ríkisstjórninni. Skal einn skipaður eftir tilnefningu stjórnar Landsbanka Íslands, annar eftir tilnefningu stjórnar Útvegsbanka Íslands h/f, þriðji eftir tilnefningu stjórnar Landssambands íslenzkra útvegsmanna, en tveir skulu skipaðir án tilnefningar.

Ed. 381. Frumvarp til laga [8. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1951 með viðauka.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1951 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

a. Með 50% viðauka eignarskatt samkv. 14. gr. l. nr. 6 9. jan. 1935, álagðan á árinu 1951.
b. Með 100% viðauka vitagjald samkv. l. nr. 17 11. júlí 1911 og síðari lögum um breyting á þeim lögum.
c. Með 140% viðauka aukatekjur ríkissjóðs, sem taldar eru í lögum nr. 27 27. júní 1921, að undanteknum gjöldum samkv. VII. kafla laganna, sem innheimtast með 75% álagi.
d. Með 140% viðauka stimpilgjald, leyfisbréfagjald og lestagjald.
e. Með 200% viðauka gjöld samkv. IX. kafla l. nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, að undanskildum gjöldum samkv. 58. gr. laganna.
f. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkv. l. nr. 60 1939, nema af gosdrykkjum samkvæmt 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkvæmt 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkvæmt 1. lið 3. kafla með 50% álagi.

2. gr.

Viðaukann skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 93 1950, um breyting á lögum nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1951.

Ed. 382. Frumvarp til laga [9. mál]

um tekjuskattsviðauka, lækkun skatts á lágtekjum o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Auk skatta þeirra, sem í 6. gr. laga nr. 6 1935, sbr. 1. gr. laga nr. 20 1942, og í lögum nr. 21 1942 getur, skal árið 1951 leggja á tekjur ársins 1950 skattauka samkvæmt eftirfarandi reglum:

Af skattskyldum tekjum lægri en 8000 kr. greiðist enginn skattauki.

Af skattskyldum tekjum yfir 8000 kr., en undir 9000 kr., greiðast 2%.

Af	9— 10	þús. kr. greiðist	20	kr. af	9 þús. kr. og	4 % af afgangi.
—	10— 12	— — —	60	— —	10 — — —	5 — — —
—	12— 14	— — —	160	— —	12 — — —	6 — — —
—	14— 17	— — —	280	— —	14 — — —	7 — — —
—	17— 20	— — —	490	— —	17 — — —	8 — — —

Af	20—	25	þús.	kr.	greiðist	730	kr.	af	20	þús.	kr.	og	9	% af afgangi.
—	25—	30	—	—	—	1180	—	—	25	—	—	—	10	— — —
—	30—	40	—	—	—	1680	—	—	30	—	—	—	11	— — —
—	40—	100	—	—	—	2780	—	—	40	—	—	—	12	— — —
—	100—	125	—	—	—	9980	—	—	100	—	—	—	10	— — —
—	125—	150	—	—	—	12480	—	—	125	—	—	—	7	— — —
—	150—	200	—	—	—	14230	—	—	150	—	—	—	5	— — —
—	200		—	—	—	16730	—	—	200	—				

2. gr.

Um álagningu, gjalddaga, lögtaksrétt, viðurlög og innheimtu þessa skatts fer að lögum um tekjuskatt og eignarskatt (sbr. lög nr. 20 20. maí 1942, 14. gr. a.).

3. gr.

Ákvæði laga nr. 60 25. maí 1950, um sérstaka lækkun tekjuskatts af lágtekjum, skulu gilda til ársloka 1951.

4. gr.

Tekjuskatt og tekjuskattsviðauka 1951 skal umreikna svo sem verið hefur samkv. ákvæðum a-liðs 14. gr. laga nr. 20 1942, og skal miðað við umreikningstölu 340.

5. gr.

Nú er skattur samkv. lögum þessum, tekju- og eignarskattur og stríðsgróðaskattur, eigi greiddur fyrir næstu áramót eftir að hann var álagður, og skal þá greiða 1% dráttarvexti fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem greiðsla dregst frá þeim áramótum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 383. Breytingartillögur [121. mál]

við brtt. á þskj. 358. (Almannatryggingar).

Frá Steingr. Aðalsteinssyni og Brynjólfi Bjarnasyni.

1. Við 2. b.: Í stað „50 af hundraði“ komi: 60 af hundraði.
2. Við 3. b. 1. og 2. málsgr. orðist svo:

Heimilt er tryggingaráði að greiða, auk barnalífeyris, mæðralaun til ekkna, fráskilinna kvenna og ógiftra mæðra, sem hafa börn innan 16 ára á framfæri sínu, enda séu börnin á heimili móðurinnar.

Mæðralaun mega nema allt að:

	Á 1. verðl.sv.	Á 2. verðl.sv.
1. Til mæðra með 1 barn	kr. 1800.00	kr. 1200.00
2. — — — 2 börn	— 2400.00	— 1800.00
3. — — — 3 —	— 3000.00	— 2250.00
4. — — — 4 — eða fleiri	— 3600.00	— 2700.00

Ed. **384. Frumvarp til laga** [5. mál]

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Á árinu 1951 skal innheimta:

A. Vörumagnstoll samkvæmt lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl., og síðari breytingum á þeim lögum, með þessum hækkunum:
   a. Af benzíni, öðru en flugvélabenzíni, samkvæmt 27. kafla tollskrárinnar, 15. lið, með 20 aurum af kg í stað 1 eyris.
   b. Af öllum öðrum vörum með 250% álagi, þó ekki af flugvélabenzíni og vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.

B. Verðtoll samkvæmt sömu lögum með 45% álagi, þó ekki af vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.

2. gr.

Undanþegnar tollhækkun þeirri, er getur í b-lið A og B-lið 1. gr., eru þessar vörur:

Tollskrárkafli	9	nr. 1—2,	kaffi, óbrennt, brennt, eða brennt og malað.
—	10	— 1—7,	korn, ómalað.
—	11	— 1—12,	mjöl og grjón.
—	17	— 1—6,	sykur.
—	22	— 6—38,	drykkjarvörur og ýmislegir vökvar.
—	24	— 1—9,	tóbak.
—	25	— 10,	salt.
—	27	— 1—4,	kol.
—	—	— 14,	steinolía.

Enn fremur eru vörur, sem sérstakur tollur er greiddur af vegna milliríkjasamninga, undanskildar tollhækkun samkvæmt 1. gr.

3. gr.

Á árinu 1951 skal heimilt:

1. Að fella niður aðflutningsgjöld af:
   a. Belgávöxtum, sem teljast til nr. 5—6 í 7. kafla tollskrár.
   b. Ómöluðu korni, sem telst til nr. 1—7 í 10. kafla tollskrár.
   c. Kornmjöli og grjónum, sem telst til nr. 1—12 í 11. kafla tollskrár.
2. Að lækka um helming aðflutningsgjöld af sykri, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrár, og að heimta ekki verðtoll af flutningsgjaldi af þessum sykri.

4. gr.

Ekki er heimilt að hækka álagningu verzlana á vörur vegna tollahækkana samkvæmt lögum þessum, og er verðlagsyfirvöldum skylt að sjá um, að svo verði ekki gert, annaðhvort með því að banna álagningu á tollahækkunina eða með því að breyta verðlagsákvæðum þannig, að álagningin hækki ekki að krónutölu vegna tollhækkunarinnar frá því, sem er við gildistöku laga þessara.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1951.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

Ed. 385. Nefndarálit [77. mál]

um frv. til l. um breyt. á og viðauka við l. nr. 43 23. maí 1949, um innflutning og úthlutun jeppabifreiða til landbúnaðarþarfa o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað og rætt frv. á tveim fundum sínum og hefur gert á því breytingar, er fylgja á sérstöku þingskjali. Leggja undirritaðir nefndarmenn til, að frumvarpið verði samþykkt þannig breytt. Einn nefndarmanna (VH) var fjarstaddur á seinni fundi nefndarinnar og tók því ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. des. 1950.

Páll Zóphóníasson, form.	Eiríkur Einarsson, fundaskr.	Þorst. Þorsteinsson, frsm.
	F. R. Valdimarsson.	

Ed. 386. Breytingartillögur [77. mál]

við frv. til l. um breyt. á og viðauka við l. nr. 43 23. maí 1949, um innflutning og úthlutun jeppabifreiða til landbúnaðarþarfa o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 2. gr.

1. a-lið (13. gr.) skal orða svo:
   Skylt er að skrásetja allar dráttarvélar og festa á þær spjald með einkennisstöfum þeirra. Skal hver dráttarvél fá einkennisstaf bifreiða viðkomandi umdæmis, en að auki lítið d, er standi á eftir einkennisstaf umdæmisins og áður en tölustafur(ir) kemur, er einkennir vélina. Skrásetninguna annast sýslumenn með aðstoð hreppstjóra, bæjarfógetar og lögreglustjórar, og halda þeir skrásetningarbók yfir allar dráttarvélar í umdæminu og einkennisstafi þeirra. Dráttarvélaeiganda ber að tilkynna um vélina, tegund og gerð hennar, og greiða kr. 10.00 — tíu krónur — í skrásetningargjald. Skrásetningarskrifstofum er skylt að láta úthlutunarnefndinni í té um hver áramót skrá um allar dráttarvélar og jeppabifreiðar, svo og tegund þeirra og gerð, og taka sérstaklega fram, hverjar eru notaðar til landbúnaðarstarfa.
2. Á eftir a-lið kemur nýr liður, er verði b. (14. gr.), svo hljóðandi (og breytist greinatalan eftir því):
   Stjórnum búnaðarfélaga ber, hverri á sínu félagssvæði, að taka á móti umsóknum bænda á dráttarvélum, og fer með þær, eftir því sem við á, eins og fyrir er mælt í 5. gr. Skýrslur um umsóknir bænda um dráttarvélar og jeppabifreiðar skulu komnar til úthlutunarnefndar fyrir lok nóvembermánaðar ár hvert, og skal nefndin vinna að því, þegar innflutningur er ákveðinn, að umsóknirnar séu teknar til greina þannig, að sem réttust hlutföll haldist milli dráttarvéla og jeppabifreiða.

Ed. 387. Lög [123. mál]

um breyting á lögum nr. 101 30. des. 1943, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

(Afgreidd frá Ed. 13. des.)

Samhljóða þskj. 254.

Ed. 388. Lög [124. mál]

um breyting á lögum nr. 102 30. des. 1943, um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra.

(Afgreidd frá Ed. 13. des.)

Samhjóða þskj. 255.

Nd. 389. Breytingartillaga [10. mál]

við brtt. á þskj. 369 [dýrtíðarráðstafanir].

Frá Einari Olgeirssyni.

Við 2. lið. Í fjórðu málsgrein falli niður síðasti málsliður.

Nd. 390. Breytingartillaga [10. mál]

við frv. til l. um framlenging á gildi III. kafla l. nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá Einari Olgeirssyni.

Aftan við 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

31. grein skal þó ekki ná til þeirra bifreiða, er atvinnubílstjórar selja, enda hafi þeir átt þær a. m. k eitt ár.

Ed. 391. Frumvarp til laga [10. mál]

um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Ákvæðin um tekjuöflun, sem sett eru í III. kafla laga nr. 100/1948, skulu gilda til 31. des. 1951, með þeim breytingum á 21., 24., 26. og 30. gr. laganna, sem greinir í 2.—5. gr. hér á eftir.

2. gr.

Í stað „6% söluskatt“ í 21. gr. laganna komi: 7% söluskatt.

3. gr.

24. gr. laganna orðist þannig:

Fyrirtæki þau, sem skattskyld eru samkv. 22. gr. laga þessara, skulu senda skattstjóra eða skattanefnd skýrslu um sölu sína á hverjum ársfjórðungi, þ. e. jan.—marz, apríl—júní, júlí—september og október—desember. Skal skýrslan afhent í síðasta lagi innan 15 daga frá lokum hvers ársfjórðungs. Einnig skulu þau innan sama frests greiða til innheimtumanna ríkissjóðs söluskatt þann, er þeim ber að standa skil á fyrir ársfjórðunginn. Síðasti dagur framtalsfrestsins telst gjalddagi alls skattsins fyrir þann ársfjórðung, hvort sem skatturinn er fram talinn eða ekki.

Skattstjóri eða skattanefnd skulu síðan yfirfara skýrslurnar og leiðrétta skattinn, ef hann er rangt upp gefinn. Einnig skulu þessir aðilar áætla skatt af sölu fyrirtækja, sem enga skýrslu senda, og skal þessu hvoru tveggja lokið fyrir 1. dag næsta mánaðar og skattupphæðin tilkynnt innheimtumanni og skattgreiðanda.

Þeir, sem ekki vilja sætta sig við ákvörðun skattstjóra eða skattnefndar á söluskatti, geta kært hann til þeirra innan 10. næsta mánaðar eftir að skatturinn var ákveðinn. Skattstjóri eða skattanefnd skulu kveða upp úrskurð um kæruna og tilkynna úrskurðinn í ábyrgðarbréfi fyrir 20. sama mánaðar. Úrskurðum þeirra má áfrýja til yfirskattanefnda og síðan til ríkisskattanefndar, sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Kærufrestur til þessara nefnda eru 15 dagar og úrskurðarfrestir þeirra jafnlangir.

Sá, er vöru selur eða lætur í té þjónustu, sem söluskatt ber að greiða af, ábyrgist skilvísa greiðslu skattsins til innheimtumanns ríkissjóðs. Hafi einhver eigi greitt skattinn innan mánaðar frá gjalddaga, skal hann greiða 1% í dráttarvexti fyrir hvern byrjaðan mánuð frá gjalddaga. Þá má og innheimtumaður láta lögregluna stöðva atvinnurekstur hans, þar til full skil eru gerð, með því m. a. að setja verkstofur, útsölur, tæki og vörur undir innsigli.

Áfrýjun skattákvörðunar eða deila um skattskyldu frestar ekki eindaga skattsins né neinum þeim viðurlögum, sem lögð eru við vangreiðslu hans, en ef skattur er lækkaður eftir úrskurði eða dómi, skal þegar endurgreiða það, sem lækkuninni nemur.

4. gr.

26. gr. laganna orðist þannig:

Verð vöru og þjónustu má hækka sem söluskatti nemur, en óheimilt er að hækka álagningu verzlana eða fyrirtækja vegna hans. Söluskatt skv. 22. gr. skal bæta álagningarlaust við leyfilegt söluverð.

5. gr.

30. gr. laganna orðist þannig:

Viðbótargjöld fyrir gjaldeyris- og innflutningsleyfi skal greiða:

a. af gjaldeyrisleyfum til utanferða, öðrum en leyfum til námsmanna og sjúklinga, 25% af leyfisfjárhæð;
b. af innflutningsleyfum fyrir fólksbifreiðum 35% af leyfisfjárhæð. Leyfisgjaldið miðast við tollmat bifreiðanna, að frádregnu flutningsgjaldi og vátryggingariðgjaldi, ef leyfisfjárhæð er ekki tiltekin.

Gjöld þessi skal fjárhagsráð innheimta við afhendingu leyfanna.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka til alls þess söluskatts, sem gjaldkræfur verður eftir gildistöku þeirra.

Ed. 392. Lög [126. mál]

um breyting á lögum nr. 59 7. maí 1946, um sérstakar fyrningarafskriftir.

(Afgreidd frá Ed. 13. des.)

Samhljóða þskj. 275.

Sþ. **393. Breytingartillögur** [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1951.

Frá fjárveitinganefnd.

1.	Við 11. gr.		A. 10. b. Nýr liður: Til rekstrar vinnuhælis að Kvíabryggju	125 000
2.	— 13.	—	A. II. a. 42. (Breiðdalsheiðarvegur). Liðurinn fellur niður.	
3.	— 13.	—	A. II. a. 43. (Súgandafjarðarvegur). Fyrir „60 000“ kemur	80 000
4.	— 13.	—	A. II. a. 76. Fyrir „Svalbarðsstrandarvegur“ kemur: Svalbarðsstrandarvegur í Grýtubakkahreppi.	
5.	— 13.	—	A. II. a. 78. (Kinnarbraut). Orðin „í Ljósavatnshreppi“ falla niður.	
6.	— 13.	—	A. II. a. 90. Fyrir „Ytri-Lónsvegur“ kemur: Ytralónsvegur.	
7.	— 13.	—	A. II. a. 110. (Geithellnavegur). a. Fyrir „65 000“ kemur	40 000
			b. Nýr liður: Fagradalsbraut	25 000
8.	— 13.	—	A. II. b. (Viðhald). Fyrir „12 800 000“ kemur	13 800 000
9.	— 13.	—	A. III. 13. (Gljúfurá). Fyrir „Útblönduhlíð“ kemur: í Víðvíkursveit.	
10.	— 13.	—	A. III. 16. (Þverá). Fyrir „Fjallasíðu“ kemur: Fjallasíðu í Vopnafirði.	
11.	— 13.	—	A. III. 21. Fyrir „Grenilækur“ kemur: Grenlækur.	
12.	— 13.	—	C. VI. (Áhöld). Fyrir „300 000“ kemur	400 000
13.	— 13.	—	C. VIII. 15. (Neskaupstaður). Fyrir „25 000“ kemur	40 000
14.	— 13.	—	C. IX. 4. (Djúpivogur). Fyrir „25 000“ kemur	15 000
15.	— 13.	—	C. IX. 10. (Grímsey). Fyrir „4 000“ kemur	46 000
16.	— 13.	—	C. IX. 17. (Mjóifjörður). Fyrir „15 000“ kemur	10 000
17.	— 14.	—	B. II. (Ísl. námsmenn erlendis). Liðurinn orðist svo: Til styrktar íslenzkum námsmönnum erlendis:	
			a. Til íslenzkra stúdenta í erlendum háskólum	500 000
			b. Námsstyrkur samkv. ákvörðun menntamálaráðs	775 000
				1 275 000

Þar af til námsmanna í Ameríku og Sviss 400 þús. kr.

Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að þeir, sem styrks njóta, inni af hendi að loknu námi minnst 5 ára þjónustu í þágu landsins, ella endurgreiði þeir styrkinn.

18. Við 14. gr. B. XIII. 10. Nýr liður:
Styrkur til tímaritanna „Menntamál“ og Heimili og skóli“, 3000 kr. til hvors 6 000
19. — 14. — B. XV. 3. Nýr liður:
Til húsmæðraskóla Ingibjargar Jóhannsdóttur á Löngumýri (byggingarstyrkur) 5 000
20. — 15. — A. VIII. 16. (Samning íslenzkrar orðabókar).
Fyrir „45 000“ kemur 60 000
21. — 15. — A. VIII. 18. Nýr liður:
Til Stúdentaráðs Háskóla Íslands, til stúdentaskipta og annarrar starfsemi 10 000
22. — 15. — A. XV. (Þórarinn Jónsson).
Fyrir „5 000“ kemur 10 000
23. — 15. — A. XVIII. 4. Nýr liður:
Til tónlistarskóla Hafnarfjarðar 10 000
24. — 15. — A. XXII. Nýr liður:
Til Guðmundar Eliassonar, til náms í höggmyndalist ... 6 000
25. — 15. — B. VII. 2. (Annar kostnaður).
Fyrir „135 000“ kemur 175 000
26. — 16. — A. 15.
Fyrir „í Kaldaklifsá“ kemur í Kaldaklifsá, Svarðbælisá og Laugará.
27. — 16. — A. 16. Nýr liður:
Til að verja Hrafnabjargajarðirnar í Dalasýslu ágangi af völdum Hörðudalsár, í eitt skipti fyrir öll 2 000
28. — 16. — A. 19. Nýr liður:
Til framræslu á bithaga Hafnarkauptúns í Hafnarneslandi, Hornafirði 10 000
29. — 16. — A. 29. Nýir liðir:
a. Til Jóns Guðbrandssonar, til dýralæknisfræðináms í Kaupmannahöfn 5 000
b. Til Sverris Markússonar, til dýralæknisfræðináms .. 5 000
30. — 16. — A. 31. Nýr liður:
Til rannsókna á garnaveiki 150 000
31. — 16. — B. 7. (Nýjar síldveiðiaðferðir).
Fyrir „350 000“ kemur 500 000
32. — 16. — B. 8. Nýr liður:
Framlag til hlutatryggingarsjóðs sjómanna og útgerðarmanna í Bolungavík 30 000
33. — 16. — C. 5. (Iðnskólabygging í Rvík).
Athugasemdin fellur niður.
34. — 17. — 27. (Vatnsveitur).
Fyrir „150 000“ kemur 200 000
35. — 17. — 29. Nýir liðir:
a. Kostnaður við ráðstafanir vegna ófriðarhættu 500 000
b. Til alþjóða-berklarannsókna 60 000
36. — 18. — II. a.
a. Einar Straumfjörð. Liðurinn fellur niður.
b. Guðmundur Eggerz. Fyrir „10 091.25“ kemur 15 000.00
c. Þorsteinn Þorsteinsson, fv. hagstofustj. Fyrir „1 035.00“ kemur 4 030.00
d. Við bætast í stafrófsröð:
Daðína Hjaltadóttir, fv. póstafgreiðsluk. 2 400.00
Einar Friðriksson, fv. innheimtum. 2 400.00

			Guðmundur Einarsson, fv. póstafgreiðslum.	1 700.00
			Jóhann Scheving, fv. kennari	2 000.00
37.	Við	18. gr.	II. b. Við bætast í stafrófsröð:	
			Ásta Jaden	4 600.00
			Jóhanna Jónsdóttir	5 000.00
			Kristín Sigurðardóttir	3 000.00
			Sigríður Pétursdóttir	5 000.00
			Þorbjörg Sigmundsdóttir	5 606.25
38.	—	20. —	Inn. V.	
			Fyrir „Lán tekin á árinu“ kemur: Lán tekin á árinu vegna fjárskipta.	
39.	—	20. —	Út. V. Nýr liður:	
			Undirbúningskostnaður vegna byggingar semensverksmiðju	100 000
40.	—	22. —	X. Nýr liður:	
			Að ábyrgjast lán allt að 3 millj. kr. til greiðslu á eftirstöðvum byggingarkostnaðar Þjóðleikhússins, enda verði tekjur byggingarsjóðs Þjóðleikhússins veðsettar fyrir lánunum.	

Sþ. 394. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1951.

Frá fjármálaráðherra.

1.	Við	2. gr.	3. (Vörumagnstollur).	
			Fyrir „20 000 000“ kemur	21 500 000
2.	—	2. —	6. (Gjald af innlendum tollvörum).	
			Fyrir „6 500 000“ kemur	7 800 000
3.	—	2. —	10. (Aukatekjur).	
			Fyrir „2 300 000“ kemur	3 100 000
4.	—	2. —	11. (Stimpilgjald).	
			Fyrir „4 500 000“ kemur	5 400 000
5.	—	2. —	17. (Söluskattur).	
			Fyrir „50 000 000“ kemur	55 000 000
6.	—	17. —	2. (Almannatryggingar).	
			a. Við a. 1. Fyrir „17 300 000“ kemur	18 850 000
			b. Við a. 2. Fyrir „4 800 000“ kemur	5 000 000
7.	—	19. —	1. Nýr liður:	
			Vantalin verðlagsuppbót (áætlað)	5 000 000
			Greiða skal verðlagsuppbót á laun opinberra starfsmanna miðað við vísitölu 122.	
8.	—	20. —	Út. III. Nýr liður:	
			Til byggingar áburðarverksmiðju	1 000 000

Nd. 395. Breytingartillögur [72. mál]

við frv. til l. um stjórn flugmála.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

1. Við 2. gr. 1. málsl. 1. málsgr. orðist svo:
   Ráðherra skipar flugmálastjóra.
2. Við 2. gr. Í stað orðsins „flugvallastjóri“ á 3 stöðum komi flugmálastjóri.

Ed. 396. Breytingartillaga [9. mál]

við frv. til l. um tekjuskattsviðauka, lækkun skatts af lágtekjum o. fl.

Frá Gísla Jónssyni.

Við 5. gr. Í stað „1%“ komi: ½%.

Ed. 397. Breytingartillaga [121. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 1946, um almannatryggingar og viðauka við þau.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

Við 10. gr. Á eftir orðunum „fyrir barnsfararkostnaði“ bætist inn í greinina: eða hefur gert ráðstafanir til þess að afla sér slíks úrskurðar.

Ed. 398. Nefndarálit [66. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1951.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og rætt það á fundi. Leggja undirritaðir nefndarmenn til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 14. des. 1950.

Bernh. Stefánsson, form.	Gísli Jónsson, fundaskr.	Þorst. Þorsteinsson, frsm.

Karl Kristjánsson.

Ed. 399. Breytingartillaga [33. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

Frá viðskiptamálaráðherra.

Á undan 1. gr. frv. kemur ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkvæmt því):

Í stað 4., 5., 6. og 7. málsgr. 6. gr. laganna komi ein málsgr., svo hljóðandi:

Frá 1. febrúar 1951 skulu laun ekki taka breytingum samkvæmt ákvæðum þessara laga.

Sþ. 400. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1951.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Við 13. gr. B. II. (Flóabátar og vöruflutningar).
Fyrir „750 000“ kemur 975 000

Sþ. 401. Nefndarálit [83. mál]

um till. til þál. um talstöðvaþjónustu landssímans.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað þessa tillögu, og eru þeir nefndarmenn, er viðstaddir voru, einróma sammála um að mæla með samþykkt hennar.

Af undirtektum hlutaðeigandi ráðherra, er málið var rætt í þinginu, þótti mega ráða það, að hæstv. ráðherra vildi láta mál þetta til sín taka og fallast á að láta sanngjarnar óskir sjómanna og útvegsmanna — en að þeirra tilstuðlan er þetta mál flutt — ná fram að ganga.

Það er þess vegna í fullu trausti til þess, að ríkisstjórnin skerst strax í þetta mál, að nefndin leggur til, að till. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 14. des. 1950.

Jóh. Þ. Jósefsson, form., frsm.	Jón Gíslason, fundaskr.	Finnur Jónsson.
Stefán Stefánsson.	Lúðvík Jósefsson.	Jörundur Brynjólfsson.

Sþ. 402. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1951.

I. Frá *Einari Olgeirssyni, Lúðvík Jósefssyni, Sigurði Guðnasyni, Áka Jakobssyni* og *Jónasi Árnasyni.*
Við 3. gr. A. Sundurliðun 5. II. b. (Útvarpsefni).
Fyrir „1 000 000“ kemur 1 500 000

II. Frá *Jóni Pálmasyni.*
Við 12. gr. IX. (Læknisbústaðir, sjúkraskýli og sjúkrahús).
a. Fyrir „500 000“ kemur 700 000
b. Við textann bætist svolátandi aths.:
Þar af til sjúkrahússins á Blönduósi 200 þús. kr.

III. Frá *Einari Olgeirssyni, Lúðvík Jósefssyni, Sigurði Guðnasyni, Áka Jakobssyni* og *Jónasi Árnasyni.*
Við 12. gr. IX. Nýr liður:
Til byggingar hælis fyrir vangæf börn samkv. 37. gr. laga nr. 29/1947, um vernd barna og ungmenna 500 000

IV. Frá *Finni Jónssyni.*
Við 13. gr. C. VIII. 13. (Ísafjörður).
Fyrir „50 000“ kemur 150 000

V. Frá *Sigurði Ágústssyni.*
Við 13. gr. C. VIII. 19. (Rif á Snæfellsnesi).
Fyrir „500 000“ kemur 700 000

VI. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 13. gr. C. VIII. 25. (Vestmannaeyjar).
Í stað „170 000“ kemur 200 000

VII. Frá *Bjarna Ásgeirssyni.*
Við 14. gr. B. XIV. 5. Nýr liður:
Til Skallagrímsgarðs í Borgarnesi 1 000

VIII. Frá *Jóhanni Hafstein, Rannveigu Þorsteinsdóttur, Einari Olgeirssyni* og *Stefáni Jóh. Stefánssyni.*
Við 14. gr. B. XVI. 2. (Íþróttasjóður).
Fyrir „500 000 kemur 600 000

IX. Frá *Sigurði Ágústssyni.*
Við 15. gr. A. VIII. 12. (Amtsbókasafnið í Stykkishólmi).
Fyrir „4 500“ kemur 13 000

X. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni, Rannveigu Þorsteinsdóttur* og *Gunnari Thoroddsen.*
Við 15. gr. A. VII. 25. Nýr liður:
Til lestrarfélags kvenna í Reykjavík 3 000

XI. Frá *Ólafi Thors.*
Við 15. gr. A. XVII. Nýr liður á undan tölul. 1.:
Til leikfélags Reykjavíkur, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi frá bæjarsjóði Reykjavíkur 30 000

XII. Frá *Bjarna Ásgeirssyni.*
Við 15. gr. A. XVII. 11. Nýr liður:
Til leikfélags Borgarness, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi annars staðar að 1 500

XIII. Frá *Gunnari Thoroddsen, Gylfa Þ. Gíslasyni, Rannveigu Þorsteinsdóttur, Jóhanni Hafstein, Stefáni Jóh. Stefánssyni, Jónasi Árnasyni* og *Sigurði Bjarnasyni.*
Við 15. gr. A. XVIII. 4. Nýr liður:
Til Sinfóníuhljómsveitar Íslands, enda náist samkomulag um framlag frá bæjarstjórn Reykjavíkur, Ríkisútvarpinu og þjóðleikhúsinu, allt að 150 000

XIV. Frá *Bjarna Ásgeirssyni.*
Við 15. gr. A. XXXI. Nýr liður:
Til þess að reisa myndastyttu af Agli Skallagrímssyni að Borg á Mýrum, 1. greiðsla 5 000
gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi annars staðar að.

XV. Frá *Þorsteini Þorsteinssyni* og *Ásgeiri Bjarnasyni.*
Við 15. gr. B. III. Nýr liður:
Til hlutafélagsins Kol vegna jarðborana og annarra rannsókna á kolanámunum á Tindum í Dalasýslu (þó ekki yfir helming kostnaðar) 100 000
Til vara 50 000

XVI. Frá *Páli Zóphóníassyni* og *Bjarna Ásgeirssyni.*
1. Við 16. gr. A. 4. B. a.
Fyrir „Jarðræktarstyrkir" kemur: Jarðræktarframlög.
2. Við 16. gr. A. 4. B. b. (Framræsla).
Fyrir „samkv. 37. gr." kemur: samkv. 11. gr. III.

XVII. Frá *Jörundi Brynjólfssyni.*
1. Við 16. gr. A. 17. (Landþurrkun á Eyrarbakka).
Fyrir „10 000" kemur 20 000
2. Við 16. gr. A. 18. (Landþurrkun á Stokkseyri).
Fyrir „10 000" kemur 20 000

XVIII. Frá *Einari Olgeirssyni, Lúðvík Jósefssyni, Sigurði Guðnasyni* og *Jónasi Árnasyni.*
Við 16. gr. B. 8. Nýr liður:
Til bæjar- og sveitarfélaga til togarakaupa. Veitist sem vaxtalaust lán til 20 ára 2 000 000

XIX. Frá *Einari Olgeirssyni, Lúðvík Jósefssyni, Sigurði Guðnasyni, Áka Jakobssyni* og *Jónasi Árnasyni.*
1. Við 17. gr. Á undan 1. tölul. kemur nýr tölul.:
Til atvinnuaukningar, gegn jafnmiklu framlagi frá bæjar- og sveitarfélögum 1 000 000
2. Við 17. gr. 15. e. (Mæðrastyrksnefndir).
Fyrir „50 000" kemur 75 000
3. Við 17. gr. 22. (Kvenréttindafél. Íslands).
Fyrir „15 000" kemur 25 000
4. Við 17. gr. 24. Nýr liður:
Til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði samkv. III. kafla laga nr. 44. 7. maí 1946 ..... 600 000

XX. Frá *Rannveigu Þorsteinsdóttur, Lárusi Jóhannessyni, Kristínu Sigurðardóttur* og *Gylfa Þ. Gíslasyni.*
Við 18. gr. II. b. Nýr liður:
Bryndís Þórarinsdóttir 6 000

XXI. Frá *Lúðvík Jósefssyni* og *Ásmundi Sigurðssyni.*
Við 22. gr. IV. Nýr liður:
Að verja hagnaði af rekstri olíuflutningaskipsins Þyrils til verðlækkunar og verðjöfnunar á olíu, þannig, að olíuverðið sé sem jafnast alls staðar á landinu, þar sem olíuflutningaskip geta dælt olíunni í birgðageyma.

XXII. Frá *Sigurði Bjarnasyni* og *Vilhjálmi Hjálmarssyni.*
Við 22. gr. IX. Nýr liður:
Að gera ráðstafanir til þess, að nokkrir hinna nýju togara, sem nú eru í smíðum, verði staðsettir á þeim útgerðarstöðum, sem við erfitt atvinnuástand búa.

XXIII. Frá *Áka Jakobssyni.*
Við 22. gr. IX. Nýr liður:
Að greiða bætur til þeirra, sem orðið hafa fyrir tjóni á íbúðum sínum og húsgögnum vegna flóðanna á Siglufirði, 100 þús. kr. eftir ákvörðun félagsmálaráðherra.

XXIV. Frá *Gísla Guðmundssyni.*
Við 22. gr. XII. Nýr liður:
Að láta gera tilraun til að grafa sundur malarrif við Þórshöfn í samræmi við álit sjávarútvegsnefndar efri deildar á Alþingi 1947.

XXV. Frá *menntamálaráðherra.*
Við 22. gr. XIII. Nýr liður:
Að kaupa af Handíðaskólanum áhöld þau, sem notuð eru við kennslu í kennaradeildum skólans, eftir því sem um semst.

XXVI. Frá *Einari Olgeirssyni, Lúðvík Jósefssyni, Sigurði Guðnasyni, Áka Jakobssyni* og *Jónasi Árnasyni.*
Við 22. gr. XIII. Nýr liður:
Að taka að láni fé til þess að lána bæjar- og sveitarfélögum til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði samkv. III. kafla laga nr. 44 7. maí 1946, og sé lánsupphæðin í hlutfalli við framlög ríkissjóðs samkv. lögum.

XXVII. Frá *Jóni Pálmasyni.*
Við 22. gr. XIV. Nýr liður:
Að selja ríkisjörðina Saurbæ í Vatnsdal ábúandanum, Grími Gíslasyni, fyrir ¾ fasteignamatsverðs, enda verði hún gerð að ættaróðali.

XXVIII. Frá *Skúla Guðmundssyni.*
Við 22. gr. XIV. Nýr liður:
Að verja allt að 100 þús. krónum til jarðakaupa samkvæmt lögum nr. 64/1941, um jarðakaup ríkisins vegna kauptúna og sjávarþorpa.

XXIX. Frá *Áka Jakobssyni.*
Við 22. gr. XIV. Nýr liður:
Að veita Siglufjarðarkaupstað allt að 900 þús. kr. lán til kaupa á atvinnutækjum til Siglufjarðar. Lánið greiðist með jöfnum afborgunum á næstu 5 árum með 4% vöxtum, enda verði afborganir og vextir teknir inn á fjárhagsáætlun bæjarsjóðs Siglufjarðar þar til lánið er að fullu greitt.

Sþ. 403. Breytingartillaga [1. mál]

við brtt. á þskj. 393 (Fjárlög).

Frá menntamálaráðherra.

Við 17. (við 14. gr. B. II.). Fyrir orðin „Þar af til námsmanna í Ameríku og Sviss 400 þús. kr.“ kemur:
Þar af til námsmanna í Ameríku og Sviss, sem hófu nám sitt 1949 eða fyrr, allt að 400 þús. kr.
Við úthlutun námsstyrkja ber að taka tillit til mismunandi náms- og dvalarkostnaðar í löndum, þar sem námsmenn dvelja.

Sþ. 404. Tillaga til þingsályktunar [147. mál]

um fréttasendingu til skipa á höfum úti.

Flm.: Finnur Jónsson, Jóhann Jósefsson, Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að landssíminn sendi út á stuttbylgjum til íslenzkra skipa á höfum úti, svo sem áður hefur tíðkazt, daglegan fréttaútdrátt, er fréttastofa útvarpsins semji.

Greinargerð.

Fréttaskeyti á stuttbylgjum voru fyrir stríð send daglega til skipa á höfum úti. Meðan á ófriðnum stóð var sendingu hætt, en tekin upp á ný á árinu 1949 og haldið áfram þangað til í febrúar 1950. Þá var sendingu skeyta þessara hætt vegna ágreinings milli landssímans og útvarpsins. Það er kunnugt, að útvarpið heyrist mjög skammt frá landinu vegna truflana frá erlendum útvarpsstöðvum. Íslenzkum skipum, sem sigla um úthöfin, hefur mjög fjölgað á undanförnum árum, og er nú svo komið, að sjómenn þeir, er dvelja mörgum tugum eða hundruðum saman fjarri heimilum sínum, eru fréttalausir vikum eða mánuðum saman.

Ekki er flm. kunnugt um, að nein menningarþjóð komi sér hjá að veita sjómönnum slíka þjónustu. Verður það að teljast mjög illa farið, að ágreiningur tveggja stofnana, sem hafa rúmlega þriggja tuga milljóna umsetningu og nauðsynleg tæki og mannafla til starfans, skuli hafa orðið þess valdandi, að sjómenn hafa verið sviptir því að fá fréttir að heiman til fjarlægra landa.

Hefur ófremdarástand þetta að vonum valdið mikilli óánægju meðal sjómanna, og hefur þing Farmanna- og fiskimannasambands Íslands sent Alþingi áskorun um að bæta úr þessu. Treysta flm. því, að þetta verði gert hið allra bráðasta.

Ed. 405. Breytingartillögur [10. mál]

við frv. til l. um framlengingu á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá Steingrími Aðalsteinssyni.

Við 5. gr.

1. Fyrir orðið „fólksbifreiðum“ í b-lið komi: einkafólksbifreiðum.
2. Á eftir greininni komi ný grein, svo hljóðandi:
   31. gr. laganna fellur niður.

Nd. 406. Lög [90. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja prestssetursjörðina Vatnsleysu í Víðvíkursveit, er prestssetur verður flutt þaðan.

(Afgreidd frá Nd. 14. des.)

Samhljóða þskj. 152.

Nd. **407. Lög** [87. mál]

um breyting á lögum nr. 29 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

(Afgreidd frá Nd. 14. des.)

Samhljóða þskj. 257.

Nd. **408. Lög** [8. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1951 með viðauka.

(Afgreidd frá Nd. 14. des.)

Samhljóða þskj. 381.

Ed. **409. Lög** [5. mál]

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 14. des.)

Samhljóða þskj. 384.

Ed. **410. Frumvarp til laga** [121. mál]

um breyting á lögum nr. 50 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

I. KAFLI

1. gr.

Auk þeirra starfsmanna, sem nefndir eru í 4. gr. laganna, er ráðherra heimilt að skipa sérstakan yfirlækni Tryggingastofnunar ríkisins, er nefnist heilsugæzlustjóri.

Heilsugæzlustjóri skal hafa yfirstjórn allra læknamálefna stofnunarinnar í samráði við forstjóra.

Hann hefur með höndum framkvæmd og forstöðu heilsugæzlumála Tryggingastofnunarinnar, er þriðji kafli laganna kemur til framkvæmda, en vinnur þangað til að undirbúningi þeirra framkvæmda og hefur yfirumsjón með starfsemi sjúkrasamlaganna meðan þau starfa.

Tryggingayfirlæknir annast í samráði við heilsugæzlustjóra störf þau, sem honum eru sérstaklega falin í lögunum.

2. gr.

Ráðherra er heimilt að gera breytingar á skipun og verksviði sérfræðinganefndar þeirrar, er um getur í 2. málsgr. 6. gr. laganna, þannig að heilbrigðismálaráðherra tilnefni einn mann í nefndina, er verði formaður hennar í stað landlæknis, og að hlutverk nefndarinnar verði eingöngu að úrskurða örorkustig og orkutap þeirra, er sækja um bætur og ekki vilja una úrskurði lækna Tryggingastofnunarinnar eða tryggingaráð telur ástæðu til að leita úrskurðar nefndarinnar um.

3. gr.

Stéttarsamband bænda skal hafa rétt til þess að skipa einn fulltrúa til þess, ásamt fulltrúum þeim, er um getur í 9. gr. laganna, að taka þátt í umræðum tryggingaráðs og gera tillögur um skiptingu í áhættuflokka og iðgjöld skv. 113. gr.

4. gr.

Til ársloka 1954 skulu sýslunefndir í tryggingaumdæmum utan kaupstaða fara með störf tryggingnefnda, sbr. 11. gr. laganna. Þó er sýslunefnd heimilt að fela þessi störf sérstakri nefnd, er hún kýs. Í kaupstöðum utan Reykjavíkur annast stjórnir sjúkrasamlaganna þessi störf. Verði öll sjúkrasamlög í tryggingaumdæmi sameinuð í eitt samlag, skal stjórn þess fara með störf tryggingnefndar í umdæminu í stað sýslunefndar.

II. KAFLI

5. gr.

Grunnupphæðir bóta samkv. II. kafla laganna, 1—4, skulu frá 1. janúar 1951 vera sem hér segir:

1. Árlegur elli- og örorkulífeyrir samkv. 15. og 18. gr. laganna:
   a. Fyrir hjón, þegar bæði fá lífeyri:
      Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 6528.00
      Á 2. — ..... — 4896.00
   b. Fyrir einstaklinga og hjón, þegar annað fær lífeyri:
      Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 4080.00
      Á 2. — ..... — 3060.00
2. Árlegur barnalífeyrir skv. 20. gr. laganna:
   Á 1. verðlagssvæði ..... — 2400.00
   Á 2. — ..... — 1800.00
3. Árlegar fjölskyldubætur skv. 30. gr. laganna:
   Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 1200.00
   Á 2. — ..... — 900.00
4. Ekkjubætur samkv. 35. gr. laganna:
   Fyrstu 3 mán. eftir lát maka ..... kr. 600.00 á mán.
   Næstu 9 mán., ef ákvæði greinarinnar heimila ..... — 450.00 - —
5. Hámark árlegra makabóta samkv. 38. gr. laganna:
   Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 2448.00
   Á 2. — ..... — 1836.00
6. Sjúkrabætur samkv. 40. gr. laganna:
   a. Fyrir kvænta karla, þegar konan vinnur eigi utan heimilis:
      Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 18.00 á dag.
      Á 2. — ..... — 15.00 - —
   b. Fyrir aðra:
      Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 15.00 á dag.
      Á 2. — ..... — 12.00 - —

Nú eru hjón eigi samvistum, af heilsufarslegum ástæðum eða öðrum ástæðum, er tryggingaráð metur jafngildar, og er ráðinu þá heimilt að úrskurða hvoru hjónanna um sig fullan einstaklingslífeyri samkv. 15. gr. laganna.

6. gr.

Tryggingaráði skal heimilt að greiða ekklum allt að fullum barnalífeyri, í stað hálfs, eins og ákveðið er í síðustu málsgr. 23. gr. laganna.

7. gr.

Takmarkanir þær, sem ákveðnar eru í 2. og 3. málsgr. 23. gr. laganna á greiðslum barnalífeyris til ekkna, skulu einnig gilda um greiðslur barnalífeyris til mæðra óskilgetinna barna og fráskilinna kvenna samkv. 27. og 28. gr.

8. gr.

Þegar Tryggingastofnunin greiðir barnalífeyri samkv. 1. málsgr. 27. gr. laganna, á hún endurkröfurétt á hendur barnsföður, og fer um innheimtu slíkrar kröfu eftir ákvæðum 117. gr. laganna.

Verði vanskil af hálfu föður, skal innheimta kröfuna hjá framfærslusveit hans, og telst fjárhæðin framfærslustyrkur veittur honum. Eignast Tryggingastofnunin að öllu leyti sama rétt á hendur framfærslusveit föður og dvalarsveit móður hefur samkv. framfærslulögum, en um endurkröfurétt framfærslusveitar á hendur barnsföður fer samkv. ákvæðum framfærslulaga. Þverskallist framfærslusveit við að greiða, eignast Tryggingastofnunin þann rétt, sem dvalarsveit móður á samkv. framfærslulögum, til að endurkrefja ríkissjóð um upphæðina.

Aðrar bætur og styrki, sem Tryggingastofnunin á endurkröfurétt á, skal innheimta með sama hætti.

9. gr.

Heimilt skal tryggingaráði að greiða fjölskyldubætur vegna barna, þótt þau dveljist ekki á heimili föðurins og ákvæði 2. málsgr. 32. gr. laganna taki til þeirra, ef sannað er, að hann kostar framfæri þeirra að fullu, enda greiðast bæturnar þá til hans.

10. gr.

Fæðingarstyrkur samkv. 34. gr. laganna skal vera jafn til allra mæðra og nema kr. 600.00 fyrir hverja fæðingu. Þó skal ógift móðir, sem verður fyrir vinnutjóni og tekjumissi vegna barnsburðar og leggur fram úrskurð á hendur barnsföður fyrir barnsfararkostnaði eða hefur gert ráðstafanir til þess að afla sér slíks úrskurðar, eiga rétt á því, að Tryggingastofnunin greiði henni til viðbótar allt að kr. 300.00 á mánuði í allt að 3 mánuði á þann hátt, sem í 2.—4. mgr. greinarinnar segir, enda hefur þá Tryggingastofnunin endurkröfurétt á hendur barnsföður og sveitarfélagi fyrir viðbótarupphæðinni, á sama hátt og segir í 27. gr. laganna um endurkröfurétt á barnalífeyri.

11. gr.

Til ársloka 1954 er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að greiða giftum konum, þótt þær vinni eigi utan heimilis, sjúkrabætur vegna aðstoðar eða hjúkrunar í veikindum þeirra, sbr. 92. gr. laganna, enda nemi sjúkrabætur til þeirra eigi hærri upphæð en samsvarar lífeyri samkv. 15. gr. laganna og greiðist því aðeins, að skilyrði 2. málsgr. 40. gr. laganna séu fyrir hendi.

Þá er og heimilt að greiða sjúkrabætur til manna, sem náð hafa 67 ára aldri, ef þeir njóta ekki lífeyris eða annarra bóta frá Tryggingastofnuninni.

Hafi sjúkrasamlag eða sveitarstjórn í þjónustu sinni hjúkrunarkonu eða aðstoðarstúlkur til þess að veita hjúkrun eða aðstoð á heimilum í veikindum, er Tryggingastofnuninni heimilt að taka þátt í kostnaði við þau störf eftir samkomulagi við viðkomandi aðila.

12. gr.

Tryggingaráði er heimilt, þegar ekki liggja fyrir fullar sannanir þess, að tekjur umsækjanda um sjúkrabætur hafi rýrnað svo vegna sjúkleikans, að þær fari niður fyrir það mark, sem 2. málsgr. 39. gr. laganna ákveður, að fresta úrskurði um sjúkrabætur, þar til fullnægjandi upplýsingar um tekjur hans á veikindaárinu liggja fyrir.

13. gr.

Ákvæði b-liðs 42. gr. laganna um lengri biðtíma þeirra, sem hafa launþega í þjónustu sinni, skulu aðeins gilda um þá, sem kaupa svo mikla vinnu, að þeim beri að greiða gjald samkv. 112. og 113. gr. af meiru en 52 vinnuvikum.

14. gr.

Heimilt skal tryggingaráði að víkja frá þeim ákvæðum 1. málsgr. 43. gr. laganna, sem gera sjúkrahúsvist eða rúmlegu að skilyrði fyrir greiðslu sjúkrabóta, ef sérstaklega stendur á.

15. gr.

Heimilt skal tryggingaráði að lengja tilkynningarfrest þann, sem um ræðir í 44. gr., þó ekki yfir 3 mánuði.

16. gr.

Grunnupphæðir slysabóta samkvæmt II. kafla laganna skulu frá 1. janúar 1951 vera sem hér segir:

1. Dagpeningar samkv. 53. gr. laganna kr. 22.50 á dag.
2. Fullur árlegur örorkulífeyrir samkv. 56. gr. laganna kr. 4080.00.
3. Dánarbætur, samkv. 57. gr. laganna:
   a. Til ekkju eða ekkils samkv. 1. tölul. kr. 9000.00. Fullur lífeyrir samkv. sama lið kr. 4080.00.
   b. Barnalífeyrir samkv. 2. tölul. kr. 2400 á ári.
   c. Bætur til uppkomins barns samkv. 3. tölul. kr. 3000.00—9000.00. Sama gildir systkini, sbr. 5. tölul.
   d. Bætur til foreldris samkv. 4. tölul. kr. 3000.00—9000.00.

Heimilt er Tryggingastofnuninni að hækka örorkulífeyri samkv. 2. tölul. þessarar greinar, eftir sömu reglum og gilda um ellilífeyri samkv. 17. gr. laganna.

17. gr.

Ráðherra getur ákveðið, að útgerðarmönnum skuli skylt að tryggja gegn aukaiðgjaldi áhættu þá vegna bótaskyldra slysa, sem þeir bera samkv. 32. gr. laga nr. 41 19. maí 1930, þannig, að Tryggingastofnunin greiði hinum slasaða, auk dagpeninga skv. 53. grein laganna, fullt kaup eða aflahlut í eina viku frá afskráningardegi að telja.

18. gr.

Barnalífeyrir samkv. 3. mgr. 56. gr. laganna skal aldrei vera lægri en verið hefði, ef lífeyririnn væri ákveðinn eftir fyrirmælum laganna um barnalífeyri til öryrkja, sbr. 20. og 22. gr. laganna.

19. gr.

Heimilt skal tryggingaráði að ákveða, að árlegar umsóknir um bætur, sbr. 65. gr. laganna, megi niður falla að því er varðar einstakar bótategundir, fleiri eða færri, og ákveður ráðið þá, hversu oft skuli endurnýja umsóknir og leggja fram eða endurnýja skilríki til sönnunar bótaréttinum.

III. KAFLI

20. gr.

Framkvæmd heilsugæzlu samkvæmt 3. kafla laganna skal frestað til 1. jan. 1955, að öðru leyti en því, að réttur sveitarfélaga, sem koma á fót heilsuverndarstöðvum og/eða lækningastöðvum og reka þær samkv. 76. gr. laganna, til ríkisstyrks samkv. 77. gr. laganna helzt óbreyttur, svo og ákvæði 82. og 83. gr. laganna um skipun lækna við slíkar stöðvar.

21. gr.

Til þess tíma, er í 20. gr. segir, skal 3. kafli laga nr. 104 30. des. 1943, um sjúkratryggingar, vera í gildi, með þeim breytingum, er hér greinir:

1. Þar sem sjúkrasamlög eru ekki starfandi, skulu þau stofnuð eigi síðar en svo, að samlagsmenn njóti réttinda frá 1. október 1951, enda þótt samlagsstofnun hafi eigi verið ákveðin með atkvæðagreiðslu samkvæmt 29. gr. þeirra laga.
2. Ríkisstjórnin getur að fengnum tillögum tryggingaráðs ákveðið, að sjúkrasamlög, sem starfa í sama tryggingaumdæmi, skuli sameinuð, enda séu stjórnir a. m. k. ⅔ hluta sjúkrasamlaganna því samþykkar. Nú sameinast öll samlög innan sama umdæmis, og skal þá sýslunefnd kjósa fjóra menn í stjórn samlagsins.
3. Ríkisstjórnin getur, ef tryggingaráð gerir tillögur þar um, ákveðið, að greiðslur sjúkrasamlaga fyrir lyf, önnur en þau, sem lífsnauðsynleg teljast til notkunar að staðaldri, og umbúðir utan sjúkrahúsa, samkv. 2. tölul. 33. gr. l. 104/1943, skuli takmarkaðar frekar en þar er gert.
4. Þegar maður, 67 ára eða eldri, þarfnast sjúkrahúss- eða hælisvistar umfram þær 5 vikur, er sjúkrasamlagi hans ber að greiða samkv. síðari málslið fyrstu málsgreinar 38. gr. laga nr. 104 frá 1943, vegna ellikramar eða annarra slíkra sjúkdóma, skal Tryggingastofnun ríkisins þann tíma, er hann þarfnast hjálparinnar, greiða ríkisframfærslunni ellilífeyri þann, er hlutaðeigandi á rétt til, ásamt álagi, sem úrskurðað kann að vera samkv. 17. gr., ef ákvæði ríkisframfærslulaga nr. 78/1936 verða látin taka til langvarandi ellisjúkdóma á sama hátt og þau taka nú til annarra langvarandi sjúkdóma.
5. Hámark framlags ríkissjóðs og sveitarsjóðs samkv. 47. gr. laga nr. 104/1943 skal vera 62 krónur á ári að viðbættri verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu.
6. Tryggingastofnun ríkisins skal greiða sjúkrasamlagsiðgjöld þeirra elli- og örorkulífeyrisþega, sem þess óska og eigi hafa hærri tekjur en svo, að þær ásamt lífeyri frá Tryggingastofnuninni eða eftirlaunum úr opinberum sjóði nemi þrefaldri lífeyrisupphæð samkv. 15. gr. laganna.

22. gr.

Til ársloka 1954 skal Tryggingastofnun ríkisins vera heimilt að greiða styrki til læknisvitjanasjóða, er starfa samkv. lögum nr. 59/1942, og til sjúkrasamlaga, sem verða fyrir óvenjulegum útgjöldum vegna sjúkraflutninga og læknisvitjana og starfa í héruðum, þar sem ekki eru læknisvitjanasjóðir. Styrkir þessir mega samtals nema allt að 300 þús. kr. á ári, og skal úthlutunin til læknisvitjanasjóða gerð að fengnum tillögum landlæknis, en úthlutun til sjúkrasamlaga samkvæmt ákvörðun tryggingaráðs.

23. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal fyrir lok ársins 1951 láta fram fara athugun á vinnugetu öryrkja, sem ætla má, að geti unnið fyrir sér að nokkru eða öllu leyti, ef þeim er veittur kostur á atvinnu við þeirra hæfi. Jafnframt skal Tryggingastofnunin gera tillögur um ráðstafanir til þess, að starfskraftar slíkra öryrkja geti komið þeim sjálfum og þjóðfélaginu að sem mestum notum, og hafa samráð og samvinnu við tryggingaráð og héraðsstjórnir um þær tillögur.

IV. KAFLI

24. gr.

Iðgjöld og framlög til tryggingasjóðs samkvæmt IV. kafla laganna, 2.—5, skulu vera sem hér segir:

1. Árleg iðgjöld hinna tryggðu samkv. 107. gr. laganna:
   a. Kvæntir karlar:
      Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 390.00
      Á 2. — ..... — 310.00

b. Ókvæntir karlar:
Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 350.00
Á 2. — ..... — 280.00
c. Ógiftar konur:
Á 1. verðlagssvæði ..... — 260.00
Á 2. — ..... — 210.00
2. Iðgjöld atvinnurekenda samkv. 112. gr. laganna:
Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 4.65 á viku.
Á, 2. — ..... — 3.50 - —
3. Heildarupphæð framlags sveitarfélaga samkv. 114. gr. laganna:
10.8 millj. kr.
4. Fast framlag ríkissjóðs samkv. 116. gr. laganna:
17.4 millj. kr.

25. gr.

Í stað ákvæða um verðlagsuppbætur og vísitöluálag í 2. tölul. bráðabirgðaákvæða laganna skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

Grunnupphæðir bóta samkv. lögum þessum skulu hækka til samræmis við vísitölu framfærslukostnaðar eftir sömu reglum og laun.

Iðgjöld samkvæmt 107. og 112. gr. og framlög samkvæmt 114. og 116. gr. laganna, sbr. 24. gr. þessara laga, skulu innheimt með álagi samkvæmt meðalvísitölu næsta árs á undan.

26. gr.

Þeir iðgjaldsgreiðendur einir, sem hvorki ber að greiða tekjuskatt né eignarskatt, skulu eiga rétt á því, að sveitarsjóður greiði fyrir þá iðgjöld samkv. 2.—4. málsl. 1. málsgr. 109. gr. laganna. Nú innheimtir Tryggingastofnunin iðgjald slíks iðgjaldsgreiðanda hjá sveitarsjóði, og tekur sveitarstjórn þá ákvörðun um, hvort og á hvern hátt hún krefur hann um endurgreiðslu.

27. gr.

Störf ógifts fólks yfir 20 ára aldur, er dvelst og starfar á heimilum foreldra sinna, skulu metin til vinnuvikna samkv. 112. gr. laganna á sama hátt og störf unglinga á aldrinum 16—20 ára, sbr. reglugerð 21. des. 1946, um áhættuiðgjöld o. fl.

28. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal vera heimilt, til ársloka 1954, að fella niður af iðgjöldum þeirra atvinnurekenda, sem hætta atvinnurekstri á því tímabili, allt að þeirri upphæð, sem hlutaðeigandi greiddi í slysatryggingariðgjöld fyrir árið 1946 skv. 2. kafla laga nr. 104/1943.

29. gr.

Um innheimtu framlags sveitarsjóða gilda ákvæði 117. gr. laganna, auk ákvæða 115. gr., þó þannig, að Tryggingastofnunin getur innheimt þau án milligöngu innheimtumanna ríkisins, að svo miklu leyti sem hún kýs það heldur.

Hafi sveitarsjóður eigi tekjur sem tryggingargjaldi svarar af þeim fasteignum, sem gjald sveitarfélags til tryggingasjóðs miðast við, er framlagi er skipt milli sveitarfélaga innan tryggingaumdæmis samkv. 2. tölul. 3. málsgr. 114. gr. laganna, er sveitarstjórn heimilt að leggja á og innheimta hjá eigendum fasteignanna upphæð, sem svarar því gjaldi, sem sveitarsjóður greiðir þannig vegna þeirra.

30. gr.

Tekjuafgangi Tryggingastofnunarinnar, eins og hann nú er orðinn og síðar kann að verða, skal varið til þess að mæta ófyrirsjáanlegum halla, er verða kann á rekstri tryggginganna einstök ár, og skal ekki tekið til ábyrgðar ríkissjóðs umfram

hið fasta framlag hans, sbr. 24. gr. þessara laga, meðan nokkur tekjuafgangur er fyrir hendi í tryggingasjóði.

31. gr.

Skrár þær, er sveitarstjórnum ber að semja samkvæmt 118. gr. laganna, skal gera í þremur eintökum, og skulu þær gerðar mánuði fyrr en greinin ákveður. Skal sveitarstjórn senda eitt eintakið hlutaðeigandi innheimtumanni þá þegar, en hin tvö til skattanefndar (skattstjóra), eins og greinin mælir fyrir um.

Ákvæði 3. og 4. mgr. 118. gr. skulu einnig gilda um framlagningu skrár um iðgjöld samkv. 112. og 113. gr., svo og um kærur út af þeim gjöldum.

32. gr.

Heimilt skal að fresta afhendingu nýrra tryggingarskírteina, sbr. 127. gr., eftir því sem tryggingaráð telur nauðsynlegt, og nota fyrri skírteini á meðan slík frestun varir.

33. gr.

Til ársloka 1954 skulu sjúkrasamlög í kaupstöðum utan Reykjavíkur annast umboðsstörf fyrir Tryggingastofnunina, samkv. samningum, er tryggingaráð samþykkir.

34. gr.

Sjúkrasamlagsiðgjöld samkv. 45. gr. laga nr. 104/1943 og iðgjöld samkv. 112. og 113. gr. almannatryggingalaganna vegna lögskráðra sjómanna og bifreiðarstjóra skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipum og bifreiðum og ganga fyrir öllum öðrum veðum en lögveðum fyrir gjöldum til ríkissjóðs. Iðgjöld samkv. 112. og 113. gr. vegna byggingar húsa og annarra mannvirkja skulu og hafa sams konar veðrétt í eignum þessum.

35. gr.

Tryggingaráð getur ákveðið, að auk þeirra frjálsu slysatrygginga, sem Tryggingastofnuninni er heimilt að taka að sér samkv. 3. málsl. 1. málsgr. 135. gr. laganna, skuli stofnunin einnig veita félagssamtökum íþróttamanna kost á að kaupa slysatryggingu fyrir meðlimi sína, þegar þeir taka þátt í opinberri íþróttakeppni eða æfingum og námskeiðum undir stjórn viðurkenndra íþróttakennara, enda fáist endurtrygging fyrir a. m. k. 75% áhættunnar.

36. gr.

Þó að lífeyrisgreiðslur falli niður vegna fyrirmæla í 1. tölul. bráðabirgðaákvæða laganna, haldast í fullu gildi ákvæði 16. gr. um hækkun lífeyris vegna frestunar á lífeyrisgreiðslum.

37. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1951. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 115 1949, um framlengingu heimilda í l. nr. 92 1948.

Tryggingastofnun ríkisins skal eins fljótt og við verður komið eftir gildistöku þessara laga láta semja og gefa út handbók um tryggingamál, er veiti aðgengilegt yfirlit yfir gildandi lagaákvæði um almannatryggingar, einkum réttindi og skyldur hinna tryggðu og annarra aðila, er lögin snerta.

BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

Ríkisstjórninni er heimilt, að fengnum tillögum frá tryggingaráði, að ákveða jafna hundraðshlutahækkun á iðgjöld og framlög til tryggingasjóðs, ef kaupgjald í landinu verður greitt með hærri verðlagsvísitölu en 115 á árinu 1951 og sýnilegt er, að Tryggingastofnunin þurfi á því fé að halda til þess að greiða bætur með fullu vísitöluálagi án þess að skerða tryggingasjóðinn óeðlilega. Jafnframt heimilast ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði þann hluta, sem honum ber að greiða vegna slíkrar hækkunar.

Sþ. 411. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1951.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar (HV).

1.	Við	3. gr.	A. Sundurliðun 3. (Áfengisverzlunin). Fyrir „46 000 000“ kemur	51 450 000
2.	—	3. —	A. Sundurliðun 4. (Tóbakseinkasalan). Fyrir „22 000 000“ kemur	28 000 000
3.	—	16. —	B. 8. Nýir liðir:	
			a. Til síldveiðideildar aflatryggingasjóðs til að standast skuldbindingar samkv. nýsettri reglugerð	5 000 000
			b. Til þorskveiðideildar aflatryggingasjóðs	3 000 000
4.	—	17. —	2. a. 1. (Almannatryggingar). Fyrir „17 300 00“ kemur	20 300 000
5.	—	19. —	1. Nýr liður: Til að afstýra atvinnuleysi í kaupstöðum og kauptúnum	2 000 000

Sþ. 412. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1951 og við brtt. á þskj. 393.

I. Frá *Hannibal Valdimarssyni.*
Við 13. gr. A. III. 8. og 9. (Gjörfudalsá og Seljalandsá). Liðirnir falla niður, en í staðinn kemur:
Selá á Langadalsströnd 180 000

II. Frá *Áka Jakobssyni, Skúla Guðmundssyni, Finni Jónssyni* og *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 13. gr. C. VIII. 22. (Siglufjörður).
Fyrir „100 000“ kemur 150 000

III. Frá *Jóhanni Jósefssyni, Emil Jónssyni, Lárusi Jóhannessyni, Áka Jakobssyni, Finni Jónssyni, Steingrimi Aðalsteinssyni, Eiriki Einarssyni* og *Sigurði Bjarnasyni.*
Við 15. gr. A. XVII. 11. Nýr liður:
Aukastyrkur til þess að örva leiklistarstarfsemi í kaupstöðum og kauptúnum þeim, er um ræðir í XVII. lið 30 000
Menntamálaráðherra úthlutar styrknum, og miðast hann við tölu leiksýninga á árinu 1951 á hverjum stað.

IV. Frá *fjárveitinganefnd.*
1. Við brtt. 393, 29. (Við 16. gr. A. 29). Liðirnir orðist svo:
a. Styrkur til dýralæknisfræðináms erlendis 15 000
b. Til Sverris Markússonar, til dýralæknisfræðináms (lokastyrkur) 5 000
2. Við 18. gr. II. a. (Ingólfur Jónsson).
Liðurinn fellur niður.
3. Við 18. gr. II. a. Nýr liður:
Magnús Pétursson, fyrrv. héraðslæknir 6 000

V. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 22. gr. IV. Nýr liður:
Að greiða skipasmíðastöðvum þeim, sem hafa smíðað báta fyrir ríkissjóð, uppbætur vegna taps á smíðinni, er nemi allt að 25 þús. kr. á minni tegund bátanna, en allt að 30 þús. kr. á þá stærri.

VI. Frá *Sigurði Ágústssyni.*
Við 22. gr. VIII. (Hraðfrystihús).
Fyrir „3 milljónum króna" kemur: 5 milljónum króna.

VII. Frá *Sigurði Bjarnasyni* og *Hannibal Valdimarssyni.*
Við 22. gr. XIV. Nýr liður:
Að verja í samráði við vitamálastjóra fé til viðgerðar á brimbrjótnum í Bolungavík vegna skemmda, er urðu á mannvirkinu 10. des. 1950.

Nd. 413. Frumvarp til laga [72. mál]

um stjórn flugmála.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Flugráð, skipað fimm mönnum, hefur á hendi stjórn flugmála undir yfirstjórn ráðherra. Þrír þeirra skulu kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi til fjögurra ára. Ráðherra skipar í ráðið tvo menn með sérþekkingu á flugmálum, annan til 8 ára og hinn til 4 ára, og sé hinn fyrrtaldi formaður ráðsins. Með sama hætti skulu kosnir og skipaðir 5 varamenn í flugráð.

Þóknun til flugráðsmanna skal ákveðin af ráðherra, og greiðist hún úr ríkissjóði.

2. gr.

Ráðherra skipar flugvallastjóra ríkisins, að fengnum tillögum flugráðs. Hann skal annast rekstur og viðhald flugvalla ríkisins og öll önnur störf, sem flugið varða, svo sem nýbyggingu flugvalla, loftferðaeftirlit og öryggisþjónustu, undir stjórn flugráðs.

Í erindisbréfi flugvallastjóra ríkisins, er ráðherra setur, að fengnum tillögum flugráðs, skal nánar kveðið á um störf hans.

Ráðherra ræður og skipar fasta starfsmenn flugvallastjóra ríkisins til aðstoðar, eftir því sem þörf krefur, að fengnum tillögum flugráðs.

Þar til laun flugvallastjóra ríkisins og annarra fastra starfsmanna verða ákveðin í launalögum, skulu þau ákveðin af ráðherra og greiðast úr ríkissjóði.

3. gr.

Heimilt er ráðherra að setja reglur um flugferðir innlendra flugfélaga og, ef nauðsyn krefur, að veita einu eða fleiri félögum sérleyfi til fastra áætlunarferða á ákveðnum leiðum innanlands og utan.

4. gr.

Ráðherra setur reglur, eftir því sem þurfa þykir, um afnot og rekstur þeirra flugvalla og lendingarstaða, sem um getur í lögum nr. 24 12. febrúar 1945, þar á meðal

um hvers konar umferð um flugvelli og flugvallasvæði, svo og um alla framkvæmd laga þessara. Brot gegn slíkum reglum varða sektum, allt að 30 000 krónum, varðhaldi eða fangelsi.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og eru jafnframt úr gildi felld lög nr. 65 31. maí 1947, og önnur ákvæði, sem fara kunna í bága við lög þessi.

Bráðabirgðaákvæði.

Starfstímabil þeirra flugráðsmanna, sem kosnir voru af Alþingi í fyrsta sinn samkvæmt lögum nr. 65 31. maí 1947, og annars þeirra flugráðsmanna, er ráðherra skipar, skal vera til ársloka 1951, en hins fyrsta formanns ráðsins til ársloka 1955.

Nd. 414. Breytingartillaga [105. mál]

við frv. til l. um friðun arnar og vals.

Frá Bjarna Ásgeirssyni.

Við 1. gr. Fyrir „1960“ kemur: 1952.

Nd. 415. Lög [105. mál]

um breyting á lögum nr. 83/1940, um friðun arnar og vals.

(Afgreidd frá Nd. 14. des.)

Samhljóða þskj. 191.

Sþ. 416. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1951.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

Við 11. gr. A. 6. b. (÷ Frá Tryggingastofnun ríkisins).
Í stað „600 000“ komi: 390 000.

Sþ. 417. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1951.

Frá fjármálaráðherra.

1. Við 3. gr. A. Sundurliðun 3. (Rekstrarhagnaður áfengisverzlunar).
   Fyrir „46 000 000“ kemur 46 500 000
2. Við 3. gr. A. Sundurliðun 4. (Rekstrarhagnaður tóbakseinkasölu).
   Fyrir „22 000 000“ kemur 22 500 000

Ed. 418. Nefndarálit [144. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 67 5. júní 1947, um eignakönnun.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og rætt það á fundi í dag. Er nefndin sammála um, að breyting sú, er frv. gerir, ef að lögum verður, á núgildandi eignakönnunarlögum, sé til bóta, og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 15. des. 1950.

Bernh. Stefánsson, form. Gísli Jónsson, fundaskr. Þorst. Þorsteinsson, frsm.
Karl Kristjánsson. Brynj. Bjarnason.

Ed. 419. Nefndarálit [10. mál]

um frv. til l. um framlengingu á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur klofnað um málið. Meiri hlutinn mælir með samþykkt frumv., en ég legg til, að það verði fellt.

Frumv. þetta fjallar um framlengingu eins kafla laga, sem þegar hafa verið numin úr gildi að öðru leyti, kaflann um álögurnar, sem lögteknar voru í því skyni að afla fjár til framkvæmdar á meginatriðum laganna: um ríkisábyrgð á fiskverði og um dýrtíðarsjóð til lækkunar á vöruverði. — Nú er ætlazt til, að álögur þessar séu gerðar að föstum tekjulið ríkissjóðs, enda þótt tilefnið sé brott fallið, — og þvert ofan í þau fyrirheit, sem gefin voru í sambandi við gengislækkunina. En það hefur ekki verið látið þar við sitja. Samkvæmt tillögu fjármálaráðherra hefur söluskatturinn enn verið hækkaður úr 6% í 7%, eða um ca. 5 millj. samkvæmt áætlun, enda þótt upplýst sé, að þess sé engin þörf til að mæta fyrirhuguðum útgjöldum samkvæmt fjárlögum.

Af öllum tollum og sköttum tel ég söluskattinn einna ranglátastan og fráleitastan.

Alþingi, 16. des. 1950.

Brynj. Bjarnason.

Ed. 420. Nefndarálit [127. mál]

um frv. til l. um framlenging á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h.f. Eimskipafélags Íslands.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, en gat ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Leggur meiri hlutinn til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt, en minni hlutinn (BrB) vill láta fella það og gefur því út sérstakt nál.

Alþingi, 15. des. 1950.

Bernh. Stefánsson, form. Gísli Jónsson, fundaskr., frsm. Karl Kristjánsson. Þorst. Þorsteinsson.

Nd. 421. Lög [9. mál]

um tekjuskattsviðauka, lækkun skatts af lágtekjum o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 15. des.)

Samhljóða þskj. 382.

Ed. 422. Nefndarálit [116. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 66/1944, um breyt. á og viðauka við l. nr. 36/1909, um laun háskólakennara, og um breyt. á l. nr. 21/1936, um Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og rætt það á fundi í dag. Leggja undirritaðir nefndarmenn til, að frv. verði samþykkt.

Einn nefndarmanna (FRV) var fjarstaddur.

Alþingi, 15. des. 1950.

Þorst. Þorsteinsson, form., frsm. Rannveig Þorsteinsdóttir, fundaskr. Hannibal Valdimarsson.

Eiríkur Einarsson.

Ed. 423. Nefndarálit [61. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 83 22. okt. 1945, um viðauka við lög nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Meiri hl. nefndarinnar vill samþykkja frv. óbreytt, en einn nefndarmanna (StgrA) segist munu greiða atkvæði gegn því.

Alþingi, 15. des. 1950.

Jóhann Þ. Jósefsson, form., frsm. Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskr. Bernh. Stefánsson, með fyrirvara.

Hannibal Valdimarsson. Steingr. Aðalsteinsson.

Ed. 424. Nefndarálit [88. mál]

um frv. til l. um aðstoð til útvegsmanna.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Málið, eins og það hefur verið lagt fyrir nefndina, hefur sætt meðferð hv. Nd., og hefur nefndin haft það til meðferðar ásamt brtt. á þskj. 380 frá atvinnumálaráðherra.

Niðurstaðan af athugun sjávarútvegsnefndar er sú, að hún telur rétt, að mál þetta gangi fram með breyt. skv. brtt. á þskj. 380. Samt sem áður hafa allir nefndarmenn

frjálsar hendur um að bera fram eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma við einstök ákvæði frv. við meðferð þess í deildinni. Gildir þetta einkum neitunarvald það, sem einum stjórnarmeðlim er gert fært að beita skv. brtt. atvinnumálaráðherra, lánstímann og gjaldeyrisgildi skuldabréfanna, sem gert er ráð fyrir að nota megi til að greiða skuldir útvegsmanna.

Alþingi, 15. des. 1950.

Jóhann Þ. Jósefsson, form., frsm. Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskr. Hannibal Valdimarsson.
Steingr. Aðalsteinsson. Bernh. Stefánsson.

Ed. 425. Nefndarálit [10. mál]

um frv. til l. um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Frv. var tekið fyrir og rætt í n., en samkomulag fékkst ekki um afgreiðslu þess. Vildi minni hl. (BrB) láta fella frv. Gefur hann því út sérstakt nál. Meiri hl. gat ekki fallizt á þetta. Leggur hann til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 15. des. 1950.

Bernh. Stefánsson, form. Gísli Jónsson, fundaskr., frsm. Karl Kristjánsson.
Þorst. Þorsteinsson.

Ed. 426. Breytingartillaga [66. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1951.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

Við 1. gr. Á eftir orðinu „kvikmyndasýningum“ komi: í Reykjavík.

Ed. 427. Breytingartillaga [121. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Við 29. gr.

Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo látandi:

Nú vanrækir sveitarfélag greiðslu á framlagi sínu til Tryggingastofnunar ríkisins í eitt ár eða lengur, og er ráðherra þá heimilt að ákveða, að á útsvör tiltekinna stofnana, fyrirtækja og einstaklinga í sveitarfélaginu skuli lagt hald, og þau greidd innheimtumanni ríkissjóðs, þegar þau falla í gjalddaga, og skal sú skipan haldast þar til skuld sveitarsjóðs við Tryggingastofnunina er að fullu greidd.

Nd. **428. Lög** [89. mál]

um breyting á lögum nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.

(Afgreidd frá Nd. 15. des.)

Samhljóða þskj. 229.

Ed. **429. Breytingartillaga** [88. mál.]

við frv. til l. um aðstoð til útvegsmanna.

Frá Steingrími Aðalsteinssyni og Hannibal Valdimarssyni.

1. Við 3. gr.
   a. Í stað orðanna „samanlagðar upphæðir .... af lánstímanum“ kemur: lánstíminn lengist um 3 ár.
   b. Á eftir fyrri málsgrein komi ný málsgr., svo hljóðandi:
      Heimilt er stjórn skuldaskilasjóðs að ákveða, að greiðslufrestur samkv. 1. málsgr. þessarar greinar skuli einnig veittur þeim útgerðarmönnum, sem síldveiðar stunduðu fyrir Norðurlandi 1945—1950 og hafa ekki fengið aðstoðarlán, enda telji sjóðstjórnin þá eiga erfitt með greiðslu.
2. Við 5. gr. Við gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Heimilt er þó stjórn skuldaskilasjóðs að veita undanþágu frá ákvæði þessarar greinar um auglýsingu, ef hún telur, að umsækjandi hafi gert fulla grein fyrir fjárhag sínum.

Nd. **430. Nefndarálit** [66. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1951.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv., og leggja undirritaðir nefndarmenn til, að það verði samþykkt. Einn nefndarm. (EOl) var fjarverandi við afgreiðslu málsins vegna lasleika.

Alþingi, 15. des. 1950.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Sig. Ágústsson, fundaskr. Jóhann Hafstein.

Ásg. Ásgeirsson.

Ed. **431. Lög** [10. mál]

um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

(Afgreidd frá Ed. 15. des.)

Samhljóða þskj. 391.

Ed. 432. Frumvarp til laga [88. mál]

um aðstoð til útvegsmanna.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 337 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

Útgerðarmönnum og útgerðarfélögum, er aðstoð fá samkv. lögum þessum, skal veittur greiðslufrestur á ógreiddum afborgunum af lánum til skipakaupa úr Stofnlánadeild sjávarútvegsins og Fiskveiðasjóði Íslands, er féllu í gjalddaga á árunum 1948—1950, að báðum meðtöldum, þannig að samanlagðar upphæðir gjaldfallinna afborgana deilist með jöfnum árlegum upphæðum á þau ár, sem eftir eru af lánstímanum. Lántakandi skal sanna, að síðari veðlán falli ekki í gjalddaga af þessum sökum.

Nú er stjórn skuldaskilasjóðs sammála um, að rétt sé að veita útgerðarmanni, sem síldveiðar stundaði fyrir Norðurlandi á tímabilinu 1945—1950, en engin aðstoðarlán hefur fengið, greiðslufrest samkv. 1. málsgr. þessarar greinar, og skal sjóðsstjórninni það þá heimilt.

Þeir dráttarvextir, af vangildnum afborgunum af lánum stofnlánadeildar og fiskveiðasjóðs, sem á eru fallnir við gildistöku laga þessara, skulu niður falla, en frá þeim tíma ber að greiða í dráttarvexti af afborgunum slíkra lána ½% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem greiðsla dregst.

14. gr. hljóðar svo:

Í stjórn skuldaskilasjóðs eiga sæti 5 menn, skipaðir af ríkisstjórninni. Skal einn skipaður eftir tilnefningu stjórnar Landsbanka Íslands, annar eftir tilnefningu stjórnar Útvegsbanka Íslands h/f, þriðji eftir tilnefningu stjórnar Landssambands íslenzkra útvegsmanna, en tveir skulu skipaðir án tilnefningar.

Ráðherra skipar formann stjórnar Skuldaskilasjóðs.

Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða. Ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði formanns.

Skal sjóðsstjórnin skipuð til 1. júlí 1951, enda skal lánveitingum úr sjóðnum þá lokið. Eftir það hefur stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands störf sjóðsins á hendi.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðunarmönnum Fiskveiðasjóðs og úrskurðaðir af sjávarútvegsmálaráðherra og birtir í B-deild Stjórnartíðindanna.

Nd. 433. Frumvarp til laga [148. mál]

um breyting á lögum nr. 65 19. júní 1933, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

23. gr. laganna orðist svo:

Fyrir venjulegt sóttvarnareftirlit samkvæmt lögum þessum skal greiða af skipum, sem ekki ná 60 smálestum, 40 krónur, sem eru frá 60 upp að 100 smálestum, 60 krónur, og 100 krónur af skipum, sem eru yfir 100 smálestir, auk kostnaðar við flutning sóttgæzlumanns út í skipið.

Gjöld þessi renna í sérstakan sjóð, sóttvarnarsjóð, er vera skal í vörzlum fjármálaráðherra, og skal birta reikninga sjóðsins árlega í B-deild Stjórnartíðinda.

2. gr.

a-liður 24. gr. laganna orðist svo:

Skipið skal ávallt greiða gjald það, sem nefnt er í 23. gr., svo og kostnað við flutning út í skipið og í land aftur. Einnig aukreitis jafnhátt gjald til læknis fyrir skoðunargerð hans, ef hann er tilkvaddur samkvæmt lögum þessum, enn fremur fyrir ferð hans eða ferðir út í skipið samkvæmt gjaldskrá héraðslækna, svo og flutningskostnað hans og dagpeninga samkvæmt sömu gjaldskrá, ef þörf gerist að hann sé sóttkvíaður vegna skoðunargerðarinnar, þangað til þeirri sóttkvíun er lokið.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1951.

Greinargerð.

Frv. þetta er samið af landlækni og flutt eftir ósk heilbrigðismálaráðuneytisins. Einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um að fylgja brtt. Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Þegar sóttvarnarlögin voru endurskoðuð 1933, voru sóttvarnargjöld af aðkomuskipum látin óbreytt frá því, sem þau höfðu verið ákveðin í lögum nr. 34 6. nóvember 1902, en í þeim lögum höfðu þau verið látin óbreytt frá því, sem þau voru upphaflega ákveðin í lögum nr. 30 17. desember 1875. Sú breyting var þó gerð á sóttvarnargjaldagreiðslum í lögunum frá 1933, að aðkomuskip skyldi greiða gjaldið tvöfalt, er læknir væri sérstaklega tilkvaddur til skoðunar- og sóttvarnaraðgerða vegna yfirvofandi sótthættu af skipinu, en slíkt verður aðeins í undantekningartilfellum, ef skipstjórnarmenn gæta þeirrar sjálfsögðu skyldu að hafa sóttgæzluskilríki sín í lagi. Skyldi annað gjaldið þá renna til hins tilkallaða sóttvarnarlæknis. Jafnframt var svo ákveðið, að hin almennu sóttvarnargjöld rynnu í sérstakan sjóð, svo kallaðan sóttvarnarsjóð, er fengið var það verkefni að standa undir kostnaði af sóttvörnum gagnvart útlöndum, en fyrst og fremst skyldi honum varið til endurnýjunar á sóttvarnarhúsi ríkisins, sem þá þegar var orðið svo úr sér gengið, að telja mátti ónothæft. Hér var sóttvarnargjöldunum fengið hliðstætt verkefni sem vitagjöldunum til öryggis siglingum.

Um þetta mundi hafa farið samkvæmt áætlun og þokkalegt sóttvarnarhús nú vera risið af grunni fyrir tekjur sóttvarnarsjóðs, ef tvennt hefði ekki komið til: annars vegar hið hækkaða verðlag og samsvarandi hrun á verðgildi peninga og hins vegar annarleg ráðstöfun ríkisstjórnarinnar á tekjum sjóðsins, sbr. greinargerð frá fjármálaráðuneytinu á fylgiskjali því, sem prentað er hér á eftir.

Nú þykir mega freista að efla sóttvarnarsjóðinn á nýjan leik. Hinum annarlegu útgjöldum hans mun linna nú um áramótin, en allt fyrir það er vonlaust, að sjóðurinn verði nokkurn tíma þess umkominn að anna hlutverki sínu, nema sóttvarnargjöldin verði hækkað til nokkurs samræmis við þær breytingar á verðgildi peninga, sem orðið hafa frá því að þau voru upphaflega ákveðin. Tekur efni frumvarpsins eingöngu til þess, og er ekki gert ráð fyrir, að það þarfnist frekari skýringa.

Tekið skal fram, að í 23. gr. sóttvarnarlaganna, sem hér er farið fram á að breyta, er prentvilla, þar sem stendur: „skipum, sem ná 60 smálestum“, en á auðvitað að vera: skipum, sem ná ekki 60 smálestum.

Allmikils ósamræmis mun gæta um sóttvarnargjöld ríkja, einkum að því leyti við hvað þau miðast, en ekki munu gjöld þau, sem hér er stungið upp á, fara fram úr því, sem annars staðar viðgengst. Samkvæmt nýjum upplýsingum frá Svíþjóð eru sóttvarnargjöld þar „kr. 1.00 á hvern mann, sem kemur með skipinu, þó ekki minna en kr. 5.00 og ekki yfir kr. 100.00“, auk þess sem tekið mun 4 aura gjald á sólarhring af hverri smálest skips, sem er undir sóttvarnareftirliti.

Æskilegt væri, að frumvarp þetta gæti orðið að lögum, er giltu frá næstu áramótum. Þolir það sannarlega enga bið, að sóttvarnarsjóðurinn verði efldur, ef til

hans á að horfa um það, að komið verði upp sóttvarnarhúsi ríkisins í stað þess húss, er svo heitir, en hefur nú lengi verið í því ástandi, að af því er oss búin vanvirða og háski, enda engin leið að fullnægja kvöðum um alþjóðlegar sóttvarnarráðstafanir, er á oss hvíla, fyrr en um hefur verið bætt."

Fylgiskjal.

Sóttvarnarsjóður.

	Innheimt			Goldið		
	Í Rvík	Utan Rvíkur	Samtals	Til sóttvarna	Til annars	Samtals
1934 .. kr.	1394.00	2590.00	3984.00	„	2700.00	2700.00
1935 .. —	3450.00	5906.00	9356.00	„	5400.00	5400.00
1936 .. —	2960.00	8840.00	11800.00	„	5400.00	5400.00
1937 .. —	2728.00	10628.00	13356.00	„	5400.00	5400.00
1938 .. —	2646.00	8298.88	10944.88	„	5400.00	5400.00
1939 .. —	2962.00	7497.12	10459.12	„	5400.00	5400.00
1940 .. —	5872.00	5500.91	11372.91	„	5703.54	5703.54
1941 .. —	5668.00	3413.98	9081.98	„	15713.15	15713.15
1942 .. —	6790.00	3922.06	10712.06	„	9404.26	9404.26
1943 .. —	6318.00	4821.00	11139.00	„	10994.47	10994.47
1944 .. —	5682.00	7365.20	13047.20	5465.31	11247.13	16712.44
1945 .. —	4744.00	8158.00	12902.00	802.48	16622.91	17425.39
1946 .. —	4574.00	7780.00	12354.00	1481.29	19321.50	20802.79
1947 .. —	4858.00	9041.60	13899.60	1601.99	20790.00	22391.99
1948 .. —	6198.00	11662.00	17860.00	4311.84	19800.00	24111.84
1949 .. —	5752.00	12182.50	17934.50	2556.86	21780.00	24336.86
1950 .. —	3140.00	6110.00	9250.00[1])	5797.97[2])	25094.85	30892.82
Samtals	75736.00	123717.25	199453.25	22017.74	206171.81	228189.55

1) Pr. 31. október 1950. — 2) Pr. 13. desember 1950

Ed. 434. Nefndarálit [41. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. þetta verði samþykkt.

Alþingi, 18. des. 1950.

Bernh. Stefánsson, form., með fyrirvara. Gísli Jónsson, fundaskr. Þorst. Þorsteinsson, frsm.

Karl Kristjánsson. Brynjólfur Bjarnason.

Nd. 435. Nefndarálit [121. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Frv. þetta er stjórnarfrv., borið fram í efri deild, og voru gerðar þar á því nokkrar breytingar. Nefndin fékk frv. þetta til meðferðar nú fyrir s. l. helgi og tíminn því nokkuð naumur til þess að athuga svo stórt og veigamikið mál sem þetta frv. er, en nauðsynlegt er, að málið hljóti afgreiðslu áður en þingfundum er frestað. Nefndin hefur farið yfir frv. og rætt það á nokkrum fundum. Var samkomulag um að mæla með frv., en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að bera fram og fylgja breytingartillögum við það.

Alþingi, 18. des. 1950.

Páll Þorsteinsson, form. Helgi Jónasson, frsm. Kristín Sigurðardóttir, fundaskr.

Gylfi Þ. Gíslason. Jónas Árnason.

Nd. 436. Breytingartillögur [121. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason, Jónas Árnason.

1. Við 4. gr. Á eftir 4. gr. frv. komi ný grein, er verði 5. gr., svolátandi:
   Tryggingaráði skal heimilt að miða skerðingu eða niðurfellingu lífeyris samkvæmt 2. málsgr. 13. gr. laganna við það, að lífeyrir og eftirlaun úr opinberum sjóði eða af opinberu fé og ellilífeyrir samkv. 15. gr. fari ekki samtals fram úr upphæð, sem samsvarar lífeyri á I. verðlagssvæði að viðbættum 50% af lífeyrisupphæð þess verðlagssvæðis, þar sem hlutaðeigandi er búsettur.
2. Við 5. gr.
   a. Greinin orðist svo:
      Grunnupphæðir bóta samkv. II. kafla laganna, 1—4, skulu frá 1. janúar 1951 vera sem hér segir:
      1. Árlegur elli- og örorkulífeyrir samkv. 15. og 18. gr. laganna:
         a. Fyrir hjón, þegar bæði fá lífeyri:
            Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 6624.00
            Á 2. — ..... — 4968.00
         b. Fyrir einstaklinga og hjón, þegar annað fær lífeyri:
            Á 1. verðlagssvæði ..... — 4140.00
            Á 2. — ..... — 3105.00
      2. Árlegur barnalífeyrir samkv. 20. gr. laganna:
         Á 1. verðlagssvæði ..... — 2400.00
         Á 2. — ..... — 1800.00
      3. Árlegar fjölskyldubætur samkv. 30. gr. laganna:
         Á 1. verðlagssvæði ..... — 1200.00
         Á 2. — ..... — 900.00

4. Ekkjubætur samkv. 35. gr. laganna:
   Fyrstu 3. mán. eftir lát maka ..... kr. 600.00 á mán.
   Næstu 9 mán., ef ákvæði greinarinnar heimila ..... — 450.00 - —
5. Hámark árlegra makabóta samkv. 38. gr. laganna:
   Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 2484.00
   Á 2. — ..... — 1863.00
6. Sjúkrabætur samkv. 40. gr. laganna:
   a. Fyrir kvænta karla, þegar konan vinnur eigi utan heimilis:
      Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 18.00 á dag
      Á 2. — ..... — 15.00 - —
   b. Fyrir aðra:
      Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 15.00 á dag
      Á 2. — ..... — 12.00 - —

Nú eru hjón eigi samvistum, af heilsufarslegum ástæðum eða öðrum ástæðum, er tryggingaráð metur jafngildar, og er ráðinu þá heimilt að úrskurða hvoru hjónanna um sig fullan einstaklingslífeyri samkvæmt 15. gr. laganna.

b. Á eftir greininni komi ný grein, svo hljóðandi:
Hámark lífeyrishækkunar, sem tryggingaráði er heimilt að veita vegna sjúkleika eða ellilasleika samkv. 17. gr. laganna, skal miðast við 50 af hundraði af lífeyrisupphæðinni, og má einnig veita hana mönnum, sem eru algerlega eignalausir og sökum fullkomins skorts á vinnugetu og einstæðingsskapar geta eigi komizt af með venjulegan lífeyri.
Heimilt er tryggingaráði að binda hækkun samkvæmt þessari grein því skilyrði, þegar um einstæðingsskap er að ræða, að stjórn þess sveitarfélags, þar sem lífeyrisþeginn á heima, sjái honum fyrir viðunandi húsnæði gegn leigu, sem ekki fari fram úr 25% af lífeyrisupphæðinni, enda hafi hann verið búsettur í sveitarfélaginu óslitið eigi skemur en 2 síðastliðin ár.

3. Við 16. gr., tölulið 2 og 3 a.
Í stað „kr. 4080.00“ komi á báðum stöðunum: kr. 4140.00.

4. Við 21. gr., 5. tölulið. Liðurinn orðist svo:
Hámark framlags ríkissjóðs og sveitarsjóðs samkvæmt 47. gr. laga nr. 104 1943 skal vera 69 krónur á ári, auk hækkunar samkvæmt reglum um greiðslu vísitöluhækkunar á kaup.

5. Við 24. gr. Greinin orðist svo:
Grunnupphæðir iðgjalda og framlaga til tryggingasjóðs samkv. IV. kafla laganna 2.—5. skulu frá 1. janúar 1951 til ársloka 1954 vera sem hér segir:
1. Árleg iðgjöld hinna tryggðu samkv. 107. gr. laganna:
   a. Kvæntir karlar:
      Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 400.00
      Á 2. — ..... — 320.00
   b. Ókvæntir karlar:
      Á 1. verðlagssvæði ..... — 360.00
      Á 2. — ..... — 290.00
   c. Ógiftar konur:
      Á 1. verðlagssvæði ..... — 270.00
      Á 2. — ..... — 220.00
2. Iðgjöld atvinnurekenda samkv. 112. gr. laganna:
   Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 4.80 á viku
   Á 2. — ..... — 3.60 - —

3. Heildarupphæð framlags sveitarfélaga samkv. 114. gr. laganna:
   10.8 millj. kr.
4. Fast framlag ríkissjóðs samkv. 116. gr. laganna:
   18 millj. kr.

6. Við 25. gr. Greinin orðist svo:
   Í stað ákvæða um verðlagsuppbætur og vísitöluálag í 2. tölul. bráðabirgðaákvæða laganna skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

   Grunnupphæðir bóta samkv. lögum þessum skulu hækka til samræmis við vísitölu framfærslukostnaðar eftir sömu reglum og laun, sbr. 7. gr. laga nr. 22 1950, um gengisskráningu o. fl.

   Iðgjöld samkv. 107. og 112. gr. og framlög samkv. 114. og 116. gr. laganna, sbr. 24. gr. þessara laga, skulu innheimt með álagi samkv. vísitölu framfærslukostnaðar í janúarmánuði ár hvert.

Nd. 437. Breytingartillaga [121. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 1946, um almannatryggingar og viðauka við þau.

Frá Gyfa Þ. Gíslasyni, Kristínu L. Sigurðardóttur, Jónasi Árnasyni.

Við 10. gr. Á eftir greininni komi 2 nýjar greinar, svolátandi:

a. Heimilt skal tryggingaráði að greiða dánarbætur samkv. 1. málslið 35. gr. laganna til ekkna og ekkla yfir 67 ára aldur, sbr. 6. gr. 4. tölul. þessara laga.
b. Heimilt er tryggingaráði að greiða auk barnalífeyris mæðralaun til ekkna, fráskilinna kvenna og ógiftra mæðra, sem hafa tvö börn eða fleiri innan 16 ára á framfæri sínu, enda séu börnin á heimili móðurinnar.

   Grunnupphæðir mæðralauna mega nema allt að:

	Á 1. verðlagssvæði:	Á 2. verðlagssvæði:
1. Til mæðra með 2 börn	kr. 1200.00	kr. 900.00
2. — — — 3 —	— 2400.00	— 1800.00
3. — — — 4 — eða fleiri	— 3600.00	— 2700.00

Tryggingaráð ákveður mæðralaunin með hliðsjón af fjárhagsástæðum móðurinnar.

Mæðralaun falla niður, ef móðirin giftist, og greiðist ekki, ef hún býr með karlmanni, þótt ógift séu.

Sþ. **438. Fjárlög** [1. mál]

fyrir árið 1951.

(Afgreidd frá Sþ. 16. des.)

I. KAFLI

Tekjur:

1. gr.

Árið 1951 er ætlazt til, að tekjur ríkissjóðs verði svo sem talið er í 2.—5. gr. og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Áætlað er, að þessir skattar og tollar nemi:

		kr.	kr.
1.	Tekju- og eignarskattur, að meðtöldum tekjuskattsauka	35 000 000	
2.	Stríðsgróðaskattur 2500000		
	Þar af hluti bæjar- og sveitarfélaga 1250000		
		1 250 000	
			36 250 000
3.	Vörumagnstollur	21 500 000	
4.	Verðtollur	73 000 000	
5.	Innflutningsgjald af benzíni	9 500 000	
6.	Gjald af innlendum tollvörum	7 800 000	
			111 800 000
7.	Fasteignaskattur	700 000	
8.	Lestagjald af skipum	250 000	
9.	Bifreiðaskattur	3 000 000	
			3 950 000
10.	Aukatekjur	3 100 000	
11.	Stimpilgjald	5 400 000	
12.	Vitagjald	900 000	
13.	Leyfisbréfagjald	100 000	
14.	Erfðafjárskattur	300 000	
15.	Veitingaskattur	2 500 000	
16.	Útflutningsleyfagjöld	300 000	
			12 600 000
17.	Söluskattur		55 000 000
18.	Leyfisgjöld		1 700 000
	Samtals ...	. . .	221 300 000

3. gr.

Tekjur af rekstri ríkisstofnana eru áætlaðar:

	kr.	kr.
A.		
1. Rekstrarhagnaður landssímans	4 655 000	
2. — áfengisverzlunar	46 500 000	
3. — tóbakseinkasölu	22 500 000	
4. — ríkisútvarps	174 392	
5. — ríkisprentsmiðju	200 000	
6. — landssmiðju	23 417	
		74 052 809
Sundurliðun.		
1. Póstsjóður.		
I. Tekjur		8 725 000
II. Gjöld:		
1. Póststjórnarkostnaður	440 000	
2. Póststofan í Reykjavík	3 230 000	
3. Önnur pósthús	2 045 000	
4. Póstflutningar	2 600 000	
5. Önnur gjöld	406 000	
6. Fyrning af fasteignum	4 000	
		8 725 000
2. Landssíminn.		
I. Tekjur		31 300 000
II. Gjöld:		
a. Til starfrækslu landssímans m. m.:		
1. Kostn. við aðalskrifstofu landssímans 1230000		
2. Ritsíminn í Reykjavík 3390000		
3. Loftskeytastöðin í Reykjavík 335000		
4. Stuttbylgjustöðin í Reykjavík 665000		
5. Bæjarsíminn í Rvík og Hafnarfirði 5450000		
6. Áhaldahúsið 365000		
7. Ritsíminn á Akureyri 750000		
8. Ritsíminn á Seyðisfirði 370000		
9. Ritsíminn á Ísafirði 405000		
10. Símastöðin á Borðeyri 300000		
11. Símastöðin í Vestmannaeyjum 380000		
12. Símastöðin á Siglufirði 465000		
13. Til annarra símastöðva og eftirlitsstöðva 3150000		
	17 255 000	
b. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng	470 000	
c. Viðbót og viðhald stöðva	1 600 000	
d. Viðhald landssímans	5 600 000	
e. Framhaldsgjald	210 000	
f. Ýmis gjöld	210 000	
g. Fyrning á húsum og áhöldum	450 000	
h. Vextir af lánum	530 000	
i. Slysatryggingar	320 000	
		26 645 000
Fært á 3. gr. A. 1	. . .	4 655 000

3. gr.

	kr.	kr.
Eignabreytingar landssímans.		
Út.		
I. Afborganir af lánum og til húsakaupa		820 000
II. Til viðauka símakerfa, smærri efnis- og áhaldakaupa		1 000 000
III. Til talstöðva í báta og skip		150 000
IV. Til loftskeytastöðva í skip		100 000
V. Til aukningar bæjarsímans í Reykjavík	500 000	
÷ Stofngjöld	500 000	
VI. Til stuttbylgjusambands við Vestmannaeyjar		650 000
VII. Til nýrra landsímalína		400 000
VIII. Til notendasíma í sveitum		1 400 000
Fært á 20. gr. Út I. 2. og III.	. . .	4 520 000
3. Áfengisverzlun ríkisins.		
Fært á 3. gr. A. 2	. . .	46 500 000
4. Tóbakseinkasala ríkisins.		
Fært á 3. gr. A. 3	. . .	22 500 000
5. Ríkisútvarpið.		
I. Tekjur:		
a. Afnotagjöld	3 500 000	
b. Aðrar tekjur	1 600 000	
		5 100 000
II. Gjöld:		
a. Laun:		
1. Grunnlaun með uppbót 1381127		
2. Verðlagsuppbót 207171		
3. Aukavinna 264500		
	1 852 798	
b. Útvarpsefni	1 200 000	
c. Skrifstofukostnaður	415 000	
d. Húsaleiga, ljós og hiti og ræsting	200 000	
e. Til útvarpsstöðva	700 000	
f. Til hleðslustöðva, viðgerðarferða o. fl.	75 000	
g. Iðgjöld í Lífeyrissjóð og til Tryggingastofnunar ríkisins	120 000	
h. Vegna höfundalaganna	160 000	
i. Óviss útgjöld	55 000	
j. Bifreiðakostnaður	45 000	
k. Fyrning á húsum og vélum	110 000	
		4 932 798
		167 202
III. Rekstur viðgerðarstofu og viðtækjasmiðju:		
a. Tekjur	610 000	
b. Gjöld:		
1. Laun:		
a. Grunnlaun með uppbót .. 269400		
b. Verðlagsuppbót 40410		
309810		

			3. gr. kr.	kr.
2. Efni		165000		
3. Annar kostnaður		128000		
			602 810	
				7 190
IV. Rekstur viðtækjaverzlunar:				
a. Tekjur			505 000	
b. Gjöld:				
1. Laun:				
a. Grunnlaun með uppbót ..	206500			
b. Verðlagsuppbót	30974			
		237474		
2. Annar kostnaður		168751		
			406 225	
			98 775	
Til Þjóðleikhússins			98 775	
Fært á 3. gr. A. 4			. . .	174 392
6. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.				
I. Tekjur (prentvinna)				2 650 000
II. Gjöld:				
1. a. Laun starfsmanna:				
1. Grunnlaun með uppbót ..	178263			
2. Verðlagsuppbót	26737			
		205000		
b. Vinnulaun og aðkeypt vinna:				
1. Grunnlaun	1200000			
2. Verðlagsuppbót	180000			
		1380000		
			1 585 000	
2. Efnivörur			475 000	
3. Vélarekstur og viðhald			65 000	
4. Annar kostnaður			260 000	
5. Fyrning			65 000	
				2 450 000
Fært á 3. gr. A. 5			. . .	200 000
7. Áburðarsala ríkisins.				
a. Laun:				
1. Grunnlaun með uppbót	104390			
2. Verðlagsuppbót	15658			
		120048		
b. Annar kostnaður		313000		
			433 048	
÷ Tekjur af vörusölu og fasteignum			433 048	

3. gr.

		kr.	kr.
8. Grænmetisverzlun ríkisins.			
a. Laun:			
1. Grunnlaun með uppbót	156585		
2. Verðlagsuppbót	23488		
	180073		
b. Annar kostnaður	319927		
		500 000	
÷ Tekjur af vörusölu og fasteignum		500 000	
9. Landssmiðjan.			
I. Tekjur (ágóði af seldri vinnu, vörum o. fl.)			1 431 500
II. Gjöld:			
1. Laun starfsmanna:			
a. Grunnlaun með uppbót	330507		
b. Verðlagsuppbót	49576		
		380 083	
2. Vextir		175 000	
3. Fyrning		370 000	
4. Annar kostnaður		483 000	
			1 408 083
Fært á 3. gr. A. 6		. . .	23 417
10. Tunnuverksmiðjur ríkisins.			
I. Tekjur			2 547 500
II. Gjöld:			
1. Laun stjórnar og fastra starfsmanna		40 500	
2. Efniskaup (tunnustafir og járn)		1 660 000	
3. Verkalaun		309 000	
4. Annar kostnaður		538 000	
			2 547 500
11. Innkaupastofnun ríkisins.			
I. Tekjur af vörusölu			170 000
II. Gjöld:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun með uppbót	97116		
b. Verðlagsuppbót	14567		
		111 683	
2. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting		22 500	
3. Vextir		10 000	
4. Annar kostnaður		25 817	
			170 000
12. Ríkisbúið á Bessastöðum.			
I. Tekjur			335 900
II. Gjöld			335 900
B.			
Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru áætlaðar			10 000

4. gr.

Tekjur af verðbréfum, bankainnstæðum, hlutafjáreign o. fl.

	kr.	kr.
1. Vextir af veðdeildarbréfum Landsbanka Íslands		44 410
2. Vextir af stofnfé Landsbanka Íslands 6% af 3 millj. ..		180 000
3. Aðrir vextir		532 775
4. Arður af hlutafjáreign		367 070
Samtals ...	. . .	1 124 255

5. gr.

Óvissar tekjur eru áætlaðar 1 500 000 krónur.

II. KAFLI

Gjöld:

6. gr.

Árið 1951 eru veittar til gjalda fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

Vextir af lánum ríkissjóðs eru taldir:

	kr.	kr.
1. Innlend lán		4 774 560
2. Lán í dönskum krónum		288 926
3. Lausaskuldir		1 000 000
Samtals ...	. . .	6 063 486

8. gr.

Kostnaður við æðstu stjórn landsins:

	kr.	kr.
I. 1. Laun forseta Íslands	91 535	
2. Risna	70 000	
3. Ferðakostnaður	5 000	
		166 535
II. Skrifstofa forseta í Reykjavík		57 335
III. Bifreiðakostnaður		80 654
IV. Forsetasetrið að Bessastöðum		121 700
V. Bessastaðakirkja		8 832
Samtals ...	. . .	435 056

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar		2 500 000
2. Til yfirskoðunar ríkisreikninga		13 406
3. Fyrning á alþingishúsi (sjá 20. gr.)		2 170
Samtals ...	. . .	2 515 576

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

			kr.	kr.
I. Stjórnarráðið:				
1. Til ráðherra:				
a. Laun:				
1. Grunnlaun með uppbót ..	297000			
2. Verðlagsuppbót	44550			
		341550		
b. Til risnu samkvæmt reikningi		25000		
c. 1. Húsaleiga forsætisráðherra	3000			
2. Húsaleiguuppbót	1260			
		4260		
d. Ríkisráð		9000		
			379 810	
2. Til ráðuneytanna:				
a. Atvinnumálaráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun með uppbót ..	172219			
2. Verðlagsuppbót	24561			
		196780		
b. Dómsmálaráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun með uppbót ..	371028			
2. Verðlagsuppbót	55654			
		426682		
c. Félagsmálaráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun með uppbót ..	216711			
2. Verðlagsuppbót	32507			
		249218		
d. I. Fjármálaráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun með uppbót	295227			
2. Verðlagsuppbót	44284			
		339511		
II. Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins, laun:				
1. Grunnlaun með uppbót	478815			
2. Verðlagsuppbót	71822			
		550637		
e. Forsætis- og menntamálaráðuneytið:				
a. Laun:				
1. Grunnlaun með uppbót	145196			
2. Verðlagsuppbót	21778			
	166974			
b. Fálkaorðan	38000			
		204974		
f. Samgöngumálaráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun með uppbót ..	73440			
2. Verðlagsuppbót	11016			
		84456		
g. Utanríkisráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun með uppbót ..	410163			
2. Verðlagsuppbót	61524			
		471687		

10. gr.

			kr.	kr.
h.	Viðskiptamálaráðuneytið, laun:			
	1. Grunnlaun með uppbót ..	119615		
	2. Verðlagsuppbót	17943		
		137558		
i.	Aðrir starfsmenn, laun:			
	1. Grunnlaun með uppbót ..	86988		
	2. Verðlagsuppbót	13048		
		100036		
j.	Annar kostnaður ráðuneytanna	300000		
			3 061 539	
3.	Ríkisféhirzla og ríkisbókhald:			
a.	Laun:			
	1. Grunnlaun með uppbót ..	507823		
	2. Verðlagsuppbót	75207		
		583030		
b.	Annar kostnaður	30000		
			613 030	
4.	Ýmis kostnaður:			
a.	Pappír, prentun og hefting ríkisreikninga (áætlað)	20000		
b.	Til þess að gefa út stjórnartíðindi:			
	1. Þóknun fyrir ritstjórn tíðindanna o. fl.	1200		
	2. Til pappírs og prentunar (áætlað)	100000		
	3. Til kostnaðar af sendingu með póstum	7000		
		108200		
c.	Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústað	30000		
d.	Fyrning á stjórnarráðshúsi og ráðherrabústað (sjá 20. gr.)	2046		
			160 246	
II.	Hagstofan:			4 214 625
a.	Laun:			
	1. Grunnlaun með uppbót	334729		
	2. Verðlagsuppbót	50207		
			384 936	
b.	Aukaaðstoð		15 000	
c.	Pappír, prentun og hefting hagskýrslna		70 000	
d.	Prentun eyðublaða		10 000	
e.	Húsaleiga, hiti og ljós		40 000	
f.	Annar kostnaður		90 000	
				609 936
III.	Utanríkismál:			
1.	Sendiráðið í Kaupmannahöfn:			
a.	Laun sendiherra og annarra starfsmanna samkv. launalögum	161000		
b.	Laun starfsfólks utan launalaga	14200		
c.	Annar kostnaður	45800		

10. gr.

		kr.	kr.
2.	Sendiráðið í Stokkhólmi:		
	a. Laun sendifulltrúa og annarra starfsmanna samkv. launalögum	136700	
	b. Laun annarra starfsmanna	22700	
	c. Annar kostnaður	90000	
			249 400
3.	Sendiráðið í London:		
	a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna samkv. launalögum	414800	
	b. Laun annarra starfsmanna	19000	
	c. Til kaupa á innanstokksmunum	110000	
	d. Annar kostnaður	156800	
			700 600
4.	Sendiráðið í Washington:		
	a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna samkv. launalögum	411300	
	b. Laun annarra starfsmanna	127300	
	c. Annar kostnaður	123400	
			662 000
5.	Sendiráðið í París:		
	a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna samkv. launalögum	539200	
	b. Laun annarra starfsmanna	25200	
	c. Annar kostnaður	105300	
			669 700
6.	Sendiráðið í Osló:		
	a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna samkv. launalögum	190000	
	b. Laun annarra starfsmanna	9400	
	c. Annar kostnaður	46100	
			245 500
7.	Aðalræðismannsskrifstofan í Hamborg:		
	a. Laun aðalræðismanns samkv. launalögum	109500	
	b. Laun annarra starfsmanna	46500	
	c. Annar kostnaður	43400	
			199 400
8.	Aðalræðismannsskrifstofan í New York:		
	a. Laun samkv. launalögum	42400	
	b. Annar kostnaður	14700	
			57 100
9.	Ferðakostnaður		125 000
10.	Kostnaður vegna samninga við erlend ríki		550 000
11.	Kostnaður vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum		550 000
12.	Til upplýsingastarfsemi		15 000
13.	Til kjörræðismanna		10 000
			4 254 700
	Samtals ...	. . .	9 079 261

11. gr.

Til dómgæzlu, lögreglustjórnar, kostnaðar við opinbert eftirlit, skatta- og tollainnheimtu o. fl. er veitt:

	kr.	kr.
A. Dómgæzla og lögreglustjórn.		
1. Hæstiréttur:		
a. Laun hæstaréttardómara og hæstaréttarritara:		
1. Grunnlaun með uppbót 322740		
2. Verðlagsuppbót 48411		
	371 151	
b. Risna dómsforseta	5 500	
c. Útgáfa hæstaréttardóma	55 000	
d. Annar kostnaður	55 000	
		486 651
2. Borgardómaraembættið í Reykjavík:		
a. Laun:		
1. Grunnlaun með uppbót 283248		
2. Verðlagsuppbót 42487		
	325 735	
b. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	30 000	
c. Annar kostnaður	15 000	
		370 735
3. Borgarfógetaembættið í Reykjavík:		
a. Laun:		
1. Grunnlaun með uppbót 289858		
2. Verðlagsuppbót 43479		
	333 337	
b. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	36 000	
c. Annar kostnaður	18 000	
		387 337
4. Sakadómaraembættið í Reykjavík:		
a. Laun:		
1. Grunnlaun með uppbót 431406		
2. Verðlagsuppbót 64711		
	496 117	
b. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	75 000	
c. Annar kostnaður	192 000	
		763 117
5. Lögreglustjóraembættið í Reykjavík:		
a. Laun:		
1. Grunnlaun með uppbót 318247		
2. Verðlagsuppbót 47737		
	365 984	
b. Aukavinna	50 000	
c. Ljós, hiti, ræsting, húskostnaður	110 000	
d. Annar kostnaður	60 500	
		586 484
6. Embætti sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra utan Reykjavíkur:		
a. Laun:		
1. Grunnlaun með uppbót 802815		
2. Verðlagsuppbót 120422		
	923 237	

11. gr.

			kr.	kr.
b. Skrifstofukostnaður:				
1. Grunnlaun með uppbót		1695430		
2. Verðlagsuppbót		254314		
3. Annar kostnaður		500000		
		2449744		
÷ Frá Tryggingastofnun ríkisins		600000		
			1 849 744	
				2 772 981
7. Laun hreppstjóra:				
a. Grunnlaun með uppbót			550 000	
b. Verðlagsuppbót			82 500	
				632 500
8. Lögreglukostnaður:				
a. Ríkislögregla:				
1. Laun lögregluþjóna:				
a. Grunnlaun með uppbót	1229334			
b. Verðlagsuppbót	184399			
		1413733		
2. Einkennisfatnaður		115100		
3. Tryggingarkostnaður		20357		
4. Ríkislögreglan í Reykjavík:				
a. Bifreiðakostnaður	230000			
b. Æfingaskáli lögreglumanna og gufubaðstofa	18000			
c. Áhöld, námskeiðakostnaður o. fl.	65000			
		313000		
a. (13. gr.) Skylt er að skrásetja allar dráttarvélar og festa á þær spjald með einkennisstöfum þeirra. Skal hver dráttarvél fá einkennisstaf bifreiða viðkomandi umdæmis, en að auki lítið d, er standi á eftir einkennisstaf umdæmisins og áður en tölustafur(ir) kemur, er einkennir vélina. Skrásetninguna annast sýslumenn með aðstoð hreppstjóra, bæjarfógetar og lögreglustjórar, og halda þeir skrásetningarbók yfir allar dráttarvélar í umdæminu og einkennisstafi þeirra. Dráttarvélaeiganda ber að tilkynna um vélina, tegund og gerð hennar, og greiða kr. 10.00 — tíu krónur — í skrásetningargjald. Skrásetningarskrifstofum er skylt að láta úthlutunarnefndinni í té um hver áramót skrá um allar dráttarvélar og jeppabifreiðar, svo og tegund þeirra og gerð, og taka sérstaklega fram, hverjar eru notaðar til landbúnaðarstarfa.

b. (14. gr.) Stjórnum búnaðarfélaga ber, hverri á sínu félagssvæði, að taka á móti umsóknum bænda á dráttarvélum, og fer með þær, eftir því sem við á, eins og fyrir er mælt í 5. gr. Skýrslur um umsóknir bænda um dráttarvélar og jeppabifreiðar skulu komnar til úthlutunarnefndar fyrir lok nóvembermánaðar ár hvert, og skal nefndin vinna að því, þegar innflutningur er ákveðinn, að umsóknirnar séu teknar til greina þannig, að sem réttust hlutföll haldist milli dráttarvéla og jeppabifreiða.

c. (15. gr.) Innflutningsyfirvöldin ákveða tölu þeirra heimilisdráttarvéla, sem leyft er að flytja til landsins, og tilkynna það úthlutunarnefndinni, sem síðan skiptir

þeim dráttarvélum milli umsækjenda. En ákvörðun um það, hvaða fáanlegar vélategundir eru fluttar inn, er á valdi þeirra einstaklinga, sem fá úthlutað vélum frá nefndinni, sbr. 18. gr.

Við skiptin skal nefndin hafa hliðsjón af þeim skýrslum, er fyrir liggja. Hún skal taka tillit til þess, hve margar dráttarvélar og jeppar, sem notaðir eru til landbúnaðarstarfa, eru á félagssvæðinu.

d. (16. gr.) Óheimilt er fyrst um sinn að úthluta heimilisdráttarvél til einstaklings, sem áður hefur fengið slíka vél eða á hana í nothæfu ástandi. Sama gildir, ef hann á jeppabifreið og hefur fengið undanþágu frá bifreiðaskatti.

e. (17. gr.) Nú fær einhver úthlutað dráttarvél eða jeppabifreið og einhverra orsaka vegna kaupir hana ekki á því ári, sem leyfið er veitt fyrir. Skal hann þá tilkynna það úthlutunarnefnd, sem þá úthlutar vélinni eða bifreiðinni til annars umsækjanda innan sama búnaðarfélags.

Ekki má eigandi dráttarvélar eða jeppabifreiðar selja hana, nema með samþykki stjórnar búnaðarfélags, þar sem hann er búsettur.

f. (18. gr.) Að skiptum loknum tilkynnir nefndin hlutaðeigandi umsækjendum úthlutun vélanna og bifreiðanna.

g. (19. gr.) Sá, sem tilkynningu fær um úthlutun dráttarvélar eða jeppabifreiðar, skal afhenda tilkynninguna þeim innflytjanda, er flytur inn þá dráttarvéla- eða jeppabifreiðategund, er hann óskar að fá. Innflytjandinn afhendir svo þær tilkynningar, sem honum hafa borizt, þeim valdhafa, er gjaldeyri úthlutar, og skal hann eiga rétt á gjaldeyrisleyfi samkvæmt því.

h. (20. gr.) Úthlutunarnefnd jeppabifreiða skal í októbermánuði ár hvert gera áætlun um það, hvað er nauðsynlegt að flytja inn á næsta ári af varahlutum til jeppabifreiða og dráttarvéla, sem til eru í landinu, og einnig innflutning á nytsamlegustu verkfærum, sem aflvélarnar geta dregið við vinnu og flutninga, svo að þær komi að sem beztum notum. Þessi áætlun sé send innflutningsyfirvöldunum, og ber að leggja á það ríka áherzlu, að þessi innflutningur fáist.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal meginmál þeirra fært inn í lög nr. 43 frá 23. maí 1949 og lögin gefin út samkvæmt því í einu lagi með fyrirsögninni: Lög um úthlutun jeppabifreiða og heimilisdráttarvéla.

Nd. 454. Breytingartillaga [121. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 1946, um almannatryggingar og viðauka við þau.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Við 29. gr. Aftan við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Nú vanrækir sveitarfélag greiðslu á framlagi sínu til Tryggingastofnunar ríkisins í eitt ár eða lengur, og er ráðherra þá heimilt að ákveða, að hald skuli lagt á ákveðinn hluta álagðra, óinnheimtra útsvara í sveitarfélaginu á þann hátt, að gjaldkeri sveitarsjóðsins greiði hinn tiltekna hluta innheimtumanni ríkisins jafnóðum og útsvörin innheimtast.

Virði sveitarfélag að vettugi fyrirmæli ráðherra um að skila tilteknum hluta útsvara til lúkningar skuld sinni við Tryggingastofnun ríkisins, er ráðherra heimilt að ákveða, að á útsvör tiltekinna stofnana, fyrirtækja og einstaklinga í sveitarfélaginu skuli lagt hald og þau greidd innheimtumanni ríkisins, þegar þau falla í gjalddaga. Skal sú skipun haldast þar til skuld sveitarsjóðsins við Tryggingastofnun ríkisins er að fullu greidd eða ráðherra hefur afturkallað fyrirmælin.

Nd. 455. Lög [66. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1951.

(Afgreidd frá Nd. 18. des.)

Samhljóða þskj. 108.

Ed. 456. Frumvarp til laga [33. mál]

um breyting á lögum nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Í stað 4., 5., 6. og 7. málsgr. 6. gr. laganna komi ein málsgr., svo hljóðandi:

Frá 1. febrúar 1951 skulu laun ekki taka breytingum samkvæmt ákvæðum þessara laga. Greiða skal verðlagsuppbót á laun opinberra starfsmanna árið 1951 miðað við kaupgjaldsvísitölu 123.

2. gr.

1., 2. og 3. málsgr. 11. gr. laganna falli niður.

Áfallin framleiðslu- og útflutningsgjöld samkvæmt þessum málsgreinum skulu ekki innheimt. Enn fremur skal endurgreiða þau framleiðslu- og útflutningsgjöld, sem þegar hafa verið greidd ríkissjóði samkvæmt þessum málsgreinum.

4. málsgr. sömu lagagreinar orðist svo:

Framleiðslugjald skal lagt á allar síldarafurðir, aðrar en þær, sem fluttar eru út fullverkaðar í smápökkum til manneldis, og skal nema 8% af útflutningsverðmæti þeirra. Ef sumarafli er minni en 6000 mál að meðaltali á skip, skal gjaldið allt endurgoldið útgerðarmönnum og sjómönnum um leið og lokið er veiðitíma. Ef sumarafli er meiri en 6000 mál að meðaltali á skip, skal gjaldið innheimt og renna allt til síldardeildar hlutatryggingarsjóðs bátaútvegsins.

3. gr.

a. Fyrir orðin „Á árinu 1950“ í upphafi 12. gr. laganna komi: Fyrir febrúarlok 1951.
b. Þriðji málsliður 9. málsgr. sömu lagagreinar orðist svo:
Við útreikning á þeim hluta skatts, er félagi ber að greiða, skal fyrst finna, hvað einstaklingi ber að greiða af nettóeign sinni, annarri en eign í félagi.
c. Á undan síðasta málsl. sömu málsgr. komi:
Nú á félag eignarhlut í öðru hlutafélagi eða samvinnufélagi, og skal þá það félag greiða þann hluta skattsins, sem svarar til slíkrar eignarhlutdeildar, eftir hlutfallinu milli þess eignarhluta og heildareignar félagsins, að hlutafé eða stofnfé meðtöldu.

4. gr.

Fyrri málsgrein 14. gr. orðist svo:

Skattur samkvæmt 12. gr. laga þessara skal ákveðinn af skattstjóranum í Reykjavík, sem einnig úrskurðar kærur út af álagningu skattsins. Úrskurði hans má þó áfrýja til ríkisskattanefndar. Skattgreiðandi og fjármálaráðherra geta — hvor um sig — skotið úrskurði ríkisskattanefndar til dómstólanna, enda sé mál höfðað innan þess tíma, sem ákveðinn verður með reglugerð. Um innheimtu, lögtaksrétt, vangoldinn skatt og viðurlög fer að öðru leyti eftir því sem við á, eftir ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 6 1935.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **457. Breytingartillaga** [72. mál]

við frv. til l. um stjórn flugmála.

Frá Steingrími Aðalsteinssyni.

Við 2. gr.

a. Upphaf greinarinnar orðist svo: Ráðherra skipar flugmálastjóra ríkisins ....
b. Í stað orðsins „flugvallastjóra“ á 3 öðrum stöðum komi: flugmálastjóra.

Ed. **458. Lög** [72. mál]

um stjórn flugmála.

(Afgreidd frá Ed. 19. des.)

Samhljóða þskj. 413.

Nd. **459. Breytingartillaga** [33. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

Frá Einari Olgeirssyni.

Á eftir 4. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Aftan við 17. gr. komi svo hljóðandi

Bráðabirgðaákvæði:

Allur fiskur, sem veiðist frá 24. desember 1950 og þar til Alþingi hefur sett lög, er tryggja það, að vélbátaflotinn verði gerður út og numið með þeim þetta bráðabirgðaákvæði úr gildi, skal framleiðendum hans og þeim innlendum aðilum, er hann eignast, frjáls til sölu erlendis, hvert sem þeir vilja, og er útflytjendum heimilt að nota gjaldeyri þann, er þeir fá fyrir þann fisk, til kaupa á eftirtöldum vörum:

Kornvörum, sykri, kaffi, kakaó, trjáviði og trjávörum, pappír og pappa og vörum úr því, hvers konar vefnaðarvörum, hráefnum til vefnaðar, garni, tvinna og öðrum vörum til fatnaðar, skófatnaði, búsáhöldum, sementi og öðrum byggingarvörum, hvers konar hráefnum til íslenzks iðnaðar, gleri og glervörum, bókum, skólavörum, kvikmyndum, nýjum og þurrkuðum ávöxtum og hvers konar vörum til útgerðar.

Útflytjandi sá, er flytur vörurnar út, veitir banka þeim, er innheimtir fyrir hann, upplýsingar um vöruverðið og fær hjá bankanum kvittun fyrir, að hann hafi rétt til kaupa á jafnhárri upphæð til innflutnings á hinum leyfðu vörum í gjaldeyri þeim, er hann hefur selt í, eða ef um frjálsan gjaldeyri er að ræða, í samsvarandi gjaldeyri, er bankinn geti skipt. Er kvittunin fullgild skuldbinding bankans til yfirfærslu.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja það að almennu skilyrði fyrir útflutningi, að fyrir fiskinn hafi verið greitt lágmarksverð, er hann var tekinn til söltunar eða frystingar. Sömuleiðis má hún setja lágmarksverð á hinn útflutta fisk fullunninn. En auglýsa skal hún hvort tveggja fyrir 31. des. 1950. Um verðlag hinna innfluttu vara gilda venjuleg verðlagsákvæði.

Ed. **460. Lög** [41. mál]

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Afgreidd frá Ed. 19. des.)

Samhljóða þskj. 62.

Nd. **461. Breytingartillaga** [121. mál]

við brtt. á þskj. 454 (Almannatryggingar).

Frá Finni Jónssyni.

Við 1. málsgr. Á eftir orðunum „og er þá ráðherra heimilt að ákveða" komi: komi það í ljós, að um vanskil sé að ræða, er ekki stafa af getuleysi.

Nd. **462. Breytingartillaga** [121. mál]

við brtt. á þskj. 454 (Almannatryggingar).

Frá Emil Jónssyni.

Aftan við 1. meginmálsgr. bætist: enda sé sá hluti ákveðinn í hlutfalli við greiðslur sveitarfélagsins til Tryggingastofnunarinnar af heildarupphæð útsvaranna.

Nd. **463. Lög** [121. mál]

um breyting á lögum nr. 50 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

(Afgreidd frá Nd. 19. des.)

Samhljóða þskj. 410.

Nd. **464. Breytingartillaga** [33. mál]

við frv. til l. um breyt á l. nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

Frá Einari Olgeirssyni, Sigurði Guðnasyni.

Við 1. gr. Efnismálsgr. orðist svo:
Frá 1. janúar 1951 skulu laun hækka mánaðarlega samkvæmt vísitölu hvers mánaðar.

Nd. **465. Breytingartillaga** [33. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

Frá Finni Jónssyni.

Við 2. gr. Við greinina bætist: Ekkert framleiðslugjald skal þó innheimta á árinu 1951.

Nd. **466. Lög** [33. mál]

um breyting á lögum nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 19. des.)

Samhljóða þskj. 456.

Sþ. **467. Þingsályktun** [83. mál]

um talstöðvaþjónustu landssímans.

(Afgreidd frá Sþ. 19. des.)

Samhljóða þskj. 135.

Nd. **468. Frumvarp til laga** [57. mál]

um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Akureyrar.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Bæjarstjórn Akureyrar lætur mæla allar lóðir og lönd innan takmarka kaupstaðarlóðar Akureyrar og gera nákvæman uppdrátt af þeim.

Það, sem ákveðið er í eftirfarandi greinum um lóðir, gildir einnig um önnur lönd í kaupstaðarlóðinni.

2. gr.

Mælikvarði uppdráttarins skal ekki vera minni en 1:500. Skal uppdrátturinn sýna greinilega takmörk hverrar lóðar og afstöðu til nágrannalóða og grunnflöt húsa þeirra og mannvirkja, sem á lóðinni eru.

3. gr.

Bæjarstjórnin felur verkfræðingi eða ræður mann til að mæla lóðirnar og gera uppdrátt af þeim. Mælingamanni og aðstoðarmönnum hans er frjáls umferð um lóðir manna, meðan á mælingunni stendur, og skulu eigendur lóða eða umboðsmenn þeirra skyldir að láta þeim í té þær upplýsingar, er þeir æskja og þurfa til þess að geta framkvæmt starf sitt.

Áður en mælingamaður ákveður merki lóðar, skal hann gera eiganda hennar eða umboðsmanni hans, svo og eigendum nágrannalóða eða umboðsmönnum, ef kunnugt er um þá, enda séu þeir heimilisfastir á Akureyri eða þar staddir, viðvart með 3 sólarhringa fyrirvara um það, hvenær merki verði ákveðin. Er þeim rétt að sækja merkjastefnu, er halda skal á lóðinni, og segja mælingamanni til um lóðamörk. Ef menn verða ásáttir um lóðamörk, getur mælingamaður þess í dagbók sinni, enda er hún og þá lóðamerkjabók, ef þeim ber saman, lögsönnun fyrir stærð og legu lóðar.

Nú sækja eigendur lóða eða umboðsmenn þeirra eigi merkjastefnu, hvort sem því veldur, að eigi er kunnugt um þá, þeir eru fjarverandi eða neyta eigi réttar síns til að vera þar við, og ákveður mælingamaður þá merki eftir skýrslum þeirra lóðaeigenda, sem stefnuna hafa sótt, eða umboðsmanna þeirra, og öðrum gögnum.

Eigendur og umboðsmenn lóða, er eigi hafa sótt merkjastefnu, geta, ef þeir vilja eigi hlíta merkjasetningu, gert mælingamanni, innan 4 vikna eftir merkjastefnu, viðvart, og fer um dómsvald á ágreiningi lóðarmerkja, þegar svo stendur á, eftir lögum þessum.

4. gr.

Bæjarstjórnin löggildir bók, sem nefnist lóðamerkjabók. Skal mælingamaður rita í hana lýsingu á merkjum hverrar lóðar og setja hjá eftirrit af aðaluppdrættinum yfir lóðina og mörk hennar, ef honum þykir þurfa til skýringar, eða ef ágreiningur er um merki. Í hana skal rita stærð lóða, byggðra og óbyggðra. Mælingamaður, lóðareigandi eða umboðsmaður hans og eigendur nágrannalóða eða umboðsmenn þeirra skulu undirskrifa lýsinguna, en rétt er lóðaeigendum að gera fyrirvara um ágreining, ef samkomulag fæst ekki um merkin, og skal þá sýna á eftirritinu af uppdrættinum svo greinilega sem unnt er, hvað milli ber um merkin. Mælingamaður getur þess þó jafnframt, hvora merkjalínuna hann telur réttari, eða geti hann á hvoruga fallizt, hvar hann telur merki réttast eftir öllum atvikum.

5. gr.

Þegar lokið er merkjasetningu og mælingu allra lóða og landa á kaupstaðarlóðinni, skal bæjarstjórnin láta skrásetja allar lóðir og lönd með framhaldandi númerum í bók, sem þar til er löggilt af ráðherra.

6. gr.

Í lóðaskrána og á aðaluppdráttinn skal jafnóðum rita breytingar þær, er verða á lóðum og húsum, og skipar bæjarstjórnin lóðaskrárritara til þess starfs. Ráðherra setur reglugerð, eftir tillögum bæjarstjórnar, um skyldur og störf lóðaskrárritara.

7. gr.

Þá er merkjastefnu er lokið, má eigi þinglýsa skjali eða skjölum um eigendaskipti að lóð eða hluta af lóð, nema mælingamaður eða lóðaskrárritari hafi ritað vottorð sitt á skjalið eða skjölin um það, að eigendaskiptanna sé getið í lóðamerkjabók eða lóðaskrá.

Ef skrásettri lóð er skipt í hluta, tvo eða fleiri, má eigi þinglýsa skjali eða skjölum um skiptinguna, nema því eða þeim fylgi vottorð byggingarnefndar um samþykki hennar á skiptingunni.

8. gr.

Lóðaskrárritari lætur þeim, er þess óska, í té staðfest eftirrit úr skránni og einnig af uppdrætti lóðarinnar. Fyrir slík eftirrit og fyrir vottorð samkvæmt 6. gr. svo og fyrir önnur störf, er lóðaskrárritari vinnur fyrir einstaka menn, skal greiða gjald í bæjarsjóð Akureyrar samkvæmt gjaldskrá, er ráðherra setur eftir tillögum bæjarstjórnar.

9. gr.

Bæjarstjórnin getur á sama hátt látið skrásetja og mæla lóðir og lönd utan kaupstaðarlóðarinnar, en innan lögsagnarumdæmisins, er þá færist á aukaskrá. Um aukaskrána gilda hin sömu ákvæði sem hér að framan eru sett um aðalskrána, en mælikvarði uppdráttar, sbr. 2. gr., má þó vera minni.

10. gr.

Allur kostnaður við mælingu og skrásetningu lóða greiðist úr bæjarsjóði, sbr. þó 13. gr.

11. gr.

Úr öllum þrætum um merki lóða sker merkjadómur.

Bæjarfógetinn á Akureyri er formaður merkjadóms. Auk þess er dómur skipaður tveimur meðdómsmönnum, sem merkjadómsmenn heita. Þeir skulu vera að

minnsta kosti 30 ára að aldri, hafa óflekkað mannorð, vera lögráðir og fjár síns ráðandi og vera búsettir á Akureyri. Annan hinna tveggja merkjadómsmanna skipar hæstiréttur, en bæjarstjórn Akureyrar hinn. Á sama hátt skulu skipaðir tveir varamenn. Varamaður tekur sæti í dómnum, ef aðalmaður deyr, eða forfallist sá, sem hann er varamaður fyrir. Merkjadómsmenn skulu skipaðir til 4 ára í senn. Það er borgaraskylda að taka við skipun í merkjadóm eitt kjörtímabil í senn.

12. gr.

Merkjadómsmaður skal, áður en hann tekur fyrsta sinn til starfa, undirrita drengskaparheit um það, að hann skuli gegna starfanum með samvizkusemi og óhlutdrægni í hvívetna.

13. gr.

Formaður dómsins ákveður þóknun merkjadómsmanna, og greiðist hún úr ríkissjóði. Ákvörðun hans um þóknun getur bæði merkjadómsmaður og dómsmálaráðherra kært samkvæmt 199. gr. laga nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

14. gr.

Um málsmeðferð fyrir merkjadómi, málskostnað og fleira, skal, eftir því sem því verður við komið, farið eftir ákvæðum laga nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 469. Breytingartillaga [59. mál]

við frv. til l. um vinnumiðlun.

Frá Jóhanni Hafstein.

Við 6. gr. Orðin „stjórnarmanna og“ í síðustu málsgr. falli niður.

Ed. 470. Lög [61. mál]

um breyting á lögum nr. 83 22. okt. 1945, um viðauka við lög nr. 45 13. jún 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi.

(Afgreidd frá Ed. 11. jan.)

Samhljóða þskj. 101.

Nd. 471. Frumvarp til laga [107. mál]

um breyting á bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Fyrir orðin „18 ára“ í 2. mgr. 20. gr. laganna kemur: 17 ára.

2. gr.

2. málsliður 1. málsgreinar 38. greinar laganna breytist þannig, að í stað orðanna „skal sæta varðhaldi eða fangelsi nema um alveg sérstakar málsbætur sé að ræða“ komi: skal, ef um ítrekað brot er að ræða, sæta varðhaldi eða fangelsi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 472. Nefndarálit [82. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina að selja landspildu og tvær jarðir í opinberri eigu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin afgreiddi mál þetta á fundi sínum í dag, eftir að hún hafði aflað sér nokkurra upplýsinga um einstök atriði. Einn nefndarmanna (FRV) var fjarstaddur.

Leggur nefndin til, að frv. og brtt. 1. þm. Eyf. á þskj. 357 verði samþ. með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Við brtt. á þskj. 357. Tölul. 2 orðist svo:

Fyrirsögn frv. orðist þannig:

Frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja þrjár jarðir og landspildu í opinberri eigu.

Alþingi, 11. jan. 1951.

Karl Kristjánsson, form.	Eiríkur Einarsson, fundaskr.	Vilhjálmur Hjálmarsson, frsm.

Þorst. Þorsteinsson.

Nd. 473. Breytingartillaga [107. mál]

við frv. til l. um breyt. á bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Á eftir 2. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

a. Í stað „3 mánuði“ í 1. málsl. 1. málsgr. 39. gr. laganna komi: 2 ár.
b. Annar málsl. 1. málsgr. sömu lagagreinar falli burt.

Nd. 474. Frumvarp til laga [76. mál]

um breyting á áfengislögum, nr. 33/1935.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Við 16. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgr., svo hljóðandi:

Enn fremur er þeim heimilt að rannsaka, hvort bifreiðar hafi áfengi meðferðis, þó að það sé löglega keypt, enda liggi fyrir rökstuddur grunur um, að áfengið sé ætlað til ólöglegrar sölu.

Nú finnst áfengi í bifreið, og skal þá refsa eiganda þess sem hann væri sekur um ólöglega áfengissölu, nema sannað sé, að áfengið sé ætlað til lögmætra nota.

2. gr.

Á eftir 1. mgr. 36. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Brot gegn 4. mgr. 16. gr. varða sektum, er nema í fyrsta sinn fimmföldu og í annað sinn tíföldu söluverði þess áfengis, sem ætlað er til ólöglegrar sölu. Brjóti nokkur oftar ákvæði þeirrar málsgreinar eða geri sér ólöglega áfengissölu að atvinnu, varðar það auk sektar fangelsi allt að 3 mánuðum. Hafi bifreiðarstjóri ítrekað gerzt sekur um ólöglega áfengissölu, varðar það hann missi réttar til að stjórna bifreið um stundarsakir, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru eða brot er margítrekað.

Áfengi, sem flutt er eða geymt ólöglega í bifreið, skal gert upptækt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 475. Breytingartillaga [38. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Karli Kristjánssyni og Bernharð Stefánssyni.

Við 1. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:

Nú vinnur kona framteljanda utan heimilis, þó ekki við fyrirtæki hans, og má þá frádráttarbær kostnaður ...

Sþ. 476. Nefndarálit [118. mál]

um till. til þál. um uppeldisheimili handa vangæfum börnum og unglingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin álítur, að hér sé um nauðsynjamál að ræða og rétt sé að greiða fyrir því, að það komist til framkvæmda eftir því sem ástæður leyfa. Nefndin mælir með, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 11. jan. 1951.

Jóhann Þ. Jósefsson, form.	Jón Gíslason, fundaskr.	Jörundur Brynjólfsson, frsm.
Stefán Stefánsson.	Finnur Jónsson.	Jón Sigurðsson.
	Steingr. Aðalsteinsson.	

Nd. 477. Breytingartillaga [76. mál]

við frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 33/1935.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Á eftir 1. grein komi ný grein, er orðist þannig:
Orðin „nema leyfi lögreglustjóra komi til“ í niðurlagi 17. gr. laganna falli burt.

Sþ. 478. Tillaga til þingsályktunar [149. mál]

um aðstoð til eflingar atvinnulífinu í Flatey á Breiðafirði.

Flm.: Hannibal Valdimarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera nú þegar nauðsynlegar ráðstafanir til þess:

1. að Hraðfrystihús Flateyjar h/f geti greitt áfallnar vinnuskuldir og hafið rekstur;
2. að útgerðarfélag á staðnum, Sigurfari h/f, geti þegar hafið útgerð;
3. að Flateyingum verði kleift að fá tvo fiskibáta af heppilegri stærð leigða eða keypta, til þess að hið nýreista hraðfrystihús í Flatey geti fengið nægilegt hráefni til vinnslu og megi verða þess megnugt að eyða því sára atvinnuleysi, sem nú herjar kauptúnið.

Greinargerð.

Með tillögu þessari er farið fram á, að ríkisstjórninni verði falið að bæta hið bráðasta úr neyðarástandi, sem skapazt hefur í Flatey á Breiðafirði á s. l. hausti sökum stöðvunar atvinnutækjanna þar á staðnum.

Virðist vera auðsætt, að ríkið verður að veita bjargráðalán, sem nægi til þess, að hraðfrystihúsið geti greitt áfallnar vinnuskuldir og byrjað rekstur, og enn fremur hlutast til um, að staðsettir séu a. m. k. tveir vélbátar í Flatey í viðbót við þann, sem fyrir er, svo að hraðfrystihúsið fái nóg að starfa og viðunandi rekstrargrundvöll.

Það er hjálp til sjálfsbjargar, sem hér er beðið um, og þó ekki fyrr, en í fullar nauðir hefur rekið.

Alþýðusamband Íslands hefur sent Alþingi og ríkisstjórn ýtarleg gögn um atvinnuástandið í Flatey og beðið um aðstoð ríkisvaldsins til viðréttingar atvinnulífi Flateyinga. Sést af þeim gögnum, að heimamenn hafa lagt hart að sér og færzt mikið í fang á undanförnum árum til þess að reyna að koma atvinnuvegum sínum í framtíðarhorf. Hefur mikið áunnizt, en herzlutakið er eftir. Og nú eru allar leiðir lokaðar, nema aðstoð ríkisins komi til.

Í nóvembermánuði s. l. höfðu 77 manns í Flatey aðeins 7570 krónur og 74 aura í atvinnutekjur til samans, eða einar 98.32 kr. á mann um mánuðinn. En í desember var hlutur vinnandi fólks í Flatey þó orðinn enn þá rýrari, því að þá höfðu 66 manns sér til framfæris um mánuðinn einar 1737.98 kr., eða 26.33 kr. á mann að meðaltali.

Hér er vissulega slík vá fyrir dyrum, að hjálp verður að berast þegar í stað, ef ekki á illa að fara.

Hraðfrystihús hefur verið reist, bryggja byggð og félag myndað af almenningi til að kaupa allstóran fiskibát. En sökum óviðráðanlegra erfiðleika á undanförnum árum eru nú öll þessi tæki ónotuð og komin í alger fjárhagsleg þrot, með þeim afleiðingum, sem að framan er lýst.

Bréf Verkalýðsfélags Flateyjar til Alþýðusambands Íslands og atvinnuskýrslur sama félags fyrir tvo seinustu mánuði ársins 1950 fylgja hér með sem fylgiskjöl.

Fylgiskjal I.

VERKALÝÐSFÉLAG FLATEYJAR, FLATEY

Alþýðusamband Íslands, Reykjavík.

Við þökkum bréf yðar, dags. 11. des. 1950, þar sem þér óskið upplýsinga um atvinnuástandið hér á félagssvæðinu, og hvað við teljum, að helzt geti orðið til úrbóta í þeim efnum.

Við viljum ekki láta dragast að svara þessu bréfi, því að hér er brýn þörf mikilla átaka, ef ekki á að þróast hér neyðarástand vegna atvinnuskorts.

Þetta hérað hefur ekki fylgzt með atvinnuþróun landsins á þessari öld, og þess vegna hafa héraðsbúar, fleiri og fleiri, orðið að leita sér atvinnu utan héraðs.

Þegar svo var komið, að við landauðn lá í þessu nytjaauðga héraði, bundust menn samtökum til úrbóta.

Árið 1946 stofnaði Flateyjarhreppur og allur almenningur hér hlutafélagið Sigurfara. Það félag keypti 50 tonna bát, Sigurfara BA 315, og hefur gert hann út síðan. Vegna margvíslegra óhappa, síldarleysis öll þessi sumur, þrálátra bilana á skrúfu bátsins og þess, að bátinn rak upp á vondum stað í fárviðri í byrjun vetrarvertíðar 1949, er rekstrartapið nú orðið svo mikið, þrátt fyrir sæmilegan arð á vetrarvertíðum, að mjög er tvísýnt um rekstur bátsins og tilveru félagsins.

Árið 1947 stofnaði Flateyjarhreppur, Kaupfélag Flateyjar og 50 einstaklingar hér hlutafélagið Hraðfrystihús Flateyjar, til þess að byggja hér og reka hraðfrystihús og fleira til nýtingar fiskafla. Bygging hraðfrystihúss var hafin árið 1948. Efnisskortur og fleira tafði framkvæmdirnar, og haustið 1949 var félagið orðið félaust. Þá lánuðu byggingarverkamenn vinnu sína, svo að húsið mætti verða nothæft, og í marz 1950 gat það tekið móti fiski, og er þó fjarri því, að það sé fullgert. Þá var fjárhag félagsins svo komið, að það fékk hvorki lán til þess að ljúka allra nauðsynlegustu byggingarframkvæmdum né til rekstrar, svo að h.f. Sigurfari hefur orðið að annast rekstur hússins til þessa, en engar líkur eru til, að hann geti haldið því áfram.

Árin 1947 og 1948 lét Flateyjarhreppur byggja hér hafskipabryggju. Minnsta dýpi við bryggjuhausinn er tæpir 6 m um stórstraumsfjöru. Mikil hafnarbót er að bryggjunni, en þó þarf að stækka hana nokkuð, til þess að 2000 til 3000 tonna skip verða fús að leggjast að henni. Þá vantar hér og bátabryggju og smávegis uppfyllingar og vegabætur.

Þessar framkvæmdir veittu talsverða atvinnu, enda hafa þær kostað héraðsbúa mikið.

Framlag hreppsins til hafnarvirkjanna er orðið	kr.	300 000.00
Hlutafé Hraðfrystihúss Flateyjar h/f	—	525 000.00
Hlutafé Sigurfara h/f	—	85 000.00
Önnur lán og framlög einstaklinga til þessara fyrirtækja, ábyrgðir ekki meðtaldar	—	300 000.00
	Alls kr.	1 210 000.00

Þetta er mikið fé fyrir fámennt og fátækt hérað, enda mun það að mestu leyti vera lánsfé. Menn hafa líka lagt hart að sér með framlögin, ef takast mætti að forða héraðinu frá algerðu hruni. Verði nú þessi tvö hlutafélög gjaldþrota, verður hrunið enn örara og algerara en ella hefði orðið, og er þá illa farið, ef þetta gagnauðga hérað fer í eyði vegna skorts nauðsynlegustu atvinnutækja.

Það, sem hér þarf að gera til bjargar atvinnunni og þar með til bjargar héraðinu, er þetta:

1. Það þarf að tryggja Hraðfrystihúsi Flateyjar h/f lán, svo að það geti greitt áfallnar vinnuskuldir, lokið við frystihúsbygginguna og starfrækt hraðfrystihúsið.

2. Tryggja áframhaldandi rekstur m/b Sigurfara hér í Flatey.
3. Útvega hingað tvo báta til viðbótar, 25—35 tonna, svo að hraðfrystihúsið fái nóg að starfa.

Verði þessum þrem atriðum framgengt, eru miklar líkur til þess, að hér verði vel lífvænlegt og að héraðsbúar verði þess megnugir innan skamms að auka sjálfir atvinnutæki sín, fjölga bátum, koma upp lýsisbræðslu og beinamyllu, auka hafnarvirkin, rækta eyna, koma upp rafveitu og margt fleira.

Verði hlutafélögin Sigurfari h/f og Hraðfrystihús Flateyjar h/f gjaldþrota, tapa verkamenn og sjómenn hér um 200 000 kr. í ógreiddum vinnulaunum og um 80 000 kr. í töpuðu hlutafé, því að allir eru hluthafar annars hvors félagsins og flestir beggja.

Tap tvö hundruð og áttatíu þús. króna er mikið tjón fyrir okkar fámenna hóp. Þó er hitt enn iskyggilegra, að við sjáum enga möguleika til þess að koma hér upp nokkurri atvinnu í náinni framtíð, ef þessi atvinnufyrirtæki verða að hætta störfum.

Þér sjáið af meðfylgjandi skýrslu, hvernig atvinnuástandið var hér í nóvembermánuði, og fer það enn versnandi.

Við væntum aðstoðar yðar í þessum málum og óskum yður góðs og starfsams árs.

Með félagskveðju.

Flatey, 21.12. 1950.

F. h. Verkalýðsfélags Flateyjar.

Jón Guðmundsson. Jón Matthíasson. Steinþór Einarsson.
Sigurjón Árnason. Friðrik Salómonsson.

Fylgiskjal II.

VERKALÝÐSFÉLAG FLATEYJAR, FLATEY

Atvinnuskýrsla fyrir nóvember 1950.

23 verkamenn og sjómenn, sem allir eru í Verkalýðsfélagi Flateyjar, hafa sent yfirlit yfir tekjur sínar í nóvember. 14 þeirra hafa eingöngu stundað landvinnu, 2 land og sjó og 7 sjósókn eingöngu.

Samanlagðar niðurstöður þessara yfirlita eru:
Vinnustundir alls: 242½ stund.
Verkalaun alls: 2970.74 krónur.
Aflahlutur alls: 4600.00 krónur.
Á framfæri auk framteljenda: 54 manns.

Þannig hafa 77 manns sér til framfæris krónur 7570.74 yfir mánuðinn. Það eru **krónur 98.32 á mann.**

Flatey, 22.12. 1950.

F. h. Verkalýðsfélags Flateyjar.
Jón Guðmundsson.

Til Alþýðusambands Íslands, Reykjavík.

Fylgiskjal III.

VERKALÝÐSFÉLAG FLATEYJAR, FLATEY

Atvinnuskýrsla fyrir desembermánuð 1950.

20 verkamenn hafa sent skýrslur um vinnu sína og tekjur í desembermánuði.

Nokkrir menn eru þegar farnir í önnur héruð í atvinnuleit, og hafa enga skýrslu gefið, en enginn þeirra mun hafa haft nokkra vinnu hér.

Niðurstöðutölur þessara skýrslna, samanlagðar, eru:
Vinnustundir alls: 150 stundir.
Verkalaun alls: 1737.98 krónur.
Á framfæri auk framteljenda: 46 manns.
Þannig hafa 66 manns sér til framfæris krónur 1737.98 yfir mánuðinn. Það eru **krónur 26.33 á mann.**

Flatey, 6.1. 1951.

F. h. Verkalýðsfélags Flateyjar.

Jón Guðmundsson.

Til Alþýðusambands Íslands, Reykjavík.

Nd. 479. Breytingartillögur [46. mál]

við frv. til l. um nýtt orkuver og nýja orkuveitu rafmagnsveitna ríkisins.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórninni er heimilt að fela rafmagnsveitum ríkisins:
   1. að virkja Fossá í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu til raforkuvinnslu í allt að 700 hestafla orkuveri og leggja þaðan aðalorkuveitu til Bolungarvíkur.
   2. að virkja Grímsá í Skriðdal í Suður-Múlasýslu til raforkuvinnslu í allt að 750 hestafla orkuveri fyrir Egilsstaði, Eiða og nágrenni.
2. Við 2. gr. Fyrir orðin „3.1 milljón króna“ og „1 milljón króna“ komi: 5 milljónir króna og 1.6 milljónir króna.
3. Við 3. gr. Fyrir „orkuverið“ komi: orkuverin.
4. Við 4. gr. Fyrir „orkuvers þess“ komi: orkuvera þeirra.
5. Fyrirsögn frv. orðist svo: Frumvarp til laga um ný orkuver og nýja orkuveitu rafmagnsveitna ríkisins.

Ed. 480. Frumvarp til laga [46. mál]

um ný orkuver og nýja orkuveitu rafmagnsveitna ríkisins.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fela rafmagnsveitum ríkisins:
1. að virkja Fossá í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu til raforkuvinnslu í allt að 700 hestafla orkuveri og leggja þaðan aðalorkuveitu til Bolungarvíkur;
2. að virkja Grímsá í Skriðdal í Suður-Múlasýslu til raforkuvinnslu í allt að 750 hestafla orkuveri fyrir Egilsstaði, Eiða og nágrenni.

2. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs eða ábyrgjast lán, sem rafmagnsveitur ríkisins taka, að upphæð allt að 5 milljónir króna, til greiðslu stofnkostnaðar þeirra mannvirkja, sem um getur í 1. gr. Af þeirri upphæð má taka sem lán úr raforkusjóði skv. 1. lið 35. gr. raforkulaganna allt að 1.6 milljónir króna, þó eigi meira en sem nemur ⅓ hluta af stofnkostnaði mannvirkjanna.

3. gr.

Framkvæmdir skv. 1. gr. mega ekki hefjast nema fyrir liggi nákvæmar áætlanir um orkuverin og orkuveituna og tryggt hafi verið nægilegt fé til framkvæmdanna.

4. gr.

Um stofnun og rekstur orkuvera þeirra og orkuveitu, sem um ræðir í 1.—3. gr., fer að öðru leyti eftir ákvæðum raforkulaga, nr. 12 2. apríl 1946.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 481. Frumvarp til laga [82. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja þrjár jarðir og landspildu í opinberri eigu.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja eftirtaldar jarðar, að fengnum meðmælum hlutaðeigandi hreppsnefnda og sýslunefnda og skuldbindingu kaupenda um, að þeir geri jarðirnar að ættaróðali.

1. Þjóðjörðina Húsanes í Breiðuvíkurhreppi í Snæfellsnessýslu ábúanda jarðarinnar, Jóni Lárussyni.
2. Kirkjujörðina Skoruvík í Sauðaneshreppi í Norður-Þingeyjarsýslu ábúandanum, Birni Kristjánssyni.
3. Þjóðjörðina Bakkagerði í Svarfaðardal í Eyjafjarðarsýslu ábúandanum, Gesti Vilhjálmssyni.

Enn fremur heimilast ríkisstjórninni að selja Þórarni Guðjónssyni, Ásgarði í Hvolhreppi, 10 hektara spildu úr Tjaldhólalandi í Hvolhreppi í Rangárvallasýslu, sem skógrækt ríkisins keypti árið 1943, að fengnu samþykki skógræktar ríkisins og að því tilskildu, að land þetta verði lagt undir nýbýlið Ásgarð.

Söluverð jarða þessara og landspildu, sem hér um ræðir, skal ákveðið með mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 482. Frumvarp til fjáraukalaga [150. mál]

fyrir árið 1948.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1951.)

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir árið 1948, eru veittar kr. 101 379 171.09 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. gr.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. A. eru veittar:

2. Sími ..... kr. 802 760.55
   en tekjur fóru kr. 2 591 601.27 fram úr fjárlagaáætlun.
3. Áfengisverzlun ríkisins ..... — 1 241 593.23
   af kr. 12 134 849.15 tekjum fram úr fjárlagaáætlun.

4.	Tóbakseinkasala ríkisins	kr.	141 560.41
	af kr. 6 326 899.05 tekjum fram úr fjárlagaáætlun.		
5.	Ríkisútvarpið	—	885 491.21
	af kr. 1 629 862.14 tekjum fram úr fjárlagaáætlun.		
6.	Ríkisprentsmiðjan Gutenberg	—	249 720.52
	en tekjur fóru kr. 173 868.67 fram úr fjárlagaáætlun.		
7.	Áburðarsala ríkisins	—	30 612.77
	af kr. 208 912.71 tekjum fram úr fjárlagaáætlun.		
8.	Grænmetisverzlun ríkisins	—	154 412.89
	af kr. 287 520.44 tekjum fram úr fjárlagaáætlun.		
9.	Landssmiðjan	—	218 356.18
	af kr. 363 674.29 tekjum fram úr fjárlagaáætlun.		
12.	Vífilsstaðabúið	—	304 839.47
	en tekjur urðu kr. 328 388.80.		
13.	Kleppsbúið	—	225 856.66
	en tekjur urðu kr. 228 984.69.		
14.	Bessastaðabúið	—	111 093.09
	en tekjur urðu kr. 112 206.83.		
15.	Skólabúið á Reykjum í Ölfusi	—	266 247.80
	en tekjur urðu kr. 375 060.17.		
16.	Skólabúið á Hólum	—	222 773.48
	en tekjur urðu kr. 257 862.73.		
17.	Skólabúið á Hvanneyri	—	427 304.11
	en tekjur urðu kr. 449 994.27.		
		Kr.	5 282 622.37

Til	viðbótar	við	gjöldin	í	7.	gr.		eru	veittar	.....	kr.	1 093 970.73
—	—	—	—	-	8.	—		—	—	.....	—	42 930.24
—	—	—	—	-	10.	—	I.	—	—	.....	—	712 646.79
—	—	—	—	-	10.	—	III.	—	—	.....	—	1 436 073.21
—	—	—	—	-	11.	—	A.	—	—	.....	—	1 637 737.78
—	—	—	—	-	11.	—	B.	—	—	.....	—	1 671 896.41
—	—	—	—	-	11.	—	C.	—	—	.....	—	803 974.95
—	—	—	—	-	11.	—	D.	—	—	.....	—	468 903.02
—	—	—	—	-	12.	—		—	—	.....	—	2 069 732.87
—	—	—	—	-	13.	—	A.	—	—	.....	—	3 882 437.62
—	—	—	—	-	13.	—	B.	—	—	.....	—	2 262 126.63
—	—	—	—	-	13.	—	D.	—	—	.....	—	657 271.05
—	—	—	—	-	14.	—	A.	—	—	.....	—	855 002.30
—	—	—	—	-	14.	—	B.	—	—	.....	—	2 162 176.84
—	—	—	—	-	15.	—	A.	—	—	.....	—	182 242.63
—	—	—	—	-	16.	—	A.	—	—	.....	—	570 091.15
—	—	—	—	-	16.	—	D.	—	—	.....	—	586 807.23
—	—	—	—	-	18.	—		—	—	.....	—	875 734.09
—	—	—	—	-	19.	—	1.	—	—	.....	—	10 175 024.37
—	—	—	—	-	19.	—	2.	—	—	.....	—	1 556 192.75
											Kr.	38 985 595.03
Til eignaaukningar samkv. 20. gr. Út eru veittar											—	62 393 576.06
20. gr. Inn fór kr. 86 816 307.14 fram úr fjárlagaáætlun.												
											Kr.	101 379 171.09

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1948.

Sþ. **483. Frumvarp til laga** [151. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1948.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1951.)

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1948 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum:

	Innborganir:			Áætlun:	Reikningur:
1.	Tekjur samkvæmt 2. gr.	fjárlaga ..	kr.	158 870 000.00	kr. 178 510 306.80
2.	— — 3. — A.	— ..	—	61 462 725.00	— 80 932 598.22
3.	— — 3. — B.	— ..	—	10 000.00	— 3 254.45
4.	— — 4. —	— ..	—	968 425.00	— 1 805 186.51
5.	— — 5. —	— ..	—	100 000.00	— 3 446 481.53
6.	Eignahreyfingar samkv. 20. gr.	fjárlaga	—	1 806 100.00	— 88 622 407.14
		Greiðslujöfnuður	—	24 674 046.00	
			Kr.	247 891 296.00	Kr. 353 320 234.65

	Útborganir:			Áætlun:	Reikningur:
1.	Gjöld samkvæmt 7. gr.	fjárlaga ..	kr.	5 363 543.00	kr. 6 457 513.73
2.	— — 8. —	— ..	—	287 482.00	— 330 412.24
3.	— — 9. —	— ..	—	1 515 576.00	— 2 238 799.51
4.	— — 10. — I.	— ..	—	2 845 450.00	— 3 558 096.79
5.	— — 10. — II.	— ..	—	359 751.00	— 337 909.45
6.	— — 10. — III.	— ..	—	1 386 100.00	— 2 822 173.21
7.	— — 11. — A.	— ..	—	10 433 184.00	— 12 070 921.78
8.	— — 11. — B.	— ..	—	853 105.00	— 2 525 001.41
9.	— — 11. — C.	— ..	—	4 681 383.00	— 5 485 357.95
10.	— — 11. — D.	— ..	—	850 000.00	— 1 318 903.02
11.	— — 12. —	— ..	—	10 222 490.00	— 12 292 222.87
12.	— — 13. — A.	— ..	—	21 491 100.00	— 25 373 537.62
13.	— — 13. — B.	— ..	—	3 342 000.00	— 5 604 126.63
14.	— — 13. — C.	— ..	—	8 703 790.00	— 8 169 245.48
15.	— — 13. — D.	— ..	—	1 810 825.00	— 2 468 096.05
16.	— — 14. — A.	— ..	—	3 274 550.00	— 4 129 552.30
17.	— — 14. — B.	— ..	—	27 355 313.00	— 29 517 489.84
18.	— — 15. — A.	— ..	—	2 579 965.00	— 2 762 207.63
19.	— — 15. — B.	— ..	—	3 811 758.00	— 3 731 400.10
20.	— — 16. — A.	— ..	—	16 783 187.00	— 17 353 278.15
21.	— — 16. — B.	— ..	—	1 013 500.00	— 1 005 676.54
22.	— — 16. — C.	— ..	—	651 220.00	— 583 181.50
23.	— — 16. — D.	— ..	—	5 110 000.00	— 5 696 807.23
24.	— — 17. —	— ..	—	25 642 840.00	— 25 606 188.59
25.	— — 18. —	— ..	—	5 216 059.00	— 6 091 793.09
26.	— — 19. — 1.	— ..	—	55 000 000.00	— 65 175 024.37
27.	— — 19. — 2.	— ..	—	500 000.00	— 3 766 318.36
28.	Eignahreyfingar samkv. 20. gr.	fjárlaga	—	26 807 125.00	— 89 200 701.06
		Greiðslujöfnuður			— 7 648 298.15
			Kr.	247 891 296.00	Kr. 353 320 234.65

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1948.

Ed. 484. Breytingartillögur [82. mál]

við frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja þrjár jarðir og landspildu í opinberri eigu.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Á eftir 3. tölul. komi nýr (4.) tölul., svo hljóðandi:
   Þjóðjörðina (eyðijörðina) Birgisvík í Árneshreppi í Strandasýslu.
2. Við fyrirsögn. Fyrir „þrjár jarðir“ komi: fjórar jarðir.

Nd. 485. Breytingartillögur [59. mál]

við frv. til laga um vinnumiðlun.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni og Jónasi Árnasyni.

1. Við 1. gr. Á eftir orðunum „Í kaupstað hverjum er“ komi: félagsmálaráðherra eða.
2. Við 3. gr.
   a. Á eftir orðunum „Nú ákveður“ í upphafi gr. komi: félagsmálaráðherra eða.
   b. Í stað orðsins „hún“ komi: bæjarstjórn.
3. Við 7. gr. Greinin orðist þannig:
   Í fjárlögum skal ákveða framlög ríkissjóðs til vinnumiðlunar. Þau skulu þó ekki nema meiru en ⅓ af kostnaði hverrar vinnumiðlunarskrifstofu, sem starfrækt er í samræmi við lög þessi. Allur annar kostnaður við rekstur þeirra greiðist úr hlutaðeigandi bæjarsjóði.

Ed. 486. Nefndarálit [38. mál.]

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins.

Frá fjárhagsnefnd.

Frv. þetta er flutt af nefndinni samkvæmt beiðni fjármálaráðherra, og fylgdi því stutt greinargerð, eins og sjá má á þskj. 336. Vegna margvíslegra anna gafst ekki tími til að athuga frv. gaumgæfilega fyrir 2. umr, sem fram fór 14. des. s. l. Nefndin tók því málið fyrir á fundi þ. 16. des. og ræddi það þá við borgarstjóra, raforkumálastjóra og skirfstofustjóra Sogsvirkjunarinnar, sem allir höfðu verið kvaddir til viðtals við nefndina. Gáfu þeir nefndinni margvíslegar upplýsingar í sambandi við málið, m. a. afhentu þeir henni afrit af samningi milli ríkisstjórnarinnar og Reykjavíkurbæjar, og með því að ætlazt er til, að nokkur atriði þess samnings verði lögfest, ef frv. nær fram að ganga, þykir rétt að birta samninginn hér með sem fylgiskjal nr. I. Þá fékk nefndin einnig endurskoðaða áætlun um kostnað og gjaldeyrisþörf og enn fremur endurskoðaða áætlun um gjaldeyrisþörf eingöngu, báðar dags. 30. okt. s. l., og þykir rétt að láta þær einnig fylgja hér með sam fskj. nr. II og III.

Með lögum nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins, en frv. það, sem hér er til umræðu, er viðauki við þau lög, er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast lán handa Reykjavíkurbæ til Sogsvirkjunarinnar, auk þeirrar ábyrgðar, sem ríkissjóður er

þá í vegna orkuversins við Ljósafoss, allt að 34 millj. króna, þó eigi yfir 85% af kostnaðarverði. Má gera ráð fyrir, að það sé sú upphæð, sem þá er áætlað, að virkjunin muni kosta. Samkvæmt fylgiskj. II er virkjunarkostnaðurinn áætlaður 139.5 millj. Af þessum gögnum verður þó ekkert ráðið, hvort hér er um sams konar verk að ræða og að hækkunin stafi eingöngu af verðhækkun, eða að hér sé um allt aðra og víðtækari virkjun að ræða og hækkunin stafi því bæði af því og hækkandi verðlagi. Á þessu sama þskj. eru birtar niðurstöðutölur á endurskoðaðri áætlun frá 1950, og er kostnaðurinn þar talinn 158 millj. króna, og er sú upphæð tekin upp í greinargerðina. Skal ekki farið hér út í hina einstöku liði áætlunarinnar, heldur vísað til þeirra eins og þeir eru settir fram í fskj. Rétt þykir að benda á, að eðlilegast hefði verið að semja upp að nýju lögin frá 1946, nema úr þeim þau ákvæði, sem ekki eiga við lengur, og gefa þau síðan út í heild, í stað þess að semja viðaukalög, eins og hér er gert. Sá nefndin þó ekki ástæðu til að semja frv. þannig upp, enda mjög kallað eftir því úr nefndinni. Þykir þó nauðsynlegt að setja ákvæði í frv. um niðurfellingu 1. gr. laganna frá 1946, sem ekki er lengur í samræmi við fyrirmæli 1. gr. frv. á þskj. 336. Einn nefndarm. (GJ) vill þó láta gera nokkru víðtækari breytingu á frv. og tekur fram í sambandi við það sem hér segir:

„Í 5. gr. laga nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins, er ábyrgð ríkissjóðs bundin því skilyrði, að hún fari þó eigi yfir 85% af kostnaðarverði virkjunarinnar. Er þetta ávæði í samræmi við 22. gr. raforkulaganna frá 1946, þar sem ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast allt að 85% af stofnkostnaði raforkuvera sveitarfélaga og héraðsrafmagnsveitna. Þótt Sogsvirkjunin sé með lögum og samningi gerð að sameign Reykjavíkurbæjar og ríkissjóðs, þar sem ríkissjóður á aðeins fyrst um sinn 15%, en bærinn 85%, verður ekki sagt annað en að hér sé um héraðsrafmagnsveitu að ræða, sem lúta ætti þessu ákvæði raforkulaganna, eins og aðrar héraðsrafmagnsveitur, enda enginn annar kafli í þeim lögum, sem orkuverið heyrir frekar undir. Það er því að skapa fordæmi, sem draga kann dilk á eftir sér, ef horfið er nú frá því ákvæði laganna, að 15% af stofnkostnaði komi frá eigendum án þess að ríkissjóður þurfi að ábyrgjast þann hluta. Það sé því rétt að halda þessu ákvæði í frv. eins og því nú er haldið í 5. gr. laganna, sem ætlazt er til, að felld verði niður."

Með tilvísun til þess, sem tekið hefur verið fram hér að framan, leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Fyrir orðin „gagnvart þriðja manni" í 3. mgr. komi: gagnvart þriðja aðila.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla jafnframt úr gildi 1. og 5. gr. laga nr. 28 23. apríl 1946 og önnur ákvæði, er fara í bága við efni þessara laga.

Alþingi, 13. janúar 1951.

Bernharð Stefánsson, form. Gísli Jónsson, fundaskr., frsm. Þorst. Þorsteinsson.
Brynj. Bjarnason. Karl Kristjánsson.

Fylgiskjal I.

Samningur milli ríkisstjórnarinnar og bæjarstjórnar Reykjavíkur um, að Sogsvirkjunin verði sameign þeirra.

1. gr.

Frá undirskrift samnings þessa er Sogsvirkjunin sameign ríkissjóðs og Reykjavíkurbæjar.

2. gr.

Sogsvirkjunin skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi samkvæmt ákvæðum laga nr. 28. 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins, ákvæðum þessa samnings og reglugerð, er ráðherra setur samkv. tillögu stjórnar Sogsvirkjunarinnar með samþykki beggja samningsaðila.

3. gr.

Sogsvirkjunin selur Rafmagnsveitu Reykjavíkur og Rafmagnsveitum ríkisins raforku við kostnaðarverði að viðbættum allt að 5%.

4. gr.

Allur tekjuafgangur, er verða kann af rekstri Sogsvirkjunarinnar, rennur í varasjóð hennar.

5. gr.

Eignarhlutföll Reykjavíkurbæjar og ríkissjóðs í Sogsvirkjuninni skulu vera sem hér segir:

Við undirskrift samnings þessa verður Reykjavíkurbær eigandi að 85 hundraðshlutum, en ríkissjóður að 15, og skal svo haldast þar til lokið er næstu framhaldsvirkjun. Þegar henni er lokið, verður Reykjavíkurbær eigandi að 65 hundraðshlutum, en ríkissjóður að 35, og skal svo haldast þar til lokið er næstu aukningu virkjunarinnar þar á eftir. Þegar henni er lokið, verður Reykjavíkurbær eigandi að 50 hundraðshlutum og ríkissjóður að 50, og skal svo haldast áfram.

Ríkissjóður verður eigandi að mannvirkjum þeim, sem fyrir eru í fyrirtækinu í framangreindum hlutföllum, þegar hann hefur tekið á sig þá ábyrgð, er segir í 7. gr., og aðrar þær skuldbindingar, sem ríkið gengst undir með samningi þessum.

6. gr.

Ríkissjóður og bæjarstjórn bera sameiginlega, báðir fyrir annan og annar fyrir báða („in solidum"), ábyrgð gagnvart þriðja manni á skuldbindingum Sogsvirkjunarinnar.

7. gr.

Sín á milli bera ríkissjóður og Reykjavíkurbær ábyrgð á lánum og öðrum greiðsluskuldbindingum Sogsvirkjunarinnar í sama hlutfalli og eignin skiptist þeirra á milli, sbr. 5. gr. Meðan á framkvæmd nýrrar aukningar stendur skulu þó aðilar bera jafna ábyrgð á lánum, sem tekin eru til þeirrar aukningar, og framlögðum kostnaði til hennar.

8. gr.

Næstu framhaldsvirkjun Sogsins skal hraðað svo sem kostur er og virkjun þess síðan aukin svo ört, sem þörf verður talin til þess að eftirspurn eftir rafafli á orkuveitusvæði Sogsvirkjunarinnar verði fullnægt, allt að fullvirkjun Sogsins, nema samkomulag verði milli aðila um að fullnægja rafaflsþörfinni á annan hátt.

9. gr.

Ef takmarka þarf sölu rafmagns eða leggja hömlur á rafmagnsnotkun á orkuveitusvæði Sogsvirkjunarinnar í því skyni að draga úr álagi eða hindra vöxt álags á orkuver hennar, ákveður stjórn fyrirtækisins, á hvern hátt takmarkanirnar skulu framkvæmdar á hverjum tíma, samkvæmt nánari ákvæðum reglugerðar, en ávallt skal hún gæta þess, að þær verði að sem minnstum baga fyrir notendur.

10. gr.

Sogsvirkjunin selur báðum aðilum það afl, sem þeir þurfa til þess að fullnægja raforkuþörf hvor á sínum hluta orkuveitusvæðisins, meðan afl virkjunarinnar endist.

Þegar Sogið er fullnotað og farið að afla viðbótarafls frá öðrum orkuverum, skal afl Sogsvirkjunarinnar skiptast á milli samningsaðila í sömu hlutföllum sem eignin skiptist milli þeirra, nema samkomulag verði um annað.

Hvorugum aðilanum skal þó skylt að láta af hendi það afl, sem hann hefur fest kaup á og tekið í notkun, fyrr en Sogið er fullvirkjað og nægilegt afl hefur verið fengið annars staðar frá. Áður en Sogið er orðið fullnotað, skulu samningsaðilar athuga möguleikana á samstarfi um öflun viðbótarafls á grundvelli þessa samnings.

11. gr.

Stjórn Sogsvirkjunarinnar skipa 5 menn.

Þar til ríkissjóður er orðinn meðeigandi að helmingi Sogsvirkjunarinnar (sbr. 5. gr.), tilnefnir bæjarstjórn 3 menn í stjórnina, en ríkisstjórnin 2.

Þegar ríkissjóður er orðinn eigandi að hálfu fyrirtækinu, skipar bæjarstjórnin 2 menn í stjórnina, ríkisstjórnin 2, en hæstiréttur tilnefnir þá fimmta manninn.

Stjórnin skal skipuð til 3 ára í senn.

12. gr.

Stjórn Sogsvirkjunarinnar hefur á hendi stjórn og starfrækslu hennar, undirbúning og framkvæmd aukninga og breytinga á mannvirkjum hennar.

Hún skal veita ríkisstjórn og bæjarstjórn Reykjavíkur þær skýrslur, sem óskað er eftir um starfrækslu og ástand Sogsvirkjunarinnar og leggja fram ársreikning hennar fyrir ríkisstjórn og bæjarstjórn til úrskurðar hvors aðila fyrir sig. Hvor aðili getur látið framkvæma endurskoðun fyrir sig.

Stjórnin getur eigi skuldbundið samningsaðila að því er snertir ábyrgð á lánum og greiðsluskuldbindingum til aukinna framkvæmda eða breytinga á mannvirkjum, nema að fengnu samþykki þeirra hvors um sig. Stjórnin skipar framkvæmdastjóra, sem skal vera rafmagnsverkfræðingur.

Framkvæmdastjóri Sogsvirkjunarinnar stjórnar daglegri starfrækslu, reikningshaldi og öllum verklegum framkvæmdum, er snerta hana. Nánari fyrirmæli um stjórn og rekstur Sogsvirkjunarinnar skulu sett í reglugerð (sbr. 2. gr.).

Reykjavík, 30. júlí 1949.

Bjarni Ásgeirsson.	Gunnar Thoroddsen.
Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið.	Borgarstjórinn í Reykjavík.
(Stimpill)	(Stimpill)

Fylgiskjal II.

Sogsvirkjunin.

Endurskoðuð áætlun um kostnað og gjaldeyrisþörf 30. okt. 1950.

Samkvæmt áætlun dags. 3. marz 1950 áætlaðist kostnaður þannig:

Innlendur kostnaður	ísl. kr.	56.0	millj.
Sterlingvörur og þjónusta	— —	19.1	—
Dollaravörur — —	— —	64.4	—
Alls	ísl. kr.	139.5	millj.

Í þessari áætlun var reiknað með, að byggingarefni yrði tekið á almennan innflutning og andvirði þess talið til innlends kostnaðar. Þegar sýnt var, að þessa yrði ekki kostur, var andvirði byggingarefnisins flutt yfir á liðina „Sterlingvörur" og áætluninni breytt þannig:

Innlendur kostnaður	ísl. kr.	48.7	millj.
Sterlingvörur og þjónusta	— —	28.0	—
Dollaravörur — —	— —	62.8	—
Alls	ísl. kr.	139.5	millj.

Í þessari áætlun var þó samtímis gerð nokkuð nákvæmari áætlun um gjaldeyrisþörfina með hliðsjón af þeim upplýsingum, sem þá lágu fyrir, en áætlunin hins vegar ekki endurskoðuð í heild. Hvað innlenda kostnaðinn snertir eru báðar framangreindar áætlanir í aðalatriðum byggðar á áætlun gerðri í jan. 1949. Hefur gagnger endurskoðun á þessum kostnaði ekki farið fram fyrr en nú, en í áætluninni frá 3. marz var þó tekið tillit til nokkurra hækkana á launum, akstri og farmgjöldum.

Áætlunin hefur nú verið tekin til gagngerðrar endurskoðunar, og eru niðurstöðurnar sýndar í hjálögðum fylgiskjölum. Samkvæmt þessari endurskoðun er áætlunin nú sem hér segir:

Innlendur kostnaður	ísl. kr.	67.55 millj.
Sterlingvörur og þjónusta	— —	28.76 —
Dollaravörur	— —	61.69 —
Alls	ísl. kr.	158.00 millj.

Hér skal nú gefin nokkur skýring á, hvers vegna áætlunin hefur breytzt í þetta horf.

a) Erlendur gjaldeyrir.

Samkvæmt framansögðu hefur sterlingþörfin hækkað um 0.76 millj. kr. og dollaraþörfin lækkað um 1.11 milj. kr. Hækkunin á sterlingþörfinni stafar af því, að nú er allt útlit fyrir, að Fosskraft muni ekki notfæra sér alla þá dollara, sem þeir hafa tilkall til, samkv. samningi, og hefur því nokkuð af dollurum (taldir með í „ófyrirséðu“ áður) verið flutt yfir á „sterling-liðina“, sbr. samninginn við Fosskraft. Jafnframt hefur dollaraþörfin verið lækkuð lítilsháttar með tilliti til þess, að efnið í háspennulínuna reyndist nokkuð ódýrara en áætlað var.

b) Innlendur kostnaður.

Ýmis kostnaður hefur hækkað úr 48.7 upp í 67.55 millj. kr., eða um 18.85 millj. kr. Skýringin á þessari hækkun er sem hér segir:

1) Í áætluninni frá 1. marz 1950 var ekki reiknað með söluskatti á vélum, rafbúnaði og strengjum. Þessi upphæð er: Í. kr. 5,0 millj. ..... ísl. kr. 5.0 millj.
2) Í áætluninni frá í marz 1950 var reiknað með 4.6 millj. kr. fyrir ófyrirséðri gjaldeyrisþörf og á móti þeirri upphæð ófyrirséðum innlendum kostnaði að upphæð 2.0 millj. kr. Nú er reiknað með 6.3 millj. kr. fyrir ófyrirséðri gjaldeyrisþörf vegna hins óstöðuga verðlags og samsvarandi ófyrirséða innlenda upphæð hækkuð úr 2.0 í 3.6 millj. kr. Mismunur ísl. kr. 1.6 millj.
3) Samningurinn við Fosskraft gerir ráð fyrir, að Sogsvirkjunin leggi út fé fyrir tollum o. fl. af vinnuvélum, skálum etc. Enda þótt þetta fé eigi að geta komið til innheimtu síðar, a. m. k. að mestu leyti, er nú reiknað með því í kostnaðaráætlun, en það hefur ekki verið gert áður. Upphæðin áætlast ..... ísl. kr. 1.5 millj.
4) Í áætluninni frá marz 1950 var innlenda upphæðin fyrir vöxtum á byggingartíma áætlað 1.65 millj. kr. og sú erlenda 3.44 millj. kr., og var þessi skipting tekin eftir fyrri áætlunum. Nú er reiknað með, að innlendir vextir séu 4.6 millj. kr. og erlendir 1.23 millj. kr. Gjaldeyrisþörfin er hins vegar ekki lækkuð að sama skapi, heldur hefur ófyrirséð gjaldeyrisþörf verið hækkuð nokkuð. Þessi breyting gerir ..... ísl. kr. 2.95 millj.

5)	Samkvæmt framansögðu áætlast nú, að innlendur kostnaður hækki úr 49.7 í 67.55 millj. kr. Þetta er í rauninni 2 millj. kr. meira en niðurstöðutölur hinnar nýju áætlunar sýndu, og er þessum 2 millj. kr. bætt við fyrir ófyrirséðu (auk þeirrar ófyrirséðu upphæðar, sem reiknað er með skv. lið 2 að framan) vegna hins hækkandi verðlags	ísl. kr.	2.00 millj.
6)	Í áætluninni frá marz 1950 er stjórn og eftirlit etc. áætlað á 1.5 millj. kr., er nú orðin of lág og hefur verið hækkuð um 1.5 millj. kr.	ísl. kr.	1.5 millj.
7)	Áætlunin frá í marz 1950 var, eins og fyrr er getið, í aðalatriðum byggð á áætlun frá í janúar 1949, án þess að raunveruleg gagnger endurskoðun færi fram á innlendum kostnaði. Sú endurskoðun, sem nú hefur verið gerð, gefur 4.3 millj. kr. hærri innlendan kostnað, og stafar sú aukning sumpart af hækkuðu verðlagi á undanförnum tveimur árum, sem ekki hefur verið tekið tillit til fyrr en nú, og sumpart af því, að nokkrir liðir í fyrri áætlunum geta nú talizt hafa verið fulllágt áætlaðir	ísl. kr.	4.3 millj.
		Alls ísl. kr.	18.85 millj.

Hjálagt fylgir (1. og 2. fylgiskjal) áætlun um kostnað og gjaldeyrisþörf. Er kostnaðaráætlunin sundurliðuð eftir farmgjöldum, tollum, vinnulaunum og akstri o. s. frv.

Reykjavík, 30. okt. 1950.

Steingr. Jónsson.

Fylgiskjal III.

Sogsvirkjunin.

Endurskoðuð áætlun um gjaldeyrisþörf 30. október 1950.

A.	Ameríkuviðskipti:		
1.	Vélar, rafbúnaður, strengir:		
	a. Kistufoss—Írafoss	$ 1 440 000	
	b. Spennistöð Elliðaám	– 652 000	
	c. 30-kV kerfi Reykjavík	– 736 000	
			$ 2 828 000
2.	Háspennulína:		
	a. Stíflurnar	$ 225 000	
	b. Stál-Al.-vírar	– 62 000	
	c. Eirstálvírar o. fl.	– 9 000	
	d. Einangrarar og klemmur	– 28 000	
			– 324 000
3.	Vinnuvélar (v. Fosskraft)		– 214 000
4.	Ráðunautar og montörar		– 140 000
5.	Vátrygging		– 24 000
6.	Ófyrirséð vegna efniskaupa o. fl.		– 150 000
7.	Ófyrirséð vegna verðhækkana		– 100 000
			$ 3 780 000
			Ísl. kr. 61 689 600

Fosskraft hefur heimild samkv. samningum til að fá allt að $ 267 þús., en ekki er reiknað með, að firmað notfæri sér meira en $ 214 þús. Er mismunurinn meðtalinn í sterlinggjaldeyrisþörfinni, sbr. samning.

B. Evrópuviðskipti:

1. Greiðslur til Fosskraft:			
a. Samkvæmt tilboði		£ 210 000	
b. Vegna aukn. á verki		– 30 000	£ 240 000
2. Byggingarefni:			
a. Írafoss—Kistufoss skv. tilboði Fosskraft	£ 105 000		
Aukn. á verki	– 13 000		
Hús, brýr, lagnir, etc.	– 17 500	£ 135 500	
b. Háspennulínan		– 2 500	
c. Spennistöð Elliðaár		– 1 000	
d. 30-kV kerfi Reykjavík		– 4 000	– 143 000
3. Túrbínur			– 90 000
4. Lokur, kranar, lyftur			– 50 000
5. Ráðunautar, montörar			– 30 000
6. Vátr. á lið 3 og 4			– 1 400
7. Vextir á byggingartíma			– 27 000
8. Ófyrirséð vegna efniskaupa			– 16 000
9. Ófyrirséð vegna verðhækkana			– 32 000
			£ 629 400
			Ísl. kr. 28 763 580

Ed. 487. Breytingartillaga [38. mál]

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins.

Frá Gísla Jónssyni.

Við 1. gr. Á eftir orðunum í „erlendum gjaldeyri" í 1. mgr. komi: þó eigi yfir 85% af stofnkostnaði.

Nd. 488. Breytingartillaga [20. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 1. gr. Á eftir orðinu „rúmlestum" í 1. málsgr. og „rúmlestir" á einum stað í 1. málsgr. og tveimur stöðum í 2. málsgr. bætist: brúttó.

Ed. 489. Frumvarp til laga [20. mál]

um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

3. gr. laganna orðist þannig:

Brot gegn 1. gr. varða sektum, 1000—2000 kr., ef um er að ræða skip allt að 200 rúmlestum brúttó að stærð, en 10000—20000 kr., ef skipið er yfir 200 rúmlestir brúttó.

Skulu þá og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs, upptæk.

Brot gegn 2. gr. varða sektum 200—1000 kr., ef um er að ræða skip allt að 200 rúmlestir brúttó að stærð, en 2000—10000 kr., ef skipið er yfir 200 rúmlestir brúttó. Um upptekt afla og veiðarfæra fer sem um brot gegn 1. gr., ef um ítrekað brot er að ræða.

Nú er það ljóst af öllum atvikum, að skipið hefur hvorki verið að veiðum í landhelgi, né undirbúningur gerður í því skyni, og má þá lúka málinu með áminningu, þegar um fyrsta brot er að ræða, en ef um ítrekað brot er að ræða, með sektum, 200—1600 kr.

Allar sektir samkvæmt grein þessari eru miðaðar við gullkrónur, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924.

Leggja má löghald á skipið og selja það, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar sektum samkvæmt þessari grein og kostnaði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 490. Breytingartillaga [148. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 65 1933, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Við 3. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 491. Nefndarálit [131. mál]

um till. til þál. um viðbúnað vegna ófriðarhættu.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur rætt tillöguna og orðið ásátt um að mæla með, að hún verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU.

Aftan við fyrri málsgr. bætist: og að birgðum þessum verði skipt milli héraða og landshluta með tilliti til samgangna og annarrar aðstöðu.

Alþingi, 12. jan. 1951.

Jóhann Þ. Jósefsson, form.	Jón Gíslason, fundaskr.	Jón Sigurðsson, frsm.
Finnur Jónsson.	Lúðvík Jósefsson.	Stefán Stefánsson.

Jörundur Brynjólfsson.

Nd. 492. Frumvarp til laga [82. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja fjórar jarðir og landspildu í opinberri eigu.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja eftirtaldar jarðir, að fengnum meðmælum hlutaðeigandi hreppsnefnda og sýslunefnda og skuldbindingu kaupenda um, að þeir geri jarðirnar að ættaróðali.

1. Þjóðjörðina Húsanes í Breiðuvíkurhreppi í Snæfellsnessýslu ábúanda jarðarinnar, Jóni Lárussyni.
2. Kirkjujörðina Skoruvík í Sauðaneshreppi í Norður-Þingeyjarsýslu ábúandanum, Birni Kristjánssyni.
3. Þjóðjörðina Bakkagerði í Svarfaðardal í Eyjafjarðarsýslu ábúandanum, Gesti Vilhjálmssyni.
4. Þjóðjörðina (eyðijörðina) Birgisvík í Árneshreppi í Strandasýslu.

Enn fremur heimilast ríkisstjórninni að selja Þórarni Guðjónssyni, Ásgarði í Hvolhreppi, 10 hektara spildu úr Tjaldhólalandi í Hvolhreppi í Rangárvallasýslu, sem skógrækt ríkisins keypti árið 1943, að fengnu samþykki skógræktar ríkisins og að því tilskildu, að land þetta verði lagt undir nýbýlið Ásgarð.

Söluverð jarða þessara og landspildu, sem hér um ræðir, skal ákveðið með mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 493. Nefndarálit [101. mál]

um till. til þál. um gæðamat iðnaðarvara.

Frá allsherjarnefnd.

Iðnaðarvörur þær erlendar og innlendar, sem seldar eru í landinu, eru mjög margvíslegar og misjafnar að gæðum.

Reglur, sem settar yrðu um mat á þeim, hlytu því að verða mjög margbrotnar. Hins vegar eiga kaupendur mjög mikið í húfi um vörukaupin, einkum vegna vöruþurrðar þeirrar, sem er í landinu. Nefndin telur því rétt, að sú athugun,, sem farið er fram á í tillögunni, verði gerð og leggur til, að till. verði samþykkt.

Alþingi, 15. janúar 1951.

Jóhann Þ. Jósefsson, form.	Jón Gíslason, fundaskr.	Finnur Jónsson, frsm.
Jörundur Brynjólfsson.	Jón Sigurðsson.	Lúðvík Jósefsson.

Sþ. 494. Tillaga til þingsályktunar [152. mál]

um aðstoð til byggingar ódýrra leiguíbúða.

Flm.: Rannveig Þorsteinsdóttir, Gísli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram athugun á því, hvort heppilegt sé og á hvern hátt framkvæmanlegt að veita leigjendafélögum aðstoð til að koma upp ódýru leiguhúsnæði til íbúðar.

Greinargerð.

Stjórn Leigjendafélags Reykjavíkur hefur hug á að beita sér fyrir því, að komið verði upp með atbeina félagsins ódýrum íbúðarhúsum, sem eingöngu séu ætluð til leigu, enda verði þau þá leigð við sannvirði. Er hér um nýmæli að ræða. Félagsstjórnin hefur samið frumvarp um þetta efni, og er það, ásamt greinargerð stjórnar L. R. og byggingaruppdráttum, prentað sem fylgiskjal með tillögunni. Málið þarf þó enn nánari athugunar við, enda vandasamt að ýmsu leyti. Þykir rétt, að ríkisstjórnin láti slíka athugun fara fram, eftir að alþingismenn hafa átt kost á að kynna sér tillögur Leigjendafélagsins, sem prentaðar eru í fylgiskjalinu, og láta í ljós álit sitt á þeim.

Fylgiskjal.

Frumvarp til laga um íbúðarhúsabyggingar Leigjendafélags Reykjavíkur.

(Samið af stjórn L. R.).

1. gr. — Leigjendafélagi Reykjavíkur heimilast að reisa íbúðarhús, — sambyggingar eða einstök hús —, til þess að leigja félagsmönnum sínum við kostnaðarverði, að viðbættu hæfilegu gjaldi, sem ákveðst árlega af framkvæmdastjórn byggingannna, fyrir viðhaldi og fyrningu íbúðanna.

2. gr. — Félagsmálaráðuneytið skipi framkvæmdastjórn fyrir byggingarstarfsemi félagsins eftir tilnefningu félagsstjórnar. Þó skal formaður framkvæmdastjórnar skipaður sérstaklega af þeim ráðherra, sem fer með félagsmál, en hinir fjórir þannig: Einn lögfræðingur, er sé þó félagsmaður, tveir menn úr stjórn félagsins og einn byggingarsérfróður maður — arkitekt. — Stjórnin sé skipuð til fjögurra ára í senn.

3. gr. — Til þess að standast kostnað við slíkar byggingar, sem um getur í 1. gr., skal framkvæmdastjórn félagsins heimilt að gefa út sérskuldabréf allt að 10 milljónum króna, er hljóði á upphæðir, er ríkisstjórn samþykkir, enda séu bréfin tryggð með ríkisábyrgð og veði í íbúðarhúsum, sem reist verða samkv. 1. gr.

4. gr. — Ákveða skal með reglugerð, sem staðfest sé af fjármálaráðherra, til hve langs tíma skuldabréfin skulu standa. Enn fremur á hvern hátt þau skuli seljast og hvaða vexti þau skuli bera.

5. gr. — Andvirði seldra bréfa skal leggjast í sérstakan byggingarsjóð, er nefnist Byggingarsjóður Leigjendafélags Reykjavíkur, og skal hann vera í varðveizlu opinberra peningastofnana á venjulegum innlánsvöxtum á hverjum tíma.

6. gr. — Óheimilt er að nota fé sjóðsins til annars en byggingarframkvæmda fyrir leigjendafélag Reykjavíkur, sbr. 1. gr.

7. gr. — Stjórn byggingarsjóðs sé skipuð sömu mönnum og eru í framkvæmdastjórn byggingarstarfsemi félagsins. Kostnaður við framkvæmdastjórn byggingarstarfseminnar og byggingarsjóðs sé ákveðinn af félagsstjórn og greiðist úr byggingarsjóði.

8. gr. — Fyrir 15. janúar ár hvert skal stjórn byggingarsjóðs hafa látið fjár-

málaráðuneytið hafa nákvæma sundurliðaða skýrslu yfir seld bréf, sbr. 3. gr., næsta söluár á undan.

9. gr. — Nú telur framkvæmdastjórn byggingarstarfsemi félagsins, að nægilegt fé sé fyrir hendi í byggingarsjóði til þess að hefja byggingar íbúðarhúsa, sbr. 1. gr., og skal hún þá leggja fyrir félagsmálaráðuneytið til samþykktar allar nauðsynlegar teikningar.

10. gr. — Allar íbúðarbyggingar félagsins skulu gerðar úr járnbentri steinsteypu eða öðru varanlegu efni, með 1—4 herbergja íbúðum, auk eldhúss og geymslu, með venjulegum þægindum. Að öðru leyti sé fyrirkomulag bygginganna samþykkt af félagsmálaráðuneytinu, sbr. 9. gr.

11. gr. — Ákveða skal með reglugerð, er félagsmálaráðuneytið staðfestir, eftir hverjum reglum stjórn félagsins sé heimilt að leigja íbúðir til félagsmanna. Enn fremur um viðhald húsanna, og skal framkvæmdastjórn byggingarstarfsemi félagsins hafa á hendi eftirlit með því.

12. gr. — Verði skemmdir á íbúðum félagsins af völdum leigutaka, er honum skylt að bæta þær að fullu eftir mati dómkvaddra manna.

13. gr. — Óheimilt er að selja íbúð eða íbúðir, er félagið lætur byggja samkvæmt lögum þessum.

14. gr. — Nú telur framkvæmdastjórn félagsins sér heppilegra að annast sjálf innkaup byggingarefnis fyrir byggingarstarfsemi félagsins, og skal hún þá hafa sama rétt og aðrir innflytjendur byggingarefnis til að fá innflutningsleyfi og að fá keyptan gjaldeyri.

15. gr. — Þegar er félagið hefur hafið byggingarstarfsemi sína, sbr. 9. gr., skulu ársreikningar byggingarsjóðs lagðir fyrir ríkisstjórn til úrskurðar eftir hvert reikningsár, en Alþingi kýs með hlutfallskosningu tvo endurskoðendur þeirra til fjögurra ára í senn.

16. gr. — Nú hættir Leigjendafélag Reykjavíkur störfum, og falla þá niður ákvæði 2. gr. um stjórn byggingarstarfsemi þess, og skal þá félagsmálaráðuneytið skipa stjórn fyrir byggingar þess.

17. gr. — Brot gegn ákvæðum laga þessara, þar á meðal ef byggingarefni er í heimildarleysi varið til annarra þarfa en lög þessi ákveða, varða sektum allt að 100 þús. krónum.

18. gr. — Mál, sem rísa kunna út af brotum á lögum þessum, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

19. gr. — Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð stjórnar L. R.

Eins og kunnugt er, eru húsnæðismálin eitt alvarlegasta vandamál þeirra bæjarbúa, sem vegna fjárhagsörðugleika eiga þess ekki kost að búa í eigin húsnæði, og verða þar af leiðandi að eyða verulegum hluta tekna sinna í leigu eftir húsnæði, mismunandi að gæðum, sem oft er í engu samræmi við þarfir leigutaka.


Oss er það fyllilega ljóst, hverjar afleiðingar slíkt fyrirkomulag hefur fyrir lífsafkomu leigjenda.

Vér teljum því, að hugmyndir þær, sem fram koma í meðfylgjandi frumvarpi voru um íbúðarbyggingarstarfsemi Leigjendafélags Reykjavíkur, feli í sér verulegar tilraunir til úrbóta þessu mikla vandamáli, og viljum því leyfa oss að fara þess á leit við hið háa Alþingi, að það sjái sér fært að veita oss þann stuðning, sem farið er fram á í þessu frumvarpi, og nauðsynlegur er til frekari framkvæmda.

Með vinsemd,

í stjórn Leigjendafélags Reykjavíkur

Kristján Hjaltason,	Jón Hallvarðsson,	Sveinn Guðmundsson,
form.	ritari.	gjaldkeri.



Þessa uppdrætti hefur Sigvaldi Thordarson arkitekt gert fyrir Leigjendafélag Reykjavíkur. — Íbúðirnar eru af tveimur gerðum, þriggja og fjögurra herbergja, og er gert ráð fyrir, að þær verði í þriggja hæða sambyggingum, ca. 30 íbúðir í blokk. Nánari greinargerð fyrir hinum fyrirhuguðu íbúðum félagsins fylgir á næstu síðu.

Greinargerð stjórnar Leigjendafélags Reykjavíkur um fyrirætlanir félagsstjórnarinnar viðvíkjandi byggingarframkvæmdum félagsins.

Leigjendafélag Reykjavíkur álítur brýna nauðsyn bera til þess, að félagið sjálft leggi út í byggingarframkvæmdir leiguíbúða fyrir meðlimi sína eins fljótt og því verður við komið. Hefur stjórn félagsins snúið sér til Sigvalda Thordarson arkitekts og fengið hann til þess að teikna meðfylgjandi uppdrætti að tveimur íbúðargerðum. Er þar lögð áherzla á að hagnýta sem bezt rými og efni, er fullnægi þó að öllu þeim kröfum, sem gera verður til mannsæmandi húsnæðis. Stærri íbúðargerðin, sem er 4 herbergi, borðkrókur, eldhús og bað, er 89,5 m² brúttó með hálfu stigahúsi. Í stigahúsi er komið fyrir rafmagnsmælum o. þ. h. ásamt sorprennu. Auk þess eru svalir ca. 5 m².

Minni íbúðargerðin, sem er 3 herbergi, borðkrókur, eldhús og bað, er 75,75 m² brúttó með hálfu stigahúsi. Auk þess eru svalir ca. 5 m².

Rúmmál stærri íbúðargerðarinnar er ca. 250 m³, fyrir utan hlutdeild í kjallara og þaki, en minni íbúðargerðirnar ca. 210 m³, reiknað á sama hátt. Eins og sjá má á teikningum þessum, er við skipulag íbúðanna lögð aðaláherzla á það að gera störf húsmóðurinnar sem léttust.

Leikskáli (borðkrókur) og svalir eru í nánu sambandi við eldhúsið, enn fremur svefnherbergið og aðrir hlutar íbúðarinnar. Og segir það sig sjálft, að slíkt fyrirkomulag íbúða auðveldar mjög alla umsjón með börnum. — Enn fremur er lögð á það mikil áherzla, að sem minnst verði af göngum og dimmum forstofum í íbúðinni. Innri gangurinn, sem komið er inn í úr stigahúsinu, er í senn bæði leikskáli og borðkrókur. Fatageymsla, sem ekki nær til lofts, skilur borðkrók frá sjálfum innganginum.

Gert er ráð fyrir þriggja hæða sambyggingum (blokkum), með ca. 30 íbúðum í hverri. Í kjallara verði komið fyrir, auk geymslna, sameiginlegu þvottahúsi, er búið sé öllum nýtízku vélum.

Séu húsin ekki á hitaveitusvæði, er gert ráð fyrir „hitacentral", helzt fyrir fleiri blokkir.

Auk barnaleikvallar er að sjálfsögðu nauðsynlegt að hafa barnaheimili og vöggustofur í sambandi við slíkar blokkbyggingar. En gerð og fyrirkomulag þeirra heimila færi vitanlega eftir því, hve miklu framlagi félagið hefði yfir að ráða.

Í þessum hugmyndum, sem hér eru settar fram, er gerð tilraun til þess að samræma sem bezt hagnýtingu rýmis og efnis við þarfir íbúanna. Og í öðru lagi er þeim hluta alþýðunnar í landinu, sem skarðastan hlut hefur með alla tekjuöflun, veittur möguleiki til þess að búa í góðum og hollum íbúðum, þar sem félagið hugsar sér að íbúðirnar verði leigðar félagsmönnum með aðeins kostnaðarverði. En fjöldi láglaunafólks hefur engin tök á að leggja fram þær fjárhæðir, sem til þess þarf að eignast góðar íbúðir. Hins vegar er vitað, að húsaleigan er flestum alþýðufjölskyldum ærið þung byrði, en ekki alltaf að sama skapi haganlegar íbúðir þær, sem almenningur verður að sætta sig við. Hér er því um mikilsvert þjóðþrifamál að ræða, sem í framkvæmdinni ætti að geta orðið drjúgur þáttur í að ráða bót á þeirri verðbólgu, er nú þjáir allan þorra láglaunafólks.

Í Danmörku og Svíþjóð hafa samtök leigjenda lagt út í miklar byggingarframkvæmdir með svipuðu fyrirkomulagi og hér eru hugsaðar, og gefið ágæta raun.

Ed. 495. Frumvarp til laga [148. mál]

um breyting á lögum nr. 65 19. júní 1933, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

23. gr. laganna orðist svo:

Fyrir venjulegt sóttvarnareftirlit samkvæmt lögum þessum skal greiða af skipum, sem ekki ná 60 smálestum, 40 krónur, sem eru frá 60 upp að 100 smálestum, 60 krónur, og 100 krónur af skipum, sem eru yfir 100 smálestir, auk kostnaðar við flutning sóttgæzlumanns út í skipið.

Gjöld þessi renna í sérstakan sjóð, sóttvarnarsjóð, er vera skal í vörzlum fjármálaráðherra, og skal birta reikninga sjóðsins árlega í B-deild Stjórnartíðinda.

2. gr.

a-liður 24. gr. laganna orðist svo:

Skipið skal ávallt greiða gjald það, sem nefnt er í 23. gr., svo og kostnað við flutning út í skipið og í land aftur. Einnig aukreitis jafnhátt gjald til læknis fyrir skoðunargerð hans, ef hann er tilkvaddur samkvæmt lögum þessum, enn fremur fyrir ferð hans eða ferðir út í skipið samkvæmt gjaldskrá héraðslækna, svo og flutningskostnað hans og dagpeninga samkvæmt sömu gjaldskrá, ef þörf gerist að hann sé sóttkvíaður vegna skoðunargerðarinnar, þangað til þeirri sóttkvíun er lokið.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 496. Nefndarálit [104. mál]

um frv. til laga um nýtt orkuver og nýja orkuveitu rafmagnsveitna ríkisins.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt málið á tveimur fundum. Sendi hún það til umsagnar raforkumálastjóra, og er umsögn hans birt hér með sem fylgiskjal. Eins og umsögnin ber með sér, leggur raforkumálastjóri á móti því, að frv. verði samþykkt. Hins vegar vill hann, að athugað sé, hvort taka beri veituna upp í tillögur um héraðsrafmagnsveitur ríkisins, og ætti þá jafnframt að taka tillit til væntanlegrar þaraverksmiðju, sem ekki er vitað um, hve mikillar orku kann að krefjast.

Á Reykhólum er nú starfrækt tilraunastöð í jarðrækt, þar er einnig verið að brjóta og undirbúa land í stórum stíl fyrir fé úr landnámssjóði. Þar er þegar fyrir læknisbústaður, prestsbústaður og sundlaug til kennslu. Allt landið og flestar byggingar á því eru eign ríkissjóðs. Mjög mikil eftirspurn er eftir byggingarlóðum, einkum í sambandi við jarðhitann. Staðnum er því mjög nauðsynlegt að fá raforku sem allra fyrst.

Nefndin getur fallizt á rök raforkumálastjóra, að réttara sé, að hér sé komið upp héraðsrafmagnsveitu ríkisins og að taka beri tillit til væntanlegrar þaraverksmiðju, og þess vegna þurfi málið betri undirbúning, einkum með tilliti til þess kostnaðar, sem áætlað er, að gufuvirkjun kosti. En nefndin telur, að rétt sé að hraða þessum undirbúningi svo sem unnt er og leggur því til, að frv. verði afgr. með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að þegar verði gerðar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma upp héraðsrafmagnsveitu ríkisins á Reykhólum í Austur-Barðastrandarsýslu, er fullgerð sé eigi síðar en á n. k. ári, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 16. jan. 1951.

Gísli Jónsson, form., frsm. Rannveig Þorsteinsdóttir, fundaskr. Jóhann Þ. Jósefsson.

Steingr. Aðalsteinsson.

Fylgiskjal.

RAFORKUMÁLASTJÓRI

Reykjavík, 8. des. 1950.

Iðnaðarnefnd efri deildar, Alþingi.

Varðandi frv. til laga um nýtt orkuver og nýja orkuveitu rafmagnsveitna ríkisins (Reykhólar). Þingskjal 190.

Með bréfi, dags. 27. f. m., sendi hin háttvirta nefnd mér til umsagnar frv. til laga um nýtt orkuver og nýja orkuveitu rafmagnsveitna ríkisins á þskj. 190. Ég hef nú athugað frumvarpið og vildi því viðvíkjandi taka fram það, sem hér fer á eftir.

1. Rafveita sú að Reykhólum, sem um ræðir í frumvarpinu, telst ekki til aðalorkuveitna samkvæmt þeirri venju, sem skapazt hefur um notkun þess orðs og raunar má telja staðfesta með lögum. Veitan að Reykhólum mundi teljast til héraðsrafmagnsveitna; þar er um að ræða dreifingu orkunnar til sjálfra notenda og sölu til notenda (smásölu). Ef ríkisrafveitunum er ætlað að byggja veitu þessa og reka, ber því að taka hana upp í þær tillögur til „nýrra raforkuframkvæmda“ (nýrra héraðsrafmagnsveitna ríkisins), sem árlega eru teknar saman á raforkumálaskrifstofunni í samráði við raforkuráð og ráðuneyti og fé er veitt til á fjárlögum ár hvert. Þetta gildir einnig rafstöðina, þar sem um smá-dieselrafstöð eða litla gufustöð er að ræða.
2. Stofnkostnaður 100 kílowatta jarðhitaorkuversins er hár, miðað við afl þess, um 10000.00 kr. á kílowatt. Árlegur reksturskostnaður orkuvers og veitu áætlast nærri 200 þús. kr. Þetta er væntanlega meira en Reykhólar geta borið sem stendur.
3. Nú er verið að rannsaka skilyrði þess að koma upp sérstakri þaravinnslustöð að Reykhólum, er vinni útflutningsvöru að verðmæti allt að 10 milljón króna á ári. Mér er ókunnugt um, hve mikið rafafl sú verksmiðja þarf, svo og hve margt starfsfólk. En víst er, að slík verksmiðja mundi breyta viðhorfum í rafmagnsmálum staðarins.

Að athuguðu máli vil ég því leyfa mér að leggja til, að frv. verði ekki gert að lögum, en í þess stað tekið til athugunar, hvort taka beri veituna upp í tillögur um héraðsrafmagnsveitur ríkisins og hvert tillit beri að taka til væntanlegrar þaraverksmiðju.

Virðingarfyllst

Jakob Gíslason.

Nd. 497. Nefndarálit [65. mál]

um frv. til ábúðarlaga.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt þetta frumvarp og mælir með því eftir atvikum, að það verði samþykkt, þar sem um enga efnisbreytingu er að ræða frá gildandi lögum, heldur samfærsla á sundurlausum breytingum við aðallögin.

En þó nefndin mæli með því eins og á stendur, að þetta frumvarp verði nú samþykkt, þá er hún þeirrar skoðunar, að efnislega endurskoðun ábúðarlaganna beri að hefja, einkum vegna þess, að sum ákvæði laganna eru eigi framkvæmd og hafa aldrei verið. Leggur nefndin því áherzlu á, að frumvarp um það verði lagt fyrir næsta Alþingi og haft um það samráð við Búnaðarfélag Íslands og búnaðarþing.

Alþingi, 18. janúar 1951.

Bjarni Ásgeirsson, form. Jón Sigurðsson, fundaskr. Jón Pálmason, frsm.
Ásgeir Bjarnason. Ásmundur Sigurðsson.

Nd. 498. Nefndarálit [60. mál]

um frv. til laga um rétt manna til kaupa á ítökum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og rætt það á nokkrum fundum. Virðist nefndarmönnum, að hér sé um allflókið mál að ræða, sem í ýmsum tilfellum geti valdið ágreiningi milli þeirra aðila, er hlut eiga að máli, ef að lögum verður í þeirri mynd, sem hér er. Sums staðar getur þannig verið ástatt, að ítak, t. d. trjáreki, sé óhjákvæmileg nauðsyn því býli, er þess nýtur, og getur svo verið um fleiri atriði, er til ítaka teljast. Þar sem búnaðarþing á að koma saman í næsta mánuði, telur n. rétt, að það fái tækifæri til að athuga málið, og leggur því til, að deildin afgreiði það með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ

Með því að mál þetta getur verið nokkurt ágreiningsmál innan bændastéttarinnar, telur deildin rétt, að ríkisstjórnin feli búnaðarþingi því, er nú kemur saman, að taka það til athugunar, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 17. jan. 1951.

Bjarni Ásgeirsson, form. Jón Sigurðsson, fundaskr. Ásmundur Sigurðsson, frsm.
Jón Pálmason. Ásgeir Bjarnason.

Nd. 499. Nefndarálit [23. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 11 12. febr. 1940, um sölu og útflutning á vörum.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar (EO).

Nefndin hefur klofnað um afstöðu til þessa máls. Meiri hlutinn hefur enn hvorki viljað taka afstöðu með því eða móti, en ég legg til, að það sé samþykkt.

Ég álít, að sú rýmkun haftanna á útflutningi og innflutningi, sem í þessu frv. felst, samrýmist bezt almenningshagsmunum, þar sem samkvæmt því yrði haldið eftirliti ríkisins og valdi, þegar það er ekki beinlínis til hindrunar framtaki fólks til eflingar markaða og aukningar framleiðslu. Jafnframt væri þá sett lágmarksverð á útflutningsvörurnar og hámarksverð á innfluttar vörur í smásölu, og hagsmunir þjóðarinnar í þessum mikilsverðu málum tryggðir. Þýðingarmest yrði þó, að með samþykkt þessa frv. yrði hægt fyrir útflytjendur að vinna af miklu meiri krafti að því að auka framleiðslu og útflutning og leggja þannig heilbrigðan grundvöll að auknum innflutningi nauðsynjavara. Það er að mínu áliti mjög skaðlegt fyrir þjóðina, hve lengi hefur dregizt að samþykkja þetta frv. Á þeim mörkuðum, sem ég sannaði í greinargerð frv., að væru til í Austur-Þýzkalandi, hefði nú þegar verið hægt að vera búið að selja íslenzkar afurðir fyrir margar milljónir króna og fá nauðsynjavörur í staðinn. Sakir einokunarinnar og seinlætis og áhugaleysis ríkisstjórnarinnar hafa tapazt þarna milljónir króna, sem fengizt gátu fyrir útflutningsafurðir, sem fólkið nú hefur ekki fengið að framleiða, selja og kaupa sér nauðsynjar fyrir andvirði þeirra.

Ég vænti þess, að þjóðinni sé ekki bakað meira tjón en orðið er með drættinum á samþykkt þessa frv., og legg því til, að það verði samþykkt nú.

Alþingi, 16. jan. 1951.

Einar Olgeirsson.

Ed. 500. Frumvarp til laga [38. mál.]

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Við 10. gr. laganna bætist:

Nú vinnur kona framteljanda utan heimilis, þó ekki við fyrirtæki hans, og má þá frádráttarbær kostnaður vegna heimilisstjórnar nema þeim launum, sem ráðskonu sannanlega eru greidd, en þó ekki hærri upphæð en konan vinnur sér inn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmdar við álagningu skatta árið 1951.

Ed. 501. Lög [20. mál]

um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

(Afgreidd frá Ed. 17. jan.)

Samhljóða þskj. 489.

Ed. 502. Lög [107. mál]

um breyting á bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941.

(Afgreidd frá Ed. 17. jan.)

Samhljóða þskj. 471.

Ed. 503. Nefndarálit [91. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 27. júní 1921, um fasteignaskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og er sammála um að leggja til, að það verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinina skal orða þannig:
   Í stað 2. málsgr. 3. gr. laganna komi:
   Nú er fasteignaskattur af eign samkvæmt 1. gr. lægri en 10 krónur, og skal hann þá ekki innheimtur.
   Skatturinn skal jafnan standa á heilum krónum, en aurum sleppt.
2. Við 2. gr. Greinin orðist þannig:
   Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við innheimtu fasteignaskatts á manntalsþingum 1951.

Alþingi, 17. jan. 1951.

Bernh. Stefánsson, form. Gísli Jónsson, fundaskr. Þorst. Þorsteinsson, frsm.
Karl Kristjánsson. Brynjólfur Bjarnason.

Nd. 504. Breytingartillaga [77. mál]

við frv. til l. um breyt. á og viðauka við l. nr. 43 23. maí 1949, um innflutning og úthlutun jeppabifreiða til landbúnaðarþarfa o. fl.

Frá Ingólfi Jónssyni.

Við 2. gr. a-liður greinarinnar falli burt.

Ed. 505. Nefndarálit [96. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á einum fundi. Jafnframt sjálfu frv. var og athuguð og rædd brtt. á þskj. 264, sem fram kom í Nd. og náði þar ekki samþykki deildarinnar. Vildu tveir nefndarmenn (BSt og KK) fá nefndina til þess að flytja þá brtt. eða

hliðstæða við frv., en um það varð ekki samkomulag. Ræddar voru einnig í nefndinni aðrar brtt. við frv., er heldur ekki varð samkomulag um að flytja sameiginlega. Samkomulag varð um að leggja til, að frv. yrði samþ., en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að bera fram breytingartillögur eða fylgja brtt., sem fram kynnu að koma.

Alþingi, 17. jan. 1951.

Bernh. Stefánsson, form. Gísli Jónsson, fundaskr., frsm. Karl Kristjánsson.
Þorst. Þorsteinsson. Brynjólfur Bjarnason.

Ed. 506. Nefndarálit [32. mál]

um frv. til l. um framkvæmd á viðskiptasamningum við Pólland, dags. 14. júní 1948 og 7. apríl 1949.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á tveimur fundum. Er hér um staðfestingu að ræða á bráðabirgðalögum, sem gefin voru út í maí s. l. og verið hafa í gildi síðan; hafa því atriði þau, sem hér um ræðir, verið framkvæmd samkvæmt ákvæðum frv.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt. Einn nefndarmanna (BrB) lætur þess getið, að hann væri efnislega andvígur ákvæðum frv., en gerði hins vegar ekki ágreining, þar sem hér væri um staðfestingu á bráðabirgðalögum að ræða og það því tilgangslaust.

Alþingi, 17. jan. 1951.

Bernh. Stefánsson, form. Gísli Jónsson, fundaskr., frsm. Karl Kristjánsson.
Þorst. Þorsteinsson. Brynjólfur Bjarnason.

Nd. 507. Frumvarp til laga [153. mál]

um breyting á áfengislögum, nr. 33/1935, og lögum nr. 26/1943, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Pétur Ottesen.

1. gr.

6. gr. áfengislaga, nr. 33/1935, orðist svo:

Bannað er að brugga á Íslandi eða búa til áfenga drykki eða áfengisvökva og gera drykkhæft það áfengi, sem er eða gert hefur verið óhæft til drykkjar.

2. gr.

11. gr. laganna falli niður, og breytist greinatalan samkvæmt því.

3. gr.

Orðin „eða veitingastað“ í b-lið 12. gr. laganna og „og veitingastað“ á tveimur stöðum í c-lið sömu gr. falli niður.

4. gr.

Orðin „nema leyfi lögreglustjóra komi til“ í niðurlagi 17. gr. laganna falli niður.

5. gr.

Fyrir orðin „40 kr. á hvern lítra“ á tveimur stöðum í 27. gr. laganna kemur: 400 kr. á hvern lítra.

6. gr.

2. gr. laga nr. 26 1943, um breyt. á áfengislögum, nr. 33 1935, falli niður.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi felld l. nr. 92 1941, um breyt. á áfengislögum, nr. 33 1935.

Greinargerð.

Það er engan veginn að ástæðulausu, þó mönnum hrjósi hugur við þeirri hættu, sem Íslendingum er búin af þeirri hóflausu vínnautn, sem hér á sér stað, og ómenningu margs konar og siðleysi, sem siglt hefur í kjölfar hennar. Um það eru margháttuð dæmi deginum ljósari, og er þeirra fyrirbrigða ekki hvað síst að leita í samkvæmum þeim, sem háð eru í salarkynnum, þar sem leyft er, að vínveitingar megi um hönd hafa. Um langt skeið hafa þau ákvæði verið í gildi í áfengislöggjöf vorri, að dómsmálaráðherra hefur til þess heimild að leyfa einu veitingahúsi í Reykjavík veitingar á áfengum drykkjum. Í skjóli þessarar heimildar hefur eitt af veitingahúsum bæjarins notið þessara sérréttinda um langt árabil. Olli þessi sérréttindaveiting brátt miklum reipdrætti af hálfu annarra gistihúsarekenda, er þótti sér með þessu óréttur ger. Hér sannaðist brátt hið fornkveðna, „að ein syndin býður annarri heim“, því afleiðingin af þessu varð brátt sú, að þýðingarmikið ákvæði í áfengislögunum, þar sem svo er ákveðið: Ekkert félag manna má hafa um hönd í félagsskap áfengisveitingar né heldur má áfengisnautn fara fram í félagsherbergjum, hvort sem þau eru í húsi félagsins eða annarra“, var að engu gert með því að gefa lögreglustjórum heimild til þess að veita undanþágur frá þessu ákvæði. Hefur það verið ósleitilega gert æ síðan, enda talið, að eigendur veitingahúsa geri það almennt að skilyrði fyrir því, að leyfð séu samkvæmi í salarkynnum þeirra, að þar séu vínveitingar. Er þetta vínveitingaleyfafargan allt orðin hin mesta hneykslunarhella. Verður að reisa rammar skorður við þessum háskalega faraldri, sem í vaxandi mæli herjar á þjóð vora. Verður þar að stemma á að ósi og skera fyrir rætur þessarar meinsemdar með því að fella niður úr áfengislögum ákvæðin um sérréttindi til handa einu veitingahúsi í Reykjavík svo og undanþáguheimild þá, sem lögreglustjórar nú hafa til að leyfa vínveitingar. Er þetta annað aðalatriði frv. þessa að fella niður úr lögunum hvorar tveggja þessar heimildir.

Annar meginþáttur frv. er að nema í burtu úr áfengislögunum þær hömlur, sem á því eru, að ákvæði 1. gr. l. nr. 26 1943, um breyt. á 9. gr. laganna um héraðabönn geti orðið raunhæf. En það er gert með því að fella niður 2. gr. í lögum nr. 26 1943, um breyting á áfengislögum, nr. 33 9. jan. 1935. Er þar svo ákveðið: „Nú telur ríkisstjórnin, að lög þessi (þ. e. ákvæðin um héraðabönn) kunni að brjóta í bága við milliríkjasamninga, og skal hún þá gera þær ráðstafanir, er hún álítur nauðsynlegar til þess að samrýma þá samninga ákvæðum laganna. Að því loknu öðlast lögin gildi, enda birtir ríkisstjórnin um það tilkynningu.“ Ekkert það hefur komið fram í milliríkjasamningum, er bendi í þá átt, að ákvæðin um héraðabönnin, þó framkvæmd væru, yrðu þar þrándur í götu. Samt sem áður hefur ríkisstjórnin enga tilkynningu gefið út varðandi þetta atriði, en það hefur orðið til þess að loka leiðum að því, að vilji fólksins á þeim stöðum, sem ákvæði þessi taka til, hafi fengið að njóta sín. Því er hér lagt til, að ákvæði þetta verði fellt niður.

Önnur atriði þessa frv. eru um að nema úr gildi heimild þá, sem ríkisstjórninni var veitt á hernámsárunum til þess að leyfa bruggun á sterku öli handa brezka setuliðinu. Enn fremur er lagt til að hækka vissa tegund sekta í sambandi við óleyfilegan innflutning áfengis.

Það er vissulega margt fleira í áfengislögunum, sem full ástæða væri til að breyta á þann veg að draga úr og stemma stigu fyrir skaðsemi vínflóðsins. Hér eru aðeins tekin þau atriðin, sem nú eru mestur þyrnir í augum, vínveitingaleyfin og hindranir þær, sem á því eru, að ákvæðin um héraðabönnin geti komizt í framkvæmd. Um nánari endurskoðun á áfengislögunum í fyrrgreindu augnamiði liggja fyrir tillögur frá mér í sameinuðu þingi.

Það hafa löngum verið á Alþingi allskiptar skoðanir um ráðstafanir af hálfu þess opinbera varðandi það, hversu þeim málum skuli hagað. Hefur okkur, sem sótt höfum á um það að reisa rönd við drykkjubölinu með ýmsum takmörkunum í því efni, þótt hlutur okkar vera helzt til smár, einkum upp á síðkastið.

Þó hefur á þessu þingi tekizt gott samkomulag um endurbætur á einu atriði áfengislaganna, að því er það snertir að styrkja aðstöðu lögreglumanna í baráttu þeirra við leynivínsölu í bílum, sem farið hefur mjög í vöxt upp á síðkastið. Frv. um þetta efni hefur með einróma samþykki hlotið afgreiðslu í neðri deild, og vænta má, að svo verði það einnig í efri deild. Er þess að vænta, að þróun í þessum málum á Alþingi gangi í þessa átt, og er það vissulega vel farið.

Ed. 508. Nefndarálit [97. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 1939, um tollskrá o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin ræddi frv. á einum fundi. Meiri hl. nefndarinnar lítur svo á, að gildandi tollalöggjöf sé undirstaðan undir tolltekjum ríkissjóðs, eins og þær eru áætlaðar á yfirstandandi ári. Ef breyta ætti þeirri löggjöf í einstökum atriðum, án þess að endurskoða löggjöfina í heild og tryggja þá jafnframt ríkissjóði aðra tekjustofna í stað þeirra, sem þannig kynnu að verða felldir niður, yrðu að liggja til þess ríkar ástæður. Telur meiri hl. ekki, að þær ástæður, sem hér eru færðar fram fyrir þessu, séu nægilegar til þess að gerðar séu þær breytingar á tollalöggjöfinni, sem hér er farið fram á. Meiri hl. leggur því til, að frv. verði felld. Minni hl. (BrB) vill láta samþ. frumvarpið og gefur því út sérstakt nál.

Alþingi, 18. jan. 1951.

Bernh. Stefánsson, form. Gísli Jónsson, fundaskr., frsm. Karl Kristjánsson.
Þorst. Þorsteinsson.

Nd. 509. Lög [82. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja fjórar jarðir og landspildu í opinberri eigu.

(Afgreidd frá Nd. 18. jan.)

Samhljóða þskj. 492.

Nd. 510. Lög [77. mál]

um breyting á og viðauka við lög nr. 43 23. maí 1949, um innflutning og úthlutun jeppabifreiða til landbúnaðarþarfa o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 18. jan.)

Samhljóða þskj. 453.

Ed. 511. Nefndarálit [56. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 82/1936, um ríkisútgáfu námsbóka.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt þetta frumvarp á allmörgum fundum. Eiríkur Einarsson og Finnbogi R. Valdimarsson voru fjarstaddir sökum veikinda, þegar málið var afgreitt.

Erindi barst frá ritnefnd Ríkisútgáfu námsbóka og afrit af álitsgerð skólaráðs barnaskólanna, þar sem gerð var grein fyrir þeirri skoðun, að námsbókagjaldið þyrfti að hækka upp í 25 krónur á ári. — Einnig mættu að eigin ósk á fundi nefndarinnar Helgi Elíasson fræðslumálastjóri og Jónas Jósteinsson formaður ritnefndar Ríkisútgáfu námsbóka, og ræddu þeir tekjuþörf útgáfunnar við nefndina.

Hins vegar ræddi formaður nefndarinnar málið einnig við menntamálaráðherra, og taldi hann, að málinu mundi sómasamlega borgið með 15 króna gjaldi, og óskaði hann því ekki breytinga.

Samkvæmt þessu leggja undirritaðir nefndarmenn til, að frumvarpið verði eftir atvikum samþykkt óbreytt, eins og það kom frá neðri deild.

Alþingi, 13. júní 1951.

Þorst. Þorsteinsson, form.	Rannveig Þorsteinsdóttir, fundaskr.	Hannibal Valdimarsson, frsm.

Ed. 512. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [38. mál.]

í málinu: Frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Gisla Jónssyni.

Í trausti þess, að ríkisstjórnin feli milliþinganefnd þeirri, sem nú starfar að endurskoðun tekju- og eignarskattslaganna, að athuga gaumgæfilega, hvort ekki sé rétt að fella niður allan tekjuskatt, eða ef það þykir ekki gerlegt, þá að fella niður a. m. k. allan skatt af lágtekjum, allt að 20 þús. kr., og allan skatt af tekjum þeirra fyrirtækja, sem reka áhættusaman atvinnurekstur, svo að þeim sé unnt að safna öruggum varasjóðum í góðærum, sem tryggja áframhaldandi rekstur þeirra, þegar verr árar, og enn fremur að lækka allverulega núgildandi skattstiga, enda verði þessari athugun lokið svo fljótt sem verða má og frv. til breyt. á lögunum lagt fyrir næsta Alþingi, byggt á niðurstöðu þeirra rannsókna, sem nefndin kann að komast að, — tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. 513. Nefndarálit [141. mál]

um frv. til laga um viðauka við lög nr. 15 8. marz 1948, um innflutning búfjár.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd hefur rætt frumvarpið, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess.

Þegar lögin um innflutning búfjár voru sett árið 1948, var leitazt við að tryggja eftir föngum, að búfjársjúkdómar bærust ekki til landsins. Með því frumvarpi, sem hér liggur fyrir, er lagt til að rýmka heimildina til innflutnings á

nautgripum frá því, sem nú er. Minni hlutinn lítur svo á, að bændur hafi goldið það afhroð fyrr og síðar af innflutningi erlends búfénaðar, að ekki sé vert að stofna til búfjárinnflutnings að nýju eða rýmka að þarflausu þær innflutningsheimildir, sem nú eru í lögum. Það gæti, ef slysalega tækist til, orðið þess valdandi, að erlendir nautgripasjúkdómar bærust hingað, og væri þá verr farið en heima setið. Minni hlutinn er því andvígur frumvarpinu eins og það er nú. En þar sem nokkur áhugi virðist vera fyrir því, að gerðar verði tilraunir með erlend nautgripakyn til kynblöndunar og kynbóta á íslenzkum nautgripum, þá vill minni hlutinn ekki leggja stein í götu þess, að slík tilraun verði gerð með sæðisflutningi. Minni hlutinn leggur því til, að á frumvarpinu verði gerðar svofelldar

BREYTINGAR:

1. Við 1. gr. Orðin „nautgripi eða“ falli burt.
2. Við 2. gr. Orðin „nautgripi eða“ falli burt.
3. Við 3. gr. Orðin „inn eru flutt eða“ falli burt.

Alþingi, 19. janúar 1951.

Jón Sigurðsson, frsm. Jón Pálmason.

Ed. 514. Frumvarp til laga [154. mál]

um öryrkjahæli.

Flm.: Karl Kristjánsson.

1. gr.

Heimilt skal Sambandi íslenzkra sveitarfélaga f. h. sveitarfélaga landsins að reisa og reka öryrkjahæli fyrir þá líkamlegu og andlegu öryrkja, sem þeim ber að annast framfærslu á og eigi verður með öðrum hætti séð fyrir viðunanlegum dvalarstað.

Félagsmálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum stjórnar Sambands íslenzkra sveitarfélaga, hvar hælið skuli reist, svo og hvenær hafizt skuli handa um framkvæmdir samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Hælið skal vera sameign allra sveitarfélaga landsins (sbr. þó 16. gr.), en rekið sem sjálfseignarstofnun með sérstakri stjórn og fjárhag. Hælið má hvorki selja né veðsetja, nema heimild sé til þess veitt af Alþingi.

3. gr.

Stofnkostnaður hælisins skal greiddur með framlögum frá sveitarfélögum landsins eftir þessum reglum:

Sveitarfélag	með allt að	150	íbúa	greiðir	í	stofnframlag	pr.	íbúa	kr. 35.00
—	—	150—1500	—	—	-	—	—	—	— 40.00
—	—	1500—10000	—	—	-	—	—	—	— 45.00
—	—	10000 íb. og þar yfir	—		-	—	—	—	— 50.00

Ríkissjóður leggur fram í eitt skipti fyrir öll eina og hálfa milljón króna til stofnunar hælisins.

4. gr.

Stofnframlög er sveitarfélögum heimilt að greiða með árlegum greiðslum á allt að fimm árum, ef sveitarstjórn óskar.

5. gr.

Nú hrekkur stofnframlag ekki fyrir stofnkostnaði eða þörf er stækkunar hælisins, og skal þá stjórn þess, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, heimilt í eitt skipti að krefjast viðbótarframlags frá sveitarfélögunum. Viðbótarframlag má ekki hærra vera en helmingur af stofnframlagi, reiknað eftir sömu reglum og stofnframlagið.

6. gr.

Stjórn hælisins skipa 3 menn. Tvo þeirra kýs stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga, annan sem fulltrúa kaupstaða og kauptúna, en hinn vegna annarra sveitarfélaga. Þriðja mann stjórnarinnar, sem jafnframt er formaður hennar, skipar félagsmálaráðherra. Varamenn skulu vera jafnmargir og kosnir og skipaðir á sama hátt.

Kjörtímabil stjórnarinnar er 4 ár. Þóknun til stjórnarinnar fyrir störf skal ákveðin af félagsmálaráðherra, að fengnum tillögum stjórnar Sambands íslenzkra sveitarfélaga. Stjórnarlaun teljast til rekstrarkostnaðar.

7. gr.

Stjórnin hefur yfirumsjón með rekstri hælisins og framkvæmdum öllum. Hún ræður forstöðumann og lækni hælisins. Forstöðumaður hefur á hendi daglega stjórn hælisins og annast rekstur þess. Hann ræður starfsfólk, en háður er hann samþykki stjórnarinnar um launakjör þess. Forstjóranum ber að öðru leyti að hlíta ákvæðum erindisbréfs, er stjórn hælisins setur honum.

8. gr.

Vistmönnum á hælinu skulu reiknuð daggjöld samkvæmt reglum, sem stjórn hælisins setur, en félagsmálaráðherra staðfestir. Sveitarfélög þau, sem vistmenn eiga á hælinu, greiða daggjöld þessi mánaðarlega, nema öðruvísi sé um samið við hælisstjórn.

Nú á öryrki, sem á hælinu dvelur, rétt á ellilífeyri, öryrkjabótum, barnalífeyri eða öðrum framfærslueyri frá Tryggingastofnun ríkisins, öðrum tryggingarsjóði eða ríkissjóði, og skulu þær fjárhæðir þá greiddar beint til hælisins og dragast frá daggjöldum þeim, sem sveitarfélaginu ber að greiða fyrir vistmann þann, sem hlut á að máli, en mismuninn, ef einhver er, greiðir sveitarsjóður.

9. gr.

Reikningsár hælisins er almanaksárið. Skal stjórn þess gera reikningsskil fyrir hvert starfsár svo fljótt, að endurskoðun sé lokið í lok aprílmánaðar ár hvert.

Reikningarnir skulu endurskoðaðir af tveimur mönnum. Annan skipar fjármálaráðherra, en hinn stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga til fjögurra ára í senn. Reikningana skal birta árlega í B-deild Stjórnartíðindanna.

10. gr.

Nú vill sveitarstjórn ráðstafa manni á öryrkjahæli, og skal hún þá senda hælisstjórn skýrslu um öryrkjann ásamt vottorði héraðslæknis um það, hvort hann telji nauðsynlegt, að öryrkinn njóti hælisvistar.

11. gr.

Að fengnum þeim upplýsingum, sem í 10. gr. getur, og að fenginni umsögn hælislæknis úrskurðar stjórn hælisins, hvort öryrki skuli tekinn á hæli, og er stjórninni skylt að hafa fellt úrskurð sinn og tilkynnt hann sveitarstjórn innan þriggja vikna frá því er umsóknin barst, nema þörf sé ýtarlegri upplýsinga, sem ekki verður aflað á þeim tíma.

12. gr.

Nú hefur sveitarstjórn greitt stofnframlag sitt til hælisins eða samið um greiðslu þess, og er þá skylt, eftir að nægilegum húsakosti hefur verið komið upp, að taka

á hælið hvern þann öryrkja, sem viðkomandi sveitarstjórn hefur óskað hælisvistar fyrir og stjórn hælisins hefur úrskurðað að rétt eigi til vistar þar, enda eigi öryrkinn ekki rétt á hælisvist annars staðar eða verði að bíða hennar lengri eða skemmri tíma.

Nú vanrækir sveitarfélag að greiða stofnframlag sitt til hælisins, og greiðir þá ríkissjóður framlagið og innheimtir það síðar hjá sveitarsjóði, en ekki öðlast slíkt sveitarfélag rétt til að ráðstafa fólki á hælið fyrr en sú skuld þess við ríkissjóð er að fullu greidd.

13. gr.

Hælið er undanþegið tekju- og eignarskatti til ríkissjóðs og útsvari til sveitarsjóðs.

14. gr.

Dvöl vistmanna á hælinu hefur engin áhrif á sveitfesti og framfærslurétt þeirra.

15. gr.

Nú verður ágreiningur milli stjórnar hælisins annars vegar og sveitarstjórnar hins vegar út af stofnframlagi, viðbótarframlagi eða öðrum viðskiptum fjárhagslegs eðlis, og getur þá hvor aðili um sig skotið málinu til úrskurðar félagsmálaráðuneytisins.

16. gr.

Meðan Reykjavíkurbær rekur öryrkjahæli að Arnarholti á Kjalarnesi eða sér öryrkjum sínum á annan hátt fyrir viðhlítandi hælisvist, skal hann undanþeginn þátttöku í stofnun og rekstri hælis þess, sem komið verður upp samkvæmt lögum þessum.

17. gr.

Nú kemur það í ljós, þegar rekstraráætlanir hafa verið gerðar fyrir væntanlegt öryrkjahæli, að hagkvæmara mundi reynast og kostnaðarminna að hafa aðeins eitt slíkt hæli fyrir allt landið, og skal þá leita samninga við bæjarstjórn Reykjavíkur um afhendingu Arnarholtshælisins og stækkun á því, eða lausn málsins á annan hagkvæmari hátt, áður en ráðizt verður í að reisa nýtt hæli.

Nú takast samningar milli Reykjavíkurbæjar og stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga um stofnun og rekstur sameiginlegs hælis, og er þá félagsmálaráðherra heimilt að ákveða, að málið skuli leyst á þann veg.

Í samningi þeim, sem að ofan getur, er heimilt að ákveða, að stjórn hælisins verði skipuð fimm mönnum í stað þriggja og að tveir stjórnarmanna skuli kosnir af bæjarstjórn Reykjavíkur.

18. gr.

Nánari ákvæði um rekstur hælisins og skipulag skulu sett með reglugerð, sem stjórn hælisins semur, en félagsmálaráðherra staðfestir.

19. gr.

Ríkissjóði er heimilt að ábyrgjast bráðabirgðalán, að upphæð allt að tvær milljónir króna, til byggingarframkvæmda samkvæmt lögum þessum, enda greiðist lánið af stofnframlögum sveitarfélaganna jafnóðum og þau innheimtast.

Ef þess gerist þörf, er ríkissjóði enn fremur heimilt að ábyrgjast allt að einnar milljónar króna rekstrarlán fyrir hælið gegn tryggingu í tekjum hælisins.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið á vegum stjórnar Sambands íslenzkra sveitarfélaga og flutt fyrir tilmæli þeirrar stjórnar.

Hér er um að ræða lausn á miklu vandamáli sveitarfélaganna: að búa vandmeðförnum öryrkjum tryggan líknarstað og veita þeim vinnuskilyrði við þeirra hæfi, ef unnið geta; létta af mörgum heimilum í landinu þungu böli, sem á þeim hvílir nú og framvegis, ef ekki er að gert.

Skrifstofa sveitarfélagasambandsins hefur samið og látið í té eftirfarandi skýrslu, er fylgir frumvarpinu sem greinargerð:

„Eitt þeirra vandamála, sem flest eða öll sveitarfélög fyrr eða síðar hafa við að stríða, er, hvernig framfæra skuli ýmiss konar andlega og líkamlega öryrkja, sem sérstakrar umönnunar þurfa með sakir fávitaskapar, óreglu, ellihrumleika og annars hátternis, sem gerir ókleift að hafa þetta fólk á heimilum til langframa. Áður fyrr voru mörg sveitaheimili þess umkomin að hafa þannig fólk á sínum vegum. En nú er slíku ekki til að dreifa vegna fólksfæðar og breyttra aðstæðna.

Þá er og heilsufari margra þessara öryrkja þannig háttað, að engin sjúkrahús eða hæli eru til, sem við þeim geta tekið, enda á þetta fólk ekki samvist með venjulegum sjúklingum eða gamalmennum, heldur á það heima í sérstofnunum eða á sérstaklega aðgreindum deildum í sjúkrahúsum. En ekki er gert ráð fyrir slíkum deildum í þeim sjúkrahúsum, sem nú þegar eru til, og heldur ekki í þeim, sem ráðgert er, að byggð verði á næstunni.

Einnig getur staðið svo á, að þótt fólk þetta ætti rétt til sjúkrahúsvistar, þá kunni að líða nokkur tími unz sjúkrahús geti veitt því móttöku sakir skorts á nægilegu húsrými, svo að nauðsynlegt sé, að ráðstafa sjúklingnum um lengri eða skemmri tíma til dvalar annars staðar. Það er t. d. ekki óalgengt, að liðið hafi langur tími unz hægt hefur verið að koma manni, sem brjálazt hefur skyndilega, á Klepp. Hafa því mörg sveitarfélög orðið að greiða stórar fjárhæðir fyrir vörzlu á þess konar sjúklingum. Hefur slíkt að sjálfsögðu orðið þungur baggi á fátækum sveitarfélögum.

Á það má og benda, að mjög sjaldan kemur til greiðslu úr sjúkra- eða tryggingasjóðum vegna þessa fólks, þar sem sjúkdómar þess eru oftast þess eðlis, að venjulegar tryggingar taka ekki til þeirra nema að litlu leyti, og kemur því mestallur kostnaður af þessu fólki á sveitarsjóðina, og er hann oftlega ærið mikill auk allra annarra erfiðleika, sem það skapar.

Það var því ekki nema eðlilegt, að samtök sveitarfélaga landsins, Samband ísl. sveitarfélaga, tækju vandamál þetta til meðferðar í því skyni að leysa það með sameiginlegu átaki.

Mál þetta var þegar rætt á öðru landsþingi Sambands ísl. sveitarfélaga árið 1946. Voru fulltrúar þingsins á einu máli um það, að þörf væri gagngerðra endurbóta á þessu sviði. Þingið samþykkti svo hljóðandi ályktun:

„Landsþingið ályktar að kjósa þriggja manna milliþinganefnd til þess að:

1. safna skýrslum hvaðanæva að af landinu um það fólk, sem einu nafni er nefnt „vandræðafólk“;
2. koma fram með rökstutt álit og tillögur um, á hvern hátt, hvar og hvernig verði komið upp heimilum fyrir þá, sem hér koma til greina.“

Samkvæmt ályktun þessari var síðan kosin þriggja manna nefnd og var hún þannig skipuð:

Jónas Guðmundsson, form. Sambands ísl. sveitarfélaga,
Magnús Blöndal, oddviti Kjósarhrepps, og
Ólafur B. Björnsson, bæjarfulltrúi, Akranesi.

Nefndin hóf störf þegar að loknu þingi.

Í því skyni að geta gert sér sem bezta grein fyrir, hversu málum þessum væri háttað, samdi nefndin skýrsluform, er fól í sér fyrirspurnir um vandræðafólk, heiti þess, heimili, kyn, aldur, sérkenni sjúkdómsins, starfshæfni, kostnað, er af því leiddi, og sitthvað annað, er máli þótti skipta.

Eyðublöð undir skýrslur þessar voru síðan send öllum oddvitum og bæjarstjórum á landinu, með tilmælum um, að þeir önnuðust skýrslugerðina og sendu svar hið fyrsta. Upplýsinga var ekki óskað úr Reykjavíkurkaupstað.

Á landsþingi Sambandsins, er háð var á Akureyri sumarið 1948, var mál þetta enn tekið til meðferðar. Milliþinganefndin greindi frá störfum sínum og þeim fróðleik, sem hún í því sambandi hafði aflað sér. Landsþingið fól nefndinni og stjórn Sambandsins að halda áfram störfum til raunhæfrar úrlausnar á málinu, enda talið, að þörf væri skjótra aðgerða til að firra fjölda sveitarfélaga vandræðum.

Skýrslur um vandræðafólk bárust frá 181 sveitarfélagi af 224, er þá voru í landinu. 87 sveitarfélög telja, að ekkert sé af slíku fólki innan sinna vébanda á því ári, sem skýrslan er send. 11 sveitarfélög greina frá sjúklingum á Kleppsspítalanum. 7 sveitarfélög skýra frá vandræðum á heimilum, geðveiki á ýmsum stigum, fávitum o. s. frv., sem engrar fyrirgreiðslu njóti frá hinu opinbera. 76 sveitarfélög greina frá samtals 154 persónum, sem að meira eða minna leyti séu á þeirra vegum.

Fólk þetta flokkast þannig:

	Konur:	*Karlar:*
1. Geðsjúkt	34	26
2. Fávitar	22	22
3. Ofdrykkjumenn	„	6
4. Ellisjúkt	7	5
5. Flogaveikt	2	3
6. Lamað og aflvana	4	4
7. Skapgallað, stórlega	9	10
	78	76

Skýrslur þær, sem bárust, voru margar hverjar nokkuð ófullkomnar, og er því flokkun þessi engan veginn nákvæm. Á það má og benda, að sumt af fólki því, sem um ræðir undir 1. tölulið, dvelur nú á Kleppi.

Meginþorri sveitarfélaganna, er frá vandræðafólki skýrðu, óskuðu aðstoðar til að koma því á hæli.

Þótt skýrslurnar væru ekki eins fullnægjandi og skyldi, má glöggt af þeim greina, hvernig ástandið er hjá sveitarfélögunum í þessum efnum og að mikil þörf er úrbóta.

Á landsþingum sambandsins, þar sem þessi mál voru rædd, var við það miðað, að sveitarfélögin ættu sameiginlegan þátt að því að leysa þau vandamál, sem af fólki þessu stafar, því að ljóst er, að einstökum sveitarfélögum er yfirleitt algerlega um megn fjárhagslega að koma upp nauðsynlegum hælum eða heimilum fyrir slíkt fólk.

Til greina gat komið, að öll sveitarfélög utan Reykjavíkur sameinuðust um byggingu hælis fyrir þessa öryrkja sína og Reykjavík ræki sérstakt hæli. En ótal rök hnigu að því, að eðlilegast væri, að öll sveitarfélög landsins og Reykjavík þar með talin tækju höndum saman um heildarlausn þessa máls.

Reykjavíkurbær hefur nú um nokkurt skeið rekið að Arnarholti hæli fyrir ýmiss konar sjúklinga og öryrkja. Á hæli þessu hafa dvalið til jafnaðar um 60 manns. Rekstrarkostnaður var árið 1948 kr. 577 þús., en tekjur, sem fyrst og fremst voru reiknuð daggjöld, námu kr. 367 þús. Rekstrarhalli því um kr. 210 þús. Það er skoðun núverandi ráðsmanns hælisins, að rekstrarhalli þessi mundi hverfa með öllu, ef hælið væri stækkað og gæti veitt móttöku þó ekki væri fleirum en 100 vistmönnum alls.

Á það má og benda, að fyllsta ástæða er til að ætla, að eitt hæli væri nægilegt í ofangreindu skyni fyrir ekki mannfleira land en Ísland. Með því mundi og stofnkostnaður verða minni, rekstrarkostnaður lægri, þar sem bæði húsrými og vinnuafl mundi nýtast betur en ella; þá væri og miklu auðveldara að flokka vistmenn í deildir með tilliti til mismunandi örorku.

Þegar og þar við bætist, að nú þegar eru fyrir hendi að Arnarholti verulegar byggingar, sem með litlum breytingum gætu rúmað mun fleiri vistmenn en nú eru

þar, yrði unnt að draga úr vandræðum sveitarfélaganna í þessu skyni, fyrr en ella. Staðurinn að Arnarholti er og allvel í sveit settur. Þar er landrými mikið og gott og auðvelt að koma fyrir þeim byggingum, sem þörf krefur, að þar verði reistar.

Sambandi ísl. sveitarfélaga þótti því rétt og sjálfsagt að óska eftir og kynna sér samstarfsvilja bæjarstjórnar Reykjavíkur um þetta efni. Stjórnin skrifaði bæjarstjórn Reykjavíkur í ársbyrjun 1949, greindi frá störfum milliþinganefndarinnar og fór þess á leit, að bæjarstjórnin tilnefndi menn til viðræðna og samstarfs við stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga og milliþinganefndina um sameiginlega heildarlausn.

Bæjarstjórn Reykjavíkur tók tilmælum þessum vel og tilnefndi af sinni hálfu þá Ólaf Sveinbjörnsson skrifstofustjóra og Magnús V. Jóhannesson yfirframfærslufulltrúa til viðræðna og samstarfs um þetta mál.

Þessir aðilar höfðu síðan úrlausnarefni þetta til meðferðar um nokkurt skeið. Þeir kynntu sér aðstæður allar, svo sem kostur var, og öfluðu sér þeirra upplýsinga, sem völ var á. Þeir urðu í meginatriðum sammála um að leggja til, að til bráðabirgða yrði mál þetta leyst með þeim hætti, að öll sveitarfélög landsins ættu og rækju hælið að Arnarholti. Var talið, að með því móti yrði unnt að tryggja mjög fljótlega mest húsrými fyrir öryrkja og með minnstum tilkostnaði. Áætlun var samin af skipulagsstjóra með tilliti til þessa, og var ráðgert, að ef til framkvæmda kæmi, yrði fyrst byggt hús fyrir starfsfólk hælisins, nýtt eldhús reist og breytingar gerðar á því hæli, sem þar er fyrir, þannig að það rúmaði allt að 120 vistmenn. Kostnaður við framkvæmdir þessar var áætlaður um 2 millj. kr. Áætlun þessi var gerð á árinu 1949.

Á þessum grundvelli var samið frumvarp, er sent var bæjarráði Reykjavíkur í apríl 1950. Af hálfu stjórnar sambandsins var og rætt við bæjarráð og óskað eindregið eftir samkomulagi um þá lausn, er frumvarpið gerði ráð fyrir. En því miður sá bæjarráð sér ekki fært að fallast á frumvarp þetta og tilkynnti stjórn sambandsins, „að bæjarráð Reykjavíkur teldi ekki heppilegt, að Arnarholtshælið yrði gert að sameign allra sveitarfélaga landsins".

Með tilkynningu þessari brugðust mjög vonir um skjóta lausn á þessu mikla vandamáli sveitarfélaganna.

Á landsþingi Sambands ísl. sveitarfélaga, er háð var á Þingvöllum í ágústmánuði s. l., var mál þetta enn tekið til meðferðar, og var þinginu gert kunnugt um svar Reykjavíkurbæjar. Sérstök nefnd fékk málið til athugunar, og lagði hún til, að svo hljóðandi tillaga yrði samþykkt:

„Sambandsþing ísl. sveitarfélaga, haldið að Þingvöllum 26.—27. ágúst 1950, ályktar, að brýna nauðsyn beri til, að stofnað verði hið fyrsta öryrkjahæli, sem sé eign allra sveitar- og bæjarfélaga í landinu. Sambandsþing lýsir sig samþykkt í meginatriðum frumvarpi því, sem útbýtt hefur verið á þinginu. En þar sem vitað er, að samkomulag næst ekki um að reisa slíkt hæli að Arnarholti á Kjalarnesi, samþykkir þingið að fela stjórn og fulltrúaráði að hefja framkvæmdir um byggingu slíks hælis svo fljótt sem auðið er."

Þingið samþykkti ályktun þessa.

Yfirleitt mun það skoðun forráðamanna sveitarfélaganna, að æskilegast væri, að stofnað yrði eitt hæli fyrir landið allt, og kom það greinilega fram á þinginu. En þar sem Reykjavíkurbær hefur, í það minnsta að svo stöddu, eigi gefið kost á samstarfi um lausn málsins, er nauðsynlegt að leita annarra úrræða. Stjórn Sambands íslenzkra sveitarfélaga hefur því samið meðfylgjandi frumvarp, og verði það að lögum, er með því kveðið á um rétt og skyldur sveitarfélaganna um þessi efni. Það er og grundvallaratriði í lausn þessa máls, að lög séu fyrir hendi áður en framkvæmdir verða hafnar. Jafnvel kynnu þá að opnast meiri möguleikar um samstarf Reykjavíkur og annarra sveitarfélaga um málið, þegar svo væri komið.

Af þessum sökum telur stjórn Sambandsins þýðingarmikið, að frumvarp þetta nái fram að ganga og löggjöf verði sett um öryrkjahæli hið fyrsta, því að þá fyrst er unnt að hefjast handa um raunverulegar framkvæmdir.

Gott dæmi um hörmungarástand það, sem nú ríkir hjá sveitarfélögum í þessum málum, er atvik, sem kom fyrir á síðastliðnu hausti. Maður nokkur á Suðurlandi varð skyndilega geðveikur og hættulegur umhverfi sínu. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir reyndist með öllu árangurslaust að koma honum til dvalar að Kleppi, og var borið við þrengslum. Manninum var þá komið fyrir að Litla-Hrauni. Sakir hátternis hans taldi forstöðumaður hælisins ekki unnt að hafa hann innan veggja hælisins nema fáa daga. Sunnudagsmorgun einn var sjúklingurinn fluttur heim á heimili oddvitans í framfærslusveit sinni. Þar var ekki fyrir til gæzlu nema eldra fólk og börn, sem algerlega var um megn að annast hinn óða mann. En þá tókst svo vel til, að sakadómarinn í Reykjavík gaf kost á því að taka manninn til gæzlu í hegningarhúsið í Reykjavík, og var hann fluttur þangað. Vegna umönnunar þeirrar, sem maðurinn þurfti í hegningarhúsinu, varð vistgjaldið þar um kr. 900.00 á sólarhring. Að fáum dögum liðnum bráði lítið eitt að sjúklingnum, og var honum þá komið til dvalar á sjúkrahúsinu að Sólheimum. Brátt sótti aftur í sama horf um veikina, og var hann þá enn fluttur í hegningarhúsið. En ekki reyndist unnt að hafa hann þar lengi, og kom tilkynning frá sakadómara þess efnis, að sakir truflana, er dvöl hans í húsinu hefði fyrir aðra, er þar dveldu, yrði ekki hjá því komizt að taka hann þaðan þegar í stað.

Hvernig sem knúið var að dyrum hjá yfirlækni Kleppsspítalans, fékkst þar aðeins þvert nei um að taka sjúklinginn þangað. Horfði svo um sinn, að taka þyrfti farsóttahúsið í Reykjavík á leigu og hafa manninn í gæzlu þar. Mundi kostnaður hafa orðið af því um kr. 2000.00 á sólarhring. Á síðustu stundu tókst þó svo vel til, að Reykjavíkurbær var þess umkominn að geta tekið sjúklinginn til dvalar að Arnarholti til sérstakrar vörzlu þar um stundarsakir. Með því lauk vandræðum þeim, sem af sjúklingi þessum höfðu stafað, þó aðeins í bili, því að Reykjavíkurbær getur fyrr en varir þurft að nota það rúm, sem þarna er léð um sinn.

Kostnaður af manni þessum nokkurra vikna skeið skipti tugum þúsunda, auk allrar þeirrar fyrirhafnar og hvers konar erfiðleika, er oddvitinn og ýmsir aðrir höfðu í þessu sambandi.

Því miður eru svona tilvik ekkert einsdæmi. Fjöldi sveitarfélaga hafa orðið fyrir áþekkum erfiðleikum og kostnaði. Segja má, að vandræði af þessum toga spunnin megi leysa með því að stækka Klepp. En meðan húsnæði og starfsfólk er þar af svo skornum skammti, að ekki er neinn kostur að koma þar inn brjáluðu fólki, þó að líf liggi við, verða sveitarfélögin að þola ótrúlega erfiðleika og óhemju kostnað í slíkum tilfellum. Ekkert sveitarfélag né sveitarstjórn veit, hvenær svipuð tilfelli getur borið að höndum hjá þeim. Eitt verður fyrir þeim í dag, annað á morgun. Ein sér geta þau ekki leyst þann vanda, er af þessu leiðir, en sameiginlega ætti þeim að vera það kleift. Ríkisvaldinu ber og að sjálfsögðu að stuðla að því að þessi vandkvæði verði leyst á sem hagkvæmastan hátt fyrir alla aðila.

Í sambandi við væntanlegt öryrkjahæli er svo til ætlazt, að þar verði unnt að koma til dvalar í sérstökum öryggisklefum hættulegum sjúklingum, sem bíða vistar að Kleppi, og að hælinu sé beinlínis skylt að taka við þeim þegar í stað og gæta þeirra, unz geðveikrahælið tekur við þeim.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, þarfnast ekki sérstakra skýringa. Í því felst, að ákveðin verði með lögum heimild til sveitarfélaganna til að byggja og reka öryrkjahæli, og þau jafnframt skylduð til að leggja fram fé til framkvæmda eftir þeim reglum, sem 3. gr. segir fyrir um. Ætlazt er til, að öll sveitarfélög landsins séu aðilar að hæli þessu, en Reykjavík þó undanskilin meðan hún sjálf rekur slíkt hæli. Frumvarpið gerir þó ráð fyrir því, að svo kunni að fara, að Reykjavík verði einnig aðili að sameiginlegu hæli.

Samkvæmt 3. gr. skal stofnkostnaður greiðast með þeim hætti, að sveitarfélögin inni af höndum stofngjald til hælisins miðað við tiltekna upphæð af hverjum íbúa, þó þannig, að fjölmennari sveitarfélög greiði nokkru hærra vegna einstak-

lings en þau fámennari, og er það talið réttmætt vegna meiri gjaldgetu hinna mannfleiri sveitarfélaga.

Fé það, sem koma mundi inn samkvæmt ákvæðum 3. gr., mundi verða sem hér segir, miðað við mannfjölda og skiptingu hans í sveitarfélög í árslok 1948 (Reykjavík ekki meðtalin):

67 hreppar með allt að 150 íbúa = 6728 íbúa á 35 kr.	kr.	235 480.00
148 hreppar með 150—1500 íbúa = 47 582 íbúa á 40 kr.	—	1 903 280.00
5 kaupstaðir með 150—1500 íbúa = 5196 íbúa á 40 kr.	—	206 760.00
7 kaupstaðir með 1500—10 000 íbúa = 25 461 íbúa á 45 kr.	—	1 145 745.00
227 sveitarfélög með alls 84 940 íbúa greiða	kr.	3 491 265.00

Framlag Reykjavíkur, ef hún yrði þátttakandi að hælinu, mundi, miðað við mannfjölda á sama tíma, verða samtals kr. 2 669 200.00.

Þá er og ráðgert, að ríkissjóður leggi fram í eitt skipti fyrir öll hálfa aðra milljón króna. Framlög samkvæmt 3. gr. nema því samtals um 5 millj. kr., en hátt á 8. millj., ef Reykjavíkurbær yrði aðili að hælinu.

Á þessu stigi liggja engar áætlanir fyrir um stofnkostnað sérstaks hælis, enda er slíkt háð ýmsum atvikum, t. d. því, hvar hælinu yrði valinn staður, hvort unnt sé að festa kaup á byggingum á hentugum stað, er nota mætti í þessu skyni, og sitt hvað fleira. Það er og annmörkum háð að vinna að slíkum áætlunum eða undirbúningi fyrr en lög hafa verið sett, sem skuldbinda sveitarfélögin til þátttöku.

Sú er von stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, að Alþingi fallist á þá lausn málsins, sem hér er borin fram. Að sjálfsögðu verður ekki í framkvæmdir lagt fyrr en málið hefur verið athugað miklu nánar og leitað álits sveitarstjórna og þeirra, sem sérþekkingu teljast hafa um rekstur slíkra stofnana.

Allur dráttur á afgreiðslu málsins veldur auknum erfiðleikum, og væri því æskilegt, að Alþingi sæi sér fært að afgreiða málið nú á þessu þingi, svo að hægt yrði að nota sumarið til frekari undirbúnings.

Á síðustu mánuðum hefur nokkuð verið rætt um stofnun nýs vinnuhælis fyrir þá menn, sem sveitarfélögin eiga í útistöðum við vegna þess, að þeir vanrækja að greiða meðlög með börnum sínum, og skapar þetta sveitarfélögum landsins stórfelld útgjöld. Ekki liggur sú hugsun fjarri, að sameina mætti slíkt vinnuhæli stofnun sem þeirri, er hér er ráðgert að koma á fót, og liggja til þess mörg rök, sem hér skulu ekki rakin að sinni, heldur aðeins á þetta bent til athugunar."

Að lokum þykir rétt að taka það fram, að hentast þótti að athuguðu máli að binda heimild þá, sem í lögum þessum felst til að reisa og reka öryrkjahæli, við Samband ísl. sveitarfélaga, þar sem það er sá aðili, sem sveitarfélögin beita fyrir sig í þessu máli, enda tæpast öðrum til að dreifa. Í Sambandi ísl. sveitarfélaga eru nú 130 sveitarfélög með um 110 þús. íbúum; þar á meðal eru allir kaupstaðir landsins og öll stærstu kauptúnin. Að vísu eru enn um 100 sveitarfélög utan samtakanna, en íbúafjöldi þeirra allra er ekki nema um 30 þús. manns. Þannig mundu þau 129 sveitarfélög, sem í Sambandinu eru, þegar Reykjavík er frá talin, ef hún yrði ekki með, hafa innan sinna vébanda um 60 þús. íbúa, eða um ⅔ allra íbúa landsins utan Reykjavíkur."

Nd. 515. Frumvarp til laga [155. mál]

um breytingu á raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946.

Flm.: Ingólfur Jónsson, Bjarni Ásgeirsson, Einar Olgeirsson, Emil Jónsson.

1. gr.

Fyrir „2 milljónir“ í c-lið 33. gr. laganna kemur: 4 milljónir.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1952.

Greinargerð.

Stofnkostnaður orkuvers og veitna hefur hækkað mjög síðan raforkulögin voru samþykkt á Alþingi. Einkum hefur verð á vélum og öðru efni, sem kaupa þarf frá útlöndum, hækkað mjög. Það mun mega telja, að stofnkostnaður hafi allt að því þrefaldazt frá árinu 1946. Ef raforkusjóður á að geta innt af hendi það hlutverk, sem honum var ætlað, verður að hækka framlag til hans, og sú hækkun verður að miðast við hækkun stofnkostnaðar þeirra mannvirkja, sem fé hans verður varið til að koma upp.

Að vísu vegur hlutfallsleg hækkun framlagsins til sjóðsins ekki upp á móti þeirri rýrnun hans, sem af verðfalli gjaldmiðilsins leiðir, en ekki hefur þótt fært að leggja til meiri hækkun að sinni en gert er í frumvarpi þessu.

Á þessum árum hafa einnig tekjur og gjöld ríkissjóðs hækkað verulega. Tekjurnar voru á fjárlögum fyrir árið 1947 áætlaðar 127½ millj. króna, en fyrir árið 1950 298 millj. króna, — en það er 133% hækkun. Hins vegar hefur fjárveiting til raforkumála að heita má staðið í stað að krónutali, var í fjárl. 1947 kr. 4228000.00, en er í fjárl. 1951 kr. 4322689.00.

Ef hækkun sú á framlagi til raforkusjóðs, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, kemur til framkvæmda á árinu 1952, mun því fé væntanlega verða mestmegnis varið til efniskaupa á því ári, en í framkvæmdum mundi hennar ekki gæta fyrr en á árinu 1953.

Sþ. 516. Þingsályktun [118. mál]

um uppeldisheimili handa vangæfum börnum og unglingum.

(Afgreidd frá Sþ. 19. jan.)

Samhljóða þskj. 222.

Sþ. 517. Þingsályktun [39. mál]

um byggingu þurrkvíar.

(Afgreidd frá Sþ. 19. jan.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera athugun á því, hvar á landinu sé hentugast og ódýrast að koma upp þurrkví til hreinsunar og viðgerðar á skipum, og láta gera að lokinni þeirri athugun kostnaðaráætlun um byggingu þurrkvíar þar, sem hagkvæmast þykir. Þurrkvíin taki allt að 18 þús. smálesta skip. Jafnframt sé athugað, hvert kostnaðarverð yrði, ef kvíin yrði aðeins gerð fyrir 6 þús. smálesta skip. Skal áætluninni lokið svo fljótt sem verða má og eigi síðar en fyrir 1. okt. n. k.

Kostnaður við athugunina og kostnaðaráætlunina greiðist úr ríkissjóði.

Ed. 518. Frumvarp til laga [156. mál]

um breyting á lögum nr. 122 28. desember 1950, um breyting á lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar og viðauka við þau.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

Við 8. gr. laganna bætist:

Nú er ágreiningur um framfærslusveit barnsföður, sem innheimta skal barnalífeyri hjá, og getur Tryggingastofnunin þá innheimt kröfuna hjá dvalarsveit móðurinnar allt til þess tíma, að framfærslusveit barnsföður er viðurkennd eða ákveðin með úrskurði.

2. gr.

Upphaf 24. gr. laganna orðist svo:

Grunnupphæðir iðgjalda og framlaga til tryggingasjóðs samkvæmt IV. kafla laganna, 2.—5., skulu vera sem hér segir til ársloka 1954.

3. gr.

26. gr. laganna orðist svo:

Í stað ákvæða síðasta málsl. fyrstu málsgr. 109. gr. laganna skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

Nú greiðir sveitarsjóður iðgjald iðgjaldsgreiðanda samkv. 1. málsgr. 109. gr. laganna, og tekur þá sveitarstjórn ákvörðun um, hvort og á hvern hátt hún krefur hann um endurgreiðslu.

4. gr.

Við 29. gr. laganna bætist:

Nú vanrækir sveitarfélag greiðslu á framlagi sínu til Tryggingastofnunar ríkisins í eitt ár eða lengur, og er ráðherra þá heimilt að ákveða, að hald skuli lagt á ákveðinn hluta álagðra útsvara og/eða tiltekin útsvör í sveitarfélaginu og þau greidd innheimtumanni ríkissjóðs, þegar þau falla í gjalddaga, og skal sú skipan haldast þar til skuld sveitarsjóðs við Tryggingastofnunina er að fullu greidd eða ráðherra hefur afturkallað fyrirmælin.

Nú ákveður ráðherra að leggja hald á ákveðinn hluta útsvara, og skal þá sá hluti útsvaranna, sem hald er lagt á, ákveðinn með hliðsjón af hlutföllum milli heildarupphæðar útsvaranna og heildarupphæðar lögboðinna greiðslna sveitarfélagsins til Tryggingastofnunarinnar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 122 1950 og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkv. ósk félagsmálaráðherra. Nefndarmenn hafa óbundin atkvæði um einstök atriði frv. og einn þeirra (Steingr. Aðalsteinsson, er mætti á fundinum fyrir F. R. Valdimarsson) tók fram, að hann hefði einnig óbundið atkvæði um frv. í heild.

Greinargerð félagsmálaráðuneytisins fer hér á eftir:

„Þegar frumvarp það til breytinga á lögum um almannatryggingar, sem að lögum varð 28. des. s. l., lá fyrir Alþingi, var tekin aftur ein þeirra breytingartill., sem félagsmálaráðuneytið lagði áherzlu á að fengist samþykkt við lögin, en félagsmála-

ráðherra lýsti því þá yfir, að hann mundi hlutast til um, að sú breytingartillaga yrði flutt, er Alþingi kæmi saman til funda á ný fyrri hluta janúarmánaðar.

Það ákvæði, sem vikið er að hér að ofan, er nú flutt hér á ný og felst í 4. gr. þessa frumvarps.

Þegar lögin (nr. 122/1950) komu til framkvæmda, 1. janúar s. l., kom í ljós, að réttara mundi vegna framkvæmdar laganna að breyta fáeinum atriðum öðrum, og eru þau því tekin hér með.

Skal nú vikið að hverri grein frumvarpsins sérstaklega:

Um 1. gr. — Með samþykkt 8. gr. laga nr. 122/1950 verður sú breyting á endurkröfufyrirkomulagi útlagðra barnsmeðlaga, að Tryggingastofnun ríkisins skal eftirleiðis krefja framfærslusveit barnsföður í stað dvalarsveitar barnsmóður, en til þessa hefur hið síðarnefnda verið aðalreglan.

Þó ekki sé að öllum jafnaði neinn ágreiningur um, hver framfærslusveit barnsföður sé, þá kemur það þó fyrir stöku sinnum, sérstaklega þegar óreiðumenn eiga í hlut, að leita verður framfærslusveitarinnar, og getur þá liðið nokkur tími þar til hún finnst eða yfirvaldsúrskurður gengur um það, hver vera skuli framfærslusveit barnsföðurins. Þegar svo stendur á þykir rétt, að Tryggingastofnunin geti átt aðgang að dvalarsveit barnsmóður, sérstaklega ef það dregst lengi að finna framfærslusveit barnsföður.

Það er heppilegt, að þessi breyting verði gerð vegna þess, að allur réttargangur slíkra mála er í lögum og venjum miðaður við það, að sveitarfélögin eigist við um málið og yfirvald úrskurði ágreining á milli þeirra, en áfrýja megi til félagsmálaráðuneytisins, sem fellir endanlegan úrskurð í slíkum málum.

Óeðlilegt virðist, að Tryggingastofnun ríkisins þurfi að leita þessara úrskurða, enda mundi þá ekki til lengdar hjá því komizt að breyta bæði lögum um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna og framfærslulögunum.

Hér er aðeins um örfáa einstaklinga að ræða, sjaldnast nema einn eða tvo árlega, sem úrskurður gengur um, og er af því ljóst, að höfuðtilganginum, sem ætlað var að ná með 8. gr. viðaukalaganna, er náð þrátt fyrir þessa breytingu.

Um 2. gr. — Rétt þykir að breyta upphafi 24. gr. á þann veg sem lagt er til í frumvarpinu, til þess að taka af öll tvímæli um, að hér sé átt við grunnupphæðir iðgjalda og framlaga, því iðgjöld og framlög verða auðvitað önnur en í greininni segir, þegar við þau hefur verið bætt vísitöluálagi, enda er þetta orðalag meira í samræmi við orðalag annarra greina laganna, þar sem að þessu efni er vikið, svo sem t. d. 16. og 25. grein.

Um 3. gr. — Samkvæmt ákvæðum fyrstu málsgr. 109. gr. laga nr. 50/1946 var sveitarsjóður skyldaður til að greiða iðgjald til almannatrygginganna fyrir hvern þann iðgjaldsgreiðanda, sem hafði svo rýrar tekjur, að honum bar ekki að greiða tekjuskatt né eignarskatt á árinu. Slíkar iðgjaldagreiðslur úr sveitarsjóði skyldu ekki teljast framfærslustyrkur, þannig að sveitarsjóður gat ekki krafið iðgjaldsgreiðandann um endurgreiðslu.

Samkvæmt 26. gr. laga nr. 122/1950 er gerð sú breyting á niðurlagi fyrstu málsgreinar nefndrar 109. gr., að sveitarsjóði er veitt heimild til að krefja þá iðgjaldsgreiðendur um endurgreiðslu, sem hann hefur greitt persónuiðgjald fyrir samkv. 1. málsgr. 109. gr.

Í 3. gr. þessa frumvarps er gert ráð fyrir, að sveitarsjóðir greiði áfram, eins og verið hefur og 26. gr. laga nr. 122/1950 gerir ráð fyrir, persónuiðgjöld iðgjaldsgreiðenda, sem hvorki ber að greiða tekju- né eignarskatt, og enn fremur, að sveitarsjóði sé heimilt að krefja slíka iðgjaldsgreiðendur um endurgreiðslu, en hins vegar gerð sú breyting á, frá því sem ákveðið er í 26. gr., að sveitarsjóði er hér veitt heimild til að krefja nefnda iðgjaldsgreiðendur um endurgreiðslu, hvort sem hann hefur greitt

allt persónuiðgjaldið fyrir þá eða aðeins hluta þess, en samkv. 26. gr. laga nr. 122 1950 á sveitarsjóður annaðhvort að greiða allt iðgjaldið fyrir slíka menn eða ekkert.

Um 4. gr. — Í 115. gr. almannatryggingalaganna er svo fyrir mælt, að „ríkissjóður ábyrgist framlag sveitarfélaganna“ til almannatryggingganna. Þar segir enn fremur:

„Ef verulegur dráttur verður á greiðslu framlags, snýr Tryggingastofnun ríkisins sér til eftirlitsmanns sveitarstjórnarmálefna, en hann gerir ráðstafanir til þess að koma greiðslunum í lag.“

Síðustu tvö árin hefur allmjög borið á því, að ýmsir kaupstaðanna vanræktu greiðslur til Tryggingastofnunar ríkisins, og þótt reynt hafi verið að fara samningaleiðina um greiðslur á þessum vanskilaskuldum, hefur ýmist ekki verið staðið við þá samninga eða málin hafa verið leyst með því að láta Tryggingastofnunina lána sveitarfélögunum fé, sem nam miklum hluta vanskilaskuldanna. Í gildandi lögum eru engin ákvæði um nein viðurlög, sem beita má, þegar sveitarfélögin gera sig sek um vanskil við Tryggingastofnunina. Félagsmálaráðuneytið hefur því haft þau ein úrræði að tilkynna þeim sveitarstjórnum, sem komizt hafa í mikil vanskil, að beitt verði gagnvart þeim ákvæðum laga um eftirlit með sveitarfélögum og þau sett undir eftirlit, ef ekki yrði úr bætt innan tiltekins tíma.

Ráðuneytið hefur orðið að beita þessari aðferð við fimm kaupstaði, en það hefur komið í ljós, að mjög erfitt er að ná tilætluðum árangri með þessum hætti. Hér er hins vegar um svo stórfellda ábyrgð ríkissjóðs að ræða, að ekki má dragast lengur að taka í lög ákveðin viðurlög við slíkum vanrækslum, og er grein þessari ætlað að bæta úr í því efni.

Samkvæmt upplýsingum Tryggingastofnunarinnar áttu nú, hinn 1. janúar 1951, sex kaupstaðir ógreidd framlög frá árinu 1949 og eldri tíma, samtals að upphæð ca. kr. 1160000.00, og ber ríkissjóði að greiða Tryggingastofnuninni þá upphæð. Fyrir árið 1950 áttu níu kaupstaðir af þrettán ógreidd framlög sín, samtals að upphæð 7,4 millj. króna. Vonir standa að vísu til, að verulegur hluti þessarar síðartöldu upphæðar greiðist nú á fyrri hluta þessa árs, en fyrirsjáanlegt er, að upphæðin næst ekki öll inn, nema með sérstökum ráðstöfunum.

Að athuguðu máli þykir því ekki verða lengur hjá því komizt að tryggja betur ábyrgðarskuldbindingar ríkissjóðs gagnvart sveitarfélögunum, og því er lagt til, að ráðherra verði veitt sú heimild, sem í þessari grein felst.“

Ed. 519. Nefndarálit [49. mál]

um frv. til l. um sveitarstjóra.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. leggur til, að frumvarpið verði samþykkt, en minni hlutinn (GJ) er því andvígur, nema gerðar séu á því stórfelldar breytingar. Einn nm. (FRV) var ekki á fundi, er málið var afgreitt. Lárus Jóhannesson áskilur sér rétt til að fylgja einstökum breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 19. jan. 1951.

Rannveig Þorsteinsdóttir, form., frsm.	Lárus Jóhannesson, fundaskr.	H. Guðmundsson.

Sþ. 520. Nefndarálit [134. mál]

um till. til þál. um endurheimt handrita og forngripa.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað þetta mál og mælir eindregið með, að till. verði samþykkt með breytingu.

Kröfur Íslendinga til danskra stjórnvalda um, að þau hlutist til um, að Íslendingum verði skilað handritum þeim, er eitt sinn voru flutt frá Íslandi og nú eru í dönskum söfnum, munu Íslendingar aldrei láta niður falla fyrr en þeir hafa að fullu endurheimt handritin. Eiga þeir og skýlausan siðferðislegan rétt á, að orðið verði við þessum kröfum þeirra. Má og telja, að það gegni nokkurri furðu, hvað slíkt mál sækist seint, þegar þess er gætt, hve góðan málefnalegan grundvöll Íslendingar hafa í þessu máli. Verður ekki að óreyndu öðru trúað en að Danir bregðist vel og myndarlega við þessari málaleitan Íslendinga og að dönsk stjórnarvöld hafi þann hátt á um afgreiðslu þess, að það verði þeim og dönsku þjóðinni til sæmdar. Nánar í framsögu.

Nefndin leggur til, að till. verði samþ. með svo hljóðandi

BREYTINGUM:

1. Tillögugreinina skal orða svo:
   Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því við dönsk stjórnarvöld, að orðið verði sem allra fyrst við ítrekuðum kröfum Íslendinga um, að skilað verði aftur hingað til lands íslenzkum handritum, fornum og nýjum, sem borizt hafa héðan til Danmerkur og geymd eru í söfnum þar, svo sem safni Árna Magnússonar. Tekur þetta einnig til þeirra íslenzkra handrita, er konungur landsins hefur fengið héðan fyrr á tímum og enn eru varðveitt í Danmörku.
2. Fyrirsögn tillögunnar skal orða svo:
   Tillaga til þingsályktunar um endurheimt íslenzkra handrita frá Danmörku.

Alþingi, 20. jan. 1951.

Jóhann Þ. Jósefsson, form. Jón Gíslason, fundaskr. Jörundur Brynjólfsson, frsm.

Lúðvík Jósefsson. Stefán Stefánsson. Finnur Jónsson. Jón Sigurðsson.

Nd. 521. Nefndarálit [47. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 112 30. sept. 1947, um loðdýrarækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

Tvö frumvörp um loðdýrarækt og loðdýraeldi hafa verið borin fram á þessu alþingi, annað í efri deild af ríkisstjórninni, en hitt í neðri deild af Jörundi Brynjólfssyni, 1. þm. Árn., og Pétri Ottesen, þm. Borgf. Því frumvarpi var vísað til landbúnaðarnefndar Nd. á öndverðu þingi. Nefndin ræddi það frv. þá þegar, en varð ásátt um að fresta afgreiðslu þess þar til úrslit fengjust um afgreiðslu stjórnarfrv. í efri deild, þar sem óeðlilegt væri að hafa tvö frumvörp um sama mál til meðferðar í þinginu á sama tíma, þar sem annað gerði ráð fyrir að leyfa minkaeldi, en hitt að

banna það. Virtist henni eðlilegast, að ágreiningsmál þetta yrði útkljáð í þinginu í sambandi við meðferð þess á öðru frumvarpinu — og valdi til þess frv. ríkisstjórnarinnar, með því líka að það fjallaði um fleiri atriði þessa máls en aðeins hvort banna eða leyfa skyldi minkaeldi.

Nú hefur nefndin tekið mál þetta allt til fullnaðarmeðferðar, eftir að frv. efri deildar hafði verið til hennar vísað, og lagt það til grundvallar fyrir afgreiðslu málsins. Ekki varð nefndin þó sammála um afgreiðslu þess, og greinir hana á í veigamiklum atriðum, sem sé um hvort leyft skuli áfram minkaeldi eða eigi. Meiri hl. n., þeir Jón Sigurðsson, Jón Pálmason og Bjarni Ásgeirsson, telur ekki rök fyrir því, að hættan af útbreiðslu villiminka stafi af minkaeldinu og minkabúunum með þeim varúðarráðstöfunum, er nú eru þar lögboðnar og viðhafðar, og beri því að leggja höfuðáherzluna á baráttuna við minkaplágunа með ráðstöfunum til útrýmingar villiminkum, en telur skaðlaust að leyfa a. m. k. enn um sinn, að minkar séu aldir í öruggum búrum undir ströngu opinberu eftirliti. — Minni hl. nefndarinnar, þeir Ásgeir Bjarnason og Ásmundur Sigurðsson, er sammála meiri hl. um það, að nauðsyn sé róttækra ráðstafana til útrýmingar villiminkunum, en þeir telja, að öruggara og áhrifameira muni vera að banna jafnframt allt minkaeldi og lóga dýrunum. — Þess má geta, að nefndin reyndi að afla sér upplýsinga um, hve mikið fé væri nú bundið í starfsemi þessari og fékk fyrir íhlutan landbúnaðarráðuneytisins um það skýrslu og áætlun frá loðdýraræktarráðunautinum, og eru þær prentaðar hér á eftir nefndarálitinu.

Í samræmi við þá afstöðu nefndarhlutans til máls þessa, sem að framan er greind, bera þeir fram sérstakar breytingartillögur hvor fyrir sig varðandi ágreiningsatriði málsins, þ. e. bann við minkaeldi.

Efri deild hafði samþykkt breytingu við stjórnarfrv., þar sem minkaeldi var bannað með öllu að 5 árum liðnum og mjög takmarkað allt það tímabil. Nefndin getur ekki fallizt á þetta fyrirkomulag og telur hreinlegra, að ákveðið sé annaðhvort skilyrðislaust leyfi eða bann. Meiri hl. leggur því til, að þetta ákvæði sé niður fellt og málinu breytt hvað þetta áhrærir í sitt fyrra horf og ber fram um það brtt. á þskj. 522.

Minni hl. hins vegar vill breyta ákvæði þessu í algert bann við minkaeldi eftir 1. jan. 1952 og ber fram um það brtt. á þskj. 523.

Að síðustu ber svo nefndin sameiginlega fram brtt. á þskj. 524 um sérstakar ráðstafanir til útrýmingar villiminki, er ganga í svipaða átt og tillögur JörB og PO um sama efni — og stendur einhuga að þeim.

Minni hl. óskar að taka fram, að ef till. hans um algert bann við minkaeldi verði felldar, þá muni hann heldur kjósa, að ákvæði þau, sem efri deild samþykkti viðvíkjandi takmörkun á minkaeldi, fái að standa áfram í frv., og haga atkvæðum sínum eftir því.

Alþingi, 20. jan. 1951.

Bjarni Ásgeirsson, form., frsm. Jón Sigurðsson, fundaskr. Jón Pálmason.

Ásmundur Sigurðsson. Ásgeir Bjarnason.

Fylgiskjal.

LOÐDÝRARÆKTIN

Reykjavík, 2. des. 1950.

Sem svar við bréfi hins háa ráðuneytis, dags. 27. nóv. 1950, skal eftirfarandi tekið fram:

Slátrun og affeldun dýra stendur nú yfir þessa daga og verður að mestu lokið fyrir miðjan desember.

Ekki er hægt að fá ákveðna tölu enn þá á þeim dýrum, sem sett verða á til undaneldis, en eftirtalin bú hafa öll ákveðið að halda áfram minkarækt inni, ef leyft verður, og frekar fjölga en fækka dýrunum frá því, sem var síðastliðið ár.

Sé gengið út frá, að búin setji á sömu tölu dýra á þessu hausti og sett var á haustið 1949, verður það þannig:

1. Minkabú Eyjólfs Jóhannssonar, Sólbakka, Garðahreppi, um 200 dýr, allt silfurminkar (Silver blue).
2. Minkabú Ásbjörns Jónssonar, Hraunholti, Garðahreppi, um 200 dýr, þrjár tegundir: dökkur minkur, silfurminkur og krossminkur. Hlutfallið á milli þessara þriggja tegunda er ekki hægt að tilgreina ákveðið fyrr en lokið er affeldun dýra, sem ekki verða sett á.
3. Haraldur Sigurðsson, Minkagerði, Garðahreppi, um 50 dýr, allt dökkir minkar.
4. Sveinn Sveinsson, Hraunholti, Garðahreppi, um 75 dýr. Allt dökkir minkar.
5. Guðm. Ásbjörnsson, Hlíðarvegi, Kópavogi, um 80 dökkir Alaskaminkar.
6. Minkabúið Dalvík, Svarfaðardal, hlutafélag, um 300 minkar, þrjár tegundir, dökkir Alaska- og Quibeck-minkar, silfurminkar og krossminkar. Um hlutfallið á milli tegunda, sem sett verða á í vetur, er ekki vitað enn þá.
7. Minkabú Refaræktar Stykkishólms s/f, um 80 dýr, flest Silver blue, krossminkur og Royal pastel.

Sé gert ráð fyrir, að ofangreind minkabú setji á svipaða tölu dýra og var veturinn 1949—50, verða það um 1000 lífdýr. Yfirleitt eru þetta mjög góðir stofnar, sem með réttri fóðrun og hirðingu gefa mjög verðmæt skinn. Verð á dökkum skinnum hefur á þessu ári verið 200—250 kr. skinnið og á „Silver blue“ og krossmink 300—350 kr. hvert skinn. Ef virða á lífdýrin sanngjörnu verði, verður það allmiklu hærra en skinnaverð, og aldrei minna en tvöfalt skinnaverð. Verð á lífdýrum yrði þá frá 500—700 kr. hvert dýr. Til skýringar má nefna, að „Silver blue“ minkar, sem fluttir voru hingað frá Bandaríkjunum og Kanada, kostuðu um 4000 kr. hvert dýr.

Girðingar og minkahús.

1. Minkabú Eyjólfs Jóhannssonar: Á þessu búi eru um 800 búr, sem standa í röðum á allstóru svæði, girtu með lögmætri ytri girðingu. Búrin eru úr trégrind, minkaneti og þökin með þakjárni eða asbest þakplötum.
2. Minkabú Ásbjörns Jónssonar. Á þessu búi eru um 700 búr, sem standa í röðum undir járnþaki með lögmætri ytri girðingu. Enn fremur nýbyggt minkahús, grunnmúrað með steyptum sökkli, en að ofan með trégrind og bárujárni neglt á grindina og bárujárnsþaki. Í þessu húsi má hafa búr fyrir 7—800 dýr. Húsið er um 400 m². Lokið er nú við smíði á um 100 búrum fyrir fullorðin dýr inni í þessu húsi.
3. Minkabú Haraldar Sigurðssonar, Minkagerði. Þarna eru um 80 búr fyrir fullorðin dýr. Sambyggð í lengjum með fóðurgangi, þakin með timbri og járni. Vel gerð stór ytri girðing.
4. Minkabú Sveins Sveinssonar. Þarna er stór ytri girðing og mikið af búrum, mörg hundruð, en ekki hef ég að svo stöddu getað fengið upplýst, hve mikið af þessum búrum tilheyrir Sveini og hve mikið öðrum eigendum. Um búrin er lögmæt ytri girðing.
5. Minkabú Guðm. Ásbjörnssonar, Hlíðarveg. Á þessu búi er nýbyggt minkahús, 55×9 metrar að grunnfleti. Þarna á að vera nægilegt pláss fyrir um 200 undaneldisdýr og um 800 unga, og er þetta fullkomnast og haganlegast gert allra minkahúsa, sem ég hef haft spurnir af á Norðurlöndum og Ameríku. Húsið var gert þannig: Grunnurinn er allur púkkaður með sandi og möl niður á fasta klöpp. Útveggir eru steyptir frá grunni og grafið fyrir þeim niður á fastan grunn. Ná þeir um 1 fet upp yfir gólf. Þar fyrir ofan er húsið gert úr trégrind, sem er boltuð föst í grunninn. Á trégrindina er neglt bárujárn og bárujárnsþak á tveimur hæfilegum risum, sem eru á húsinu. Í gólfinu eru svelgar og frá þeim ágætar leiðslur

frá húsinu. Gólfið er gert úr hertri steypu og hallar öllu nokkuð á eina hlið að aðalsvelgnum, svo mjög þægilegt er að hreinsa gólfið og þvo með rennandi vatni. Í húsinu eru vel útbúnar vatnsleiðslur, bæði til þess að hreinsa húsið og leiða drykkjarvatn í búrin. Aðeins einn inngangur er í húsið, í þann endann, sem lægra rís. Er þá fyrst gengið í forstofu, en svo í matreiðsluhús og fóðurhús. Birta og loftræsting í húsinu er hin ákjósanlegasta.

Hús þetta er gert í samræmi við árangur af 15 ára tilraunum með það, hvernig heppilegast væri að byggja minkahús hér á landi, með tilliti til þess, að varzlan væri fullkomlega örugg og dýrunum liði vel og fóðrun og hirðing gæti farið fram á sem hagfelldastan hátt.

Í þessu húsi er pláss fyrir búr, sem taka um 1000 dýr, eða um 200 undaneldisdýr og 800 unga. Búið er að smíða 120 búr fyrir undaneldisdýr, og kosta þau uppkomin um 400 kr. búrið, með hreiðurkössum og matar- og drykkjarílátum. Efni er fengið í hin búrin og allmikið af því niðurskorið. Ungabúrin eru minni og allmiklu ódýrari en búrin fyrir undaneldisdýrin.

6. Minkabúið á Dalvík. Þar eru búr fyrir um 1200 dýr. Þau eru flest sambyggð í lengjum og samstæðum með fóðurgangi á milli og þökin með bárujárni. Um búið er lögmæt ytri girðing.
7. Minkabú Refaræktar Stykkishólms s/f. Minkabúrin eru í bárujárnshúsi, sem kemur í stað ytri girðingar. Þar er rúm fyrir um 300 dýr.

Öllum búunum fylgja hús, vélar og áhöld til matreiðslu o. fl., sem búunum er nauðsynlegt.

Um heildarverðmæti búra, girðinga, húsa og áhalda get ég ekki sagt neitt ákveðið. Til þess að það væri hægt, þarf að fara fram mat og virðing á hverjum stað.

Verð á minkabúrum, sem eru yfirbyggð í samstæðum lengjum, var fyrir stríð um kr. 75.00 fyrir hvert dýr. Framleiðsluverð mundi nú sennilega vera um 8—10 sinnum hærra.

Ef þau minkabú, sem nú eru starfandi, setja svipaða tölu lifdýra á í vetur og síðastliðið ár, verður það um 1000—1200 dýr. Um þriðjungur af þeim stofni er silfurminkar, krossminkar og Royal pastel, og um ⅔ dökkir minkar.

Þetta er yfirleitt góður stofn, sem gefur mjög verðmæt skinn, eins og áður er sagt, en til þess að fá ábyggilegar tölur fyrir verðmæti minkabúanna, þ. e. dýrastofn, girðingar, búr, áhöld, hús o. fl., þarf að fara fram mat.

Mér þykir þó sennilegt, að verðmæti minkabúanna, sem nú eru til, verði nálægt tveimur milljónum íslenzkra króna.

Virðingarfyllst,

H. J. Hólmjárn.

Til landbúnaðarráðuneytisins, Reykjavík.

Nd. 522. Breytingartillaga [47. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 112 30. sept. 1947, um loðdýrarækt.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar (BÁ, JS, JPálm).

Við 5. gr. Í stað 2. og 3. efnismálsgreinar komi ein málsgrein, svo hljóðandi:

Þó skal þeim, sem eiga löglega umbúin minkabú, þegar lög þessi koma til framkvæmda, heimilt að láta þau standa meðan Búnaðarfélag Íslands telur þau þannig úr garði gerð, að telja megi þau fulltrygga vörzlu.

Nd. 523. Breytingartillögur [47. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 112 30. sept. 1947, um loðdýrarækt.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar (ÁS, ÁB).

Í stað 5. gr. komi tvær nýjar greinar (og breytist greinatalan samkvæmt því):

a. (5. gr.) Allir refir skulu geymdir í fulltryggum girðingum og búrum. Skal ávallt setja dýrhelda ytri girðingu um refabúr. Girðingu þessa skal setja svo langt frá búrunum, að hún valdi ekki aðfenni að þeim.

Frá 1. janúar 1952 skal minkaeldi með öllu bannað í landinu, og skal öllum aliminkum lógað eða seldir úr landi fyrir þann tíma. Ríkissjóður greiðir eigendum minkabúa bætur fyrir það tjón, er af banni þessu leiðir, samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms, þó ekki fyrir hærri tölu lifdýra en til voru 1. janúar 1951.

b. (6. gr.). Heimilt skal eigendum minkabúa að ráðstafa að eigin vild þeim gjaldeyri, er fæst fyrir þau minkaskinn, er framleidd eru árið 1951, svo og þeim gjaldeyri, er þeir fá fyrir þau dýr, er seld kunna að verða úr landi, og fellur þá bótaskylda ríkissjóðs niður að nokkru eða öllu leyti.

Nd. 524. Breytingartillögur [47. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 112 30. sept. 1947, um loðdýrarækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

I. Á eftir 5. gr. komi 7 nýjar greinar (og breytist greinatalan samkvæmt því):

1. Sérstakar ráðstafanir skulu gerðar til eyðingar villiminkum.
2. Skylt er hreppsnefndum á þeim svæðum, þar sem vart hefur orðið villiminka, að gera skýrslur um útbreiðslu þeirra og dvalarstaði, eftir því sem unnt er. Sama skylda til skýrslugerðar hvílir á bæjarstjórnum. Skýrslur þessar skulu sendar hlutaðeigandi sýslumanni, bæjarfógeta og í Reykjavík lögreglustjóra.
3. Sýslumaður, bæjarfógeti og í Reykjavík lögreglustjóri ákveða, hver í sínu lögsagnarumdæmi, að gerðar séu a. m. k. tvisvar á ári sérstakar ráðstafanir til eyðingar villiminkum á þeim svæðum, þar sem villiminka hefur orðið vart.

   Sýslumaður, bæjarfógeti eða lögreglustjóri ákveða hverju sinni, hvenær slíkar ráðstafanir fara fram.

   Hreppsnefndir eða bæjarstjórnir sjá um framkvæmd eyðingarráðstafana, eftir fyrirlagi sýslumanns, lögreglustjóra eða bæjarfógeta.

   Nú verður vart villiminka eftir að eyðingarráðstafanir hafa verið gerðar, og er hreppsnefnd eða bæjarstjórn þá skylt að sjá um, að þeir menn, er til þess hafa verið ráðnir, vinni að eyðingu dýranna.
4. Nú vinna menn villiminka án þess að þeir hafi verið ráðnir til þess, og skulu þeir þá fá verðlaun, allt að 60 kr. fyrir hvert dýr, sem unnið er, og hefur oddviti eða bæjarstjóri og í Reykjavík bæjargjaldkeri á hendi greiðslu verðlaunanna.
5. Skylt er mönnum að hlíta fyrirmælum hreppsnefndar eða bæjarstjórnar um eyðingu villiminka, enda fái þeir greiðslu fyrir starfa sinn samkvæmt ákvæðum reglugerðar, er landbúnaðarráðuneytið setur.

6. Heimilt er þeim mönnum, er vinna að eyðingu villiminka, að ráðstafa að eigin vild þeim gjaldeyri, er fæst fyrir skinn þeirra dýra, er þeir vinna.
7. Kostnað þann, er leiðir af eyðingu villiminka, skulu bæjarstjórnir og hreppsnefndir fá endurgreiddan að hálfu úr ríkissjóði.

II. Í stað 9. gr. komi ný grein, er orðast svo:

Með lögum þessum eru úr gildi felld ákvæði III. kafla laga nr. 56 25. maí 1949, svo og önnur lagaákvæði, er fara í bága við lög þessi.

Ed. 525. Breytingartillögur [96. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

Frá Karli Kristjánssyni og Bernharð Stefánssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

5. gr. laganna orðist þannig:

Til húsabygginga og annarra mannvirkja þarf leyfi fjárhagsráðs.

Þó skal þeim einstaklingum, sem enga íbúð eiga samkv. vottorði skattanefndar, eða ónothæfa íbúð að dómi læknis, heimilt að byggja hagkvæmar smáíbúðir til eigin nota án fjárfestingarleyfis.

Enn fremur skal ákveðið í reglugerð, að tilteknar minni háttar framkvæmdir, svo sem bygging útihúsa í sveitum og verbúða, séu heimilar án fjárfestingarleyfis.

Nánari ákvæði um fjárfestingarleyfi og byggingar án fjárfestingarleyfa séu sett í reglugerð.

2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

2. mgr. 22. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum allt að 200 þús. kr. Ef miklar sakir eru eða ef brot er ítrekað, má láta sökunaut sæta varðhaldi eða fangelsi allt að fjórum árum og svipta hann atvinnurétti um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Upptaka eigna samkv. 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera

Nd. 526. Nefndarálit [141. mál]

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 15 8. marz 1948, um innflutning búfjár.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd neðri deildar hefur ekki orðið alls kostar sammála um frv. þetta. Meiri hl. (ÁB, ÁS og BÁ) vill mæla með því, að það verði samþ. óbreytt, en minni hl. (JS og JPálm) vill gera á því allveigamikla breytingu og ber fram brtt. við það.

Meginbreytingar þær, sem felast í frv. frá gildandi lögum, eru tvenns konar, önnur sú að víkka þá heimild sem í lögum er um kynbætur með erlendum búfjárstofnum (hér nautgripum), þannig að auk heimildar um innflutning á erlendu búfjársæði skuli einnig gefin heimild til innflutnings á búfé, sem hér mun ætlazt til að yrði aðeins nýfæddir kálfar. Hin breytingin er sú, að ríkisstjórnin hafi heimild til að veita einstökum aðilum leyfi til að standa að innflutningi þessum, í stað þess,

að samkv. gildandi lögum hefur enginn rétt til þess nema ríkið eitt. Allar varúðarráðstafanir og eftirlit af hálfu ríkisins yrðu þó að sjálfsögðu tilskildar gagnvart starfsemi þessari, eins og ef ríkið ræki það sjálft. Það, sem á milli ber í afstöðu meiri og minni hl. n., er það, að minni hl. vill fella úr frumvarpinu heimildina til innflutnings búfjárins, en meiri hl. lítur svo á og styðst þar við álit ýmissa dómbærra manna, að hættan um innflutning búfjársjúkdóma þyrfti á engan hátt að aukast, þótt inn væru fluttir nýfæddir kálfar í stað búfjársæðis, ef fullrar varúðar væri gætt í allri meðferð ungkálfanna frá því að þeir fæddust og þar til þeir kæmu í einangrun þá, sem útbúin væri fyrir þá á íslenzkri eyju. En árangur af kynblönduninni kæmi mörgum árum fyrr í ljós með þeirri aðferð en sæðisflutningum, sem standa yrði yfir fjölda ára.

Af framanrituðum ástæðum leggur meiri hl. til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 20. jan. 1951.

Bjarni Ásgeirsson, form., frsm. Ásgeir Bjarnason. Ásmundur Sigurðsson.

Ed. 527. Nefndarálit [49. mál]

um frv. til laga um sveitarstjóra.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. og ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Vill meiri hlutinn (RÞ, LJóh og HG) láta samþykkja frumvarpið óbreytt, en á þetta getur minni hlutinn ekki fallizt.

Frumvarp þetta var borið fram á síðasta þingi. Var því þá breytt mjög verulega í Ed. og sent á ný til Nd., sem breytti því í sama horf og hún hafði áður gengið frá því. Náði það því ekki samþykki á því þingi. — Þykir því rétt að leggja til, að frumvarpinu verði nú breytt í meginatriðum á þann hátt, sem Ed. samþykkti á síðasta þingi.

Minni hlutinn leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 5. gr.
   a. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo:
      Sveitarstjóra má fela störf þau, sem oddvita eru falin í sveitarstjórnarlögunum, önnur en stjórn á fundum hreppsnefndar, og hefur hann þá á hendi framkvæmd þeirra málefna hreppsins.
   b. 2. mgr. falli niður.
2. Við 6. gr. 2. mgr. falli niður.
3. Við 8. gr. Greinin falli niður.

Alþingi, 20. jan. 1951.

Gísli Jónsson.

Sþ. 528. Tillaga til þingsályktunar [157. mál]

um hitaveitu á Reykhólum.

Flm.: Gísli Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera uppdrætti og kostnaðaráætlun yfir hitaveitu á Reykhólum í Austur-Barðastrandarsýslu, er sé nægileg fyrir fyrirhugaðar byggingar í landi staðarins. Skal verkið framkvæmt í samráði við skipulagsnefnd Reykhóla og því lokið á þessu ári.

Kostnaður við framkvæmdina greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Með því að búast má við, að á næstu árum aukist allverulega byggð á Reykhólum, m. a. vegna þess, hversu mikill jarðhiti er þar til afnota, bæði til upphitunar á húsum og til annarra þarfa, er sýnt, að nauðsynlegt er að láta sem allra fyrst undirbúa hitaveitu fyrir staðinn, er nægileg sé fyrir væntanlega byggð þar. Og þar sem ríkissjóður er nú orðið einn eigandi jarðarinnar og allra hitaréttinda, er eðlilegast, að hann láti framkvæma verk þetta.

Það er á engan hátt æskilegt, að hvert hús, sem á hita þarf að halda í framtíðinni, þurfi sjálft að standa undir þeim kostnaði, sem af því leiðir að leggja aðalhitaæð að hver, enda miklu kostnaðarsamara en að þetta sé gert skipulega fyrir byggðina í heild. Jafnskjótt og kostnaðaráætlun og uppdráttur liggur fyrir, er unnt að ákveða, á hvern hátt veitunni verður komið upp og hvernig hún verður starfrækt.

Rétt þykir, að verkið sé framkvæmt í samráði við skipulagsnefnd staðarins, sem kunnugust er þörfum hans og á hvern hátt hugsað er að nota jörðina í framtíðinni.

Ed. 529. Breytingartillögur [95. mál]

við frv. til l. um breyt. á 1. gr. laga nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

1. gr. laganna orðist þannig:

Á Íslandi skulu vera þau prestaköll, sem nú skal greina:

I. Norður-Múlaprófastsdæmi. 1. Skeggjastaðir: Skeggjastaðasókn. 2. Hof í Vopnafirði: Hofs- og Vopnafjarðarsóknir. 3. Kirkjubær í Hróarstungu: Kirkjubæjar-, Hofteigs-, Eiríksstaða-, Möðrudals-, Sleðbrjóts- og Hjaltastaðasóknir. 4. Valþjófsstaður: Valþjófsstaðar- og Áss-sóknir. 5. Desjarmýri: Desjarmýrar-, Njarðvíkur- og Húsavíkursóknir.

II. Suður-Múlaprófastsdæmi. 6. Seyðisfjörður: Seyðisfjarðar- og Klyppsstaðarsóknir. 7. Vallanes: Vallaness-, Þingmúla- og Eiðasóknir. 8. Norðfjörður: Nes- og Brekkusóknir. 9. Eskifjörður: Búðareyrar- og Eskifjarðarsóknir. 10. Kolfreyjustaður: Kolfreyjustaðar- og Búðasóknir. 11. Eydalir: Eydala- og Stöðvarsóknir. 12. Djúpivogur: Hofs- og Djúpavogs-, Berufjarðar- og Berunessóknir.

III. Austur-Skaftafellsprófastsdæmi. 13. Bjarnanes: Bjarnaness-, Stafafells- og Brunnhólssóknir. 14. Kálfafellsstaður: Kálfafellsstaðar- og Hofssóknir.

IV. Vestur-Skaftafellsprófastsdæmi. 15. Kirkjubæjarklaustur: Prestsbakka- og Kálfafellssóknir. 16. Þykkvabæjarklaustur: Þykkvabæjar-, Langholts- og Grafarsóknir. 17. Mýrdalsþing: Víkur-, Reynis- og Skeiðflatarsóknir.

V. Rangárvallaprófastsdæmi. 18. Holt undir Eyjafjöllum: Eyvindarhóla-, Ásólfsskála- og Stóradalssóknir. 19. Breiðabólstaður í Fljótshlíð: Breiðabólstaðar- og Hlíðarendasóknir. 20. Landeyjaþing: Kross- og Akureyjarsóknir. 21. Oddi: Odda-, Stórólfshvols- og Keldnasóknir. 22. Landprestakall: Skarðs-, Haga- og Marteinstungusóknir. 23. Kálfholt: Kálfholts-, Hábæjar- og Árbæjarsóknir. 24. Vestmannaeyjar: Ofanleitissókn.

VI. Árnesprófastsdæmi. 25. Stórinúpur: Stóranúps-, Hrepphóla- og Ólafsvallasóknir. 26. Hruni: Hruna- og Tungufellssóknir. 27. Torfastaðir: Torfastaða-, Haukadals-, Bræðratungu-, Úthlíðar- og Skálholtssóknir. 28. Mosfell í Grímsnesi: Mosfells-, Miðdals-, Stóru-Borgar- og Búrfellssóknir. 29. Þingvellir: Þingvalla- og Úlfljótsvatnssóknir. 30. Hraungerði: Hraungerðis-, Laugardæla- og Villingaholtssóknir. 31. Stokkseyri: Stokkseyrar-, Eyrarbakka- og Gaulverjabæjarsóknir. 32. Arnarbæli: Kotstrandar-, Hjalla- og Strandarsóknir.

VII. Kjalarnesprófastsdæmi. 33. Staður í Grindavík: Staðar- og Kirkjuvogssóknir. 34. Útskálar: Útskála-, Hvalsness-, Keflavíkur- og Innri-Njarðvíkursóknir. 35. Hafnarfjörður: Hafnarfjarðar-, Bessastaða- og Kálfatjarnarsóknir. 36. Mosfell í Mosfellssveit: Lágafells-, Brautarholts- og Viðeyjarsóknir. 37. Reynivellir: Reynivalla- og Saurbæjarsóknir.

VIII. Reykjavíkurprófastsdæmi: 38. Dómkirkjuprestakall: Dómkirkjusókn. 39. Hallgrímsprestakall: Hallgrímssókn. 40. Nesprestakall: Nessókn. 41. Laugarnesprestakall: Laugarnessókn.

IX. Borgarfjarðarprófastsdæmi. 42. Saurbær á Hvalfjarðarströnd: Saurbæjar- og Leirársóknir. 43. Akranes: Akraness- og Innrahólmssóknir. 44. Hestþing: Hvanneyrar-, Bæjar-, Lundar- og Fitjasóknir. 45. Reykholt: Reykholts-, Stóra-Ass-, Gilsbakka- og Síðumúlasóknir.

X. Mýraprófastsdæmi: 46. Stafholt: Stafholts-, Hjarðarholts-, Hvamms- og Norðtungusóknir. 47. Borg: Borgar-, Borgarness-, Álftaness-, Álftártungu- og Akrasóknir.

XI. Snæfellsnesprófastsdæmi. 48. Miklaholt: Miklaholts-, Rauðamels-, Kolbeinsstaða- og Staðarhraunssóknir. 49. Staðastaður: Staðastaðar-, Búða- og Hellnasóknir. 50. Nesþing: Ólafsvíkur-, Brimilsvalla- og Ingjaldshólssóknir. 51. Setberg: Setbergs- og Bjarnarhafnarsóknir. 52. Helgafellsþing: Stykkishólms-, Helgafells-, Breiðabólstaðar- og Narfeyrarsóknir.

XII. Dalaprófastsdæmi. 53. Suðurdalaþing: Snóksdals-, Kvennabrekku-, Stóravatnshorns- og Hjarðarholtssóknir. 54. Hvammur í Hvammssveit: Hvamms-, Staðarfells-, Dagverðarness-, Skarðs- og Staðarhólssóknir.

XIII. Barðastrandarprófastsdæmi. 55. Staður á Reykjanesi: Reykhóla-, Garpsdals-, Staðar- og Gufudalssóknir. 56. Flatey: Flateyjar- og Múlasóknir. 57. Brjánslækur: Brjánslækjar- og Hagasóknir. 58. Sauðlauksdalur: Sauðlauksdals-, Breiðuvíkur- og Saurbæjarsóknir. 59. Patreksfjörður: Eyra- og Stóra-Laugardalssóknir. 60. Bíldudalur: Bíldudals- og Selárdalssóknir.

XIV. Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi. 61. Þingeyri: Þingeyrar-, Rafnseyrar-, Álftamýrar- og Hraunssóknir. 62. Dýrafjarðarþing: Mýra-, Núps- og Sæbólssóknir. 63. Holt í Önundarfirði: Holts-, Flateyrar- og Kirkjubólssóknir. 64. Staður í Súgandafirði: Staðarsókn í Súgandafirði.

XV. Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi. 65. Ísafjörður: Ísafjarðar- og Hnífsdalssóknir. 66. Bolungavík: Hólssókn. 67. Ögurþing: Ögurs- og Eyrarsóknir.

68. Vatnsfjörður: Vatnsfjarðar-, Nauteyrar- og Unaðsdalssóknir. 69. Staður í Grunnavík: Staðarsókn, Hesteyrarsókn og Staðarsókn í Aðalvík.

XVI. Strandaprófastsdæmi. 70. Árnes: Árnessókn. 7. Staður í Steingrímsfirði: Staðar-, Hólmavíkur-, Kaldrananess- og Kollafjarðarnessóknir. 72. Prestsbakki: Prestsbakkasókn, Óspakseyrarsókn og Staðarsókn í Hrútafirði.

XVII. Húnavatnsprófastsdæmi. 73. Melstaður: Melstaðar-, Kirkjuhvamms-, Staðarbakka- og Núpssóknir. 74. Tjörn á Vatnsnesi: Tjarnar- og Vesturhópshólasóknir. 75. Breiðabólstaður í Vesturhópi: Breiðabólstaðar- og Víðidalstungusóknir. 76. Þingeyraklaustur: Þingeyra-, Undirfells- og Blönduóssóknir (Blönduóshreppur). 77. Bergsstaðir: Bergsstaða-, Bólstaðarhlíðar-, Auðkúlu- og Svínavatnssóknir. 78. Höskuldsstaðir: Höskuldsstaða-, Holtastaða-, Hofs- og Spákonufellssóknir.

XVIII. Skagafjarðarprófastsdæmi. 79. Hvammur í Laxárdal: Hvamms- og Ketusóknir. 80. Reynistaðarklaustur: Reynistaðar- og Sauðárkrókssóknir. 81. Glaumbær: Glaumbæjar- og Víðimýrarsóknir. 82. Mælifell: Mælifells-, Reykja-, Goðdala- og Ábæjarsóknir. 83. Miklibær: Miklabæjar-, Silfrastaða- og Flugumýrarsóknir. 84. Hólar: Viðvíkur-, Hóla-, Hofstaða- og Rípursóknir. 85. Fell í Sléttuhlíð: Fells- og Hofssóknir. 86. Barð í Fljótum: Barðs- og Knappsstaðasóknir.

XIX. Eyjafjarðarprófastsdæmi. 87. Grímsey: Miðgarðasókn. 88. Siglufjörður: Siglufjarðarsókn. 89. Ólafsfjörður: Ólafsfjarðarsókn. 90. Vellir í Svarfaðardal: Valla-, Stærra-Árskógs-, Hríseyjar-, Tjarnar-, Urða- og Upsasóknir. 91. Möðruvallaklaustur: Möðruvalla-, Bægisár-, Bakka- og Glæsibæjarsóknir. 92. Akureyri: Akureyrar- og Lögmannshlíðarsóknir. 93. Grundarþing: Grundar-, Munkaþverár-, Kaupangs-, Saurbæjar-, Möðruvalla- og Hólasóknir.

XX. Suður-Þingeyjarprófastsdæmi. 94. Laufás: Laufáss-, Svalbarðs-, Grenivíkur- og Þönglabakkasóknir. 95. Háls í Fnjóskadal: Háls-, Illugastaða-, Draflastaða- og Brettingsstaðasóknir. 96. Vatnsendi: Þóroddsstaðar-, Ljósavatns- og Lundarbrekkusóknir. 97. Skútustaðir: Skútustaða- og Reykjahlíðarsóknir. 98. Grenjaðarstaður: Grenjaðarstaðar-, Ness-, Einarsstaða- og Þverársóknir. 99. Húsavík: Húsavíkursókn.

XXI. Norður-Þingeyjarprófastsdæmi. 100. Skinnastaðir: Skinnastaða-, Garðs-, Snartarstaða- og Víðihólssóknir 101. Raufarhöfn: Svalbarðs- og Raufarhafnarsóknir. 102. Sauðanes: Sauðanessókn.

2. Á eftir 1. gr. kemur ný gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkv. því):

Með lögum þessum eru úr gildi numin l. nr. 20 2. júní 1917, um niðurlagning Njarðvíkurkirkju og sameining Keflavíkur- og Njarðvíkursókna, og l. nr. 36 27. júní 1925, um skiptingu Ísafjarðarprestakalls í tvö prestaköll, svo og l. nr. 27 26. okt. 1917, l. nr. 37 31. maí 1927, l. nr. 19 1. febr. 1936 og l. nr. 63 11. júní 1938, öll um breyt. á l. nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla, og önnur lagaákvæði, er kynnu að koma í bága við lög þessi.

3. Við 2. gr. 2. málsgr. orðist svo:

Þó koma lögin ekki til framkvæmda um prestaköll þau, sem leggja á niður, fyrr en jafnóðum og þau losna.

4. Á eftir 2. gr. kemur svo hljóðandi bráðabirgðaákvæði:

Heimilt er kirkjumálaráðuneytinu, ef það telur nauðsyn á, að fela öðrum sóknarpresti en þeim, er veitingu hefur fyrir prestakalli, sem niðurlagt prestakall sameinast samkv. lögum þessum, að þjóna fyrst um sinn einni eða fleiri sóknum í hinu niðurlagða prestakalli.

5. Við fyrirsögn. Í stað orðanna „1. gr. laga“ komi: lögum.

Ed. 530. Nefndarálit [95. mál]

um frv. til l. um breyt. á 1. gr. laga nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin athugaði frumvarpið eins og það var lagt fram hér í deildinni, en gat ekki fellt sig við það að öllu leyti og gerði því sjálf tillögur um breytingar á því og sendi þær kirkjumálaráðuneytinu fyrir jól næstliðin og móttók svar þess fyrir viku síðan, þar sem það i flestum atriðum fellst á tillögurnar, og fylgja þær á sérstöku þingskjali.

Umsagnir um breytingartillögur nefndarinnar hafa nú borizt frá stjórn Prestafélags Íslands og kirkjuráði, og eru báðir þessir aðilar mótfallnir tillögum þessum, en telja rétt, að endurskoðun fari fram hið fyrsta á lögunum um skipun prestakalla.

Nefndin telur ekki rétt fyrr en að betur athuguðu máli að leggja til meiri fækkun prestakalla en gert er í tillögum hennar. Eru það þau ein prestaköll, sem nú er þjónað af nágrannapresti og enginn umsækjandi er um. Hafa sum þeirra um langt skeið verið óveitt. Flest eru prestssetur í þeim prestaköllum, er niðurleggjast eiga, vanbúin að húsum, bæði ibúðar- og fénaðarhúsum. Sums staðar mega húsin heita gerfallin, annars staðar forn og farin. Verður Alþingi því að gera sér ljóst, að húsa verður sæmilega prestssetur þessi, ef umsækjanda er von í prestaköllin, en það kostar stórfé eins og verðlag allt er nú.

Þá er þess að geta, að nú eru allt önnur og betri samgöngutæki en áður voru, bílvegir og brúaðar ár allvíða, svo að prestar geta sótt nær allar kirkjur sínar á bíl. Embættisstörf flestra presta eru nú stórum minni, og er varla ofmælt, að nú sé allvíða eins hægt eða hægara að þjóna tveimur prestaköllum eins og var að þjóna einu prestakalli 1907, en þá varð gildandi prestakallaskipun að lögum. — Tveir nefndarmanna, F. R. Valdimarsson og Eiríkur Einarsson, voru fjarverandi sökum veikinda, er málið var afgreitt.

Alþingi, 22. jan. 1951.

Þorst. Þorsteinsson, form., frsm.	Rannveig Þorsteinsdóttir, fundaskr.	Hannibal Valdimarsson.

Fylgiskjal.

Háttvirt menntamálanefnd efri deildar hefur með bréfi, dags. 17. þ. m., sent formanni kirkjuráðs breytingartillögur sínar við frumvarp til laga um breyting á 1. gr. laga nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla. Hefur kirkjuráð tekið tillögur þessar til athugunar á fundum 18. og 19. þ. m., enda er það verkefni ráðsins að lögum að fjalla um slík mál, sbr. lög um kirkjuráð nr. 21 6. júlí 1931, 2. og 3. gr.

Þegar breytingartillögurnar eru bornar saman við frumvarpið sjálft, kemur þegar í ljós, að sú breyting er mjög til hins verra, að Hofteigsprestakall á Jökuldal skuli lagt niður. Prestakall þetta er 3 sóknir með á þriðja hundrað manns og nær yfir Jökuldal og Hrafnkelsdal, að minnsta kosti 70 km að lengd, svo og hin víðlendu Möðrudalsöræfi, er langir fjallvegir greina frá öðrum prestaköllum. Hlýtur því breytingartillaga þessi að stafa af miklum ókunnugleika á staðháttum.

Hins vegar er sú breytingartillaga til bóta, að Stóra-Núpsprestakall haldist, 3 sóknir með nær 600 manns.

Enn fremur telur kirkjuráð réttan skilning nefndarinnar á því, að endurskoða beri í heild lög nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla, þar eð þau eðlilega eru orðin nokkuð úrelt.

Þessa endurskoðun virðist nefndin hafa framkvæmt — en því miður af svo miklu flaustri og handahófi, að ekki verður við unað.

Í þessu bréfi kirkjuráðs til háttvirtrar menntamálanefndar, er ekki rúm til að benda nema á lítinn hluta þess, er kirkjuráð telur athugavert. En nokkur atriði skal þó drepa á, hér og þar, til að sýna, að ekki er um órökstuddan sleggjudóm að ræða.

1. Nefndin virðist ekki hafa tekið neitt tillit til hinnar afarmiklu fólksfjölgunar í Reykjavík, síðan sett voru lög nr. 76 7. maí 1940, um skipting Reykjavíkur í prestaköll. T. d. er nú hin brýnasta nauðsyn þess, að skipta Laugarnesprestakalli í 2 eða 3 prestaköll, þar sem í því er milli 10 000 og 15 000 manns. Einsætt hefði að minnsta kosti verið að taka upp ákvæði 4. greinar nefndra laga um skipting Reykjavíkur í prestaköll.

2. Lundarbrekkusókn er ófyrirsynju tekin undan Þóroddsstaðarprestakalli, en hún hefur fylgt því meira en 30 síðustu árin, og auðveldast að þjóna henni frá prestssetrinu Vatnsenda. Frá Skútustöðum væri aftur á móti yfir fjallveg að fara, og auk þess yrði um sinn að greiða sérstaklega fyrir prestsþjónustu þaðan.

3. Óviðfelldið er að bera fram breytingartill. við lagagrein, sem þegar er úr gildi numin með öðrum lögum (2. grein laga 1907, um skipun prestakalla, er felld úr gildi með lögum nr. 76 7. maí 1940).

4. Nöfn prestakalla og sókna eru sett mjög af handahófi og víða öll önnur en í lögunum um skipun prestakalla frá 1907. Sum nafnanna eru miklu lakari en hin eldri.

Kirkjuráð lítur svo á, að í frumvarpinu séu svo margir gallar, að ekki komi til mála að samþykkja það á þessu þingi, en leggur til, að látin verði fara fram ýtarleg athugun á prestakallaskipun landsins í heild. Verði biskupi falið að láta framkvæma hana og leggja síðar frumvarp til laga um skipun prestakalla fyrir prestastefnu og kirkjuráð til umsagnar.

Að lokum vill kirkjuráð taka það fram, að það telur ekki hæfa, að frumvarp þetta verði afgreitt af Alþingi án þess, að formanni kirkjuráðsins, biskupi Íslands, verði gefinn kostur á að láta í ljós álit sitt á því. Enda væri sparnaður við að hraða afgreiðslu þess nálega enginn, og auðveld ráðstöfun, að lausum prestaköllum, sem frumvarpið gerir ráð fyrir að fækka, verði ekki slegið upp að þessu sinni.

Frumvarp um skipun prestakalla má aðeins afgreiða að vel athuguðu máli með þörf kirkjunnar fyrir augum.

Reykjavík, 19. janúar 1951.

Í kirkjuráði:

Ásmundur Guðmundsson. Þorgr. V. Sigurðsson. Matthías Þórðarson.
Vilhjálmur Þór.

Til menntamálanefndar efri deildar Alþingis, Reykjavík.

Sþ. 531. Nefndarálit [80. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1947.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og borið það saman við ríkisreikninginn 1947. Breytingartillögur til leiðréttingar á frumvarpinu eru bornar fram á sérstöku þingskjali, og verður gerð grein fyrir þeim í framsöguræðu.

Alþingi, 20. jan. 1951.

Gísli Jónsson, form. Helgi Jónasson, fundaskr. Halldór Ásgrímsson, frsm.
Pétur Ottesen. Jónas G. Rafnar. Hannibal Valdimarsson.
Karl Kristjánsson. Ingólfur Jónsson. Ásmundur Sigurðsson.

Sþ. 532. Breytingartillögur [80. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1947.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 1. gr. Fyrir „kr. 127 502 958.20“ kemur: kr. 126 488 681.12.
2. Við 2. gr.
   a. Við 2. (Sími). Fyrir „4 111 136.13 en tekjur fóru kr. 2 631 235.70 fram úr fjárhagsáætlun“ kemur ..... kr. 2 631 235.70
   af 4 111 136.13 kr. tekjum umfram fjárlagaáætlun.
   b. Við 5. (Ríkisútvarpið). Fyrir „798 110.44 af kr. 2 103 222.55 tekjum fram úr fjárhagsáætlun“ kemur ..... — 771 733.72
   af 1 531 622.02 kr. umfram fjárlagaáætlun.
   c. Við 5. Nýir liðir:
   1. Viðtækjaverzlunin ..... — 176 097.01
   af 851 647.03 kr. tekjum umfram fjárlagaáætlun.
   2. Viðgerðarstofa ríkisútvarpsins ..... — 115 903.06
   en tekjur fóru kr. 15 453.57 fram úr fjárlagaáætlun.
   d. Við 6. (Ríkisprentsmiðjan Gutenberg). Fyrir „357 937.80“ kemur ..... — 457 937.80
   e. Við 7. (Grænmetisverzlun ríkisins). Fyrir „58 968.20“ kemur ..... — 158 968.20
   f. Við 8. (Landssmiðjan). Fyrir orðin „en tekjur fóru kr. 144 267.92 fram úr fjárlagaáætlun“ kemur: en tekjur urðu kr. 751 527.93.

Nd. 533. Nefndarálit [81. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1947.

Frá fjárhagsnefnd.

Í sambandi við afgreiðslu ríkisreikningsins fyrir árið 1946 var á það bent, að reikningar ýmissa sjóða, sem eru ríkiseign, væru ekki í samræmi við efnahagsreikning ríkisins (sbr. Alþt. 1949 A. 530). Slíkt ósamræmi er enn til í þeim reikningum, er hér liggja fyrir. Má t. d. nefna, að á reikningi fiskveiðasjóðs (bls. 103) er talið með eignum: Útlán til ríkissjóðs vegna Svíþjóðarskipa, kr. 4 952 868.35, en upphæð þessi er ekki færð með skuldum á efnahagsreikningi ríkisins. Í athugasemdum yfirskoðunarmanna eru einnig nefnd dæmi um ósamræmi í reikningum einstakra sjóða og ríkisreikningsins. Á þetta er enn bent hér til athugunar framvegis.

Yfirskoðunarmenn hafa gert nokkrar athugasemdir við reikninginn, og eru þær birtar með reikningnum eins og venjulega, ásamt svörum reikningshaldara og tillögum yfirskoðunarmanna, en engum athugasemdum er þar sérstaklega vísað til aðgerða Alþingis.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 22. jan. 1951.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Sig. Ágústsson, fundaskr. Jóhann Hafstein.

Ásg. Ásgeirsson. Einar Olgeirsson.

Nd. 534. Breytingartillaga [47. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 112 30. sept. 1947, um loðdýrarækt.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar (BÁ, JS, JPálm).

Við 11. gr. Aftan við greinina bætist: og eyðingu villiminka.

Nd. 535. Breytingartillaga [47. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 112 30. sept. 1947, um loðdýrarækt.

Frá Ásmundi Sigurðssyni og Ásgeiri Bjarnasyni.

Við 11. gr. Aftan við greinina bætist: bann gegn minkaeldi og eyðingu villiminka.

Nd. 536. Frumvarp til laga [158. mál]

um Akademíu Íslands.

Flm.: Björn Ólafsson.

1. gr.

Stofna skal Akademíu Íslands. Í henni skulu eiga sæti tólf íslenzkir rithöfundar, fræðimenn og vísindamenn, búsettir á Íslandi.

2. gr.

Til Akademíunnar skal svo stofnað, að forseti Íslands velur sex fyrstu félagana og skipar jafnframt einn þeirra fyrsta forseta hennar, en þessir sex félagar kjósa síðan þá sex, sem á vantar, til þess að Akademían sé fullskipuð.

3. gr.

Aðalhlutverk Akademíunnar skal vera að hafa forustu um allt það, sem varðar rækt við íslenzka tungu, stuðlað getur að því að varðveita stofn hennar lifandi og óspilltan og auðga hana, eftir því sem þarfir krefja, í samræmi við erfðir hennar og eðli. Akademían skal einnig að öðru leyti láta viðgang og þroska íslenzkra mennta og menningar til sín taka, eftir því sem ástæður leyfa. Akademían getur meðal annars, þegar svo um semur, tekið að sér umsjá og ráðstöfun sjóða og annars fjár, sem varið er til menningarþarfa.

4. gr.

Hver sá, sem kjörinn er félagi í Akademíunni, skal eiga þar sæti, þangað til hann er fullra sjötíu og fimm ára að aldri, nema hann flytji búferlum úr landi. Þó getur Akademían sjálf vikið burt hverjum þeim félaga, sem gert hefur sig sekan um glæp eða annan ósæmilegan verknað. Brottvikning er ekki gild, nema níu félagar greiði henni atkvæði og málið sé rætt á fundi, sem boðað hefur verið til á venjulegan hátt, að tilgreindu fundarefni.

5. gr.

Nú verður sæti laust í Akademíunni, og skal þá nýr félagi kosinn að þrjátíu dögum liðnum. Þegar nýr félagi er kosinn, skulu að minnsta kosti níu félagar greiða

atkvæði, og er kosning því aðeins gild, að átta greiði jákvæði. Þeir félagar, sem veikir eru eða fjarverandi, þegar kjör fer fram, geta sent atkvæði sitt í innsigluðu bréfi, er opnað sé, um leið og atkvæðagreiðsla fer fram. Enginn félagi má láta uppi álit sitt um væntanlegt kjör né gefa loforð um atkvæði sitt áður en kosning fer fram. Tilkynna skal forseta Íslands um kosningu nýrra félaga.

6. gr.

Við ákvörðun annarra mála, er varða starfsemi Akademíunnar, skulu að minnsta kosti níu félagar vera á fundi. Ræður afl atkvæða úrslitum mála.

7. gr.

Aðalfundur Akademíunnar skal haldinn ár hvert á stofndegi hennar. Skal þá kjósa forseta og varaforseta til eins árs. Ekki má endurkjósa þá næsta ár eftir. Ritari skal kosinn til fimm ára, og er hann jafnframt gjaldkeri. Þessir þrír menn fara með stjórn Akademíunnar.

8. gr.

Félagar Akademíunnar hafa rétt til að greina sem titil við nafn sitt: „félagi í Akademíu Íslands“. Sama rétt hafa þeir, sem fyrir aldurs sakir víkja úr Akademíunni.

9. gr.

Hver félagi Akademíunnar fær heiðurslaun, tólf þúsund krónur á ári, er greiðist af því fé, sem Alþingi veitir árlega til skálda og listamanna. Ekki skulu heiðurslaun þessi hindra það, að einstakir félagar Akademíunnar geti að auki notið fastra launa til ritstarfa eða rannsókna samkvæmt ákvörðun Alþingis.

10. gr.

Akademían skal jafnan hafa aðsetur í Reykjavík, og skal menntamálaráðuneytið sjá henni fyrir hæfilegu húsnæði til starfsemi sinnar án endurgjalds.

11. gr.

Akademían setur sér sjálf starfsreglur, sem menntamálaráðherra staðfestir, enda fari þær eigi í bága við lög þessi.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mörgum er nú orðið ljóst, að nauðsynlegt sé að koma á fót stofnun, er hefði það aðalhlutverk að vaka yfir þróun íslenzkrar tungu. Þessi hugmynd mun hafa fyrst komið opinberlega fram hjá Kristjáni Albertssyni rithöfundi í grein, er hann ritaði í Skírni árið 1939 um „þróun íslenzkunnar“. Varpar hann þar fram þeirri spurningu, hvort ekki sé rétt að koma á fót stofnun, sem hefði viðlíka verksvið og franska akademían, er skylt væri að vaka yfir þróun tungunnar, löggilti nýyrði, aðfengin og heimafengin, og kæmi þeim á framfæri við skóla, blöð og allan almenning. Hann segir enn fremur: „Þurfum við að hika við slíkt af því, að við erum ekki stórveldi eins og Frakkar, er ekki sú ástæða nóg, að okkur hefur hlotnazt sú vegsemd að vera trúað einum fyrir merkilegri tungu, sem á stórfengleg afrek að baki sér, og að við viljum ekki láta reka á reiðanum um, hvernig fer fyrir þessari tungu.“

Þekktustu akademíur með öðrum þjóðum eru „L'Academie Francaise“, stofnuð 1816, skipuð 40 mönnum og „Svenska Academien“, stofnuð 1786, skipuð 18 mönnum. Báðar þessar stórmerku og víðkunnu stofnanir hafa verndun, fegrun og eflingu móðurmálsins efst á stefnuskrá sinni.

Stofnun íslenzkrar akademíu, er hafi það hlutverk, er í lögunum greinir, virðist menningarleg nauðsyn, ekki sízt vegna þróunar íslenzkrar tungu á síðari tímum. Á síðustu áratugum hafa rithöfundar og blöð æ meira horfið frá hinni algeru hreintungustefnu, sem Fjölnismenn mörkuðu og réð mjög miklu um þróun tungunnar í nærfellt heila öld. Myndun nýyrða hefur aldrei verið örari en á síðustu áratugum, en jafnframt flæðir inn í talað og ritað mál mikill fjöldi orða, erlendra og afbakaðra úr útlendum málum, og fara þau oftast mjög illa í íslenzku máli. Segja má, að tungan neyti nú í bili allra ráða, góðra og misjafnra, til þess að verða sem hæfust nútíðartunga og jafnt sem önnur mál, um að tjá hverja hugsun og nefna hvern hlut. Er því augljós hætta á því, að mörg óþörf, erlend orð og illa gerð nýyrði festist í málinu því til spillingar og lýta, ef færustu menn vinna ekki að því á skipulagsbundinn hátt að vernda og auðga málið. Verður slíkt starf að byggjast á fullum skilningi á öllum eðlilegum vaxtarmöguleikum málsins, en þó fyrst og fremst á ást og virðingu fyrir íslenzkri tungu.

Í þessari greinargerð skal ekki farið nánar út í væntanlega starfshætti Akademíunnar. Gert er ráð fyrir, að hún setji sér sjálf starfsreglur. En á það mætti benda, að eitt af því, sem Akademían ætti að beita sér fyrir, er útgáfa orðabókar alþjóðlegra orða með íslenzkum þýðingum. Á síðustu þremur áratugum hefur myndazt fjöldi nýyrða, sem misjafnlega samrýmast tungunni og notuð eru gagnrýnislaust af almenningi. Mætti fyrst hefja útgáfu orðahefta til fróðleiks og athugunar, áður en tekin verður ákvörðun um, hvaða orð Akademían tekur upp í orðabók sína og mælir með, að festist í málinu. Þangað til fullkomin orðabók fyrir alþjóðleg og tæknileg orð verður gefin út, væri æskilegt, að Akademían gæfi út árlega í smærri eða stærri heftum safn af erlendum orðum og orðatiltækjum, sem fyrir koma í talmáli og ritmáli á Íslandi, með þýðingum á íslenzku. Telja má víst, að Akademíunni mundi berast efniviður í safn þetta frá mönnum, sem annt er um viðgang tungunnar. Þessar framkvæmdir kosta nokkurt fé, en telja má vafalaust, að Alþingi og einstaklingar muni veita nægilegt liðsinni til slíkra menningarframkvæmda með fjárframlögum og sjóðstofnunum.

Að því er varðar heiti þessarar stofnunar þykir rétt að halda hinu gríska heiti, sem tekið hefur verið upp í mál flestra menningarþjóða. Virðist ekki nein minnkun að taka þetta orð upp í tunguna, sem hefur tileinkað sér grísk orð, svo sem: kirkja. Orðið akademi hefur venjulega verið hvorugkyns, er það hefur verið notað í íslenzku, en þægilegra og viðkunnanlegra er, að það sé kvenkyns, eins og lagt hefur verið til af Jóni Helgasyni prófessor.

Eins og getið er hér að framan eru franska og sænska akademían skipaðar mjög fáum mönnum og bundið við ákveðna félagatölu. Hæfilegt þykir, að hér sé Akademían skipuð 12 mönnum, og er til þess ætlazt, að þeirri tölu verði aldrei breytt. Allir félagar skulu vera Íslendingar búsettir hér á landi, og er gert ráð fyrir, að þeir verði jafnan menn, sem öndvegissess skipa í íslenzkum bókmenntum og vísindum.

Um það má deila, hvernig skipa skuli Akademíuna í fyrsta sinn. Síðar eiga akademíkarar sjálfir að velja félaga sína. Að vandlega íhuguðu máli var að því horfið að leggja til, að forseti Íslands veldi sex menn, en þeir síðan kjósi sex menn, sem á vantar, að Akademían sé fullskipuð.

Hver maður, sem kosinn er til Akademíunnar, skal eiga þar sæti, þangað til hann er fullra sjötíu og fimm ára, og ekki er hægt að svipta hann þeim réttindum, nema hann fremji verknað, sem brýtur í bága við almennt siðgæði eða lög landsins. Þessi réttindi eiga að skapa kjölfestuna í starfi Akademíunnar.

Að því er varðar stjórn Akademíunnar, má geta þess, að í þeim erlendu akademíum, sem getið er að framan, er ritarinn kosinn ævilangt, en um meðstjórnendur hans er skipt á sex eða tólf mánaða fresti. Hér er lagt til, að ritarinn sé kosinn til fimm ára.

Mjög má deila um það, hvort meðlimum Akademíunnar skuli greidd árleg heiðurslaun. Margir verða vafalaust valdir, sem sinna embættum eða öðrum störfum

með fullum launum. Segja má, að slíkir menn hafi ekki sérstaka þörf fyrir heiðurslaunin. En þess er þá að gæta, að jafnan er gert ráð fyrir, að Akademíuna skipi öndvegismenn þjóðarinnar í skáldskap og vísindum. Eru slíkir menn vel verðir launanna, jafnvel þótt þeir hafi fyrir sæmileg þurftarlaun. Lagt er til, að heiðurslaunin séu 12 þús. kr. á ári, en vegna þess að slík laun hrökkva skammt til framfærslu, er sett í lögin, að þau skuli ekki hindra það, að einstakir félagar Akademíunnar geti að auki fengið föst laun fyrir ritstörf eða rannsóknir samkvæmt ákvörðun Alþingis.

Menntamálaráðh. sendi Háskóla Íslands frv. til umsagnar. Háskólaráð svaraði í bréfi, dags. 9. des. s. l., og er svarið birt hér sem fylgiskjal. Teknar hafa verið til greina tillögur háskólaráðs um aldurstakmark og nafnbót félaga Akademíunnar.

Fylgiskjal.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Reykjavík, 9. des. 1950.

Háskólaráð hefur á fundi í dag rætt um frumvarp til laga um Akademíu Íslands, er háttvirt menntamálaráðuneyti hefur sent því til umsagnar með bréfi, dags. 7. þ. m. Mælir háskólaráð með því, að sett verði á fót stofnun, eins og greinir í frumvarpinu, er hafi það meginhlutverk að rækta og varðveita íslenzka tungu. Í því skyni ætti stofnunin meðal annars:

1. að hafa yfirstjórn samningar og útgáfu vísindalegrar orðabókar íslenzkrar, er háskólinn hefur hafið, og vinna að því, að því verki skili eins greiðlega áfram og föng eru á;
2. að láta semja samheitaorðabók;
3. að gefa út á hæfilegum fresti skrá um nýyrði, er smám saman skapast í málinu og telja má fullgild og æskileg;
4. að vinza úr málinu orð þau og setningar, er telja má, að brjóti í bág við eðlislögmál tungunnar, og birta við og við, til viðvörunar, skrá um bögumæli, rangar orðmyndir og setningar og rangmynduð orð, en allt þetta veður uppi í ræðu og riti, einkum í dagblöðum og í þýðingum úr erlendum málum;
5. að láta taka saman og gefa út rit um íslenzk mannanöfn;
6. að ákveða stafsetningu íslenzkrar tungu og gefa út stafsetningarorðabók og leiðarvísi um greinarmerki.

Háskólaráð bendir á, að verði stofnun sem þessi sett á laggirnar, yrði nauðsynlegt að tryggja henni stofnfé eða rekstrarfé á hverju ári.

Álitamál er, hvort aldurstakmark félaga samkv. 4. grein, sem bundið er við sjötugsaldur, sé ekki of lágt, því að reynslan sýnir, að þeir menn, er hafa fræði- og vísindastörf að aðalstarfi, öðlast oft betri yfirsýn með aldrinum en þeir, sem yngri eru. Þá telur háskólaráð æskilegt, að þeir, er eitt sinn hafa gerzt félagar, haldi nafnbót sinni til æviloka, þótt þeir gerist óvirkir, er þeir hafa náð tilteknum aldri.

Háskólaráð telur heppilegra, sbr. 7. gr., að forseti og varaforseti séu kosnir til 3 ára, en ekki eins, til þess að meiri festa verði í störfum, a. m. k. fyrst í stað, meðan verið er að skipuleggja starfið.

Virðingarfyllst,

Alexander Jóhannesson, rektor.

Til menntamálaráðuneytisins, Reykjavík.

Nd. 537. Frumvarp til laga [138. mál]

um viðauka við lög nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Stjórn Sogsvirkjunarinnar er heimilt að taka lán til virkjunar neðri Sogsfossanna, allt að kr. 158 000 000.00 — eitt hundrað fimmtíu og átta milljónir króna —, eða tilsvarandi upphæð í erlendum gjaldeyri, enda komi samþykki ríkisstjórnarinnar til.

Ef hentara þykir, getur ríkisstjórnin fyrir hönd ríkissjóðs tekið lán þau, er um ræðir í 1. mgr., og endurlánað þau Sogsvirkjuninni gegn gildum tryggingum.

Sogsvirkjunin er sameign ríkissjóðs og bæjarsjóðs Reykjavíkur, og bera báðir aðilar sameiginlega, báðir fyrir annan og annar fyrir báða, ábyrgð gagnvart þriðja aðila á skuldbindingum Sogsvirkjunarinnar, en sín á milli bera aðilar ábyrgð á lánum og öðrum greiðsluskuldbindingum fyrirtækisins í réttu hlutfalli við eignarhlut þeirra á hverjum tíma samkvæmt sameignarsamningi, dags. 30. júlí 1949.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla jafnframt úr gildi 1. og 5. gr. laga nr. 28 23. apríl 1946 og önnur ákvæði, er fara í bága við efni þessara laga.

Ed. 538. Frumvarp til laga [91. mál]

um breyting á lögum nr. 66 27. júní 1921, um fasteignaskatt.

(Eftir 2. mr. í Ed.)

1. gr.

Í stað 2. málsgr. 3. gr. laganna komi:

Nú er fasteignaskattur af eign samkvæmt 1. gr. lægri en 10 krónur, og skal hann þá ekki innheimtur.

Skatturinn skal jafnan standa á heilum krónum, en aurum sleppt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við innheimtu fasteignaskatts á manntalsþingum 1951.

Nd. 539. Breytingartillaga [17. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Bjarna Ásgeirssyni.

Við 1. gr. Framan við greinina bætist:

Á eftir B. 14 í 2. gr. laganna kemur nýr liður:

Ferjubakkavegur: Af Vesturlandsvegi, vestan Ferjukotssýkis, um Ferjubakka og Ölvaldsstaði á Borgarnesbraut hjá Brennistöðum.

Ed. 540. Breytingartillaga [38. mál]

við till. til rökst. dagskrár á þskj. 512 [Tekjuskattur og eignarskattur].

Flm.: Haraldur Guðmundsson.

Dagskrártillagan orðist þannig:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin leggi frumvarp milliþinganefndar þeirrar, er starfað hefur að endurskoðun tekju- og eignarskattslaganna, fyrir næsta Alþingi og að þar komi m. a. fram tillögur um sérsköttun manns og konu, þótt gift séu, telur deildin rétt að fresta efnisafgreiðslu málsins á þessu stigi og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Ed. 541. Breytingartillaga [38. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Steingrími Aðalsteinssyni.

Við 1. gr. Í stað orðanna „ráðskonu sannanlega eru greidd“ komi: ráðskonum eru greidd á viðkomandi stað.

Ed. 542. Breytingartillaga [38. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Þorsteini Þorsteinssyni.

Við 1. gr. Upphaf efnismálsgr. greinarinnar orðist svo:

Nú vinnur kona framteljanda utan heimilis, þó ekki við fyrirtæki hans eða barna þeirra, er hafa samframtal við foreldra sína, og má þá frádráttarbær kostnaður ....

Ed. 543. Breytingartillaga [38. mál]

við till. til rökst. dagskrár á þskj. 512 [Tekjuskattur og eignarskattur].

Frá Gísla Jónssyni.

Í stað orðanna „að ríkisstjórnin feli milliþinganefnd þeirri, sem nú starfar að endurskoðun tekju- og eignarskattslaganna, að“ komi: að ríkisstjórnin láti halda áfram endurskoðun á tekju- og eignarskattslögunum og láti í sambandi við þá endurskoðun.

Ed. 544. Breytingartillaga [38. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Karli Kristjánssyni og Bernharð Stefánssyni.

Við 1. gr. Í stað orðanna „launum, sem ráðskonu sannanlega eru greidd“ komi: launum, sem eru sannanlega greidd fyrir húshjálp.

Ed. 545. Nefndarálit [46. mál]

um frv. til laga um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. ásamt þeim gögnum, sem fylgdu því í greinargerð og einnig umsögn raforkumálastjóra frá 23. nóv. s. l., sem birt er í nál. iðnaðarnefndar Nd. á þskj. 279, en þar er bent á, að mjög vafasamt sé, hvort rétt sé að fara inn á þá braut, sem hér er farið inn á, að ríkið taki að sér að koma upp hinum smærri virkjunum, eins og hér er ætlazt til að gert verði, í stað þess að láta héruðin sjálf annast þetta verkefni undir ákvæðum raforkulaganna. Hefði nefndin út af fyrir sig vel getað fallizt á þetta sjónarmið raforkumálastjóra, ef ekki hefði annað komið hér til. Í fyrsta lagi hefur Alþingi þegar horfið frá þeirri stefnu, sem mörkuð var í upphafi og raforkumálastjóri bendir á, þegar samþykkt eru lög nr. 92 5. júní 1947 um nýtt orkuver og nýjar orkuveitur, og síðar lög frá 7. maí 1949, einnig um ný orkuver og orkuveitur; er því ekki með þessu frv. verið að marka neinar nýjar stefnur, heldur aðeins haldið lengra á þeirri braut, sem lagt var inn á með fyrrnefndum lögum. Væri það engan veginn verjandi að neita nú þeim héruðum, sem hér um ræðir, um sams konar hlunnindi og sjálfsagt þótti að veita öðrum héruðum 1947 og 1949. Í öðru lagi er sýnt, að þeim veitum, sem hér um ræðir, verður úr því sem komið er ekki komið upp á annan hátt en þann, sem frv. mælir fyrir um, eða a. m. k. ekki á meðan fjármálaástandið er óbreytt í landinu.

Nefndin er því sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 22. jan. 1951.

Gísli Jónsson, form., frsm.	Rannveig Þorsteinsdóttir, fundaskr.	Páll Zóphóníasson.
Jóhann Þ. Jósefsson.	Steingrímur Aðalsteinsson.	

Ed. 546. Nefndarálit [148. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 65 19. júní 1933, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Frv. þetta er samið af landlækni og var borið fram í Nd. samkv. ósk heilbrigðismálaráðherra. Samkv. því er ætlazt til, að gjald fyrir sóttvarnareftirlit með skipum

hækki nokkuð. Neðri deild féllst algerlega á efni frv. Leggur nefndin til, að deildin samþykki frv. óbreytt. — Einn nefndarmanna (FRV) var ekki viðstaddur, er frv. var afgreitt.

Alþingi, 22. jan. 1951.

Rannveig Þorsteinsdóttir, form. Lárus Jóhannesson, fundaskr. H. Guðmundsson, frsm.
Gísli Jónsson.

Nd. 547. Nefndarálit [102. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 29. apríl 1946, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og rætt það nokkuð. Jafnframt var frv. sent nýbýlastjórn ríkisins til umsagnar. Nefndinni hefur nú borizt svar frá landnámsstjóra, og er bréf hans birt hér á eftir. En þar sem í frv. eru ýmis nýmæli, sem meðal annars taka til hreppsnefnda um land allt, þá telur landbúnaðarnefnd æskilegt, að búnaðarþing, sem kemur saman í næsta mánuði, eigi kost á að athuga frv. og bera fram álit sitt á málinu, áður en endanleg afgreiðsla þess fer fram á Alþingi. Nefndin leggur því til, að deildin afgreiði frv. með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að í frv. eru nokkur nýmæli, sem meðal annars taka til allra hreppsnefnda á landinu, telur deildin rétt, að ríkisstjórnin sendi stjórn Búnaðarfélags Íslands frv. með ósk um, að hún leggi það fyrir næsta búnaðarþing til umsagnar. Í trausti þess, að svo verði, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 20. jan. 1951.

Bjarni Ásgeirsson, form. Jón Sigurðsson, fundaskr., frsm. Jón Pálmason.
Ásmundur Sigurðsson. Ásgeir Bjarnason.

Fylgiskjal.

LANDNÁMSSTJÓRI

Reykjavík, 17. jan. 1951.

Á fundi nýbýlastjórnar ríkisins 12. þ. m. var lagt fram bréf háttvirtrar landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis, dags. 2/11 f. á., ásamt frumv. til laga um breyting á lögum nr. 35 29. apríl 1946. Samþykkt var eftirfarandi:

„Nýbýlastjórn ríkisins telur þörf á lagaákvæðum, er tryggi betur en nú er, að jarðir, sem vel eru fallnar til ábúðar, fari ekki í eyði, t. d. vegna jarðabrasks, og felur landnámsstjóra að öðru leyti að svara bréfi landbúnaðarnefndar."

Eins og fram er tekið í samþykkt þessari, þá var nýbýlastjórn öll sammála um nauðsyn ráðstafana, er tryggði ábúð jarða betur en gert er. Hins vegar taldi nýbýlastjórnin sig ekki viðbúna að benda á aðrar leiðir heppilegri en á er bent í frumvarpinu til að ná því marki, sem það stefnir að.

Á árinu 1947 og 1948 var safnað skýrslum um eyðijarðir og gerð skrá yfir þær. Gert var ráð fyrir, að jafnframt væru skráðar allnákvæmar upplýsingar um bú-

rekstrarskilyrði jarðanna, orsakir til þess að þær færu í eyði o. fl. Nokkur misbrestur var á hve nákvæmlega skýrslurnar voru gerðar og nokkurs misræmis gætti hjá teljendum, hvað þeir teldu til eyðijarða, þó einkum á þann hátt, að nokkrir tóku með forn eyðibýli, sem ekki hafa verið sérmetin við þrenn fasteignamöt, er fram hafa farið eftir aldamót.

Búnaðarfélag Íslands fékk þessi gögn til athugunar á síðastliðnu sumri og skrifaði þá öllum hreppstjórum, og fengust bæði nokkrar leiðréttingar og allgott yfirlit um ástandið eins og það var miðað við fardaga 1950. Samkvæmt því hefur tala byggðra jarða verið þessi:

1932	.....	5589
1942	.....	5685
1950	.....	5279

Við síðustu tölu er þess að gæta, að þar eru ekki þau nýbýli talin, sem stofnuð hafa verið á síðustu árum, og mun býlatalan vantalin af þeim ástæðum um 232 býli, sem þó ekki eru öll komin í fullan rekstur.

Nokkuð hefur verið að því gert að benda þeim, er jarðnæðis leita, á eyðijarðir, en það virðist bera fremur lítinn árangur og helzt vegna þess, að byggilegustu jarðirnar eru ekki gefnar falar til sölu eða ábúðar, þó um þær sé beðið. Virðist því, að eitthvað þurfi annað að gera en halda uppi upplýsingarstarfsemi í þessum málum.

Frumvarpið er tilraun í þá átt. Þar sem mál þetta varðar því nær öll sveitarfélög á landinu og búnaðarþing kemur saman innan skamms, verður að telja æskilegt, að umsögn þess komi til, áður en frumvarp um þetta efni er gert að lögum, og það væri ástæða til, þar sem nýbýlastjórn er ætlað að hafa eftirlit þessara mála samkvæmt frumvarpinu, að sameiginleg athugun búnaðarþings og nýbýlastjórnar færi fram, hver lagaákvæði mundu líklegust til úrbóta í þessu efni.

Virðingarfyllst,

Pálmi Einarsson.

Til landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis.

Nd. 548. Ábúðarlög. [65. mál]

(Afgreidd frá Nd. 23. jan.)

Samhljóða þskj. 154 (sbr. 107) með þeirri leiðréttingu á prentvillu á þskj. 154, að í stað orðsins „byggingarleyfi“ í 2. efnismálsgrein (55. gr. laganna) á að standa: byggingarbréf.

Ed. 549. Lög [56. mál]

um breyting á lögum nr. 82/1936, um ríkisútgáfu námsbóka.

(Afgreidd frá Ed. 23. jan.)

Samhljóða þskj. 220.

Sþ. **550. Tillaga til þingsályktunar** [159. mál]

um afstöðu fulltrúa Íslands til friðar- og sáttatilrauna á alþjóðavettvangi o. fl.

Flm.: Einar Olgeirsson, Finnbogi R. Valdimarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fulltrúa sína á alþjóðavettvangi ætíð taka þá afstöðu í málum, er vænlegust væri til að efla frið og tryggja sættir milli helztu deiluaðila, og aðstoða eftir megni við að koma á banni á notkun kjarnorkuvopna, sýkla og annarra múgmorðstækja og að koma á allsherjar afvopnun.

Enn fremur felur Alþingi ríkisstjórninni að taka þá afstöðu á alþjóðavettvangi til frelsisbaráttu nýlenduþjóða, að viðurkenna rétt þeirra til frelsis og sjálfstæðis.

Alþingi leggur áherzlu á, að ríkisstjórnin viðurkenni alþýðustjórn Kína hið bráðasta.

Greinargerð.

Þjóð vor á meira undir því en flestar aðrar þjóðir, að friður fái haldizt í heiminum og að minnsta kosti, að hindrað verði, að nýtt heimsstríð brjótist út. Allar líkur benda til þess, að ef nýtt heimsstríð yrði, þá mundi það, sérstaklega ef þeirri stefnu verður haldið áfram að veita auðvaldi Bandaríkjanna hernaðarstöðvar hér til árása á Evrópu, m. a. verða háð hér. Vofir þá yfir þjóð vorri sú ægilega hætta, að mikill hluti þjóðarinnar geti tortímzt í slíku stríði og þorri þeirra eigna og mannvirkja, sem þjóð vor hefur skapað sér með miklu erfiði, verði lagður í rústir.

Þjóð vor hefur aldrei í sögu sinni háð stríð við aðrar þjóðir. Það er því í samræmi við það, sem oss þykir gæfulegast í sögu þjóðarinnar, að hún komi fram á alþjóðavettvangi sem mannasættir og friðarboði.

Hagsmunir og hugsjónir þjóðar vorrar krefjast þess, að fulltrúar hennar erlendis og einkum á alþjóðavettvangi Sameinuðu þjóðanna komi þannig fram, að þeir reyni af fremsta megni að vinna að eflingu og viðhaldi friðar og styðji þær tilraunir, sem gerðar eru til þess að koma á sættum milli aðaldeiluaðilanna í heiminum. Þrátt fyrir það ógæfuspor, sem stigið var með inngöngu Íslands í árásarbandalag nýlendukúgaranna undir ægishjálmi ameríska auðvaldsins, ber því Alþingi með samþykkt þessarar þáltill. að tryggja, að ríkisstjórnin standi á alþjóðavettvangi með þeim, sem vilja tryggja og efla friðinn. Það er því nauðsynlegra að tryggja að ríkisstjórnin reki slíka pólitík, sem vaxandi tilhneigingar virðast nú vera hjá henni til að fylgja hinni þjösnalegu yfirgangsstefnu ameríska auðvaldsins, sem drottnandi auðmannafjölskyldur landsins tengjast æ nánari böndum við. Framferði ríkisstjórnarinnar nú nýverið gagnvart hinum Norðurlöndunum — bæði það að hafa ekki viðurkennt alþýðustjórn Kína eins og þau og að taka ekki beinan þátt í síðasta utanríkisráðherrafundi Norðurlanda — sýnir, hve mikil hættan er á, að Ísland verði gert að algeru fylgiríki Bandaríkjanna, en slíti meir og meir vináttu- og menningartengslin við hin Norðurlöndin, einmitt þegar sum þeirra sýna lit á að reka friðvænlega utanríkisstefnu, óháða ameríska auðvaldinu.

Þá liggur það í augum uppi, að fulltrúum Íslands ber á alþjóðvettvangi að styðja af fremsta megni að því, að komið sé á banni kjarnorkuvopna, sýkla og annarra múgmorðstækja, sem fyrst og fremst er beint gegn óvopnuðum fjöldanum í stríði. Jafnsjálfsagt er fyrir slíka fulltrúa þjóðar vorrar að vinna að allsherjar afvopnun.

Þá felst það og í þessari tillögu, að fulltrúar þjóðar vorrar, sem í sex aldir hefur verið nýlenduþjóð, viðurkenna rétt þeirra mörgu nýlenduþjóða í Asíu og Afríku, sem nú eru að brjótast undan áratuga áþján auðvalds í Evrópu eða Ameríku, — og að vér Íslendingar séum ætíð meðal hinna fyrstu þjóða, sem viðurkenna slíkar nýlenduþjóðir, er þær hafa brotizt undan okinu og öðlazt sjálfstæði. Það er hneisa,

að ríkisstjórnin skuli enn ekki hafa viðurkennt alþýðustjórn Kína, eins og hin Norðurlöndin hafa gert, og þarf Alþingi með samþykkt þessarar tillögu að bæta úr því.

Nd. 551. Frumvarp til laga [160. mál]

um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

Í stað 17. og 18. tölul. laganna (fyrir áorðnar breytingar nú 19. og 20.) komi einn liður, svo hljóðandi:

19. *Súðavíkurhérað:* Súðavíkurhreppur, Ögurhreppur, Reykjarfjarðarhreppur, Nauteyrarhreppur, Snæfjallahreppur, Grunnavíkurhreppur og Sléttuhreppur. Læknissetur í Súðavík.

Íbúar héraðsins utan Súðavíkurhrepps eiga þó jöfnum höndum tilkall til héraðslæknis á Ísafirði.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1952.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt á vegum heilbrigðisstjórnarinnar, og er frv. ásamt greinargerð samið af landlækni. Nefndin var sammála um að mæla með samþykkt þess.

Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frv.:

„Íbúum Hesteyrarlæknishéraðs, sem tekur yfir tvo nyrztu hreppa Norður-Ísafjarðarsýslu, Grunnavíkurhrepp og Sléttuhrepp, hefur nú fækkað svo, að engin leið er að halda þar uppi sérstöku læknishéraði. Hefur fólksfækkunin í héraðinu orðið sem hér segir: 1920: 731 íbúi, 1930: 740, 1935: 706, 1940: 647, 1945: 461, 1946: 329, 1947: 243, 1948: 164, 1949: 144, 1. des. 1950: 117 (þ. e. í Grunnavíkurhreppi 84, en í Sléttuhreppi 33, og horfir nú í þeim hreppi til fullkominnar auðnar). Hinn síðast skipaði læknir í Hesteyrarhéraði hvarf þaðan á miðju ári 1943, og síðan sumarið 1944 hefur ekki fengizt þangað sérstakur læknir, ekki einu sinni til setningar um stuttan tíma að sumrinu.

Miklum erfiðleikum hefur og reynzt bundið að sjá næsta læknishéraði, Ögurhéraði, fyrir læknisþjónustu. Síðasti skipaði læknirinn hvarf þaðan haustið 1944, og síðan hefur aðeins einu sinni tekizt að fá þangað settan lækni hluta úr ári (maí—sept. 1948), er setu ætti á hinum lögbundna aðsetursstað héraðslæknisins, í Ögri. Hér er ekki svo mjög fólksfæð um að kenna, því að í héraðinu eru þó enn um 700 íbúar (1933, er héraðinu höfðu fyrst verið fengin núverandi takmörk: 1196, 1940: 1001, 1945: 781, 1949: 709), þar af að vísu meðtaldir allir íbúar Súðavíkuhrepps, um 300, en mikill hluti þeirra, þ. e. íbúar í Álftafirði, eiga að jöfnu tilkall til læknisþjónustu frá Ísafirði. Aðalvandkvæðin eru hér þau, að fyrir eyðingu byggðar umhverfis læknisbústað héraðsins er læknir þar orðinn svo einangraður og illa settur með tilliti til samgangna, að öllum þorra héraðsbúa er mjög umhent að eiga til hans að sækja.

Á umræddu læknisleysistímabili Hesteyrar- og Ögurhéraðs hefur hvoru tveggja héraðinu verið gegnt af héraðslækninum á Ísafirði, að því frá skildu, sem áður getur, að læknir sat í Ögri nokkra mánuði 1948, og síðastliðin tvö sumur gegndi báðum

héruðunum settur læknir, er sat í Súðavík. Var sá háttur tekinn upp til reynslu og þykir eftir atvikum hafa gefizt svo, að ekki sé frágangssök við að búa, enda að því er virðist, að nákvæmlega athuguðu máli, eina líklega leiðin til að tryggja þessum byggðum þjónustu sérstaks héraðslæknis til nokkurrar frambúðar. Eftir að komið væri upp aðlaðandi læknisbústað í hinu tiltölulega fjölbýli í Súðavík og grennd (í sjálfu Súðavíkurþorpi eru íbúar 31/12 1949: 228), þykir ástæða til að ætla, að læknishérað þetta yrði ekki í tölu hinna útgengilegustu héraða.

Hins vegar er því ekki að neita, að ýmsum byggðum héraðsins verða í mörgum tilfellum torveld viðskipti við héraðslækni í Súðavík, einkum að sækja hann heim, og mundi gegna hinu sama, hvar sem héraðslæknir yrði staðsettur innan þessara byggða. Má gera ráð fyrir, að úr öllum hreppum öðrum en Súðavíkurhreppi verði mönnum að jafnaði leiðin greiðari til Ísafjarðar, sem er viðskiptamiðstöð allrar sýslunnar, enda samgöngum háttað í samræmi við það. Fyrir því þykir sjálfsagt að tryggja íbúum hins fyrirhugaða Súðavíkurhéraðs, öðrum en íbúum Súðavíkurhrepps, jöfnum höndum rétt til læknisþjónustu af hendi héraðslæknis á Ísafirði.

Samkvæmt framansögðu kann það að virðast mótsögn að staðsetja þá ekki héraðslækni hinna umræddu byggða á Ísafirði. En gegn því mælir hættan á, að þar hlæðust á hann þau læknisstörf í þágu bæjarbúa, að hann yrði aðeins að nafni til læknir héraðs síns, auk þess sem Súðvíkingar færu á mis við að hafa hans fyllstu not, en hlutur þeirra skiptir hér að sjálfsögðu miklu máli, þar sem þeir munu verða fullur þriðjungur héraðsbúa og það hlutfall að öllum líkindum eiga fyrir sér að stækka. Með staðsetningu héraðslæknisins í Súðavík yrði íbúum annarra byggða aftur enginn miski gerður, er í þeirra hlut kæmi réttur að jöfnu til viðskipta við héraðslækni á Ísafirði.

Læknishéraðasjóðir Hesteyrarhéraðs og Ögurhéraðs, sem í hafa runnið hálf héraðslæknislaun þann tíma, sem héraðið hvort um sig hefur verið læknislaust, og nema nú orðið allmiklum fjárhæðum, verða að sjálfsögðu báðir tveir eign hins væntanlega Súðavíkurhéraðs. Getur það fé orðið til mikillar styrktar við að búa héraðslækni sem bezt skilyrði til vistar og starfa í Súðavík.

Þess skal getið, að frumvarpi þessu er komið á framfæri í samráði og fullkomnu samkomulagi við þingmann Norður-Ísfirðinga, Sigurð Bjarnason, og landkjörinn þingmann Hannibal Valdimarsson."

Nd. 552. Frumvarp til laga [161. mál]

um lán til hraðfrystihúsa og um afnám laga nr. 38 1948 um breyting á lögum nr. 81 1947, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Sig. Ágústsson, Halldór Ásgrímsson.

1. gr.

Lög nr. 38 5. apríl 1948, um breyting á lögum nr. 81 1947, um útflutningsgjald af sjávarafurðum eru felld úr gildi.

2. gr.

Helmingi þeirra tekna, sem renna í Fiskveiðasjóð Íslands vegna ákvæða 1. gr. á árunum 1951—55, skal þrátt fyrir ákvæði laga nr. 34 1943 lánað gegn síðari veðrétti til hraðfrystihúsa, sem byggð eða endurbyggð hafa verið á tímabilinu frá 31. des. 1945 til 31. des. 1949 og eigi hafa fengið lán úr Stofnlánadeild sjávarútvegsins. Til hvers hraðfrystihúss má þó ekki lána hærri upphæð en 25% af stofnkostnaði þess, og ekki hærri en svo, að áhvílandi lán samtals fari ekki fram úr 75% af stofnkostnaði.

3. gr.

Til lánveitinga samkvæmt 2. gr. er Fiskveiðasjóði Íslands heimilt að taka allt að 5 millj. kr. bráðabirgðalán, sem ríkissjóður ábyrgist, en endurgreiðist ásamt vöxtum af útflutningsgjaldi því, er lána skal samkv. sömu grein, jafnóðum og það er greitt til sjóðsins.

4. gr.

Lán samkv. 2. gr. eru afborgunarlaus og vaxtalaus fyrstu tvö árin, en endurgreiðast síðan á 12 árum með jöfnum afborgunum og 2½% vöxtum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt ákvæðum gildandi laga (nr. 38 1948) er saltfiskur undanþeginn útflutningsgjaldi. Þegar þau ákvæði voru sett, var mjög lítill útflutningur á saltfiski og skipti því litlu máli fyrir Fiskveiðasjóð Íslands, sem gjaldsins nýtur. En nú, þegar mikill hluti aflans er saltaður, hafa þau í för með sér mjög tilfinnanlega tekjurýrnun fyrir sjóðinn, og eins og sakir standa, virðist ekki ástæða til að undanþiggja saltfisk gjaldinu fremur en t. d. freðfisk og sumar aðrar útfluttar sjávarafurðir. Ber þess þá jafnframt að gæta, að starfsemi Fiskveiðasjóðs er mjög mikilsverð fyrir sjávarútveginn, sérstaklega vélbátaflotann og fyrirtæki, sem að því vinna að gera afurðir hans markaðshæfar. Í frv. er því lagt til (í 1. gr.), að útflutningsgjald af saltfiski verði hið sama og af öðrum sjávarafurðum. Hefur stjórn Fiskveiðasjóðs óskað þessa í bréfi til sjávarútvegsnefnda Alþingis.

Í 2. gr. frv. er lagt til, að helmingi þess tekjuauka, sem Fiskveiðasjóður fær samkv. 1. gr., verði í næstu 5 ár varið til að veita lán út á síðari veðrétt til hraðfrystihúsa, sem byggð eða endurbyggð hafa verið á árunum 1945—50, og að taka megi bráðabirgðalán til lánveitinganna, unz tekjurnar innheimtast. Með lögum um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., er sett voru á síðasta Alþingi (11. gr.), var lögfest allhátt framleiðslugjald á aflaverðmæti nýju togaranna, og skyldi að verulegu leyti verja því í lán til hraðfrystihúsa þeirra, er fyrr voru nefnd og ekki hafa fengið stofnlán, er þeim var heitið á sínum tíma. Þeir aðilar, sem hér eiga hlut að máli, hafa hingað til verið í góðri trú á, að með þessum hætti yrði bætt úr vandræðum þeirra. Nú hefur framleiðslugjald þetta verið afnumið vegna hinna nýju kjarasamninga togaraútgerðarinnar. Verður því að neyta nýrra ráða til þess, að ekki verði í annað sinn vegið í hinn sama knérunn og gengið á hlut hraðfrystihúsanna. Með ákvæðum 2.—4. gr. frv. er gerð tilraun í þessa átt, þótt skemmra gangi en æskilegt væri. Er gengið út frá, að þau lán, sem hér er um að ræða, verði tryggð með næsta veðrétti á undan veðrétti Fiskimálasjóðs í hraðfrystihúsunum.

Það skal tekið fram, að flm. ætlast ekki til, að útflutningsgjald verða greitt af saltfiski, sem framleiddur var á árinu 1950, og munu fylgja því, að ákvæði þess efnis verði sett í frv., ef þess telst þörf.

Fylgiskjal.

Reykjavík, 17. október 1950.

Eins og kunnugt er, hefur Fiskveiðasjóður ekki annað fé til starfsemi sinnar — umfram sinn litla höfuðstól — en útflutningsgjald af sjávarafurðum samkvæmt lögum nr. 81 1947, um útflutningsgjald. Á þeim lögum var hins vegar sú breyting gerð með lögum nr. 38 5. apríl 1948, að saltfiskur var undanþeginn útflutningsgjaldinu. Nú er vitanlegt, að saltfiskverkun eykst stórum í ár og það svo, að veru-

legur hluti af fiskafla landsmanna verður seldur þannig verkaður og líkur til, að svo verði einnig framvegis.

Af þessu leiðir, að útflutningsgjaldið minnkar mjög verulega þegar á þessu ári og þar með tekjur Fiskveiðasjóðs. Leiðir þá einnig af sjálfu sér, að möguleikar sjóðsins til nýrra lánveitinga minnka að sama skapi, og er óþarft að geta þess, að við því má hvorki vélbátaflotinn né fiskiðnaðar- og verkunarstöðvar.

Svo einkennilega vill til, að einmitt nú er mjög sótt til Fiskveiðasjóðs um aðstoð til þess að koma upp fiskþurrkunarhúsum, en þar verður fiskurinn svo verkaður á þann hátt, að hann fellur undan hinu lögboðna útflutningsgjaldi til eflingar sjóðnum. Að sjálfsögðu mun sjóðurinn styrkja þá starfsemi eftir mætti, þar sem þess er sannanleg þörf, en hann leyfir sér að benda á þetta ósamræmi, jafnframt því sem hann leiðir athygli háttv. nefndar að hinu breytta viðhorfi og afleiðingunum af því, ef ekki verður úr bætt.

Hér með fylgir tillaga um útflutningsgjald af saltfiski í frumvarpsformi.

Virðingarfyllst.

Stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands.

Ásg. Ásgeirsson. Valtýr Blöndal. Helgi Guðmundsson.

Til sjávarútvegsnefndar neðri deildar Alþingis.

Ed. 553. Nefndarálit [110. mál]

um frv. til l. um nýtt orkuver og nýja orkuveitu rafmagnsveitna ríkisins.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leitað umsagnar raforkumálastjóra um það. Er svar hans birt hér með sem fylgiskal.

Nefndinni er ljóst, að rafmagnsmál Vestfjarða verða ekki leyst til hlítar nema með ákveðinni stórvirkjun, og kemur þá m. a. til greina virkjun í Dynjandisá. Með þeim fyrirvara, sem gerður er í frv., þykir rétt að heimila þá virkjun eins og aðrar virkjanir, sem heimilaðar hafa verið á undanförnum árum. Hins vegar hefur þótt rétt að fella niður úr frv. þau ákvæði, sem fara í bága við hin almennu ákvæði um ný orkuver. Einnig þykir rétt að miða fjárupphæðir frv. í samræmi við áætlaðan kostnað, miðað við núverandi verðlag.

Með tilvísun til þessa leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað orðanna „í 7000 hestafla“ komi: í allt að 7000 hestafla.
   b. Orðin „samkv. áætlunum dags. 2. marz 1946“ falli niður.
2. Við 2. gr.
   a. Í stað orðanna „30 millj.“ í fyrri málsl. komi: 60 millj.
   b. Í stað orðanna „10 millj.“ í síðari málsl. komi: 20 millj.
3. Við 5. gr. Greinin falli niður.
4. Við bráðabirgðaákvæði. Greinin falli niður.

Alþingi, 23. jan. 1951.

Gísli Jónsson, form., frsm. Rannveig Þorsteinsdóttir, fundaskrifari. Steingr. Aðalsteinsson.

Páll Zóphóníasson. Jóhann Þ. Jósefsson.

Fylgiskjal.

RAFORKUMÁLASTJÓRI

Reykjavík, 6. desember 1950.

Iðnaðarnefnd efri deildar, Alþingi.

Varðandi frv. til laga um nýtt orkuver og nýja orkuveitu rafmagnsveitna ríkisins, þingskjal 201 (Dynjandi).

Með bréfi, dags. 27. f. m., sendi hin háttvirta nefnd mér til umsagnar frv. til laga um nýtt orkuver og nýja orkuveitu rafmagnsveitna ríkisins á þingskjali 201. Ég hef nú athugað frumvarpið, og vil ég taka fram því viðvíkjandi það, sem hér fer á eftir:

1. Síðan árið 1946 hafa að staðaldri verið framkvæmdar vatnshæðarmælingar og annað slagið vatnsrennslismælingar, sbr. skýrslu Sigurjóns Rist. Mælingar þessar sýna, að rennsli Dynjandisár fer mjög oft á vetrum niður í og væntanlega nokkuð niður úr 1000 l/sek. Áður var reiknað með 1400 l/sek. Ef við það er miðað, er því afl virkjunarinnar aðeins 5000 í stað 7000, sem áður var reiknað með.

2. Truflanir verða á flestum vetrum af snjó og ís, þegar snjóa er að leggja yfir. Getur þá horfið allt vatn úr ánni niðri á jafnsléttu, en sú þurrð stendur stundum einn til tvo daga. Er óvíst, hvort unnt er að koma í veg fyrir slíkar truflanir, en er þó ekki fullathugað.

3. Háspennulínur frá virkjuninni verður að leggja um fimm eða fleiri erfiða fjallvegi, þar sem þeim er hætt við slitum. Sæstrengir verða á fjórum stöðum. Veitan hlýtur því að verða dýr, bæði að stofnkostnaði og í rekstri.

4. Stofnkostnaður virkjunar og veitu var á árunum 1945—46 áætlaður 30 millj. krónur. Eftir lauslegri áætlun er nú vart hægt að ætla hann minni en 60 milljónir.

5. Það lætur sennilega nærri, að reikna megi árleg útgjöld 10% af stofnkostnaði, eða um 6 millj. kr. Þó á þetta því aðeins við, að lán fáist til framkvæmdanna með hagkvæmum kjörum. Afltap í veitum fram til notenda verður að minnsta kosti 15% og selt afl hjá notendum þá mest um 3000 kw. samtals, en orkusala við mismunandi nýtingartíma og meðalverð á selda kílówattstund eins og hér segir:

Nýtingartími: klst/ári	Orkusala samtals: kwst/ári	Meðalverð: aur/kwst
4000	12 000 000	50
5000	15 000 000	40
6000	18 000 000	33

Meir en 18 millj. kílówattstundir getur virkjunin ekki í té látið með því afli og vatnsmagni, sem hér hefur verið gert ráð fyrir. Þetta eru þó að sjálfsögðu ágizkunartölur.

6. Það verða tæplega 7000 manns alls, er njóta rafmagns frá Dynjandisárvirkjuninni, ef veitur verða lagðar til allra kauptúna og kaupstaða milli Patreksfjarðar og Súðavíkur, að þeim stöðum meðtöldum. Útsöluverð á árskílówatt yrði þá samkv. framanskráðu 2000.00 kr./árskílówatt, en rafmagnssala þyrfti að gefa í tekjur ca. 850.00 kr./mann/ári.

Til samanburðar skal hér sett í töflu meðal-rafmagnsverð og rafmagnskaup í kr. á mann á ári á orkuveitusvæðum nokkurra rafveitna víðsvegar á landinu.

Staður	Íbúatala: Orkusala 1949:		Hlutfallstölur:			
	$^{31}/_{12}$ 1949	þús. kwst.	þús. kr.	kwst/mann	kr/mann	aur/kwst.
Reykjavík (1948) ...	54 000	60 600	13 842	1120	256	22.8
Borgarnes	716	1 080	280	1510	391	25.9
Keflavík	2 160	3 440	817	1590	378	23.9

Staður	Íbúatala: 31/12 1949	Orkusala 1949: þús. kwst.	Hlutfallstölur: þús. kr.	kwst/mann	kr/mann	aur/kwst.
Akranes	2 540	4 200	902	1650	356	21.5
Siglufjörður	3 070	5 950	1 318	1940	430	22.2
Hafnarfjörður	5 000	12 500	1 843	2500	368	14.7
Akureyri	7 600	19 850	3 082	2610	406	15.5
Patreksfjörður	901	128	116	142	129	90.5
Stykkishólmur	790	280	232	354	294	82.9
Bíldudalur	389	222	147	570	378	66.2
Neskaupstaður	1 320	1 000	440	760	334	44.0
Dynjandi (áætl.)	7 000	18 000	6 000	2560	860	33.3

Hér hefur ekki verið tekið tillit til raforkusölu frá vatnsaflsstöð á Ísafirði eftir að Dynjandisár-virkjunin kæmist í gang.

7. Það er augljóst af framanrituðu, að rafmagn frá Dynjandisár-virkjun, dreift um alla Vestfirði, verður til mikilla muna dýrara en hjá öðrum rafveitum sambærilegum að afli, miðað við íbúatölu á orkuveitusvæði. Hins vegar er ekki hægt að segja, að áætlunarverð rafmagnsins sé svo hátt, að alger frágangssök sé að virkja af þeirri ástæðu, og eins og bent hefur verið á, eiga Vestfirðir ekki um marga virkjunarmöguleika að velja.

8. Það virðist því koma til mála að setja um þessa virkjun heimildarlög, ef hafður er á því eðlilegur fyrirvari um fullkomnar rannsóknir og áætlanir m. m.

9. Um einstakar greinar frumvarpsins:

1. gr. — Í stað orðanna „í 7000 hestafla orkuveri“ ætti að koma: í allt að 7000 hestafla orkuveri, sbr. það, sem að framan er sagt. Þá mætti og sennilega sleppa orðunum „samkv. áætlunum dags. 2. marz 1946“.

2. gr. — Upphæðina „30 millj. kr.“ er rétt að hækka í: 60 millj. kr. Þá verður að álítast æskilegt, að bætt verði inn strax á eftir þeim orðum, þessum orðum: eða jafngildi þeirrar upphæðar í erlendri mynt. Með þeim viðhorfum, sem nú eru, virðist auðsætt, að þörf er erlendra lána til slíkrar framkvæmdar, einkum í sambandi við efniskaup.

5. gr. — Raforkusjóður hefur í mörg horn að líta, hefur þegar greitt nokkurn kostnað af rannsókn Dynjanda og mun væntanlega greiða kostnað af frekari rannsóknum og undirbúningi. Æskilegt væri því, að sveitarsjóðir Vestfjarða biðu með kröfur sínar á hendur virkjunarinnar, þar til hún verður framkvæmd og fjár hefur verið aflað til hennar.

Bráðabirgðaákvæðið. — Ákvæði þetta er þess eðlis, að það þarf mjög vandlegrar athugunar við áður en farið er að hugsa um að gera það að lögum, ef ekki á að eiga á hættu, að áhrif þess verði hin víðtækustu og skaðlegustu. Er þá fyrst að athuga, að ákvæði 2. töluliðs 35. gr. raforkulaganna um bráðabirgðalán til að greiða rekstrarhalla fyrstu ára eigi í eðli sínu við vatnsaflsstöðvar, en ekki olíurafstöðvar. Hinar fyrrnefndu hafa mikinn stofnkostnað en lítinn rekstrarkostnað, en olíurafstöðvar eru tiltölulega ódýrar að koma þeim upp, en rekstrarkostnaður mikill vegna olíukaupanna og vaxandi með aukinni rafmagnsnotkun og þar af leiðandi aukinni olíueyðslu. Olíurafstöðina er tiltölulega auðvelt að auka í smáum skrefum, með kaupum á nýjum dísilvélum, eftir því sem aflnotkun vex. Vatnsafl þarf jafnan að virkja í tiltölulega stórum áföngum. Hagur olíurafstöðvarinnar batnar því ekki með aukinni raforkusölu að sama skapi sem á sér stað hjá vatnsaflsvirkjuninni, og kostnaðarverð raforkunnar lækkar þá heldur ekki að sama skapi. Taki olíurafstöð lán til þess að geta selt raforku undir kostnaðarverði, fær hún í flestum tilfellum aldrei möguleika til að endurgreiða það lán, vegna þess að það verð, sem hún hefur sett á rafmagnið, heldur áfram að vera undir kostnaðarverði, þótt raforkusala aukist. —

Þá er enn fremur þess að geta í fyrsta lagi, að raforkulögin gera ekki ráð fyrir, að lán samkv. þessum lið séu veitt nema rafmagnsveitum ríkisins, og í öðru lagi, að sú heimild laganna hefur enn ekki verið notuð, heldur hafa rafmagnsveitur ríkisins aflað fjár til greiðslu rekstrarhalla sínum á annan hátt.

Bráðabirgðaákvæði frumvarpsins getur naumast talizt fær leið til verðjöfnunar á rafmagni víðsvegar um landið, enda er það mál, sem þarf gaumgæfilegrar athugunar við áður en lagt er inn á þá braut.

10. Það kemur varla til mála að virkja Dynjandisá og Fossá í Hólshreppi samtímis.

Virðingarfyllst,

Jakob Gíslason.

Sþ. 554. Fyrirspurn [162. mál]

til ríkisstjórnarinnar um hina almennu fiskideild hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins.

Frá Halldóri Ásgrímssyni og Gísla Guðmundssyni.

1. Hvaða ástæður eru til þess, að reglugerð fyrir hina almennu fiskideild hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins hefur ekki enn verið gefin út, og hvenær má vænta útgáfu hennar?
2. Hverjar voru tekjur hinnar almennu fiskideildar hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins til 31. des. 1950.

Ed. 555. Nefndarálit [156. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 122 28. desember 1950, um breyt. á l. nr. 50/1946, um almannatryggingar og viðauka við þau.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og athugað efni þess ýtarlega með skrifstofustjóra félagsmálaráðuneytisins, en varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en minni hlutinn (FRV) vill ekki fallast á frv. óbreytt og mun leggja fram tillögu til breytinga á því og sérstakt nefndarálit. — Einn nefndarmanna (LJóh) var ekki á fundi, er málið var afgreitt.

Alþingi, 22. jan. 1951.

Rannveig Þorsteinsdóttir, form.	H. Guðmundsson, frsm.	Gísli Jónsson.

Sþ. 556. Nefndarálit [133. mál]

um till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til hitaveitu á Sauðárkróki.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað þáltill. og rætt hana allýtarlega. Þáltill. hefur ekki verið send til umsagnar til raforkumálastjóra, en fyrir nefndinni lá mjög ýtarleg skýrsla frá rafmagnseftirliti ríkisins um málið, m. a. áætlanir yfir stofnkostnað veitunnar,

bæði með beinni og óbeinni upphitun. Nefndin hefur einnig kynnt sér gildandi ákvæði um ábyrgð ríkissjóðs vegna hitaveitu Reykjavíkurbæjar og hitaveitu Ísafjarðarkaupstaðar, en báðar þessar veitur hafa fengið ábyrgð ríkissjóðs fyrir lánum til að standast stofnkostnað; er ábyrgðarupphæðin fyrir Reykjavíkurveituna takmörkuð við 9 millj. d. kr., en fyrir Ísafjarðarveituna 5.5 millj. kr. og þó eigi yfir 90% af kostnaðarverði. Stofnkostnaður Sauðárkrókshitaveitunnar er talinn verða samkvæmt áætlun, sem fyrir liggur, um 3.5 millj. kr., og þykir rétt að miða við 80% af þeirri upphæð í tillögugreininni. Með tilvísun til þessa leggur nefndin til, að þál.-till. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast f. h. ríkissjóðs allt að 2.8 millj. kr. af heildarstofnkostnaði hitaveitu Sauðárkrókskaupstaðar, þó eigi yfir 80% af kostnaðinum, enda setji bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar þær tryggingar fyrir láninu, er ríkissjóður tekur gildar.

Alþingi, 24. jan. 1951.

Gísli Jónsson, form., frsm.	Helgi Jónasson, fundaskr.	Pétur Ottesen.
Jónas G. Rafnar.	Halldór Ásgrímsson.	Ingólfur Jónsson.
Karl Kristjánsson.	Ásmundur Sigurðsson.	Hannibal Valdimarsson.

Ed. 557. Frumvarp til laga [163. mál]

um ódýra uppdrætti að íbúðarhúsum, eftirlit með byggingum o. fl.

Flm.: Rannveig Þorsteinsdóttir.

1. gr.

Þau bæjarfélög, sem hafa verkfræðing eða húsameistara í þjónustu sinni, skulu árlega láta útbúa uppdrætti af eigi færri en 5 gerðum íbúðarhúsa með einni til þrem íbúðum. Skal hverjum sem er heimilt að fá afrit af uppdráttunum til eigin afnota fyrir gjald, er eigi sé hærra en 1 kr. fyrir hvern rúmmetra í húsinu. Uppdráttum húsanna fylgi uppdrættir af pípulögnum, járnlögn og raflögn og þeir séruppdrættir aðrir, sem nauðsynlegir teljast við smíði hússins, og sé andvirði þeirra innifalið í áðurgreindu verði. Sérstök áherzla skal lögð á, að húsin séu ódýr í byggingu, en fullnægi þó hóflegum kröfum um stærð, fyrirkomulag og þægindi.

2. gr.

Hver sá, er vinnur sjálfur að meira eða minna leyti að byggingu á íbúðarhúsi til afnota fyrir sjálfan sig, í kaupstað, sem hefur verkfræðing eða húsameistara í þjónustu sinni, getur fengið leiðbeiningar við verkið og eftirlit með því hjá þessum starfsmönnum bæjarfélagsins eða faglærðum aðstoðarmönnum þeirra, enda sé húsið gert eftir uppdráttum þeim, sem um getur í 1. gr. Kemur það eftirlit þá í stað umsjónar meistara með byggingunni. Gjald fyrir slíkar leiðbeiningar og eftirlit má ákveða í byggingarsamþykkt, og miðast það við hæfilegt tímakaup til þeirra, er annast starfið, þó eigi hærra samtals en 2 krónur fyrir hvern teningsmetra í byggingunum.

3. gr.

Nú stofna 5 menn eða færri, sem eru félagsmenn í byggingarsamvinnufélagi eða byggingarfélagi verkamanna, sérstaka deild innan félagsins í því skyni að koma upp

íbúðarhúsum til eigin nota að verulegu leyti með eigin vinnu við byggingarnar, og hafa þá allir félagsmenn deildarinnar sama rétt til að vinna iðnaðarvinnu við byggingu íbúðarhúsa hver fyrir annan og húseigandi hefur til að vinna að byggingu húss síns.

4. gr.

Um aukavinnu, sem menn leggja fram við byggingar samkv. ákvæðum 3. gr., gilda ákvæði laga nr. 16/1949, enda séu gefnar nákvæmar upplýsingar um vinnuframlag hvers félagsmanns, ef þess er krafizt af skattayfirvöldum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er lagt til, að bæjarfélög, sem hafa verkfræðing eða húsameistara í þjónustu sinni, láti gera árlega ákveðinn fjölda uppdrátta af hentugum og hæfilega stórum íbúðarhúsum, bæði frumuppdrátta og séruppdrátta. Ætlazt er til, að uppdrættir þessir séu við það miðaðir, að húsin séu ódýr í byggingu, en þó þægileg, og að þeir séu seldir við vægu verði. Hins vegar er gert ráð fyrir, að slíkir uppdrættir verði gefnir út í mörgum eintökum, en að fjölbreytni geti aukizt, eftir því sem árin líða.

Þá er og lagt til, að þeir menn, er vinna að byggingu íbúðarhúss fyrir sjálfa sig í þeim kaupstöðum, sem hafa verkfræðinga eða húsameistara í þjónustu sinni, geti, ef þeir byggja eftir framangreindum uppdráttum, fengið leiðbeiningar hjá starfsmönnum bæjarfélagsins og að þeir hinir sömu menn hafi eftirlit með byggingunum, eftir því sem þeim þokar áfram. Ætlazt er til, að þessi aðstoð sé seld ódýrt og að hún komi í stað umsjónar meistara með byggingunum.

Með 3. gr. er ætlazt til að veita mönnum, sem eru í byggingafélögum, möguleika til þess að hjálpast að því að koma upp íbúðarhúsum til eigin nota, þannig að sú vinna, sem þeir þannig vinna hver fyrir annan, telst vera iðnaðarvinna fyrir þá hvern um sig, og að lokum, að um þessa vinnu gildi ákvæði skattalaganna um það, að eignaauki, er stafar af aukavinnu við eigin íbúðar, teljist ekki til tekna.

Tilgangur frumvarpsins er að auðvelda mönnum, sem vilja koma upp húsum til íbúðar fyrir sig og fjölskyldu sína, að gera það með eigin vinnu og með eins litlum tilkostnaði og unnt er.

Kostnaður við byggingar er mjög mismunandi í landinu, og væri æskilegt, að á þeim stöðum, þar sem byggingarkostnaður er hæstur, yrði fundin leið til þess að draga úr honum fyrir þá, sem með sjálfsafneitun og aukinni vinnu vilja koma sér upp húsi til eigin afnota. Aðstoð eins og sú, sem gert er ráð fyrir í frv., gæti dregið mikið úr tilfinnanlegum kostnaðarliðum við byggingar, og samstarf fleiri manna við vinnuna, sem talin yrði eigin vinna, mundi geta orðið mjög til hagræðis.

Sþ. 558. Breytingartillögur [119. mál]

við till. til þál. um athugun á fjárþörf landbúnaðarins.

Frá Skúla Guðmundssyni.

1. Tillgr. orðist svo:

   Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera nú þegar ráðstafanir til þess að útvega Búnaðarbanka Íslands það fjármagn til Ræktunarsjóðs og Byggingarsjóðs, sem nauðsynlegt er til þess, að lánveitingar frá nefndum sjóðum geti haldið áfram með eðlilegum hætti.

2. Fyrirsögn tillögunnar verði þannig:

   Till. til þál. um fjárútvegun til Búnaðarbanka Íslands.

Ed. 559. Nefndarálit [132. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 49 5. apríl 1948, um breyt. á bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur athugað frv. þetta og leggur einróma til, að það verði samþykkt.

Nefndarmenn hafa óbundnar hendur um brtt., er fram kunna að koma.

Alþingi, 24. jan. 1951.

Rannveig Þorsteinsdóttir, form. Lárus Jóhannesson, fundaskr., frsm. H. Guðmundsson.
Brynj. Bjarnason. Páll Zóphóníasson.

Sþ. 560. Frumvarp til fjáraukalaga [80. mál]

fyrir árið 1947.

(Eftir 2. umr.)

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir árið 1947, eru veittar kr. 126 488 681.12 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. gr.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. A. eru veittar:

1.	Póstur	kr.	436 594.48
	en tekjur urðu kr. 6 141 360.30.		
2.	Sími	—	2 631 235.70
	af 4 111 136.13 kr. tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
3.	Áfengisverzlun ríkisins	—	1 929 450.70
	af kr. 13 683 833.60 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
4.	Tóbakseinkasala ríkisins	—	498 252.44
	af kr. 7 684 991.57 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
5.	Ríkisútvarpið	—	771 733.72
	af 1 531 622.02 kr. umfram fjárlagaáætlun.		
6.	Viðtækjaverzlunin	—	176 097.01
	af 851 647.03 kr. tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
7.	Viðgerðarstofa ríkisútvarpsins	—	115903.06
	en tekjur fóru kr. 15 453.57 fram úr fjárlagaáætlun.		
8.	Ríkisprentsmiðjan Gutenberg	—	457 937.80
	af kr. 577 813.41 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
9.	Grænmetisverzlun ríkisins	—	158 968.20
	af kr. 431 763.17 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
10.	Landssmiðjan	—	147 767.92
	en tekjur urðu kr. 751 527.93.		
11.	Skipasmiðja Landssmiðjunnar	—	2 102 707.89
	en tekjur urðu kr. 48 493.32.		
12.	Trésmiðja ríkisins	—	332 792.71
	en tekjur urðu kr. 269 905.20.		

13.	Vífilsstaðabúið	kr.	277 685.96
	en tekjur urðu kr. 309 211.91.		
14.	Kleppsbúið		215 166.68
	en tekjur urðu kr. 226 766.39.		
15.	Bessastaðabúið	—	107 736.38
	en tekjur urðu kr. 80 321.59.		
16.	Skólabúið á Reykjum í Ölfusi	—	266 726.40
	en tekjur urðu kr. 302 027.28.		
17.	Skólabúið á Hólum	—	212 415.26
	en tekjur urðu kr. 223 270.77.		
18.	Skólabúið á Hvanneyri	—	450 137.34
	en tekjur urðu kr. 431 029.07.		
		Kr.	11 289 309.65

Til	viðbótar	við	gjöldin	í	7.	gr.		eru	veittar	kr.	1 346 077.17
—	—	—	—	-	10.	—	I.	—	—	—	924 600.43
—	—	—	—	-	10.	—	II.	—	—	—	36 129.49
—	—	—	—	-	10.	—	III.	—	—	—	1 066 713.57
—	—	—	—	-	11.	—	A.	—	—	—	2 970 965.35
—	—	—	—	-	11.	—	B.	—	—	—	444 464.15
—	—	—	—	-	11.	—	C.	—	—	—	1 186 897.63
—	—	—	—	-	11.	—	D.	—	—	—	469 903.40
—	—	—	—	-	12.	—		—	—	—	1 751 500.68
—	—	—	—	-	13.	—	A.	—	—	—	6 197 187.35
—	—	—	—	-	13.	—	C.	—	—	—	122 723.69
—	—	—	—	-	14.	—	A.	—	—	—	937 964.59
—	—	—	—	-	14.	—	B.	—	—	—	5 118 357.80
—	—	—	—	-	15.	—	A.	—	—	—	227 566.44
—	—	—	—	-	16.	—	A.	—	—	—	2 582 418.53
—	—	—	—	-	16.	—	B.	—	—	—	27 650.48
—	—	—	—	-	16.	—	C.	—	—	—	6 000.00
—	—	—	—	-	17.	—		—	—	—	4 011 132.58
—	—	—	—	-	18.	—		—	—	—	1 437 320.66
—	—	—	—	-	19.	—	1.	—	—	—	25 135 939.53
—	—	—	—	-	19.	—	2.	—	—	—	4 189 419.35
										Kr.	71 480 242.52
Til eignaaukningar samkv. 20. gr. Út eru veittar										—	55 008 438.60
20. gr. Inn fór kr. 80 815 208.81 fram úr fjárlagaáætlun.											
										Kr.	126 488 681.12

Sþ. 561. Tillaga til þingsályktunar [164. mál]

um ríkisábyrgð á láni fyrir Hvammstangahrepp til jarðarkaupa.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast f. h. ríkissjóðs allt að 100 þúsund króna lán fyrir Hvammstangahrepp til jarðarkaupa, gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar.

Greinargerð.

Í Hvammstangakauptúni er rekinn nokkur landbúnaður, en kauptúnsbúar hafa ekki varanleg umráð yfir nægilegu landi til ræktunar og beitar fyrir búpeninginn. En líkur eru til þess, að hreppurinn geti nú fengið keypta góða jörð í næsta nágrenni við kauptúnið, og ef þau kaup takast, er að verulegu leyti bætt úr landþörf hreppsbúa. Til þess að kaupin geti tekizt, þarf hreppurinn á lánsfé að halda, og er hér óskað ríkisábyrgðar, til þess að greiða fyrir útvegun á láni.

Tillagan er flutt samkvæmt ósk oddvitans í Hvammstangahreppi.

Ed. 562. Nefndarálit [156. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 122 28. des. 1950, um breyt. á l. nr. 50 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frv. þetta er flutt til þess að koma fram breytingum á lögum, sem Alþingi samþykkti fyrir rúmum hálfum mánuði. Mætti ætla að mikil nauðsyn ræki á eftir eða að Alþingi hefði mjög fatazt um lagasetninguna, er ástæða þykir til að breyta lögum svo skömmum tíma eftir samþykkt þeirra.

En ástæðan að þessu sinni er sú, að ákvæði um refsiaðgerðir gegn sveitarfélögum, sem flutt var að tilhlutan ríkisstjórnarinnar á síðustu stundu við meðferð almannatryggingalaganna rétt fyrir nýár, var svo andhælislega orðað, að Alþingi var mjög ófúst að samþykkja það óbreytt, en engin breyting fékkst á orðalaginu.

Um leið og þetta ákvæði er nú flutt á ný, lítið breytt, er skeytt við það öðrum breytingum á hinum nýsamþykktu lögum, sem allar eru ónauðsynlegar, og ein þeirra, í 1. gr. frv., fram komin til þess eins, að firra starfsmenn Tryggingastofnunar ríkisins vinnu við mál, sem koma fyrir einu sinni eða tvisvar á ári, að því er segir í „rökstuðningi“ fyrir þeirri till. í grg. frv., og kemur því aftur á fátæk sveitarfélög að leggja út fé, sem víst er að þau eiga ekki að greiða.

En aðalatriði frv. eru refsiaðgerðirnar gegn sveitarfélögum, sem dregizt hefur hjá að greiða hin þungu gjöld til Tryggingastofnunar ríkisins. Enginn ágreiningur er um það, að sveitarfélögin verði, eins og aðrir, að finna einhver ráð til þess að greiða lögboðin opinber gjöld og einhver viðurlög séu, ef út af ber. En þau viðurlög mega ekki vera móðgandi og lítilsvirðandi fyrir þann, sem fyrir þeim verður, né mega þau heldur eyðileggja fjárhagslega afkomu hans, og er þetta viðurkennt í þeim reglum, sem gilda um innheimtu opinberra gjalda hjá einstaklingum. Það ákvæði þessa frv., að Tryggingastofnun ríkisins geti valið sér þau útsvör, er henni lízt, hjá hinum „seku“ sveitarfélögum og tekið þau upp í skuld, er eins dæmi, og sýnir lítilsvirðingu á sveitarfélögunum, sem kemur úr hörðustu átt frá félagsmálaráðuneyti og Tryggingastofnun ríkisins.

En aðalatriði þessa máls er það, að sveitarfélög, sem hafa orðið á eftir með greiðslur til Tryggingasjóðs — og þeim mun fjölga en ekki fækka, ef ekkert er að gert nema refsiaðgerðir — hafa svo mikilvægar afsakanir fyrir þeim greiðsludrætti, að þau væru höfð fyrir mjög rangri sök, ef ekkert kæmi fram á Alþingi í því máli annað en ásakanir einar og hótanir um hörkubrögð við innheimtu skuldanna.

Sannleikurinn er sá, að allflest sveitarfélög landsins önnur en Reykjavík, sem hefur fylkingu stórgróðamanna og heilan her embættismanna ríkisins, til þess að leggja á útsvör, eru gersamlega fjárþrota, og ráðþrota um að finna fé, til þess að standa í senn undir þeim skyldum, sem annars vegar eru á þau lögð af ríkisvaldinu

með lögboðnum greiðslum (t. d. til Tryggingasjóðs), og hins vegar þeim skyldum, sem þau hafa við fólkið sjálft, sem myndar sveitarfélögin.

Það er eftirtektarvert, að þau sveitarfélög, sem „sekust" eru talin við Tryggingastofnunina um vangreiðslur, eru einmitt fimm eða sex útgerðarbæir, sem hafa á undanförnum árum orðið að verja öllu sínu til þess að halda uppi atvinnu og verja þannig tilveru sína, en hafa fyrst og fremst gjaldþrota vélbátaútgerð — styrkþega ríkissjóðs — til þess að leggja útsvörin á.

Með stórhækkuðum og síhækkandi álögum á almenning til ríkissjóðs hefur hins vegar verið tekið fyrir alla möguleika til þess að hækka útsvör frá því, sem nú er.

Leggi Alþingi því ný gjöld á sveitarfélögin, eins og gert hefur verið, og geri um leiða ráðstafanir til þess að innheimta þau miskunnarlaust, verður það um leið að sjá sveitarfélögunum fyrir nýjum tekjustofnum, og mun þá varla verða annað fyrir, en að afhenda þeim einhverja núverandi tekjustofna ríkissjóðs sjálfs.

Það er nú komið í ljós, að því fer víðs fjarri, að tryggingalögin létti fátækraframfæri af sveitarfélögunum. Fátækraframfærsla leggst nú á þau með síauknum þunga ár frá ári um leið og gjöldin til tryggingganna hækka. Mun ekki fara hjá því, að sú spurning vakni hjá ýmsum forráðamönnum sveitarfélaganna, hvort því fé, sem til tryggingganna fer, sé hagkvæmlegar varið frá sjónarmiði sveitarfélaganna, sem greiða það, en hinu, sem þau ráðstafa til atvinnuaukningar eða fátækraframfæris. Tryggingarnar eiga því mikið undir því, hvern hug forráðamenn sveitarfélaganna bera til þeirra, og ekki hyggilegt fyrir Tryggingastofnun ríkisins að ofbjóða þeim í neinu.

Að síðustu má benda á, að ein af ástæðunum til vangreiðslu þeirra sveitarfélaga til Tryggingasjóðs, sem er beint tilefni þessa frv., er sú, að ríkissjóður hefur sjálfur vanrækt að greiða þeim sömu sveitarfélögum — og mörgum öðrum — lögboðin framlög, sem fallin eru í gjalddaga. Þau sveitarfélög sem nú skulda Tryggingastofnuninni framlög frá 1949 að upphæð um 800 þús. kr., áttu hinn 1. júlí s. l. útistandandi hjá ríkissjóði rúmlega sömu upphæð í vangreiddum framlögum til skólabygginga, sem fallin voru í gjalddaga og viðurkennd skuld af fræðslumálastjórninni, og mun þó sú skuld hafa stóraukizt til áramóta. Þar hafði ríkissjóður næga tryggingu á móti ábyrgð sinni á skuldum þessara sveitarfélaga við Tryggingastofnunina. Býr ríkissjóður þar í glerhúsi sem oftar, því að hann skuldar sveitarfélögum nú yfir 10 milljónir króna í vangreiddum framlögum til skólabygginga.

Þótt ég telji þetta frv. allt tilefnislítið og ónauðsynlegt, get ég sætt mig við, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin falli niður.
2. Við 3. gr. (sem verður 2. gr.). Greinin orðist svo:
   26. gr. laganna orðist svo:
   Sveitarstjórn er skylt að greiða iðgjald skv. 109. gr. laganna fyrir þá eina, sem vegna slysa, sjúkdóms, örorku, elli eða ómegðar hafa eigi haft þær tekjur, að þeim beri að greiða tekju- og eignarskatt. Synji sveitarstjórn umsókn um iðgjaldagreiðslu, má áfrýja þeim úrskurði til yfirskattanefndar.
3. Við 4. gr. (sem verður 3. gr.). Greinin orðist svo:
   Við 29. gr. laganna bætist ný mgr. svo hljóðandi:
   Nú vanrækir sveitarfélag greiðslu á framlagi sínu til Tryggingastofnunar ríkisins í eitt ár eða lengur, og er ráðherra þá heimilt að ákveða, að hald skuli lagt á 25% álagðra útsvara í sveitarfélaginu og sá hluti útsvara jafnan greiddur innheimtumanni ríkissjóðs jafnóðum og útsvör innheimtast, mánaðarlega eða ársfjórðungslega, eftir því sem innheimtumaður krefst; og skal sú skipan haldast þangað til skuld sveitarsjóðs við Tryggingastofnunina er að fullu greidd.

Alþingi, 24. jan. 1951.

F. R. Valdimarsson.

Nd. 563. Lög [91. mál]

um breyting á lögum nr. 66 27. júní 1921, um fasteignaskatt.

(Afgreidd frá Nd. 25. jan.)

Samhljóða þskj. 538.

Nd. 564. Frumvarp til laga [165. mál]

um breyting á lögum nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla.

Flm.: Jónas Rafnar, Gísli Guðmundsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Jón Sigurðsson, Jón Pálmason, Stefán Stefánsson og Sigurður Bjarnason.

1. gr.

Aftan við lögin komi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Til vorsins 1953 skal, ef húsrúm leyfir, starfa við Menntaskólann á Akureyri miðskóladeild, enda starfi þá lærdómsdeild skólans samkvæmt lögum um menntaskóla, nr. 58 frá 7. maí 1946.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 49 frá 17. maí 1949, um breyting á lögum um menntaskóla, nr. 58 frá 7. maí 1946.

Greinargerð.

Með lögum nr. 58 frá 7. maí 1946, um menntaskóla, var m. a. gert ráð fyrir því, að gagnfræðadeildir menntaskólanna yrðu lagðar niður. Stjórn Menntaskólans á Akureyri var frá öndverðu andvíg þessari breytingu. Vegna eindreginna tilmæla forráðamanna skólans heimilaði menntamálaráðherra tvívegis, að neðri bekkir Menntaskólans á Akureyri störfuðu áfram, í fyrra skipti skólaárið 1947—1948 eftir hinu eldra skipulagi, en í síðara skipti skólaárið 1948—1949 í samræmi við nýju fræðslulögin, þannig að nemendur yrðu búnir undir miðskólapróf (landspróf), en ekki hið gamla gagnfræðapróf. Þá voru samþykkt á Alþingi lög 17. maí 1949 þess efnis, að tveggja vetra miðskóladeild skyldi starfa tvö næstu árin við Menntaskólann á Akureyri.

Þar sem tími sá, sem miðskóladeildin á að starfa samkv. nefndum lögum, er liðinn á næsta vori og starfsemi deildarinnar hefur gefizt mjög vel, leggjum við flutningsmenn þessa frumvarps til, að deildinni verði heimilað að starfa áfram með sama fyrirkomulagi og verið hefur í tvö ár enn, eða til vorsins 1953.

Álit Menntaskólans á Akureyri er prentað með sem fylgiskjal, en þar koma fram þau sjónarmið, sem ráða því, að frumvarp þetta er flutt.

Fylgiskjal I.

Frá Menntaskólanum á Akureyri.

Eins og kunnugt er, mæla fræðslulögin nýju svo fyrir, að gagnfræðadeild Menntaskólans á Akureyri skuli hverfa úr sögunni og skólinn aðeins verða fjögurra ára menntaskóli. Stjórn skólans hefur frá öndverðu verið andvíg þessari breytingu. Fyrrverandi skólameistari, Sigurður Guðmundsson, andmælti fyrirhugaðri breytingu þegar á fundi milliþinganefndar í skólamálum, er nefndin sat á rökstólum á Laugarvatni og undirbjó fræðslulöggjöfina. Síðan hafa oftar en einu sinni verið samþykktar

ályktanir á kennarafundum í Menntaskólanum á Akureyri, þar sem skorað hefur verið á menntamálaráðuneyti eða Alþingi að heimila, að gagnfræðadeild starfaði hér eins og verið hefði. Fyrrverandi menntamálaráðherra, Eysteinn Jónsson, heimilaði tvívegis, að neðri bekkir skólans störfuðu áfram, í fyrra sinn (skólaárið 1947—1948) eftir hinu eldra skipulagi, en í síðara skipti (skólaárið 1948—1949) í samræmi við nýju fræðslulögin, þannig að nemendur yrðu búnir undir miðskólapróf (landspróf), en ekki hið gamla gagnfræðapróf. Þessu næst var málið borið fram á Alþingi í jan. 1949. Fluttu allmargir norðlenzkir þingmenn þá frumvarp þess efnis, að gagnfræðadeildin héldist óbreytt frá því, sem verið hafði, áður en fræðslulögin voru samþykkt. Menntamálanefnd neðri deildar (en þar hafði málið komið fram) breytti frumvarpinu svo, að tveggja vetra miðskóladeild skyldi starfa tvö næstu ár í Menntaskólanum á Akureyri, og þannig var málið afgreitt sem lög frá Alþingi. Hér hefur því farið fram kennsla til miðskólaprófs síðustu vetur. Gengu nemendur í fyrsta skipti í vor undir landspróf miðskólaprófs. Náðu tuttugu nemendur tilskilinni landsprófseinkunn til framhaldsnáms, þó að þeir hefðu aðeins stundað nám tvo vetur og fyrri veturinn færi að allmiklu leyti forgörðum sökum hins eftirminnilega mænuveikifaraldurs, sem þá geisaði hér í bænum.

Nú eru senn liðin þessi tvö ár, sem Alþingi heimilaði hér miðskólakennslu, þannig að fyrsti bekkur á, að óbreyttum aðstæðum, eigi að starfa hér næsta vetur. En stjórn skólans er enn á einu máli um það að æskja þess, að skólinn verði áfram sex ára skóli.

Viljum vér í fyrsta lagi benda á, að fram hafa komið eindregnar óskir og áskoranir frá einstökum foreldrum, félagasamtökum, sýslunefndum norðanlands og fjórðungsþingi Norðlendinga þess efnis, að gagnfræðadeild skólans starfaði áfram með hinu gamla sniði. Ber hvort tveggja til, að deildin hefur verið mörgum að góðu kunn, og jafnframt skiptir það ekki litlu, bæði fjárhagslega og uppeldislega, fyrir foreldra, sem þurfa að senda börn sín að heiman til náms, að eiga þess kost að koma þeim í heimavist skólans. Á þetta einkum við um foreldra úti um land, sem ekki eiga aðgang að framhaldsskóla heima fyrir, en hyggja á langskólanám fyrir börn sín og telja þá heppilegast að fá þeim þegar vist í þeim skóla, þar sem þeim er ætlað að ljúka stúdentsprófi.

Húsakostur M. A. eykst nú stórkostlega, er heimavistarhúsið nýja verður tekið í notkun. Búa þar þegar 33 nemendur, og um áramót bætast við rúm fyrir 28 og að líkindum annað eins fyrir næsta haust, svo að gera má ráð fyrir, að þar búi næsta vetur um 90 nemendur. Í húsinu fullgerðu eiga að geta búið um 160 manns, en í gömlu heimavistinni var aðeins rúm fyrir 72. Skólinn getur því í nánustu framtíð séð meira en helmingi fleiri nemöndum fyrir húsnæði en áður var. Jafnframt rýmkast í gamla húsinu, er heimavistir flytjast þaðan ásamt matseld allri. Er því sýnilegt, að nægilegt kennslurúm verður fyrir sex ára skóla, þó að þrengsli hafi undanfarin ár verið til baga. Virðist það óneitanlega einkennileg mótsögn að leggja á það kapp að fækka nemöndum skólans, jafnframt því sem húsakynni hans eru stóraukin. Láta mun nærri, að nemöndum fækki um þriðjung, ef tveir neðstu bekkir skólans hverfa. Í vetur eru í skólanum 318 nemendur, þar af 99 í miðskóladeild, eða tæpur þriðjungur. Til glöggvunar fer hér á eftir skýrsla um nemendur skólans, skiptingu þeirra í bæjarmenn (Akureyringa) og utanbæjarmenn og skiptingu utanbæjarmanna í heimavistarbúa og bæjarbúa. Jafnframt sést á skýrslunni, hve margir utanbæjarmenn hafa sótt um heimavist, en eigi fengið í þetta sinn sakir rúmleysis, þar eða nýja heimavistin er enn ekki fullbúin.

	Bæjarmenn	Utanbæjarmenn	Alls
Í menntadeild	54	165	219
– miðskóladeild	54	45	99
Samtals	108	210	318

	Utanbæjarmenn		
	Í heimav.	Sótt um, en ekki fengið heimavist	Ekki sótt
Í menntadeild	85	39	41
– miðskóladeild	18	10	17
Samtals	103	49	58

Af skýrslu þessari má marka, að allir umsækjendur um heimavist, bæði úr miðskóladeild og menntadeild, hefðu fengið húsnæði í skólanum í vetur, ef heimavistin nýja væri að fullu tekin til notkunar. Má heita, að umsóknafjöldi og væntanlegt húsrúm standist á endum. Virðist því, að nýja heimavistin geti á næstu árum einnig sinnt þörfum miðskóladeildar.

Fjárhagslega varðar þetta mál einkum tvo aðila. Annars vegar eru áhrif þess á greiðslur ríkisins, hins vegar kostnaður foreldra af námi barna sinna. Því hefur verið haldið fram, að kostnaður ríkisins yrði meiri, ef miðskóladeildir störfuðu við menntaskóla, þar sem menntaskólarnir væru algerar ríkisstofnanir, en rekstrarkostnaður gagnfræðaskóla, annar en laun fastra kennara, væri greiddur að hálfu af bæjar- og sveitarfélögum. En hér má benda á, að verulegur hluti þeirra, sem nám stunda í miðskóladeild M. A., lýkur prófi eftir tveggja vetra nám þar. Sparast á þann veg eins árs kennsla, sem létt er af ríkissjóði, og eins árs námsdvöl, sem léttir miklum kostnaði af vandamönnum nemenda. Væri hægur vandi að reikna, hve mikið hefur sparazt ríkissjóði við það, að 20 nemendur luku hér í vor þriggja ára námi á tveimur árum. Þó skal það ekki gert hér, en óhætt er að fullyrða, að ríkið hefur ekki skaðazt á þeim skiptum, og er þó sparnaður foreldra mun meiri.

Okkur er allt um þetta fullljóst, að ekki er æskilegt né heldur mögulegt, að allir nemendur ljúki þessu námi á svo skömmum tíma, en næmum nemöndum virðist ekki hafa orðið það ofraun.

Þá hefur orðið vart við þau rök gegn þessu máli, að það væri röskun á skólakerfi því, er fræðslulögin gera ráð fyrir, ef hér yrði sex ára menntaskóli. Því er fyrst til að svara, að mjög orkar tvímælis, að heppilegt sé að kerfisbinda skólamál þjóðarinnar eins og gert er með fræðslulögunum nýju. Teljum við, og áreiðanlega margir aðrir, að of langt sé gengið í þá átt. Reynslan er og sú, að kerfi fræðslulaganna hefur verið sniðgengið á marga vegu. Má í því sambandi benda á, að á Laugarvatni starfar bæði gagnfræða- og menntadeild, á Ísafirði starfar framhaldsdeild með sama sniði og 1. bekkur menntadeildar, og við barnaskólana í Reykjavík starfa unglingadeildir, sem að réttu lagi eiga að fylgja gagnfræðastiginu. Því verður þannig ekki með sanni við borið, að lögmálsstafurinn sé hvergi brotinn nema hér.

Þá má einnig benda á, að við teljum æskilegt, að nemendur, að minnsta kosti einhverjir þeirra, komi ungir í skólann og stundi þar allt sitt nám til stúdentsprófs. Ættu að skapast við það fastari venjur og að líkindum sterkari tengsl við skólann. Einnig teljum við ákjósanlegra, að nemendur komi ekki allir senn í skólann, því að nýsveinahópurinn verður þá minni hverju sinni og hægara fyrir skólastjórn að fylgjast með honum. Tölum við hér af mikilli reynslu úr skólanum, þar sem sú venja hefur skapazt, að nemendur hafa fengið að smábætast í hópinn á hverju vori og síðari hluta vetrar, eftir því sem hentað hefur aðstæðum þeirra. En með fjögurra ára skóla mundi hver árgangur koma inn í skólann í einu eftir landspróf og þá úr ýmsum áttum, svo að hópurinn yrði ósamstæður og í honum enginn, sem hér væri skólavanur.

Fylgiskjal II.

Ályktun Fjórðungsþings Norðlendinga.

Fjórðungsþing Norðlendinga, haldið á Akureyri dagana 20.—21. ágúst 1950, lýsir yfir því, að það telur illa farið, að gagnfræðadeild Menntaskólans á Akureyri sé lögð niður, og æskir þess eindregið, að hún fái að starfa áfram svo sem verið hefur. Þingið skorar á alþingismenn úr Norðlendingafjórðungi að beita sér fyrir málinu.

Ed. 565. Breytingartillaga [69. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 12. febr. 1945, um breyt. á l. nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.

Frá Jóhanni Jósefssyni.

Við 1. gr. Í stað orðanna „sjúkrahús, sem reist er á Siglufirði“ komi: sjúkrahúsa, sem reist eru á Siglufirði og í Vestmannaeyjum.

Sþ. 566. Tillaga til þingsályktunar [166. mál]

um að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til lausnar á atvinnuvandræðum Bílddælinga.

Flm.: Einar Olgeirsson, Sigurður Guðnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera nú þegar ráðstafanir til þess að bæta úr því vandræðaástandi, sem ríkir í atvinnumálum Bílddælinga, og þá fyrst og fremst með eftirfarandi:

1. Aðstoða við, að einn vélbátur, 50—100 smálesta, fáist til þorpsins og verði gerður út þaðan.
2. Aðstoða við útvegun fjár og tækja til þess að bæta afköst hraðfrystihússins, koma upp hagkvæmri fiskimjölsvinnslu og skapa skilyrði til fisksöltunar.
3. Athuga aðrar þær leiðir til úrbóta, er Bílddælingar leggja til, og fara þær eftir því, sem kostur er á.

Greinargerð.

Tilgangur þessarar tillögu er að fela ríkisstjórn að gera allar þær ráðstafanir, sem í hennar valdi standa, til þess að bæta úr því vandræðaástandi, sem skapazt hefur á Bíldudal vegna atvinnuleysis. Að vísu er víða um neyðarástand að ræða á landinu, en ekki dugar annað en Alþingi láti það til sín taka, þegar fólkið í heilum byggðarlögum snýr sér til þess og biður um hjálp. Sérstaklega er það brýn skylda ríkisstjórnarinnar, að verða við slíkum hjálparbeiðnum, þar sem það er sök ríkisstjórnarinnar sjálfrar, hve slæmt ástandið er, þar sem hún með einokun sinni á útflutningi og innflutningi bannar landsmönnum að bjarga sér sjálfum eftir beztu getu.

Verklýðsfélagið „Vörn“ á Bíldudal hefur snúið sér til Alþingis með bréfi, dags. 22. janúar, þar sem með fylgir einróma samþykkt félagsfundar og skýrsla um ástandið. Er hvorutveggja birt hér á eftir sem fylgiskjöl. Af þessum skýrslum sést, að meðaltekjur þeirra fjölskyldumanna, er létu skrá sig, hafa verið sem hér segir á hvern fjölskyldumeðlim eftirtalda mánuði:

Í ágúst: 159 kr. til framfærslu hvers einstaklings.
Í september: 217 kr.
Í október: 183 kr.
Í skýrslunni standa þessi eftirtektarverðu orð m. a.:

„Það má með sanni segja, að nú er komið ár — eða síðan haustið 1949 — sem atvinna hefur verið svo lítil á Bíldudal, að allur fjöldi verkafólks hefur ekki haft fyrir brýnustu þörfum sínum.“

Síðar stendur:

„Nú fer í hönd 2—3 mánaða tímabil, sem venjulega er algert atvinnuleysistímabil hjá Bílddælingum. Hvernig almenningi tekst að komast yfir það tímabil, skal ósagt látið.“

Það er skylda Alþingis að hjálpa, þegar svona vandræði steðja að og ekki verða yfirunnin nema með aðstoð Alþingis og ríkisstjórnar.

Fylgiskjal I.

Samþykkt Verklýðsfélagsins „Vörn“ á Bíldudal 21. janúar 1951.

VERKALÝÐSFÉLAGIÐ „VÖRN“
Bíldudal. Bíldudal, 22. jan. 1951.

Á fundi í Verkalýðsfélaginu „Vörn“, sem haldinn var í gær, var eftirfarandi ályktun samþykkt einróma:

„Fundur haldinn í Verkalýðsfélaginu „Vörn“ á Bíldudal sunnudaginn 21. jan. 1951 ályktar, að með núverandi ástandi í atvinnumálum á Bíldudal stefni til hins versta ófarnaðar hjá öllum almenningi í þorpinu. Atvinnulíf hefur nú á annað ár verið í því ófremdarástandi, að leitt hefur til fullkomins neyðarástands hjá fjölda verkafólks, auk þess sem fjárhagur hreppsins og fyrirtækja hans, sérstaklega hraðfrystihússins, er kominn í það horf, að nærri liggur gjaldþroti, en stórum hreppir að hjá öðrum, er framleiðslu hafa stundað, er m. a. sést á því, að útvegsmenn hafa nú ekki séð sér fært að gera sjálfir út báta sína á vertíðinni.

Augljóst er, að eins og málum er nú komið, er það hreppnum og hreppsbúum fjárhagslega ofviða að koma atvinnumálunum í viðunandi horf án mikillar utanaðkomandi aðstoðar. Með tilliti til þess, að flest þeirra vandamála, er ástandi þessu valda, eru þess eðlis, að þau verða ekki leyst án íhlutunar stjórnarvalda landsins, telur fundurinn nauðsynlegt, að leitað sé — og krafizt — fullkomins skilnings Alþingis og ríkisstjórnar á þessum málum og jafnframt óhjákvæmilegrar aðstoðar þeirra til lausnar þeim, ef lífsskilyrði fólks í byggðarlaginu eiga ekki að hrynja til grunna.

Fundurinn telur eftirfarandi atriði koma fyrst og fremst til greina til úrlausnar þessara mála:

1. Að fenginn sé til þorpsins hið allra fyrsta a. m. k. einn stór vélbátur (50—100 smál.) og gerður út héðan, t. d. á vegum hraðfrystihússins.
2. Að fenginn sé til þorpsins — eða gerður út héðan a. m. k. að nokkru leyti — einn nýju togaranna, annaðhvort á vegum hreppsins eða í samvinnu við aðila í öðrum kauptúnum hér nærri, eða á vegum ríkisins.
3. Að bætt verði afköst og vinnsluskilyrði hraðfrystihússins með tæknilegum endurbótum, komið upp hagkvæmri fiskimjölsvinnslu til hagnýtingar fiskúrgangs, karfa o. s. frv., og sköpuð skilyrði til fisksöltunar og verkunar saltfiskjar.
4. Að hafnarssjóður verði styrktur til að fullkomna sem bezt löndunarskilyrði fyrir báta og togara og koma upp nauðsynlegum aðgerðar- og beitingarskýlum og verbúðum.

Til þess að mögulegt verði að framkvæma þessi grundvallaratriði til úrlausnar atvinnumálum Bílddælinga telur fundurinn nauðsynlegt, að Alþingi og ríkisstjórn veiti hreppsfélaginu öflugan stuðning:

1. Leggi fram eða láni nauðsynlegt stofnfé að verulegu leyti, og ábyrgist lán, er hreppurinn kynni að fá til framkvæmdanna.

2. Leggi fram eða láni tæki, t. d. togara, eða geri hreppnum með öðrum hætti kleift að fá þau hingað til þorpsins.
3. Leggi fram, láni eða ábyrgist rekstrarfé til atvinnurekstrar, a. m. k. til að koma starfseminni vel af stað.
4. Tryggi rekstrargrundvöll fyrir útveg og fiskiðnað (hraðfrystihús) með ábyrgðarverði á fiski og fiskafurðum, eða á annan jafntryggan hátt, og hlutist til um, að rekstrarlán til útvegs og fiskframleiðslu verði aukin að mun.

Fundurinn skorar á hreppsnefnd Suðurfjarðahrepps að taka tillögur þessar til yfirvegunar og gera ráðstafanir til lausnar á atvinnuvandræðum Bílddælinga, eftir því sem mögulegt er, og krefjist til þess aðstoðar alþingismanns kjördæmisins, Alþingis og ríkisstjórnar.

Fundurinn skorar á alþingismann kjördæmisins að beita sér af alefli fyrir framgangi þessara mála í samvinnu við hreppsnefnd Suðurfjarðahrepps.

Fundurinn skorar á Alþingi og ríkisstjórn að verða drengilega við tilmælum, er fram kunna að koma eða komið hafa um fjárhagslega aðstoð til atvinnuaukningar í Bíldudal frá hreppsnefnd Suðurfjarðahrepps, í samræmi við framanskráðar tillögur eða á annan hátt, er að gagni má koma. Jafnframt skorar fundurinn á Alþingi og ríkisstjórn að láta fram fara athugun á atvinnuástandi og atvinnumöguleikum á Bíldudal, svo fullljós verði þörfin fyrir framkvæmdir þær, sem um getur hér að framan, eða aðrar hliðstæðar."

Verkalýðsfélagið „Vörn" væntir þess að sjálfsögðu fastlega, að þér leggið atvinnumálum Bílddælinga allt það lið, er þér megið, og stuðlið að framgangi þeirra úrræða, sem bent er á í ályktun þessari, eða annarra, er kunna að fela í sér lausn þess vanda, sem nú steðjar að verkafólki á Bíldudal vegna atvinnuleysis.

Virðingarfyllst.

F. h. Verkalýðsfélagsins „Varnar"
Ingimar Júlíusson.

Fylgiskjal II.

VERKALÝÐSFÉLAGIÐ „VÖRN"
Bíldudal.

Greinargerð um skráningu atvinnulausra manna á Bíldudal í nóvemberbyrjun 1950.

Samkvæmt ákvörðun Verkalýðsfélagsins „Varnar" fór fram atvinnuleysisskráning á Bíldudal dagana 5.—7. nóvember, fyrir tímabilið frá 1. ágúst til 31. október 1950. Niðurstöður skráningar þessarar urðu sem hér segir:

Til skráningar komu: 9 einhleypir karlar, 13 fjölskyldumenn með 44 á framfæri, 8 konur — þar af tvær með 1 barn hver á framfæri, eða alls 30 manns með 46 á framfæri. Af fólki þessu voru 1 einhl. og 1 fjölskyldumaður sjómenn, en aðrir verkamenn og verkakonur.

9 einhl., 12 fjölskyldumenn og 5 konur gáfu upp tekjur sínar sundurliðaðar fyrir hvern mánuð, en 1 fjölskyldumaður og 3 konur fyrir alla 3 mánuðina í einu lagi.

Yfir ágústmánuð höfðu 9 einhl. karlar samtals kr. 4484.00 í vinnulaun, eða kr. 498.00 að meðaltali.

12 fjölskyldumenn með 39 á framfæri höfðu samt. kr. 8124.00 í vinnulaun, kr. 677.00 að meðaltali, eða kr. 159.00 til framfærslu hvers einstaklings.

5 konur með 2 á framfæri höfðu samtals kr. 2794.00 í vinnulaun, kr. 559.00 að meðaltali, eða kr. 399.00 á einstakling.

Af þessu fólki höfðu 2 einhl. og 2 fjölskyldumenn nokkurn veginn stöðuga vinnu í ágúst, og hækka meðaltekjurnar nokkuð fyrir þá sök.

Yfir septembermánuð höfðu 9 einhl. karlar samt. kr. 10481.00 í vinnulaun, eða kr. 1165.00 að meðaltali.

12 fjölskyldumenn með 39 á framfæri höfðu samt. kr. 11082.00 í vinnulaun, kr. 923.00 að meðaltali, eða kr. 217.00 á einstakling.

5 konur með 2 á framfæri höfðu samtals kr. 1991.00 í vinnulaun, kr. 398.00 að meðaltali, eða kr. 284.00 á einstakling.

Af þessu fólki höfðu 2 einhl. og 2 fjölskyldumenn stöðuga vinnu, og hækkar það meðaltekjurnar nokkuð.

Yfir októbermánuð höfðu 9 einhl. karlar samtals kr. 7263.00 í vinnulaun, eða kr. 807.00 að meðaltali.

12 fjölskyldumenn með 39 á framfæri höfðu samt. kr. 9354.00 í vinnulaun, kr. 780.00 að meðaltali, eða kr. 183.00 á einstakling.

5 konur með 2 á framfæri höfðu samtals kr. 5257.00 í vinnulaun, kr. 1051.00 að meðaltali, eða kr. 751.00 á einstakling.

Af þessu fólki höfðu 2 einhl. og 1 fjölskyldumaður stöðuga vinnu fram í miðjan okt., og 4 konur stöðuga vinnu í 3 vikur. Hækka meðaltekjurnar nokkuð við það, einkum hjá kvenfólkinu.

Yfir tímabilið allt, sem skráningin náði til, frá 1. ágúst til 31. október, eða í 3 mánuði, urðu heildartekjur hinna skráðu sem hér segir, þegar við er bætt þeim, sem gáfu upp tekjur sínar í einu lagi fyrir tímabilið allt:

9 einhl. karlar: kr. 22228.00. Meðaltekjur kr. 2470.00. Meðalmánaðartekjur kr. 823.00.

13 fjölskyldumenn með 44 á framfæri: kr. 31160.00. Meðaltekjur kr. 2397.00, eða kr. 547.00 á einstakling. Meðalmánaðartekjur kr. 799.00, eða kr. 182.00 á einstakling.

8 konur með 2 á framfæri: kr. 13802.00. Meðaltekjur kr. 1725.00. Meðalmánaðartekjur kr. 575.00, eða kr. 460.00 á einstakling.

Enda þótt þátttakan í skráningunni hafi í þetta sinn orðið mun meiri en áður (30 nú, 18 í ágúst, 14 í maí), er þátttakan samt hvergi nærri slík sem ástæða væri til, því mestur hluti verkafólks á Bíldudal og einnig fjöldi sjómanna hefur haft afar lélega atvinnu í haust, eins og reyndar allt árið, og er ástandið í því efni stórum verra en verið hefur um langt árabil. Í þetta sinn hafa látið skrá sig nokkrir, bæði verkamenn, sem voru í vegavinnu í sept. og fram í október, og verkakonur, sem unnu í Niðursuðuverksmiðjunni í október og haft hafa, meðan sú vinna stóð, hámarkstekjur eftir því sem hér gerist í haust. Mun því niðurstaða skráningarinnar mega skoðast sem þverskurður af atvinnuástandinu hjá landverkafólki, eins og það hefur verið hér á Bíldudal í haust.

Af fólki því, er nú var skráð, komu einnig til skráningar í ágústmánuði s. l. 7 fjölskyldumenn með 26 á framfæri og samt. kr. 12401.00 yfir mánuðina maí—júlí (nú kr. 14227.00), 4 einhl. karlar með samt þá kr. 4429.00 (nú kr. 7670.00), og 4 konur með samtals kr. 3068.00 (nú kr. 5679.00).

Loks má geta þess, að 6 af áðurtöldum fjölskyldumönnum, með 25 á framfæri, voru skráðir í maí með samt. kr. 12547.00 frá ársbyrjun. Sést af þessu, að meðalárstekjur þeirra eru enn þá innan við kr. 6000.00.

Ein helzta ástæðan fyrir því, að atvinna hefur brugðizt svo á Bíldudal í sumar og haust, sem skráning þessi sýnir, er sú, að frystihús hreppsins gat ekki tryggt útvegsmönnum og sjómönnum fulla greiðslu fyrir afla, sem lagður væri upp í húsið til vinnslu. Fóru því bátarnir burt og lögðu afla sinn upp annars staðar, þeir sem gátu komið því við.

Það má með sanni segja, að nú er komið ár — eða síðan haustið 1949 — sem atvinna hefur verið svo lítil á Bíldudal, að allur fjöldi verkafólks hefur ekki haft fyrir brýnustu þörfum sínum. Aðstaða fólks er yfirleitt erfið til atvinnuleitar annars staðar, enda víðast svo þröngt fyrir dyrum í þeim sökum nú, að tæplega verður gert ráð fyrir því, að á þann hátt verði ráðið fram úr vandræðum almennings.

Flest á því fólk þetta afkomu sína undir því, að atvinnutæki þau, sem í þorpinu eru, séu starfrækt, eða einhverjar framkvæmdir, sem atvinnubót er að, séu á döfinni. Efnahagslegir möguleikar þessa fólks til að ráðast í slíkar framkvæmdir af

eigin rammleik, eru að sjálfsögðu afar litlir, sem að líkum lætur, þótti vilji sé fyrir hendi, og veltur þar mjög á því, hvern stuðning hið opinbera, hreppsfélagið og ríkisvaldið, vill og getur látið í té.

Nú fer í hönd 2—3 mánaða tímabil, sem venjulega er algert atvinnuleysistímabil hjá Bílddælingum. Hvernig almenningi tekst að komast yfir það tímabil, skal ósagt látið. En það mun liggja í augum uppi, hver nauðsyn er þess, að þau atvinnutæki, sem til eru á staðnum, verði starfhæf fjárhagslega, er sá tími kemur í byrjun næsta árs, er vertíð venjulega hefst og með henni ný atvinnuvon fyrir þá, sem að fiskveiðum og fiskvinnslu starfa. Að þessu sinni ríkir í því efni meiri óvissa en lengi áður, vegna óleystra vandamála varðandi rekstrarmöguleika frystihúsanna og útvegsins almennt, og hér á Bíldudal sérstakra og óvenjulegra erfiðleika í þessum efnum, sem vonlaust má telja, að sigraðir verði án stuðnings Alþingis.

Bíldudal, 8. nóvember 1950.

F. h. Verkalýðsfélagsins „Varnar".

Ingimar Júlíusson
(formaður).

Ed. 567. Lög [148. mál]

um breyting á lögum nr. 65 19. júní 1933, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 26. jan.)

Samhljóða þskj. 495.

Ed. 568. Lög [46. mál]

um ný orkuver og nýja orkuveitu rafmagnsveitna ríkisins.

(Afgreidd frá Ed. 26. jan.)

Samhljóða þskj. 480.

Ed. 569. Breytingartillaga [132. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 49 5. apríl 1948, um breyt. á bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941.

Frá dómsmálaráðherra.

Aftan við 2. gr. frv. kemur ný grein, svo hljóðandi:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 570. Tillaga til þingsályktunar [167. mál]

um ríkisábyrgð á láni fyrir Akureyrarkaupstað til að fullgera fjórðungssjúkrahús á Akureyri.

Frá heilbrigðismálaráðherra.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir Akureyrarbæ lán, sem tekið yrði erlendis til að fullgera fjórðungssjúkrahús á Akureyri og næmi allt að 2½ millj. ísl. króna eða jafngildi þeirrar upphæðar í erlendum gjaldeyri.

Greinargerð.

Bygging fjórðungssjúkrahúss á Akureyri var hafin vorið 1945, og fer um hana eftir lögum um breyting á lögum um sjúkrahús, nr. 30 1933, er sett voru í febrúar 1945. Til síðustu áramóta hafði verið varið til verksins kr. 4728000.00, en samkvæmt kostnaðaráætlun, sem þá var gerð í samráði við húsameistara ríkisins, er gert ráð fyrir, að fullgert muni sjúkrahúsið kosta 9 millj. kr. Af þeim kr. 4272000.00, sem vantar til þess að fullgera húsið með tækjum og áhöldum, er gert ráð fyrir að greiða þurfi um eina milljón í erlendum gjaldeyri. Samkvæmt fyrrnefndum lögum ber ríkissjóði að greiða ⅗ kostnaðar við byggingu fjórðungssjúkrahúsa, þ. e. 5.4 millj. og 9 millj., en til þessa hafa verið greiddar úr ríkissjóði 2.06 millj. kr. til verksins. Leitað hefur verið hófanna erlendis um lán, til þess að unnt verði að ljúka verkinu, og eru góðar horfur á, að fást kunni lán allt að 2½ millj. kr. til 5 ára. Landlæknir er meðmæltur stuðningi til handa Akureyrarbæ, til þess að ljúka megi byggingunni sem fljótast. Svo sem séð verður af framansögðu, fellur á ríkissjóð meginhluti þess kostnaðar, sem ógreiddur er vegna sjúkrahússbyggingarinnar.

Noti ríkisstjórnin ábyrgðarheimild þessa og Akureyrarbær taki umrætt lán, skal það endurgreitt af framlögum þeim, er næstu ár verða veitt í fjárlögum til fjórðungssjúkrahússins.

Ed. 571. Nefndarálit [57. mál]

um frv. til l. um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Akureyrar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á fundi sínum í dag og leggur einróma til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 24. jan. 1951.

Rannveig Þorsteinsdóttir, form., frsm. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Páll Zóphóníasson.

H. Guðmundsson. Brynj. Bjarnason.

Ed. **572. Frumvarp til laga** [30. mál]

um iðnaðarmálastjóra.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

I. KAFLI
Um stjórn iðnaðarmála.

1. gr.

Ráðherra sá, sem fer með iðnaðarmál, skal hafa yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi varða.

2. gr.

Ráðherra skipar iðnaðarmálastjóra til þess að fara með störf þau, sem honum eru ætluð í lögum þessum, og setur honum erindisbréf. Skal hann vera verkfræðingur að menntun og taka laun samkv. V. fl. launalaganna.

II. KAFLI
Um verkefni iðnaðarmálastjóra.

3. gr.

Iðnaðarmálastjóri annast framkvæmdir og dagleg störf samkvæmt lögum þessum. Hann undirbýr tillögur og áætlanir um ný iðjuver, er ríkissjóður lætur reisa eða styrkir aðra til að koma upp, svo og um endurbætur eða stækkanir iðjuvera, sem starfrækt eru af ríkissjóði eða hann styrkir með lánum, framlögum eða á annan hátt. Skal hann og hafa yfirumsjón með öllum slíkum framkvæmdum fyrir hönd ríkissjóðs. Hann skal og veita sams konar aðstoð bæjar- og sveitarfélögum og einstaklingum, ef þess er óskað, gegn hæfilegu gjaldi.

4. gr.

Verkefni iðnaðarmálastjóra skal vera:

1. Að gera árlega tillögur til ríkisstjórnarinnar um heildarlilhögun á sviði iðnaðarmála með það fyrir augum:
   a. að eðlileg og holl hlutföll haldist á milli atvinnuvega þjóðarinnar um skiptingu á vinnuafli, gjaldeyri, rekstrarfé, fjárfestingu og opinberri aðstoð;
   b. að framleiðslunni sé beint að þeim greinum, sem hagfelldastar eru fyrir þjóðina og samrýmast bezt þörfum hennar á hverjum tíma;
   c. að hendi sé ekki sleppt af neinum afurðum, er vér öflum, fyrr en þær hafa verið svo úr garði gerðar, að þær skili landinu sem mestum erlendum gjaldeyri, ef út eru fluttar, en spari sem mestan erlendan gjaldeyri, ef þær eru seldar innanlands.
2. Að stuðla að umbótum á vinnslu og meðferð framleiðslunnar m. a. með því:
   a. að fylgjast með öllum nýjungum, sem fram koma meðal annarra þjóða í iðnaðarmálum, og láta þær iðnrekendum í té;
   b. að leiðbeina iðnrekendum um endurbætur á vélum, húsakynnum og vinnutilhögun í iðjuverum;
   c. að leiðbeina iðnrekendum um meðferð hráefna og á hvern hátt gera megi þau sem verðmætust, t. d. með blöndun annarra efna;
3. Að gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um ný iðjuver, sem hagkvæmt þykir, að reist verði á kostnað ríkissjóðs eða styrkja beri af opinberu fé, svo og um endurbætur eða stækkun eldri iðjuvera.
4. Að gera tillögur um sölu iðjuvera ríkisins, ef hagkvæmara þykir, að þau séu starfrækt af öðrum aðilum.

5. Að athuga árseikninga og fjárhagsáætlanir iðjuvera ríkisins og gera tillögur til úrbóta, ef sýnt er, að fyrirtækin eru starfrækt með tapi.

5. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði, er nauðsynleg þykja um framkvæmd þessara laga, m. a. ákvæði um gjöld fyrir veitta aðstoð til iðjuvera.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 573. Frumvarp til laga [95. mál]

um breyting á lögum nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Á Íslandi skulu vera þau prestaköll, sem nú skal greina:

I. Norður-Múlaprófastsdæmi. 1. Skeggjastaðir: Skeggjastaðasókn. 2. Hof í Vopnafirði: Hofs- og Vopnafjarðarsóknir. 3. Kirkjubær í Hróarstungu: Kirkjubæjar-, Hofteigs-, Eiríksstaða-, Möðrudals-, Sleðbrjóts- og Hjaltastaðasóknir. 4. Valþjófsstaður: Valþjófsstaðar- og Áss-sóknir. 5. Desjarmýri: Desjarmýrar-, Njarðvíkur- og Húsavíkursóknir.

II. Suður-Múlaprófastsdæmi. 6. Seyðisfjörður: Seyðisfjarðar- og Klyppsstaðarsóknir. 7. Vallanes: Vallaness-, Þingmúla- og Eiðasóknir. 8. Norðfjörður: Nes- og Brekkusóknir. 9. Hólmar í Reyðarfirði: Búðareyrar- og Eskifjarðarsóknir. 10. Kolfreyjustaður: Kolfreyjustaðar- og Búðasóknir. 11. Eydalir: Eydala- og Stöðvarsóknir. 12. Hof í Álftafirði: Hofs- og Djúpavogs-, Berufjarðar- og Berunessóknir.

III. Austur-Skaftafellsprófastsdæmi. 13. Bjarnanes: Bjarnaness-, Stafafells- og Brunnhólssóknir. 14. Kálfafellsstaður: Kálfafellsstaðar- og Hofssóknir.

IV. Vestur-Skaftafellsprófastsdæmi. 15. Kirkjubæjarklaustur: Prestsbakka- og Kálfafellssóknir. 16. Þykkvabæjarklaustur: Þykkvabæjar-, Langholts- og Grafarsóknir. 17. Mýrdalsþing: Víkur-, Reynis- og Skeiðflatarsóknir.

V. Rangárvallaprófastsdæmi. 18. Holt undir Eyjafjöllum: Eyvindarhóla-, Ásólfsskála- og Stóradalssóknir. 19. Breiðabólstaður í Fljótshlíð: Breiðabólstaðar- og Hlíðarendasóknir. 20. Landeyjaþing: Kross- og Akureyjarsóknir. 21. Oddi: Odda-, Stórólfshvols- og Keldnasóknir. 22. Landprestakall: Skarðs-, Haga- og Marteinstungusóknir. 23. Kálfholt: Kálfholts-, Hábæjar- og Árbæjarsóknir. 24. Vestmannaeyjar: Ofanleitissókn.

VI. Árnesprófastsdæmi. 25. Stórinúpur: Stóranúps-, Hrepphóla- og Ólafsvallasóknir. 26. Hruni: Hruna- og Tungufellssóknir. 27. Torfastaðir: Torfastaða-, Haukadals-, Bræðratungu-, Úthlíðar- og Skálholtssóknir. 28. Mosfell í Grímsnesi: Mosfells-, Miðdals-, Stóru-Borgar- og Búrfellssóknir. 29. Þingvellir: Þingvalla- og Úlfljótsvatnssóknir. 30. Hraungerði: Hraungerðis-, Laugardæla- og Villingaholtssóknir. 31. Stokkseyri: Stokkseyrar-, Eyrarbakka- og Gaulverjabæjarsóknir. 32. Arnarbæli: Kotstrandar-, Hjalla- og Strandarsóknir.

VII. Kjalarnesprófastsdæmi. 33. Staður í Grindavík: Staðar- og Kirkjuvogssóknir. 34. Útskálar: Útskála-, Hvalsness-, Keflavíkur- og Innri-

Njarðvíkursóknir. 35. Hafnarfjörður: Hafnarfjarðar-, Bessastaða- og Kálfatjarnarsóknir. 36. Mosfell í Mosfellssveit: Lágafells-, Brautarholts- og Viðeyjarsóknir. 37. Reynivellir: Reynivalla- og Saurbæjarsóknir.

VIII. Reykjavíkurprófastsdæmi: 38. Dómkirkjuprestakall: Dómkirkjusókn. 39. Hallgrímsprestakall: Hallgrímssókn. 40. Nesprestakall: Nessókn. 41. Laugarnesprestakall: Laugarnessókn.

IX. Borgarfjarðarprófastsdæmi. 42. Saurbær á Hvalfjarðarströnd: Saurbæjar- og Leirársóknir. 43. Garðar á Akranesi: Akraness- og Innrahólmssóknir. 44. Hestþing: Hvanneyrar-, Bæjar-, Lundar- og Fitjasóknir. 45. Reykholt: Reykholts-, Stóra-Áss-, Gilsbakka- og Síðumúlasóknir.

X. Mýraprófastsdæmi: 46. Stafholt: Stafholts-, Hjarðarholts-, Hvamms- og Norðtungusóknir. 47. Borg: Borgar-, Borgarness-, Álftaness-, Álftártungu- og Akrasóknir.

XI. Snæfellsnesprófastsdæmi. 48. Miklaholt: Miklaholts-, Rauðamels-, Kolbeinsstaða- og Staðarhraunssóknir. 49. Staðastaður: Staðastaðar-, Búða- og Hellnasóknir. 50. Nesþing: Ólafsvíkur-, Brimilsvalla- og Ingjaldshólssóknir. 51. Setberg: Setbergs- og Bjarnarhafnarsóknir. 52. Helgafellsþing: Stykkishólms-, Helgafells-, Breiðabólstaðar- og Narfeyrarsóknir.

XII. Dalaprófastsdæmi. 53. Suðurdalaþing: Snóksdals-, Kvennabrekku-, Stóravatnshorns- og Hjarðarholtssóknir. 54. Hvammur í Hvammssveit: Hvamms-, Staðarfells-, Dagverðarness-, Skarðs- og Staðarhólssóknir.

XIII. Barðastrandarprófastsdæmi. 55. Staður á Reykjanesi: Reykhóla-, Garpsdals-, Staðar- og Gufudalssóknir. 56. Flatey: Flateyjar- og Múlasóknir. 57. Brjánslækur: Brjánslækjar- og Hagasóknir. 58. Sauðlauksdalur: Sauðlauksdals-, Breiðuvíkur- og Saurbæjarsóknir. 59. Eyrar: Eyra- og Stóra-Laugardalssóknir. 60. Bíldudalur: Bíldudals- og Selárdalssóknir.

XIV. Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi. 61. Þingeyri: Þingeyrar-, Rafnseyrar-, Álftamýrar- og Hraunssóknir. 62. Dýrafjarðarþing: Mýra-, Núps- og Sæbólssóknir. 63. Holt í Önundarfirði: Holts-, Flateyrar- og Kirkjubólssóknir. 64. Staður í Súgandafirði: Staðarsókn í Súgandafirði.

XV. Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi. 65. Ísafjörður: Ísafjarðar- og Hnífsdalssóknir. 66. Bolungavík: Hólssókn. 67. Ögurþing: Ögurs- og Eyrarsóknir. 68. Vatnsfjörður: Vatnsfjarðar-, Nauteyrar- og Unaðsdalssóknir. 69. Staður í Grunnavík: Staðarsókn, Hesteyrarsókn og Staðarsókn í Aðalvík.

XVI. Strandaprófastsdæmi. 70. Árnes: Árnessókn. 7. Staður í Steingrímsfirði: Staðar-, Hólmavíkur-, Kaldrananess- og Kollafjarðarnessóknir. 72. Prestsbakki: Prestsbakkasókn, Óspakseyrarsókn og Staðarsókn í Hrútafirði.

XVII. Húnavatnsprófastsdæmi. 73. Melstaður: Melstaðar-, Kirkjuhvamms-, Staðarbakka- og Núpssóknir. 74. Tjörn á Vatnsnesi: Tjarnar- og Vesturhópshólasóknir. 75. Breiðabólstaður í Vesturhópi: Breiðabólstaðar- og Víðidalstungusóknir. 76. Þingeyraklaustur: Þingeyra-, Undirfells- og Blönduóssóknir. 77. Bergsstaðir: Bergsstaða-, Bólstaðarhlíðar-, Auðkúlu- og Svínavatnssóknir. 78. Höskuldsstaðir: Höskuldsstaða-, Holtastaða-, Hofs- og Spákonufellssóknir.

XVIII. Skagafjarðarprófastsdæmi. 79. Hvammur í Laxárdal: Hvamms- og Ketusóknir. 80. Reynistaðarklaustur: Reynistaðar- og Sauðárkrókssóknir. 81. Glaumbær: Glaumbæjar- og Víðimýrarsóknir. 82. Mælifell: Mælifells-, Reykja-, Goðdala- og Ábæjarsóknir. 83. Miklibær: Miklabæjar-, Silfrastaða- og Flugumýrarsóknir. 84. Viðvík: Viðvíkur-, Hóla-, Hofstaða- og Rípursóknir. 85. Fell í Sléttuhlíð: Fells- og Hofssóknir. 86. Barð í Fljótum: Barðs- og Knappsstaðasóknir.

XIX. Eyjafjarðarprófastsdæmi. 87. Grímsey: Miðgarðasókn. 88. Siglufjörður: Siglufjarðarsókn. 89. Ólafsfjörður: Ólafsfjarðarsókn. 90. Vellir í Svarfaðardal: Valla-, Stærra-Árskógs-, Hríseyjar-, Tjarnar-, Urða- og Upsasóknir. 91. Möðruvallaklaustur: Möðruvalla-, Bægisár-, Bakka- og Glæsibæjarsóknir. 92. Akureyri: Akureyrar- og Lögmannshlíðarsóknir. 93. Grundarþing: Grundar-, Munkaþverár-, Kaupangs-, Saurbæjar-, Möðruvalla- og Hólasóknir.

XX. Suður-Þingeyjarprófastsdæmi. 94. Laufás: Laufáss-, Svalbarðs-, Grenivíkur- og Þönglabakkasóknir. 95. Háls í Fnjóskadal: Háls-, Illugastaða-, Draflastaða- og Brettingsstaðasóknir. 96. Þóroddsstaður: Þóroddsstaðar- og Ljósavatnssóknir. 97. Skútustaðir: Skútustaða-, Reykjahlíðar- og Lundarbrekkusóknir. 98. Grenjaðarstaður: Grenjaðarstaðar-, Ness-, Einarsstaða- og Þverársóknir. 99. Húsavík: Húsavíkursókn.

XXI. Norður-Þingeyjarprófastsdæmi. 100. Skinnastaðir: Skinnastaða-, Garðs-, Snartarstaða- og Víðihólssóknir 101. Raufarhöfn: Svalbarðs- og Raufarhafnarsóknir. 102. Sauðanes: Sauðanessókn.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin l. nr. 20 2. júní 1917, um niðurlagning Njarðvíkurkirkju og sameining Keflavíkur- og Njarðvíkursókna, og l. nr. 36 27. júní 1925, um skiptingu Ísafjarðarprestakalls í tvö prestaköll, svo og l. nr. 27 26. okt. 1917, l. nr. 37 31. maí 1927, l. nr. 19 1. febr. 1936 og l. nr. 63 11. júní 1938, öll um breyt. á l. nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla, og önnur lagaákvæði, er kynnu að koma í bága við lög þessi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þó koma lögin ekki til framkvæmda um prestaköll þau, sem leggja á niður, fyrr en jafnóðum og þau losna.

Bráðabirgðaákvæði.

Heimilt er kirkjumálaráðuneytinu, ef það telur nauðsyn á, að fela öðrum sóknarpresti en þeim, er veitingu hefur fyrir prestakalli, sem niðurlagt prestakall sameinast samkv. lögum þessum, að þjóna fyrst um sinn einni eða fleiri sóknum í hinu niðurlagða prestakalli.

Ed. 574. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [95. mál]

í málinu: Frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Frá Gísla Jónssyni.

Með því að ljóst er, að menntamálanefnd hefur ekki tekizt, þrátt fyrir góða viðleitni og mikið starf, að gera þær breytingar á frv., sem prestastéttin og forustumenn kirkjunnar sýnast geta fellt sig við, og í trausti þess, að ríkisstjórnin láti undirbúa málið betur fyrir næsta þing og taki þá m. a. til athugunar, hvort ekki sé rétt að stofna heiðursprestakall á Þingvöllum og á Rafnseyri, og enn fremur að leita umsagnar viðkomandi sóknarnefnda um fyrirhugaðar breytingar á prestaköllum í landinu, — tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. 575. Breytingartillaga [160. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

Frá heilbr.- og félagsmálanefnd.

Við 1. gr. Fyrir orðin „Í stað 17. og 18. tölul. laganna (fyrir áorðnar breytingar nú 19. og 20.)“ kemur: Í stað 17. og 18. (fyrir áorðnar breytingar 19. og 20.) tölul. 1. gr. laganna.

Ed. 576. Frumvarp til laga [160. mál]

um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Í stað 17. og 18. tölul. laganna (fyrir áorðnar breytingar nú 19. og 20.) komi einn liður, svo hljóðandi:

19. *Súðavíkurhérað:* Súðavíkurhreppur, Ögurhreppur, Reykjarfjarðarhreppur, Nauteyrarhreppur, Snæfjallahreppur, Grunnavíkurhreppur og Sléttuhreppur. Læknissetur í Súðavík.

Íbúar héraðsins utan Súðavíkurhrepps eiga þó jöfnum höndum tilkall til héraðslæknis á Ísafirði.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1952.

Nd. 577. Frumvarp til laga [132. mál]

um breyting á lögum nr. 49 5. apríl 1948, um breyting á bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Aftan við 2. mgr. 2. gr. laganna komi ný málsgrein svo hljóðandi:

Þrátt fyrir framangreind ákvæði þurfa þeir, sem leyst hafa af hendi fyrir 31. des. 1950, próf, sem heimilar þeim að stýra leigubifreiðum til mannflutninga, og uppfylla skilyrði laganna um aldur og óflekkað mannorð, ekki að ganga undir ökukennslupróf, enda hafi þeir fengið löggildingu dómsmálaráðherra til ökukennslu fyrir 1. apríl 1951. Löggilding samkvæmt ákvæðum þessarar málsgreinar skal vera ókeypis, en fyrir framlengingu hennar skal greiða sama gjald og ákveðið verður fyrir framlengingu réttinda þeirra manna, sem ganga undir ökukennarapróf.

2. gr.

Aftan við 3. gr. laganna komi svo hljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir, sem samkvæmt ákvæðum laga þessara eiga rétt á löggildingu til ökukennslu án greiðslu og hafa greitt fyrir löggildingu samkvæmt lögum nr. 49 5. apríl

1948 og reglugerð nr. 178 13. des. 1948, skulu fá leyfisgjaldið endurgreitt, ef þeir krefjast þess fyrir 1. júlí 1951.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 578. Nefndarálit [109. mál]

um frv. til l. um breyt. erfðalögum, nr. 42 23. maí 1949.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur klofnað í máli þessu. BrB og HG vilja samþykkja frumvarpið með breytingum, en undirritaðir nefndarmenn leggja til, að það verði fellt.

Nefndin hefur sent hæstarétti, borgarfógetanum í Reykjavík og lagadeild háskólans frumvarp þetta til umsagnar, og eru svör þeirra prentuð sem fylgiskjöl með nefndaráliti þessu, og vísast til þeirra.

Alþingi, 29. janúar 1951.

Rannveig Þorsteinsdóttir, form. Lárus Jóhannesson, fundaskr., frsm. Páll Zóphóníasson.

Fylgiskjal I.

HÆSTIRÉTTUR

Reykjavík, 12. desember 1950.

Allsherjarnefnd efri deildar Alþingis hefur sent hæstarétti til umsagnar frumvarp til laga um breytingar erfðalögum, nr. 42/1949. Samkvæmt frumvarpi þessu skal erfðaréttur takmarkaður að miklum mun frá því, sem nú er, t. d. skal arfur ekki renna til firnari niðja en barnabarna, þar með talin kjörbörn, erfðaréttur systkina og systkinabarna skal burtu felldur svo og erfðaréttur systkina foreldris, sbr. 1., 5. og 6. gr. laga nr. 42/1949. Ef hvorki börn, barnabörn, þar með talin kjörbörn, foreldrar, afi eða amma andaðs manns eru á lífi, skulu eignir hans allar renna til Trygginastofnunar ríkisins samkvæmt frumvarpinu. Þó skal manni vera rétt að ráðstafa með erfðaskrá einum fjórða af eignum sínum. Dómendur hæstaréttar telja þessar takmarkanir á erfðarétti og rétti til ráðstöfunar arfs mjög varhugaverðar. Mundu þær vafalaust hafa mjög óheppilegar afleiðingar fyrir efnahagsstarfsemi í landinu. Má telja víst, að fólk mundi ekki sætta sig fúslega við að vera þannig svipt rétti til að ráðstafa eignum sínum eftir sinn dag og mundi þess vegna reyna krókaleiðir. Takmörkun sú, sem felst í frumvarpinu, á rétti erlendra ríkisborgara, búsettra hér á landi, til að ráðstafa eignum sínum með erfðaskrá er og vafasöm að þjóðarétti. Virðist engin ástæða til að takmarka erfðarétt frekar en orðið er með lögum nr. 42/1949, sem nýlega hafa verið samþykkt af löggjafarvaldinu. Hins vegar virðist ekki óeðlilegt, að eigur, sem andaður maður átti og einstaklingar erfa ekki, renni til Tryggingastofnunar ríkisins í stað ríkissjóðs. Engin ástæða virðist til að nema úr lögum ákvæði 11. og 18. gr. laga nr. 42/1949.

Gissur Bergsteinsson. Hákon Guðmundsson.

Til allsherjarnefndar efri deildar Alþingis.

Fylgiskjal II.

BORGARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 14. desember 1950.

Allsherjarnefnd efri deildar Alþingis hefur með bréfi, dags. 29. f. m., sent mér til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á erfðalögum, nr. 42 frá 23. maí 1949.

Ég er því eindregið mótfallinn, að réttur til erfða sé takmarkaður meira en gert er í gildandi erfðalögum. Sérstaklega tel ég óhæft að svipta menn rétti til að gera arfleiðsluskrá um allar sínar eignir, þegar lögerfingjar eru ekki, enda spurning um, hvort slíkt ákvæði gæti staðizt, einkum hvað snertir erlenda ríkisborgara, sem hér væru búsettir. Slíkt lagaákvæði gæti og haft í för með sér alls konar óheppilegar ráðstafanir á eignum manna í lifanda lífi og er eigi til þess fallið að hvetja menn til sparnaðar. Hins vegar tel ég rétt, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, að fella úr gildi 8. gr. erfðalaganna, þar sem erfitt mun reynast að framkvæma þá skiptingu eigna, sem þar er gert ráð fyrir, einkum ef langt er um liðið frá láti þess hjóna, sem fyrr fellur frá. Þá sé ég ekkert því til fyrirstöðu, að í stað þess að arfur falli í ríkissjóð, að hann renni til Tryggingastofnunar ríkisins.

Kr. Kristjánsson.

Allsherjarnefnd efri deildar Alþingis.

Fylgiskjal III.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Reykjavík, 23. janúar 1951.

Allsherjarnefnd efri deildar Alþingis hefur sent laga- og hagfræðideild til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á erfðalögum, nr. 42 frá 1949.

Efni frumvarpsins lýtur að fjórum atriðum:

1. Takmörkun á lögerfðum og annars konar breytingum á lögerfðareglum.
2. Skerðingu á rétti manna til arfleiðslu.
3. Breytingu á 33. gr. erfðalaga um, að arfur, sem enginn á lögmætt tilkall til eða óvitjað er innan lögmælts frests, falli ríkissjóði.
4. Brottfellingu á fjórum ákvæðum erfðalaga.

Skal vikið stuttlega að hverju atriði um sig.

Um I.

Í frumvarpinu er lagt til, að reglum um arf niðja sé breytt í það horf, að börn og barnabörn, kjörbörn og börn þeirra skuli taka arf, en ekki firnari niðjar. Með 1. gr. frumvarpsins, er mælir um þetta atriði, er fyrir það tekið, að menn geti erft langafa sína eða langömmur. Í ákvæðum frumvarpsins er erfðarétti föður- og móðursystkina arfleifanda byggt út, og hið sama er væntanlega ætlunin um erfðarétt systkina arfleifanda og barna þeirra, sbr. orð greinargerðar fyrir frumvarpinu. Um erfðarétt síðast greindra aðila er þess þó að geta, að 4. gr. erfðalaga er óraskað með frumvarpinu. Í þeirri grein erfðalaga er mælt, hversu fari um arf, ef annað foreldri er látið, en hitt á lífi, þegar arfleifandi andast, enda eigi hann ekki niðja á lífi. Hverfur helmingur arfs þá til þess foreldris, sem á lífi er, en hinn helmingurinn til barns eða barnabarns látins foreldris, ef því er að skipta. Að óbreyttri 4. gr. erfðalaga njóta því systkin arfleifanda og eftir atvikum börn þeirra erfðaréttar við þá aðstöðu, er greinin tekur til. Ef 3. gr. frumvarpsins verður lögfest, taka afar og ömmur arfleifanda arf, ef báðir foreldrar eru látnir, og njóta systkin arfleif-

anda eða börn þeirra þá ekki erfðaréttar. Samkvæmt þessu veltur það á tilviljun, hvort systkin eða börn þeirra taka arf, þeirri tilviljun, hvort báðir foreldrar arfleifanda eru látnir eða aðeins annað, þegar hann andast. Er það skipulag fráleitt.

Erfðaréttur móður- og föðurforeldra verður rýmri samkvæmt ákvæðum frumvarpsins en er eftir gildandi lögum, þar eð systkin arfleifanda og börn þeirra ganga fyrir móður- og föðurforeldrum, eftir 5. gr. erfðalaga, svo sem hún nú er orðuð. Telur deildin, að fleiri rök mæli gegn þeirri breytingu, sem frumvarpið geymir um þetta atriði, en með henni. Samband systkina er að öllum jafnaði mun nánara en samband manna við afa sína og ömmur, og í annan stað er á það að líta, að þjóðhagslega virt má ætla yfirleitt, að eignir komi að meiri notum í höndum systkina arfleifanda (og systkina barna eftir atvikum), sem eru yngra fólk, en í höndum móður- eða föðurforeldra, sem oft er aldrað fólk með skerta athafnaþrá og starfsorku. Svo er helzt að sjá af 3. gr. frumvarpsins, að skiptingu erfðafjár milli móður- og föðurforeldra innbyrðis eigi að ráða höfðatala þeirra, sem á lífi eru í þessum erfðaflokki, en ekki reglur þær, sem nú er farið eftir, samkvæmt 6. gr. erfðalaga.

Erfðaréttur maka er rýmkaður til muna í 5. gr. frumvarpsins frá því, sem nú er, þar eð börn arfleifanda og barnabörn ein geta skert lögerfðarétt maka, en ekki aðrir lögerfðaflokkar. Það er m. a. fólgið í 5. gr. frumvarpsins, að ef arfleifandi á ekki börn né barnabörn á lífi og hefur ekki gert erfðaskrá, erfir eftirlifandi maki allar eigur hans, þótt foreldrar arfleifanda séu á lífi. Sú regla er ekki réttlát, sízt þegar þess er gætt, að í frumvarpinu er lagt til, að 8. gr. erfðalaga sé numin úr gildi. 7. gr. erfðalaga nr. 42/1949 skerti lögerfðarétt maka frá því, sem var eftir eldri lögum um efnið, að því leyti, að föðurforeldrar arfleifanda og móðurforeldrar og eftir atvikum börn þeirra skyldu ganga til arfs móts við maka. Deildin telur breytingu þá, er 7. gr. erfðalaga gerði á eldri reglum um þetta atriði (1. málsgrein 88. gr. l. 20/1923), vafasama. Enn fremur bendir deildin á, að villa hefur slæðzt inn í 7. gr. erfðalaganna, þar sem er vísun greinarinnar til 2.—6. gr. Sú tilvísun á bersýnilega að vera til 3.—6. gr.

Ef hvorki nýtur barna arfleifanda, barnabarna, kjörbarna eða barna þeirra, foreldra hans eða þeirra foreldra, á því tímamarki, er arfleifandi andast, og ekki heldur maka, á arfur að renna til Tryggingastofnunar ríkisins samkvæmt 4. gr., sbr. 11. og 12. gr. frumvarpsins, þó svo, að arfleifanda er kostur að ráðstafa fjórðungi fjár síns til annarra með erfðaskrá. (Bent skal á, að tilvísunin í 4. gr. frumvarpsins til 1.—5. greinar er villandi. Ætti að vísa að auki til 7. gr. erfðalaga og til 20. gr., svo að greinin sé tæmandi.) Við þessa aðstöðu, sem lýst var, ganga t. d. hvorki systkin arfleifanda, börn þeirra né föður- eða móðursystkin hans til arfs, heldur falla a. m. k. ¾ hlutar eigna hans Tryggingastofnun ríkisins, svo að óbrigðanlegt er. Fullyrða má, að þessar tillögur fari mjög gegn réttarvitund almennings. Milli eignarréttar einstaklinga og erfðaréttar þeirra er náið samband og gagnkvæmt, að tali flestra þjóðfélagsfræðinga. Stórfelld skerðing á erfðarétti einstaklinga dregur úr gildi einstaklingseignarréttar og rýrir möguleika á, að það réttaratriði geti gengt því hlutverki, sem því er ætlað að rækja í efnahagsstarfsemi þjóðfélagsins. Er bent á þetta atvik, án þess að dómur sé lagður á réttmæti þess réttaratriðis, er hér greinir.

Í erfðalögum á Norðurlöndum eru hvergi svo fáir lögerfingjar sem lagt er til, að verði hér á landi með frumvarpi þessu. Hið sama er í Evrópulöndum ella, að því er bezt verður vitað, að Sovét-Rússlandi meðtöldu, en þar njóta systkin lögerfðaréttar (en að vísu ekki móður- og föðurforeldrar). Er vert að benda á, að þar í löndum, sem erfðaréttur einstaklinga hefur verið stýfður stórlega, hefur reynslan leitt í ljós, að menn hafa ráðstafað eignum sínum í lifanda lífi og skotið þeim þannig undan erfðareglum. Dregur slíkt öðrum þræði úr eðlilegri sparsemi manna, en leiðir að hinu leyti til vafasamra málamyndagerninga. Má ætla, að svipuð þróun yrði hér á landi, ef frumvarp þetta næði lögfestingu.

Lögerfðareglur hér á landi eru nýsettar. Með lögfestingu erfðalaga 1949 voru lögerfðir skertar til mikilla muna frá því, sem áður var. Telur deildin varhugavert að ganga miklu lengra á þeirri braut og a. m. k. sé sjálfsagt, að reynsla fáist af hinum nýju reglum, áður en farið sé að gagnbreyta þeim.

Um II.

Samkvæmt 9. gr. frumvarpsins er arfleifanda jafnan heimilt að ráðstafa fjórðungi úr fé sínu með erfðagerningi, en ávallt óheimilt að ráðstafa meiru, og það jafnt fyrir því, þótt ekki njóti skylduerfingja í merkingu gildandi erfðalaga. Þetta ákvæði felur í sér mikla breytingu á gildandi reglum erfðalaga og mikla skerðingu á frjálsræði manna til að ráðstafa fé sínu með erfðagerningi. Er ákvæðið bersýnilega sett til að tryggja það sem bezt, að ekki verði gengið á lögerfðarétt manna, og þó einkum erfðarétt þann, sem byggist á 4. gr. frumvarpsins. Telur deildin mjög óráðlegt að lögfesta slíkar reglur. Um erlenda ríkisborgara, sem eignir eiga hér á landi, mun mega draga í vafa, hvort slíkum lagaákvæðum yrði beitt, sakir reglna þjóðaréttarins. Á Norðurlöndum er rýmri réttur manna til ráðstöfunar á fé sínu með erfðagerningi en er eftir 20. gr. gildandi erfðalaga. Er fremur ástæða til að rýmka um heimild manna til slíkrar ráðstöfunar en að skerða hana.

Um III.

Í 11. gr. frumvarpsins er lagt til, að Tryggingastofnun ríkisins komi í stað ríkissjóðs samkvæmt 33. gr. erfðalaga. Á Tryggingastofnunin að taka eigur manna, sem enga lögerfingja eiga á lífi né bréferfingja, eða þegar réttur erfingi vitjar ekki arfs, áður en 5 ár eru liðin frá því að kunnugt var um andlát arfleifanda. Hefur það verið rakið áður, að erfðaréttur ríkisins — eða Tryggingastofnunar ríkisins nánar greint — er stóraukinn, ef reglur frumvarpsins verða lögfestar.

33. gr. erfðalaga mælir svo, að eigur framangreindra manna falli ríkissjóði, án þess að greint sé, til hverra þarfa fénu skuli varið (andstætt því, sem vera skyldi eftir 24. gr. frumvarps þess til erfðalaga, sem lagt var fram á Alþingi 1943). Deildin telur, að ákvæði 33. gr. gildandi erfðalaga sé ekki heppilegt að því leyti, að eðlilegra væri að láta fé þetta renna í sérstakan sjóð, sem ynni að menningar- og mannúðarmálum, með svipuðum hætti og er í Svíþjóð (allmänna arvsfonden). Telur deildin vafasamt, að rétt sé að binda erfðafé það, er 33. gr. tekur til, við eitt tiltekið fyrirtæki, svo sem gert er í frumvarpinu.

Um IV.

Í frumvarpinu er loks lagt til, að fjórar greinar erfðalaga, 8., 11., 18. og 28. gr., séu numdar úr lögunum.

Í 8. gr. erfðalaga er fjallað um erfðarétt maka. Ákvæðið er torvelt í framkvæmd, einkum þegar langur tími líður milli andláts makanna. Efnisrök eru til þess skipulags, er 8. gr. mælir, og er rétt að fá reynslu af þessu ákvæði, áður en hrapað er að brottfellingu þess.

Í 11. gr. erfðalaga er rætt um fyrirgerð erfðaréttar föður og föðurfrænda eftir barn, ef faðirinn hefur hlotið refsidóm eftir tilteknum ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga um skírlífisbrot vegna getnaðar þess. 11. gr. er viðbót við reglur 265. gr. alm. hegningarlaga, og er ekki ástæða til að afnema þetta ákvæði.

18 gr. erfðalaga veit að erfðarétti kjörbarna og arfi eftir þau. Er full þörf á þessu ákvæði. Ef það væri numið úr lögum, mundi skapast eyða í löggjöfina um nokkur efnisatriði, sem getið er í greininni. Er deildin því andvíg brottfellingu 18. gr. erfðalaga.

28. gr. erfðalaga geymir sérstakar reglur um form á erfðaskrám. Er deildin þeirrar skoðunar, að reglur þessa ákvæðis séu fyllilega réttmætar og rök séu ekki til þess að nema þær úr lögum.

Með vísan til framangreindra raka og sjónarmiða, er það samdóma skoðun lagakennara í laga- og hagfræðideild, að óráðlegt sé að lögfesta ákvæði frumvarps þess, er hér er gert að umtalsefni.

F. h. laga- og hagfræðideildar,

Ólafur Björnsson,
deildarforseti.

Til allsherjarnefndar efri deildar Alþingis, Reykjavík.

Ed. 579. Nefndarálit [76. mál]

um frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 33/1935.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hlutinn (HG, PZ og RÞ) leggur til, að það verði samþykkt óbreytt, og minni hlutinn (LJóh) leggur til, að það verði fellt, en sér ekki ástæðu til að gefa út sérstakt nefndarálit. — Einn nm. (BrB) var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 29. janúar 1951.

Rannveig Þorsteinsdóttir, form.	Lárus Jóhannesson, fundaskr.	Páll Zóphóníasson, frsm.

H. Guðmundsson.

Ed. 580. Breytingartillögur [95. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Frá menntamálanefnd.

Við 1. gr.:

1. Við II. 9. Fyrir „Hólmar í Reyðarfirði“ kemur: Eskifjörður.
2. Við II. 12. Fyrir „Hof í Álftafirði“ kemur: Djúpivogur.
3. Við IX. 43. Fyrir „Garðar á Akranesi“ kemur: Akranes.
4. Við XIII. 59. Fyrir „Eyrar“ kemur: Patreksfjörður.
5. Við XVII. 76. (Þingeyrarklaustur). Aftan við liðinn bætist: (Blönduóshreppur).
6. Við XVIII. 84. Fyrir „Viðvík“ kemur: Hólar.
7. Við XX. 96. Liðurinn orðist svo: Vatnsendi: Þóroddsstaðar-, Ljósavatns- og Lundarbrekkusóknir.
8. Við XX. 97. Liðurinn orðist svo: Skútustaðir: Skútustaða- og Reykjahlíðarsóknir.

Sþ. **581. Skýrsla**

félagsmálaráðuneytisins um 32. Alþjóðavinnumálaþingið í Genf 1949.

I. Inngangur.

Alþjóðavinnumálaþingið 1949 var haldið í Genf dagana 8. júní til 2. júlí 1949. Þing þetta sóttu fulltrúar frá 50 aðildarríkjum, en 43 þeirra sendu fullskipaðar sendinefndir. Tala fulltrúanna og ráðunauta þeirra var 541, og var þetta því fjölmennasta Alþjóðavinnumálaþing, sem haldið hefur verið. Einnig komu fleiri félags- og verkamálaráðherrar til þessa þings en nokkru sinn fyrr, og mun þar nokkru hafa ráðið, að á þessu ári átti Alþjóðavinnumálastofnunin þrjátíu ára starfsafmæli. Japanir áttu áheyrnarfulltrúa á þinginu. Þá sóttu þingið einnig fulltrúar frá ýmsum alþjóðastofnunum.

Eins og jafnan áður komu fram mótmæli gegn þingsetu nokkurra fulltrúa. Að þessu sinni voru það verkamannafulltrúarnir frá Argentínu, Grikklandi, Indlandi, Írlandi, Panama, Suður-Afríku og Venezuela, sem mótmælin beindust gegn. Kjörbréfanefnd þingsins fjallaði um þetta mál, og samþykkti hún einróma, að engum hinna umdeildu fulltrúa skyldi meinuð þingseta, og féllst þingið á þá niðurstöðu nefndarinnar.

Íslenzku fulltrúarnir á þinginu voru þessir: Fulltrúar ríkisstjórnarinnar voru Jónas Guðmundsson skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneytinu, og var hann formaður íslenzku sendinefndarinnar, og Jón S. Ólafsson fulltrúi í sama ráðuneyti. Fulltrúi atvinnurekenda var Sigurður Jónsson forstjóri og fulltrúi verkamanna var Magnús Ástmarsson prentari. Einnig sótti Stefán Jóhann Stefánsson, forsætis- og félagsmálaráðherra, þingið um skeið ásamt félagsmálaráðherrum hinna Norðurlandanna.

Forseti stjórnarinnar, Indverjinn Shamaldharee Lall setti þingið. Í setningarræðu sinni minntist forsetinn þess, að þrjátíu ár voru liðin frá því að Alþjóðavinnumálastofnunin hóf starfsemi sína, og gat hann þess helzta, sem áunnizt hefði á þessum tíma.

Að lokinni þingsetningu hófust kosningar þingforseta. Aðalforseti var kjörinn Sir Guildhaume Myrddin-Evans, fulltrúi brezku ríkisstjórnarinnar. Varaforsetar voru kjörnir Dupong, forsætis- og félagsmálaráðherra Luxemburg, franski vinnuveitendafulltrúinn Waline og Ibanes verkamannafulltrúi frá Chile.

Dagskrá þingsins var svo hljóðandi:

1. Skýrsla framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar.
2. Fjárhagsmál.
3. Skýrsla aðildarríkjanna um framkvæmdir á samþykktum.
4. Beiting grundvallarreglna réttarins til að stofna félög og semja sameiginlega (síðari umræða).
5. Samband vinnuveitenda og verkamanna (industrial relations), þ. á m. um heildarsamninga, sættir og gerðir í vinnudeilum svo og samvinnu milli opinberra stjórnvalda og vinnuveitenda- og verkamannafélaga (fyrri umræða).
6. Vinnuákvæði í opinberum samningum (síðari umræða).
7. Vernd vinnulauna.
8. Vinnulaun, almenn skýrsla.
9. Aðstoð við stöðuval.
10. Endurskoðun samþykktar frá 1933 um vinnumiðlunarskrifstofur, sem taka greiðslu fyrir störf sín.
11. Út- og innflutningur fólks í atvinnuleit, endurskoðun eldri samþykkta og álitsgerða um þetta mál.

12. Endurskoðun nokkurra samþykkta frá 1946 varðandi sjómenn, nánar til tekið samþykkt nr. 70, um félagslegt öryggi sjómanna, samþykkt nr. 72, um orlof með launum fyrir farmenn, samþykkt nr. 75, um vistarverur skipverja í skipum, og samþykkt nr. 76, um vinnulaun, vinnutíma og mannafla á skipum.

Hér á eftir verður gerð stuttlega grein fyrir gangi hvers einstaks máls á þinginu.

Að lokum skal þess getið, að fyrir þinginu lá tilkynning um það, að Ísrael og Líbanon hefðu gerzt aðilar að Alþjóðavinnumálastofnuninni.

II. Einstök þingmál.

1. Skýrsla framkvæmdastjórans.

Við umræðurnar um skýrslu framkvæmdastjórans tóku 95 fulltrúar til máls, þar af sjö ráðherrar, sem komu til Genf sérstaklega til þess að ávarpa þingið.

Eins og að líkum lætur, komu ræðumenn víða við, og eru ekki tök á því hér að rekja þessar umræður, en þær snerust um sömu efni og venja er til um umræður um skýrslu framkvæmdastjórans, þ. e. a. s. að menn gera grein fyrir ástandi og framförum á sviði félagsmála og efnahagsmála í löndum sínum og ræða um störf Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, gagnrýna það, sem þeim þykir miður fara, og koma fram með tillögur, sem þeim þykir horfa til bóta.

Í lok umræðnanna flutti framkvæmdastjórinn, David A. Morse, ræðu, og drap á öll helztu atriðin, sem komið höfðu fram við umræðurnar. Hann lagði mikla áherzlu á það, hve mikilsvert það væri, að aðildarríkin fullgiltu samþykktir Alþjóðavinnumálaþingsins. Að vísu gætu samþykktirnar haft þýðingu, þótt þær væru ekki fullgiltar, en í fjölda fullgildinganna fælist þó mælikvarði á árangrinum af starfi stofnunarinnar. Þá ræddi framkvæmdastjórinn um nauðsyn þess, að sem allra flest ríki gerðust aðilar að stofnuninni, sem yrði að starfa á tæknilegum grundvelli, en ekki pólitískum.

Ræðu sinni lauk framkvæmdastjórinn með þessum orðum: „Ég hugsa til þeirra staða, þar sem karlar, konur og jafnvel börn eru að vinnu, þar sem andlit og hendur eru sveitt og óhrein, þar sem hjörtun eru tíðum sorgmædd og öryggi heimilisins í hættu. Þetta er það, sem ég hugsa til. Þessu verður stofnunin að gefa stöðugan gaum, og hún verður að brjóta sér braut inn í hugskot fólksins, svo að hún geti aðstoðað það á raunhæfan hátt í leit þess eftir mannlegri göfgi og sköpun sem beztra lífskjara og aðbúðar. Ég endurtek það, sem ég hef áður sagt, að vantrúarmenn munu e. t. v. bretta brýrnar við yfirlýsingum sem þessari. Mig skiptir það engu, því að þetta er ekki persónuleg yfirlýsing um hugsjón, það er blátt áfram einföld skýring á hlutverki okkar. Það er það, sem hver og einn af oss er kallaður til að vinna að innan þessarar stofnunar. Það er þetta, sem þér hafið lýst fylgi yðar við í ræðum yðar, og fyrir því mun ég berjast af öllum mætti í yðar nafni.“

2. Fjárhagsmál.

Nefnd sú, sem fjallar um fjárhagsmál á Alþjóðavinnumálaþinginu, er skipuð einum fulltrúa frá hverri þeirri ríkisstjórn, sem á fulltrúa á þinginu.

Á árunum frá því er síðustu heimsstyrjöld lauk hafa aðildarríkin látið sig fjármál stofnunarinnar æ meir skipta, vegna þess að útgjöld til hvers konar alþjóðasamvinnu hafa stórum aukizt og verða að greiðast í dýrmætum gjaldeyri. Þetta kom sérstaklega í ljós á þessu þingi, enda voru umræðurnar í nefndinni mjög ýtarlegar, og þar sátu nú fleiri fulltrúar en nokkru sinni fyrr. Í nefndinni átti Jón S. Ólafsson sæti fyrir Íslands hönd.

Aðalmálið á dagskrá nefndarinnar var fjárhagsáætlunin fyrir árið 1950. Fjárhagsáætlun sú, sem lögð var fyrir þingið, nam nálægt 6 milljónum dollara, en það var sem næst 15% hærra en verið hafði næsta ár á undan. Fjárhagsáætlun stofnunarinnar er jafnan samin af framkvæmdastjóranum, en stjórnin hafði farið gaumgæfilega yfir hana og lækkað þá liði, sem nokkur leið var að lækka, og það var

álit stjórnarinnar, að þegar tekið væri tillit til hinna nýju og auknu hlutverka, sem stofnunin hefði tekið að sér með samþykki aðildarríkjanna, þá væri þessi 15% hækkun ekki óeðlileg.

Það kom fram við umræðurnar, eins og svo oft áður, að ýmsir vildu fá heildarupphæðina lækkaða, en fæstir vildu láta fella niður starfsemi stofnunarinnar á neinu sérstöku sviði. Að lokinni náinni athugun á hverjum einstökum lið fjárhagsáætlunarinnar samþykkti nefndin hana með heildarupphæðinni 5 984 526 U. S. A. dollarar.

Við umræðuna um tekjur stofnunarinnar, sem eru næstum eingöngu tillög aðildarríkjanna, kom það fram hjá flestum fulltrúanna, að ríki þeirra greiddu nú þegar eftir ýtrustu getu til stofnunarinnar eða jafnvel meira en þau gætu með góðu móti. Einstök aðildarríki voru því hlynnt, að ákveðið yrði hámark greiðslnanna frá hverju einstöku landi, en flestir voru því andvígir sökum þess, að það mundi leiða til kapphlaups milli ríkjanna um að fá framlög sín sem lengst niður, en það mundi aftur á móti hafa í för með sér meiri eða minni stöðvun á starfsemi stofnunarinnar.

Í fjárhagsnefndinni kom fram mikill áhugi fyrir því, að breytt yrði hlutföllunum, sem framlögum aðildarríkjanna er skipt eftir. Þetta hlutfall byggist á útreikningi á þjóðartekjunum á árunum eftir fyrri heimsstyjöldina og er því orðið úrelt.

Alþjóðavinnumálaþingið hefur áður lagt fyrir stjórnina að koma fram með endurbætur á greiðsluhlutfallinu, og kom þessi vilji einkum fram á þinginu 1948, þegar mörg ríki, þ. á m. Norðurlöndin, fóru fram á það, að breytt væri þannig til, að framlögum til Alþjóðavinnumálastofnunarinnar yrði framvegis jafnað niður í sömu hlutföllum og framlögum til Sameinuðu þjóðanna. En það hlutfall byggist á útreikningi sérfræðinga á þjóðartekjunum og greiðslugetu ríkjanna eftir heimsstyrjöldina síðari.

Þessar kröfur stönduðu einkum á Bandaríkjunum. Þau greiða nú 39.89% af framlögum til S. þ., en ekki nema 18.35% af framlögum til Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Það er því auðséð, að ef þessu yrði breytt í sama horf og er hjá S. þ., þá mundi það hafa í för með sér mikla lækkun á framlögum smáþjóðanna.

Niðurstaða þessara umræðna varð sú, að þeirri skiptingu, sem tíðkazt hefur, skyldi haldið áfram á árinu 1950; þó þannig, að hluti Bandaríkjanna hækkaði upp í 22%, og lækkuðu framlög annarra ríkja í hlutfalli við það. Jafnframt var þeim tilmælum beint til stjórnarinnar, að hún undirbyggi tillögur um frambúðarskipun þessa máls og legði þær fram á þinginu 1950.

3. Skýrslur aðildarríkjanna um framkvæmdir á samþykktum.

Nefnd sú, sem um þetta mál fjallaði, fékk til athugunar 648 skýrslur af 799, sem um var beðið. Flestar skýrslnanna, eða 521, höfðu verið athugaðar af sérfræðinganefnd áður en þær voru lagðar fyrir þingið, og lá fyrir þinginu skýrsla hennar. Sérstök undirnefnd á þinginu rannsakaði þær skýrslur, sem bárust of seint til þess að hægt væri að leggja þær fyrir sérfræðinganefndina. Athugasemdir þær, sem nefndir þessar gerðu, birtust í sérstakri greinargerð, og komust þannig í hendur hlutaðeigandi ríkisstjórna. Í fylgiriti þessarar greinargerðar voru birt svör ríkisstjórna við athugasemdum, sem nefndirnar hafa beint til þeirra.

Nefndin ræddi mikið um leiðir og aðferðir til raunhæfara eftirlits með beitingu samþykkta. Ýmsar tillögur komu fram í þessu skyni, og til þess að tryggja það, að ríkisstjórnir sendu skýrslur sínar í tæka tíð. Lögð var áherzla á þann mikla skerf, sem vinnuveitenda- og verkamannafélög gætu lagt fram í þessu sambandi, og bent var á það, að þar sem þessi samtök fengju nú afrit af skýrslum ríkisstjórna sinna, væru þau fær um að staðfesta þessar skýrslur eða andmæla þeim. Ef þessi samtök láta ekkert til sín heyra um skýrslur þessar, má líta á það sem þegjandi samþykki þeirra. Þá er það nauðsynlegt fyrir þau að athuga gaumgæfilega aðalefni skýrslnanna og gera sínar athugasemdir við þær, ef ástæða er til þess.

Nefndin ræddi mikið, hverjar ástæður gætu legið til þess, að fullgildingum aðildarríkja á samþykktum fjölgaði ekki hlutfallslega eins ört og áður. Komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að ýmsar orsakir lægju til þessa, eins og t. d. að svo margar samþykktir hefðu verið gerðar, að þær færu of mikið út í smáatriði, að sumar þeirra hefðu ekki lengur að geyma nógu miklar framfarakröfur fyrir lönd, sem framarlega eru í þróun félagsmála, tafir á aðgerðum framkvæmda- og löggjafarvalds, og að síðustu í einstökum tilfellum af tregðu vegna skriffinnsku í einstökum löndum. Framkvæmdastjórinn hafði einnig vikið að þessu máli í skýrslu sinni, eins og getið var hér að framan, og margir þeirra, sem tóku til máls í umræðunum um skýrsluna, töluðu um þetta atriði. Ýmsar tillögur komu fram til að bæta þetta ástand. Ein tillagan var sú, að samþykktirnar tækju aðeins til grundvallarreglna, en um smærri atriðin og framkvæmd þessara grundvallarreglna skyldi kveðið á í álitsgerðum.

Þá var og rætt um það að gera samþykktir, sem tækju til einstakra ríkjahópa. Að síðusu var lögð áherzla á, hversu mikla þýðingu samþykktir, sem tækju til fjölda ríkja, hefðu fyrir hin einstöku ríki og samfélag þjóðanna í heild.

4. Beiting grundvallarreglna réttarins til að stofna félög og semja sameiginlega.

Eins og kunnugt er, gerði þingið í San Francisco samþykkt um félagafrelsi og verndun þess, og hefur sú samþykkt verið fullgilt hér. Á sama þingi fór fram fyrri umræða um uppkast að samþykkt um beitingu þessara grundvallarreglna. Þetta samþykktaruppkast var tekið til fullnaðarafgreiðslu á þinginu í Genf 1949. Fulltrúi Íslands í nefnd þeirri, sem hafði þetta mál til meðferðar, var Jónas Guðmundsson skrifstofustjóri. Þessi nefnd fjallaði einnig um 5. dagskrárlið.

Fulltrúar atvinnurekenda og nokkrir fulltrúar ríkisstjórna voru því fylgjandi, að þingið samþykkti einungis álitsgerð um þetta mál, en það var fellt bæði í nefndinni og á þingfundi. Samþykktin var að lokum afgreidd með 90 atkvæðum gegn 14.

Samþykkt þessi er sett til frekari tryggingar rétti verkamanna til félagafrelsis, og skal efni hennar ekki rakið hér, en hún er prentuð hér á eftir sem fylgiskjal.

Í nefndinni kom fram tillaga um það, að með samþykktinni bæri einnig að tryggja rétt manna til að láta hjá líða að ganga í félög, en meiri hluta nefndarmanna þótti ekki rétt að hverfa að því ráði. Var það haft í huga í þessu sambandi, að því hafði verið lýst yfir á þinginu í San Francisco 1948, að ekkert ávæði í samþykktinni, sem þar var gerð, gæti svipt verkamenn þeim sjálfsögðu mannréttindum að neyta ekki réttar síns til að vera í félögum.

Samþykktin eftirlætur það löggjöf hvers lands að ákveða, að hve miklu leyti hún skuli taka til hermanna og lögreglumanna. Miklar umræður urðu um það, hvort samþykktin skyldi taka til opinberra embættismanna. Niðurstaðan var sú, að samþykktin skyldi ekki taka til þessara manna, en jafnframt var tekið fram, að hún skerti í engu réttindi eða stöðu þeirra, sem vinna við stjórngæzlu ríkisins.

5. Samband vinnuveitenda og verkamanna (Industrial relations).

Tími vannst ekki til að taka þetta mál fyrir, en ætlunin var að ljúka fyrri umræðu um það á þessu þingi. Það var því gerð ályktun þess efnis, að því skyldi frestað til næsta þings.

6. Vinnuákvæði í opinberum samningum.

Fyrir þinginu lágu til fullnaðarafgreiðslu frumvörp að samþykkt og álitsgerð um vinnuákvæði í opinberum samningum. Bæði þessi frumvörp voru samþykkt í því formi, sem þau lágu fyrir.

Ýmsir stjórnarfulltrúar svo og langflestir atvinnurekendafulltrúanna kusu heldur að afgreiða málið með álitsgerð. Sams konar tillaga hafði komið fram á næsta þingi á undan, en verið felld þá, og svo fór einnig nú.

Aðalákvæði samþykktarinnar miða að því að vernda viðurkennd vinnukjör fyrir þeirri hættu, sem stafað getur af því, að verktakar, sem taka að sér verk fyrir hið opinbera, bjóða einatt niður hver fyrir öðrum, og því getur verið hætta á, að þeir leitist við að auka hagnað sinn með því að veita verkamönnum lakari laun eða önnur starfskjör en ella tíðkast.

Ákvæði þessarar samþykktar og álitsgerðar mundu ekki hafa neina raunhæfa þýðingu hér á landi, þar sem engum verktaka, sem tæki að sér verk fyrir hið opinbera, mundi líðast að beita verkafólk það, sem hjá honum ynni við það verk, lakari kjörum en tíðkuðust á sömu slóðum við svipuð störf.

Hér skal ekki farið út í nánari skýringar á þessari samþykkt og álitsgerð, en þær eru prentaðar hér á eftir sem fylgiskjöl.

7. Vernd vinnulauna.

Mál þetta kom nú til lokaafgreiðslu, og afgreiddi þingið það með samþykkt og álitsgerð. Við umræður komu fram margar breytingartillögur við frumvörp þau, sem fyrir lágu, en flestar þeirra voru felldar.

Í samþykktinni felst réttarvernd fyrir vinnulaun. Hún hefst á skilgreiningu á því, hvað telja beri laun, og mælir svo fyrir, að laun, sem greiða ber í peningum, skuli greidd í löglegri mynt. Þegar sérstakar nánar tilteknar ástæður eru fyrir hendi, má greiðsla þó fara fram á annan hátt, sem tiltekinn er í samþykktinni. Einnig er leyft, að launagreiðslur fari að nokkru fram í fríðu. Tekið er sérstaklega fram, að greiðsla með sterkum drykkjum eða eiturlyfjum sé algerlega bönnuð.

Ákveðið er, að launin skuli að jafnaði greidd verkamanninum sjálfum, og vinnuveitandinn má ekki skerða rétt hans til að ráða yfir þeim.

Frádráttur á launum er því aðeins leyfður, að hann sé ákveðinn með lögum, heildarsamningum eða gerðardómi. Allar greiðslur verkamanns til vinnuveitanda í því skyni að fá vinnu eða halda henni eru stranglega bannaðar.

Kyrrsetning á launum og framsal þeirra getur aðeins átt sér stað á þann hátt og innan þeirra takmarka, sem ákveðið er með lögum eða reglugerðum. Kröfu um vinnulaun fylgir forgangsréttur við gjaldþrotaskipti og önnur búskipti. Greiðsla launa skal fara fram á ákveðnum fresti og einungis á virkum dögum á vinnustaðnum eða í nánd við hann. Að lokum ber að gera verkamanninum kunn þau launakjör, sem hann á að hafa, og um útreikning launanna við hverja útborgun.

Í álitsgerðinni felast ýmis ákvæði til uppfyllingar og viðbótar ákvæðum samþykktarinnar, og skulu þau ekki rakin hér, en vísað til samþykktarinnar og álitsgerðarinnar, sem prentaðar eru hér með sem fylgiskjöl.

8. Vinnulaun (almenn skýrsla).

Svo mikill tími fór til þess að ræða samþykktir þær og álitsgerðir, sem um er getið í 6. og 7. hér að framan, að nefndinni, sem fjallaði um þessa þrjá dagskrárliði, vannst ekki tími til að ræða almennt um aðrar hliðar launamálanna, eins og þó var ætlunin.

Fyrir lá greinargerð frá Alþjóðavinnumálaskrifstofunni um málið, sem hún hafði samið fyrir þingið 1948. Einnig lágu fyrir fjórar tillögur til ályktunar um ýmsar greinar þessa máls.

Eins og fyrr segir gat nefndin ekki rætt þessa greinargerð eða tillögur til neinnar hlítar og varð því að láta sér nægja að gera tillögu til ályktunar, þar sem skrifstofan er beðin að gefa gaum að þeim málum, sem í greinargerðinni og tillögunum segir, og óskað er eftir því, að málið verði tekið fyrir á síðari vinnumálaþingum.

Þessi tillaga var einróma samþykkt á þingfundi.

9. Aðstoð við stöðuval.

Þetta mál var til fyrri umræðu á þinginu 1948, og voru þá samþykkt nokkur grundvallaratriði, sem tekin skyldu upp í væntanlegar alþjóðareglur um aðstoð við stöðuval.

Á þessum grundvelli samdi Alþjóðavinnumálaskrifstofan tillögur til álitsgerðar, og var hún send ríkisstjórnunum og einnig Fjárhags- og félagsmálaráði Sameinuðu þjóðanna (UNESCO). Þessari tillögu var svo breytt með tilliti til athugasemda, sem bárust skrifstofunni, og lögð þannig fyrir þetta þing. Enda þótt mismunandi skoðanir kæmu fram við umræðurnar um álitsgerð þessa, aðhylltust menn þó grundvallaratriði þau, sem áður höfðu verið samþykkt.

Álitsgerðin, sem að lokum var samþykkt einróma, hefst með almennri stefnuyfirlýsingu. Því er slegið föstu, að starfsemi þessi skuli byggjast á frjálsu vali einstaklingsins. Einnig segir, að aðstoð við stöðuval sé stöðug og áframhaldandi starfsemi, sem fari að sömu grundvallarreglum, á hvaða aldri sem þeir, sem aðstoðarinnar njóta, eru. Aðaltilgangur samþykktarinnar má segja, að sé sá að stuðla að því, að hver einstaklingur fái notið sín sem bezt og unnið að þeim störfum, sem hugur hans og hæfileikar standa til, en þetta ætti að auka starfsgleðina og afköstin. Jafnframt þessu sjónarmiði verður að sjá svo um, að vinnuafl þjóðarinnar nýtist sem bezt.

Við fyrri umræðuna, sem fram fór á þinginu 1948, var greint á milli unglinga og fullorðinna, að því er snerti aðstoð við stöðuval. Þessum greinarmun var sleppt við síðari umræðuna. Þó segir, að enda þótt opinber aðstoð við stöðuval ætti að veitast öllum, sem hennar þarfnast, eftir því sem mögulegt er, þá verði að taka sérstakt tillit til unglinga, þ. á m. skólafólks.

10. Endurskoðun samþykktar frá 1933 um vinnumiðlunarskrifstofur, sem taka gjald fyrir störf sín.

Samþykkt sú, sem hér er um að ræða (samþ. nr. 34), mælir fyrir um útrýmingu vinnumiðlunarskrifstofa, sem taka gjald fyrir störf sín og reknar eru í ágóðaskyni, svo og um eftirlit með öðrum, sem ekki eru reknar í ágóðaskyni. Það hefur komið í ljós, að mörg ríki hafa átt erfitt með að fullgilda samþykkt þessa, einkum vegna bannsins við að miðla útlendingum vinnu og hinna ófrávíkjanlegu fyrirmæla um að útrýma umræddum skrifstofum innan ákveðins tíma. Við endurskoðun samþykktarinnar 1947 og 1948 varð það ljóst, að nauðsyn bar til þess að taka hana til ýtarlegra umræðna, þar sem fulltrúar vinnuveitenda og margir fulltrúar ríkisstjórna voru andvígir því að leggja niður skrifstofur þessar, en kusu heldur, að þær yrðu settar undir eftirlit. Á hinn bóginn voru verkamannafulltrúarnir og nokkur hluti ríkisstjórnafulltrúanna því fylgjandi að viðhalda grundvallarreglunni í samþykktinni frá 1933.

Með hliðsjón af þessum skoðanamun lagði skrifstofan fyrir þingið tillögu til samþykktar, þar sem leitazt var við að samræma þessi tvö andstæðu sjónarmið. Samkvæmt þessari tillögu skyldi ríkjunum gefinn kostur á að velja á milli tveggja kosta, ef þau vildu fullgilda samþykktina.

Annar kosturinn var sá að viðurkenna II. kafla samþykktarinnar, sem inniheldur ákvæði um að útrýma smátt og smátt vinnumiðlunarskrifstofum, sem reknar eru í ágóðaskyni, og hafa eftirlit með öðrum vinnumiðlunarskrifstofum, sem taka gjald fyrir störf sín. Hinn kosturinn er að viðurkenna III. kafla, en þar er kveðið á um eftirlit með öllum vinnumiðlunarskrifstofum, sem taka gjald fyrir störf sín, hvort sem þær eru reknar í ágóðaskyni eða ekki. Ríki, sem í fyrstu samþykkir III. kaflann, getur síðar tilkynnt, að það samþykki II. kaflann, og hættir þá III. kaflinn um leið að gilda fyrir það ríki.

Tillögur skrifstofunnar voru samþykktar svo að segja óbreyttar.

Það kom fram við umræðuna á þinginu, að fjölda ríkja mundi ekki verða kleift á næstunni að fullgilda samþykktina frá 1933, en aftur á móti gætu mörg hinna sömu ríkja samþykkt ákvæði III. kafla hinnar nýju samþykktar. Með þessu er farið inn á algerlega nýja braut, og sætti það allmikilli gagnrýni. Ýmis rök voru færð á móti þessari nýju samþykkt, en það, sem réð úrslitum um afgreiðslu hennar, var það, að með þessum breytingum mundi samþykktin ná til fleiri ríkja og það

mundi happadrýgra fyrir framgang þessa máls í heild heldur en að gera samþykkt, sem einungis fá ríki sæju sér fært að fullgilda.

11. Út- og innflutningur fólks í atvinnuleit.

Á alþjóðavinnumálaþinginu 1939 var gerð samþykkt og álitsgerð um málefni út- og innflytjenda í atvinnuleit. Samþykkt þessi hefur aldrei gengið í gildi, þar sem ekkert ríki hefur fullgilt hana.

Sérstök fastanefnd hjá Alþjóðavinnumálaskrifstofunni, sem fjallar um þessi mál, hafði gert drög að nýrri samþykkt um þetta efni. Þingnefndinni, sem málinu var vísað til, barst einnig uppkast að samþykkt um málið frá ríkisstjórnarfulltrúum Bandaríkjanna, og var það lagt til grundvallar umræðum nefndarinnar. Þetta uppkast miðaði að því að samræma tvö sjónarmið, sem komið höfðu fram í fastanefndinni. En það var að öðru leytinu, að samþykktin ætti að fela í sér ákveðin almenn sjónarmið, sem fjöldi ríkja gæti aðhyllzt, og á hinn bóginn, að samþykktin ætti að greina nákvæmar reglur um meðferð út- og innflytjenda. Fyrri hluti samþykktarinnar, sem gengið var frá á þinginu, er almennar meginreglur, en á eftir honum koma þrír viðaukar, sem hægt er að fullgilda hvern fyrir sig. Við umræðurnar, sem fulltrúi Alþjóðaflóttamannastofnunarinnar tók þátt í, var því slegið föstu, að þess væri ekki óskað, að samþykktin tæki til annarra en þeirra, sem flyttust á milli landa í atvinnuleit.

Efni þessarar samþykktar skal ekki rakið hér, en hún fjallar um réttarvernd fólks, sem flytur á milli landa í atvinnuleit, og um fyrirgreiðslu því til handa.

Um þetta mál var einnig samþykkt álitsgerð til uppfyllingar ákvæðum samþykktarinnar og viðaukum við hana, og tillögur um, hvernig ýmsum framkvæmdum á þessu sviði skuli hagað. Samþykktin og álitsgerðin eru prentuð hér með sem fylgiskjöl.

12. Endurskoðun samþykkta frá 1946 varðandi sjómenn.

Það kom fljótt í ljós eftir að 28. vinnumálaþingið (siglingamálaráðstefnan) var haldið í Seattle 1946, að miklir örðugleikar voru á því að fá þeim 9 samþykktum, sem þar voru gerðar, framfylgt. Allt frá þessum tíma hefur það því verið til athugunar, hvað hægt væri að gera til þess að bæta úr þessu ástandi. Að undirlagi sjómannasamtaka var mál þetta rætt á fundi í Oslo í nóvember 1947. Fund þennan sátu fulltrúar útgerðarmanna og sjómanna frá fjórum Norðurlandanna. Einnig var mál þetta tekið fyrir á 14. fundi Siglingamálanefndarinnar í Genf í desember sama ár. Á þessum síðarnefnda fundi var samþykkt að beina þeim tilmælum til stjórnar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, að hún krefði ríkisstjórnir aðildarríkjanna um skýrslur um það, hvað þær hefðu gert til þess að koma Seattlesamþykktunum í framkvæmd.

Stjórnin fór að þessum tilmælum, og gögn þau, sem bárust um afstöðu hinna einstöku aðildarríkja, voru lögð fyrir sérstaka nefnd í lok nóvember 1948. Í nefnd þessari áttu sæti föstu meðlimirnir í Siglingamálanefndinni auk fulltrúa frá 18 þeirra 27 ríkja, sem áttu fulltrúa á Seattle-þinginu.

Nefndin athugaði allar Seattlesamþykktirnar og varð ásátt um tillögur til breytinga á nokkrum ákvæðum samþykktanna nr. 75 (vistarverur skipverja) og 76 (um laun, vinnutíma og mannafla).

Að því er snerti samþykktirnar nr. 70 (félagslegt öryggi sjómanna) og nr. 72 (launað orlof fyrir farmenn) gerði nefndin engar breytingartillögur, en lagði til, að haldið væri opinni leið til að breyta nánar tilteknum atriðum í þessum samþykktum. Enn fremur beindi nefndin þeim eindregnu tilmælum til stjórnarinnar, að endanleg endurskoðun á samþykktunum færi fram á næsta þingi, sem var Genfarþingið 1949.

Stjórnin fór að þessum tilmælum nefndarinnar og gerði nauðsynlegar breytingar á dagskránni til þess að koma þessu máli þar að.

Sérstök nefnd fjallaði um þetta mál á þinginu, og átti Jón S. Ólafsson sæti í henni fyrir Íslands hönd.

Með tilliti til þess, hve ýtarlegar umræður um þetta mál höfðu farið fram í undirbúningsnefndinni, taldi þingnefndin ekki ástæðu til að hafa almennar umræður um það, en hóf þegar umræður um þær breytingartillögur, sem Alþjóðavinnumálaskrifstofan hafði gengið frá. Hér skal gerð stuttlega grein fyrir afgreiðslu breytingartillagnanna að því er snertir hverja samþykkt fyrir sig.

a. Samþykkt nr. 70 (félagslegt öryggi sjómanna).

Fyrir lá tillaga um breytingu á 2. málsgr. 3. greinar varðandi útreikning á styrk til slasaðra eða sjúkra sjómanna, sem skildir eru eftir erlendis. Verkamannafulltrúarnir mæltu eindregið gegn þessari tillögu, og var hún felld með litlum meiri hluta, þar sem fjöldi ríkisstjórnafulltrúa, þ. á m. Norðurlandfulltrúarnir, sátu hjá við atkvæðigreiðsluna. Ekki höfðu komið fram aðrar breytingartillögur við þessa samþykkt, svo að samþykktin heldur gildi sínu óbreytt.

b. Samþykkt nr. 72 (orlof með launum fyrir farmenn).

Fyrir lágu breytingartillögur við 1. málsgr. 3. greinar og 2. málsgr. 5. greinar. Fyrri tillagan var þess efnis, að ákveða skyldi, að hið 12 mánaða samfellda starf, sem er almenn forsenda fyrir orlofi, skuli unnið hjá sama útgerðarfyrirtækinu. Frá verkamannafulltrúunum komu fram raddir um það, að ástæðulaust væri að breyta samþykktinni, þar sem athugasemdir við hana hefðu aðeins borizt frá mjög fáum ríkjum. Ríkisstjórnafulltrúar Norðurlandanna tjáðu sig ekki geta fylgt breytingartillögunni, þar sem hún væri spor aftur á bak með tilliti til þeirra ákvæða, sem um langt skeið hefðu gilt um orlof á Norðurlöndum. Breytingartillaga þessi var felld með 30 atkvæðum gegn 23. Tíu ríkisstjórnafulltrúar greiddu atkvæði á móti tillögunni, þ. á m. fulltrúar Norðurlandanna.

Síðari breytingartillagan var þess efnis að fella niður það ákvæði samþykktarinnar, að laun þau, sem farmanni eru greidd í orlofi, skuli fela í sér hæfilega fæðispeninga. Hollenzku og bandarísku ríkisstjórnafulltrúarnir mæltu með tillögu þessari, en verkamannafulltrúarnir og nokkrir ríkisstjórnafulltrúar, þ. á m. Norðurlandafulltrúarnir, töldu sig ekki geta fylgt henni. Tillagan var síðan felld með jöfnum atkvæðum (26:26), fjórir sátu hjá. Þar sem málinu var nú þannig komið, báru verkamannafulltrúarnir fram nýja breytingartillögu til málamiðlunar. Samkvæmt þessari nýju tillögu, sem var samþykkt eftir nokkrar umræður, „mega“ laun þau, sem greidd eru í orlofi, fela í sér greiðslu fæðispeninga. Við lokaatkvæðagreiðslu samþykktarinnar greiddu 85 atkvæði með henni, en 20 á móti. Ríkisstjórnafulltrúarnir og verkamannafulltrúarnir frá Norðurlöndum sátu hjá við atkvæðagreiðsluna.

c. Samþykkt nr. 75 (vistarverur skipverja).

Tillögur lágu fyrir um þrjár meiri háttar breytingar á samþykkt þessari og þrjár minni háttar. Sú fyrsta af hinum fyrr nefndu miðar að því, að tekið sé tillit til þeirrar staðreyndar, að byggðar kunna að verða og byggðar hafa verið þær gerðir skipa, sem hafa til uppjafnaðar eins góðar eða betri vistarverur en ákveðið er í samþykktinni, en fullnægja þó ekki öllum ákvæðum hennar. Þingið var þeirrar skoðunar, að ekki væri æskilegt að hefta framfarir í skipasmíðum með óþarflega óþjálum samþykktarákvæðum. Texta samþykktarinnar var því breytt á þann veg, að heimilt sé að veita undanþágu frá ákvæðum samþykktarinnar, enda hafi þær undanþágur, sem gerðar eru, í för með sér það miklar hagsbætur á öðrum sviðum samþykktarinnar, að kjörin í heild séu ekki lakari en ef samþykktinni hefði verið beitt að fullu. Áður en slík undanþága er veitt skulu stjórnvöld þau, sem þetta heyrir undir, ráðfæra sig við stéttarsamtök farmanna og útgerðarmanna. Tilkynna

skal Alþjóðavinnumálaskrifstofunni allar veittar undanþágur, en hún tilkynnir þær aðildarríkjum stofnunarinnar.

Í Seattle-samþykktinni hafði verið tekið tillit til þeirrar staðreyndar, að á ýmsum stórum farþegaskipum, sem hafa sérlega fjölmennt þjónustulið, væri hægt að sjá því fyrir betri aðbúnaði með því að leyfa, að allt að 10 manns úr þessu starfsliði svæfi í hverjum svefnsal. Síðar hefur verið á það bent, að á örfáum skipum ætti hið sama við um undirmenn í öðrum starfsdeildum. Þingið samþykkti því nú að láta þessa heimild, sem áður tók aðeins til þjónustuliðs, einnig ná til annarra undirmanna.

Þriðja meginbreytingin á þessari samþykkt snerti það ákvæði hennar, að skip, sem byggt er í landi, sem ekki hefur fullgilt samþykktina, en er síðar skrásett í landi, sem það hefur gert, skuli tekið sem nýtt skip. Því var haldið fram, að þetta ákvæði væri andstætt raunverulegum tilgangi Seattle-samþykktarinnar, og því var samþykkt að breyta samþykktinni á þann veg, að þegar svo stendur á sem sagt var, skuli líta á skipið sem áður byggt.

Hinar tvær minni háttar breytingar, sem samþykktar voru, fjölluðu um loftræstingu á skipum í hitabeltinu og fyrirkomulag rekkna.

d. Samþykkt nr. 76 (vinnulaun, vinnutími og mannafli á skipum).

Tvær breytingar voru gerðar á samþykkt þessari. Sú fyrri snerti það ákvæði samþykktarinnar, sem leggur bann við stöðugri yfirvinnu. Allmargar ríkisstjórnir höfðu bent á það, að í sumum skipum, sem nú væru við lýði, væri algerlega ómögulegt að koma við aðbúnaði fyrir það marga skipsmenn, að nægja mundi til þess að uppfylla ákvæði samþykktarinnar um vinnutíma. Af þessu leiddi, að venjulega yrði að vinna talsverða yfirvinnu. Þingið féllst á þessi rök og breytti ákvæði þessu á þann veg að kveðið skuli svo á, að forðast skuli að láta vinna stöðuga yfirvinnu, þegar mögulegt er að komast hjá því. Síðari breytingin snerti hið venjubundna ákvæði, sem er þess efnis, að ríki, sem fullgildir samþykktina, geti aðeins sagt henni upp að liðnum 10 árum. Athygli var vakin á því, að þessi samþykkt væri sú eina af samþykktum Vinnumálaþingsins, sem ákvæði fjárhæð vinnulauna, svo og að hún væri ein af þeim fáu samþykktum, sem hægt væri að fullgilda á grundvelli heildarsamninga. Þannig var litið á, að líkur væru til þess, að margar ríkisstjórnir kynnu að hika við að binda sig í 10 ár við þessi ákvæði vegna óstöðugleika í gjaldeyri ýmissa landa og óvissunnar um þróun efnahagsmálanna á næstu árum. Þingið samþykkti því að færa tímabil þetta niður í 5 ár.

Vegna þeirra breytinga, sem hér að framan getur, gerði þingið þrjár samþykktir, sem koma í stað samsvarandi samþykkta frá Seattle-þinginu.

11. Tæknileg aðstoð við þróun efnahags- og félagsmála.

Að lokum skal hér lauslega getið eins máls, sem ekki var á dagskrá þingsins, en það var um þátt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í áætlun Sameinuðu þjóðanna um aðstoð til ríkja, sem eru styttra á veg komin í þróun efnahags- og félagsmála. Aðstoð þessi er fólgin í því, að ríki þessi njóta leiðbeininga og aðstoðar hinna færustu sérfræðinga, sem völ er á, á hinum ýmsu sviðum.

Þessi áætlun Sameinuðu þjóðanna á rætur sínar að rekja til yfirlýsingar Trumans Bandaríkjaforseta 1948, en hugmyndin var síðan tekin upp hjá S. þ.

Samkvæmt ályktun Fjárhags- og félagsmálaráðsins 4. marz 1949 voru allar sérstofnanir Sameinuðu þjóðanna, þ. á m. Alþjóðavinnumálastofnunin, spurðar að því, hvern skerf þær gætu lagt fram á þessu sviði.

Á þinginu var sett sérstök nefnd til þess að undirbúa þetta mál. Í nefndinni ríkti alger einhugur um það, að Alþjóðavinnumálastofnunin ætti miklu hlutverki að gegna í sambandi við þessa áætlun, bæði vegna þess, að þessi aðstoð miðaði að

aukinni framleiðslu í þessum löndum, en það væri nátengt verkamálunum og félagslegu öryggi, og einnig vegna þess, að stofnunin hefur vegna hinnar sérstöku uppbyggingar sinnar betri aðstöðu en nokkur önnur stofun, þegar um að er ræða nýtingu framleiðslugetunnar.

Þess má geta hér, að Alþjóðavinnumálastofnunin hefur um langt skeið tíðkað að senda sérfræðinga sína til að leiðbeina og aðstoða ríkisstjórnir í vanþróuðum ríkjum á sviði efnahags- og félagsmála.

Ályktun sú, sem gerð var um þetta mál svo að segja einróma, var þess efnis, að stjórninni var gefin heimild til þess að gera nauðsynlegar bráðabirgðaráðstafanir til þátttöku í áætluninni.

Fylgiskjöl.

Samþykkt nr. 91 um orlof með launum fyrir farmenn (endurskoðuð 1949).

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, saman komið til 32. þingsetu sinnar í Genf 8. júní 1949 eftir kvaðningu stjórnarnefndar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, hefur samþykkt ákveðnar tillögur varðandi endurskoðun að nokkru á samþykktinni frá 1946 um orlof með launum fyrir farmenn, sem gerð var á 28. þingi þess, en þetta mál er nú undir 12. dagskrárlið þingsins, og þar sem það álítur, að tillögur þessar beri að gera í formi alþjóðasamþykktar, gerir það í dag, 18. júní 1949, svo hljóðandi samþykkt, sem nefna ber Samþykkt frá 1949 um orlof með launum fyrir farmenn (endurskoðuð).[1])

1. gr.

1. Samþykkt þessi tekur til allra vélknúinna hafskipa, sem stunda flutninga á mönnum eða munum í atvinnuskyni og skráð eru innan landsvæðis, sem samþykkt þessi tekur til, hvort sem þau eru í eigu hins opinbera eða einstaklinga.
2. Í lögum hvers lands eða reglugerðum skal ákveðið, hvenær skip skuli talin hafskip.
3. Samþykkt þessi tekur ekki til:
   a. tréskipa af frumstæðri gerð, svo sem „dhow“ og „junk“;
   b. skipa, sem stunda fiskveiðar eða störf nátengd þeim, selveiðar eða hliðstæða atvinnu;
   c. skipa, sem notuð eru í árósum.
4. Með lögum eða reglugerðum hvers lands eða heildarsamningum má undanskilja skip, sem eru innan við 200 brúttó rúmlestir, ákvæðum þessarar samþykktar.

2. gr.

1. Samþykkt þessi tekur til allra þeirra, sem ráðnir eru til hvers konar starfa á skipi, nema:
   a. leiðsögumanna, sem ekki tilheyra skipshöfninni;
   b. lækna, sem ekki tilheyra skipshöfninni;
   c. hjúkrunarliðs og annars starfsfólks, sem einungis stundar hjúkrun og önnur störf til aðhlynningar sjúkum, en tilheyrir ekki skipshöfninni;
   d. fólks, sem vinnur eingöngu fyrir eigin reikning eða fær í laun aðeins hluta af ágóða eða tekjum;
   e. fólks, sem ekki fær nein laun fyrir störf sín eða einungis málamyndalaun;
   f. fólks, sem ráðið er á skip af öðrum vinnuveitanda en útgerðarmanni, að undanteknum loftskeytamönnum eða starfsmönnum loftskeytafélaga;

---

1) Samsvarandi formálsgreinum í samþykktunum hér á eftir er sleppt svo og niðurlagsorðum þeirra.

g. hafnarverkamanna, sem ferðast á milli hafna, en tilheyra ekki skipshöfninni;
h. fólks, sem ráðið er á hvalveiðaskip, fljótandi verksmiðjur, eða á annan hátt við hvalveiðar eða hliðstæð störf við skilyrði, sem ákveðin séu í sérstökum heildarsamningum um hvalveiðar eða hliðstæðum samningum um launakjör, vinnutíma og önnur vinnuskilyrði, sem sjómannasamtök hafa gert;
i. fólks, sem ráðið er til vinnu í höfn, en er yfirleitt ekki ráðið til starfa á sjó.

2. Hlutaðeigandi stjórnarvald getur, að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök útgerðarmanna og farmanna, undanskilið skipstjóra, fyrstu stýrimenn og fyrstu vélstjóra ákvæðum þessarar samþykktar, enda njóti þeir samkvæmt lögum eða reglugerðum hvers lands eða heildarsamningum eigi lakari kjara en þessi samþykkt krefur, að því er snertir árlegt orlof.

3. gr.

1. Hverjum þeim, sem samþykkt þessi tekur til, ber að loknu tólf mánaða samfelldu starfi árlegt orlof með launum, er eigi sé skemmra en:
   a. átján dagar virkir fyrir hvert starfsár að því er snertir skipstjóra, aðra yfirmenn og loftskeytamenn;
   b. tólf dagar virkir fyrir hvert starfsár að því er snertir aðra skipverja.
2. Maður, sem unnið hefur a. m. k. sex mánuði samfleytt, skal, er hann lætur af því starfi, eiga rétt á orlofi, er nemi einum og hálfum virkum degi fyrir hvern heilan starfsmánuð, sé um skipstjóra, aðra yfirmenn eða loftskeytamenn að ræða, en einum virkum degi, sé um aðra skipverja að ræða.
3. Maður, sem vikið er úr starfi án saka áður en hann hefur unnið samfleytt í sex mánuði, skal, er hann lætur af því starfi, eiga rétt á orlofi, er nemi einum og hálfum degi fyrir hvern heilan starfsmánuð, sé um skipstjóra, aðra yfirmenn eða loftskeytamenn að ræða, en einum virkum degi, sé um aðra skipverja að ræða.
4. Við útreikning á því, hvenær réttur til orlofs hefst, skal:
   a. telja störf utan samningsbundins vinnutíma með samfelldum starfstíma;
   b. ekki telja, að stutt hlé á starfi komi í veg fyrir, að starfstíminn fyrir og eftir það hlé teljist samfelldur, enda stafi það ekki af breytni eða yfirsjón starfsmannsins og fari ekki fram úr sex vikum á hverjum tólf mánuðum;
   c. ekki telja, að samfelldur starfstími hafi slitnað, þó að breyting verði á framkvæmdastjórn eða eignarrétti að skipi því eða skipum, sem viðkomandi maður hefur unnið á.
5. Með launuðu orlofi skal ekki telja:
   a. almenna og hefðbundna frídaga;
   b. starfshlé vegna veikinda og slysa.
6. Í lögum eða reglugerðum hvers lands eða heildarsamningum má kveða á um skiptingu árlegs orlofs samkvæmt samþykkt þessari í hluta, svo og að leggja megi orlof frá einu ári við næsta árs orlof.
7. Í lögum eða reglugerðum hvers lands eða heildarsamningum má kveða svo á, að þegar alveg sérstaklega stendur á og starfsemin krefur, megi láta peningagreiðslu koma í stað árlegs orlofs samkvæmt samþykkt þessari, enda má hún ekki vera lægri en greiðsla sú, sem kveðið er á um í 5. gr.

4. gr.

1. Þegar að því kemur að veita árlegt orlof, skal það veitt eftir samkomulagi eins fljótt og þarfir starfseminnar leyfa.
2. Engan má krefja án samþykkis hans til að taka árlegt orlof, sem honum ber, í höfn utan þess lands, þar sem hann var ráðinn á skip, eða heimalands hans. Að fullnægðu þessu skilyrði skal orlofið veitt í höfn, sem samþykkt er með lögum eða reglugerðum hvers lands eða heildarsamningum.

5. gr.

1. Allir þeir, sem orlof taka samkvæmt 3. gr. þessarar samþykktar, skulu fá venjuleg laun sín allan orlofstímann.
2. Venjuleg laun, sem greiða ber samkvæmt fyrri málsgrein, skulu reiknuð á þann hátt, sem ákveðinn sé með lögum eða reglugerðum hvers lands eða heildarsamningum, og mega þau fela í sér hæfilega fæðispeninga.

6. gr.

Að undanskilinni heimildinni í 7. málslið 3. greinar skulu allir samningar um afsal réttarins til árlegs orlofs með launum eða niðurfellingu orlofs vera ógildir.

7. gr.

Maður, sem fer eða er vikið úr þjónustu vinnuveitanda síns áður en hann hefur tekið orlof það, sem honum ber, skal fá greiðslu þá, sem ákveðin er í 5. gr., fyrir hvern oflofsdag, sem honum ber samkvæmt samþykkt þessari.

8. gr.

Hvert það aðildarríki, sem fullgildir samþykkt þessa, skal tryggja raunhæfa beitingu ákvæða hennar.

9. gr.

Ekkert í samþykkt þessari skal hafa áhrif á nokkur lög, úrskurði, venjur eða samninga milli útgerðarmanna og farmanna, sem tryggja betri kjör en ákveðin eru í samþykkt þessari.

10. gr.

1. Samþykkt þessari má veita gildi: a) með lögum eða reglugerðum, b) með heildarsamningum útgerðarmanna og farmanna, eða c) sameiginlega með lögum eða reglugerðum og heildarsamningum útgerðarmanna og farmanna. Ákvæði samþykktar þessarar skulu látin taka til allra skipa skrásettra innan aðildarríkis, sem hefur fullgilt hana, og allra þeirra, sem ráðnir eru á slík skip, enda sé ekki öðruvísi kveðið á í henni sjálfri.
2. Þegar einhverjum ákvæðum samþykktar þessarar hefur verið veitt gildi með heildarsamningi samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar, skal því aðildarríki, þar sem samningurinn gildir, ekki skylt að gera neinar ráðstafanir í samræmi við 8. gr. þessarar samþykktar, hvað sem ákvæðum hennar líður, að því er tekur til þeirra ákvæða samþykktarinnar, sem hafa verið tekin upp í heildarsamninga.
3. Sérhvert aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, skal gefa forstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar upplýsingar um ráðstafanir þær, sem gerðar eru til að framfylgja henni, þar á meðal upplýsingar um alla heildarsamninga, þar sem einhver ákvæði hennar eru tekin upp og eru í gildi, þegar aðildarríkið fullgildir samþykktina.
4. Sérhvert aðildarríki, sem fullgildir samþykkt þessa, undirgengst að senda þrískipta sendinefnd til þátttöku í störfum hverrar þeirrar nefndar, sem sett kann að verða á stofn til þess að rannsaka þær ráðstafanir, sem gerðar eru til þess að framfylgja þessari samþykkt, og skipuð er fulltrúum ríkisstjórna og félaga útgerðarmanna og farmanna, svo og ráðgefandi fulltrúum frá siglingamálanefnd Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar.
5. Forstjórinn leggur fyrir umrædda nefnd yfirlit yfir upplýsingar þær, sem honum berast samkvæmt 3. málsgrein hér að framan.
6. Nefndin skal athuga, hvort heildarsamningar þeir, sem henni eru tilkynntir, veiti ákvæðum samþykktar þessarar fyllilega gildi. Sérhvert aðildarríki, sem

fullgildir samþykktina, skuldbindur sig til að taka til athugunar hverjar þær athugasemdir og tillögur, sem nefndin kann að gera varðandi framkvæmd samþykktarinnar. Enn fremur skuldbindur það sig til að kynna samtökum verkamanna og vinnuveitenda, sem hlut eiga að einhverjum þeim heildarsamningum, sem um getur í 1. málsgrein, allar athugasemdir og tillögur fyrrgreindrar nefndar um, að hve miklu leyti slíkir samningar gefa ákvæðum samþykktarinnar gildi.

11. gr.

Að því er snertir 17. gr. í samþykkt frá 1936 um orlof með launum fyrir sjómenn, skal þessi samþykkt skoðuð sem endurskoðun á þeirri samþykkt.

12. gr.

Formlegar fullgildingar á þessari samþykkt skal senda forstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

13. gr.

1. Samþykkt þessi skal einungis vera bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem látið hafa forstjóra skrá fullgildingar sínar.
2. Hún gengur í gildi sex mánuðum eftir að fullgildingar níu eftirtalinna ríkja hafa verið skrásettar: Argentína, Ástralía, Bandaríki Ameríku, Belgía, Brazilía, Chile, Danmörk, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Indland, Írland, Ítalía, Júgóslavía, Kanada, Kína, Noregur, Pólland, Portúgal, Sameinað konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, Svíþjóð og Tyrkland. Að minnsta kosti fimm þessara níu ríkja skulu hvert um sig hafa skipastól, sem sé a. m. k. ein milljón rúmlestir brúttó. Þetta ákvæði er sett hér til þess að auðvelda og flýta fyrir fullgildingu aðildarríkjanna á samþykktinni.
3. Eftir það gengur þessi samþykkt í gildi, að því er snertir hvert aðildarríki, sex mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

14. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, má segja henni upp að 10 árum liðnum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda forstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en einu ári eftir skrásetningu hennar.
2. Hver sá meðlimur, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, en notfærir sér ekki innan þess árs, er kemur næst á eftir þeim 10 ára fresti, sem um getur í fyrri málsgrein, réttindi þau til uppsagnar, sem ráð er fyrir gert í þessari grein, skal bundinn af henni í önnur 10 ár, en má að þeim loknum segja henni upp, og síðan að hverju 10 ára tímabili liðnu, svo sem gert er ráð fyrir í þessari grein.

15. gr.

1. Forstjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum meðlimum Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skrásetningu allra fullgildinga, yfirlýsinga og uppsagna, sem meðlimir stofnunarinnar hafa sent honum.
2. Þegar forstjóri tilkynnir meðlimum stofnunarinnar skrásetningu síðustu fullgildingarinnar, sem þarf til þess að samþykktin öðlist gildi, skal hann vekja athygli þeirra á, hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

16. gr.

Forstjóri Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna, til skrásetningar samkvæmt 102. gr. stofnskrár Sameinuðu þjóð-

anna, allar upplýsingar um fullgildingar, yfirlýsingar og uppsagnir, sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði næstu greina hér á undan.

17. gr.

Í lok hvers 10 ára tímabils frá gildistöku samþykktar þessarar skal stjórnarnefnd Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd samþykktarinnar, og skal hún jafnframt athuga það, hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins tillögur um endurskoðun hennar allrar eða hluta hennar.

18. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt um breytingar á samþykkt þessari allri eða hluta hennar, skal:
   a. fullgilding meðlims á hinni nýju, endurskoðuðu samþykkt ipso jure skoðast sem tafarlaus uppsögn á þessari samþykkt, hvað sem ákvæðum 14. greinar hér að framan líður, frá þeim tíma er hin nýja, endurskoðaða samþykkt hefur öðlazt gildi;
   b. meðlimum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt, frá því er hin nýja, endurskoðaða samþykkt öðlast gildi;
   enda sé ekki öðruvísi ákveðið í hinni nýju samþykkt.
2. Samþykkt þessi skal, hvað sem öðru líður, vera í gildi, eins og hún er nú að formi til og efni, hvað snertir þá meðlimi, sem hafa gullgilt hana, en ekki hina endurskoðuðu útgáfu hennar.

19. gr.

Hinn enski og franski texti þessarar samþykktar skulu jafngildir.

Þetta er staðfestur texti samþykktar þeirrar, sem löglega var gerð á 32. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem haldið var í Genf og slitið 2. dag júlímánaðar 1949.

Þessu til staðfestu höfum vér undirritað hann í dag, átjánda dag ágústmánaðar 1949.

Forseti þingsins

Guildhaume Myrddin-Evans.

Forstjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar

David A. Morse.

II. Samþykkt nr. 92 um vistarverur skipverja um borð í skipum (endurskoðuð 1949).

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

1. Samþykkt þessi tekur til allra vélknúinna hafskipa, sem annast flutninga á farmi eða farþegum í atvinnuskyni og skráð eru í löndum, þar sem þessi samþykkt gildir, hvort sem þau eru í eigu hins opinbera eða einstaklinga.
2. Með lögum eða reglugerðum hvers lands skal ákveða, hvenær skip skuli teljast hafskip í merkingu þessarar samþykktar.
3. Samþykkt þessi tekur ekki til:
   a. skipa undir 500 lestum;
   b. skipa, sem aðallega eru seglknúin, en hafa hjálparvélar;

c. skipa, sem stunda fiskveiðar, hvalveiðar eða aðra hliðstæða atvinnu;
d. dráttarbáta.

4. Þó skal samþykktin, þegar sanngjarnt og fært þykir, gilda um:
   a. skip, sem eru 200—500 lestir;
   b. vistarverur manna, sem gegna venjulegum sjómennskustörfum á skipum, er stunda hvalveiðar eða hliðstæða atvinnu
5. Einnig má þó víkja frá ákvæðum III. kafla þessarar samþykktar, að því er snertir hvaða skip sem er, hafi hlutaðeigandi stjórnvald, að loknum viðræðum við félög útgerðarmanna og/eða útgerðarmenn, svo og viðurkennd stéttarfélög sjómanna, fullvissað sig um, að þau frávik, sem gera á, hafi í för með sér samsvarandi hagsbætur, þannig að kjörin í heild verði ekki óhagstæðari heldur en þau væru, ef ákvæðum samþykktarinnar væri beitt að fullu. Hlutaðeigandi aðildarríki skal gefa forstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar upplýsingar um öll slík frávik, en hann kemur þeim til vitundar aðildarríkja Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

2. gr.

Í samþykkt þessari merkir:

a. „skip“ = skip, sem samþykktin tekur til;
b. „lestir“ = brúttó rúmlestir (gross register tons);
c. „farþegaskip“ = skip, sem hafa annaðhvort (I.) gilt öryggisskírteini, útgefið í samræmi við gildandi ákvæði Alþjóðasamþykktar um lífsöryggi á sjó, eða (II.) farþegaskipsskírteini;
d. „yfirmaður“ = hvern þann mann, annan en skipstjóra, sem telst yfirmaður samkvæmt landslögum eða reglugerðum, eða samkvæmt heildarsamningum eða venju, séu slík lög eða reglugerðir ekki fyrir hendi;
e. „undirmaður“ = skipverja, sem ekki er yfirmaður;
f. „bátsmaður“ = undirmann, sem hefur eftirlits- eða sérstök ábyrgðarstörf með höndum og telst bátsmaður samkvæmt landslögum eða reglugerðum, eða samkvæmt heildarsamningum eða venju, séu slík lög eða reglugerðir ekki fyrir hendi;
g. „vistarverur skipverja“ = það svefnrými, matrými, hreinlætisrými og seturými, sem ætlað er skipshöfninni til afnota;
h. „fyrir mælt“ = fyrirmælt í landslögum eða reglugerðum eða af hlutaðeigandi stjórnvaldi;
i. „viðurkennt“ = viðurkennt af hlutaðeigandi stjórnvaldi;
j. „endurskráð“ = skráð að nýju, þegar saman fara skipti á skráningarlandi og eigendaskipti.

3. gr.

1. Hvert það aðildarríki, sem bundið er af samþykkt þessari, skuldbindur sig til þess að hafa í gildi lög eða reglugerðir, sem tryggi framkvæmd ákvæða II., III. og IV. kafla þessarar samþykktar.
2. Lögin eða reglugerðirnar skulu:
   a. skylda hlutaðeigandi stjórnvald til að kynna ákvæði þeirra öllum hlutaðeigendum;
   b. greina þá aðila, sem ábyrgð bera á framkvæmd þeirra;
   c. ákveða hæfileg viðurlög við brotum á þeim;
   d. kveða á um eftirlitskerfi, sem tryggi nægilega raunhæfa framkvæmd þeirra;
   e. skylda hlutaðeigandi stjórnvald til að hafa samráð við samtök útgerðarmanna og/eða útgerðarmenn og viðurkennd stéttarfélög sjómanna um samningu reglugerða, svo og að hafa eins nána samvinnu og hægt er við þessa aðila um framkvæmd þeirra.

II. KAFLI
Uppdrættir og eftirlit með vistarverum skipverja.

4. gr.

1. Áður en smíði skips er hafin, skal leggja fyrir hlutaðeigandi stjórnvald til samþykktar uppdrátt af skipinu, er sýni með tilteknum mælikvarða staðsetningu og fyrirkomulag vistarvera skipshafnar.
2. Áður en hafin er smíði vistarvera skipshafnar, og áður en breytt er vistarverum í eldra skipi eða þær endurbyggðar, skal leggja fyrir hlutaðeigandi stjórnvald til samþykktar nákvæmar teikningar af vistarverunum og upplýsingar um þær. Skulu teikningar þessar sýna í tilteknum mælikvarða og í tilskildum atriðum staðsetningu hvers rýmis, fyrirkomulag húsgagna og innréttinga, fyrirkomulag loftræstingar, lýsingar og hitunar svo og hreinlætistækja. Þó má, ef sérstaklega stendur á eða bráðabirgðabreytingar eða endurbyggingar eru framkvæmdar utan skráningarlands skips, telja nægilegt til uppfyllingar þessu ákvæði, að teikningarnar séu síðan lagðar fyrir hlutaðeigandi stjórnvald til samþykktar.

5. gr.

Hlutaðeigandi stjórnvald skal jafnan skoða skip og fullvissa sig um, að vistarverurnar fullnægi ákvæðum laga og reglugerða:

a. þegar það er skráð eða endurskráð;
b. þegar vistarverum skipverja hefur verið breytt verulega eða þær endurbyggðar; eða
c. þegar viðurkennt stéttarfélag sjómanna, sem allir eða nokkrir af skipshöfn eru meðlimir í, eða tiltekinn fjöldi eða hluti skipverja hefur kvartað við hlutaðeigandi stjórnvald yfir því, að vistarverur skipshafnarinnar séu ekki í samræmi við ákvæði samþykktar þessarar. Slíkar kvartanir skulu bornar fram í tilteknu formi og það tímanlega, að skipið tefjist ekki af þeim sökum.

III. KAFLI
Kröfur til vistarvera skipverja.

6. gr.

1. Staðsetningu vistarvera, aðgangi að þeim, byggingarlagi þeirra og afstöðu þeirra hverrar til annarrar skal þannig háttað, að tryggt sé nægilegt öryggi, vernd gegn veðri og sjó, einangrun fyrir hita eða kulda, óhæfilegum hávaða og útgufun eða útstreymi frá öðrum hlutum skipsins.
2. Engin bein opin leið skal vera milli svefnrýmis annars vegar og farmrýmis, vélarúms, eldhúss, ljósa- eða málningarklefa, þilfarsgeymslna og vélarrúms og annarra meiri háttar geymslna, þurrkklefa eða sameiginlegra hreinlætisklefa eða salerna hins vegar. Sá hluti þiljanna, sem aðskilur slík rými frá svefnrými, svo og ytri þiljur skulu traustlega byggð úr stáli eða öðru viðurkenndu efni, og vera skulu þær vatns- og gasþéttar.
3. Ytri þiljur svefnrýma og matstofa skulu vandlega einangraðar. Allur vélaumbúnaður og allar þiljur, sem liggja að eldhúsi og öðrum stöðum, þar sem hiti myndast, skulu vandlega einangruð, sé nokkur hætta á, að hitinn leiðist til nálægra vistarvera eða ganga. Þess skal einnig gætt að varna hitun frá gufu- og/eða heitsvatnsleiðslum.
4. Innþiljur skulu gerðar úr viðurkenndu efni, sem ekki er líklegt að meindýr setjist í.
5. Svefnrými, matstofur, hvíldarsalir og gangar í vistarverum skipverja skulu vandlega einangruð gegn sagga og ofhitun.

6. Aðalgufupípur og útblásturspípur fyrir vindur og þess háttar áhöld mega ekki liggja um vistarverur skipverja, og eigi skulu þær heldur liggja um ganga, sem liggja til vistarvera skipverja, sé hægt af tæknilegum ástæðum að komast hjá því. Liggi þær um slíka ganga, skulu þær vandlega einangraðar og innbyrgðar.
7. Innri klæðning eða þilplötur skulu gerðar úr efni með yfirborði, sem auðvelt er að halda hreinu. Eigi má nota plægð borð eða annað, sem líklegt er að óþrif setjist í.
8. Hlutaðeigandi stjórnvald skal ákveða, í hve ríkum mæli skuli við byggingu vistarveranna gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða varna útbreiðslu elds.
9. Þil og loft í svefnrými og matstofum skulu þannig gerð, að auðvelt sé að halda þeim hreinum, og séu þau máluð, skal það gert með ljósum litum. Kalk má ekki nota.
10. Þilfleti skal endurnýja og gera við eftir þörfum.
11. Gólf í öllum vistarverum skipverja skulu vera úr viðurkenndu efni og af viðurkenndri gerð. Skulu þau vera gufuþétt og auðvelt að halda þeim hreinum.
12. Þegar gólf eru gerð úr samsettu efni, skulu samskeyti þeirra við veggi vera íhvolf til þess að koma í veg fyrir sprungur.
13. Sjá skal fyrir nægilegu frárennsli.

7. gr.

1. Svefnrými og matsalir skulu nægilega loftræst.
2. Loftræstingarkerfið skal vera þannig úr garði gert, að það geti haldið loftinu góðu og tryggð sé nægileg hreyfing þess, hvað sem veðri og loftslagi líður.
3. Skip, sem að jafnaði sigla um hitabeltið og Persaflóa, skulu búin sjálfvirkri loftræstingu og rafsnældum. Þó þarf aðeins að hafa annað hvort þessa í þeim rýmum, sem það gefur fullnægjandi loftræstingu.
4. Skip, sem eru í siglingum utan hitabeltisins, skulu annaðhvort búin sjálfvirkri loftræstingu eða rafsnældum. Hlutaðeigandi stjórnvald má veita undanþágu frá þessu ákvæði fyrir skip, sem yfirleitt sigla um hin köldu höf norður- eða suðurhvels jarðar.
5. Afl það, sem þarf til að knýja loftræstingu samkv. 3. og 4. málsgrein, skal jafnan vera fyrir hendi, ef mögulegt er, þegar skipverjar dveljast eða vinna um borð og ástæður krefja.

8. gr.

1. Leggja skal fullnægjandi hitakerfi í vistarverur skipverja, nema skipið eigi eingöngu að sigla um hitabeltið eða Persaflóa.
2. Ef mögulegt er, skal hitakerfið jafnan starfrækt, þegar skipverjar dveljast eða vinna um borð og ástæða er til.
3. Öll þau skip, sem búin skulu hitakerfum, skulu hituð með gufu, heitu vatni, heitu lofti eða rafmagni.
4. Í öllum skipum, þar sem hitað er upp með brennsluofnum, skulu gerðar ráðstafanir til að tryggja, að þeir séu nægilega stórir, vel upp settir og einangraðir, svo og að þeir spilli ekki andrúmslofti.
5. Með hitakerfinu skal vera hægt að halda hitanum í vistarverum skipverja hæfilegum í venjulegu veðurfari og loftslagi, sem búast má við með tilliti til starfrækslu skipsins. Hlutaðeigandi stjórnvald skal ákveða þær reglur, sem fylgja ber í þessu efni.
6. Miðstöðvarofnum og öðrum hitatækjum skal þannig fyrir komið og þau þannig varin, ef þörf krefur, að eigi stafi af þeim eldhætta, annar háski eða óþægindi fyrir íbúana.

9. gr.

1. Að undanskildum þeim sérstöku tilhögunum, sem leyfðar kunna að vera á farþegaskipum, skulu svefnrými og matsalir nægilega lýstir með dagsbirtu, svo og búin nægri lýsingu.

2. Allt rými skipverja skal nægilega lýst. Lágmarkskrafa til dagsbirtu í dvalarrými skal vera sú, að maður með eðlilega sjón geti á björtum degi lesið venjulegt dagblað hvar sem er í rými því, sem hægt er að hreyfa sig í óþvingað. Þegar ekki er hægt að sjá fyrir nægilegri dagsbirtu, skal séð fyrir ofangreindu lágmarki af annarri lýsingu.
3. Í öllum skipum skal hafa rafljós í vistarverum skipverja. Ef ekki eru tvennir sjálfstæðir aflvakar til framleiðslu rafmagns til ljósa, skal séð fyrir sérstaklega gerðum lömpum eða ljósaútbúnaði til vara, ef á þarf að halda.
4. Ljósum skal þannig fyrir komið, að þau komi íbúum vistarveranna að sem fyllstum notum.
5. Í svefnklefum skal leslömpum komið fyrir við höfðalag hverrar rekkju.

10. gr.

1. Svefnklefar skulu vera ofan hleðslulínu, miðskips eða aftur á.
2. Þegar sérstaklega stendur á, getur hlutaðeigandi stjórnvald leyft, að svefnklefar séu hafðir í framhluta skips, ef af stærð þess, gerð eða ætluðum afnotum leiðir, að önnur staðsetning væri óskynsamleg eða óframkvæmanleg. Þó mega þeir aldrei vera framan við árekstrarskilrúm.
3. Hlutaðeigandi stjórnvald getur leyft,, að svefnklefar séu hafðir undir hleðslumarki, enda séu gerðar fullnægjandi ráðstafanir til lýsingar og loftræstingar, en þó mega þeir aldrei vera undir göngum, sem notaðir eru við vinnu.
4. Gólfflötur í svefnklefum undirmanna skal ekki vera minni en:
   a. 1,85 m² (20 ferfet ensk) í skipum undir 800 lestum;
   b. 2,35 m² (25 ferfet ensk) í skipum 800—3000 lesta;
   c. 2,78 m² (30 ferfet ensk) í skipum, sem eru 3000 lestir eða stærri.

   Í farþegaskipum, þar sem fleiri en fjórir undirmenn búa í einum klefa, skal þó lágmarks gólfflötur fyrir hvern vera 2,22 m² (24 ferfet ensk).
5. Nú eru ráðnir á skip slíkir hópar undirmanna, að nauðsynlegt er að ráða mun fleiri menn en ella, og má þá hlutaðeigandi stjórnvald slá af lágmarkskröfunum um gólffleti í svefnklefum, að því er slíka hópa snertir, að því tilskildu:
   a. að allt svefnrými úthlutað slíkum hópi, eða hópum, sé ekki minna en úthlutað hefði verið, ef þessi fjölgun hefði ekki átt sér stað; og
   b. lágmarksgólfflötur fyrir hvern mann í svefnrými sé ekki minni en:
      (i) 1,67 m² (18 ferfet) í skipum innan við 3000 lestir;
      (ii) 1,85 m² (20 ferfet) í skipum 3000 lesta og þar yfir.
6. Við mælingu gólfflatar skal telja með pláss, sem fer undir rekkjur, skápa, dragkistur og sæti. Smávægilegt og óreglulegt aukapláss, sem hvorki eykur raunverulega á svigrúm né hægt er að nota fyrir húsgögn, skal ekki talið með.
7. Lofthæð í svefnklefum skipverja skal eigi vera minni en 190 cm (6 fet og 3 þuml.).
8. Svefnklefar skulu vera nægilega margir til þess að hægt sé að hafa einn eða fleiri sérklefa fyrir hverja grein skipshafnarinnar. Hlutaðeigandi stjórnvald má þó slaka á þessu ákvæði, að því er varðar lítil skip.
9. Fjöldi skipverja, sem búa saman í svefnklefum, má ekki fara fram úr eftirgreindu hámarki:
   a. yfirmenn starfsdeilda, vélstjórar og stýrimenn, sem stjórna vöktum, og yfirloftskeytamenn: einn í klefa;
   b. aðrir yfirmenn: einn í klefa, sé hægt að koma því við, og aldrei fleiri en tveir;
   c. bátsmenn: einn eða tveir í klefa, en aldrei fleiri;
   d. aðrir undirmenn: tveir eða þrír í klefa, eftir því sem hægt er að koma því við, og aldrei fleiri en fjórir.
10. Með það fyrir augum að tryggja góð íbúðarskilyrði og meiri þægindi, getur hlutaðeigandi stjórnvald, að höfðu samráði við félagssamtök útgerðarmanna

og/eða útgerðarmenn og viðurkennd sjómannafélög, gefið leyfi til þess, að í ákveðnum farþegaskipum séu allt að tíu undirmenn látnir búa saman í klefa.

11. Á áberandi stað í hverjum svefnklefa skal rita greinilega og á haldgóðan hátt hámarkstölu þeirra, sem þar mega búa.
12. Hver skipverji skal hafa rekkju út af fyrir sig.
13. Eigi má skipa rekkjum hlið við hlið, þannig að ekki verði komizt í eina án þess að fara yfir aðra.
14. Eigi skulu meira en tvær rekkjur vera hver upp af annarri og meðfram skipshlið ekki nema ein röð, enda séu ljórar yfir rekkjunum.
15. Þar, sem rekkjur eru hver upp af annarri, má neðri rekkjan ekki vera nær gólfi en 30 cm (12 þuml.). Efri rekkjan skal vera um það bil miðja vegu milli neðri brúnar þilfarsbita og rekkjubotns neðri rekkju.
16. Lágmarksinnanmál rekkju skal vera 190 × 68 cm (6′ 3″ × 2′ 3″).
17. Rúmstæði og bríkur, ef nokkrar eru, skulu vera úr viðurkenndu efni, hörðu og sléttu, sem ekki er líklegt að eyðist eða safni í sig óþrifum.
18. Séu rúmstæði gerð úr pípum, skulu þær vera vel lokaðar og heilar, svo að óþrif komist ekki inn í þær.
19. Í hverri rekkju skal vera fjaðrabotn eða fjaðradýna, svo og dýna úr viðurkenndu efni. Í dýnur skal ekki nota hálm eða annað efni, sem líklegt er að óþrif setjist í.
20. Þegar ein rekkja er yfir annarri, skal hafa rykheldan botn úr tré, striga eða öðru hentugu efni undir fjaðrabotni efri rekkjunnar.
21. Svefnklefar skulu þannig skipulagðir og búnir, að íbúum þeirra séu tryggð viðunandi þægindi og auðvelt sé að halda þeim hreinum.
22. Meðal húsgagna skal vera klæðaskápur fyrir hvern mann. Klæðaskápar þessir skulu vera minnst 152 cm (5 fet) á hæð og þverskurður þeirra a. m. k. 19,30 dm^2 (300 ferþuml.). Í þeim skal vera hilla. Enn fremur skal vera á þeim hespa fyrir lás, sem skipverjar leggja sér til sjálfir.
23. Í hverjum svefnklefa skal vera borð eða skrifborð. Má það vera hvort sem er fast, lagt upp að vegg eða rennt fram, og þægilegt sæti eftir þörfum.
24. Húsgögnin skulu gerð úr hörðu, sléttu efni, sem ekki er líklegt að vindi sig eða eyðist.
25. Skúffur eða tilsvarandi geymslurúm hvers manns skal eigi vera minna en 0,56 m^3 (2 rúmfet).
26. Tjöld skulu vera fyrir kýraugum í svefnklefum.
27. Í svefnklefum skal vera spegill, litlir skápar fyrir hreinlætisáhöld, bókahilla og nægilega margir fatasnagar.
28. Að svo miklu leyti sem unnt er, skal raða skipshöfn þannig í svefnklefa, að vaktir séu aðskildar og að menn, sem vinna á daginn, séu ekki í sama klefa og menn, sem skipta vöktum.

11. gr.

1. Öll skip skulu búin nægilegum matsölum.
2. Í skipum innan við 1000 lestir skulu vera sérstakir matsalir fyrir:
   a. skipstjóra og yfirmenn;
   b. aðstoðarstjórnendur og aðra undirmenn.
3. Í skipum, sem eru 1000 lestir eða þar yfir, skulu vera sérstakir matsalir fyrir:
   a. skipstjóra og yfirmenn;
   b. bátsmenn og aðra háseta;
   c. aðstoðarvélstjóra og aðra undirmenn við vélgæzlu.

   Þó má:

   (i) ráðstafa þeim tveimur matsölum, sem ætlaðir eru bátsmönnum, undirvélstjórum og öðrum undirmönnum, þannig, að annar þeirra sé hafður fyrir bátsmenn og undirvélstjóra og hinn fyrir aðra undirmenn;

(ii) hafa sameiginlegan matsal fyrir bátsmenn, aðstoðarvélstjóra og aðra undirmenn á þilfari og í vélarrúmi, ef útgerðarmannasamtök og/eða útgerðarmenn og viðurkennd stéttarfélög hlutaðeigandi farmanna óska þess.

4. Hæfilegan matsal skal ætla matreiðslu- og þjónustufólki, annaðhvort þannig, að það fái sérstakan sal fyrir sig, eða afnot matsals, sem öðrum er ætlaður. Sé skipið 5000 lestir eða þar yfir, með meira en fimm manna matreiðslu- og þjónustuliði, skal til athugunar haft að fá því sérstakan matsal.
5. Stærð hvers matsals og búnaður skal vera nægilegur fyrir þann fjölda manna, sem búast má við að noti hann samtímis.
6. Matsalir skulu búnir nægum borðum og viðurkenndum sætum fyrir þann fjölda manna, sem ætla má að noti hann samtímis.
7. Hlutaðeigandi stjórnvald getur veitt þær undanþágur frá framanskráðum reglum, sem nauðsynlegar kunna að vera vegna sérstakra aðstæðna á farþegaskipum.
8. Matsalir skulu vera aðskildir frá svefnklefum og eins nálægt eldhúsi og hægt er.
9. Þar, sem ekki eru búr, sem innangengt sé í úr matsölum, skal sjá fyrir góðum skápum til geymslu borðbúnaðar og útbúnaði til uppþvotta.
10. Borðplötur og setur á sætum skulu vera úr efni, sem þolir raka, er sprungulaust og auðvelt að hreinsa.

12. gr.

1. Á öllum skipum skulu skipverjar hafa aðgang að einu eða fleiri opnum þilfarsplássum í frístundum sínum. Skulu slík pláss vera hæfilega stór miðað við stærð skipsins og fjölda skipverja.
2. Sjá skal yfirmönnum og undirmönnum fyrir þægilega staðsettum vistarverum til hvíldar, búnum nægilegum húsgögnum. Þegar ekki er séð fyrir sérstökum vistarverum í þessu skyni, skal matsölum þannig fyrir komið og þeir þannig búnir húsgögnum og öðru, að þeir séu hentugir til hvíldar.

13. gr.

1. Í öllum skipum skal séð fyrir nægilegum hreinlætisgögnum, þ. á m. þvottaskálum, baðkerum og/eða steypiböðum.
2. Eigi skulu aðskilin vatnssalerni vera færri en hér segir:
   a. þrjú í skipum innan við 800 lestir;
   b. fjögur í skipum 800—3000 lesta;
   c. sex í skipum 3000 lesta eða þar yfir;
   d. í skipum, þar sem loftskeytamenn búa aðskildir frá öðrum, skal hreinlætisútbúnaði komið fyrir nálægt vistarverum þeirra eða áfast við þær.
3. Með lögum eða reglugerðum hvers lands skal kveða á um skiptingu vatnssalerna á hinar ýmsu starfsgreinar í samræmi við ákvæði fjórða töluliðar þessarar greinar.
4. Hreinlætistæki fyrir alla þá skipverja, sem ekki búa í klefum, þar sem aðgangur er að sértækjum, skulu látin í té öllum starfsgreinum skipshafnar svo sem hér segir:
   a. eitt baðker og/eða eitt steypibað fyrir hverja átta menn eða færri;
   b. eitt vatnssalerni fyrir hverja átta menn eða færri;
   c. ein þvottaskál fyrir hverja sex menn eða færri.

   Fari tala manna í ákveðnum flokki fram úr heilu margfeldi nefndra talna, svo að einungis nemi minna en helmingi hennar, má þó sleppa því broti við útreikninga samkvæmt þessari grein.
5. Þegar um er að ræða skip, sem hafa yfir 100 manna áhöfn alls, og farþegaskip, sem að jafnaði eru í ferðum, sem ekki taka meira en fjórar stundir, getur hlutaðeigandi stjórnvald tekið til athugunar sérstakar ráðstafanir eða slegið af kröfunum um fjölda hreinlætistækja.

6. Í öllum sameiginlegum hreinlætisklefum skal vera kalt og heitt ferskvatn eða tæki til að hita það. Hlutaðeigandi stjórnvald getur, að höfðu samráði við útgerðarmannasamtökin og/eða útgerðarmenn og viðurkennd stéttarsamtök farmanna, ákveðið hámark þess ferskvatns, sem krefjast má, að útgerðin láti hverjum skipverja í té á dag.
7. Þvottaskálar og baðker skulu vera hæfilega stór. Þau skulu gerð úr viðurkenndu efni með sléttu yfirborði, sem ekki er líklegt að springi, flagni eða eyðist.
8. Á öllum vatnssalernum skal vera loftrás út undir bert loft, aðskilin frá öðrum loftrásum.
9. Öll vatnssalerni skulu vera af viðurkenndri gerð, með nægilegu vatni til skolunar hvert fyrir sig, sem hægt sé að grípa til hvenær sem er.
10. Skolpleiðslur og leiðslur frá salernum skulu vera hæfilega víðar og þannig lagaðar, að sem minnst hætta sé á stíflun í þeim og auðvelt sé að hreinsa þær.
11. Hreinlætisklefar, sem ætlaðir eru fleiri en einum manni, skulu fullnægja þessum skilyrðum:
    a. Gólf skulu vera úr viðurkenndu haldgóðu efni, sem auðvelt er að hreinsa, rakaþétt með góðu afrennsli.
    b. Þiljur skulu vera úr stáli eða öðru viðurkenndu efni og vatnsþéttar a. m. k. upp í 23 cm (9 þuml.) hæð frá gólfi.
    c. Þeir skulu vera nægilega lýstir, upphitaðir og loftræstir.
    d. Vatnssalerni skulu liggja vel við svefnklefum og þvottaklefum, en aðskilin frá þeim og ekki í beinu sambandi við svefnklefa eða ganga, sem einungis liggja milli svefnklefa og salerna. Þetta ákvæði gildir þó ekki þar, sem vatnssalerni er í klefa milli tveggja svefnklefa, sem ekki búa fleiri en fjórir í samtals.
    e. Þar, sem fleiri en eitt vatnssalerni eru í sama klefa, skal þilja á milli þeirra, svo að þau séu hvert út af fyrir sig.
12. Í öllum skipum skal vera útbúnaður til að þvo og þurrka föt, og skal hann miðast við fjölda skipverja og hve langan tíma skipið er venjulega í ferð.
13. Meðal útbúnaðar til þvotta á fatnaði skulu vera vaskar, sem hægt er að setja upp í þvottaklefunum, ef ekki er hægt með góðu móti að koma fyrir sérstökum klefum í þessu skyni. Skal þar séð fyrir nægu ferskvatni, köldu og heitu, eða áhöldum til að hita það.
14. Útbúnaði til að þurrka fatnað skal komið fyrir í klefum, sem séu aðskildir frá svefnklefum og matsölum. Klefar þessir skulu vera nægilega loftræstir og hitaðir og búnir snúrum eða öðrum útbúnaði til að hengja upp fatnað.

14. gr.

1. Hafa skal sérstaka sjúkraklefa í öllum þeim skipum, sem hafa meira en fimmtán manna áhöfn og eru í ferðum, sem taka meira en þrjá daga.
2. Sjúkraklefar skulu vera vel staðsettir, svo að auðvelt sé að komast að þeim, vel fari um þá, sem þar liggja, og að þeir geti fengið næga aðhlynningu, hvernig sem viðrar.
3. Fyrirkomulagi dyra, rekkna, ljósa, loftræstingar, upphitunar og vatnsleiðslna skal þannig hagað, að sem bezt fari um þá, sem í sjúkraklefunum liggja, og sem auðveldast sé að hjúkra þeim.
4. Hlutaðeigandi stjórnvald skal ákveða, hve margar sjúkrarekkjur skuli vera.
5. Þeir, sem í sjúkraklefum liggja, skulu hafa aðgang að sérstöku vatnssalerni. Skal það vera annaðhvort áfast við klefann eða rétt hjá honum.
6. Sjúkraklefa má ekki nota til annars en hjúkrunar sjúkum.
7. Í öllum þeim skipum, sem ekki hafa lækni, skal vera viðurkennd lyfjakista með auðskildum leiðbeiningum.

15. gr.

1. Hafa skal nægileg og vel loftræst pláss til að hengja sjóklæði í utan svefnklefa, en vel aðgengileg frá þeim.
2. Á skipum yfir 3000 lestir skulu tveir klefar útbúnir sem skrifstofur. Skal annar þeirra vera handa þeim, sem á þilfari vinna, en hinn fyrir þá, sem vinna í vélarúmi.
3. Á skipum, sem sigla reglulega til hafna, þar sem plága er að moskítóflugum, skal gera ráðstafanir til að verja vistarverur skipverja fyrir þeim með því að setja hæfileg net fyrir kýraugu, loftventla og dyr út á opið þilfar.
4. Öll skip, sem eru í reglubundnum ferðum til eða innan hitabeltisins eða Persaflóa, skulu búin sóltjöldum yfir opnu þilfari, yfir vistarverum skipverja og einnig yfir þilfarsplássi, sem ætlað er skipverjum í frístundum þeirra.

16. gr.

1. Þegar um er að ræða skip þau, sem nefnd eru í 5. málsgrein 10. greinar, getur hlutaðeigandi stjórnvald slakað á ákvæðum fyrirfarandi greina, að því er snertir þá skipverja, sem þar greinir, að svo miklu leyti sem nauðsynlegt kann að vera að taka tillit til sérstakra þjóðlegra siða þeirra og venja. Einkum má gera sérstakar ráðstafanir varðandi fjölda manna í svefnklefum, svo og um matsali og hreinlætistæki.
2. Við tilslökun á nefndum ákvæðum skal hlutaðeigandi stjórnvald bundið ákvæðum 1. og 2. málsgreinar 10. greinar, svo og ákvæðum um lágmarkssvefnrými, sem ákveðið er fyrir slíka flokka undirmanna í 5. málsgrein 10. greinar.
3. Á skipum, þar sem einhver starfsdeild skipshafnarinnar er skipuð mönnum með mjög ólíka þjóðlega siði og venjur, skal sjá fyrir aðskildum og hæfilegum svefn- og dvalarrýmum, eftir því sem nauðsynlegt er, til að uppfylla þarfir hinna mismunandi flokka.
4. Á skipum þeim, sem um getur í 5. málsgrein 10. greinar, skal sjúkraklefum, matsölum, bað- og hreinlætisklefum þannig fyrir komið og við haldið, að þeir að fjölda og raunhæfri nytsemi séu jafnir eða sambærilegir við það, sem tíðkast á öllum öðrum skipum svipaðrar tegundar, sem skrásett eru innan sama skráningarlands.
5. Þegar hlutaðeigandi stjórnvald semur sérreglur samkvæmt þessari grein, skal það hafa samráð við hlutaðeigandi viðurkennd stéttarsamtök farmanna, svo og samtök útgerðarmanna og/eða útgerðarmenn þá, sem farmennina ráða.

17. gr.

1. Vistarverum skipverja skal haldið hreinum og í góðu ástandi til íbúðar. Ekki má geyma í þeim vörur eða muni, sem íbúar þeirra eiga ekki sjálfir.
2. Skipstjóri eða sá yfirmaður, sem hann skipar til þess, skal ásamt einum eða fleiri skipverjum skoða allar vistarverur a. m. k. einu sinni í viku. Bóka skal niðurstöður hverrar slíkrar skoðunar.

IV. KAFLI

Hversu beita skal samþykktinni um skip, sem nú eru við lýði.

18. gr.

1. Samþykkt þessi tekur til skipa, sem kjölur er lagður að, eftir að hún gengur í gildi í skráningarlandi þeirra, ef ekki leiðir annað af ákvæðum 2., 3. eða 4. málsgreinar þessarar greinar.
2. Nú er skip fullbyggt, þegar samþykktin öðlast gildi í skráningarlandi þess, en fullnægir ekki lágmarksákvæðum III. kafla þessarar samþykktar, og má þá hlutaðeigandi stjórnvald, að höfðu samráði við félagssamtök útgerðarmanna og/eða

útgerðarmenn og viðurkennd stéttarsamtök farmanna, krefjast þeirra breytinga til samræmingar ákvæðum samþykktarinnar, sem taldar eru framkvæmanlegar með tilliti til þeirra raunhæfu erfiðleika, sem á því eru. Þessar breytingar skulu gerðar þegar:

a. skipið er endurskráð;
b. gagngerðar breytingar eru gerðar á byggingu skipsins eða meiri háttar viðgerðir á því eru framkvæmdar eftir fyrir fram gerðum áætlunum, en ekki vegna slyss eða neyðarástands.

3. Nú er verið að byggja skip og/eða breyta því, þegar samþykkt þessi öðlast gildi í skráningarlandi þess, og getur þá hlutaðeigandi stjórnvald, að höfðu samráði við félagssamtök útgerðarmanna og/eða útgerðarmenn og viðurkennd stéttarfélög farmanna, krafizt þeirra breytinga á skipinu til samræmingar ákvæðum samþykktarinnar, sem það telur framkvæmanlegar með tilliti til þeirra raunhæfu erfiðleika, sem því eru samfara. Ber að skoða slíkar breytingar svo sem þær fullnægi endanlega ákvæðum þessarar samþykktar, nema og þangað til skipið er endurskráð.
4. Nú er skip, sem 2. og 3. mgr. tekur ekki til og samþykkt þessi tók ekki til, er það var byggt, endurskráð í öðru skráningarlandi eftir gildistöku samþykktarinnar þar, og getur þá hlutaðeigandi stjórnvald, að höfðu samráði við félagssamtök útgerðarmanna og/eða útgerðarmenn og viðurkennd stéttarfélög farmanna, krafizt þeirra breytinga á skipinu til samræmingar ákvæðum samþykktarinnar, sem það telur framankvæmanlegar með tilliti til þeirra raunhæfu erfiðleika, sem þeim eru samfara. Ber að skoða slíkar breytingar svo sem þær fullnægi endanlega ákvæðum þessarar samþykktar, nema og þangað til skipið er endurskráð.

V. KAFLI
Lokaákvæði.

19. gr.

Ekkert atriði samþykktar þessarar breytir neinum þeim lögum, úrskurðum, venjum eða samningum útgerðarmanna og farmanna, sem tryggja betri kjör en þau, sem samþykktin ákveður.

20. gr.

(Samhljóða 12. gr. samþykktar nr. 91.)

21. gr.

1. Samþykkt þessi skal einungis vera bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem látið hafa forstjóra skrá fullgildingar sínar.
2. Hún gengur í gildi sex mánuðum eftir að fullgildingar sjö eftirtalinna ríkja hafa verið skrásettar: Argentína, Ástralía, Bandaríki Ameríku, Belgía, Brazilía, Chile, Danmörk, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Indland, Írland, Ítalía, Júgóslavía, Kanada, Kína, Noregur, Pólland, Portúgal, Sameinað konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, Svíþjóð og Tyrkland. Að minnsta kosti fjögur þessara sjö ríkja skulu hvert um sig hafa skipastól, sem sé a. m. k. ein milljón rúmlestir brúttó. Þetta ákvæði er sett hér til þess að auðvelda og flýta fyrir fullgildingu aðildarríkjanna á samþykktinni.
3. Eftir það gengur þessi samþykkt í gildi, að því er snertir hvert aðildarríki, sex mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

22.—27. gr.

(Samhljóða 14.—19. gr. í samþykkt nr. 91.)

III. Samþykkt nr. 93 um vinnulaun, vinnutíma og mannafla á skipum (endurskoðuð 1949).

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Ekkert ákvæði í samþykkt þessari skal breyta neinum ákvæðum um vinnulaun, vinnutíma eða mannafla á skipum, er gerð kunna að hafa verið með lögum, úrskurðum, venju eða samkomulagi milli útgerðarmanna og farmanna og tryggja farmönnum hagkvæmari kjör en gert er ráð fyrir í samþykkt þessari.

2. gr.

1. Samþykkt þessi nær til allra skipa, hvort sem þau eru í eigu hins opinbera eða einstaklinga og eru:
   a. vélknúin;
   b. skráð í landi, sem samþykktin nær til;
   c. í flutningum á farmi eða farþegum í atvinnuskyni;
   d. í siglingum á höfum úti.
2. Samþykkt þessi nær ekki til:
   a. skipa innan við 500 rúmlestir;
   b. tréskipa af frumstæðri gerð, svo sem „dhow“ og „junk“;
   c. skipa, er fást við fiskveiðar eða önnur störf þeim viðvíkjandi;
   d. skipa til siglinga í árósum.

3. gr.

Samþykkt þessi nær til allra manna, sem ráðnir eru til einhverra starfa á skipi, nema:

a. skipstjóra;
b. hafnsögumanna, sem ekki tilheyra skipshöfn;
c. lækna;
d. hjúkrunarliðs og annars starfsliðs, sem einungis fæst við hjúkrun og önnur störf í sambandi við aðhlynningu sjúkra;
e. manna, sem gera ekki annað en annast um farminn um borð;
f. manna, sem eingöngu vinna fyrir eigin reikning og hljóta aðeins ágóða- eða tekjuhlut;
g. manna, sem hafa annaðhvort engin laun eða málamyndalaun;
h. manna, sem ráðnir eru til að starfa um borð af öðrum en útgerðarmanni, að undanteknum þeim, sem eru í þjónustu ritsímafélags;
i. hafnarverkamanna, sem ferðast með skipinu, en eru ekki skipverjar;
j. manna, sem starfa að hvalveiðum, á fljótandi verksmiðjum, flutningaskipum eða á annan hátt að slíkum störfum í sambandi við hvalveiðar eða skyld störf samkvæmt ákvæðum sérstaks heildarsamnings um launakjör, vinnutíma og aðra starfsskilmála við hvalveiðar eða þess háttar, er sjómannasamtök hafa gert;
k. manna, sem ekki tilheyra skipshöfn (hvort sem þeir eru skráðir á skipið eða ekki), en ráðnir eru meðan skipið er í höfn til viðgerða, hreinsunar, fermingar eða affermingar eða svipaðra starfa, eða leysa af störfum í höfn, starfa að viðhaldi, annast vaktir eða eftirlit.

4. gr.

Í samþykkt þessari merkir:

a. „yfirmaður“ = hvern þann mann, annan en skipstjóra, sem í skipshafnarskrá er talinn yfirmaður eða vinnur starf, sem talið er yfirmannsstarf samkvæmt lögum, heildarsamningum eða venju;

b. „undirmaður“ = skipverja, aðra en skipstjóra og yfirmenn, þar á meðal fullgilda háseta;
c. „fullgildur háseti“ = hvern þann mann, sem að landslögum eða reglugerðum, eða samkvæmt heildarsamningum, ef slík lög eða reglugerðir eru ekki til, er talinn hæfur til að vinna öll störf undirmanna, er starfa á þilfari, nema störf bátsmanns eða fagmanns;
d. „grunnlaun eða kaup“ = greiðslu til yfirmanns eða undirmanns í peningum utan yfirvinnugreiðslu, premíu eða annarra aukatekna í reiðu fé eða fríðu.

II. KAFLI
Laun.

5. gr.

1. Grunnlaun eða kaup fullgilds háseta fyrir unninn almanaksmánuð á skipi, er samþykkt þessi nær til, skulu eigi lægri en sextán pund í brezkri mynt, sextíu og fjórir Bandaríkjadollarar eða jafngildi þeirra í annarri mynt.
2. Verði Alþjóðagjaldeyrissjóðnum tilkynnt breyting á verðgildi punds eða dollars, skal:
   a. lágmarksgrunnkaupi því, sem um getur í 1. málsgrein þessarar greinar og reiknað er eftir þeirri myntinni, sem breytt verður, breytt á þá leið, að það jafngildi hinni myntinni;
   b. forstjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar tilkynna meðlimum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar breytinguna; og
   c. hið breytta lágmarkskaup vera bindandi fyrir meðlimi þá, sem fullgilt hafa þessa samþykkt, á sama hátt og kaup það, sem um getur í 1. málsgrein þessarar greinar, og gengur það í gildi, að því er varðar hvert slíkt aðildarríki, í síðasta lagi í byrjun annars almanaksmánaðar frá því, er forstjórinn tilkynnti breytinguna.

6. gr.

1. Þegar um skip er að ræða, þar sem ráðnir eru slíkir hópar undirmanna, að ráða verður fleiri skipsmenn en annars mundu ráðnir, skulu lágmarksgrunnlaun eða kaup fullgilds háseta nema upphæð, er svari til lágmarksgrunnlauna þeirra eða kaups, sem um getur í fyrri grein.
2. Hvaða upphæð teljist tilsvarandi, ákveðst í samræmi við þá grundvallarreglu, að greiða skuli sama kaup fyrir sömu vinnu og taka hæfilega til greina:
   a. þá tölu aukaskipsmanna, sem ráðin er; og
   b. hvers konar aukin eða lækkuð útgjöld útgerðarmanna við ráðningu slíkra hópa skipsmanna.
3. Hvað telja skuli tilsvarandi kaup, skal ákvarða í heildarsamningi milli þeirra samtaka útgerðarmanna og sjómanna, sem hlut eiga að máli, eða af hlutaðeigandi stjórnvaldi í landi þeirra hópa starfsmanna, sem í hlut eiga, ef slíkir samningar eru ekki fyrir hendi og bæði hlutaðeigandi lönd hafa fullgilt samþykkt þessa.

7. gr.

Fái skipverji ekki máltíðir ókeypis, skal auka lágmarksgrunnkaup um þá upphæð, sem ákveðin verður í heildarsamningi milli samtaka útgerðarmanna og sjómanna, sem hlut eiga að máli, eða af hlutaðeigandi stjórnvaldi, ef slíkir samningar eru ekki fyrir hendi.

8. gr.

1. Gengi það, sem fara skal eftir, þegar ákveðin eru lágmarksgrunnlaun í öðrum gjaldeyri en um getur í 5. grein, skal vera skráð gengi brezks punds eða Bandaríkjadollars.

2. Nú er um að ræða gjaldeyri meðlims Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem einnig er meðlimur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, og skal þá gengi það, sem farið er eftir, vera gengi það, sem á hverjum tíma gildir samkvæmt stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.
3. Nú er um að ræða gjaldeyri meðlims Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem ekki er meðlimur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, og skal gengið þá vera hið opinbera gengi gagnvart gulli eða Bandaríkjadollar eftir vigt þeirri og gæðum, sem gilti 1. júlí 1944 og notað er að jafnaði í greiðslum og yfirfærslum í milliríkjaviðskiptum.
4. Þegar um er að ræða gjaldeyri, sem hvorki er hægt að heimfæra undir 2. né 3. málsgrein hér að framan:
   a. skal gengi það, sem reiknað verður með í samræmi við þessa grein, ákveðið af þeim meðlim Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem hlut á að máli;
   b. skal meðlimur sá, sem hlut á að máli, tilkynna forstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar úrskurð sinn, og skal forstjórinn þegar í stað tilkynna hann öðrum meðlimum, sem fullgilt hafa samþykkt þessa;
   c. geta allir meðlimir, sem fullgilt hafa samþykktina, tjáð forstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar innan sex mánaða frá því hann gaf út slíkar tilkynningar, að þeir mótmæli nefndum úrskurði, og skal forstjórinn þá tilkynna það þeim meðlim, sem hlut á að máli, svo og öðrum meðlimum, sem fullgilt hafa samþykktina. Einnig skal hann leggja málið fyrir nefnd þá, sem ráð er fyrir gert í 21. gr.;
   d. skulu framangreind ákvæði gilda um allar breytingar á úrskurði þess meðlims, sem hlut á að máli.
5. Breyting á grunnlaunum eða kaupi, sem leiðir af breytingum á gengi einnar myntar miðað við aðra, skal öðlast gildi í síðasta lagi í byrjun annars almanaksmánaðar frá því breytingin á gengi þeirra mynta, sem um var að ræða, gekk í gildi.

9. gr.

Sérhvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að:

a. tryggja með kerfisbundnu eftirliti og refsiaðgerðum, að laun séu ekki lægri en ákveðið er í samþykkt þessari; og
b. tryggja, að öllum mönnum, sem fengið hafa lægri laun en hér eru ákveðin, sé gert fært að innheimta með ódýrri og fljótlegri málssókn eða annarri innheimtuaðferð upphæð þá, sem á kann að skorta.

III. KAFLI

Vinnutími á skipum.

10. gr.

Þessi kafli samþykktarinnar nær ekki til:

a. fyrsta stýrimanns eða fyrsta vélstjóra;
b. gjaldkera;
c. annarra yfirmanna yfir starfsdeildum, sem ekki ganga á vaktir;
d. manna, sem vinna skrifstofustörf eða matreiðslu- og framreiðslustörf, og
   (i) starfa sem yfirmenn, eftir því sem greinir í heildarsamningum milli samtaka útgerðarmanna og farmanna, sem hlut eiga að máli, eða
   (ii) vinna eingöngu fyrir eigin reikning, eða
   (iii) taka eingöngu laun í umboðsþóknun eða aðallega með ágóða- eða tekjuhluta.

11. gr.

Í þessum kafla samþykktarinnar merkir:

a. „stuttferðaskip“ = skip, sem eingöngu eru í förum, sem ekki ná lengra frá landi því, sem þau annast siglingar frá, en til nálægra hafna nágrannalands innan landfræðilegra takmarka, sem
   (i) greinilega eru tiltekin í landslögum, reglugerðum eða heildarsamningum samtaka útgerðarmanna og sjómanna;
   (ii) eru hin sömu að því er tekur til allra ákvæða þessa kafla samþykktarinnar;
   (iii) aðildarríki hefur tilkynnt, þegar það lét skrásetja fullgildingu sína, með sérstakri, viðfestri yfirlýsingu; og
   (iv) hafa verið ákveðin í samráði við aðra meðlimi, sem hlut eiga að máli;
b. „langferðaskip“ = skip í öðrum og lengri siglingum;
c. „farþegaskip“ = skip, sem hafa leyfi til að flytja meira en 12 farþega;
d. „vinnutími“ = tíma þann, sem manni er ætlað að vinna fyrir skip eða útgerðarmenn þess, að boði yfirboðara síns.

12. gr.

1. Þessi grein nær til yfirmanna og undirmanna, sem starfa á þilfari, í vélarúmi og loftskeytastöð stuttferðaskipa.
2. Venjulegur vinnutími yfirmanna og undirmanna skal ekki vera lengri en hér segir:
   a. tuttugu og fjórar klukkustundir á hverjum tveim samfelldum sólarhringum, þegar skipið er í hafi;
   b. þegar skipið er í höfn:
      (i) á vikulegum hvíldardegi má vinna allt að tveggja tíma vinnu við nauðsynleg skyldustörf og hreinlætisstörf;
      (ii) aðra daga 8 klst., nema í heildarsamningi sé ákveðinn lægri tími á dag;
   c. 112 klst. á tveim vikum samfelldum.
3. Tími, sem unnið er umfram það, sem fram er tekið í liðunum a. og b. í 2. málsgrein, skal reiknast sem yfirvinna, og skal yfirmaður eða undirmaður, sem í hlut á, eiga kröfu á uppbót fyrir hann í samræmi við 17. grein þessarar samþykktar.
4. Fari heildarvinnutími á tveim vikum samfelldum að frádregnum þeim stundum, sem teljast til yfirvinnu, fram úr 112 klst., skal yfirmaður sá eða undirmaður, sem í hlut á, fá hann bættan með frítíma í landi eða á annan þann hátt, sem ákveðið kann að vera í heildarsamningum samtaka útgerðarmanna og sjómanna, sem hlut eiga að máli.
5. Í landslögum, reglugerðum eða heildarsamningum skal ákveða, hvenær telja skal, að skip sé í hafi og hvenær í höfn, að því er tekur til ákvæða þessarar greinar.

13. gr.

1. Þessi grein nær til yfirmanna og undirmanna á þilfari, í vélarúmi og loftskeytastöð langferðaskipa.
2. Þegar skip er í hafi og daginn, sem það kemur og fer, skal venjulegur vinnutími yfirmanna og undirmanna ekki fara fram úr 8 stundum á sólarhring.
3. Þegar skip er í höfn, skal venjulegur vinnutími yfirmanna og undirmanna ekki lengri en hér segir:
   a. á vikulegum hvíldardögum skal vinna að nauðsynlegum skyldustörfum og hreinlætisstörfum, þó ekki lengur en tvær stundir;
   b. aðra daga átta stundir, nema í heildarsamningi sé gert ráð fyrir styttri tíma.

4. Vinnutíma umfram daglegt hámark, sem ákveðið er í undanfarandi málsgreinum, skal telja til yfirvinnu, og eiga yfirmenn og undirmenn kröfu á greiðslum fyrir hann í samræmi við ákvæði 17. greinar samþykktar þessarar.
5. Fari samanlagður vinnustundafjöldi á viku, að undanskildum þeim tíma, sem skoðast yfirvinna, fram úr 48, skal yfirmaður sá eða undirmaður, sem hlut á að máli, fá það bætt með frítíma í landi eða annarri uppbót, eftir því, sem ákveðið er í heildarsamningi samtaka útgerðarmanna og farmanna, sem hlut eiga að máli.
6. Í landslögum, reglugerðum eða heildarsamningum skal ákveða, hvenær telja skal, að skip sé í hafi og hvenær í höfn, að því er tekur til ákvæða þessarar greinar.

14. gr.

1. Þessi grein nær til manna, sem starfa að matseld eða framreiðslu matar um borð.
2. Á farþegaskipi skal venjulegur vinnutími ekki lengri en:
   a. 10 stundir af hverjum 14 samfelldum, þegar skip er í hafi og daginn, sem það kemur eða fer;
   b. þegar skip er í höfn:
      (i) 10 stundir af hverjum 14 stundum samfelldum, þegar farþegar eru um borð,
      (ii) annars:
      daginn fyrir vikulegan hvíldardag 5 stundir;
      á vikulegum hvíldardegi 5 stundir fyrir þá, sem starfa að framreiðslu, og allt að tvær stundir til nauðsynlegra skyldustarfa og hreinlætisstarfa, að því er tekur til annarra manna;
      alla aðra daga 8 stundir.
3. Á skipi, sem ekki er farþegaskip, skal venjulegur vinnutími ekki vera lengri en:
   a. 9 klukkustundir á hverjum 13 klst. samfelldum, þegar skipið er í hafi og daginn, sem það fer eða kemur;
   b. þegar skipið er í höfn:
   á vikulegum hvíldardegi 5 klukkustundir;
   daginn fyrir vikulegan hvíldardag 6 stundir;
   alla aðra daga 8 stundir á hverjum 12 stundum.
4. Fari samanlagður fjöldi vinnustunda á tveim vikum samfelldum fram úr 112, skal sá, sem í hlut á, fá í þess stað frí í landi eða aðra uppbót, samkvæmt heildarsamningi milli samtaka útgerðarmanna og farmanna, sem hlut eiga að máli.
5. Í landslögum, reglugerðum eða heildarsamningum milli útgerðarmanna og sjómanna, sem hlut eiga að máli, má setja sérreglur um vinnutíma vökumanna.

15. gr.

1. Þessi grein nær til yfirmanna og undirmanna á skipum í lengri og skemmri ferðum.
2. Um frítíma í höfn skal semja milli samtaka útgerðarmanna og farmanna, sem hlut eiga að máli, á þeim grundvelli, að yfirmenn og undirmenn fái eins mikið frí í höfn og framkvæmanlegt er og að slíkur frítími skuli ekki reiknast sem orlof.

16. gr.

1. Hlutaðeigandi stjórnvald má veita undanþágu frá þessum kafla samþykktarinnar, að því er snertir þá yfirmenn, sem ekki eru undanþegnir samkv. ákvæðum 10. greinar, með þessum skilyrðum:
   a. yfirmenn verða samkvæmt heildarsamningi að hafa rétt til starfsskilyrða, sem hlutaðeigandi stjórnvald úrskurðar að séu fullnægjandi uppbót á því, að ákvæðum þessarar samþykktar er ekki beitt; og

b. heildarsamningurinn verður að hafa verið gerður fyrir 30. júní 1946 og vera enn í gildi annaðhvort í upphaflegri mynd eða endurnýjaður.

2. Aðildarríki, sem beitir ákvæðum 1. málsgreinar, skal láta forstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í té allar upplýsingar um slíka heildarsamninga, og forstjórinn skal leggja útdrátt úr þeim upplýsingum fyrir nefnd þá, sem um getur í 21. gr.
3. Nefnd þessi skal athuga, hvort í heildarsamningum þeim, sem henni eru sendir, sé gert ráð fyrir starfsskilyrðum, er bæti það að fullu upp, að ákvæðum þessa kafla samþykktarinnar er ekki beitt. Allir meðlimir, sem fullgilda samþykktina, skulu skyldir til að taka til athugunar allar athugasemdir og tillögur, sem nefndin gerir varðandi slíka samninga, og enn fremur að vekja athygli samtaka útgerðarmanna og yfirmanna, sem eru aðilar að slíkum samningum, á öllum slíkum athugasemdum og tillögum.

17. gr.

1. Uppbætur fyrir yfirvinnu skal ákveða í landslögum eða reglugerðum eða heildarsamningum, en aldrei skal tímagreiðsla fyrir yfirvinnu vera lægri en einn og einn fjórði hluti grunnlauna eða kaups á klukkustund.
2. Í heildarsamningum má gera ráð fyrir uppbótum með jafnlöngu fríi frá störfum í landi í stað peningagreiðslu eða annars konar uppbóta.

18. gr.

1. Forðast skal stöðuga yfirvinnu eins og mögulegt er.
2. Eigi skal telja tíma, sem fer til eftirtalinna starfa, til venjulegs vinnutíma né til yfirvinnu í merkingu þessa kafla samþykktarinnar:
   a. störf, sem skipstjóri telur nauðsynleg og aðkallandi vegna öryggis skips, farms eða manna um borð;
   b. störf, sem skipstjóri krefst að unnin séu til að aðstoða önnur skip eða fólk í háska;
   c. liðskönnun, eldvarnar- eða björgunarbátaæfingar eða aðrar æfingar, sem fyrir er mælt um í gildandi alþjóðasamþykkt um lífsöryggi á sjó;
   d. aukastörf vegna tollskoðunar, sóttvarna eða annarra heilbrigðisráðstafana;
   e. eðlileg nauðsynjastörf yfirmanna við ákvörðun á stöðu skips og veðurathuganir;
   f. aukatími vegna venjulegra vaktaskipta.
3. Ekkert í samþykkt þessari má skoða svo sem það skerði rétt og skyldu skipstjóra til að fyrirskipa né skyldur yfirmanna eða undirmanna til að framkvæma hvert það verk, er skipstjóri telur nauðsynlegt til öruggrar og góðrar stjórnar á skipinu.

19. gr

1. Enginn, sem ekki hefur náð 16 ára aldri, má vinna næturvinnu.
2. Í grein þessari merkir „nótt“ a. m. k. níu stunda samfelldan tíma fyrir og eftir miðnætti, innan þeirra tímatakmarka, sem ákveðin verða í landslögum, reglugerðum eða heildarsamningum.

IV. KAFLI
Mannafli.

20. gr.

1. Öll skip, sem samþykkt þessi nær til, skulu hafa það mikinn og hæfan mannafla til:
   a. að tryggt sé lífsöryggi á sjó;
   b. að fullnægt sé ákvæðum III. kafla samþykktar þessarar; og
   c. að komizt verði hjá of mikilli áreynslu skipverja, svo og að komizt sé sem mest hjá yfirvinnu.

2. Öll aðildarríki skuldbinda sig til að halda uppi eða sjá um, að uppi sé haldið stofnunum til að rannsaka og úrskurða allar kærur eða deilur út af því, hversu skip er mannað.
3. Fulltrúar samtaka útgerðarmanna og farmanna skulu taka þátt í slíkum stofnunum, ásamt eða án annarra manna eða stjórnvalds.

V. KAFLI
Framkvæmd samþykktarinnar.

21. gr.

1. Veita má samþykkt þessari gildi með a) lögum eða reglugerðum, b) heildarsamningum milli útgerðarmanna og farmanna (nema að því er snertir 2. málsgrein 20. greinar) eða c) sameiginlega með lögum eða reglugerðum og heildarsamningum útgerðarmanna og farmanna. Nema öðruvísi sé ákveðið í samþykkt þessari, ná ákvæði hennar til allra skipa, sem skráð eru í þeim aðildarríkjum, sem hana hafa fullgilt, svo og til allra manna, sem ráðnir eru á slík skip.
2. Þegar framfylgt er einhverjum ákvæðum samþykktar þessarar í heildarsamningum samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar, skal aðildarríki ekki skylt að gera neinar ráðstafanir til að framfylgja 9. grein, hvað sem ákvæðum hennar líður, að því er varðar þau ákvæði þeirrar greinar, sem veitt er gildi með heildarsamningi.
3. Sérhvert aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, skuldbindur sig til að láta forstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í té upplýsingar um ráðstafanir þær, sem gerðar eru til að framfylgja henni, þar á meðal upplýsingar um alla gildandi heildarsamninga, þar sem einhverjum ákvæðum hennar er fullnægt.
4. Sérhvert aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, skuldbindur sig til að taka með þriggja aðila sendinefnd þátt í hverri þeirri nefnd fulltrúa ríkisstjórna, útgerðarmanna- og farmannasamtaka, þar sem einnig sætu sem ráðgjafar fulltrúar Siglingamálanefndar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, sem útnefnd kann að verða í því skyni að rannsaka ráðstafanir þær, sem gerðar eru til þess að framfylgja samþykktinni.
5. Forstjórinn skal leggja fyrir þá nefnd yfirlit yfir upplýsingar þær, sem hann hefur fengið samkvæmt 3. málsgrein hér að framan.
6. Nefnd þessi skal athuga, hvort heildarsamningar þeir, sem henni eru tilkynntir, veiti ákvæðum samþykktarinnar fullt gildi. Sérhvert aðildarríki, sem fullgildir samþykktina, skuldbindur sig til að taka tillit til allra athugasemda og tillagna varðandi framkvæmd samþykktarinnar, sem nefndin kann að gera, svo og til að vekja athygli samtaka vinnuveitenda og verkamanna, sem aðilar eru að einhverjum þeim heildarsamningum, sem um getur í 1. málsgrein, á öllum athugasemdum og tillögum fyrrgreindrar nefndar um það, að hve miklu leyti ákvæði samþykktarinnar koma til framkvæmda í slíkum samningum.

22. gr.

1. Sérhvert aðildarríki, sem fullgildir samþykkt þessa, skal ábyrgjast, að ákvæðum hennar sé beitt um öll skip skráð innan þess, svo og — nema samþykktinni sé fullnægt með heildarsamningum — að hafa í gildi lög eða reglugerðir, er:
   a. kveði á um skyldur útgerðarmanna og skipstjóra til að hlýða ákvæðum samþykktarinnar;
   b. geri ráð fyrir hæfilegum viðurlögum við brotum á henni;
   c. geri ráð fyrir hæfilegu opinberu eftirliti með framkvæmd V. kafla;
   d. segi fyrir um, að halda skuli skýrslur um vinnutíma, sem nauðsynlegar eru vegna ákvæða III. kafla, og uppbætur greiddar fyrir yfirvinnu og aukavinnu;

c. tryggi farmönnum sömu aðstöðu til að framfylgja kröfum um greiðslu, sem þeim ber fyrir yfir- og umframvinnu, og þeir hafa til að krefjast vangoldinna launa.

2. Að svo miklu leyti sem eðlilegt og mögulegt er, skal hafa samráð við samtök útgerðarmanna og farmanna, þegar undirbúin eru lög eða reglugerðir til að framfylgja ákvæðum samþykktar þessarar.

23. gr.

Til þess að veita gagnkvæma aðstoð við framkvæmd samþykktar þessarar, skal hvert aðildarríki, sem fullgildir hana, takast á hendur að fyrirskipa hlutaðeigandi stjórnvaldi í öllum höfnum í landi sínu að skýra ræðismanni eða öðru stjórnvaldi annars slíks ríkis frá öllum tilvikum, þegar fyrrnefnt stjórnvald hefur komizt að raun um, að ákvæðum samþykktarinnar er ekki framfylgt um skip, sem skráð er í landi hins síðarnefnda aðildarríkis.

VI. KAFLI
Lokaákvæði.

24. gr.

Að því er snertir 28. grein Samþykktar frá 1936 um vinnutíma og mannafla á skipum, skal þessi samþykkt skoðast sem endurskoðun þeirrar samþykktar.

25. gr.

Formlegar fullgildingar á samþykkt þessari skal senda forstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

26. gr.

1. Samþykkt þessi skal einungis vera bindandi fyrir þá meðlimi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem látið hafa forstjóra skrá fullgildingarskjöl sín.
2. Hún skal fyrst öðlast gildi sex mánuðum eftir að eftirfarandi skilmálum hefur verið fullnægt:
   a. að níu þeirra ríkja, sem hér eru talin, hafi látið skrásetja fullgildingar sínar: Argentína, Ástralía, Belgía, Bandaríki Ameríku, Brazilía, Chile, Danmörk, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Indland, Írland, Ítalía, Júgóslavía, Kanada, Kína, Noregur, Pólland, Portúgal, Sameinað konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, Svíþjóð, Tyrkland;
   b. að í hópi þeirra ríkja, sem hafa látið skrá fullgildingar sínar, séu að minnsta kosti fimm ríki, sem eigi hvert um sig að minnsta kosti milljón smálesta skipastól á skrásetningardegi;
   c. samanlagður skipastóll þeirra meðlima, sem látið hafa skrá fullgildingar sínar, sé á skrásetningardegi eigi lægri en fimmtán milljón brúttó rúmlestir.
3. Ákvæði næstu málsgreinar hér að framan eru sett til þess að auðvelda og flýta fyrir fullgildingu aðildarríkjanna á samþykkt þessari.
4. Eftir upphaflega gildistöku samþykktarinnar skal hún öðlast gildi, að því er snertir hvern meðlim, sex mánuðum eftir að fullgilding hans hefur verið skráð.

27. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, má segja henni upp að fimm árum liðnum, frá því er hún öðlaðist upphaflega gildi, með tilkynningu, er senda skal forstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn skal ekki ganga í gildi fyrr en einu ári eftir skrásetningu hennar.

2. Nú hefur aðildarríki fullgilt samþykkt þessa, en notfærir sér ekki innan þess árs, er kemur næst á eftir þeim fimm ára fresti, sem um getur í fyrri málsgrein, réttindi þau til uppsagnar, sem ráð er fyrir gert í þessari grein, og skal það þá bundið af henni í önnur fimm ár, en má að þeim loknum segja henni upp, svo og eftir hvert fimm ára tímabil, svo sem ráð er fyrir gert í þessari grein.

28.—32. gr.

(Samhljóða 15.—19. gr. samþykktar nr. 91.)

IV. Samþykkt nr. 94 um vinnuákvæði í opinberum samningum.

1. gr.

1. Samþykkt þessi tekur til samninga, sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum:
   a. að annar samningsaðilinn að minnsta kosti sé opinbert stjórnvald;
   b. að efndir samningsins hafi í för með sér:
      (i) fjárgreiðslur af hendi opinbers stjórnvalds; og
      (ii) ráðningu verkamanna af hálfu hins samningsaðilans;
   c. að samningurinn fjalli um:
      (i) byggingu, breytingu, viðgerðir eða niðurrif mannvirkja hins opinbera;
      (ii) framleiðslu, söfnun, meðhöndlun eða flutning á efni, vörum eða áhöldum; eða
      (iii) framlag eða útvegun þjónustu; og
   d. að samningurinn sé gerður af ríkisstjórn aðildarríkis Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem samþykkt þessi gildir fyrir.
2. Hlutaðeigandi stjórnvald skal ákveða, að hve miklu leyti og á hvern hátt samþykktin skuli taka til samninga, sem eru gerðir af stjórnvöldum öðrum en ríkisstjórnum.
3. Samþykkt þessi tekur til vinnu, sem framkvæmd er af undirverktökum eða þeim, sem fá samninginn yfirfærðan. Hlutaðeigandi stjórnvald skal gera viðeigandi ráðstafanir til tryggingar því, að þessu ákvæði sé beitt.
4. Nú hefur samningur ekki í för með sér greiðslur af opinberu fé fram yfir hámark, sem ákveðið sé af hlutaðeigandi stjórnvaldi, að höfðu samráði við stéttarsamtök vinnuveitenda og verkamanna, sem hlut eiga að máli, þar sem þau eru til, og má þá undanskilja slíkan samning ákvæðum þessarar samþykktar.
5. Hlutaðeigandi stjórnvald getur, að höfðu samráði við stéttarsamtök hlutaðeigandi vinnuveitenda og verkamanna, þar sem þau eru til, undanskilið ákvæðum samþykktar þessarar menn, sem hafa stjórn með höndum eða vinna störf tæknilegs eða vísindalegs eðlis, enda séu vinnukjör þeirra ekki ákveðin með landslögum eða reglugerðum, heildarsamningum eða gerðardómi og þeir vinni venjulega ekki líkamlega vinnu.

2. gr.

1. Í samningum þeim, sem samþykkt þessi tekur til, skulu vera ákvæði, er tryggi hlutaðeigandi verkamönnum, að þeir skuli ekki verr settir hvað laun (þ. á m. aðrar greiðslur fyrir vinnu), vinnutíma og önnur starfskjör snertir en ákveðið er:
   a. með heildarsamningum eða öðrum viðurkenndum samningsgerðum milli þeirra félagssamtaka vinnuveitenda og verkamanna, sem fara með umboð meginþorra hvorra fyrir sig, vinnuveitenda og verkamanna í starfsgrein þeirri eða iðngrein, sem um er að ræða;
   b. með gerðardómi; eða
   c. með landslögum eða reglugerðum;

   um sams konar vinnu í starfsgrein þeirri eða iðngrein, sem um er að ræða í héraði, þar sem vinnan er innt af hendi.

2. Þegar starfskjör þau, sem nefnd eru í fyrri málsgrein, eru ekki ákveðin á einhvern þann hátt, sem þar er nefndur, í héraði þar sem vinnan er innt af hendi, skulu ákvæði þau, sem tekin eru upp í samninga, tryggja hlutaðeigandi verkamönnum laun (þ. á m. aðrar greiðslur fyrir vinnu), vinnutíma og önnur starfskjör, sem eigi séu lakari en:
   a. ákveðið er með heildarsamningum eða öðrum viðurkenndum samningsgerðum, gerðardómi, landslögum eða reglugerðum við sams konar vinnu í starfsgrein þeirri eða iðngrein, sem um er að ræða, í næsta hliðstæðu héraði; eða
   b. tíðkast hjá vinnuveitendum, sem svipaða aðstöðu hafa í starfsgrein þeirri eða iðngrein, sem verktakinn starfar í.
3. Efni þeirra ákvæða, sem sett eru í samninga, eða tilbrigði af þeim, skal ákveðið af hlutaðeigandi stjórnvaldi á þann hátt, sem bezt þykir hæfa aðstæðum í hverju landi og að höfðu samráði við samtök hlutaðeigandi vinnuveitenda og verkamanna, þar sem þau eru til.
4. Hlutaðeigandi stjórnvald skal gera viðeigandi ráðstafanir til tryggingar því, að þeir, sem gera samningstilboð, þekki efni samningsákvæðanna. Skal það gert með því að birta nánar upplýsingar um skilmálana eða á annan hátt.

3. gr.

Nú eru hæfileg ákvæði um heilbrigði, öryggi og velferð verkamanna, sem vinna samkvæmt samningi, ekki þegar í gildi samkvæmt landslögum eða reglugerðum, heildarsamningi eða gerðardómi, og skal þá hlutaðeigandi stjórnvald gera viðeigandi ráðstafanir til tryggingar góðri aðbúð hlutaðeigandi verkamanna hvað snertir heilbrigði þeirra, öryggi og velferð.

4. gr.

Lög þau eða reglugerðir eða önnur ákvæði, sem veita ákvæðum þessarar samþykktar gildi:

a. skulu
   (i) gerð kunn öllum hlutaðeigendum;
   (ii) tiltaka þá menn, sem ábyrgð bera á framkvæmd þeirra;
   (iii) kveða á um uppsetningu auglýsinga á áberandi stöðum í hlutaðeigandi stofnunum og vinnustöðvum til þess að gera verkamönnum kunn vinnukjör þeirra; og
b. skulu, ef ekki er um aðrar ráðstafanir að ræða til tryggingar raunhæfri beitingu, kveða á um:
   (i) að færðar séu bækur yfir vinnutíma hlutaðeigandi verkamanna og laun greidd þeim; og
   (ii) nægilegt eftirlit með því, að reglunum sé beitt.

5. gr.

1. Setja skal hæfileg viðurlög við vanrækslu á því að hlíta eða beita vinnuákvæðum opinberra samninga. Skulu þau annað hvort fólgin í því, að hlutaðeigandi sé útilokaður frá samningum, eða öðrum aðgerðum.
2. Gera skal viðeigandi ráðstafanir til þess, að hlutaðeigandi verkamenn geti fengið laun þau, sem þeir eiga rétt á, annaðhvort þannig, að greiðslum samkvæmt samningnum sé haldið eftir, eða á annan hátt.

6. gr.

Ársskýrslur þær, sem gefa ber samkvæmt 22. gr. stjórnarskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, skulu gefa nákvæmar upplýsingar um ráðstafanir þær, sem gerðar eru til að framfylgja ákvæðum samþykktar þessarar.

7. gr.

1. Nú eru í landi aðildarríkis stór svæði, þar sem hlutaðeigandi stjórnvald álítur ógerlegt að framfylgja ákvæðum samþykktar þessarar, vegna strjálbýlis þeirra eða þróunarstigs, og má það þá, að höfðu samráði við félagssamtök hlutaðeigandi vinnuveitenda og verkamanna, þar sem þau eru til, undanskilja slík svæði framkvæmd samþykktarinnar, annaðhvort í heild eða með þeim undantekningum, sem því þykir hæfa með tilliti til sérstakra fyrirtækja eða starfsgreina.
2. Hvert aðildarríki skal í fyrstu ársskýrslu sinni um framkvæmd samþykktar þessarar, sem gefin er samkvæmt ákvæðum 22. gr. stjórnarskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, geta um hver þau landsvæði, sem það vill láta ákvæði þessarar greinar ná til, og greina ástæður sínar fyrir því. Ekkert aðildarríki skal njóta ákvæða þessarar greinar, eftir að það leggur fram fyrstu ársskýrslu sína, nema að því er tekur til landsvæða þeirra, er þar voru tilgreind.
3. Hvert það aðildarríki, sem notfærir sér ákvæði þessarar greinar, skal a. m. k. á þriggja ára fresti athuga að nýju í samráði við félagssamtök hlutaðeigandi vinnuveitenda og verkamanna, þar sem þau fyrirfinnast, möguleikana á því að færa gildissvið samþykktarinnar út, þannig að hún verði látin gilda um landsvæða, sem hafa verið undanskilin í samræmi við ákvæði 1. málsgreinar.
4. Hvert það aðildarríki, sem notfærir sér ákvæði þessarar greinar, skal í síðari ársskýrslum sínum greina þau landsvæði, sem það afsalar sér rétti til að láta ákvæði þessarar greinar ná til, svo og hverjar þær framfarir, sem orðið hafa með aukna beitingu samþykktar þessarar á slíkum svæðum fyrir augum.

8. gr.

Nú koma fyrir utanaðkomandi óviðráðanleg atvik (force majeure) eða neyðarástand, sem stofnar öryggi og velferð þjóðarinnar í hættu, og getur þá hlutaðeigandi stjórnvald numið ákvæði samþykktar þessarar úr gildi um stundarsakir. Þar, sem fyrir hendi eru félagssamtök vinnuveitenda og verkamanna, sem hlut eiga að máli, skal haft samráð við þau, áður en slík ákvörðun er tekin.

9. gr.

1. Samþykkt þessi tekur ekki til samninga, sem gerðir eru áður en hún gekk í gildi
2. Nú er samþykkt þessari sagt upp, og skal henni þá eftir sem áður beitt um í hlutaðeigandi aðildarríki.
samninga þá, sem gerðir voru meðan hún var í gildi.

10. gr.

Formlegar fullgildingar á samþykkt þessari skal senda forstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

11. gr.

1. Samþykkt þessi skal einungis vera bindandi fyrir þá meðlimi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem látið hafa forstjórann skrá fullgildingar sínar.
2. Hún skal öðlast gildi 12 mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá forstjóranum.
3. Eftir það öðlast þessi samþykkt gildi, að því er snertir hvern meðlim, 12 mánuðum eftir að fullgilding hans hefur verið skráð.

12. gr.

1. Yfirlýsingar þær, sem sendar eru forstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í samræmi við 2. málsgrein 35. gr. stjórnarskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, skulu greina:

a. landsvæði þau, sem hlutaðeigandi aðildarríki undirgengst að láta ákvæði samþykktarinnar ná til án takmarkana;
b. landsvæði þau, sem það undirgengst að láta ákvæði samþykktarinnar ná til með takmörkunum, og hverjar þær séu;
c. landsvæði, þar sem ekki er hægt að beita samþykktinni, og ástæður til þess;
d. landsvæði, sem það áskilur sér rétt til að taka ákvörðun um síðar að nánar athuguðu máli.

2. Yfirlýsingar þær, sem greindar eru í stafliðum a. og b. í fyrstu málsgrein þessarar greinar, skulu teljast raunverulegur hluti fullgildingarinnar og hafa sama gildi og hún.
3. Sérhvert aðildarríki getur hvenær sem er ógilt að öllu eða nokkru leyti með síðari yfirlýsingu fyrirvara þá, sem það hefur gert í upprunalegri yfirlýsingu sinni í samræmi við stafliðina b, c eða d í fyrstu málsgrein þessarar greinar.
4. Í hvert skipti sem segja má samþykkt þessari upp í samræmi við ákvæði 14. greinar, getur hvert aðildarríki sent forstjóranum yfirlýsingu um hvers konar aðrar breytingar, er dragi úr ákvæðum fyrri yfirlýsinga þess, enda lýsi það því ástandi, sem þá ríkir á þeim landsvæðum, sem það kann að tiltaka.

13. gr.

1. Yfirlýsingar þær, sem forstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar eru sendar í samræmi við 4. eða 5. málsgrein 35. greinar stjórnarskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, skulu segja til um það, hvort ákvæðum samþykktarinnar muni verða beitt með takmörkunum eða án þeirra á hlutaðeigandi landsvæði. Þegar yfirlýsing ber með sér, að ákvæðum samþykktarinnar verði beitt með takmörkunum, skal hún gera nánari grein fyrir þeim.
2. Aðildarríki, eitt eða fleiri eða fjölþjóðleg stjórnvöld, sem hlut eiga að máli, geta hvenær sem er, með síðari yfirlýsingu, afsalað sér að nokkru eða öllu leyti hverjum þeim rétti til takmarkana, sem það hefur tiltekið í fyrri yfirlýsingu.
3. Í hvert skipti, sem segja má samþykkt þessari upp í samræmi við ákvæði 14. greinar, geta aðildarríki þau, eitt eða fleiri eða fjölþjóðleg stjórnvöld, sem hlut eiga að máli, sent aðalforstjóranum yfirlýsingu um hvers konar aðrar breytingar, er dragi úr ákvæðum fyrri yfirlýsingar, enda lýsi það þá jafnframt, hvernig ástatt er um framkvæmd samþykktarinnar.

14.—19. gr.

(Samhljóða 14.—19. gr. samþykktar nr. 91.)

V. Álitsgerð nr. 84 um vinnuákvæði í opinberum samningum.

Allsherjarþingið mælir með því, að sérhvert aðildarríki framfylgi eftirfarandi ákvæðum svo fljótt sem innanríkisástæður þess leyfa og gefi Alþjóðavinnumálaskrifstofunni, að beiðni stjórnarnefndarinnar, skýrslu um þær ráðstafanir, sem gerðar eru til þess að koma þeim í framkvæmd:

1. Nú eru einstökum atvinnurekendum veittir fjárstyrkir eða þeir hafa leyfi til að reka opinbert fyrirtæki, og ætti þá að beita ákvæðum, er séu í aðalatriðum hliðstæð vinnuákvæðum í opinberum samningum.
2. Vinnuákvæði í opinberum samningum ættu annaðhvort beinlínis eða með vísun til viðeigandi ákvæða í lögum, reglugerðum, heildarsamningum, gerðardómum eða öðrum viðurkenndum heimildum að ákveða:
   a. dagvinnu- og yfirvinnukaup (þar með taldar aðrar greiðslur), sem greiða ber hinum ýmsu flokkum hlutaðeigandi verkamanna;

b. hvernig haft skuli eftirlit með vinnustundafjölda, þar á meðal, þar sem það á við:
   (i) vinnustundafjölda, sem vinna má á dag, viku eða öðru tilteknu tímabili og daglaun eru greidd fyrir;
   (ii) meðalvinnustundafjölda þeirra manna, sem vinna í vöktum við samfellt starf; og
   (iii) þar sem vinnustundir eru reiknaðar sem meðaltal, þá skal ákveðið tímabil það, sem meðaltalið er reiknað af, svo og venjulegur hámarksvinnustundafjöldi, sem vinna má á hverju tilteknu tímabili;
c. reglur um orlof og veikindadaga.

VI. Samþykkt nr. 95 um verndun vinnulauna.

1. gr.

Í samþykkt þessari merkir orðið „vinnulaun“ kaup eða greiðslur, sem vinnuveitanda ber að greiða vinnuþiggjanda samkvæmt munnlegum eða skriflegum ráðningarsamningi fyrir vinnu, sem unnin er eða vinna ber, eða fyrir þjónustu, sem látin er eða láta ber í té, þau séu ákveðin með gagnkvæmum samningum, landslögum eða reglugerðum, og hægt sé að tiltaka þau í peningum, en ekki skiptir máli, hvernig þau eru skilgreind eða reiknuð.

2. gr.

1. Samþykkt þessi tekur til allra, sem fá greidd vinnulaun eða eiga rétt á þeim.
2. Að höfðu samráði við stéttarfélög vinnuveitenda og vinnuþiggjenda, sem eiga beinlínis hlut að máli, þar sem þau eru til, getur lögbært stjórnvald undanskilið flokka fólks öllum eða einhverjum ákvæðum þessarar samþykktar, ef aðstæður þess eða ráðningarkjör eru þannig, að einhver eða öll ákvæði samþykktarinnar hæfa því ekki, enda stundi það ekki líkamlega vinnu eða það vinnur heimilisstörf eða önnur störf sambærileg við þau.
3. Sérhvert aðildarríki skal í fyrstu ársskýrslu sinni um beitingu þessarar samþykktar, sem því ber að gefa í samræmi við 22. gr. stjórnarskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, greina þá flokka fólks, sem það hyggst undanskilja beitingu einhverra eða allra ákvæða samþykktarinnar í samræmi við ákvæði undanfarandi málsgreinar. Eftir að aðildarríki hefur gefið fyrstu ársskýrslu sína, getur það ekki gert neinar undantekningar um aðra flokka fólks en þar voru tilgreindir.
4. Nú hefur aðildarríki tilgreint í fyrstu ársskýrslu sinni flokka fólks, sem það hyggst undanskilja beitingu allra eða nokkurra ákvæða samþykktarinnar, og skal það þá tilgreina í síðari ársskýrslum sínum þá flokka fólks, sem það afsalar sér rétti til undanþágu fyrir samkvæmt 2. málsgrein þessarar greinar, svo og framfarir þær, sem orðið hafa í þá átt, að beita megi samþykktinni um þetta fólk.

3. gr.

1. Vinnulaun, sem greiða ber í peningum, skulu aðeins greidd í löglegum gjaldmiðli. Greiðsla með eigin víxlum, skuldabréfum, arðmiðum eða í öðru formi, sem talið er koma í stað löglegs gjaldmiðils, skal bönnuð.
2. Lögbært stjórnvald getur leyft eða mælt fyrir um greiðslu vinnulauna með tékkum, „postgiro“ eða póstávísun, þar sem þessi greiðslutilhögun er venjuleg eða nauðsynleg vegna sérstakra aðstæðna, svo og þegar heildarsamningur eða gerðardómur kveður svo á eða hlutaðeigandi verkamaður samþykkir, ef ekki er kveðið á um það á þennan hátt.

4. gr.

1. Með landslögum eða reglugerðum, heildarsamningum eða gerðardómum má leyfa, að laun séu greidd að nokkru í fríðu í iðngreinum eða starfsgreinum, þar sem þess háttar greiðslur eru venjulegar eða æskilegar vegna þess, hverrar tegundar hlutaðeigandi iðngrein eða starfsgrein er. Greiðsla vinnulauna með sterkum áfengum drykkjum eða eiturlyfjum er algerlega bönnuð.
2. Nú er leyft að greiða vinnulaun að nokkru í fríðu, og skulu þá gerðar viðeigandi ráðstafanir til tryggingar því:
   a. að slíkar greiðslur hæfi verkamanninum og fjölskyldu hans til eigin þarfa og komi þeim að notum; og
   b. að matsverð slíkra greiðslna sé rétt og sanngjarnt.

5. gr.

Vinnulaun skulu greidd hlutaðeigandi verkamanni sjálfum, nema öðruvísi sé ákveðið í landslögum, reglugerðum, heildarsamningum eða gerðardómi eða verkamaðurinn hafi sjálfur samþykkt annað.

6. gr.

Vinnuveitendum er óheimilt að takmarka á nokkurn hátt rétt verkamanna til frjálsrar ráðstöfunar á launum sínum.

7. gr.

1. Nú eru stofnsettar verzlanir, sem selja verkamönnum vörur, eða þeim er gefinn kostur á annarri þjónustu í sambandi við fyrirtæki, og má þá ekki á nokkurn hátt þvinga hlutaðeigandi verkamenn til að færa sér slíkar verzlanir eða þjónustu í nyt.
2. Nú er ekki völ á öðrum verzlunum eða þjónustu, og skal þá þar til bært stjórnvald gera viðeigandi ráðstafanir til tryggingar því, að vörur séu seldar og þjónusta látin í té við réttu og sanngjörnu verði, eða að verzlanir, sem settar eru á stofn, og þjónusta, sem vinnuveitandinn starfrækir, séu ekki starfrækt í ágóðaskyni, heldur til hagsbóta fyrir hlutaðeigandi verkamenn.

8. gr.

1. Frádráttur á launum skal aðeins leyfður með þeim skilyrðum og í þeim mæli, sem fyrir er mælt í landslögum eða reglugerðum eða ákveðið með heildarsamningi eða gerðardómi.
2. Þar til bært stjórnvald skal, á þann hátt, sem bezt þykir hæfa, gera verkamönnum kunnugt, með hvaða skilyrðum og í hve ríkum mæli má framkvæma slíkan frádrátt.

9. gr.

Banna skal hvers konar frádrag launa í því skyni að tryggja beina eða óbeina greiðslu frá verkamanni til vinnuveitanda, umboðsmanns hans eða einhvers milligöngumanns (svo sem vinnumiðlara) með það fyrir augum að fá vinnu eða halda henni.

10. gr.

1. Aðför í vinnulaunum eða framsal þeirra getur aðeins átt sér stað á þann hátt og innan þeirra takmarka, sem ákveðið er í landslögum eða reglugerðum.
2. Vinnulaun skulu tryggð fyrir aðför og framsali í svo ríkum mæli sem nauðsynlegt telst til framfærslu verkamannsins og fjölskyldu hans.

11. gr.

1. Nú verður fyrirtæki gjaldþrota eða er tekið til skiptameðferðar, og skulu þá verkamenn, sem við það vinna, jafnt settir forgangskröfuhöfum, að því er tekur til launa, sem þeim ber fyrir vinnu, sem þeir hafa innt af hendi á því tímabili

fyrir upphaf skiptameðferðarinnar, sem ákveðið kann að vera með landslögum eða reglugerðum, eða að því er tekur til launa undir því marki, sem ákveðið kann að vera með landslögum eða reglugerðum.
2. Laun, sem forgangsréttur fylgir, skulu greidd að fullu áður en almennir kröfuhafar geta gert kröfu til hluta af eignunum.
3. Með landslögum eða reglugerðum skal kveða á um innbyrðis afstöðu launa, sem forgangskrafa fylgir, og annarra forgangskrafna.

12. gr.

1. Vinnulaun skulu greidd reglulega. Nú er ekki um aðrar viðeigandi ráðstafanir að ræða til tryggingar því, að vinnulaun séu greidd á reglulegum fresti, og skal þá með landslögum, reglugerðum, heildarsamningum eða gerðardómi ákveða, á hve löngum fresti launagreiðslur skuli fara fram.
2. Við lok vinnusamnings skal gera upp öll ógreidd vinnulaun í samræmi við landslög, reglugerðir, heildarsamninga eða gerðardóm. Nú er ekki um nein lög, reglugerðir, heildarsamninga eða gerðardóm að ræða, sem um þetta er hægt að beita, og skal þá uppgjör fara fram innan hæfilegs tíma miðað við ákvæði samningsins.

13. gr.

1. Nú eru vinnulaun greidd í peningum, og skal þá greiðsla einungis fara fram á virkum dögum og á eða í nánd við vinnustað, enda sé ekki öðruvísi ákveðið í landslögum, reglugerðum, heildarsamningum eða gerðardómi eða annar háttur, sem hlutaðeigandi verkamönnum er kunnur, þyki betur hæfa.
2. Bannað er, að launagreiðslur fari fram á krám eða öðrum þess háttar stöðum, sömuleiðis í smásöluverzlunum og á skemmtistöðum, ef nauðsynlegt er til að koma í veg fyrir misbeitingu þessa ákvæðis. Bann þetta tekur ekki til fólks, sem vinnur á þessum stöðum.

14. gr.

Þar, sem nauðsyn krefur, skulu gerðar raunhæfar ráðstafanir til tryggingar því, að verkamönnum sé á viðeigandi og auðskilinn hátt gert kunnugt:
a. með hvaða launakjörum þeir eru ráðnir, og skal það bæði gert áður en þeir hefja vinnu og þegar einhverjar breytingar verða;
b. Um nánari útreikning launa þeirra fyrir tímabil það, sem um er að ræða, og skal þetta gert við hverja greiðslu, að svo miklu leyti sem breytingar verða á honum.

15. gr.

Lög þau og reglugerðir, sem veita ákvæðum samþykktar þessarar gildi, skulu:
a. gerð kunn þeim, sem hlut eiga að máli;
b. greina þá menn, sem skulu sjá um beitingu þeirra;
c. tiltaka hæfileg viðurlög eða aðrar viðeigandi ráðstafanir gegn brotum á þeim;
d. kveða á um, að haldnar séu skrár í viðurkenndu formi og á viðurkenndan hátt, þar sem það á við.

16. gr.

Í ársskýrslum þeim, sem gefnar eru samkvæmt 22. gr. stjórnarskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, skulu vera fullkomnar upplýsingar um ráðstafanir þær, sem gerðar hafa verið til að framfylgja ákvæðum samþykktar þessarar.

17. gr.

(Samhljóða 7. gr. samþykktar nr. 94.)

18.—27. gr.

(Samhljóða 10.—19. gr. samþykktar nr. 94.)

VII. Álitsgerð nr. 85 um vernd vinnulauna.

Þingið mælir með því, að sérhvert aðildarríki framfylgi eftirfarandi ákvæðum svo fljótt sem innanríkisástæður þess leyfa og gefi Alþjóðavinnumálaskrifstofunni, eftir beiðni stjórnarnefndarinnar, skýrslu um þær ráðstafanir, sem gerðar eru til þess að koma þeim í framkvæmd:

I. Frádrag launa.

1. Gera ber allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að takmarka frádrag launa, að svo miklu leyti sem það er nauðsynlegt, til þess að tryggja framfærslu verkamannsins og fjölskyldu hans.
2. (1) Frádrag á launum til endurgreiðslu á tjóni eða skemmdum á framleiðslu vinnuveitandans, vörum hans eða útbúnaði ætti aðeins að leyfa, þegar tjón eða skemmdir hafa átt sér stað, sem ljóst er hægt að sýna, að hlutaðeigandi verkamaður er ábyrgur fyrir.
   (2) Upphæð slíks frádrags skal vera sanngjörn og ekki fara fram úr raunverulegu verðgildi tjónsins eða skaðans.
   (3) Áður en tekin er ákvörðun um slíkan frádrátt á launum, skal hlutaðeiganda gefinn nægilegur kostur á að sýna fram á það, að frádrátt á launum hans beri ekki að gera.
3. Gera skal viðeigandi ráðstafanir til þess, að launafrádráttur vegna áhalda, efnis eða útbúnaður, sem vinnuveitandinn lætur í té, sé takmarkaður við þau tilfelli, þar sem slíkur launafrádráttur er:
   a. viðurkenndur samkvæmt venju í starfsgrein þeirri eða iðngrein, sem um er að ræða;
   b. ákveðinn með heildarsamningi eða gerðardómi; eða
   c. leyfður á annan þann hátt, sem viðurkenndur er með lögum eða reglugerðum.

II. Hve oft vinnulaun skuli greidd.

4. Tíminn milli launagreiðslna skal ekki vera lengri en það, að launin séu greidd:
   a. eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði með eigi meira en sextán daga millibili, að því er snertir verkamenn, sem fá tíma-, dag- eða vikukaup; og
   b. eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði, að því er snertir þá vinnuþiggjendur, sem fá mánaðar- eða árslaun.
5. (1) Þegar um er að ræða menn, sem fá laun sín reiknuð fyrir ákvæðisvinnu eða eftir afköstum, skal ákveða tímabilið milli launagreiðslna, að svo miklu leyti sem unnt er, þannig, að tryggt sé, að launin séu greidd eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði með eigi meira en sextán daga millibili.
   (2) Nú eru verkamenn ráðnir til að vinna verk, sem tekur meira en hálfan mánuð að ljúka við og ekki er á annan hátt kveðið á um með heildarsamningum eða gerðardómi, hve oft þeim skuli greidd vinnulaun, og skal þá gera viðeigandi ráðstafanir til tryggingar því:
      a. að greitt sé upp í launin eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði, með eigi lengra en sextán daga millibili, í hlutfalli við það verk, sem lokið er; og
      b. að fullnaðaruppgjör fari fram innan hálfs mánaðar frá því að verkinu var okið.

III. Upplýsingar um launakjör.

6. Upplýsingar þær um launakjör, sem láta ber verkamönnum í té, skulu, þar sem það á við, innihalda nánari atriði varðandi:
   a. kauptaxta, sem greiða ber;
   b. aðferðir við útreikning launa;
   c. hversu oft laun skuli greidd;
   d. greiðslustað; og

e. skilyrði þau, sem verða að vera fyrir hendi, til þess að draga megi frá laununum.

IV. Tilkynningar um innunnin laun og launaskýrslur.

7. Við hverja greiðslu vinnulauna skal ávallt, þegar það á við, upplýsa verkamenn um eftirfarandi atriði varðandi tímabil það, sem verið er að greiða laun fyrir, að svo miklu leyti sem atriði þessi eru breytingum undirorpin:
   a. heildarupphæð þeirra launa, sem unnið hefur verið fyrir;
   b. hvers konar frádrátt sem gerður kann að hafa verið á launununum, svo og ástæður fyrir honum og hversu mikill hann sé; og
   c. nettóupphæð ógreiddra launa.
8. Þar, sem það á við, skulu vinnuveitendur látnir halda skýrslur, er sýni atriði þau, sem greinir í fyrirfarandi grein, að því er snertir hvern verkamann, sem hjá þeim vinnur.

V. Hlutdeild verkamanna í stjórn verzlana á vinnustöðum.

9. Gera ber viðeigandi ráðstafanir til þess, að fulltrúar hlutaðeigandi verkamanna, og þá einkum meðlimir velferðarnefnda verkamanna og annarra sams konar nefnda, þar sem þær eru til, taki þátt í almennri stjórn verzlana eða annarra stofnana, sem komið er á fót í sambandi við fyrirtækið í því skyni að selja verkamönnum, sem þar vinna, vörur eða þjónustu.

VIII. Samþykkt nr. 96 um vinnumiðlunarskrifstofur, sem taka laun fyrir störf sín.

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

1. Í þessari samþykkt merkir „vinnumiðlunarskrifstofa, sem tekur laun fyrir störf sín“:
   a. vinnumiðlunarskrifstofu, sem starfrækt er í ágóðaskyni, þ. e. a. s. hvert það einstaklingsfyrirtæki, félag, stofnun, skrifstofu eða annað fyrirtæki, sem kemur fram sem meðalgöngumaður um að útvega verkamanni vinnu eða atvinnurekanda verkamenn í því skyni að fá annaðhvort beina eða óbeina greiðslu í peningum eða öðru, annaðhvort frá atvinnurekanda eða verkamanni. Skilgreining þessi tekur ekki til dagblaða eða annarra rita, nema þau séu einungis eða aðallega gefin út til þess að vera til milligöngu milli verkamanna og atvinnurekenda;
   b. vinnumiðlunarskrifstofu, sem ekki er starfrækt í ágóðaskyni, þ. e. a. s. ráðningarstarfsemi félags, stofnunar, skrifstofu eða annars fyrirtækis, sem þrátt fyrir að það er ekki starfrækt með það fyrir augum að taka greiðslu í peningum eða öðru, krefur annaðhvort atvinnurekanda eða verkamann um skráningargjald, tímabundnar greiðslur eða annað gjald fyrir þessa þjónustu.
2. Samþykkt þessi tekur ekki til ráðningar sjómanna.

2. gr.

1. Hvert það aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, skal greina í fullgildingarskjali sínu, hvort það samþykki ákvæði í II. kafla samþykktarinnar, sem kveður á um að útrýma smátt og smátt vinnumiðlunarskrifstofum, sem taka laun fyrir störf sín og starfræktar eru í ágóðaskyni, og eftirlit með öðrum skrifstofum, eða hvort það samþykki ákvæðin í III. kafla samþykktarinnar, sem kveður á um eftirlit með vinnumiðlunarskrifstofum, sem taka greiðslur fyrir störf sín, þar með taldar skrifstofur, sem starfræktar eru í ágóðaskyni.

2. Hvert það aðildarríki, sem samþykkir ákvæði III. kafla samþykktarinnar, getur síðar tilkynnt forstjóranum, að það samþykki ákvæði II. kafla. Frá þeim degi er aðalforstjórinn skrásetur slíka yfirlýsingu, skulu ákvæði III. kafla samþykktarinnar hætta að gilda fyrir það aðildarríki og ákvæði II. kafla gilda frá því.

II KAFLI

Um útrýmingu smátt og smátt á vinnumiðlunarskrifstofum, sem taka gjald fyrir störf sín og reknar eru í ágóðaskyni, og eftirlit með öðrum skrifstofum.

3. gr.

1. Innan takmarkaðs tíma, sem ákveðinn sé af þar til bæru stjórnvaldi, skal afnema allar vinnumiðlunarskrifstofur, sem taka greiðslu fyrir störf sín og starfræktar eru í ágóðaskyni, eins og þær eru skilgreindar í 1. gr. 1. mgr. a.
2. Skrifstofur þessar skal þó ekki leggja niður fyrr en opinber vinnumiðlun hefur verið sett á stofn.
3. Þar til bært stjórnvald getur ákveðið mismunandi fresti til afnáms vinnumiðlunarskrifstofu eftir því, í hvaða starfsgreinar þær ráða fólk.

4. gr.

1. Þangað til vinnumiðlunarskrifstofur, sem taka gjald fyrir störf sín og starfræktar eru í ágóðaskyni, eru lagðar niður, skulu þær:
   a. háðar eftirliti þar til bærs stjórnvalds; og
   b. aðeins taka gjald eða greiðslur, sem bornar séu undir þar til bært stjórnvald og samþykktar af því eða ákveðnar ef þessu stjórnvaldi.
2. Slíkt eftirlit skal einkum beinast að því að útrýma hvers konar misbeitingu í sambandi við starfrækslu vinnumiðlunarskrifstofa, sem taka gjöld fyrir störf sín og starfræktar eru í ágóðaskyni.
3. Í þessu skyni skal þar til bært stjórnvald á viðeigandi hátt hafa samráð við hlutaðeigandi vinnuveitenda- og verkamannafélög.

5. gr.

1. Þar til bært stjórnvald getur í sérstökum tilfellum gefið undanþágur frá ákvæðum 1. mgr. 3. greinar, að því er snertir flokka manna, sem nákvæmlega eru tilteknir í landslögum eða reglugerðum og hin opinbera vinnumiðlun á óhægt með að annast nægilegar ráðningar þeirra, en slíkar undantekningar má einungis gera að höfðu viðeigandi samráði við félagssamtök hlutaðeigandi vinnuveitenda- og verkamannafélaga.
2. Hver sú vinnumiðlunarskrifstofa, sem tekur gjald fyrir störf sín og nýtur undanþágu samkv. þessari grein, skal:
   a. háð eftirliti þar til bærs stjórnvalds;
   b. hafa í höndum leyfi, er gildi í eitt ár og þar til bært stjórnvald getur framlengt;
   c. aðeins taka greiðslu eða gjald eftir gjaldskrá, sem borin hefur verið undir þar til bært stjórnvald og samþykkt af því eða ákveðin af nefndu stjórnvaldi;
   d. því aðeins ráða eða vista verkamenn erlendis, að hún hafi fengið til þess leyfi þar til bærs stjórnvalds, og með þeim skilyrðum, sem ákveðin eru í gildandi lögum eða reglugerðum.

6. gr.

Vinnumiðlunarskrifstofur, sem ekki eru starfræktar í ágóðaskyni, en taka gjald fyrir störf síns, eins og þær eru skilgreindar, í 1. gr. 1. b., skulu:

a. hafa leyfi frá þar til bæru stjórnvaldi og vera háðar eftirliti þess;
b. ekki taka gjöld fram yfir það, sem ákveðið er í gjaldskrá, sem hefur verið borin undir og samþykkt af þar til bæru stjórnvaldi eða ákveðin af því með fullu tilliti til áfallins kostnaðar; og
c. því aðeins ráða eða vista verkamenn erlendis, að þeim sé leyft það af þar til bæru stjórnvaldi, og með þeim skilyrðum, sem ákveðin eru með gildandi lögum eða reglugerðum.

7. gr.

Þar til bært stjórnvald skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til tryggingar því, að vinnumiðlunarskrifstofur, sem ekki taka gjald fyrir störf sín, vinni þau ókeypis.

8. gr.

Ákveða skal hæfileg viðurlög við brotum á ákvæðum þessa kafla samþykktarinnar eða lögum eða reglugerðum, sem veita þeim gildi. Þegar nauðsyn krefur, skulu slík viðurlög fela í sér afturköllun leyfa, sem samþykkt þessi kveður á um.

9. gr.

Ársskýrslur þær, sem gefa ber samkvæmt 22. grein stjórnarskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, skulu hafa að geyma allar nauðsynlegar upplýsingar um undantekningar veittar samkv. 5. gr., þ. á m. sérstaklega upplýsingar um fjölda þeirra skrifstofa, sem fengið hafa undanþágur, og starfssvið þeirra, ástæðurnar fyrir undanþágunum og um tilhögun eftirlits þar til bærs stjórnvalds með starfsemi hlutaðeigandi skrifstofa.

III. KAFLI

Eftirlit með vinnumiðlunarskrifstofum, sem taka gjald fyrir störf sín.

10. gr.

Vinnumiðlunarskrifstofur, sem taka gjald fyrir störf sín og starfræktar eru í ágóðaskyni, eins og það er skilgreint í 1. málsgr. a í 1. gr., skulu:

a. háðar eftirliti þar til bærs stjórnvalds;
b. hafa í höndum leyfi, er gildi í ár og þar til bært stjórnvald getur endurnýjað;
c. aðeins taka gjald eða greiðslu eftir gjaldskrá, sem borin hefur verið undir og og samþykkt af þar til bæru stjórnvaldi eða ákveðin af því;
d. því aðeins ráða eða vista verkamenn erlendis, að þær hafi til þess leyfi þar til bærs stjórnvalds, og með þeim skilyrðum, sem ákveðin eru með gildandi lögum eða reglugerðum.

11. gr.

Vinnumiðlunarskrifstofur, sem taka gjald fyrir störf sín, en eru ekki starfræktar í ágóðaskyni, eins og það er skilgreint í 1. málsgr. b í 1. gr., skulu:

a. hafa í höndum leyfi frá þar til bæru stjórnvaldi og skulu háðar eftirliti þess;
b. ekki taka gjald fram yfir ákvæði gjaldskrár, sem borin hefur verið undir og samþykkt af þar til bæru stjórnvaldi eða ákveðin af því með nánu tilliti til áfallins kostnaðar; og
c. því aðeins ráða eða vista verkamenn erlendis, að þær hafi til þess leyfi þar til bærs stjórnvalds, og með þeim skilyrðum, sem ákveðin eru með gildandi lögum eða reglugerðum.

12. gr.

Hvert þar til bært stjórnvald skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að ganga úr skugga um, að vinnumiðlunarskrifstofur, sem ekki taka gjald fyrir störf sín, vinni þau ókeypis.

13. gr.

Ákveða skal hæfileg viðurlög við brotum á ákvæðum þessa kafla samþykktarinnar eða lögum og reglugerðum, sem veita þeim gildi. Þegar nauðsyn krefur, skulu slík viðurlög fela í sér afturköllun leyfa, sem kveðið er á um í þessari samþykkt.

14. gr.

Ársskýrslur þær, sem gefa ber samkv. 22. gr. stjórnarskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, skulu hafa að geyma allar nauðsynlegar upplýsingar um tilhögun eftirlits þar til bærs stjórnvalds með starfsemi vinnumiðlunarskrifstofa, sem taka gjald fyrir störf sín, þ. á m. sérstaklega skrifstofa, sem starfræktar eru í ágóðaskyni.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

15. gr.

1. Nú eru í landi aðildarríkis stór svæði, þar sem þar til bært stjórnvald álítur ógerlegt að framfylgja ákvæðum samþykktar þessarar vegna strjálbýlis þeirra eða þróunarstigs, og má það þá undanskilja slík svæði ákvæðum samþykktarinnar, annaðhvort að öllu leyti eða með þeim undantekningum, sem því þykir hæfa með tilliti til sérstakra fyrirtækja eða starfsgreina.
2. Sérhvert aðildarríki skal í fyrstu ársskýrslu sinni um framkvæmd samþykktar þessar, sem gefin er samkvæmt ákvæðum 22. gr. stjórnarskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, geta um hver þau landsvæði, sem það vill láta ákvæði þessarar greinar taka til, og greina ástæður sínar fyrir því. Ekkert aðildarríki skal njóta ákvæða þessarar greinar eftir að það leggur fram fyrstu ársskýrslu sína, nema að því er tekur til landsvæða þeirra, er þar voru tilgreind.
3. Hvert það aðildarríki, sem notfærir sér ákvæði þessarar greinar, skal í síðari ársskýrslum sínum greina þau landsvæði, sem það afsalar sér rétti til að láta ákvæði þessarar greinar ná til.

V. KAFLI

16.—19. gr.

(Samhljóða 10.—13. gr. samþykktar nr. 94).

20.—25. gr.

(Samhljóða 14.—19. gr. samþykktar nr. 91).

IX. Samþykkt nr. 97 um inn- og útflutning fólks í atvinnuleit (endurskoðuð 1949).

1. gr.

Hvert það aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem samþykkt þessi tekur til, undirgengst að láta Alþjóðavinnumálaskrifstofunni og öðrum aðildarríkjum, eftir beiðni þeirra, í té:

a. upplýsingar um stefnu ríkisins, lög og reglugerðir varðandi inn- og útflutning fólks;
b. upplýsingar um sérstök ákvæði varðandi fólksflutninga landa milli í atvinnuleit og um starfs- og lífskjör slíks fólks;
c. upplýsingar um almenna samninga og sérsamninga um þessi mál, sem hlutaðeigandi aðildarríki hefur gerzt aðili að.

2. gr.

Hvert það aðildarríki, sem samþykkt þessi tekur til, undirgengst að halda uppi eða tryggja að haldið sé uppi nægilegri ókeypis starfsemi til þess að aðstoða inn- og útflytjendur, sem leita sér vinnu, og sérstaklega að láta þeim í té áreiðanlegar upplýsingar.

3. gr.

1. Hvert það aðildarríki, sem samþykkt þessi tekur til, undirgengst, að það skuli, að svo miklu leyti sem landslög og reglugerðir leyfa, gera hvers konar viðeigandi ráðstafanir gegn villandi áróðri í sambandi við inn- og útflutning fólks.
2. Um þetta hefur það samvinnu við önnur aðildarríki, sem hlut eiga að máli, þar sem það á við.

4. gr.

Sérhvert aðildarríki skal gera viðeigandi ráðstafanir innan takmarka sinna til þess að greiða fyrir brottför, ferðum og móttöku fólks, sem flytur á milli landa í atvinnuleit.

5. gr.

Hvert það aðildarríki, sem samþykkt þessi tekur til, undirgengst að halda uppi innan sinna takmarka hæfilegu heilbrigðiseftirliti, sem skal:

a. þar sem þess gerist þörf, ganga úr skugga um það, að þeir, sem flytja milli landa í atvinnuleit, svo og skyldulið þeirra, sem leyft er að fylgja þeim eða fara til þeirra síðar, séu við góða heilsu bæði við brottför og komu;
b. sjá um, að fólk, sem flytur á milli landa í atvinnuleit, og skyldulið þess njóti nægilegs lækniseftirlits og heilsusamlegs aðbúnaðar við brottför, meðan á ferð stendur og við komu sína til ákvörðunarlandsins.

6. gr.

1. Hvert það aðildarríki, sem samþykkt þessi tekur til, undirgengst, að það skuli án tilits til mismunandi þjóðernis, kynþátta, trúarbragða eða kynferðis búa jafnvel að innflytjendum, sem löglega hafa setzt að í landi þess, og þess eigin ríkisborgurum, að því er snertir:
   a. (i) laun, þar með taldar fjölskyldubætur, þar sem þær eru hluti launa, vinnutíma, yfirvinnu, launað orlof, takmörkun á heimavinnu, lágmarksaldur við vinnu, iðnnám og starfsþjálfun, vinnu kvenna og unglinga;
      (ii) þátttöku í stéttarfélögum og rétt til að njóta góðs af heildarsamningum;
      (iii) húsnæðismál;
      að svo miklu leyti sem málum þessum er skipað með lögum eða reglugerðum eða eru háð eftirliti handhafa framkvæmdarvalds;
   b. almannatryggingar (þ. e. a. s. lagaákvæði um atvinnuslys, mæðrahjálp, sjúkdóma, örorku, elli, dauða, atvinnuleysi og fjölskylduframfærslu, svo og hver þau atriði önnur, sem almannatryggingar taka til samkvæmt landslögum eða reglugerðum) með þessum takmörkunum:
      (i) Gera má viðeigandi ráðstafanir til viðhalds áunnum réttindum og réttindum, sem verið er að ávinna sér.
      (ii) Ákveða má með landslögum eða reglugerðum í innflutningslöndum sérstakar ráðstafanir varðandi greiðslur eða hluta af greiðslum, sem eingöngu eru greiddar af opinberu fé, svo og um styrki, sem greiddir eru mönnum, sem ekki inna af hendi iðgjaldagreiðslur, sem eru forsenda fyrir venjulegum styrk;
   c. skatta og gjöld, sem greiða ber fyrir þann, sem ráðinn er í vinnu;
   d. réttargerðir varðandi mál þau, sem samþykkt þessi fjallar um.
2. Þegar um sambandsríki er að ræða, skulu ákvæði þessarar greinar gilda að svo miklu leyti, sem málefnum þeim, sem um ræðir, er skipað með lögum eða reglugerðum sambandsríkisins eða eru háð eftirliti framkvæmdarvalds þess. Aðildar-

ríki hvert skal ákveða, í hve ríkum mæli og á hvern hátt ákvæðum þessum skal beitt um þau mál, sem skipað er með lögum eða reglugerðum einstakra ríkja, fylkja eða héraða innan sambandsríkisins eða eru háð eftirliti handhafa framkvæmdarvalds þess. Í ársskýrslu sinni um beitingu samþykktarinnar skal hlutaðeigandi aðildarríki greina, í hve ríkum mæli málum þeim, sem þessi grein fjallar um, er skipað með lögum eða reglugerðum sambandsríkisins eða eru háð eftirliti handhafa framkvæmdarvalds þess. Að því er snertir mál þau, sem skipað er með lögum eða reglugerðum einstakra ríkja, fylkja eða héraða innan sambandsríkis eða eru háð eftirliti handhafa framkvæmdarvalds þess, skal hlutaðeigandi aðildarríki gera þær ráðstafanir, sem kveðið er á um í 7. málsgrein (b) í 19. grein stjórnarskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

7. gr.

1. Hvert það aðildarríki, sem samþykkt þessi tekur til, undirgengst, að vinnumiðlunarsofnanir og aðrar þær stofnanir þess, sem annast mál í sambandi við inn- og útflutning fólks, skuli hafa samvinnu við hliðstæðar stofnanir annarra aðildarríkja, þegar það á við.
2. Hvert það aðildarríki, sem samþykkt þessi tekur til, undirgengst að sjá um, að þjónusta, sem opinber vinnumiðlun lætur inn- eða útflytjendum í té, skuli þeim veitt ókeypis.

8. gr.

1. Nú flytur maður milli landa í atvinnuleit og hefur fengið varanlegt dvalarleyfi, og skulu þá hvorki hann né skyldmenni hans, sem leyft hefur verið að fylgja honum eða flytja til hans, sendir til heimalands síns eða lands þess, sem þeir fluttu frá, af þeim sökum, að innflytjandinn getur ekki innt af hendi störf sín vegna sjúkdóms eða slyss, sem hann hefur orðið fyrir, eftir að hann kom til landsins, nema hlutaðeigandi óski þess sjálfur eða svo er kveðið á í alþjóðasamningi, sem hlutaðeigandi ríki er aðili að.
2. Nú hefur maður, sem flytur milli landa í atvinnuleit, fengið varanlegt dvalarleyfi við komu sína til lands þess, sem hann flytur til, og getur þá þar til bært stjórnvald í því landi ákveðið, að ákvæði 1. málsgreinar þessarar greinar gangi í gildi að liðnum hæfilegum tíma, sem ekki má vera lengri en fimm ár frá komu innflytjandans til landsins.

9. gr.

Hvert það aðildarríki, sem samþykkt þessi tekur til, undirgengst, að það skuli, að teknu tilliti til þeirra takmarkana, sem gilda samkvæmt landslögum eða reglugerðum um inn- og útflutning gjaldeyris, leyfa yfirfærslu á svo miklum hluta af launum eða sparipeningum innflutts verkamanns sem hann kann að óska.

10. gr.

Þegar fjöldi innflytjenda frá einu aðildarríki til annars er nægilega mikill, skulu þar til bær stjórnvöld í báðum löndunum, þegar nauðsynlegt eða æskilegt er, semja um skipan sameiginlegra mála, sem rísa út af beitingu ákvæða þessarar samþykktar.

11. gr.

1. Í samþykkt þessari merkir „maður, sem flytur á milli landa í atvinnuleit“ mann, sem flytur frá einu landi til annars með það fyrir augum að fá vinnu hjá öðrum, og tekur til sérhvers manns, sem fær komuleyfi sem venjulegur innflytjandi í atvinnuleit.
2. Samþykkt þessi tekur ekki til:
   a. verkafólks í landamærahéruðum;
   b. manna, sem vinna andleg störf, og listamanna, sem koma til einhvers lands um stundarsakir; og
   c. sjómanna.

12. gr.

Formlegar fullgildingar á samþykkt þessari skal senda forstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

13. gr.

1. Samþykkt þessi skal einungis vera bindandi fyrir þá meðlimi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem látið hafa forstjórann skrá fullgildingar sínar.
2. Hún skal öðlast gildi 12 mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá forstjóranum.
3. Eftir það öðlast samþykktin gildi, að því er snertir hvern meðlim, 12 mánuðum eftir að fullgilding hans hefur verið skráð.

14. gr.

1. Hvert það aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, getur með yfirlýsingu, er fylgi fullgildingu þess, undanskilið fullgildingu sinni einhverja eða alla viðauka þessarar samþykktar.
2. Með þeim undantekningum, sem gerðar kunna að vera í slíkri yfirlýsingu, skulu ákvæðin í viðaukanum hafa sama gildi og ákvæði samþykktarinnar.
3. Hvert það aðildarríki, sem gefur slíka yfirlýsingu, getur síðar tilkynnt aðalforstjóranum með nýrri yfirlýsingu, að það samþykki einhverja eða alla þá viðauka, sem yfirlýsingin greindi. Frá þeim degi, er aðalforstjórinn skrásetur slíka tilkynningu, skulu ákvæði þeirra viðauka, er í henni greinir, taka til hlutaðeigandi aðildarríkis.
4. Meðan yfirlýsing gerð samkv. 1. málsgr. þessarar greinar er í gildi, getur hlutaðeigandi aðildarríki lýst yfir vilja sínum til að samþykkja þann viðauka, sem um er að ræða, sem væri hann álitsgerð.

15. gr.

1. Yfirlýsingar þær, sem sendar eru forstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í samræmi við 2. málsgr. 35. greinar stjórnarskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, skulu greina:
   a. landsvæði þau, sem hlutaðeigandi aðildarríki undirgengst, að ákvæði samþykktarinnar svo og ákvæði einhverra eða allra viðaukanna skuli taka til án takmarkana;
   b. landsvæði þau, sem það undirgengst að láta ákvæði samþykktarinnar og einhverra eða allra viðauka hennar taka til með takmörkunum, svo og hverjar þær takmarkanir séu;
   c. landsvæði, þar sem ákvæði samþykktarinnar og einhverra eða allra viðauka hennar eru óframkvæmanleg, og ástæður til þess;
   d. landsvæði þau, sem það áskilur sér rétt til að taka ákvörðun um síðar að athuguðu máli.
2. Skuldbindingar þær, sem greindar eru í stafliðunum a. og b. í 1. málsgrein þessarar greinar, ber að skoða sem raunverulegan hluta fullgildingarinnar og hafa sama gildi sem slík.
3. Sérhvert aðildarríki getur hvenær sem er ógilt að nokkru eða öllu leyti með síðari yfirlýsingu fyrirvara þá, sem gerðir voru í upprunalegri yfirlýsingu þess samkv. stafliðunum b., c. eða d. í 1. málsgr. þessarar greinar.
4. Í hvert skipti, sem segja má upp samþykkt þessari í samræmi við ákvæði 17. greinar, getur hvert aðildarríki sent forstjóranum yfirlýsingu um hvers konar aðrar breytingar, sem dragi úr ákvæðum fyrri yfirlýsinga þess og greini frá ríkjandi ástandi að því er snertir þau landsvæði, sem það kann að tiltaka.

16. gr.

1. Yfirlýsingar þær, sem sendar eru forstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í samræmi við 4. og 5. málsgr. 35. greinar stjórnarskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, skulu greina, hvort ákvæðum samþykktarinnar og einhverra eða allra viðauka hennar verði beitt með takmörkunum eða án þeirra á hlutaðeigandi landsvæði. Beri yfirlýsingin það með sér, að ákvæðum samþykktarinnar og einhverra eða allra viðauka hennar skuli beitt með takmörkunum, skal það gefa nánari upplýsingar um þær takmarkanir.
2. Aðildarríki, eitt eða fleiri eða fjölþjóðleg stjórnvöld, sem í hlut eiga, geta hvenær sem er með síðari yfirlýsingu ógilt að nokkru eða öllu leyti áskilin réttindi til hvers konar takmarkana, sem fyrri yfirlýsing tiltók.
3. Í hvert skipti, sem segja má upp samþykkt þessari í samræmi við ákvæði 17. greinar, geta aðildarríki eða fjölþjóðleg stjórnvöld, sem í hlut eiga, sent forstjóranum yfirlýsingu, er dragi á einhvern annan hátt úr ákvæðum fyrri yfirlýsinga þeirra og lýsi ríkjandi ástandi um beitingu samþykktarinnar.

17. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, má segja henni upp að 10 árum liðnum frá fyrstu gildistöku hennar. Skal það gert með tilkynningu, sem senda ber forstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en einu ári eftir skrásetningu hennar.
2. Hvert það aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, en notfærir sér ekki innan þess árs, er kemur næst á eftir þeim 10 ára fresti, sem um getur í fyrri málsgrein, réttindi þau til uppsagnar, sem ráð er fyrir gert í þessari grein, skal bundinn af henni í önnur 10 ár, en má að þeim loknum segja henni upp, og síðan að hverju 10 ára tímabili liðnu, svo sem ráð er fyrir gert í þessari grein.
3. Í hvert skipti, sem segja má upp samþykkt þessari í samræmi við ákvæði fyrirfarandi málsgreina, getur hvert það aðildarríki, sem ekki segir henni upp, sent forstjóranum yfirlýsingu um sérstaka uppsögn hvers þess viðauka samþykktarinnar, sem er í gildi í því aðildarríki.
4. Uppsögn samþykktar þessarar eða einhvers viðauka hennar skerðir ekki rétt þann, sem innflytjanda eða skyldmennum hans hefur verið veittur samkvæmt þeim, enda hafi hann flutt til landsins meðan samþykktin eða sá viðauki hennar, sem um er að ræða, var í gildi í landi, þar sem spurning rís um framhaldsgildi hennar.

18.—21. gr.

(Samhljóða 15.—18. grein samþykktar nr. 94).

22. gr.

1. Hvenær sem þetta mál er á dagskrá Alþjóðavinnumálaþingsins, getur það með ⅔ meiri hluta samþykkt breytingar á einum eða fleirum af viðaukum samþykktar þessarar.
2. Hvert það aðildarríki, sem samþykkt þessi tekur til, skal innan eins árs, eða í undantekningartilfellum innan 18 mánaða frá þingslitum, leggja hverja slíka breytingu fyrir það eða þau stjórnvöld, sem málið heyrir undir, til lagasetningar eða annarra ráðstafana.
3. Hver slík breyting gengur í gildi fyrir hvert það aðildarríki, sem samþykkt þessi gildir fyrir, um leið og það tilkynnir forstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, að það samþykki hinn endurskoðaða texta.
4. Frá því að þingið samþykkir hinn endurskoðaða texta viðaukans, skulu aðildarríkin einungis geta samþykkt hann þannig breyttan.

23. gr.

Hinn enski og franski texta þessarar samþykktar skulu vera jafngildir.

Viðauki I.

Ráðning, vistun og starfskjör fólks, sem flytur milli landa í atvinnuleit og ráðið er á annan hátt en í hópflutninga á vegum ríkisstjórna.

1. gr.

Þessi viðauki tekur til þess fólks, sem flytur milli landa í atvinnuleit og er ekki ráðið í hópflutninga á vegum ríkisstjórna.

2. gr.

Í viðauka þessum merkir:

a. orðið „ráðning“:
   (i) ráðningu manns í einu landi til atvinnurekanda í öðru landi, eða
   (ii) það, að manni í einu landi er gefið loforð um að sjá honum fyrir vinnu í öðru landi,
   svo og ráðstafanir í sambandi við þessi tvö atriði, sem nefnd eru í (i) og (ii), þar með talin útvegun og val útflytjenda og undirbúningur undir brottför þeirra;
b. orðið „viðtaka“ hvers konar ráðstafanir í þeim tilgangi að tryggja eða greiða fyrir komu manna, sem ráðnir hafa verið í merkingu stafliðs a. í þessari grein, til hlutaðeigandi lands eða leyfi hans til að koma til landsins; og
c. orðið „vistun“ ráðstafanir í þeim tilgangi að tryggja eða greiða fyrir vistráðningu manna, sem tekið hefur verið við í merkingu stafliðs b. í þessari grein.

3. gr.

1. Hvert það aðildarríki, sem viðauki þessi tekur til og lög þess eða reglugerðir leyfa ráðningu, viðtöku og vistun eins og þetta er skilgreint í 2. gr., skal hafa eftirlit með þeim af þessum aðgerðum, sem leyfðar eru með lögum þess eða reglugerðum, í samræmi við ákvæði þessarar greinar.
2. Að teknu tilliti til ákvæða eftirfarandi málsgreinar skulu störf við ráðningu, viðtöku og vistun aðeins falin:
   a. opinberum vinnumiðlunarskrifstofum eða öðrum opinberum stofnunum í landi, þar sem starfsemin fer fram;
   b. opinberum stofnunum í öðru landi en því, sem starfsemin fer fram í, enda sé þeim með samningi milli hlutaðeigandi ríkisstjórna veitt heimild til að starfa í því landi;
   c. stofnunum, sem komið er á fót samkvæmt ákvæðum fjölþjóðlegs gernings.
3. Að svo miklu leyti sem landslög, reglugerðir eða samningar leyfa, má fela störf við ráðningu, viðtöku og vistun:
   a. væntanlegum vinnuveitanda eða manni í hans þjónustu, sem kemur fram fyrir hans hönd, en sé það talið nauðsynlegt vegna hugsmuna innflytjandans, skal til þessa krefjast samþykkis og eftirlits þar til bærs stjórnvalds;
   b. einkafyrirtæki, hafi þar til bært stjórnvald í landi, þar sem starfsemi þessi fer fram, veitt því heimild til þess, og þá einungis í þeim tilfellum og með þem skilyrðum, sem ákveðin séu með:
      (i) lögum eða reglugerðum þess lands, eða
      (ii) samningi milli þar til bærs stjórnvalds útflutningslandsins eða einhverrar stofnunar, sem komið er á fót í samræmi við ákvæði fjölþjóðlegs gernings, og þar til bærs stjórnvalds í innflutningslandinu.
4. Þar til bært stjórnvald í landi, þar sem starfsemi þessi fer fram, skal hafa eftirlit með störfum stofnana og einstaklinga, sem fengið hafa heimild í samræmi við 3. málsgr. b., annarra en þeirra stofnana, sem settar eru á fót í samræmi við ákvæði fjölþjóðlegs gernings, en málefnum þeirra skal áfram skipað eftir ákvæðum slíks gernings eða með samningi milli stofnunarinnar og hlutaðeigandi þar til bærs stjórnvalds.

5. Ekkert í þessari grein skal talið heimila, að nokkur annar maður eða stofnun en þar til bært stjórnvald í innflutningslandinu gefi innflytjanda í atvinnuleit leyfi til þess að flytja inn í land aðildarríkis.

4. gr.

Hvert það aðildarríki, sem viðauki þessi tekur til, undirgengst að tryggja það, að þjónusta, sem opinberar vinnumiðlunarstofnanir þess láta í té í sambandi við ráðningu, viðtöku eða vistun inn- og útflytjenda í atvinnuleit, sé innt af hendi endurgjaldslaust.

5. gr.

1. Hvert það aðildarríki, sem viðauki þessi tekur til og heldur uppi eftirliti með vinnusamningum milli vinnuveitenda eða umboðsmanna þeirra annars vegar og inn- eða útflytjenda í atvinnuleit hins vegar, undirgengst, að það skuli krefjast þess:
   a. að afrit af vinnusamningum sé afhent útflytjandanum fyrir brottför hans, eða á móttökustað í landinu, sem hann flytur til, við komu hans þangað, ef hlutaðeigandi ríkisstjórnir fallast á það;
   b. að samningurinn hafi að geyma ákvæði, er tiltaki vinnukjör og sér í lagi laun þau, sem útflytjandanum eru boðin;
   c. að útflytjandinn fái fyrir brottför sína skriflegar upplýsingar um almenn lífs- og starfskjör, sem hann mun njóta í landi því, sem hann flytur til. Skulu upplýsingar þessar gefnar í skjali, sem annaðhvort tekur til útflytjandans eins eða til útflytjendahópa, sem hann er í.
2. Nú ber að afhenda útflytjanda afrit af samningnum við komu hans til lands þess, sem hann flytur til, og skal þá fyrir brottför hans tilkynna honum skriflega með skjali, sem annaðhvort tekur til hans eins eða útflytjendahóps, sem hann er í, í hvaða starfsgrein hann sé ráðinn, svo og um önnur starfskjör, einkum það, hver lágmarkslaun honum sé tryggð.
3. Þar til bært stjórnvald skal tryggja það, að ákvæðum undanfarandi málsgreina sé framfylgt og að hæfilegum viðurlögum sé beitt við brotum á þeim.

6. gr.

Ráðstafanir þær, sem gerðar eru í samræmi við 4. gr. samþykktarinnar, skulu, eftir því sem við á, fela í sér:

a. tilslökun á stjórnarfarslegum formsreglum;
b. að séð sé fyrir túlkum;
c. hvers konar aðstoð, sem innflytjandinn og þau skyldmenni, sem fengið hafa leyfi til að fylgja honum eða flytja til hans, kunna að þarfnast á byrjunarstigi hinnar nýju búsetu sinnar;
d. að tryggð sé velferð útflytjendanna og skyldmenna þeirra, sem fengið hafa leyfi til að fylgja þeim eða flytja til þeirra, meðan á ferð stendur, einkum á skipsfjöl.

7. gr.

1. Nú er fjöldi þeirra, sem flytjast frá einu aðildarríki til annars í atvinnuleit, nægilega mikill, og skulu þá þar til bær stjórnvöld hlutaðeigandi landa, hvenær sem nauðsynlegt eða æskilegt er, semja um skipan þeirra mála, sem þeim eru sameiginleg og rísa út af beitingu ákvæða þessa viðauka.
2. Nú halda aðildarríkin uppi eftirliti með vinnusamningum, og skal þá í slíkum samningum milli ríkja greina, hvaða aðferðum skuli beitt til þess, að vinnuveitendurnir fullnægi samningsskyldum sínum.

8. gr.

Hver sá, sem stuðlar að leynilegum eða ólöglegum fólksflutningum milli landa, skal sæta hæfilegum viðurlögum.

Viðauki II.

Ráðning, vistun og vinnukjör innflytjenda í atvinnuleit, sem ráðnir eru til hópflutninga á vegum ríkisstjórna.

1. gr.

Viðauki þessi tekur til innflytjenda í atvinnuleit, sem ráðnir eru til hópflutninga á vegum ríkisstjórna.

2. gr.

Í viðauka þessum merkir:

a. orðið „ráðning“:
   (i) ráðningu manns í einu landi til atvinnurekanda í öðru landi í sambandi við hópflutninga á vegum ríkisstjórna, eða
   (ii) það, að manni í einu landi er gefið loforð um að sjá honum fyrir vinnu í öðru landi í sambandi við hópflutninga á vegum ríkisstjórna,
   svo og ráðstafanir í sambandi við þessu tvö atriði, sem nefnd eru í (i) og (ii), þar með talin útvegun og val útflytjenda og undirbúningur undir brottför þeirra;
b. orðið „viðtaka“ hvers konar ráðstafanir í þeim tilgangi að tryggja eða greiða fyrir komu manna, sem ráðnir hafa verið í sambandi við hópflutninga á vegum ríkisstjórna í merkingu stafliðs a. í þessari málgrein, til hlutaðeigandi lands eða leyfi honum til handa til að koma til landsins; og
c. orðið „vistun“ ráðstafanir í þeim tilgangi að tryggja eða greiða fyrir vistráðningu manna, sem tekið hefur verið við í sambandi við hópflutninga á vegum ríkisstjórna í merkingu stafliðs b. í þessari málsgrein.

3. gr.

1. Hvert það aðildarríki, sem viðauki þessi tekur til og lög þess eða reglugerðir leyfa ráðningu, viðtöku og vistun eins og það er skilgreint í 2. gr., skal hafa eftirlit með þeim af þessum aðgerðum, sem leyfðar eru með lögum þess eða reglugerðum, í samræmi við ákvæði þessarar greinar.
2. Að teknu tilliti til ákvæða eftirfarandi málsgreinar skulu störf við ráðningu, viðtöku og vistun einungis falin:
   a. opinberum vinnumiðlunarskrifstofum eða öðrum opinberum stofnunum í landi, þar sem þessi starfsemi fer fram;
   b. opinberum stofnunum í öðru landi en því, sem starfsemin fer fram í, enda sé þeim með samningi milli hlutaðeigandi ríkisstjórna veitt heimild til að starfa í því landi;
   c. stofnunum, sem komið er á fót samkvæmt ákvæðum fjölþjóðlegs gernings.
3. Að svo miklu leyti sem landslög, reglugerðir eða samningar leyfa, svo og ef þess gerist þörf vegna hagsmuna inn- eða útflytjandans, að tryggðu samþykki og eftirliti þar til bærs stjórnvalds, má fela störf við ráðningu, viðtöku og vistun:
   a. væntanlegum vinnuveitanda eða manni í hans þjónustu, sem kemur fram fyrir hans hönd;
   b. einkafyrirtækjum.
4. Rétturinn til að annast ráðningu, viðtöku og vistun skal háður undangengnu leyfi þar til bærs stjórnvalds í landi, þar sem slík starfsemi á að fara fram, í þeim tilfellum og með þeim skilyrðum, sem ákveðin kunna að vera með:
   a. lögum eða reglugerðum þess lands, eða
   b. samningi milli þar til bærs stjórnvalds í útflutningslandinu eða stofnunar, sem sett er á fót í samræmi við ákvæði fjölþjóðlegs gernings, og þar til bærs stjórnvalds í innflutningslandinu.
5. Þar til bært stjórnvald í landi, þar sem starfsemin fer fram, skal, í samræmi við

samninga milli þar til bærra hlutaðeigandi stjórnvalda, hafa eftirlit með starfsemi stofnana og einstaklinga, sem veitt hefur verið heimild í samræmi við fyrirfarandi málsgrein. Stofnanir, sem komið hefur verið á fót í samræmi við ákvæði fjölþjóðlegs samnings, skulu undanþegnar þessu ákvæði, og skal málefnum þeirra áfram skipað eftir ákvæðum slíks samnings eða með samningi milli stofnunarinnar og hlutaðeigandi þar til bærs stjórnvalds.

6. Áður en þar til bært stjórnvald í innflutningslandinu leyfir innflutning fólks í atvinnuleit, skal það ganga úr skugga um það, hvort ekki sé nægur mannafli fyrir hendi, sem fær sé um að inna af hendi vinnu þá, sem um er að ræða.
7. Ekkert í þessari grein skal talið veita heimild til þess, að nokkur annar maður eða stofnun en þar til bært stjórnvald í landi því, sem flutt er til, gefi innflytjanda í atvinnuleit leyfi til að flytja til lands aðildarríkis.

4. gr.

1. Hvert það aðildarríki, sem viðauki þessi tekur til, undirgengst að tryggja það, að þjónusta sú, sem opinberar vinnumiðlunarskrifstofur þess láta í té í sambandi við ráðningu, viðtöku eða vistun inn- eða útflytjenda í atvinnuleit, sé innt af hendi endurgjaldslaust.
2. Kostnað við framkvæmd ráðninga, viðtöku og vistunar skulu inn- eða útflytjendur ekki greiða.

5. gr.

Nú er um að ræða sameiginlega flutninga útflytjenda frá einu landi til annars, sem hafa í för með sér yfirferð yfir þriðja landið, og skal þá þar til bært stjórnvald í landi því, sem farið er yfir, gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að flýta yfirförinni og forða töfum og erfiðleikum, sem leiðir af stjórnarfarsreglum.

6. gr.

1. Hvert það aðildarríki, sem viðauki þessi tekur til og heldur uppi eftirliti með vinnusamningum milli vinnuveitenda eða umboðsmanna þeirra annars vegar og inn- eða útflytjenda í atvinnuleit hins vegar, undirgengst, að það skuli krefjast þess:
   a. að afrit af vinnusamningnum sé afhent útflytjandanum fyrir brottför hans eða á móttökustöð í landinu, sem hann flytur til, við komu hans þangað, ef hlutaðeigandi ríkisstjórnir fallast á það;
   b. að samningurinn hafi að geyma ákvæði, er tiltaki vinnukjör og sér í lagi laun þau, sem útflyjandanum eru boðin;
   c. að útflytjandinn fái fyrir brottför sína skriflegar upplýsingar um almenn starfs- og lífskjör, sem hann muni njóta í landi því, sem hann flytur til. Skulu upplýsingar þessar gefnar í skjali, sem annaðhvort tekur til útflyjandans eins eða útflytjendahóps, sem hann er í.
2. Nú ber að afhenda útflytjandanum afrit af samningnum við komu hans til lands þess, sem hann flytur til, og skal þá fyrir brottför hans tilkynna honum skriflega með skjali, sem annaðhvort tekur til hans eins eða útflytjendahóps, sem hann er í, í hvaða starfsgrein hann sé ráðinn, svo og um önnur starfskjör, einkum það, hver lágmarkslaun honum sé tryggð.
3. Þar til bært stjórnvald skal tryggja það, að ákvæðum undanfarandi málsgreina sé framfylgt og að hæfilegum viðurlögum sé beitt við brotum á þeim.

7. gr.

1. Ráðstafanir þær, sem gerðar eru í samræmi við 4. gr. þessarar samþykktar, skulu, eftir því sem við á, fela í sér:
   a. að slakað sé á stjórnarfarslegum formsatriðum;
   b. að séð sé fyrir túlkum;

c. hvers konar aðstoð, sem innflytjandinn og skyldfólk hans, sem fengið hefur leyfi til að fylgja honum eða flytja til hans, kunna að þarfnast á byrjunarstigi hinnar nýju búsetu sinnar.
d. að tryggð sé velferð útflytjendanna og skyldfólks þeirra, sem fengið hefur leyfi til að fylgja þeim eða flytja til þeirra, meðan á ferð stendur, einkum á skipsfjöl.
e. að leyfð sé sala og flutningur á eignum manns, sem flytur milli landa í atvinnuleit og fengið hefur varanlegt dvalarleyfi.

8. gr.

Þar til bært stjórnvald skal gera viðeigandi ráðstafanir til aðstoðar innflytjendum í atvinnuleit á byrjunarstigi hinnar nýju búsetu, að því er snertir mál, er varða ráðningarkjör þeirra. Þar, sem það á við, skulu þessar ráðstafanir gerðar í samvinnu við viðurkennd frjáls félagssamtök.

9. gr.

Nú getur innflytjandi í atvinnuleit, sem tekið hefur verið við í aðildarríki í samræmi við ákvæði 3. gr. þessa viðauka, ekki unnið það starf, sem hann var ráðinn til, eða aðra hæfilega vinnu og hann á ekki sök á því sjálfur, og skal honum þá ekki gert að greiða kostnað við heimsendingu hans og þeirra ættingja hans, sem fengið hafa leyfi til að fylgja honum eða flytja til hans, þar með talin opinber gjöld, ferða- og upphaldskostnaður til ákvörðunarstaðar. Sama gildir um gjöld fyrir flutning á húsbúnaði.

10. gr.

Nú telur þar til bært stjórnvald í innflutningslandinu að vinna sú, sem innflytjandi í atvinnuleit var ráðinn til samkvæmt 3. gr. þessa viðauka, hæfi honum ekki, og skal það þá gera viðeigandi ráðstafanir til að aðstoða hann við að fá vinnu við sitt hæfi, sem ekki kemur í bág við landsins eigin verkamenn. Einnig skal það tryggja framfærslu hans, þar til hann er ráðinn í slíka vinnu eða sendur heim til lands, þar sem hann var þegar ráðning fór fram, ef hann er því fylgjandi eða hafi við ráðningu tjáð sig samþykkan slíkum heimflutningi, eða þar til hanns sezt að annars staðar.

11. gr.

Nú verður innflytjanda í atvinnuleit, sem er flóttamaður eða ríkisfangslaus og komið hefur til innflutningslandsins í samræmi við ákvæði 3. gr. þessa viðauka, ofaukið í einhverri vinnu þar í landi, og skal þá þar til bært stjórnvald þar gera sitt bezta til að gera honum kleift að fá vinnu við sitt hæfi, sem ekki kemur í bág við innlenda verkamenn, og gera nauðsynlegar ráðstafanir til tryggingar framfærslu hans, þar til slík ráðning hefur farið fram eða þar til hann sezt að annars staðar.

12. gr.

1. Þar til bær stjórnvöld hlutaðeigandi landa skulu semja um skipan sameiginlegra mála, sem rísa í sambandi við beitingu ákvæða þessa viðauka.
2. Nú heldur aðildarríki uppi eftirliti með vinnusamningum, og skal þá í þessum samningum greina, á hvern hátt samningsskyldur vinnuveitandans skuli knúðar fram.
3. Þar, sem við á, skulu slíkir samningar kveða á um samvinnu milli þar til bærs stjórnvalds í útflutningslandinu eða stofnunar, sem sett er á fót í samræmi við ákvæði í fjölþjóðlegum gerningi, og lögbærs stjórnvalds í innflutningslandinu um aðstoð veitta inn- eða útflytjendum í sambandi við starfskjör þeirra samkvæmt ákvæðum 8. greinar.

13. gr.

Hver sá, sem stuðlar að leynilegum eða ólöglegum fólksflutningum milli landa, skal sæta hæfilegum viðurlögum.

Viðauki III.

Innflutningur á eignum, áhöldum og útbúnaði manna, sem flytja milli landa í atvinnuleit.

1. gr.

1. Persónulegar eignir, sem tilheyra mönnum, sem flytjast milli landa í atvinnuleit, og skyldmennum þeirra, sem fengið hafa leyfi til að fylgja þeim eða flytjast til þeirra, skulu undanþegnar tollum við komu til þess lands, sem þeir flytjast til.
2. Áhöld og útbúnaður, sem hægt er að bera með sér og verkamennirnir eiga venjulega til þess að vinna sín sérstöku störf og tilheyra verkamönnum, sem skráðir eru til innflutnings í atvinnuleit, eða skyldmennum þeirra, sem fengið hafa leyfi til að fylgja þeim eða flytja til þeirra, skulu undanþegin tolli við komuna til landsins, sem flutt er til, ef hægt er að sýna fram á það, að þau séu raunveruleg eign þeirra, þegar þau eru flutt inn, og hafi verið það og notuð af þeim um nokkurt skeið og ætlun þeirra sé að nota þau við störf sín.

2. gr.

1. Persónulegar eignir tilheyrandi innflytjendum í atvinnuleit og skyldmennum þeirra, sem fengið hafa leyfi til að fylgja þeim eða flytja til þeirra, skulu undanþegnar tolli við endurkomu þeirra til heimalands þeirra, ef þeir hafa haldið ríkisfangi sínu þar.
2. Áhöld og útbúnaður, sem hægt er að bera með sér, og verkamennirnir eiga venjulega til þess að vinna sín sérstöku störf og tilheyra verkamönnum, sem ráðnir eru til innflutnings í atvinnuskyni, eða skylmennum þeirra, sem fengið hafa að fylgja þeim eða flytja til þeirra, skulu undanþegin tollum við endurkomu þessara manna til heimalands þeirra, hafi þeir haldið ríkisfangi sínu þar, enda sé við endurkomuna hægt að sýna fram á það, að áhöld þessi eða útbúnaður sé raunverulega eign þessara manna, þegar þau eru flutt inn, og hafi verið í eigu þeirra og notuð af þeim um nokkurt skeið, og enn fremur, að þau séu ætluð þessum mönnum til afnota við framkvæmd starfa þeirra.

X. Álitsgerð nr. 86 um út- og innflytjendur í atvinnuleit (endurskoðuð 1949).

I.

1. Í álitsgerð þessari merkir:
   a. „út- eða innflytjandi í atvinnuleit“ = mann, sem flytur frá einu landi til annars með það fyrir augum að ráða sig í vinnu hjá öðrum, og tekur það til hvers þess manns, sem fær komuleyfi sem innflytjandi í atvinnuleit;
   b. „ráðning“:
      (i) ráðningu manns í einu landi til atvinnurekanda í öðru landi, eða
      (ii) það, að manni í einu landi er gefið loforð um að sjá honum fyrir vinnu í öðru landi, svo og ráðstafanir í sambandi við þessi atriði, sem nefnd eru í (i) og (ii), þar með talin útvegun og val útflytjenda og undirbúningur undir brottför þeirra;
   c. „viðtaka“ = hvers konar ráðstafanir í þeim tilgangi að tryggja eða greiða fyrir komu manna, sem ráðnir hafa verið í merkingu stafliðs b. í þessari grein, til hlutaðeigandi lands eða leyfi hans til að koma þangað; og
   d. „vistun“ = hvers konar ráðstafanir í þeim tilgangi að tryggja eða greiða fyrir vistráðningu manns, sem veitt hefur verið viðtaka í merkingu stafliðs c. í þessari grein.

2. Nú er í álitsgerð þessari talað um ríkisstjórn eða lögbært stjórnvald í útflutningslandi, og skal þá, að því er snertir flóttamenn eða landlausa, telja, að átt sé við hvers konar stofnun, sem sett hefur verið á fót í samræmi við ákvæði fjölþjóðlegs gernings til þess að vernda flóttamenn og landlausa, sem ekki njóta verndar neinnar ríkisstjórnar.
3. Álitsgerð þessi tekur ekki til:
   a. verkamanna í landamærahéruðum;
   b. skammrar dvalar trúða og listamanna; og
   c. sjómanna.

II.

4. (1) Það ætti að vera þáttur meginstefnu aðildarríkja að auka og hagnýta alla möguleika til ráðningar manna í vinnu með það fyrir augum að auðvelda alþjóðlega dreifingu vinnuaflsins og sér í lagi flutning vinnuafls frá löndum, sem hafa vinnuafl umfram þörf, til lands, sem skortir það.
   (2) Ráðstafanir þær, sem hvert aðildarríki gerir, ættu að miðast við ástandið í atvinnumálum landsins, og ríkisstjórnin ætti að hafa samráð við viðeigandi verkamanna- og vinnuveitendafélög um öll almenn vandamál varðandi út- og innflutning fólks í atvinnuleit.

III.

5. (1) Sú aðstoð, sem veitt er inn- og útflytjendum og fjölskyldum þeirra í hverju landi ókeypis, og sér í lagi sú aðstoð, sem fólgin er í því að gefa þeim áreiðanlegar upplýsingar, skal látin í té af:
      a. opinberum stjórnvöldum; eða
      b. einu eða fleiri frjálsum félögum, sem ekki starfa í auðgunartilgangi, eru viðurkennd í þessu skyni af hinum opinberu stjórnvöldum og háð eftirliti þeirra; eða
      c. að nokkru af hinu opinbera stjórnvaldi og að nokkru af einu eða fleiri félögum, sem uppfylla skilyrði þau, sem tiltekin eru í staflið b. í þessari málsgrein.
   (2) Inn- og útflytjendur og fjölskyldur þeirra ætti að upplýsa á þeirra eigin máli eða mállýzku eða a. m. k. á máli, sem þeir geta skilið, um málefni varðandi útflutning, innflutning, atvinnu- og lífsskilyrði, þ. á m. heilbrigðisástand á ákvörðunarstað, endurkomu til upprunalands eða þess lands, sem flutt er frá, og yfirleitt hver þau mál önnur, sem þá kunna að varða sem út- eða innflytjendur.
   (3) Ef til þess kemur, að út- eða innflytjendur og fjölskyldur þeirra flytji aftur til upprunalands síns eða lands þess, sem þeir fluttu frá, ætti að aðstoða þá við uppfyllingu stjórnarfarslegra formsatriða og aðrar ráðstafanir, sem gera þarf í sambandi við heimförina.
   (4) Þar sem nauðsyn ber til, ætti að skipuleggja undirbúningsnámskeið til þess að fræða inn- eða útflytjendurna um almennt ástand og ríkjandi starfsaðferðir í landi, sem þeir flytja til, svo og kenna þeim mál þess lands, til þess að auðvelda þeim að semja sig að aðstæðum þar í landi. Útflutnings- og innflutningslönd ættu að gera gagnkvæmt samkomulag um skipulagningu slíkra námskeiða.
6. Eftir beiðni ættu aðildarríkin að láta Alþjóðavinnumálaskrifstofunni og öðrum aðildarríkjum í té upplýsingar um lög þeirra og reglugerðir um útflutning fólks, þar á meðal ákvæði framkvæmdavalds um takmarkanir á útflutningi og hagsbætur, sem veittar eru útflytjendum, og viðeigandi upplýsingar um þá flokka manna, sem vilja flytja út.
7. Eftir beiðni skulu aðildarríkin gefa Alþjóðavinnumálaskrifstofunni og öðrum aðildarríkjum upplýsingar um löggjöf sína og reglugerðir um innflutning fólks,

þ. á m. ákvarðanir framkvæmdavalds, komuleyfi, þar sem þeirra þarf með, fjölda og starfshæfni innflytjenda, sem óskað er eftir, lög og reglugerðir um aðgang innflytjenda að ráðningu í vinnu og hvers konar sérstakar hagsbætur, sem veittar eru innflytjendum, og ráðstafanir til að auðvelda þeim að semja sig að skipan efnahags- og félagsmála í landinu, sem þeir flytja til.

8. Eftir því sem mögulegt er, skal láta líða hæfilegan tíma frá birtingu til gildistöku ákvæða, sem breyta skilyrðunum fyrir út- eða innflutningi eða ráðningu innflytjenda í vinnu, svo að skilyrði þessi komist í tæka tíð til vitundar þeirra, sem eru að undirbúa sig undir útflutning.
9. Gera ætti ráðstafanir til þess, að veigamestu ákvæðin, sem nefnd eru í fyrirfarandi grein, séu kunngerð nægilega í tæka tíð á þeim tungumálum, sem út- og innflytjendur tíðast kunna skil á.
10. Greiða ætti fyrir út- og innflutningi með ráðstöfunum, sem hæfa kunna til þess:
    a. að tryggja það, að innflytjendum í atvinnuleit sé séð fyrir hæfilegu húsnæði, fæði og fötum við komu þeirra til landsins, sem þeir flytja til, ef nauðsyn krefur;
    b. að tryggja starfsþjálfun, þar sem nauðsyn krefur, svo að innflytjendur í atvinnuleit geti náð þeirri hæfni, sem krafizt er í landi því, sem flutt er til;
    c. að leyfa yfirfærslu á þeim hluta launa og sparifjár innflytjanda í atvinnuleit, sem hann kann að óska, en tekið skal tillit til takmarka, sem leyfð eru í lögum og reglugerðum um út- og innflutning gjaldeyris;
    d. að þegar um er að ræða innflutning fyrir fullt og allt, séu gerðar ráðstafanir til yfirfærslu á fé innflytjenda í atvinnuleit til landsins, sem flutt er til, innan þeirra takmarka, sem leyfð eru með lögum landsins eða reglugerðum um út- og innflutning gjaldeyris;
    e. að sjá innflytjendum og skyldmennum þeirra fyrir aðgangi að skólum.
11. Veita ætti inn- eða útflytjendum og ættingjum þeirra aðstoð til að fá aðgang að frístundaheimilum og velferðarstofnunum, og þar sem nauðsyn ber til, ætti að gera ráðstafanir til að tryggja það, að sérstaklega sé létt undir með innflytjendunum á fyrsta skeiði dvalar þeirra í nýja landinu.
12. Þegar um er að ræða út- eða innflytjendur, sem flytja í hópum á vegum ríkisstjórna, ætti að veita þeim læknisaðstoð á sama hátt og landsins eigin borgurum.

IV.

13. (1) Þar, sem nauðsynlegt er til verndar hagsmunum inn- og útflytjenda, ættu aðildarríkin að krefjast þess, að hver sá milligöngumaður, sem annast ráðningu, viðtöku eða vistun inn- eða útflytjenda í atvinnuleit í umboði atvinnurekanda, verði að hafa í höndum skriflegt umboð frá atvinnurekandanum eða annað skjal, er sanni, að hann komi fram fyrir hönd atvinnurekandans.
    (2) Þetta skjal ætti að skrifa á hinu opinbera máli innflutningslandsins eða þýðast á það mál. Í því skal greina allar nauðsynlegar upplýsingar um vinnuveitandann, hvers konar og í hve ríkum mæli umboðsmaðurinn á að annast ráðningu, viðtöku og vistun, svo og um vinnu þá, sem í boði er, þ. á m. um laun.
14. (1) Tæknilegt val inn- eða útflytjenda í atvinnuleit ætti að framkvæma á þann hátt, að fólksflutningar milli landa takmarkist sem minnst, jafnframt því að gengið sé úr skugga um það, að inn- eða útflytjendurnir séu hæfir til þeirra starfa, sem krafizt er af þeim.
    (2) Framkvæmd slíks vals ætti að fela:
        a. opinberum stofnunum, eða
        b. einkastofnunum í innflutningslandinu, þar sem það á við, enda hafi þau til þess fullgild leyfi, og þar, sem nauðsynlegt er vegna hagsmuna inn- eða útflytjandans, skulu þær háðar eftirliti þar til bærs stjórnvalds í útflutningslandinu.

(3) Rétturinn til að framkvæma val ætti að vera bundinn undangengnu leyfi frá þar til bæru stjórnvaldi í landi, þar sem það fer fram, í þeim tilfellum og við þær aðstæður, sem ákveðnar kunna að vera með lögum eða reglugerðum þess lands eða með samningi milli ríkisstjórnar útflutningslandsins og ríkisstjórnar innflutningslandsins.

(4) Þeir, sem ætla að flytja til annars lands í atvinnuleit, ættu, eftir því sem við verður komið, að láta fulltrúa þar til bærs stjórnvalds í innflutningslandinu rannsaka sig með flokkun eftir starfshæfni og heilbrigði fyrir augum, og skal það gert fyrir brottför.

(5) Ef ráðningar fara fram í nægilega stórum stíl, ætti að leggja drög að nánu sambandi og samvinnu milli þar til bærra stjórnvalda í hlutaðeigandi útflutnings- og innflutningslöndum.

(6) Starfsemi þá, sem talað er um í fyrirfarandi töluliðum þessarar greinar, ætti að inna af hendi eins nálægt þeim stað, þar sem hinn væntanlegi inn- eða útflytjandi er ráðinn, og hægt er.

15. (1) Með samningum skal sjá til þess, að innflytjendur í atvinnuleit, sem fengið hafa framtíðardvalarleyfi, fái leyfi til þess að taka með sér skyldmenni sín eða fá þau til sín síðar.

(2) Bæði útflutnings- og innflutningslandið ættu að greiða sérstaklega fyrir flutningum skyldmenna slíkra inn- eða útflytjenda, sem fengið hafa leyfi til þess að fylgja honum eða flytja til hans.

(3) Að því er tekur til þessarar greinar skal með skyldmennum inn- eða útflytjanda í atvinnuleit telja konu hans og ófullveðja börn. Nú kemur fram umsókn um, að önnur skyldmenni, sem eru á framfæri inn- eða útflytjandans, skuli teljast með, og skal hún þá tekin til velviljaðrar athugunar.

V.

16. (1) Innflytjendur í atvinnuleit, sem fengið hafa leyfi til að setjast að í landinu, og skyldmenni þeirra, sem fengið hafa leyfi til þess að fylgja þeim eða flytja til þeirra, ættu, eftir því sem mögulegt er, að hafa aðgang að vinnu með sömu kjörum og landsins eigin borgarar.

(2) Í löndum, þar sem atvinna innflytjenda er háð takmörkunum, ætti, að svo miklu leyti sem unnt er, að hætta að beita þessum takmörkunum:

a. við innflytjendur, sem hafa búið í landinu um tíma, sem ekki sé yfirleitt lengri en 5 ár, og

b. við konu og börn á vinnualdri, sem fengið hafa leyfi til að fylgja innflytjandanum eða flytja til hans, á sama tíma og hætt er að beita þeim við innflytjandann.

17. Í löndum, þar sem fjöldi innflytjenda í atvinnuleit er nægilega mikill, ætti að hafa sérstakt eftirlit með starfskjörum slíkra verkamanna, og skal eftirlitið eftir atvikum framkvæmt annaðhvort af sérstökum eftirlitsmönnum, vinnueftirlitsmönnum eða öðrum starfsmönnum, sem sérhæfa sig til þessa starfa.

VI.

18. (1) Nú hefur innflytjandi í atvinnuleit fengið venjulegt leyfi til að setjast að í landi aðildarríkis, og skal það aðildarríki þá, að svo miklu leyti sem unnt er, forðast að flytja innflytjandann eða skyldmenni hans þaðan vegna fátæktar hans eða ástandsins á vinnumarkaðnum, nema samið hafi verið um það milli þar til bærra stjórnvalda í hlutaðeigandi útflutnings- og innflutningslandi.

(2) Í sérhverjum slíkum samningi skal ákveða:

a. að tekið skuli tillit til þess, hve langan tíma innflytjandinn hafi verið í landinu, og að það sé meginregla, að enginn innflytjandi, sem verið hefur í landinu í fimm ár, verði fluttur burt;

b. að innflytjandinn verði að hafa neytt til fulls réttar síns til styrks frá atvinnuleysistryggingunum;
c. að gefa innflytjandanum hæfilegan frest til þess, að hann hafi nægan tíma, einkum til þess að ráðstafa eignum sínum;
d. að gerðar séu nægilegar ráðstafanir varðandi flutning á honum og fjölskyldu hans;
e. að nauðsynlegar ráðstafanir séu gerðar til tryggingar því, að farið sé mannúðlega með hann og skyldmenni hans;
f. að innflytjandanum verði ekki gert að greiða kostnaðinn við heimsendingu hans og skyldmenna hans né flutning húsbúnaðar þeirra til lokaákvörðunarstaðar þeirra.

19. Stjórnvöld hlutaðeigandi landa skulu gera viðeigandi ráðstafanir til þess að hafa samráð við félög verkamanna og vinnuveitenda varðandi störf í sambandi við ráðningu, viðtöku og vistun inn- eða útflytjenda í atvinnuleit.

VII.

20. Nú koma útflytjendur í atvinnuleit eða skyldmenni þeirra, sem haldið hafa ríkisborgararétti í upprunalandi sínu, aftur þangað, og ætti það ríki þá að láta þá njóta góðs af öllum þeim reglum, sem gilda um veitingu fátækrahjálpar og atvinnuleysishjálpar, og fyrirgreiðslu um ráðningu atvinnulausra í vinnu að nýju með því að veita þeim undanþágu frá þeirri skyldu að fullnægja skilyrðum um fyrra aðsetur eða vinnu í því landi eða á þeim stað.

VIII.

21. (1) Þar, sem það á við, ættu aðildarríkin að bæta upp samþykktina um inn- og útflutning í atvinnuleit (endurskoðuð 1949) og fyrirfarandi greinar þessarar álitsgerðar með tvíhliða samningum, sem tiltaki aðferðirnar við beitingu grundvallarreglna þeirra, sem settar eru í samþykktinni og álitsgerðinni.

(2) Við þessa samningagerð ættu aðildarríkin að taka tillit til fyrirmyndar þeirrar að samningi, sem fylgir þessari álitsgerð, þegar sett eru viðeigandi ákvæði um skipulagningu út- og innflutnings í atvinnuleit og ákvörðun skilyrða fyrir flutninga og ráðningar inn- eða útflytjenda í vinnu, þ. á m. flóttamanna og landleysingja.

VIÐAUKI

Fyrirmynd að samningi um fólksflutninga milli landa í atvinnuleit um stundarsakir eða til frambúðar, þar á meðal flutning landflótta manna og landleysingja.[1])

1. gr.

Skipting á upplýsingum.

1. Þar til bært stjórnvald í innflutningslandinu skal á vissum fresti gefa lögbæru stjórnvaldi í útflutningslandinu [eða sé um landflótta menn eða landleysingja að ræða, stofnun, sem sett er á fót í samræmi við ákvæði fjölþjóðlegs gernings og til þess að vernda landflótta menn og landleysingja, sem ekki njóta verndar neinnar ríkisstjórnar] upplýsingar um:

a. ákvæði laga og framkvæmdarvalds um komu, ráðningu, dvöl og *búsetningu* innflytjenda *og fjölskyldna þeirra;*

1) Skáletur á einkum við flutninga til annarra landa til frambúðar, en það sem er innan hornklofa á eingöngu við flutninga landflótta manna og landleysingja.

b. fjölda, flokkun og starfshæfni innflytjenda, sem óskað er eftir;
c. lífs- og starfskjör innflytjenda og einkum framfærslukostnað og lágmarkslaun eftir starfsgreinum og starfssvæðum, launauppbætur, ef þær eru nokkrar, hvers konar vinna er í boði, fyrirframgreiðslur við ráðningu, ef um þær er að ræða, skipan almannatrygginga og læknishjálpar, ákvæði um flutning á inn- eða útflytjendum, áhöldum þeirra og eignum, húsnæðismál, útvegun fæðis og klæða, ráðstafanir varðandi yfirfærslu sparifjár innflytjandans og annars fjár, sem greiða skal samkvæmt samningi þessum;
d. sérstakar hagsbætur fyrir innflytjendur, ef um þær er að ræða;
e. möguleika til almennrar menntunar og starfsþjálfunar innflytjenda;
f. *ráðstafanir, sem miða að því að flýta fyrir aðhæfingu innflytjenda;*
g. *aðferðir og formsatriði við öflun ríkisborgararéttar.*

2. Þar til bært stjórnvald í útflutningslandinu [eða sé um landflótta menn eða landleysingja að ræða, stofnun, sem sett er á fót í samræmi við ákvæði fjölþjóðlegs gernings til þess að vernda landflótta menn og landleysingja, sem ekki njóta verndar neinnar ríkisstjórnar] skal gefa hlutaðeigandi mönnum eða stofnunum upplýsingar þessar.
3. Þar til bært stjórnvald í útflutinngslandinu [eða sé um landflótta menn eða landleysingja að ræða, stofnun, sem sett er á fót í samræmi við ákvæði fjölþjóðlegs gernings til þess að vernda landflótta menn og landleysingja, sem ekki njóta verndar neinnar ríkisstjórnar] skal á vissum fresti gefa réttu stjórnvaldi í innflutningslandinu nauðsynlegar upplýsingar um:
   a. ákvæði laga og framkvæmdarvalds um útflutning fólks;
   b. fjölda og starfshæfni þeirra, sem ætla sér að flytja til annarra landa, *svo og um stærð fjölskyldna þeirra;*
   c. tilhögun almannatrygginganna;
   d. sérstakar hagsbætur fyrir útflytjendur, ef um þær er að ræða;
   e. *umhverfi það og lífskjör, sem útflytjendurnir hafa vanizt;*
   f. *gildandi reglur um útflutning fjármagns.*
4. Þar til bært stjórnvald í innflutningslandinu skal gefa hlutaðeigandi mönnum eða stofnunum upplýsingar þessar.
5. Upplýsingar þær, sem nefndar eru í 1.—4. tölulið hér að framan, skulu samningsaðilar einnig senda Alþjóðavinnumálaskrifstofunni.

2. gr.

Ráðstafanir gegn villandi áróðri.

1. Samningsaðilarnir eru ásáttir um að gera allar hentugar ráðstafanir gegn villandi áróðri varðandi út- og innflutning fólks, að því er snertir lönd þeirra og að svo miklu leyti sem lög og reglugerðir landsins leyfa.
2. Með þetta fyrir augum munu samningsaðilarnir hafa samvinnu við þar til bær stjórnvöld annarra landa, sem hlut eiga að máli, þar sem það á við.

3. gr.

Stjórnarfarsleg formsatriði.

Samningsaðilar eru ásáttir um að gera ráðstafanir til þess að, flýta fyrir og einfalda framkvæmd stjórnarfarslegra formsatriða varðandi brottför, ferðir, komu, dvöl *og búsetningu* innflytjenda svo og skyldmenna þeirra, eftir því sem unnt er. Ráðstafanir þessar skulu m. a. fólgnar í því, að séð sé fyrir túlkum, ef nauðsyn krefur.

4. gr.

Gildi skjala.

1. Samningsaðilar skulu ákveða, hvaða skilyrðum skuli fullnægja til þess að skjöl, sem gefin eru út af þar til bæru stjórnvaldi í útflutningslandinu varðandi útflytjendur *og skyldmenni þeirra,* séu tekin gild í innflutningslandinu [eða sé um landflótta menn eða landleysingja að ræða, þá útgefin af stofnun, sem sett hefur verið á fót í samræmi við ákvæði fjölþjóðlegs gernings til þess að vernda landflótta menn og landleysingja, sem ekki njóta verndar neinnar ríkisstjórnar] að því er snertir:
   a. borgaralega stöðu þeirra;
   b. réttarstöðu;
   c. starfshæfni;
   d. almenna menntun og fagþjálfun;
   e. þátttöku í almannatryggingum.
2. Samningsaðilarnir skulu einnig ákveða, hvernig slík viðurkenning skuli framkvæmd.

[3. Þegar um er að ræða landflótta menn eða landleysingja, skal þar til bært stjórnvald í innflutningslandinu viðurkenna gildi hvers konar skjala, sem gefin eru út af þar til bæru stjórnvaldi í útflutningslandinu í stað vegabréfa, og þó sér í lagi skjala, sem gefin eru út í samræmi við ákvæði fjölþjóðlegs samnings, (t. d. skjala í samræmi við samninginn frá 15. október 1946 og Nansens vegabréf).]

5. gr.

Skilyrði fyrir og mælikvarði á út- og innflutningi fólks.

1. Samningsaðilarnir skulu í sameiningu ákveða:
   a. hverjar kröfur skuli gera til inn- eða útflytjenda *og skyldmenna þeirra,* að því snertir aldur, hreysti og heilbrigði, svo og starfshæfni í hinum ýmsu starfsgreinum;
   b. *hver skyldmenna útflytjendanna fái leyfi til að fylgja þeim eða flytja til þeirra síðar.*
2. Einnig skulu samningsaðilarnir ákveða í samræmi við 28. gr. samnings þessa:
   a. hversu marga útflytjendur megi ráða á tilteknum tíma og skiptingu þeirra eftir starfsgreinum;
   b. af hvaða svæðum útflytjendur skuli ráðnir og hvar þeir skuli vistast eða setjast að. [Þó skal, þegar um landflótta menn eða landleysingja er að ræða, fela ákvörðun á ráðningarsvæði stofnun, sem komið er á fót í samræmi við ákvæði fjölþjóðlegs gernings, og ber að annast vernd flóttamanna og landlausra, sem ekki njóta verndar neinnar ríkisstjórnar.]
3. Til þess að ráðnir séu þeir útflytjendur, sem innflutningslandið þarfnast og geta auðveldlega lagað sig að aðstæðum þar, skulu samningsaðilarnir ákveða mælikvarða fyrir tæknilegt val útflytjenda.
4. Við ákvörðun þessa mælikvarða skulu báðir samningsaðilar taka til athugunar:
   a. að því er snertir val frá heilbrigðissjónarmiði:
      (i) hvers konar læknisrannsókn útflytjendur skulu ganga undir (almenna læknisskoðun, röntgenskoðun, skoðun á rannsóknarstofu o. s. frv.);
      (ii) samningu lista yfir þá sjúkdóma og líkamlega ágalla, sem greinilega valda áhæfni til starfa í ákveðnum greinum;
      (iii) lágmarksákvæði um heilbrigði, sem sett eru með alþjóðlegum samþykktum varðandi fólksflutninga frá einu landi til annars;

b. að því er snertir val eftir starfsgreinum:
   (i) hæfni, sem krafizt er af innflytjendum, að því er snertir hverja sérstaka starfsgrein eða flokk starfsgreina;
   (ii) yfirlit yfir hinar ýmsu starfsgreinir, sem svipaða hæfni eða dugnað þarf til af verkamannsins hálfu, með það fyrir augum að fullnægja þörfum sérstakra starfsgreina, sem erfitt er að ráða nægilega marga hæfa verkamenn í;
   (iii) þróun sálfræðilegra rannsókna;
c. að því er snertir val, er byggist á aldri innflytjandans, skal aldursflokkunin ekki tekin strangt, svo að tekið sé tillit til þarfa hinna mismunandi starfsgreina annars vegar og mismunandi starfsgetu mismunandi einstaklinga á ákveðnum aldri.

6. gr.

Skipulagning á ráðningu, viðtöku og vistum.

1. Stofnanir eða einstaklingar, sem annast ráðningu, viðtöku og vistun inn- eða útflytjenda *og skyldmenna þeirra,* skulu tilnefnd af þar til bærum stjórnvöldum í hlutaðeigandi löndum [eða sé um landfótta menn eða landleysingja að ræða, þá skal þessi tilnefning gerð annars vegar af stofnun, sem sett er á fót í samræmi við ákvæði fjölþjóðlegs gernings og annars vernd flóttamanna og landlausra, sem ekki njóta verndar neinnar ríkisstjórnar, og hins vegar af þar til bæru stjórnvaldi í innflutningslandinu að tilskildu samþykki beggja samningsaðila.]
2. Að teknu tilliti til ákvæða eftirfarandi málsgreina, skulu störf við ráðningu, viðtöku og vistun aðeins falin:
   a. opinberum vinnumiðlunarskrifstofum eða öðrum opinberum stofnunum í landi, þar sem starfsemi þessi fer fram;
   b. opinberum stofnunum í öðru landi en því, er starfsemi þessi fer fram í, og hafa þær með samningi milli samningsaðila fengið leyfi til að starfa þar í landi;
   c. stofnunum, sem settar eru á fót í samræmi við ákvæði fjölþjóðlegs gernings.
3. Auk þessa má, að svo miklu leyti, sem lög og reglugerðir samningsaðilanna leyfa og að tilskildu samþykki og eftirliti þar til bærra stjórnvalda í samningsríkjunum, fela störf við ráðningu, viðtöku og vistun:
   a. væntanlegum vinnuveitanda eða manni í þjónustu hans, sem kemur fram fyrir hans hönd; og
   b. einkastofnunum.
4. Kotnaður við framkvæmd ráðningar, viðtöku og vistun skal ekki greiddur af inn- eða útflytjandanum.

7. gr.

Rannsóknir í sambandi við val.

1. Menn, sem ætla að flytja til annars lands, skulu ganga undir viðeigandi rannsókn í útflutningslandinu. Þessar rannsóknir ættu að vera þeim til sem minnstra óþæginda.
2. Með tilliti til skipulagningar á vali útflytjenda skulu samningsaðilar semja um:
   a. viðurkenningu og samsetningu þeirra stofnana hins opinbera og einstaklinga, sem fengið hafa leyfi þar til bærs stjórnvalds í innflutningslandinu til þess að framkvæma val útflytjenda í útflutningslandinu;
   b. skipulagningu á rannsóknum í sambandi við val, hvar þær skuli fara fram og skiptingu kostnaðar, er af þessum rannsóknum leiðir;
   c. samvinnu milli þar til bærra stjórnvalda í báðum samningsríkjum, einkum vinnumiðlunarstofnana þeirra, um skipulagningu vals útflytjenda.

8. gr.

Upplýsingar og aðstoð til inn- og útflytjenda.

1. Innflytjandi, sem fengið hefur viðtöku að loknum rannsóknum á heilbrigði og starfhæfni, skal fá allar þær upplýsingar, sem hann enn kann að vanta, varðandi tegund þess starfs, sem hann hefur verið ráðinn til, svæði það, sem hann á að vinna á, fyrirtæki, sem hann er ráðinn við, ráðstafanir í sambandi við ferðir og starfs- og lífsskilyrði, þ. á m. heilbrigði í landi því og héraði, sem hann er að fara til. Upplýsingar þessar skulu gefnar á máli, sem innflytjandinn skilur.
2. Við komu sína til ákvörðunarlandsins og á móttökustöð, ef hún er nokkur, eða á aðsetursstað sínum, skulu innflytjendur *og skyldmenni þeirra* fá öll þau skjöl, sem þeir þarfnast vegna vinnu sinnar, dvalar *og búsetningar* í landinu, svo og upplýsingar, ráð og leiðbeiningar um starfs- og lífskjör og einnig hvers konar aðstoð sem þeir kunna að þarfnast til þess að laga sig að aðstæðunum í innflutningslandinu.

9. gr.

Menntun og starfsþjálfun.

Samningsaðilarnir skulu samræma starfsemi sína varðandi skipulagningu námskeiða fyrir inn- og útflytjendur, þar sem veittar séu almennar upplýsingar um innflutningslandið, kennslu í máli þess lands og starfsþjálfun.

10. gr.

Skipti á iðnnemum.

Samningsaðilarnir eru ásáttir um að stuðla að skiptum á iðnnemum og að ákveða í sérstökum samningi reglur um slík skipti.

11. gr.

Ákvæði um flutninga.

1. Útflytjendur *og skyldmenni þeirra* skulu njóta hvers konar aðstoðar, sem þeir kunna að þarfnast meðan á för þeirra stendur frá heimili þeirra til þess staðar, þar sem þeir skulu safnast saman eða úrval þeirra fer fram, svo og meðan á dvöl þeirra á nefndum stað stendur. Aðstoð þessi skal veitt af þar til bæru stjórnvaldi í útflutningslandinu [eða sé um flóttamenn eða landlausa að ræða, þá skal þessi aðstoð veitt af stofnun, sem sett er á fót í samræmi við ákvæði fjölþjóðlegs gernings til þess að vernda flóttamenn og landlausa, sem ekki njóta verndar neinnar ríkisstjórnar].
2. Þar til bær stjórnvöld út- og innflutningslandsins skulu, hver í sínu umdæmi, tryggja heilbrigði og velferð inn- eða útflytjenda *og skyldmenna þeirra* meðan á för þeirra stendur frá þeim stað, sem þeir eiga að safnast saman á eða úrval þeirra fer fram, til vinnustaðar þeirra og dvöl þeirra á móttökustöðvum, ef þær eru til, og veita þeim aðstoð.
3. Flutningar á inn- og útflytjendum *og skyldmennum* þeirra skulu fara fram á þann hátt, sem hæfir fólki og er í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.
4. Samningsaðilarnir skulu semja um skilyrði og aðferðir við beitingu ákvæða þessarar greinar.

12. gr.

Ferða- og framfærslukostnaður.

Samningsaðilarnir skulu semja um, hvernig greiða skuli kostnað við ferðir útflytjenda *og skyldmenna þeirra* frá heimili þeirra til ákvörðunarstaðar svo og

kostnaðinn við framfærslu þeirra á leiðinni, veikinda- og sjúkrahúsakostnað og kostnað við flutninga á eignum þeirra.

13. gr.

Yfirfærsla peninga.

1. Þar til bært stjórnvald í útflutningslandinu, skal að svo miklu leyti sem það er mögulegt og í samræmi við lög landsins og reglugerðir um inn- og útflutning erlends gjaldeyris, leyfa og greiða fyrir því, að inn- og útflytjendur *og skyldmenni* þeirra geti flutt frá landi sínu upphæðir, sem þeir kunna að þarfnast á byrjunarstigi hinnar nýju búsetu sinnar erlendis.
2. Þar til bært stjórnvald í innflutningslandinu skal, að svo miklu leyti sem það er mögulegt og í samræmi við lög landsins og reglugerðir, leyfa og greiða fyrir því, að innflytjendur geti á vissum fresti yfirfært til útflutningslandsins sparifé og annað fé, sem þeir eiga rétt á samkvæmt samningi þessum.
3. Yfirfærslur þær, sem nefndar eru í 1. og 2. málsgrein hér að framan, skulu fara fram með gildandi opinberu gengi.
4. Samningsaðilarnir skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að einfalda og flýta fyrir formsatriðum varðandi yfirfærslu peninga, svo að peningar þessir komist sem fyrst í hendur móttakendum.
5. Samningsaðilarnir skulu ákveða, hvort og með hvaða skilyrðum skylda megi innflytjanda til þess að senda hluta af launum sínum til framfærslu fjölskyldu hans, sem dvelur í heimalandi hans eða í landi því, sem hann flutti frá.

14. gr.

Aðhæfing og öflun ríkisfangs.

Þar til bært stjórnvald í innflutningslandinu skal gera ráðstafanir til þess að auðvelda innflytjendum og skyldmennum þeirra að semja sig að loftslagi, fjárhags- og félagsmálaástandi í landinu og gera þeim auðveldara að öðlast ríkisborgararétt.

15. gr.

Eftirlit með lífs- og starfskjörum.

1. Séð skal um, að þar til bært stjórnvald eða stofnanir, sem til þess eru löggiltar í innflutningslandinu, hafi eftirlit með lífs- og starfskjörum, sem innflytjendur búa við, þar á meðal hollustuháttum.
2. Að því er snertir fólk, sem flytur til annarra landa um stundarsakir, skulu samningsaðilarnir, þar sem það á við, sjá um, að löggiltir fulltrúar frá útflutningslandinu [eða, sé um flóttamenn og landlausa að ræða, frá stofnun, sem sett hefur verið á fót í samræmi við ákvæði fjölþjóðlegs gernings til þess að annast vernd flóttamanna og landlausra, sem ekki njóta verndar neinnar ríkisstjórnar] hafi samvinnu við þar til bært stjórnvald eða löggiltar stofnanir í innflutningslandinu um framkvæmd þessa eftirlits.
3. Um ákveðinn tíma, sem tiltekinn sé af samningsaðilunum, skulu innflytjendur fá sérstaka aðstoð í málum, sem snerta ráðningarkjör þeirra.
4. Aðstoð í sambandi við ráðningar- og lífskjör innflytjenda má annaðhvort veita með milligöngu hins almenna vinnueftirlits innflutningslandsins eða sérstaks eftirlits fyrir innflytjendur í samvinnu við viðurkennd frjáls félagssamtök, þar sem það á við.
5. Þar, sem það á við, skal séð um það, að samvinna sé milli fulltrúa útflutningslandsins [eða sé um flóttamenn eða landleysingja að ræða, stofnunar, sem sett er á fót í samræmi við ákvæði fjölþjóðlegs gernings til þess að annast vernd flóttamanna og landleysingja, sem ekki njóta verndar neinnar ríkisstjórnar] og þessa eftirlits.

16. gr.

Lausn deilumála.

1. Nú rís deila milli inflytjanda og vinnuveitanda hans, og skal hinum fyrr nefnda þá fært að leita til viðeigandi dómstóla eða fá uppreisn sinna mála á annan hátt í samræmi við lög og reglugerðir innflutningslandsins.
2. Stjórnvöldin skulu koma á fót þeim stofnunum öðrum, sem nauðsynlegar eru til að leysa deilur, sem rísa út af samningnum.

17. gr.

Jafnrétti.

1. Þar til bært stjórnvald í innflutningslandinu skal veita innflytjendum *og skyldmennum* þeirra eigi lakari aðstöðu en landsins eigin borgurum eru veittar með lögum, reglugerðum eða heildarsamningum, að því er snertir ráðningu í vinnu, sem þeir eru færir um.
2. Slíkt jafnrétti skal án tillits til þjóðernis, kynþáttar, trúarbragða eða kynferðis gilda um innflytjendur, sem löglega eru komnir til innflutningslandsins, að því er snertir:
   a. (i) laun, þar með taldar fjölskyldubætur, þar sem þær eru hluti launa, vinnutíma, vikulega hvíldardaga, yfirvinnu, orlof með launum og aðrar reglur um vinnu, þar á meðal um takmarkanir á heimavinnu, ákvæði um lágmarksaldur, vinnu kvenna og unglinga;
      (ii) aðilda að stéttarfélögum og rétt til að njóta góðs af heildarsamningum;
      (iii) aðgang að skólum, iðnnámi svo og námskeiðum og skólum, þar sem starfsþjálfun eða tæknileg þjálfun fer fram, enda komi þetta ekki í bág við borgara innflutningslandsins;
      (iv) ráðstafanir í sambandi við fristundir og velferð, að svo miklu leyti sem málum þessum er skipað með lögum eða reglugerðum eða þau eru háð eftirliti handhafa framkvæmdarvalds;
   b. skatta og gjöld, sem greiða ber fyrir vinnandi fólk;
   c. hollustuhætti, öryggi og læknishjálp;
   d. málaferli í sambandi við atriði þau, sem samningur þessi fjallar um.

18. gr.

Um aðgang að iðngreinum og starfsgreinum og réttinn til að eignast fasteignir. Jafnrétti skal einnig gilda um:

a. *aðgang að iðngreinum og starfsgreinum, að svo miklu leyti sem lög og reglugerðir landsins leyfa;*
b. *það, er menn eignast, eiga eða láta af hendi fasteignir í kaupstöðum eða sveitum.*

19. gr.

Um vistir.

Innflytjendur *og skyldmenni* þeirra skulu jafnt settir innlendum verkamönnum í sömu starfsgreinum að því er það snertir að sjá þeim fyrir vistum.

20. gr.

Húsnæðismál.

Þar til bært stjórnvald í innflutningslandinu skal tryggja það, að innflytjendur *og skyldmenni* þeirra hafi heilnæmt og hæfilegt húsnæði, að svo miklu leyti sem nauðsynlegt húsnæði er fáanlegt.

21. gr.

Félagslegt öryggi.

1. Samningsaðilar skulu báðir ákveða með sérstökum samningi aðferðir við framkvæmd almannatrygginga fyrir innflytjendur og skyldulið hans.
2. *Í þessum samningi skal ákveða, að þar til bært stjórnvald í innflutningslandinu skuli gera ráðstafanir til þess að tryggja innflytjendum og skylduliði þeirra, að þeir skuli ekki sæta lakari kjörum en landsins eigin borgarar, nema í þeim tilfellum er sérstök búsetuskilyrði gilda fyrir þá síðar nefndu.*
3. *Í samningnum skulu vera viðeigandi ákvæði um það, að innflytjandinn haldi þeim réttindum, sem hann hefur áunnið sér eða er að ávinna sér, og skulu ákvæði þessi samin með fullu tilliti til grundvallarreglna, sem felast í Samþykkt frá 1935 um viðhald réttar inn- eða útflytjanda til styrkja svo og hvers konar breytinga á þeirri samþykkt.*
4. Samningurinn skal kveða svo á, að þar til bært stjórnvald í innflutningslandinu skuli sjá um, að menn, sem flytja til landsins um stundarsakir, og skyldulið þeirra sæti ekki lakari kjörum en landsins eigin borgarar, þó þannig, að þegar um skyldutryggingar er að ræða, séu gerðar ráðstafanir til þess, að innflytjandinn haldi þeim réttindum, sem hann hefur áunnið sér eða er að ávinna sér.

22. gr.

Vinnusamningar.

1. Í löndum, þar sem menn nota fyrirmyndarsamninga, skulu einstakir vinnusamningar innflytjenda byggðir á fyrirmyndarsamningi, sem gerður hefur verið af samningsaðilum fyrir helztu greinar atvinnulífsins.
2. Í hinum einstöku vinnusamningum skal greina almenn ráðningar- og vinnuskilyrði, sem ákveðin eru í hlutaðeigandi fyrirmyndarsamningi, og skulu þeir þýddir á mál, sem inn- eða útflytjandinn skilur. Eintak af samningnum skal afhent inn- eða útflytjandanum fyrir brottför hans frá útflutningslandinu eða á móttökustað við komuna til innflutningslandsins, ef báðir hlutaðeigandi samningsaðilar eru ásáttir um það. Í síðara tilfellnu skal útflytjandanum tilkynnt fyrir brottför hans, í hvaða starfsgrein hann á að ráðast og um önnur vinnuskilyrði, sérstaklega um það, hver lágmarkslaun séu tryggð. Tilkynning þessi skal vera skrifleg og stíluð annaðhvort til hans sérstaklega eða til útflytjendahóps, sem hann er í.
3. Hver einstakur vinnusamningur skal innihalda nauðsynlegar upplýsingar, svo sem:
   a. fullt nafn verkamannsins, fæðingardag hans og fæðingarstað, sifjabönd, heimili hans og ráðningarstað;
   b. hvers konar starf um er að ræða og hvar það skuli unnið;
   c. í hvaða starfsgrein hann sé ráðinn;
   d. um greiðslu fyrir venjulegan vinnutíma, eftirvinnu, næturvinnu og helgidaga og hvernig launin skuli greidd;
   e. uppbætur og aukagreiðslur, ef þær eru nokkrar;
   f. með hvaða skilyrðum og í hve ríkum mæli vinnuveitandanum leyfist að draga frá launum;
   g. skilyrði varðandi fæði, ef vinnuveitandinn á að láta það í té;
   h. hve lengi samningurinn skuli gilda og skilyrðin fyrir endurnýjun hans og uppsögn;
   i. með hvaða skilyrðum koma til innflutningslandsins og búseta þar er leyfð;
   j. á hvern hátt kostnaðurinn við ferð útflytjandans *og skyldmenna hans* skuli greiddur;

k. á hvern hátt skuli greiða kostnaðinn við heimför útflytjandans til heimalands hans eða þangað, sem hann var ráðinn, eftir því sem við á, þegar um útflutning um stundarsakir er að ræða;
l. af hvaða ástæðum rifta megi samningnum áður en samningstíminn er útrunninn.

23. gr.

Skipti á vinnu.

1. Nú telur þar til bært stjórnvald í innflutningslandinu, að vinna, sem innflytjandinn er ráðinn til, hæfi ekki hreysti hans eða starfshæfni, og skal það þá greiða fyrir ráðningu slíks innflytjanda í vinnu, er hæfi hreysti hans og hæfni og hægt er samkvæmt lögum og reglugerðum að ráða hann í.
2. Með sérstökum samningi skal setja reglur um framfærslu innflytjandans *og skyldmenna hans, sem honum ber að framfæra og fengið hafa leyfi til að fylgja honum eða flytja til hans* á atvinnuleyfistímanum.

24. gr.

Stöðugleiki vinnunnar.

1. Ef innflytjandanum verður ofaukið í starfi því eða starfsgrein, sem hann var ráðinn til, áður en samningstími hans er útrunninn, þá skal þar til bært stjórnvald í innflutningslandinu, að teknu tilliti til ákvæða samningsins, greiða fyrir ráðningu nefnds innflytjanda í annað starf, sem honum hæfir og hægt er samkvæmt lögum eða reglugerðum að ráða hann í.
2. Nú á innflytjandinn ekki rétt á atvinnuleysisstyrk eða aðstoð, og skal þá í sérstökum samningi setja reglur um framfærslu hans og þeirra skyldmenna hans, sem eru á framfæri hans, meðan hann er atvinnulaus, að svo miklu leyti sem það er ekki andstætt ákvæðum samnings hans.
3. Nú riftir vinnuveitandinn samningnum, og skulu þá ákvæði þessarar greinar ekki skerða rétt innflytjandans til þess að njóta góðs af ákvæðum, sem í honum kunna að felast.

25. gr.

Ákvæði um nauðungarflutninga til heimalands.

1. Nú getur innflytjandi ekki unnið sitt starf vegna veikinda eða slyss, og skuldbindur þar til bært stjórnvald sig þá til að láta ekki senda hann *né skyldmenni hans, sem fengið hafa leyfi til að fylgja honum eða flytja til hans,* heim til lands þess, sem hann flutti frá, nema hann óski þess sjálfur.
2. Ríkisstjórn innflutningslandsins skuldbindur sig til þess að senda ekki flóttamenn, landleysingja og innflytjendur, sem ekki vilja fara aftur til upprunalands síns af pólitískum ástæðum, aftur til þess lands, þegar það er annað land en ráðning þeirra fór fram í, nema þeir beri fram formlega ósk um það með skriflegri beiðni, er stíluð sé til lögbærs stjórnvalds í innflutningslandinu og fulltrúa stofnunar, sem sett hefur verið á fót í samræmi við ákvæði fjölþjóðlegs gernings og ber að annast vernd flóttamanna og landlausra, sem ekki njóta verndar neinnar ríkisstjórnar.

26. gr.

Heimför.

1. Nú er maður, sem flutt hefur til annars lands á vegum ríkisstjórnar innflutningslandsins, neyddur til þess að fara úr starfi án þess um sök sé að ræða hjá honum, og ekki er samkvæmt lögum eða reglugerðum hægt að ráða hann í vinnu, sem honum hæfir, og skal þá kostnaðurinn við heimför hans greiddur þannig:

a. Kostnaðurinn við heimför útflytjandans og fólks, sem er á framfæri hans, skal aldrei falla á hann sjálfan.
b. Í tvíhliða aukasamningum skal ákveða, á hvern hátt kostnaðurinn við þessa heimför skuli greiddur.
c. Jafnvel þótt engin ákvæði um þetta felist í tvíhliða samningi, skal í upplýsingum þeim, sem útflytjendur fá, um leið og ráðing fer fram, tiltaka, hvaða einstaklingur eða stofnun beri ábyrgð á greiðslu kostnaðar við heimför í þeim tilfellum, sem þessi grein ræðir um.

2. Í samræmi við hætti þá við samvinnu og samráð, sem samþykktar eru í 28. grein þessa samnings, skulu báðir samningsaðilar ákveða nauðsynlegar ráðstafanir til að skipuleggja heimför nefndra manna og að tryggja þeim sömu skilyrði að því er snertir heilnæmi, velferð og aðstoð og þeir nutu á ferðinni að heiman.
3. Þar til bært stjórnvald í útflutningslandinu skal undanþiggja eftirfarandi hluti tollum við endurkomuna:
   a. persónulegar eignir;
   b. handverkfæri og útbúnað, sem hægt er að bera með sér og eru af þeirri gerð, sem verkamenn eiga venjulega til þess að nota við sín sérstöku störf og hafa verið í eigu þeirra og notuð af þeim um nokkurn tíma og eru ætluð þeim til afnota við störf þeirra.

27. gr.

Tvöföld skattaálagning.

Samningsaðilar skulu báðir ákveða í sérstökum samningi ráðstafanir þær, sem gera ber til þess að komast hjá tvöfaldri álagningu skatta á laun út- eða innflytjanda.

28. gr.

1. Samningsaðilar skulu koma sér saman um þann hátt á samráði og samvinnu, sem nauðsynlegur er við framkvæmd ákvæða samningsins.
2. Þegar fulltrúar beggja aðila óska þess, skal Alþjóðavinnumálastofnunin taka þátt í slíku samráði og samvinnu.

29. gr.

Lokaákvæði.

1. Samningsaðilarnir skulu ákveða, hversu lengi samningurinn gildi og lengd uppsagnarfrestsins.
2. Samningsaðilarnir skulu ákveða, hvaða ákvæði samnings þessa skulu gilda áfram eftir að hann gengur úr gildi.

XI. Samþykkt nr. 98 um beitingu grundvallarreglnanna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega.

1. gr.

1. Verkamenn skulu tilhlýðilega verndaðir fyrir því, að þeir séu látnir gjalda þess um atvinnu, að þeir eru félagsbundnir.
2. Slík vernd skal sérstaklega beinast að athöfnum, sem miða að því:
   a) *að* binda ráðningu verkamanna til vinnu því skilyrði, að þeir gangi ekki í stéttarfélag eða segi sig úr slíku félagi;
   b) *að* verkamönnum sé sagt upp vinnu eða þeim gert annað ógagn vegna hlutdeildar sinnar í félagsskap, þátttöku í félagsstarfsemi utan vinnutíma eða í vinnutíma með samþykki vinnuveitandans.

2. gr.

1. Félög vinnuveitenda og verkamanna skulu njóta nægilegrar verndar gegn afskiptum hverra af öðrum við stofnun þeirra, starfsemi og stjórn, hvort sem þau afskipti eru bein eða framkvæmd af umboðsmönnum eða meðlimum slíkra félaga.
2. Einkum skulu athafnir þær, sem miða að því að stuðla að stofnun verkalýðsfélaga undir yfirráðum vinnuveitenda eða félagssamtaka þeirra, eða að styrkja verkalýðsfélög fjárhagslega eða á annan hátt í því skyni að koma þeim undir stjórn vinnuveitenda eða félagssamtaka þeirra, taldar afskipti í merkingu þessarar greinar.

3. gr.

Þar, sem nauðsyn krefur, skal koma á ráðstöfunum, sem við eiga eftir aðstæðum hjá hverri þjóð, til tryggingar því, að félagafrelsið, eins og það er skýrt í undanfarandi greinum, skuli í heiðri haft.

4. gr.

Þar, sem nauðsyn krefur, skulu gerðar ráðstafanir, eftir því sem við á hjá hverri þjóð, til þess að hvetja og efla til fullrar þróunar í hagnýtingu aðstæðnanna til sjálfviljugra samninga milli vinnuveitenda eða félaga þeirra og verkamanna með skipan ráðningar- og vinnuskilyrða með sameiginlegum samningum fyrir augum.

5. gr.

1. Ákveða skal með lögum eða reglugerðum hvers lands, að hve miklu leyti ákvæði samþykktar þessarar skuli ná til hermanna og lögreglumanna.
2. Í samræmi við grundvallarreglu 8. mgr. 19. greinar stjórnarskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skal fullgilding aðildarríkis á samþykkt þessari ekki talin hafa áhrif á nokkur gildandi lög, úrskurði, venju eða samkomulag, sem veita hermönnum eða lögreglumönnum einhver þau réttindi, sem tryggð eru með þessari samþykkt.

6. gr.

Samþykkt þessi tekur ekki til stöðu opinberra starfsmanna, sem vinna að stjórnarframkvæmdum ríkisins, né heldur skal hún skilin á þann veg, að hún skerði rétt þeirra eða stöðu á nokkurn hátt.

7.—16. gr.

(Samhljóða 10.—19. gr. samþykktar nr. 94.)

XII. Álitsgerð nr. 87 um aðstoð við stöðuval.

I. Almenn ákvæði.

1. Í álitsgerð þessari merkir „aðstoð við stöðuval“ aðstoð, sem einstaklingi er látin í té við að ráða fram úr vandamálum í sambandi við stöðuval og frama í starfi með fullu tilliti til eiginleika einstaklinganna og möguleika þeirra í starfi.
2. Aðstoð við stöðuval byggist á frjálsu og óháðu vali einstaklingsins. Aðaltilgangur hennar er að gefa honum fullkomið tækifæri til persónulegs þroska og starfsgleði, en fullt tillit skal tekið til þess, að vinnuafl þjóðarinnar sé sem bezt nýtt.
3. Aðstoð við stöðuval er stöðug starfsemi, og grundvallarmarkmið hennar eru þau sömu, hvað sem líður aldri þeirra einstaklinga, sem aðstoðar njóta. Þessi markmið hafa beina þýðingu fyrir velferð einstaklinganna hvar sem er og hagsæld allra landa.

4. Aðstoð við stöðuval skal samræmd sérstökum þörfum hvers lands og skal komið á smátt og smátt. Þróun hennar í hverju landi ætti að byggjast á útbreiddum skilningi á tilganginum með þessari starfsemi, uppbyggingu hæfilegs framkvæmdakerfis og á því, að látið sé í té tæknilega hæft starfslið.

II. Gildissvið.

5. Að svo miklu leyti sem mögulegt er með tilliti til stefnu og efnahags ríkisins og einstakra héraða skal opinber aðstoð við stöðuval veitt öllum þeim, sem þarfnast hennar.
6. Sérstakar ráðstafanir skal gera við hæfi:
   a. unglinga, þar á meðal skólafólks, sem þarfnast ráðlegginga í sambandi við það, að þeir hefja vinnu eða gera áætlanir um sína framabraut; og
   b. allra annarra, sem þarfnast ráðlegginga varðandi ráðningu í vinnu og önnur vandamál í sambandi við vinnu. Í þessari álitsgerð eru þessir menn hér á eftir nefndir „fullorðnir".

III. Grundvallarreglur og starfsaðferðir við stöðuval fyrir unglinga, þar á meðal skólafólk.

1. (1) Grundvallarreglurnar um aðstoð við stöðuval og markmið þeirrar starfsemi ættu að ákveðast í samvinnu milli skólanna og annarra, sem hafa afskipti af unglingum á því skeiði, sem þeir fara úr skólunum út í atvinnulífið, og vinnuveitenda- og verkamannafélaga með það fyrir augum, að sérhver unglingur, sem fær leiðbeiningar við stöðuval, verði aðnjótandi samræmdrar aðstoðar.
   (2) Þessi samvinna skal einnig fólgin í því, að leitað sé samráðs og samvinnu við foreldra og lögráðamenn, sem hlut eiga að máli, svo og félagssamtök foreldra, þar sem þau fyrirfinnast.
   (3) Við beitingu þessara grundvallarreglna skal taka tillit til þeirra aðalreglna, sem settar eru í V. hluta þessarar álitsgerðar um skipulagningu á framkvæmdaatriðum.
8. (1) Meðan á almennri skólagöngu stendur, skal undirbúningsaðstoð við stöðuval felast í náminu. Slík aðstoð ætti í byrjun að miða að því að gera unglingnum ljósar tilhneigingar hans, hæfileika og áhugamál, svo og að fræða hann um hin ýmsu störf og framabrautir í því skyni að auðvelda honum að laga sig að framtíðarstarfi sínu.
   (2) undirbúningsaðstoð við stöðuval skal veitt aukin áherzla á þeim stigum skólagöngunnar, þegar unglingurinn kann að kjósa að komast á sérstök vinnunámskeið eða leitar annarrar þjálfunar eða vinnu, er hann fer úr skóla.
   (3) Undirbúningsaðstoð við stöðuval skal meðal annars fólgin í því:
      a. að veittar séu viðtækar upplýsingar í hæfilegu formi um iðnir og starfsgreinir;
      b. að farið sé undir hæfilegu eftirliti í heimsóknir í iðnaðar- og verzlunarfyrirtæki og aðrar vinnustöðvar, þar sem ástæður í hlutaðeigandi ríki eða héraði leyfa; og
      c. að veittar séu leiðbeiningar með einkasamtölum auk hópsamtala og fyrirlestra.
9. Gefa ætti sérstakan gaum að aðferðum þeim við stöðuval unglinga, sem um ræðir í 10.—15. lið þessarar álitsgerðar, og hvetja til sem mestrar mögulegrar hagnýtingar þeirra.

10. (1) Sérhverjum unglingi, sem leitar aðstoðar við stöðuval, ætti að veita nægilegt tækifæri til þess að ráðfæra sig með samtölum við starfsmenn, sem annast aðstoð við stöðuval. Einkum gildir þetta þegar unglingurinn á kost á að velja sér sérstök þjálfunarnámkeið eða að fara úr skóla og taka upp aðra starfsmenntun (þ. á m. iðnnám) eða vinnu.
    (2) Samtalsformin ætti stöðugt að laga með það fyrir augum að tryggja sem fullkomnasta greiningu á hæfni einstaklingsins með tilliti til starfsmöguleika og krafna hinna ýmsu atvinnugreina.
11. Við aðstoð við stöðuval ætti, eftir því sem hæfilegt þykir, að notfæra yfirlit yfir framfarir í skóla, þ. á m., ef óskað er og við á í einstökum tilfellum, mat á dugnaði, námsafköstum, tilhneigingum og persónuleika einstaklingsins. Taka verður fullt tillit til leyndar þeirrar, sem verður að vera yfir einstökum atriðum í þessum upplýsingum.
12. (1) Möguleikar til læknisrannsókna á unglingum skulu notfærðir við aðstoð við stöðuval eftir því, sem við á, og auknir eftir því, sem nauðsyn krefur í því skyni.
    (2) Eftir því sem þörf krefur í hverju einstöku tilfelli, ætti að sjá fyrir ráðleggingum varðandi lækningar og aðra þá hjálp, sem kann að vera möguleg og gagnlegt við aðlögun að starfi.
13. (1) Þar, sem hægt er að koma því við, ætti að gefa kost á viðeigandi prófunum á hæfileikum og, ef þess er óskað, öðrum sálfræðilegum prófum til afnota við aðstoð við stöðuval, eftir því sem við á í hverju einstöku tilfelli.
    (2) Í hverju einstöku tilfelli ætti að gefa kost á ráðleggingum varðandi lækningar og aðra þá hjálp, sem kann að vera möguleg og gagnleg við aðlögun að starfi.
14. (1) Unglingar skulu með samtölum eða á annan hátt hafa aðgang að fullkomnum og áreiðanlegum upplýsingum um framavonir í hinum ýmsu iðnum og starfsgreinum, svo og um möguleika á ráðningu og þjálfun, með nægilegu tilliti til hæfileika, hreysti, óska og persónuleika hlutaðeigandi unglinga og framtíðarþarfa atvinnuveganna.
    (2) Í þessu sambandi ættu þar til bær stjórnvöld að halda uppi stöðugri samvinnu við aðrar þær stofnanir hins opinbera og einstaklinga, þ. á m. sérstaklega aðalsamtök vinnuveitenda og verkamanna, sem eru færar um:
        a. að láta í té upplýsingar um sennilega framtíðarmöguleika til að komast í einhverja iðngrein eða starfsgrein; og
        b. að aðstoða við undirbúning og gerð námssamninga og hafa eftirlit með framkvæmd þeirra.
15. Það skal einnig tekið til athugunar, hvort æskilegt sé að ganga úr skugga um hæfileika unglinga með því að sjá fyrir möguleikum til reynslu í starfi og á annan svipaðan hátt.
16. Taka skal til sérstakrar athugunar, að innan hinnar almennu aðstoðarstarfsemi sé komið á nægilegum og viðeigandi ráðstöfunum til aðstoðar unglingum í sveitum um stöðuval.
17. Taka skal til sérstakrar athugunar, að innan hinnar almennu leiðbeiningarstarfsemi og í samvinnu við viðeigandi aðila, sem fást við endurþjálfun, sé komið nægilegum og viðeigandi ráðstöfunum til aðstoðar við stöðuval fyrir unglinga, sem:
    a. er áfátt líkamlega eða andlega;
    b. hafa augljósa skapgerðargalla, sem eru þess eðlis, að þeir gera þeim erfitt eða ómögulegt að semja sig að starfi.
18. Þar til bær stjórnvöld ríkis og héraða ættu að hvetja til þess, að hagsbætur þær, sem aðstoð við stöðuval veitir, séu hagnýttar sjálfviljuglega, einkum að því er snertir:

a. unglinga, sem geta valið milli ýmissa starfsnámskeiða í skóla;
b. unglinga, sem eru að komast af skólaskyldualdri;
c. unglinga, sem eru að fara að leita sér vinnu í fyrsta skipti;
d. unglinga, sem sækja um að komast í iðnnám eða aðra starfsþjálfun.
e. unglinga, sem eru atvinnulausir, eru starfandi í þverrandi iðngreinum eða eru líklegir til að verða atvinnulausir;
f. unglinga, sem er líkamlega eða andlega áfátt, eða
g. unglinga, sem hafa þess konar skapgerðargalla, að erfitt eða ómögulegt er fyrir þá að semja sig að starfi.

19. Þar til bær stjórnvöld ættu að gera nauðsynlegar ráðstafanir í því skyni að greiða fyrir því, að framtíðaráætlanir unglinga um starf komist í framkvæmd, ef þær eru framkvæmanlegar. Í einstökum tilfellum, þar sem það á við, ætti að leggja fram tillögur um framkvæmd þessara áætlana, og veita skal aðstoð við að koma á nauðsynlegu sambandi við aðrar stofnanir eða einstaklinga, sem einnig annast ráðningu unglinga til þjálfunar eða vinnu í þeirri starfsgrein, sem þeir hafa valið sér.

20. (1) Þar til bær stjórnvöld ættu að gera ráðstafanir til þess að fylgjast með unglingunum til þess fyrst og fremst að aðstoða þá eftir föngum við að komast yfir örðugleika þá, sem verða á vegi þeirra að því marki, sem þeir hafa sett sér hvað starf snertir, svo og til þess að ganga úr skugga um það, hvort störf, sem þeir hafa valið sér, hæfa þeim.
(2) Þar sem því verður við komið, ættu í þessu eftirliti m. a. að felast almennar eftirgrennslanir með töku dæma til þess að kanna árangurinn af aðstoð við stöðuval í einstökum tilfellum og til þess að meta stefnu og aðferðir starfsemi þessarar. Þessar eftirgrennslanir ættu að gera það mögulegt að tryggja læknisfræðilegar upplýsingar í samvinnu við heilbrigðisþjónustuna á vinnustöðunum, ef mögulegt er.

IV. Grundvallarreglur og starfshættir við aðstoð við stöðuval fullorðinna (leiðsögn um stöðuval).

21. (1) Innan hinnar opinberu starfsemi, sem annast aðstoð við stöðuval, skal gera viðeigandi ráðstafanir varðandi fullorðna til þess að aðstoða hvern sem þarfnast aðstoðar við val á starfi eða skipti á starfi.
(2) Starfsemi sú, sem felst í veitingu þessarar aðstoðar, er í þessari álitsgerð nefnd leiðsögn um stöðuval.

22. Leiðsögn um stöðuval fullorðinna ætti, eftir því sem aðstæður í hverju landi leyfa og við á í hverju tilfelli, að fela í sér:
a. viðræður við ráðgjafa í stöðuvali;
b. rannsókn á reynslu hlutaðeiganda í fyrri störfum;
c. rannsókn á vitnisburðum úr skóla og öðrum vitnisburðum um menntun og þjálfun, sem hlutaðeigandi hefur hlotið;
d. læknisrannsókn;
e. viðeigandi prófun á hæfileikum og tilhneigingum svo og aðrar sálfræðilegar prófanir, ef þess verður óskað;
f. sönnun á hæfileikum með verklegum prófum og á annan svipaðan hátt;
g. tæknileg próf munnleg eða annars háttar, þar sem þau virðast nauðsynleg;
h. rannsókn á líkamshreysti í hlutfalli við þær kröfur, sem starfið gerir;
i. að látnar séu í té upplýsingar um möguleika til ráðningar og þjálfunar, miðað við hæfileika, líkamshreysti, tilhneigingar, óskir og reynslu hlutaðeiganda svo og þarfir vinnumarkaðsins;
j. að tekin séu dæmi til athugunar á því, hvort hlutaðeigandi hafi fengið starf við sitt hæfi, þjálfun eða endurþjálfun, svo og til þess að meta þær aðferðir og stefnur, sem fylgt er við leiðsögn við stöðuval.

23. (1) Þar til bærar stofnanir ríkis og héraða ættu að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að hvetja til aukinna frjálsra afnota af leiðsögn við stöðuval. Þegar um er að ræða:
    a. fólk, sem er að hefja vinnu í fyrsta sinn;
    b. fólk, sem hefur lengi verið atvinnulaust;
    c. fólk, sem er atvinnulaust eða búast má við að verði atvinnulaust vegna afturfarar í hlutaðeigandi iðngrein eða vegna breytinga á starfsaðferðum í henni, byggingu hennar eða staðsetningu;
    d. fólk, sem býr í sveitum, þar sem vinnuafli er ofaukið með hliðsjón af verandi og væntanlegum atvinnumöguleikum;
    e. fólk, sem óskar að njóta góðs af opinberri starfsþjálfun og endurþjálfun.
    (2) Gera ætti allar nauðsynlegar og möguleikar ráðstafanir til þess að efla innan ramma hinnar almennu aðstoðar og í samvinnu við viðeigandi aðila, sem annst endurþjálfun, ef hlutaðeigandi þarfnast slíkrar hjálpar, sérstaka leiðbeiningastarfsemi við stöðuval fyrir fullorðna með skert líkamsþrek eða þannig andlega bilaða, að það getur ekki samið sig að starfi.
    (3) Gera ætti allar nauðsynlegar og mögulegar ráðstafanir til þess að efla innan ramma hinnar almennu aðstoðar sérstakar ráðstafanir til leiðbeiningar við stöðuval fullorðinna tæknilega menntaðra manna, háskólamenntaðra, fastlaunaðra manna og yfirmanna.
24. Í sambandi við leiðbeiningastarfsemina skal taka sérstaklega til athugunar sérstakar aðferðir til tæknilegs úrvals verkafólks í sérstakar iðn- eða starfsgreinar.

V. Framkvæmdareglur.

25. Aðstoð við stöðuval unglinga og fullorðinna ætti að skipuleggja og samræma á grundvelli víðtækrar almennrar áætlunar, sem samin sé og bætt með tilliti til ástæðna á hverjum stað og hægt er að laga eftir breytingum á þeim aðstæðum.
26. Með það fyrir augum að auka leiðsögn og aðstoð við stöðuval ættu ríkisstjórnir (þ. á m. stjórnir einstakra ríkja í sambandsríkjum) að sjá um:
    a. veitingu nægilegs fjármagns til þessarar starfsemi;
    b. nægilega tæknilega aðstoð; og
    c. eflingu aðferða og gagna, sem nota megi um land allt.
27. Þar til bær stjórnvöld ættu að gera allar nauðsynlegar og æskilegar ráðstafanir til þess að tryggja raunhæfa samvinnu innan lands og héraðs og milli stofnana hins opinbera og einstaklinga, sem stunda leiðsögn eða aðstoð við stöðuval.

A. Ráðstafanir af hendi stjórnvalda varðandi aðstoð við stöðuval unglinga, þar á meðal skólaskyldra.

28. (1) Þar til bær stjórnvöld ættu að gera viðeigandi ráðstafanir til að samræma innan landsins og einstakra héraða stefnur og framkvæmdir á sviði aðstoðar við stöðuval, og skal í því sambandi taka hæfilegt tillit til ábyrgðar foreldranna og starfsemi einkastofnana við aðstoð við stöðuval.
    (2) Þessar ráðstafanir ættu einkum að beinast að því:
    a. að halda uppi raunhæfri opinberri starfsemi fyrir unglinga í samvinnu við aðrar stofnanir, sem áhuga hafa á þessu máli, eftir því sem við á, þannig að um tvíverknað verði ekki að ræða;
    b. greiða fyrir skiptum á upplýsingum, þó svo, að tekið sé fullt tillit til trúnaðarupplýsinga, er varða:
        (i) hve mikil og hvers konar þörfin fyrir aðstoð við stöðuval er og hversu víðtæk hún er nú;
        (ii) unglinga þá, sem sækja um aðstoð við stöðuval;
        (iii) iðnir, störf og starfsgreinar;

(iv) atvinnu- og þjálfunarmöguleika; og
(v) undirbúning og hagnýtingu þess efnis, sem þarf við aðstoð við stöðuval, þar með talin viðeigandi próf.

29. (1) Skilgreina ætti nákvæmlega valdsvið þeirra stjórnvalda, sem annast framkvæmd aðstoðar við stöðuval, bæði þeirra, sem taka til einstakra héraða og alls landsins.
(2) Með nægilegu tilliti til þessarar skiptingar valdsins ætti aðalábyrgðin að hvíla annaðhvort á:
a. þeim stjórnvöldum, sem annast menntamál, og þeim, sem annast vinnumiðlun, sameiginlega; eða
b. öðru hvoru þessara stjórnvalda, sem þá hafi nána samvinnu við hin.

30. (1) Fyrir milligöngu ráðgefandi nefnda ætti að gera viðeigandi ráðstafanir til þess, að höfð sé samvinna við fulltrúa vinnuveitenda og verkamanna um þróun stefnumála í aðstoð um stöðuval.
(2) Nefndir þessar ættu að starfa fyrir allt landið í heild og að svo miklu leyti sem unnt er fyrir einstök héruð, og í þeim ættu að vera fulltrúar frá þeim opinberum stofnunum og einkastofnunum, sem annast menntun, þjálfun þar á meðal iðnnám), aðstoð við stöðuval og önnur þau mál, sem varða beinlínis aðhæfingu unglinga að vinnu.

B. Stjórn á leiðbeiningum við stöðuval fullorðinna (leiðsögn um stöðuval).

31. (1) Stjórnarábyrgð á leiðsögn við stöðuval fullorðinna ætti fyrst og fremst að leggja á hina opinberu vinnumiðlun, með nægilegu tilliti til stjórnarábyrgðar, sem opinbert stjórnvald hefur falið menntastofnunum eða öðrum stofnunum.
(2) Hinar ýmsu opinberu vinnumiðlunarskrifstofur skulu, að svo miklu leyti sem unnt er, hafa innan sinna vébanda sérstakar deildir eða sérstakt starfsfólk til þess að annast leiðsögn við stöðuval.
(3) Að svo miklu leyti sem nauðsynlegt eða æskilegt þykir, skulu gerðar stjórnarfarslegar ráðstafanir til tryggingar samvinnu milli opinberrar vinnumiðlunar og sérstakra stofnana, sem settar eru á fót til þess að annast leiðsögn fyrir sérstaka flokka manna eða einstaklinga.

32. Gera skal sérstakar ráðstafanir að því er snertir landið í heild og einstök héruð til tryggingar því, að leiðsagnarstarfsemin sé skipulögð í nánu sambandi við:
a. alla aðra starfsemi vinnumiðlunarinnar;
b. aðra aðstoð við stöðuval;
c. mennta- og þjálfunarstofnanir;
d. stjórn atvinnuleysistrygginga og atvinnuleysishjálpar;
e. stjórn þjálfunar- og endurþjálfunarstarfsemi og annarrar starfsemi til eflingar færanleik vinnuaflsins milli starfsgreina og staða;
f. aðalsamtök vinnuveitenda og verkamanna; og
g. stofnanir hins opinbera og einstaklinga, sem aðstoða öryrkja við endurþjálfun.

VI. Þjálfun starfsmanna.

33. (1) Með það fyrir augum að tryggja nytsemi aðstoðar við stöðuval ætti þar til bært stjórnvald að tryggja ráðningu nægilega margra starfsmanna með nægilega þjálfun, reynslu og aðra hæfileika. Einnig ætti það, að svo miklu leyti sem unnt er, að skipuleggja sérstaka vísindalega og tæknilega þjálfun fyrir starfsfólk það, sem annast aðstoð við stöðuval. Hafa skal um þetta samráð við aðrar stofnanir, sem hlut eiga að máli, þar sem það á við.
(2) Ráðstafanir þær, sem gera ber, ættu að taka til þess:
a. að þar til bært stjórnvald setji lágmarkskröfur til hæfileika starfsmanna, sem annast aðstoð við stöðuval;

b. að þar til bært stjórnvald setji reglur um val starfsmanna á grundvelli slíkra hæfileika;
c. að skipulögð séu sérstök námskeið fyrir fólk, sem vill taka að sér leiðbeiningastörf;
d. að séð sé fyrir námskeiðum til þess að bæta við eða rifja upp kunnáttu starfsfólksins;
e. að þar til bært stjórnvald bjóði það góð ráðningar- og vinnuskilyrði, að að þau verði nægilega eftirsóknarverð til þess að hæft starfsfólk vilji hefja störf við þau eða halda þeim áfram.

(3) Taka skal til athugunar:
a. skipti á starfsfólki milli hinna ýmsu deilda starfseminnar;
b. útgáfu tæknilegra rita til þess að þroska starfshæfni starfsfólksins.

(4) Þar, sem það er gagnlegt, skulu aðildarríkin hafa samvinnu um menntun starfsliðsins og hagnýta sér aðstoð Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, ef þau óska þess.

VII. Rannsóknir og útbreiðslustarfsemi.

34. (1) Gera ætti sérstakar kerfisbundnar ráðstafanir til þess að efla rannsóknir hins opinbera og einstaklinga varðandi starfsaðferðir við aðstoð við stöðuval.
(2) Hin opinbera vinnumiðlun ætti að taka þátt í þessum rannsóknum.
(3) Þar, sem ástæður mæla með því, ættu slíkar rannsóknir að taka til atriða eins og:
a. hversu háttað er persónulegum viðtölum;
b. greiningar á kröfum þeim, sem gerðar eru í hinum ýmsu starfsgreinum;
c. miðlunar upplýsinga um hinar ýmsu iðnir og starfgreinar til afnota við veitingu aðstoðar við stöðuval;
d. rannsókna á hæfileikum og annarra sálfræðilegra rannsókna;
e. samningar fyrirmyndarforms fyrir aðstoð við stöðuval; og
f. aðferða til að meta árangur af aðstoð við stöðuval.

35. Þau stjórnvöld, sem bera ábyrgð á veitingu aðstoðarinnar, skulu í samvinnu við félög vinnuveitenda og verkamanna, svo og aðrar stofnanir, þar sem það á við, leitast á kerfisbundinn hátt við að útbreiða skilning á tilgangi, stefnumálum og starfsaðferðum leiðbeiningastarfseminnar.

Nd. 582. Nefndarálit [58. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 64 11. júní 1938, um breyt. á l. nr. 55 27. júní 1921, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 30. janúar 1951.

Páll Þorsteinsson, form., frsm. Kristín L. Sigurðardóttir, fundaskr. Helgi Jónasson.
Gylfi Þ. Gíslason. Jónas Árnason.

Sþ. 583. Tillaga til þingsályktunar [168. mál]

um landhelgisgæzlu og björgunarstörf á Breiðafirði og sunnan við Snæfellsnes.

Flm.: Sigurður Ágústsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera nú þegar ráðstafanir um leigu á vélskipi, sem annist landhelgisgæzlu og aðstoði fiskibáta á Breiðafirði og sunnan við Snæfellsnes næstu 4 mánuði (febr.—maí).

Greinargerð.

Flutningsmanni hefur borizt bréf frá 10 útvegsmönnum og formönnum á Hellissandi og Ólafsvík og afrit af bréfi frá sömu mönnum til hæstv. ríkisstjórnar, þar sem óskað er eftir ráðstöfunum, sem ganga í sömu átt og framangreind þingsályktunartillaga. Segir í bréfi útvegsmanna meðal annars:

„Ósk þessi er borin fram af því, að ágangur skipa með botnvörpu- og dragnótaveiðarfæri er orðinn svo mikill á fiskimiðum línubátanna, að til vandræða horfir, og fer ágangur þessi stöðugt vaxandi, þar sem landhelgisgæzlan við Snæfellsnes er að staðaldri lítil sem engin.“

Frá því að seinni heimsstyrjöldinni lauk, hefur erlendum botnvörpuskipum fjölgað mjög á fiskimiðunum, sem skip og bátar á Breiðafirði sækja afla sinn á. Hefur þessi mikla fjölgun erlendra veiðiskipa á miðunum haft í för með sér minnkandi afla hjá íslenzku fiskiskipunum, sem stunda línuveiðar á vetrarvertíðum á sömu slóðum, auk þess sem hin erlendu skip valda þeim oft miklu tjóni á veiðarfærum.

Á styrjaldarárunum fóru aflabrögð línubáta mjög batnandi, enda voru fá erlend botnvörpuskip á miðunum hér við land þau ár. Strax að styrjöldinni lokinni, er hin erlendu botnvörpuskip hófu veiðar hér á ný, fóru aflabrögð íslenzku línuskipanna minnkandi ár frá ári, og það þrátt fyrir aukin veiðarfæri og stórum betri fiskiskip við veiðarnar en áður þekktist.

Reynsla Íslendinga í báðum heimsstyrjöldunum er á sama veg, — að minnsta kosti hvað útgerð við Breiðafjörð snertir, — að skefjalaus botnvörpuveiði erlendra skipa á sömu slóðum sem íslenzku línuskipin stunda veiðar á eru þess valdandi, að í hreint óefni er komið vegna minnkandi aflabragða. Slíkur ágangur erlendra veiðiskipa er með öllu óþolandi — og því ekki ástæðulaust, að þeir útvegsmenn og sjómenn, sem hér eiga hlut að máli, beini umkvörtunum sínum til hæstv. ríkisstjórnar um bætta landhelgisgæzlu, í þeirri von, að hún að einhverju leyti mætti bæta hlut þeirra gagnvart hinum erlendu fiskiskipum.

Af ástæðum þeim, sem að framan greinir, er tillaga þessi til þingsályktunar flutt, í þeirri von, að Alþingi viðurkenni nauðsyn þess, að viðhöfð verði svipuð landhelgisgæzla á Breiðafirði og við Snæfellsnes og nú tíðkast annars staðar við strendur landsins.

Nd. 584. Nefndarálit [144. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 67 5. júní 1947, um eignakönnun.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin er sammála um, að breyting sú, er frumvarpið gerir á núgildandi eignakönnunarlögum, sé til bóta, og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 30. janúar 1951.

Skúli Guðmundsson, form. Sigurður Ágústsson, fundaskr. Ásg. Ásgeirsson, frsm.

Einar Olgeirsson.

Nd. 585. Lög [47. mál]

um breyting á lögum nr. 112 30. sept. 1947, um loðdýrarækt.

(Afgreidd frá Nd. 30. jan.)

Samhljóða þskj. 377 með þeirri leiðréttingu á ártali í niðurlagi 5. gr., að í stað „1948“ kemur: 1949.

Nd. 586. Nefndarálit [151. mál]

um frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1948.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með því, að það verði samþykkt.

Alþingi, 30. janúar 1951.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Sig. Ágústsson, fundaskr. Ásg. Ásgeirsson.

Einar Olgeirsson.

Ed. 587. Frumvarp til laga [49. mál]

um sveitarstjóra.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Í hreppi, þar sem eru fleiri en 500 íbúar, er hreppsnefnd heimilt að fela sérstökum sveitarstjóra stjórn og framkvæmd hreppsmála.

2. gr.

Ákveði hreppsnefnd að nota heimild 1. gr. laga þessara, skal hún auglýsa starf sveitarstjóra og taka við umsóknum um það.

Á löglega boðuðum hreppsnefndarfundi skal greiða atkvæði um framkomnar umsóknir, og er sá ráðinn, sem flest fær atkvæði. Nú eru atkvæði jöfn við endurtekna atkvæðagreiðslu, og skal þá hlutkesti ráða. Atkvæðagreiðsla skal vera leynileg.

3. gr.

Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt í hreppsnefnd, og skal þar nánar kveðið á um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og það annað, sem rétt þykir að taka fram af því tilefni. Ekki er skylt að binda ráðningu sveitarstjóra við kjörtímabil hreppsnefndar eða önnur ákveðin tímamörk. Uppsagnarfrestur af hálfu hvors aðila skal vera sex mánuðir.

4. gr.

Laun sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim, er í 3. gr. getur, og greiðast þau úr sveitarsjóði.

5. gr.

Sveitarstjóri fer með störf þau, sem oddvita eru falin í sveitarstjórnarlögum, önnur en stjórn á fundum hreppsnefndar, og hefur á hendi framkvæmd málefna sveitarfélagsins. Hann annast innheimtu á tekjum sveitarsjóðs og fyrirtækja hans, án sérstakrar þóknunar.

Að öðru leyti skal starfsvið sveitarstjóra og verkaskipting milli hans og oddvita nánar ákveðin í samþykkt um stjórn málefna sveitarfélagsins, sem hreppsnefnd semur, en félagsmálaráðuneytið staðfestir.

6. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

7. gr.

Nú hefur sveitarstjóri tekið við starfi, og falla þá niður launagreiðslur til oddvita úr sveitarsjóði samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga, en heimilt er hreppsnefnd að ákveða oddvita þóknun fyrir störf hans.

8. gr.

Nú verður sveitarstjóri sekur um stórfellda og ítrekaða vanrækslu eða hirðuleysi í starfi sínu eða skeytir ekki áminningu hreppsnefndar, og getur hún þá með fundarsamþykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal félagsmálaráðuneytinu þegar frávikninguna. Oddviti tekur þá við starfi sveitarstjóra og gegnir því, unz sveitarstjóri hefur verið ráðinn að nýju.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1951.

Ed. 588. Breytingartillögur [49. mál]

við frv. til l. um sveitarstjóra.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

1. Við 8. gr. Fyrir orðin „eða skeytir ekki“ komi: og skeytir ekki.
2. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 589. Nefndarálit [55. mál]

um frv. til l. um Náttúrugripasafn Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta, og er hún sammála um að leggja til, að það verði samþykkt. — Skal þess getið, að frumvarpið var samþykkt óbreytt í neðri deild.

Nefndarmenn vilja taka það fram, að þeir treysta því, að ekki sé fjölgað starfsmönnum við safnið, sbr. 1. mgr. 5. gr., þótt aðeins eigi að vera um eitt ár, nema brýn nauðsyn sé á því.

Alþingi, 30. janúar 1951.

Þorsteinn Þorsteinsson, form., frsm.
Rannveig Þorsteinsdóttir, fundaskr.
F. R. Valdimarsson.
Sig. Óli Ólafsson.
Hannibal Valdimarsson.

Nd. 590. Frumvarp til laga [95. mál]

um breyting á lögum nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Á Íslandi skulu vera þau prestaköll, sem nú skal greina:

I. Norður-Múlaprófastsdæmi. 1. Skeggjastaðir: Skeggjastaðasókn. 2. Hof í Vopnafirði: Hofs- og Vopnafjarðarsóknir. 3. Kirkjubær í Hróarstungu: Kirkjubæjar-, Hofteigs-, Eiríksstaða-, Möðrudals-, Sleðbrjóts- og Hjaltastaðasóknir. 4. Valþjófsstaður: Valþjófsstaðar- og Áss-sóknir. 5. Desjarmýri: Desjarmýrar-, Njarðvíkur- og Húsavíkursóknir.

II. Suður-Múlaprófastsdæmi. 6. Seyðisfjörður: Seyðisfjarðar- og Klyppsstaðarsóknir. 7. Vallanes: Vallaness-, Þingmúla- og Eiðasóknir. 8. Norðfjörður: Nes- og Brekkusóknir. 9. Eskifjörður: Búðareyrar- og Eskifjarðarsóknir. 10. Kolfreyjustaður: Kolfreyjustaðar- og Búðasóknir. 11. Eydalir: Eydala- og Stöðvarsóknir. 12. Djúpivogur: Hofs- og Djúpavogs-, Berufjarðar- og Berunessóknir.

III. Austur-Skaftafellsprófastsdæmi. 13. Bjarnanes: Bjarnaness-, Stafafells- og Brunnhólssóknir. 14. Kálfafellsstaður: Kálfafellsstaðar- og Hofssóknir.

IV. Vestur-Skaftafellsprófastsdæmi. 15. Kirkjubæjarklaustur: Prestsbakka- og Kálfafellssóknir. 16. Þykkvabæjarklaustur: Þykkvabæjar-, Langholts- og Grafarsóknir. 17. Mýrdalsþing: Víkur-, Reynis- og Skeiðflatarsóknir.

V. Rangárvallaprófastsdæmi. 18. Holt undir Eyjafjöllum: Eyvindarhóla-, Ásólfsskála- og Stóradalssóknir. 19. Breiðabólstaður í Fljótshlíð: Breiðabólstaðar- og Hlíðarendasóknir. 20. Landeyjaþing: Kross- og Akureyjarsóknir. 21. Oddi: Odda-, Stórólfshvols- og Keldnasóknir. 22. Landprestakall: Skarðs-, Haga- og Marteinstungusóknir. 23. Kálfholt: Kálfholts-, Hábæjar- og Árbæjarsóknir. 24. Vestmannaeyjar: Ofanleitissókn.

VI. Árnesprófastsdæmi. 25. Stórinúpur: Stóranúps-, Hrepphóla- og Ólafsvallasóknir. 26. Hruni: Hruna- og Tungufellssóknir. 27. Torfastaðir: Torfastaða-, Haukadals-, Bræðratungu-, Úthlíðar- og Skálholtssóknir. 28. Mosfell í Grímsnesi: Mosfells-, Miðdals-, Stóru-Borgar- og Búrfellssóknir. 29. Þingvellir: Þingvalla- og Úlfljótsvatnssóknir. 30. Hraungerði: Hraungerðis-, Laugardæla- og Villingaholtssóknir. 31. Stokkseyri: Stokkseyrar-, Eyrarbakka- og Gaulverjabæjarsóknir. 32. Arnarbæli: Kotstrandar-, Hjalla- og Strandarsóknir.

VII. Kjalarnesprófastsdæmi. 33. Staður í Grindavík: Staðar- og Kirkjuvogssóknir. 34. Útskálar: Útskála-, Hvalsness-, Keflavíkur- og Innri-Njarðvíkursóknir. 35. Hafnarfjörður: Hafnarfjarðar-, Bessastaða- og Kálfatjarnarsóknir. 36. Mosfell í Mosfellssveit: Lágafells-, Brautarholts- og Viðeyjarsóknir. 37. Reynivellir: Reynivalla- og Saurbæjarsóknir.

VIII. Reykjavíkurprófastsdæmi: 38. Dómkirkjuprestakall: Dómkirkjusókn. 39. Hallgrímsprestakall: Hallgrímssókn. 40. Nesprestakall: Nessókn. 41. Laugarnesprestakall: Laugarnessókn.

IX. Borgarfjarðarprófastsdæmi. 42. Saurbær á Hvalfjarðarströnd: Saurbæjar- og Leirársóknir. 43. Akranes: Akraness- og Innrahólmssóknir. 44. Hestþing: Hvanneyrar-, Bæjar-, Lundar- og Fitjasóknir. 45. Reykholt: Reykholts-, Stóra-Áss-, Gilsbakka- og Síðumúlasóknir.

X. Mýraprófastsdæmi: 46. Stafholt: Stafholts-, Hjarðarholts-, Hvamms- og Norðtungusóknir. 47. Borg: Borgar-, Borgarness-, Álftaness-, Álftártungu- og Akrasóknir.

XI. Snæfellsnesprófastsdæmi. 48. Miklaholt: Miklaholts-, Rauðamels-, Kolbeinsstaða- og Staðarhraunssóknir. 49. Staðastaður: Staðastaðar-, Búða- og Hellnasóknir. 50. Nesþing: Ólafsvíkur-, Brimilsvalla- og Ingjaldshólssóknir. 51. Setberg: Setbergs- og Bjarnarhafnarsóknir. 52. Helgafellsþing: Stykkishólms-, Helgafells-, Breiðabólstaðar- og Narfeyrarsóknir.

XII. Dalaprófastsdæmi. 53. Suðurdalaþing: Snóksdals-, Kvennabrekku-, Stóravatnshorns- og Hjarðarholtssóknir. 54. Hvammur í Hvammssveit: Hvamms-, Staðarfells-, Dagverðarness-, Skarðs- og Staðarhólssóknir.

XIII. Barðastrandarprófastsdæmi. 55. Staður á Reykjanesi: Reykhóla-, Garpsdals-, Staðar- og Gufudalssóknir. 56. Flatey: Flateyjar- og Múlasóknir. 57. Brjánslækur: Brjánslækjar- og Hagasóknir. 58. Sauðlauksdalur: Sauðlauksdals-, Breiðuvíkur- og Saurbæjarsóknir. 59. Patreksfjörður: Eyra- og Stóra-Laugardalssóknir. 60. Bíldudalur: Bíldudals- og Selárdalssóknir.

XIV. Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi. 61. Þingeyri: Þingeyrar-, Rafnseyrar-, Álftamýrar- og Hraunssóknir. 62. Dýrafjarðarþing: Mýra-, Núps- og Sæbólssóknir. 63. Holt í Önundarfirði: Holts-, Flateyrar- og Kirkjubólssóknir. 64. Staður í Súgandafirði: Staðarsókn í Súgandafirði.

XV. Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi. 65. Ísafjörður: Ísafjarðar- og Hnífsdalssóknir. 66. Bolungavík: Hólssókn. 67. Ögurþing: Ögurs- og Eyrarsóknir. 68. Vatnsfjörður: Vatnsfjarðar-, Nauteyrar- og Unaðsdalssóknir. 69. Staður í Grunnavík: Staðarsókn, Hesteyrarsókn og Staðarsókn í Aðalvík.

XVI. Strandaprófastsdæmi. 70. Árnes: Árnessókn. 7. Staður í Steingrímsfirði: Staðar-, Hólmavíkur-, Kaldrananess- og Kollafjarðarnessóknir. 72. Prestsbakki: Prestsbakkasókn, Óspakseyrarsókn og Staðarsókn í Hrútafirði.

XVII. Húnavatnsprófastsdæmi. 73. Melstaður: Melstaðar-, Kirkjuhvamms-, Staðarbakka- og Núpssóknir. 74. Tjörn á Vatnsnesi: Tjarnar- og Vesturhópshólasóknir. 75. Breiðabólstaður í Vesturhópi: Breiðabólstaðar- og Víðidalstungusóknir. 76. Þingeyraklaustur: Þingeyra-, Undirfells- og Blönduóssóknir

(Blönduóshreppur). 77. Bergsstaðir: Bergsstaða-, Bólstaðarhlíðar-, Auðkúlu- og Svínavatnssóknir. 78. Höskuldsstaðir: Höskuldsstaða-, Holtastaða-, Hofs- og Spákonufellssóknir.

XVIII. Skagafjarðarprófastsdæmi. 79. Hvammur í Laxárdal: Hvamms- og Ketusóknir. 80. Reynistaðarklaustur: Reynistaðar- og Sauðárkrókssóknir. 81. Glaumbær: Glaumbæjar- og Víðimýrarsóknir. 82. Mælifell: Mælifells-, Reykja-, Goðdala- og Ábæjarsóknir. 83. Miklibær: Miklabæjar-, Silfrastaða- og Flugumýrarsóknir. 84. Hólar: Viðvíkur-, Hóla-, Hofstaða- og Rípursóknir. 85. Fell í Sléttuhlíð: Fells- og Hofssóknir. 86. Barð í Fljótum: Barðs- og Knappsstaðasóknir.

XIX. Eyjafjarðarprófastsdæmi. 87. Grímsey: Miðgarðasókn. 88. Siglufjörður: Siglufjarðarsókn. 89. Ólafsfjörður: Ólafsfjarðarsókn. 90. Vellir í Svarfaðardal: Valla-, Stærra-Árskógs-, Hríseyjar-, Tjarnar-, Urða- og Upsasóknir. 91. Möðruvallaklaustur: Möðruvalla-, Bægisár-, Bakka- og Glæsibæjarsóknir. 92. Akureyri: Akureyrar- og Lögmannshlíðarsóknir. 93. Grundarþing: Grundar-, Munkaþverár-, Kaupangs-, Saurbæjar-, Möðruvalla- og Hólasóknir.

XX. Suður-Þingeyjarprófastsdæmi. 94. Laufás: Laufáss-, Svalbarðs-, Grenivíkur- og Þönglabakkasóknir. 95. Háls í Fnjóskadal: Háls-, Illugastaða-, Draflastaða- og Brettingsstaðasóknir. 96. Vatnsendi: Þóroddsstaðar-, Ljósavatns- og Lundarbrekkusóknir. 97. Skútustaðir: Skútustaða- og Reykjahlíðarsóknir. 98. Grenjaðarstaður: Grenjaðarstaðar-, Ness-, Einarsstaða- og Þverársóknir. 99. Húsavík: Húsavíkursókn.

XXI. Norður-Þingeyjarprófastsdæmi. 100. Skinnastaðir: Skinnastaða-, Garðs-, Snartarstaða- og Víðihólssóknir 101. Raufarhöfn: Svalbarðs- og Raufarhafnarsóknir. 102. Sauðanes: Sauðanessókn.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin l. nr. 20 2. júní 1917, um niðurlagning Njarðvíkurkirkju og sameining Keflavíkur- og Njarðvíkursókna, og l. nr. 36 27. júní 1925, um skiptingu Ísafjarðarprestakalls í tvö prestaköll, svo og l. nr. 27 26. okt. 1917, l. nr. 37 31. maí 1927, l. nr. 19 1. febr. 1936 og l. nr. 63 11. júní 1938, öll um breyt. á l. nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla, og önnur lagaákvæði, er kynnu að koma í bága við lög þessi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þó koma lögin ekki til framkvæmda um prestaköll þau, sem leggja á niður, fyrr en jafnóðum og þau losna.

Bráðabirgðaákvæði.

Heimilt er kirkjumálaráðuneytinu, ef það telur nauðsyn á, að fela öðrum sóknarpresti en þeim, er veitingu hefur fyrir prestakalli, sem niðurlagt prestakall sameinast samkv. lögum þessum, að þjóna fyrst um sinn einni eða fleiri sóknum í hinu niðurlagða prestakalli.

Sþ. 591. Fyrirspurnir [169. mál]

I. Til menntamálaráðherra um undirbúning löggjafar um náttúrufriðun, verndun sögustaða o. fl.

Frá Páli Þorsteinssyni og Jóni Gíslasyni.

1. Hefur ríkisstjórnin látið undirbúa löggjöf um verndun staða, sem eru sérstaklega merkir af náttúru sinni eða sögu?
2. Hvað líður endurskoðun laga nr. 59 1913, um friðun fugla og eggja?

II. Til ríkisstjórnarinnar um dr. Metzner og aðstoðarmann hans.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Veit ríkisstjórnin, hvar dr. Metzner og aðstoðarmaður hans, sem fengu íslenzkan ríkisborgararétt með lögum nr. 1/1949, hafa nú aðsetur? Og hafa þessir menn gert nokkuð til að aðstoða íslenzk stjórnarvöld eða aðra landsmenn í fiskiðnaðarmálum, sbr. greinargerð með frv. á þingskjali 284 á Alþingi 1948?

III. Til dómsmálaráðherra um vínveitingaleyfi lögreglustjórans í Reykjavík.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Hvaða ráðstafanir hefur dómsmálaráðherra gert út af rökstuddum kvörtunum um, að lögreglustjórinn í Reykjavík hafi ekki farið eftir ákvæðum reglugerðar nr. 126/1945, um sölu og veitingar áfengis, við útgáfu vínveitingaleyfa?

IV. Til ríkisstjórnarinnar um greiðslu á erfðafjárskatti með skuldabréfum.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Hvers vegna tók fyrrverandi fjármálaráðherra skuldabréf til greiðslu á erfðafjárskatti frá erfingjum eins bús árið 1948, að upphæð kr. 101 850.00, í stað þess að krefjast peningagreiðslu á skattinum eins og öðrum gjöldum til ríkissjóðs?

Ed. 592. Nefndarálit [81. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1947.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og borið það saman við ríkisreikninginn fyrir árið 1947, og ber tölum í frv. saman við hann. Einnig athugaði nefndin athugasemdir yfirskoðunarmanna, svör ráðuneytanna við þeim og tillögur yfirskoðunarmanna að fengnum svörum ráðuneytanna. Voru viðstaddir nefndarmenn sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt. Hins vegar óskar nefndin, að fram komi frá ráðherra

upplýsingar um, hvað gert hafi verið til að fullnægja tillögum yfirskoðunarmanna um það, er þeir telja til „athugunar“ eða „eftirbreytni framvegis“.

Einn nefndarmanna (BrB) var ekki á fundi, þegar málið var afgreitt, og skrifar því ekki undir nál.

Alþingi, 31. jan. 1951.

Bernh. Stefánsson, form., frsm.	Gísli Jónsson, fundaskr.	Karl Kristjánsson.
	Þorst. Þorsteinsson.	

Sþ. 593. Nefndarálit [100. mál]

um till. til þál. um endurskoðun íslenzkrar áfengislöggjafar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt þessa tillögu á nokkrum fundum ásamt brtt. á þskj. 196.

Nefndin telur rétt, að endurskoðun áfengislöggjafarinnar fari fram, eins og virðist vera megintilgangur tillögunnar. Gefa þær umræður um áfengisveitingaleyfi á skemmtunum, sem átt hafa sér stað að undanförnu, líka bendingu í þá átt, að ákvæði löggjafarinnar þurfi endurskoðunar við, þannig að framkvæmd hennar fari sem bezt úr hendi.

Nefndin lítur svo á, að síðari málsgrein tillögunnar, um bruggun áfengs öls einvörðungu til útflutnings, standi ekki í beinu sambandi við meðferð áfengra drykkja til neyzlu í landinu, en sé hins vegar til athugunar réttum aðilum, sem hafa iðnaðar- og fjárhagsmál landsins til meðferðar.

Nefndin leggur því til, að till. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara endurskoðun áfengislöggjafarinnar, með það fyrir augum að koma í veg fyrir misnotkun áfengis í landinu.

Alþingi, 31. jan. 1951.

Jóhann Þ. Jósefsson, form., frsm.	Jón Gíslason, fundaskr.	Jörundur Brynjólfsson.
Lúðvík Jósepsson.	Jón Sigurðsson.	Stefán Stefánsson.
	Finnur Jónsson.	

Sþ. 594. Fjáraukalög [80. mál]

fyrir árið 1947.

(Afgreidd frá Sþ. 31. jan.)

Samhljóða þskj. 560.

Sþ. 595. Þingsályktun [101. mál]

um gæðamat iðnaðarvara.

(Afgreidd frá Sþ. 31. jan.)

Samhljóða þskj. 181.

Sþ. 596. Þingsályktun [133. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til hitaveitu á Sauðárkróki.

(Afgreidd frá Sþ. 31. jan.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast f. h. ríkissjóðs allt að 2.8 millj. kr. af heildarstofnkostnaði hitaveitu Sauðárkrókskaupstaðar, þó eigi yfir 80% af kostnaðinum, enda setji bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar þær tryggingar fyrir láninu, er ríkissjóður tekur gildar.

Sþ. 597. Þingsályktun [131. mál]

um viðbúnað vegna ófriðarhættu.

(Afgreidd frá Sþ. 31. jan.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að nægar birgðir séu jafnan til í landinu af hjúkrunargögnum, lyfjum og öðrum brýnustu nauðsynjum, vegna yfirvofandi ófriðarhættu, og að birgðum þessum verði skipt milli héraða og landshluta með tilliti til samgangna og annarrar aðstöðu.

Alþingi ályktar enn fremur að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því, í samráði við bæjar- og sveitarfélög, að gerðar verði nauðsynlegar ráðstafanir til öryggis borgurunum, ef til styrjaldar dregur.

Sþ. 598. Þingsályktun [134. mál]

um endurheimt íslenzkra handrita frá Danmörku.

(Afgreidd frá Sþ. 31. jan.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því við dönsk stjórnarvöld, að orðið verði sem allra fyrst við ítrekuðum kröfum Íslendinga um, að skilað verði aftur hingað til lands íslenzkum handritum, fornum og nýjum, sem borizt hafa héðan til Danmerkur og geymd eru í söfnum þar, svo sem safni Árna Magnússonar. Tekur þetta einnig til þeirra íslenzkra handrita, er konungur landsins hefur fengið héðan fyrr á tímum og enn eru varðveitt í Danmörku.

Sþ. 599. Þingsályktun [143. mál]

um útvegun heilnæmra fæðutegunda.

(Afgreidd frá Sþ. 31. jan.)

Samhljóða þskj. 349.

Sþ. 600. Tillaga til þingsályktunar [170. mál]

um ríkisábyrgð fyrir Suðurfjarðahrepp til þess að ljúka endurbyggingu á hafskipabryggju á Bíldudal.

Flm.: Gísli Jónsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir Suðurfjarðahrepp allt að 200 þús. kr. lán til þess að ljúka endurbyggingu hafskipabryggjunnar á Bíldudal, svo að skip geti aftur lagzt að henni á komandi vori.

Greinargerð.

Á síðastliðnum vetri sigldi olíuflutningaskipið Þyrill, sem er eign ríkissjóðs, á hafskipabryggjuna á Bíldudal og sópaði henni svo gersamlega í burtu, að ógerlegt var að nota hana. Var slys þetta stórkostlegt áfall fyrir þorpið, þar sem ekkert skip gat haft samband við land á eftir. Hafa síðan allir flutningar orðið að fara fram milli lands og skipa á smábátum, og þarf ekki að lýsa því, hvaða áhrif það hefur á allan atvinnurekstur staðarins, svo sem frystihús, niðursuðuverksmiðju og fiskimjölsverksmiðju, enda er svo komið, að þessi atvinnufyrirtæki eru bókstaflega að kikna undir þeim erfiðleikum, sem þessu eru samfara. Strax og slysið hafði skeð, var hafizt handa um að undirbúa endurbyggingu bryggjunnar, gera að henni uppdrátt og viða að efni. Er nú svo komið, að mestallt efni er fengið, sumt þegar komið á staðinn og annað væntanlegt innan skamms. Hefur framkvæmd verksins verið falin hafnarmálaskrifstofu ríkisins. Vitamálastjóri telur sig þó ekki geta haldið verkinu áfram, nema til komi nægilegt fé til greiðslu á öllum kostnaði, eins og eðlilegt er, en allt fé er enn ekki fyrir hendi. Hefur hann ritað mér um þetta atriði, og er bréfið birt hér með sem fylgiskjal.

Eigendur bryggjunnar gerðu þegar allt, sem í þeirra valdi stóð, til þess að tryggja endurgreiðslu á tjóni því, sem Þyrill olli á bryggjunni. Voru matsmenn tilnefndir til að meta tjónið, sem að þeirra dómi var álitið um 185 þús. kr. miðað við þáverandi verðlag og eðlilega fyrningu bryggjunnar. Eigendur skipsins hafa hins vegar neitað skaðabótaskyldu og greiðslu bóta án dóms, svo að hreppurinn hefur orðið að höfða mál út af skemmdunum. Hins vegar hefur ríkisstjórnin fallizt á, að Skipaútgerðin greiddi nú þegar matsupphæðina, gegn því, að væntanlegar tildæmdar bætur kæmu á móti á sínum tíma. En þetta fé er engan veginn nægilegt til þess að ljúka verkinu, enda eru bótakröfur gerðar miklu hærri, m. a. vegna hækkandi verðlags o. fl.

Samkvæmt áætlun frá vitamálastjóra mun bryggjan kosta fullbyggð 463 þús. kr. Vantar því um 162 þús. til þess að ljúka verkinu, samkvæmt áætlun, en með því að rétt þykir að gera ráð fyrir því, að kostnaðurinn geti orðið meiri, er farið fram á allt að 200 þús. kr. ábyrgð, þar sem það er lífsskilyrði fyrir hreppinn, að verk þetta stöðvist ekki, heldur verði því lokið svo fljótt sem unnt er.

Ef áætlun vitamálastjóra stenzt, yrði ógreitt framlag hreppsins um 93 þús. kr., þegar verkinu er lokið, miðað við, að eigi fengist tildæmt meira en matsupphæðin, 185 þús., og ógreitt framlag ríkisins þá um 70 þús. kr. Hins vegar má fyllilega gera ráð fyrir því, að hlutur hreppsins verði ekki svo stór, þegar málið hefur verið gert upp að fullu.

Eins og að framan greinir er þegar allt undirbúið, til þess að hægt sé að ljúka þessu verki á næstu mánuðum. Atvinnuöryggi Bílddælinga er bókstaflega undir því komið, að þetta verk dragist ekki. Þess vegna er tillaga þessi borin fram. Er þess vænzt, að hún verði samþykkt áður en þingi lýkur.

Fylgiskjal.

VITA- OG HAFNAMÁLASTJÓRINN

Með tilvísun til samtals okkar í dag leyfi ég mér hér með að senda yður, hr. alþm, eftirfarandi yfirlit yfir fjárreiður Bíldudalsbryggju:

Áætlaður stofnkostnaður		kr. 463000.00
Handbært fé:		
Frá Skipaútgerð ríkisins, sbr. bréf ráðuneytisins dags. 20. nóv. s. l.	kr. 185000.00	
Ónotuð fjárveiting hér um áramót	— 41000.00	
Á fjárlögum 1951	— 75000.00	
		— 301000.00
Þá vantar til að fullgera verkið		kr. 162000.00

Ef gert er ráð fyrir, að skaðabótaupphæðin, kr. 185000.00, verði skoðuð sem framlag hreppsins til mannvirkisins, skiptist kostnaður þannig:

Suðurfjarðahreppur greiðir ⅗ kostnaðar	kr. 277800.00
Skaðabótaframlag	— 185000.00
Hreppurinn á ógreitt	kr. 92800.00
Ríkissjóður greiðir ⅖ kostnaðar	— 185200.00
Þegar greitt, í sjóði hér, kr. 41000.00	
Á fjárlögum 1951 — 75000.00	
	— 116000.00
Ríkissjóður á ógreitt	kr. 69200.00

Efni hefur nú verið útvegað að mestu og áhöld sömuleiðis. Vinna getur því hafizt hvenær sem er úr þessu.

Er því nauðsynlegt, að fé, sem vantar, kr. 162000.00, bæði frá hrepp og ríki, eins og nánar er gerð grein fyrir hér að ofan, komi sem allra fyrst, því að verkið er ekki hægt að vinna, nema nokkurn veginn jöfnum höndum verði hægt að greiða vinnulaun.

Vænti heiðraðs svars yðar.

Virðingarfyllst,

Emil Jónsson.

Hr. alþm. Gísli Jónsson, Reykjavík.

Ed. 601. Nefndarálit [79. mál]

um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haldið allmarga fundi um þetta mál og rætt það ýtarlega og leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með breytingum, sem hún leggur fram á sérstöku þingskjali.

Nefndin vill leggja áherzlu á það, að hún er ekki með tillögum sínum að skapa reglu eða fordæmi um afgreiðslu laga um veitingu ríkisborgararéttar, en hún taldi eftir atvikum rétt að þessu sinni að hafa þessi lög allþröng, með því líka að allir

nefndarmenn gátu verið sammála um þá menn, sem tilgreindir eru í breytingartillögum nefndarinnar. Þess skal getið, að þeir menn, sem nefndin leggur til að bætt sé inn í upphaflega frumvarpið, eru allir, að einum undanteknum, fæddir af íslenzku foreldri.

Alþingi, 31. janúar 1951.

Rannveig Þorsteinsdóttir, form., frsm. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Páll Zóphóníasson.
H. Guðmundsson. Brynjólfur Bjarnason.

Nd. 602. Frumvarp til laga [171. mál]

um rétt erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

Í lögum þessum er maður talinn „erlendur", ef ekki er skylt að leyfa honum landsvist á Íslandi samkvæmt landslögum eða þjóðréttarreglum.

Í lögum þessum telst sá maður „stunda atvinnu" hér á landi, sem vinnur einhverja vinnu fyrir reikning annars aðila, enda sé sá eigi fullábyrgur félagi hans um þann atvinnurekstur eða það fyrirtæki, sem fyrir er unnið.

„Á Íslandi" merkir í lögum þessum bæði á landi og í landhelgi Íslands.

2. gr.

Óheimilt er hverjum þeim, einstökum manni, félagi eða stofnun, sem rekur atvinnu, stofnsetur eða starfrækir eitthvert fyrirtæki, hverju nafni sem það nefnist, að taka erlenda menn í þjónustu sína hér á landi gegn kaupgreiðslu, í peningum eða hlunnindum, hvort heldur er um langan tíma eða skamman, án sérstaks atvinnuleyfis.

3. gr.

Félagsmálaráðherra veitir atvinnuleyfi samkvæmt lögum þessum, að fengnum tillögum verklýðsfélags á staðnum í hlutaðeigandi starfsgrein, og skulu þau veitt vinnuveitendum, ef sérstakar ástæður þykja mæla með því, svo sem ef um erlenda sérfræðinga er að ræða eða aðra kunnáttumenn, sem ekki verða fengnir innanlands, eða ef atvinnuvegi landsins skortir vinnuafl, sem ekki er fáanlegt innanlands.

Sé verulegur skortur á fólki til nauðsynlegra heimilisstarfa og hjúkrunarstarfa, getur félagsmálaráðherra veitt atvinnuleyfi fyrir erlent fólk til slíkra starfa.

4. gr.

Félagsmálaráðherra veitir atvinnuleyfi samkvæmt lögum þessum, og skulu þau veitt, ef sérstakar ástæður þykja mæla með því, svo sem ef um erlenda sérfræðinga er að ræða eða aðra kunnáttumenn, sem ekki verða fengnir innanlands, eða ef atvinnuvegi landsins skortir vinnuafl, sem ekki er fáanlegt innanlands.

Atvinnuleyfi samkvæmt 3. gr. skulu bundin við ákveðið starf og ákveðinn tíma. Leyfi skulu eigi veitt til lengri tíma en eins árs í senn.

5. gr.

Þrátt fyrir framangreind ákvæði er mönnum heimilt að ráða til sín í vinnu erlenda frændur sína að feðgatali eða niðja, kjörbörn, fósturbörn og systkini, án sérstaks atvinnuleyfis.

Sendimönnum erlendra ríkja er heimilt að hafa erlenda menn í einkaþjónustu sinni.

Enn fremur má ráða erlenda menn á íslenzk skip innan þeirra takmarka, sem í lögum segir.

6. gr.

Þegar sérstaklega stendur á, getur félagsmálaráðherra, ef sérstakar ástæður mæla með því, veitt erlendum mönnum leyfi til að stunda atvinnu á Íslandi, án þess að leyfið sé veitt ákveðnum vinnuveitanda (sjálfstætt atvinnuleyfi), og þurfa þá atvinnurekendur þeir, sem leyfishafi vinnur hjá, ekki að sækja um atvinnuleyfi fyrir hann samkvæmt 3. gr.

Við veitingu slíkra leyfa skal m. a. taka tillit til:

1. Hve lengi hinn erlendi maður hefur dvalið hér á landi,
2. hvort hann er hér heimilisfastur.
3. hvort hann er kvæntur íslenzkri konu eða á hér náin skyldmenni án þess að 1. mgr. 5. gr. nái til,
4. hvort hann ætli sér að vinna sams konar störf hjá fleiri aðilum en einum, þannig að fleiri atvinnuleyfi en eitt þyrfti, ef leyfi væru veitt samkvæmt ákvæðum 3. gr.

Leyfi samkvæmt þessari grein skal því aðeins veita, að hin almennu skilyrði 3. gr. um sérþekkingu og/eða eftirspurn eftir vinnuafli séu fyrir hendi.

Atvinnuleyfi samkvæmt þessari grein eru bundin við ákveðna starfsgrein og ákveðinn tíma, og skulu slík leyfi eigi veitt til lengri tíma en tveggja ára í senn.

7. gr.

Erlendum mönnum er óheimilt að vinna sjálfstætt eða starfrækja atvinnufyrirtæki án leyfis félagsmálaráðherra (atvinnurekstrarleyfi), nema þar sem starfinn er framkvæmdur samkvæmt sérstakri löggildingu eða leyfi annarra stjórnvalda lögum samkvæmt.

Leyfi samkvæmt þessari grein skal því aðeins veita, að:

1. Umsækjandi sé heimilisfastur á Íslandi og hafi verið það síðasta árið,
2. um nytsamlegan atvinnurekstur sé að ræða,
3. umsækjandi sé fjárráður og hafi forræði á búi sínu,
4. umsækjandi hafi óflekkað mannorð.

Leyfi samkvæmt þessari grein eru bundin við ákveðna starfrækslu og ákveðinn tíma, og skal eigi veita slík leyfi til lengri tíma en þriggja ára í senn.

8. gr.

Leyfi samkvæmt lögum þessum má binda öllum þeim skilyrðum um löggæzlu, hollustuhætti, framfærslu, iðnnám eða aðra sérmenntun og sérhvað annað, sem ráðherra telur nauðsynlegt eða heppilegt ríkis eða almennings vegna.

Fyrirmæli laga þessara taka ekki til:

1. Erlendra manna, sem stunda nám í skólum, sem íslenzka ríkið á eða styrkir,
2. erlendra manna, sem dveljast hér við rannsókna- eða vísindastörf,
3. þeirra manna erlendra, er hér höfðu aðsetur, er lög nr. 13 31. maí 1927 komu til framkvæmda og hafa dvalið hér samfleytt síðan.

9. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða atvinnurekendur og erlenda starfsmenn þeirra sektum frá 200—50 000 kr. til ríkissjóðs. Sömu refsingu varðar það, ef ekki eru haldin skilyrði eða brotin ákvæði, er sett kunna að verða í leyfi, sem veitt eru samkvæmt lögum þessum. Auk þess ber aðila að flytja ólöglega innflutt starfsfólk, sem hefur verið synjað um atvinnuleyfi, úr landi eða sjá því fyrir flutningi innan þess tíma, er ráðherra tiltekur, ríkissjóði að kostnaðarlausu.

Enn fremur er heimilt að stöðva með lögbanni, án þess að trygging sé sett, þær framkvæmdir, er nota skyldi hið erlenda vinnuafl til, ef byrjað er á þeim, þar til hinir erlendu menn eru farnir úr landi eða tryggt þykir, að þeir verði farnir innan ákveðins tíma. Þegar atvinnuleyfi eru veitt innlendum atvinnurekendum, ber jafnframt að tilkynna hinum erlendu starfsmönnum leyfisveitingar eða synjanir, er þá varða.

Félagsmálaráðherra getur afturkallað leyfi, sem veitt eru samkvæmt lögum þessum, ef brotin eru ákvæði laganna eða skilyrðum, sem sett eru í leyfunum er ekki fullnægt, svo og ef veruleg breyting verður á leyfistímanum á eftirspurn og framboði vinnuafls.

10. gr.

Rétt er félagsmálaráðherra að láta flytja þá erlenda menn, ásamt skylduliði, af landi brott, er teknir eru að stunda atvinnu eða atvinnurekstur hér á landi gagnstætt ákvæðum laga þessara, hvort sem þeir eru á sínum vegum eða annarra, og skal sá flutningur vera á kostnað þess, er hefur ráðið þá til sín, en ella á eigin kostnað þeirra.

11. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

Í reglugerð getur ráðherra sett nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara. Svo má þar og kveða á um sektir fyrir brot á reglugerð og meðferð á málum vegna þeirra brota.

12. gr.

Með lögum þessum, sem öðlast gildi þegar í stað, eru úr gildi numin lög nr. 13 31. maí 1927, um rétt erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi, svo og önnur ákvæði, er fara í bága við lög þessi.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd flytur frumvarp þetta að beiðni félagsmálaráðuneytisins. Hafa nefndarmenn óbundnar hendur með að fylgja breytingartillögum. Frumvarpinu fylgdi svolátandi greinargerð:

„Síðan 1945, að síðari heimsstyrjöldinni lauk, hefur fjöldi útlendinga ráðizt hingað til lands til margs konar starfa, og dvelja nú hér á landi 2430 útlendingar, sem flestir eru í einhverju starfi.

Stærstu hóparnir eru starfsstúlkur í heimahúsum og á hælum og sjúkrahúsum og hið þýzka landbúnaðarverkafólk, sem flutt var inn 1949. Enn fremur er öllum erlendum starfsmönnum á Keflavíkurflugvelli veitt atvinnuleyfi, meðan þeir stunda vinnu þar.

Lögin frá 13. maí 1927 um rétt erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi eru orðin að ýmsu leyti úrelt, og eiga sum ákvæði þeirra ekki lengur við og er því nauðsynlegt að breyta þeim. Þar á meðal eru ákvæðin, sem heimila að flytja megi inn „erlenda sérfræðinga við alls konar iðju“ og „aðra erlenda kunnáttumenn, enda sé eigi kostur slíkra manna hérlendra, og skýri aðili atvinnumálaráðherra þegar frá ráðningunni“, og ákvæðið um að „erlend vinnuhjú megi sveitabændur ráða til sín í tvo mánuði eða lengur“.

Það hefur komið í ljós, að öll þessi ákvæði skapa ringulreið og öngþveiti og orsaka margs konar erfiðleika, sem komast má hjá með því að hafa samræmi í veitingum atvinnuleyfa, en það er ekki unnt að óbreyttri löggjöf.

En þegar þessum ákvæðum er breytt, þykir og rétt að gera aðrar þær breytingar á lögum þessum, sem reynsla undanfarinna ára sýnir, að verða mundu til bóta, og eru lögin því samin upp og tekið upp annað form en lögin frá 1927 gera ráð fyrir.

Það er staðreynd að í skjóli ákvæðanna um „sérfræðinga“ og „kunnáttumenn“ hefur verið flutt inn fólk í allt öðru skyni en látið var í veðri vaka, og þar sem engin atvinnuleyfi hefur þurft fyrir slíkt fólk, hafa „innflytjendur“ þess engar skyldur gagnvart því umfram það, sem í ráðningarsamningi kann að vera tekið fram. Þess eru því dæmi, að orðið hefur að kosta fé til að koma slíkum „kunnáttumönnum“ og „sérfræðingum“ úr landi aftur.

Þá hefur og ákvæðið um, að bændur geti án leyfis ráðið til sín erlend vinnuhjú, leitt til mikilla útgjalda fyrir ríkissjóð, sérstaklega í sambandi við ráðningar hins þýzka landbúnaðarverkafólks. Bændurnir, sem ráða það til sín, hafa engar skyldur gagnvart því eftir að það fer úr vistinni, og lendir því á ríkissjóði að bera kostnaðinn við flutning þess úr landi. Hefur nú þegar orðið að greiða svo tugum þúsunda skiptir úr ríkissjóði í þessu skyni.

Verði frumvarp það, sem hér liggur fyrir, að lögum, mundi samræmi komast á í þessum efnum og ríkissjóði verða sparað allmikið fé í framtíðinni.

Aðalbreytingarnar frá núgildandi lögum um rétt erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi eru í því fólgnar, að í lagafrumvarpi þessu er greint milli þrenns konar leyfa, þ. e. leyfa, sem veitt eru innlendum atvinnurekendum til að hafa erlenda menn í þjónustu sinni, leyfa, sem veitt eru erlendum mönnum til að ráða sig í vinnu hjá innlendum atvinnurekendum í ákveðnum starfsgreinum, og leyfa, sem veitt eru erlendum mönnum til að stunda sjálfstæðan atvinnurekstur.

Það hefur komið í ljós á undanförnum árum við veitingar atvinnuleyfa, að heppilegt er að greina á milli þessara þriggja tegunda af atvinnuleyfum útlendinga.

Þá er og sú breyting frá gildandi lögum, að samkvæmt frumvarpi þessu verða atvinnurekendur að fá leyfi félagsmálaráðherra til að ráða til sín erlenda sérfræðinga og aðra kunnáttumenn, sem ekki er kostur að fá innanlands, svo og vinnuhjú bænda, en samkvæmt gildandi lögum hafa ráðningar slíks fólks verið heimilar án sérstaks leyfis. Var þetta atriði sérstaklega borið undir stjórn Búnaðarfélags Íslands, og var svar hennar svo hljóðandi:

„Á fundi stjórnar Búnaðarfélags Íslands í dag lagði búnaðarmálastjóri fram bréf félagsmálaráðuneytisins frá 16. janúar 1951. Eftir að málið hafði verið rætt nokkuð, var bókað eftirfarandi:

„Félagsmálaráðuneytið hefur sent stjórninni til umsagnar frumvarp um breytingu á lögum um rétt erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi. Er þar ákveðið, að niður falli réttur bænda til að ráða erlenda menn til landbúnaðarstarfa án þess að sérstakt leyfi þurfi að fá til dvalar fyrir þessa menn, sem óskað er sérstaklega að fá umsögn stjórnarinnar um. Stjórnin telur ekki, að ástæða sé til að halda í þau sérréttindi, sem þar um ræðir, eins og málum nú er komið“.“

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir, að ráðherra kveði upp úrskurði um, að bannað sé að hafa erlendan mann eða erlenda menn í þjónustu, og að brot gegn úrskurðum þessum sé refsivert. Í frumvarpi þessu er ekki gert ráð fyrir slíkum úrskurðum, heldur má samkvæmt frumvarpinu beita viðurlögum laganna strax er erlendur maður vinnur án þess að atvinnuleyfi sé fyrir hendi, án þess að kveða þurfi upp sérstakan úrskurð um, að hinum erlenda manni sé vinnan óheimil.

Sektaupphæðir eru fimmfaldaðar til samræmis við breytingu á verðgildi peninga.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

1. gr. frumvarpsins er efnislega samhljóða 1. gr. laga nr. 13/1927.

Um 2. gr.

2. gr. frumvarpsins er sama efnis og 2. gr. 1. mgr. laga nr. 13/1927 að öðru leyti en því, að samkvæmt hinum eldri lögum þurfti ekki atvinnuleyfi, ef kaupgreiðsla til hins erlenda manns var aðeins fólgin í fæði og húsnæði, en samkvæmt grein þessari er undantekning þessi felld niður. Þá er svo ákveðið í greininni, að félagsmálaráðherra veiti öll atvinnuleyfi.

Um 3. gr.

Í þessari grein felst heimild til handa félagsmálaráðherra til að veita atvinnurekendum leyfi til að ráða erlenda menn í þjónustu sína, ef sérstakar ástæður, sem greinin tiltekur, mæla með því.

Sú breyting felst í greininni, að nú þarf leyfi félagsmálaráðherra til þess að ráða hingað erlenda sérfræðinga og kunnáttumenn, en samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laganna frá 1927, þurfti ekki leyfi til slíkra ráðninga.

Enn fremur er felld niður undanþága til að ráða fólk til landbúnaðarstarfa án leyfis.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Ákvæði greinarinnar eru samhljóða 2. og 3. mgr. 2. gr. laganna frá 1927.

Um 6. gr.

Ákvæði þessarar greinar er nýmæli og fjallar um veitingu sjálfstæðra atvinnuleyfa til erlendra manna. Nánari skýringar við grein þessa er að finna í hinni almennu greinargerð hér að framan.

Um 7. gr.

Grein þessi er einnig nýmæli og fjallar um veitingu atvinnurekstrarleyfa til erlendra manna.

Um 8. gr.

Fyrri málsgrein greinarinnar er að mestu samhljóða niðurlagi 4. gr. laganna frá 1927, en hin síðari efnislega samhljóða 2. mgr. 3. gr. laganna frá 1927.

Um 9. gr.

1. og 2. mgr. greinarinnar eru að mestu samhljóða 7. gr. laganna frá 1927.

Í 3. mgr. er það nýmæli, að félagsmálaráðherra er veitt heimild til að afturkalla atvinnuleyfi, sem veitt eru samkvæmt lögum þessum, ef skilyrði laganna eða leyfanna eru brotin.

Um 10. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 8. gr. laganna frá 1927.

Um 11. gr.

Samhljóða 9. gr. laganna frá 1927.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 603. Breytingartillögur [79. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Andersen, Jens Nikolaj Kaj, verkamaður í Reykjavík, fæddur 3. febrúar 1906 í Danmörku.
2. Ådnegard, Ola Olsen, lögregluþjónn á Sauðárkróki, fæddur 5. júní 1910 í Noregi.
3. Breiðfjörð, Kenneth, verkamaður í Reykjavík, fæddur 16. janúar 1921 í Englandi.
4. Breiðfjörð, William, verkamaður í Reykjavík, fæddur 6. des. 1919 í Englandi.
5. Eliasen, Bjarne Julius Edvin, járnsmiður í Reykjavík, fæddur 7. júlí 1915 í Danmörku. — Réttur þessi tekur ekki til barns hans frá fyrra hjónabandi, Eyvin Frank, sem er fæddur 16. september 1938.
6. Eriksson, Konstantin W., pípulagningamaður í Reykjavík, fæddur 28. nóvember 1879 í Finnlandi.
7. Hólmfríður Jónsdóttir, gagnfræðaskólakennari á Ísafirði, fædd 28. júlí 1907 á Íslandi.
8. Hunter, Peter John, sjómaður í Keflavík, fæddur 9. júní 1932 í Englandi.
9. Lange, Jóhannes Magnússon, iðnnemi í Reykjavík, fæddur 6. ágúst 1930 á Íslandi.
10. Leifur Einar Bjarni Jóhannesson, veitingaþjónn í Reykjavík, fæddur 18. október 1921 í Danmörku.
11. Mikkelsen, Mangor Harry, mjólkurfræðingur á Selfossi, fæddur 11. nóvember 1918 í Danmörku.
12. Münch, Viktor Ferdinand Einar, verkamaður í Reykjavík, fæddur 30. júní 1929 í Þýzkalandi.
13. Mörk, Karen Kristjana, ekkja á Patreksfirði, fædd 28. júlí 1909 á Íslandi.
14. Nielsen, Jörgen Carl Christian, bakari í Reykjavík, fæddur 14. apríl 1890 í Danmörku.
15. Olsson, Bengt Erik, verzlunarmaður á Akureyri, fæddur 9. sept. 1917 í Svíþjóð.
16. Pétur Guðmundsson, Breiðfjörð, trésmiður í Reykjavík, fæddur 27. ágúst 1885 á Íslandi.
17. Rannveig Margrét Gísladóttir, sjúkrahússtarfskona í Reykjavík, fædd 6. janúar 1914 á Íslandi.
18. Rödtang, Hans Georg, sjómaður í Reykjavík, fæddur 10. desember 1922 í Noregi.
19. Stengrimsen, Sverre, járnsmiður í Reykjavík, fæddur 3. júlí 1909 í Noregi. — Réttur þessi tekur ekki til barns hans frá fyrra hjónabandi, Björns, sem er fæddur 8. október 1938.
20. Sæborg, Oddvar Lothar Knud, bifvélavirki í Reykjavík, fæddur 1. apríl 1921 á Íslandi.
21. Sörensen, Valdemar Florentinus, umsjónarmaður í Reykjavík, fæddur 21. apríl 1914 í Danmörku.
22. Teitson, Lillian, bókari í Reykjavík, fædd 3. október 1908 á Íslandi.
23. Thorarensen, Rudolf, nemandi í Reykjavík, fæddur 4. des. 1937 í Þýzkalandi.
24. Thorlacius, Anna Margrét, skrifstofustúlka í Reykjavík, fædd 26. ágúst 1924 í Kanada.
25. Thorlacius, Jón, prentari í Reykjavík, fæddur 1. júlí 1914 á Íslandi.
26. Wagle, Arne Marselius, nemandi í Reykjavík, fæddur 7. marz 1930 í Noregi.
27. Wagle, Henrik Schumann, vélamaður í Reykjavík, fæddur 10. júní 1894 í Noregi.

28. Wagle, Ida Elisabeth, skrifstofustúlka í Reykjavík, fædd 8. apríl 1925 í Noregi.
29. Zakrisson, Isaker Peter, járnsmiður á Drangsnesi í Strandasýslu, fæddur 18. febrúar 1887 í Svíþjóð.

Nd. 604. Nefndarálit [22. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 frá 5. apríl 1948, um bráðabirgðabreyting nokkurra laga o. fl.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Það hefur farið á sömu leið sem á seinasta þingi um afgreiðslu þessa frumvarps í nefndinni. Meiri hlutinn er ekki reiðubúinn til að mæla með aðgerðum, sem beinast gegn því m. a., að nokkrar þúsundir fólks — þar af stór hluti börn og gamalmenni — búi frekara heilsutjón af að búa í ryðbrunnum braggaræsknum, saggasömum kjallaraholum og hriplekum hanabjálkaloftum í höfuðborg íslenzka menningarríkisins á miðri 20. öldinni, og lýsir sig andvígan frumvarpinu. Við undirritaðir nefndarmenn leggjum hins vegar til, að frumvarpið verði samþykkt.

Það er óþarfi að ræða í löngu máli tilgang frumvarpsins, hann mun vera vel kunnur öllum þingmönnum, svo mörg tækifæri hafa þeir haft til að kynna sér hann. Skal látið nægja að vísa til greinargerðar okkar frá í fyrra, en þar segir meðal annars:

Það er ljótur blettur á þjóðfélagi voru, að fjöldi þegna þess verður að búa við þær hýbýlaaðstæður, sem beinlínis ofbjóða heilsu þeirra. Með frumvarpinu er gert ráð fyrir, að þessi ljóti blettur verði ekki lengur látinn afskiptalaus af hálfu hins opinbera, heldur verði aftur upp teknar skipulegar aðgerðir til að afmá hann. Frumvarpið gerir ráð fyrir, að lagakaflinn um útrýmingu heilsuspillandi íbúða taki gildi á ný.

Í þessu sambandi mætti gjarnan minna á, að fyrir síðustu bæjarstjórnarkosningar mótaðist barátta flokkanna mjög af málum þeim, sem hér um ræðir, blöð þeirra allra opinberuðu mikla umhyggju fyrir því fólki, sem verður að búa í heilsuspillandi íbúðum. Aðalblað Framsóknarflokksins, Tíminn, gekk þar ekki hvað síst skelegglega fram, birti dögum saman langar greinar og ljósmyndir með til að sýna fram á hin bágu kjör þessa fólks: allt þetta ástand væri slíkt reginhneyskli, að hið opinbera mætti fyrir alla muni ekki láta það viðgangast lengur; útrýming hinna heilsuspillandi íbúða væri réttlætismál, er krefðist tafarlausrar afgreiðslu. Nú er tækifærið til að staðfesta í verki þann umbótahug, sem þarna var svo rækilega opinberaður á prenti.

Að endingu skal svo vakin athygli á því, sem í rauninni ætti eitt út af fyrir sig að vera fullnægjandi rökstuðningur fyrir nauðsyn þess, að frumvarp það, sem hér um ræðir, nái fram að ganga: Íbúar hinna heilsuspillandi íbúða eru að stórum hluta börn. — Þess hefur orðið vart, að andstæðingar frumvarpsins þykjast helzt geta réttlætt afstöðu sína með því, að efnahagsgeta þjóðfélagsins hrökkvi hvergi til þeirra framkvæmda, sem það gerir ráð fyrir, þjóðfélagið hafi bókstaflega ekki ráð á að útrýma heilsuspillandi íbúðum. — Slíkar röksemdir verða að teljast ósamboðnar Alþingi Íslendinga, því að umhyggja fyrir heilsu og velferð barnanna er það seinasta, sem nokkurt þjóðfélag getur leyft sér að hafa ekki ráð á.

Þess vegna mælum við með því, að frumvarp þetta verði samþykkt.

Alþingi, 1. febrúar 1951.

Jónas Árnason, frsm. Gylfi Þ. Gíslason.

Ed. 605. Lög [57. mál]

um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Akureyrar.

(Afgreidd frá Ed. 1. febr.)

Samhljóða þskj. 468.

Ed. 606. Nefndarálit [97. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 1939, um tollskrá o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur klofnað um málið. Meiri hlutinn vill láta fella frumvarpið, og færir hann þær ástæður, að það mundi raska þeim grundvelli, sem tolltekjur ríkisins byggjast á, eins og þær eru áætlaðar á yfirstandandi ári. Þar sem hér er aðeins um mjög smáa upphæð að ræða, tel ég þá röksemd fjarri lagi. Ég er sammála flutningsmanni um það, að fráleitt sé að leggja háa tolla á hljóðfæri og torvelda þannig iðkun tónlistar í landinu, og legg til, að frumvarpið verð samþykkt.

Alþingi, 1. febrúar 1951.

Brynjólfur Bjarnason.

Nd. 607. Frumvarp til laga [49. mál]

um sveitarstjóra.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Í hreppi, þar sem eru fleiri en 500 íbúar, er hreppsnefnd heimilt að fela sérstökum sveitarstjóra stjórn og framkvæmd hreppsmála.

2. gr.

Ákveði hreppsnefnd að nota heimild 1. gr. laga þessara, skal hún auglýsa starf sveitarstjóra og taka við umsóknum um það.

Á löglega boðuðum hreppsnefndarfundi skal greiða atkvæði um framkomnar umsóknir, og er sá ráðinn, sem flest fær atkvæði. Nú eru atkvæði jöfn við endurtekna atkvæðagreiðslu, og skal þá hlutkesti ráða. Atkvæðagreiðsla skal vera leynileg.

3. gr.

Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt í hreppsnefnd, og skal þar nánar kveðið á um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og það annað, sem rétt þykir að taka fram af því tilefni. Ekki er skylt að binda ráðningu sveitarstjóra við kjörtímabil hreppsnefndar eða önnur ákveðin tímamörk. Uppsagnarfrestur af hálfu hvors aðila skal vera sex mánuðir.

4. gr.

Laun sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim, er í 3. gr. getur, og greiðast þau úr sveitarsjóði.

5. gr.

Sveitarstjóri fer með störf þau, sem oddvita eru falin í sveitarstjórnarlögum, önnur en stjórn á fundum hreppsnefndar, og hefur á hendi framkvæmd málefna

sveitarfélagsins. Hann annast innheimtu á tekjum sveitarsjóðs og fyrirtækja hans, án sérstakrar þóknunar.

Að öðru leyti skal starfsvið sveitarstjóra og verkaskipting milli hans og oddvita nánar ákveðin í samþykkt um stjórn málefna sveitarfélagsins, sem hreppsnefnd semur, en félagsmálaráðuneytið staðfestir.

6. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

7. gr.

Nú hefur sveitarstjóri tekið við starfi, og falla þá niður launagreiðslur til oddvita úr sveitarsjóði samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga, en heimilt er hreppsnefnd að ákveða oddvita þóknun fyrir störf hans.

8. gr.

Nú verður sveitarstjóri sekur um stórfellda og ítrekaða vanrækslu eða hirðuleysi í starfi sínu og skeytir ekki áminningu hreppsnefndar, og getur hún þá með fundarsamþykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal félagsmálaráðuneytinu þegar frávikninguna. Oddviti tekur þá við starfi sveitarstjóra og gegnir því, unz sveitarstjóri hefur verið ráðinn að nýju.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 608. Frumvarp til laga [110. mál]

um nýtt orkuver og nýja orkuveitu rafmagnsveitna ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fela rafmagnsveitum ríkisins að virkja Dynjandisá í Arnarfirði til raforkuvinnslu í allt að 7000 hestafla orkuveri og leggja þaðan aðalorkuveitu um byggðir á Vestfjörðum.

2. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs eða ábyrgjast lán, sem rafmagnsveitur ríkisins taka, að upphæð allt að 60 millj. króna, til greiðslu stofnkostnaðar þeirra mannvirkja, sem um getur í 1. gr. Af þeirri upphæð má taka lán úr raforkusjóði samkv. 1. lið 35. gr. raforkulaganna, allt að 20 millj. króna, þó eigi meira en sem nemur ⅓ hluta af stofnkostnaði mannvirkjanna.

3. gr.

Framkvæmdir samkv. 1. gr. mega ekki hefjast, nema fyrir liggi nákvæmar kostnaðaráætlanir um virkjunina og tryggt hafi verið nægilegt fé til framkvæmdanna, og ríkissjóður hafi auk þess tryggt sér vatnsréttindin í Dynjandisá.

4. gr.

Um stofnun og rekstur þess orkuvers og þeirrar orkuveitu, sem ræðir um í 1. og 2. gr., fer að öðru leyti eftir ákvæðum raforkulaga, nr. 12 2. apríl 1946.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 609. Tillaga til þingsályktunar [172. mál]

um breyting á gjaldskrá landssímans.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason og Haraldur Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til þess, að gjaldskrá landssímans verði breytt þannig, að ekki verði innheimt fjarlægðargjald af símanotendum í þéttbýlustu byggðahverfunum í nágrenni Reykjavíkur.

Greinargerð.

Afnotagjald af heimilissíma í Reykjavík er nú 180 kr. á ársfjórðungi og auk þess 20 aurar fyrir hvert samtal, sem er umfram 800 samtöl á ársfjórðungnum. Þessi gjaldskrá gildir fyrir Reykjavíkurbæ og Seltjarnarnes allt inn að Elliðaám og þaðan um Bústaðaveg, Réttarholtsveg og Fossveg beina leið í Fossvog. Utan þessara takmarka er reiknað fjarlægðargjald, 15 kr. ársfjórðungslega, fyrir hverja af þrem byrjuðum fyrstu 500 metrunum, en 20 kr. fyrir hverja byrjaða 500 metra þar fram yfir.

Í nágrenni Reykjavíkur eru nú ýmis þéttbýl byggðahverfi, fyrst og fremst í Kópavogi og fyrir ofan Elliðaár. Notendur síma á þessum stöðum verða að greiða framangreint fjarlægðargjald og auk þess hærra stofngjald en aðrir, sem bæjarsímakerfið nota. Veldur þetta því, að notkun síma verður mjög dýr á þessu svæði. Áður var fjarlægðargjald innheimt í ýmsum úthverfum Reykjavíkur, svo sem í Langholtsbyggð (Kleppsholti) og á Seltjarnarnesi. Frá því hefur verið horfið, svo sem eðlilegt og sanngjarnt var. Hætt hefur og verið að innheimta fjarlægðargjald í nágrenni Hafnarfjarðar. Er því kominn tími til að afnema það líka í næsta nágrenni Reykjavíkur. Engum er meiri nauðsyn á afnotum síma en einmitt þeim, sem í útjöðrum bæjarins búa, og því óeðlilegt að torvelda þeim notkunina með mjög háum afnotagjöldum. Sú verðjöfnun, sem í þessu felst, hefur mjög litla fjárhagsþýðingu fyrir landssímann og er smávægileg borið saman við þá miklu verðjöfnun, sem framkvæmd er milli kaupstaða annars vegar og dreifbýlisins hins vegar.

Nd. 610. Nefndarálit [132. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 49 5. apríl 1948, um breyt. á bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað málið og leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

FJ tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. febrúar 1951.

Jörundur Brynjólfsson, form., frsm.	Jóhann Hafstein, fundaskr.	Jónas Rafnar.

Áki Jakobsson.

Ed. 611. Frumvarp til laga [173. mál]

um breyting á og viðauka við lög nr. 117/1950, um breyting á lögum nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laga nr. 117/1950 verði svo hljóðandi:

Frá 1. febrúar 1951 skulu laun ekki taka breytingum frá því, sem greitt var í janúar þ. á., nema svo verði ákveðið í kjarasamningum gerðum eftir þann tíma. Greiða skal verðlagsuppbót á laun opinberra starfsmanna árið 1951, er miðuð séu við kaupgjaldsvísitölu 123.

2. gr.

Í stað 2. mgr. 9. gr. laga nr. 22/1950 komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ákvæði gildandi laga um verðlagningu landbúnaðarafurða skulu haldast. Hækka má á verðlagsárinu verð landbúnaðarafurða sem nemur hækkun á dreifingar- og vinnslukostnaði á sama hátt og verið hefur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni ríkisstjórnarinnar, og fylgdu því eftirfarandi athugasemdir:

Þegar lög nr. 117/1950 voru sett nú í desember, var tilætlunin sú, að kaupgjald breyttist ekki fyrir tilhlutun löggjafarvaldsins frá því, sem verða mundi í janúar 1951, og að breytingar eftir þann tíma gætu aðeins orðið að undangengnum nýjum samningum milli verkalýðssamtaka og atvinnurekenda. Þetta var hinn almenni skilningur á lögunum, enda viðurkenndur af andstæðingum þeirra. Nú hefur hins vegar komið fram ágreiningur milli verkalýðssamtaka og atvinnurekenda um skilning á gildandi lögum varðandi launagreiðslur, þar sem verkalýðssamtökin krefjast, að laun séu greidd samkvæmt þeirri meginreglu, sem gilti fyrir setningu dýrtíðarlaganna í árslok 1947, en sú regla getur vitanlega ekki átt við nú, eftir að öllum launaútreikningi hefur tvisvar verið gerbreytt með löggjöf, þ. e. með dýrtíðarlögum frá 1947 og gengisskráningarlögum frá 1950.

Ríkisstjórnin telur lagaákvæðin frá því í desember að vísu ótvíræð um þetta efni, en þar sem það getur valdið ófyrirsjáanlegu tjóni, að í efa sé dregið, hver skilningur þessa ákvæðis sé réttur, þykir ríkisstjórninni brýna nauðsyn bera til að taka allan vafa af um það.

Um hækkun launa almennt vegna hækkunar verðlagsins er það að segja, að stafi hækkunin á verðlaginu af hækkun innfluttrar vöru, án þess að tilsvarandi hækkun verði erlendis á verði útfluttrar vöru, þá er enginn efnahagslegur grundvöllur fyrir almennri hækkun launa. Hækki t. d. kaffi í verði, þá þýðir það, að þjóðin fær minna en áður í skiptum fyrir útfluttar vörur. Þjóðartekjurnar minnka. Þessa minnkun þjóðarteknanna getur þjóðin ekki bætt sér á þann hátt, að menn greiði hver öðrum hærri laun. Slíkt eykur peningamagnið, en ekki raunverulegar tekjur, þar sem hin raunverulegu verðmæti, sem þjóðin aflar, hafa minnkað. Afleiðingin verður aukin dýrtíð, sem menn hyggjast enn bæta sér með hærra kaupi. Þessi aðferð felur ekki í sér lausn hins raunverulega vandamáls og bætir ekki kjörin. Það liggur í augum uppi, að fyrirkomulag, sem er þannig, að kaupgjald og peningatekjur hækka vegna þess að raunverulegar þjóðartekjur minnka, hlýtur

að leiða til stóraukinnar dýrtíðar og þeirra vandræða, sem henni fylgja. Sú aðferð er því engum í hag. Sífelld dýrtíð og sífelld gildisrýrnun peninganna grefur smám saman undan sparifjármyndun landsmanna og þar með verklegum framkvæmdum og framförum og leiðir til atvinnuleysis.

Verðlag á höfuð-útflutningsafurðum landsmanna þolir ekki hærra kaupgjald að svo stöddu.

Þrátt fyrir þessar augljósu staðreyndir felur þetta frumvarp í sér einungis staðfestingu á því, að hækkun kaupgjalds geti því aðeins átt sér stað, að nýir samningar séu um það gerðir, og takmarkar ekki rétt manna að öðru leyti. Frumvarpið tekur ekki til neinna umsaminna breytinga á grunnkjörum verkamanna, t. d. aldursuppbóta, greiðslna af afla o. s. frv.

Framleiðsluráð landbúnaðarins heldur því fram, að samkvæmt gengislækkunarlögunum sé heimilt að verðleggja landbúnaðarafurðir eftir öðrum reglum en gilt hafa samkvæmt ákvæðum laganna um verðlagningu landbúnaðarafurða, og mundu þær reglur leiða til aukinnar hækkunar á verðlagi landbúnaðarafurða nú þegar. Ríkisstjórnin telur að vísu, að þessi skilningur fái ekki staðizt, en til þess að taka af allan vafa, einnig um þetta atriði, er lagt til, að ákvæði 2. greinar séu lögfest.

Ed. 612. Nefndarálit [70. mál]

um frumvarp til lyfsölulaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur haft frumvarp þetta til meðferðar ásamt öðru frumvarpi um sama efni (frumvarp til lyfjalaga, 71. mál).

Það er samhljóða álit nefndarinnar, að ekki verði komizt hjá því að setja sem fyrst lög um lyfjasölu, en nefndin telur málið hins vegar ekki vera þess eðlis, að þingnefnd geti nú samræmt þau tvö frumvörp, sem fyrir liggja. Fyrir því leggur nefndin til, að frumvarpið sé afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti undirbúa frumvarp um lyfjasölu og leggi það fyrir næsta þing, telur deildin ekki ástæðu til að afgreiða málið að þessu sinni, en tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 2. febrúar 1951.

Rannveig Þorsteinsdóttir, form., frsm. Lárus Jóhannesson, fundaskr. H. Guðmundsson.
Gísli Jónsson. F. R. Valdimarsson.

Ed. 613. Nefndarálit [71. mál]

um frumvarp til lyfjalaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur haft frumvarp þetta til meðferðar ásamt öðru frumvarpi um sama efni (frumvarp til lyfsölulaga, 70. mál).

Það er samhljóða álit nefndarinnar, að ekki verði komizt hjá því að setja sem fyrst lög um lyfjasölu, en nefndin telur málið hins vegar ekki vera þess eðlis, að

þingnefnd geti nú samræmt þau tvö frumvörp, sem fyrir liggja. Fyrir því leggur nefndin til, að frumvarpið sé afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti undirbúa frumvarp um lyfjasölu og leggi það fyrir næsta þing, telur deildin ekki ástæðu til að afgreiða málið að þessu sinni, en tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 2. febrúar 1951.

Rannveig Þorsteinsdóttir, form., frsm. Lárus Jóhannesson, fundaskr. H. Guðmundsson.
Gísli Jónsson. F. R. Valdimarsson.

Ed. 614. Breytingartillaga [76. mál]

við frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 33/1935.

Frá Bernharð Stefánssyni.

Við 1. gr. — 2. mgr. hljóði svo:

Nú finnst áfengi í bifreið, og skal þá, ef sterkar líkur þykja fyrir því, að það sé ætlað til ólöglegrar sölu, refsa eiganda þess sem hann væri sekur um ólöglega áfengissölu, nema sannað sé, að áfengið sé ætlað til lögmætra nota.

Nd. 615. Nefndarálit [161. mál]

um frv. til l. um lán til hraðfrystihúsa og um afnám l. nr. 38 1948, um breyt. á l. nr. 81 1947, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Í frv. felast tvö meginatriði:

1. Að samræma útflutningsgjald af sjávarafurðum og tryggja þannig Fiskveiðasjóði þær tekjur, sem honum voru ætlaðar með lögum (1941 og 1943), er honum var afhentur sá hluti útflutningsgjaldsins, er áður rann í ríkissjóð.
2. Að gera jafnframt ráðstafanir til þess, að hraðfrystihúsum, sem ekki fengu lán úr Stofnlánadeild sjávarútvegsins, verði að einhverju leyti bætt upp það tjón, er þau bíða við það, að framleiðslugjald samkvæmt gengislögunum af afla nýju togaranna og hvalafurðum hefur verið afnumið, en fé því, er innheimt yrði með framleiðslugjaldi, átti samkvæmt gengislögunum að verja til að veita lán til umræddra hraðfrystihúsa.

Nefndin hefur athugað málið og sent stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands frumvarpið til umsagnar. Stjórn Fiskveiðasjóðs mælir með frumvarpinu, en gerir jafnframt tillögur til breytinga, og vill meiri hluti nefndarinnar fallast á þær að nokkru leyti.

Samkvæmt lögum nr. 81 1947 var hundraðsgjald af útfluttum sjávarafurðum ákveðið sem hér segir:

1½% til Fiskveiðasjóðs Íslands.
⅛% til Landssambands ísl. útvegsmanna.
⅛% til að greiða stofnkostnað byggingar til fiskiðnaðarrannsókna og fiskifræðirannsókna.

½% (söltuð síld undanskilin, þar sem heimilt er að taka af henni sérstakt gjald til starfsemi síldarútvegsnefndar) til Fiskimálasjóðs.

Með lögum þeim, sem afnumin yrðu með samþykkt þessa frumvarps (nr. 38 1948), var saltfiskur undanþeginn 1½% gjaldinu til Fiskveiðasjóðs Íslands, en hins vegar er greitt gjald af honum til Landssambands ísl. útvegsmanna (⅛%), rannsóknarstofnunarinnar (⅛%) og Fiskimálasjóðs (½%).

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Lán samkvæmt 2. gr. endurgreiðast með jöfnum afborgunum á 15 árum. Fyrstu fimm árin eru þau vaxtalaus, en eftir þann tíma eru vextir 4% á ári.

Alþingi, 2. febrúar 1950.

Gísli Guðmundsson, fundaskr., frsm. Sig. Ágústsson. Halldór Ásgrímsson.

Nd. 616. Breytingartillaga [173. mál]

við frv. til l. um breyt. á og viðauka við l. nr. 117/1950, um breyt. á l. nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

Frá Jóhanni Hafstein og Gunnari Thoroddsen.

Við 1. gr.

Síðasti málsliður orðist svo: Laun opinberra starfsmanna árið 1951 skulu miðuð við kaupgjaldsvísitölu 123.

Nd. 617. Frumvarp til laga]173. mál]

um breyting á og viðauka við lög nr. 117/1950, um breyting á lögum nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laga nr. 117/1950 verði svo hljóðandi:

Frá 1. febrúar 1951 skulu laun ekki taka breytingum frá því, sem greitt var í janúar þ. á., nema svo verði ákveðið í kjarasamningum gerðum eftir þann tíma. Laun opinberra starfsmanna árið 1951 skulu miðuð við kaupgjaldsvísitölu 123.

2. gr.

Í stað 2. mgr. 9. gr. laga nr. 22/1950 komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ákvæði gildandi laga um verðlagningu landbúnaðarafurða skulu haldast. Hækka má á verðlagsárinu verð landbúnaðarafurða sem nemur hækkun á dreifingar- og vinnslukostnaði á sama hátt og verið hefur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 618. Breytingartillaga [76. mál[

við frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 33/ 1935.

Frá Gísla Jónssyni og Karli Kristjánssyni.

Við 1. gr. Síðari málsgr. orðist svo:
Nú finnst áfengi í bifreið, og skal þá refsa eiganda þess sem hann væri sekur um ólöglega áfengissölu, nema hann færi sterkar líkur fyrir því, að áfengið sé ekki ætlað til sölu.

Ed. 619. Breytingartillögur [156. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 122 28. des. 1950, um breyt. á l. nr. 50 1946, um almannatryggingar og viðauka við þau.

Frá Finnboga R. Valdimarssyni.

1. Við 1. gr. Greinin falli niður.
2. Við 4. gr. (sem verður 3. gr.). Greinin orðist svo:
   Við 29. gr. laganna bætist ný mgr., svo hljóðandi:
   Nú vanrækir sveitarfélag greiðslu á framlagi sínu til Tryggingastofnunar ríkisins í eitt ár eða lengur, og er ráðherra þá heimilt að ákveða, að hald skuli lagt á allt að 25% álagðra útsvara í sveitarfélaginu og sá hluti útsvara jafnan greiddur innheimtumanni ríkissjóðs jafnóðum og útsvör innheimtast, mánaðarlega eða ársfjórðungslega, eftir því sem innheimtumaður krefst; og skal sú skipan haldast þangað til skuld sveitarsjóðs við Tryggingastofnunina er að fullu greidd.

Ed. 620. Lög [173. mál]

um breyting á og viðauka við lög nr. 117/1950, um breyting á lögum nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 3. febr.)

Samhljóða þskj. 617.

Ed. 621. Nefndarálit [160. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta, sem var flutt í neðri deild samkv. ósk heilbrigðisstjórnarinnar og landlæknir hefur samið. Fellst nefndin á efni frv. og leggur til, að það verði samþykkt. Einn nefndarmanna (LJóh) var ekki á fundi, er frv. var afgreitt.

Alþingi, 5. febr. 1951.

Rannveig Þorsteinsdóttir, form. H. Guðmundsson, frsm. Gísli Jónsson.
F. R. Valdimarsson.

Sþ. 622. Nefndarálit [150. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1948.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og borið það saman við ríkisreikninginn 1948. Breytingartillögur við frv. ber nefndin fram á sérstöku þingskjali, og verður gerð grein fyrir þeim í framsögu.

Þótt nefndin leggi til, að frv. til fjáraukalaga fyrir 1948 verði samþykkt með þeim breytingum, sem áður er getið, þá telur hún núverandi form fjáraukalaganna ófullnægjandi, þ. e. að leitað sé aðeins fjáraukalagaheimilda fyrir því, sem útgjöld hverrar fjárlagagreinar í heild fara fram úr heimild í fjárlögum. Nefndin telur, að þessu eigi að breyta og að þann hátt beri upp að taka, að leitað sé samþykkis Alþingis fyrir umframgreiðslu á hverjum einstökum útgjaldalið fjárlaganna.

Telur nefndin því æskilegt, að ríkisstjórnin, í sambandi við afgreiðslu þessa máls, lýsi því yfir, að hún muni hlutast til um, að framvegis verði frv. til fjáraukalaga samin á þann hátt, sem að framan greinir.

Alþingi, 5. febr. 1951.

Gísli Jónsson, form.	Helgi Jónasson, fundaskrifari.	Halldór Ásgrímsson, frsm.
Karl Kristjánsson.	Hannibal Valdimarsson.	Ásmundur Sigurðsson.
Jónas G. Rafnar.	Ingólfur Jónsson.	Pétur Ottesen.

Sþ. 623. Tillaga til þingsályktunar [174. mál]

um endurbætur á hafnargarðinum á Dalvík.

Flm.: Bernharð Stefánsson, Stefán Jóh. Stefánsson.

Alþingi heimilar ríkisstjórninni að greiða á þessu ári úr hafnarbótasjóði viðgerðarkostnað á hafnargarðinum í Dalvík vegna skemmda, sem urðu á honum í stórviðri 10 des. s. l., í sömu hlutföllum og kostnað við hafnargerðir og að ábyrgjast lán fyrir Dalvíkurhrepp til þess að leggja fram fé að sínu leyti til þessara viðgerða.

Greinargerð.

Í stórviðri, sem geisaði hér við land 10. des. s. l., urðu nokkrar skemmdir á hafnargarðinum í Dalvík. Braut sjórinn skarð í gegnum garðinn, og urðu auk þess frekari skemmdir. Það var sameiginlegt álit hafnamálastjóra og hafnarnefndar Dalvíkurhrepps, að nauðsynlegt væri að hefja þegar framkvæmdir til viðgerða. Er kostnaður við þetta áætlaður um 200 þús. kr. Hrepps- og hafnarsjóðir Dalvíkur eru þess ekki megnugir að leggja fram fé og standa undir þessum kostnaði. Er því hér farið fram á það, að ríkisstjórninni verði heimilað að greiða úr hafnarbótasjóði á þessu ári viðgerðarkostnaðinn í sömu hlutföllum og kostnað við hafnargerðir og einnig að ábyrgjast lán fyrir Dalvíkurhrepp til þess að leggja fram fé af sinni hálfu til þessara viðgerða.

Hér er um mikið nauðsynjamál að ræða, er ekki þolir bið, og vænta flutningsmenn tillögunnar þess, að mál þetta fái örugga og skjóta afgreiðslu.

Fylgiskjal.

VITA- OG HAFNAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 30. jan. 1951.

Í stórviðri þ. 10. des. s. l. urðu verulegar skemmdir á hafnargarðinum á Dalvík. Braut sjórinn skarð í gegnum garðinn, og urðu auk þess frekari skemmdir á ytri grjótfláa. Skemmdir þessar voru þess eðlis, að ég áleit það ekki þola neina bið að hefja framkvæmdir til tryggingar þessu dýra mannvirki, og hafa þegar verið framkvæmdar nokkrar aðgerðir á garðinum og frekari aðgerðir í undirbúningi. Eftir að fullkomnar athuganir hafa farið fram, hefur nú verið gerð áætlun um heildaraðgerð, og má ætla, að kostnaður verði um 200 þús. kr. Hrepps- og hafnarsjóðir eru að sjálfsögðu ekki þess megnugir að mæta þessum kostnaði og þurfa því að taka lán til framkvæmdanna. Vil ég eindregið mæla með því, að þeim verði veitt ríkisábyrgð fyrir láni í þessu skyni og lán úr hafnarbótasjóði eftir því sem fært þykir.

Allra virðingarfyllst.

Emil Jónsson.

Til samgöngumálaráðuneytisins, Reykjavík.

Sþ. 624. Nefndarálit [92. mál]

um till. til þál. um afnám skömmtunar á byggingarvörum o. fl.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur haft þetta mál lengi til athugunar, og með því að frv. til laga um sama efni og í tillögunni felst, hafði verið samþ. í annarri deild þingsins, var ekki hert verulega á afgreiðslu tillögunnar um alllangan tíma. Öllum ber saman um, að hömlurnar á byggingum þeim, sem í till. eru nefndar, standi mjög fyrir þrifum eðlilegri þróun í þjóðfélaginu, sem allt frá landnámstíð hefur hvílt á þörf, dugnaði og forsjálni þegnanna sjálfra í þeim efnum, sem hér um ræðir. Hitt er svo annað mál, þótt hinar stærri fjárfestingarframkvæmdir lúti enn um hríð afskiptum ríkisvaldsins, til þess að komizt verði hjá því, að í of mikið sé ráðizt af stórframkvæmdum. Till. fer ekki heldur inn á það svið.

Umsagnar fjárhagsráðs um till. var leitað, og lagðist það að vísu móti samþykkt hennar, en byggði andmæli sín svo að segja eingöngu á því, að með samþykkt hennar yrði aðstaða ráðsins til að gera grein fyrir meðferð svokallaðs mótvirðissjóðs torvelduð og ekki nægilega tryggilega séð fyrir dreifingu á byggingarvörubirgðum þeim, sem fyrir hendi eru.

Í þessu sambandi og án þess að vefengja á nokkurn hátt góðan tilgang fjárhagsráðs má á það minna, að þegar lög voru sett, sem fjárhagsráð starfar eftir, var gert ráð fyrir því, að einmitt byggingarframkvæmdir þær, sem till. fjallar um, gætu verið óháðar fjárfestingarleyfum. Heimild fólst þó í lögunum um það, að fjárhagsráð léti fjárfestingarafskipti sín einnig ná til mannvirkja, sem ekki færu fram úr 10 000.00 kr. í vinnu og efni, — eða rösklega eins og 2 básar kosta í nútímafjósi, eftir því sem hefur upplýstst á Alþingi í umræðum um lánsfjárþörf landbúnaðarins, — og til byggingar eigin húsa til afnota fyrir eina fjölskyldu.

Þessi heimild er þó háð því, að ráðið telji, að þessar framkvæmdir feli í sér óeðlilega sóun á vinnu og efni.

Nú er það svo, að erfitt mun vera að fá menn almennt til að fallast á það, að samhliða þeirri stórfelldu notkun byggingarefnisins, sem átt hefur sér stað undanfarin ár til annarra afnota en um ræðir í þessari till. til þál., sé það ástæða til óeðlilegrar sóunar á vinnu og efni, að menn megi óátalið byggja yfir sig lítil íbúðarhús eða koma upp útihúsum til sjós eða sveita, svo sem gripahúsum eða verbúðum.

Hitt er vitanlegt, að afskipti fjárhagsráðs hafa ekki komið í veg fyrir, að upp hafa risið allt fram að þessu fjölmargar glæsilegar íbúðarhúsbyggingar, sem vitanlega eru meiri fyrir sér en þær, sem hér er farið fram á að gefa frjálsar, en á sama tíma berst fjöldi manna víðs vegar um land oft án árangurs fyrir því að fá leyfi til að koma þaki yfir höfuð sitt og oft þannig að vinna að miklu leyti sjálfir að byggingunni.

Það er til að létta af þessum agnúum fjárfestingarskipulagsins, að meiri hluti allsherjarnefndar hefur ákveðið að mæla með samþykkt hennar.

Breytingartillögu hv. 2. þm. Reykv. um að skora á ríkisstjórnina að leyfa frjálsan innflutning á byggingarvörum taldi meiri hl. ekki fært að svo komnu að taka upp í þessa till., með því að hann telur, að það hljóti að koma til álita í sambandi við aukið frjálsræði í innflutningsmálum, sem talið er að sé til umræðu í ríkisstjórninni að slaka til á höftum í þessu efni.

Alþingi, 26. jan. 1951.

Jóhann Þ. Jósefsson, form., frsm.	Jón Gíslason, fundaskr.	Stefán Stefánsson.
Lúðvík Jósefsson.	Jón Sigurðsson.	Jörundur Brynjólfsson.

Sþ. 625. Nefndarálit [145. mál]

um till. til þál. um handritamálið.

Frá fjárveitinganefnd.

Við athugun á tillögu þessari kom það mjög skýrt og greinilega í ljós, að nefndarmenn allir voru sammála flutningsmanni tillögunnar um það, að Alþingi léti í ljós þann vilja sinn og ásetning, svo að eigi yrði misskilið, að lögð yrði hin fyllsta rækt við handritin, þegar þessi dýrmæti þjóðararfur fellur oss aftur í skaut. Þá er og nefndin sammála um að marka þá stefnu í framkvæmd þessa máls, að Alþingi gefi um það yfirlýsingu, að íslenzka ríkið geri nú þegar ráðstafanir, er tryggi örugga varðveizlu handritanna og góð starfsskilyrði við notkun þeirra. Enn fremur, að veitt verði fé til útgáfu þeirra og vinnu við þau, þar á meðal styrkir til erlendra fræðimanna, er hér vildu starfa að rannsókn þeirra. Ætti það ekki að geta orkað tvímælis, eftir að slík yfirlýsing hefur verið gefin, að varðveizla á þessum dýrmæta menningararfi þjóðar vorrar er örugglegast tryggð í vorum eigin höndum og skýrustu ljósi varpað yfir menningar- og vísindalegt gildi handritanna undir handleiðslu vorri.

Á grundvelli þessarar niðurstöðu mælir fjárveitinganefnd eindregið með því, að tillaga þessi verði samþykkt með lítils háttar breytingum. Telur nefndin það mjög þýðingarmikið, að jafnótvíræð yfirlýsing um örugga varðveizlu handritanna á Íslandi og fyrirgreiðslu við notkun þeirra sé gefin á Alþingi. Er þetta engan veginn sagt eingöngu vegna þess, hve hjartfólgið þetta mál er Íslendingum, heldur eins — og ekki síður — með tilliti til þess, hve mikið sögulegt gildi þessi dýrmæti menningararfur vor hefur fyrir ýmsar aðrar þjóðir, ekki sízt Norðurlandaþjóðirnar.

Loks skal þess getið, að nefndin sendi tillögu þessa til umsagnar landsbókavarðar, þjóðskjalavarðar og Háskóla Íslands. Fékk nefndin svör frá öllum þessum aðilum og mikilsverðar upplýsingar varðandi ýmis atriði í framkvæmd þessa máls. Leggur nefndin til, að tillagan verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugrein orðist svo:

Alþingi ályktar að lýsa yfir því, að jafnskjótt sem handritin íslenzku fást afhent frá Danmörku, muni íslenzka ríkið reisa byggingu yfir handritin eða búa þeim húsnæði á annan hátt, þar sem tryggð verði örugg geymsla þeirra og góð starfsskilyrði. Einnig lýsir Alþingi yfir þeirri fyrirætlun að veita fé til vinnu við handritin, þar á meðal styrki til erlendra fræðimanna, sem hér vildu starfa að rannsókn þeirra.

Alþingi ályktar jafnframt að fela ríkisstjórninni að hefja nú þegar í samráði við landsbókavörð, þjóðskjalavörð og Háskóla Íslands, undirbúning fyrrgreindra ráðstafana.

Alþingi, 1. febr. 1951.

Gísli Jónsson, form.	Helgi Jónasson, fundaskr.	Pétur Ottesen, frsm.
Hannibal Valdimarsson.	Ásmundur Sigurðsson.	Jónas G. Rafnar.
Halldór Ásgrímsson.	Karl Kristjánsson.	Ingólfur Jónsson.

Nd. 626. Breytingartillaga [44. mál]

við brtt. á þskj. 248 (Sveitarstjórnarkosningar).

Frá Jörundi Brynjólfssyni.

Meginmál. 2. tölul. orðist svo:

Aftan við 1. mgr. 27. gr. laganna bætist:

með þessum breytingum: Fyrst skal finna atkvæðatölur jafnmargra efstu frambjóðenda hvers lista og kjósa á bæjarfulltrúa eða hreppsnefndarmenn. Þegar þessum frambjóðendum eru talin brot úr atkvæði, skal í teljara þess vera tala þeirra bæjarfulltrúa eða hreppsnefndarmanna, sem kjósa á, að frádreginni tölu þeirra frambjóðenda, sem framar standa á listanum, breyttum eða óbreyttum, og í nefnara þess tala þeirra bæjarfulltrúa eða hreppsnefndarmanna, sem kjósa á. Ef framboðslisti fær ekki úr hópi þessara frambjóðenda þá tölu bæjarfulltrúa og varamanna eða hreppsnefndarmanna og varamanna, sem honum ber, skal hann fá til viðbótar svo marga varamenn sem á vantar þá tölu úr hópi þeirra frambjóðenda, sem aftar standa á listanum, og í þeirri röð, sem þeir verða, ef atkvæðatölur þeirra eru ákveðnar á sama hátt og gert er um jafnmarga efstu menn hvers lista og kjósa á bæjarfulltrúa eða hreppsnefndarmenn.

Nd. 627. Lög [58. mál]

um breyting á lögum nr. 64 11. júní 1938, um breyting á lögum nr. 55 27. júní 1921, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa.

(Afgreidd frá Nd. 5. febr.)

Samhljóða þskj. 94.

Nd. **628. Lög** [49. mál]

um sveitarstjóra.

(Afgreidd frá Nd. 5. febr.)

Samhljóða þskj. 607.

Ed. **629. Frumvarp til laga** [79. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Andersen, Jens Nikolaj Kaj, verkamaður í Reykjavík, fæddur 3. febrúar 1906 í Danmörku.
2. Ådnegard, Ola Olsen, lögregluþjónn á Sauðárkróki, fæddur 5. júní 1910 í Noregi.
3. Breiðfjörð, Kenneth, verkamaður í Reykjavík, fæddur 16. janúar 1921 í Englandi.
4. Breiðfjörð William, verkamaður í Reykjavík, fæddur 6. des. 1919 í Englandi.
5. Eliasen, Bjarne Julius Edvin, járnsmiður í Reykjavik, fæddur 7. júlí 1915 í Danmörku. — Réttur þessi tekur ekki til barns hans frá fyrra hjónabandi, Eyvin Frank, sem er fæddur 16. september 1938.
6. Eriksson, Konstantin W., pípulagningarmaður í Reykjavík, fæddur 28. nóvember 1879 í Finnlandi.
7. Hólmfríður Jónsdóttir, gagnfræðaskólakennari á Ísafirði, fædd 28. júlí 1907 á Íslandi.
8. Hunter, Peter John, sjómaður í Keflavík, fæddur 9. júní 1932 í Englandi.
9. Lange, Jóhannes Magnússon, iðnnemi í Reykjavík, fæddur 6. ágúst 1930 á Íslandi.
10. Leifur Einar Bjarni Jóhannesson, veitingaþjónn í Reykjavík, fæddur 18. október 1921 í Danmörku.
11. Mikkelsn, Mangor Harry, mjólkurfræðingur á Selfossi, fæddur 11. nóvember 1918 í Danmörku.
12. Münch, Viktor Ferdinand Einar, verkamaður í Reykjavík, fæddur 30. júní 1929 í Þýzkalandi.
13. Mörk, Karen Kristjana, ekkja á Patreksfirði, fædd 28. júlí 1909 á Íslandi.
14. Nielsen, Jörgen Carl Christian, bakari í Reykjavík, fæddur 14. apríl 1809 í Danmörku.
15. Olsson, Bengt Erik, verzlunarmaður á Akureyri, fæddur 9. sept. 1917 í Svíþjóð.
16. Pétur Guðmundsson, Breiðfjörð, trésmiður í Reykjavik, fæddur 27. ágúst 1885 á Íslandi.
17. Rannveig Margrét Gísladóttir, sjúkrahússtarfskona í Reykjavík, fædd 6. janúar 1914 á Íslandi.
18. Rödtang, Hans Georg, sjómaður í Reykjavík, fæddur 10. desember 1922 í Noregi.
19. Stengrimsen, Sverre, járnsmiður í Reykjavík, fæddur 3. júlí 1909 í Noregi. — Réttur þessi tekur ekki til barns hans frá fyrra hjónabandi, Björns, sem er fæddur 8. október 1938.
20. Sæborg, Oddvar Lothar Knud, bifvélavirki í Reykjavík, fæddur 1. apríl 1921 á Íslandi.
21. Sörensen, Valdemar Florentinus, umsjónarmaður í Reykjavík, fæddur 21. apríl 1914 í Danmörku.
22. Teitson, Lillian, bókari í Reykjavík, fædd 3. október 1908 á Íslandi.

23. Thorarensen, Rudolf, nemandi í Reykjavík, fæddur 4. des. 1937 í Þýzkalandi.
24. Thorlacius, Anna Margrét, skrifstofustúlka í Reykjavík, fædd 26. ágúst 1924 í Kanada.
25. Thorlacius, Jón, prentari í Reykjavík, fæddur 1. júlí 1914 á Íslandi.
26. Wagle, Arne Marseilus, nemandi í Reykjavík, fæddur 7. marz 1930 í Noregi.
27. Wagle, Henrik Schumann, vélamaður í Reykjavík, fæddur 10. júní 1894 í Noregi.
28. Wagle, Ida Elisabeth, skrifstofustúlka í Reykjavík, fædd 8. apríl 1925 í Noregi.
29. Zakrisson, Isaker Peter, járnsmiður á Drangsnesi í Strandasýslu, fæddur 18. febrúar 1887 í Svíþjóð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 630. Breytingartillaga [79. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgaréttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 6. tölul. 1. gr. Nýr liður:
Förelund, Ingvald, verkamaður í Reykjavík, fæddur 1. maí 1920 í Noregi.

Sþ. 631. Nefndarálit [167. mál]

um till. til þál. um ríkisábyrgð á láni fyrir Akureyrarkaupstað til að fullgera fjórðungssjúkrahús á Akureyri.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og leggur til, að hún verði samþ. með þeirri breytingu, að ríkisstjórninni verði einnig heimilað að ábyrgjast fyrir Akranesbæ og Keflavíkurbæ lán allt að kr. 750000 til hvors bæjarfélags um sig, til þess að fullgera til notkunar sjúkrahúsin á þessum stöðum.

Eins stendur á hjá þessum þremur bæjarfélögum, að reistar hafa verið sjúkrahúsbyggingar, en fé vantar til þess að fullgera húsin og kaupa nauðsynleg tæki og innbú.

Fyrir nefndinni lá bréf landlæknis, og er það prentað með sem fylgiskjal.

Nefndin leggur til, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Aftan við tillgr. bætist:
   Enn fremur heimilast ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir Akranesbæ og Keflavíkurbæ allt að 750 þús. kr. lán til hvors, til þess að fullgera til notkunar sjúkrahúsin á þessum stöðum.
2. Fyrirsögn tillögunnar orðist svo:
   Tillaga til þingsályktunar um ríkisábyrgð á lánum til að ljúka byggingu þriggja sjúkrahúsa.

Alþingi, 4. febr. 1951.

Gísli Jónsson, form.	Helgi Jónasson, fundaskrifari.	Jónas G. Rafnar, frsm.
Hannibal Valdimarsson.	Pétur Ottesen.	Karl Kristjánsson.
Ásmundur Sigurðsson.	Halldór Ásgrímsson.	Ingólfur Jónsson.

Fylgiskjal.

Reykjavík, 1. febrúar 1951.

Mér hefur verið tjáð, að unnið sé að því á Alþingi, að ríkið styðji að því með ábyrgð fyrir nauðsynlegum lánum, að unnt sé að ljúka sem fyrst byggingu sjúkrahúsanna á Akureyri, Akranesi og Keflavík. Ég tel það mjög mikilsvert, að sjúkrahús þessi geti tekið sem allra fyrst til starfa, og að vel sæmi, að Alþingi stuðli að því á þennan hátt.

Vilm. Jónsson.

Til fjárveitinganefndar Alþingis, Reykjavík.

Ed. 632. Lög [55. mál]

um Náttúrugripasafn Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 5. febr.)

Samhljóða þskj. 89.

Nd. 633. Frumvarp til laga [156. mál]

um breyting á lögum nr. 122 28. desember 1950, um breyting á lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Upphaf 24. gr. laganna orðist svo:

Grunnupphæðir iðgjalda og framlaga til tryggingasjóðs samkvæmt IV. kafla laganna, 2.—5., skulu vera sem hér segir til ársloka 1954.

2. gr.

26. gr. laganna orðist svo:

Í stað ákvæða síðasta málsl. fyrstu málsgr. 109. gr. laganna skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

Nú greiðir sveitarsjóður iðgjald iðgjaldsgreiðanda samkv. 1. málsgr. 109. gr. laganna, og tekur þá sveitarstjórn ákvörðun um, hvort og á hvern hátt hún krefur hann um endurgreiðslu.

3. gr.

Við 29. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Nú vanrækir sveitarfélag greiðslu á framlagi sínu til Tryggingastofnunar ríkisins í eitt ár eða lengur, og er ráðherra þá heimilt að ákveða, að hald skuli lagt á allt að 25% álagðra útsvara í sveitarfélaginu og sá hluti útsvara jafnan greiddur innheimtumanni ríkissjóðs jafnóðum og útsvör innheimtast, mánaðarlega eða ársfjórðungslega, eftir því sem innheimtumaður krefst; og skal sú skipan haldast þangað til skuld sveitarsjóðs við Tryggingastofnunina er að fullu greidd.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 122 1950 og gefa þau út svo breytt.

Nd. 634. Nefndarálit [161. mál]

um frv. til l. um lán til hraðfrystihúsa og um afnám l. nr. 38 1948, um breyt. á l. nr. 81 1947, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir hækkun á útflutningsgjaldi á saltfiski, sem nemur 1½%. Eins og nú er ástatt með sölu saltfisks treystir minni hl. sér ekki til að mæla með hækkun þessari á útflutningsgjaldinu. Hins vegar er minni hl á þeirri skoðun, að kosta beri kapps um að leysa vandkvæði þeirra frystihúsa, er hér um ræðir, og væntir, að með heimild þeirri, sem er í gildandi fjárlögum um ríkisábyrgð fyrir lánum í þessu skyni, megi takast að greiða fram úr þessu máli.

Alþingi, 5. febr. 1951.

Lúðvík Jósefsson, frsm. Pétur Ottesen.

Nd. 635. Lög [132. mál]

um breyting á lögum nr. 49 5. apríl 1948, um breyting á bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941.

(Afgreidd frá Nd. 6. febr.)

Samhljóða þskj. 577.

Nd. 636. Frumvarp til laga [49. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Andersen, Jens Nikolaj Kaj, verkamaður í Reykjavík, fæddur 3. febrúar 1906 í Danmörku.
2. Ådnegard, Ola Olsen, lögregluþjónn á Sauðárkróki, fæddur 5. júní 1910 í Noregi.
3. Breiðfjörð, Kenneth, verkamaður í Reykjavík, fæddur 16. janúar 1921 í Englandi.
4. Breiðfjörð William, verkamaður í Reykjavík, fæddur 6. des. 1919 í Englandi.
5. Eliasen, Bjarne Julius Edvin, járnsmiður í Reykjavík, fæddur 7. júlí 1915 í Danmörku. — Réttur þessi tekur ekki til barns hans frá fyrra hjónabandi, Eyvin Frank, sem er fæddur 16. september 1938.
6. Eriksson, Konstantin W., pípulagningarmaður í Reykjavík, fæddur 28. nóvember 1879 í Finnlandi.
7. Förelund, Ingvald, verkamaður í Reykjavík, fæddur 1. maí 1920 í Noregi.
8. Hólmfríður Jónsdóttir, gagnfræðaskólakennari á Ísafirði, fædd 28. júlí 1907 á Íslandi.
9. Hunter, Peter John, sjómaður í Keflavík, fæddur 9. júní 1932 í Englandi.
10. Lange, Jóhannes Magnússon, iðnnemi í Reykjavík, fæddur 6. ágúst 1930 á Íslandi.

11. Leifur Einar Bjarni Jóhannesson, veitingaþjónn í Reykjavík, fæddur 18. október 1921 í Danmörku.
12. Mikkelsen, Mangor Harry, mjólkurfræðingur á Selfossi, fæddur 11. nóvember 1918 í Danmörku.
13. Münch, Viktor Ferdinand Einar, verkamaður í Reykjavík, fæddur 30. júní 1929 í Þýzkalandi.
14. Mörk, Karen Kristjana, ekkja á Patreksfirði, fædd 28. júlí 1909 á Íslandi.
15. Nielsen, Jörgen Carl Christian, bakari í Reykjavík, fæddur 14. apríl 1890 í Danmörku.
16. Olsson, Bengt Erik, verzlunarmaður á Akureyri, fæddur 9. sept. 1917 í Svíþjóð.
17. Pétur Guðmundsson Breiðfjörð, trésmiður í Reykjavík, fæddur 27. ágúst 1885 á Íslandi.
18. Rannveig Margrét Gísladóttir, sjúkrahússtarfskona í Reykjavík, fædd 6. janúar 1914 á Íslandi.
19. Rödtang, Hans Georg, sjómaður í Reykjavík, fæddur 10. desember 1922 í Noregi.
20. Stengrimsen, Sverre, járnsmiður í Reykjavík, fæddur 3. júlí 1909 í Noregi. — Réttur þessi tekur ekki til barns hans frá fyrra hjónabandi, Björns, sem er fæddur 8. október 1938.
21. Sæborg, Oddvar Lothar Knud, bifvélavirki í Reykjavík, fæddur 1. apríl 1921 á Íslandi.
22. Sörensen, Valdemar Florentinus, umsjónarmaður í Reykjavík, fæddur 21. apríl 1914 í Danmörku.
23. Teitson, Lillian, bókari í Reykjavík, fædd 3. október 1908 á Íslandi.
24. Thorarensen, Rudolf, nemandi í Reykjavík, fæddur 4. des. 1937 í Þýzkalandi.
25. Thorlacius, Anna Margrét, skrifstofustúlka í Reykjavík, fædd 26. ágúst 1924 í Kanada.
26. Thorlacius, Jón, prentari í Reykjavík, fæddur 1. júlí 1914 á Íslandi.
27. Wagle, Arne Marselius, nemandi í Reykjavík, fæddur 7. marz 1930 í Noregi.
28. Wagle, Henrik Schumann, vélamaður í Reykjavík, fæddur 10. júní 1894 í Noregi.
29. Wagle, Ida Elisabeth, skrifstofustúlka í Reykjavík, fædd 8. apríl 1925 í Noregi.
30. Zakrisson, Isaker Peter, járnsmiður á Drangsnesi í Strandasýslu, fæddur 18. febrúar 1887 í Svíþjóð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 637. Breytingartillögur [150. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1948.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 1. gr. Fyrir „101 379 171.09“ kemur: 101 105 163.11.
2. Við 2. gr.
   a. Við 5. (Ríkisútvarpið). Fyrir „885 491.21 af kr. 1 629 862.14 tekjum fram úr fjárlagaáætlun“ kemur 917 043.36
   af kr. 1 320 301.24 tekjum umfram fjárlagaáætlun.
   b. Við 5. Nýir liðir:
   1. Viðtækjaverzlunin 168 853.95
   af kr. 478 414.85 tekjum umfram fjárlagaáætlun.
   2. Viðgerðarstofa ríkisútvarpsins og viðtækjasmiðja 25 585.92
   af kr. 57 138.07 tekjum umfram fjárlagaáætlun.
   c. Við gjöldin í 10. gr. III. Fyrir „kr. 1 436 073.21“ kemur 936 073.21

Sþ. 638. Breytingartillaga [167. mál]

við brtt. 631 (Ríkisábyrgð á láni til fjórðungssjúkrahúss á Akureyri).

Frá fjármálaráðherra.

Aftan við tölulið 1 bætist nýr málsliður, svo hljóðandi:
Lán þessi skulu endurgreiðast af framlögum þeim, er næstu ár verða veitt af fjárlagafé til sjúkrahúsa þessara.

Sþ. 639. Nefndarálit [40. mál]

um till. til þál. um vélræna upptöku á þingræðum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur tekið mál þetta til umræðu á 5 fundum og rætt um það við forseta Alþingis og skrifstofustjóra. Þá hefur hún leitað upplýsinga hjá kunnáttumönnum og umboðsmönnum fyrir vélræn upptökutæki og fengið hjá þeim loforð um tilboð og nánari upplýsingar, sem þó eru enn ókomnar. Enn fremur hefur n. fengið hr. yfirþingskrifara Ólaf Tryggvason til þess að gera áætlun og tillögur um, hversu mætti koma þingskriftum í hagkvæmara og fullkomnara horf með því að ráða eingöngu hraðritara til þeirra. Eitt fyrirtæki hefur boðizt til að útvega tæki til upptöku á þingræðum til reynslu, en úr því hefur ekki orðið enn þá.

Þar eð komið mun nærri þinglokum og nægar upplýsingar liggja ekki fyrir um hina vélrænu upptöku, en málið hins vegar að áliti n. þannig vaxið, að nauðsyn er á því, að breyting verði til batnaðar með upptöku þingræðna eða á þingskriftum, leggur n. til, að málið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar eð Alþingi hafa enn eigi borizt fullnægjandi upplýsingar, er leitað hefur verið eftir um vélræna upptöku þingræðna, og eigi er víst, að þær liggi fyrir áður en þingi lýkur, en hins vegar mikil nauðsyn, að breytt verði til bóta um þingskriftir, samþykkir Alþingi, í trausti þess að forsetar Alþingis athugi málið milli þinga, að taka fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 7. febr. 1951.

Jóhann Þ. Jósefsson, form.	Jón Gíslason, fundaskr.	Finnur Jónsson. frsm.
Jón Sigurðsson.	Jörundur Brynjólfsson.	Stefán Stefánsson.

Ed. 640. Nefndarálit [18. mál]

um frv. til l. um meðferð opinberra mála.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. þetta á mörgum fundum og fengið á því álit Lögmannafélags Íslands, auk þess sem hún hefur kynnt sér álit þau, er lágu fyrir Nd. Einnig hefur hún átt viðtöl við sakadómarann í Reykjavík og Gizur Bergsteinsson hæstaréttardómara.

Eins og kemur fram í nefndaráliti allsherjarnefndar Nd., er frv. þetta allmjög breytt frá því, sem það var lagt fyrir Alþingi 1948 og 1949, í bæði skiptin fyrir Nd., en það frv. hafði verið samið af hæstaréttardómurunum dr. Einari Arnórssyni, Gizuri Bergsteinssyni og Jónatan Hallvarðssyni. Þær breytingar, sem gerðar hafa verið á frv. með því að fella niður úr því embætti saksóknara ríkisins og rannsóknarstjóra og aukningu á tölu sakadómara í Reykjavík, telur nefndin sízt til bóta. Hins vegar telur meiri hluti nefndarinnar, að svo mikill ávinningur sé að því, að frv. verði samþykkt þrátt fyrir þessar breytingar, að hann mælir hiklaust með því, að svo verði gert. Brynjólfur Bjarnason vill ekki taka á sig ábyrgð á frv. í heild, en er samþykkur brtt. þeim, sem nefndin ber fram.

Ýmsum athugasemdum hefur verið hreyft við einstakar greinar frv., og verður gerð nánari grein fyrir þeim í framsögu. Nefndin hefur þó ekki séð sér fært að koma fram með brtt. nema við tvö atriði í frv.

Í 100. gr. frv. er gert ráð fyrir, að heitfesting vitnis fari fram áður en framburður þess er tekinn og sé undantekningarlaus regla. Hefur tillaga þessi sætt allmikilli gagnrýni, m. a. frá félagi héraðsdómara og Lögmannafélagi Íslands, er telja, að það muni draga úr helgi heitfestingarinnar, ef hún er látin fara fram skilyrðislaust, jafnvel í hinum smæstu málum. Hefur nefndin því borið fram tillögu, þar sem lagt er á vald dómarans, hvort hann frestar heitfestingu og lætur hana niður falla með vissum skilyrðum.

Hitt atriðið, sem nefndin taldi rétt að breyta, er um rétt dæmds manns til að krefjast þess, að máli hans verði skotið til æðri dóms. Eftir núgildandi lögum á dómfelldur alltaf rétt til þess, að máli hans verði skotið til hæstaréttar, og hefur það verið mjög misbrúkað af mönnum, sem hvað eftir annað hafa verið dæmdir, eingöngu til þess að fá framkvæmd refsingarinnar frestað. Er því rétt að setja nokkrar hömlur á rétt dæmdra manna til áfrýjunar, en nefndin telur rétt, að maður, sem dæmdur er fyrir fyrsta brot, hafi alltaf rétt til að krefjast áfrýjunar, þó að refsing hans nái ekki ákveðinni hæð.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 100. gr. Við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Dómari getur frestað heitfestingu þar til á síðara stigi málsmeðferðar, og auk þess getur hann látið heitfestingu niður falla, ef sönnunaratriði máls má telja vafalaus. Nú fer heitfesting fram eftir á samkvæmt ákvæðum þessarar málsgreinar, og breytir dómari þá heitstaf til samræmis við það.
2. Við 175. gr. 2. málsgr. skal orða svo:
   Skylt er dómsmálaráðherra að áfrýja eftir kröfu ákærða:
   1. Ef ákærða er dæmd refsing eða upptaka eignar fyrir fyrsta sinni framið brot.
   2. Ef dæmd refsing nemur 5000 króna sekt eða þriggja mánaða refsivist.
   3. Ef ákærði er sviptur réttindum eða réttindamissi leiðir af sakfellingu hans.
   4. Ef ákærða er mælt upptaka eignar, er nemur 5000 krónum. Jafnan er þriðja manni, sem með dómi skal sæta upptöku eignar, rétt að áfrýja að hætti einkamála, ef dómsmálaráðherra vill láta við dóminn sitja.

Alþingi, 6. febr. 1951.

Rannveig Þorsteinsdóttir, form. — Lárus Jóhannesson, fundaskr., frsm. — Brynj. Bjarnason, með fyrirvara.

H. Guðmundsson. — Páll Zóphóníasson.

Sþ. 641. Nefndarálit [164. mál]

um till. til þál. um ríkisábyrgð á láni fyrir Hvamstangahrepp til jarðarkaupa.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd hefur athugað og rætt tillögu þessa og mælir ágreiningslaust með því, að hún verði samþykkt.

Alþingi, 7. febr. 1951

Gísli Jónsson, form.	Helgi Jónasson, fundaskr.	Karl Kristjánsson, frsm.
Hannibal Valdimarsson.	Halldór Ásgrímsson.	Jónas G. Rafnar.
Pétur Ottesen.	Ingólfur Jónsson.	Ásmundur Sigurðsson.

Sþ. 642. Nefndarálit [73. mál]

um till. til þál. um brottnám loftskeytastanganna á Melunum við Reykjavík.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur rætt þessa tillögu á nokkrum fundum og leitað álits flugráðs og Þorsteins Jónssonar flugmanns um nauðsyn þess að flytja burtu loftskeytastangirnar á Melunum. Var einróma álit þeirra, að fluginu stafi mikil hætta frá stöngunum og hægt verði að auka öryggi við lendingar á flugvellinum í Reykjavík með því að fullgera stefnuvitann á Seltjarnarnesi. En til þess að sá viti geti komið að notum, verða loftskeytastangirnar að flytjast brott.

Fjárveitinganefnd leggur áherzlu á, að stangirnar verði fluttar burt á þessu ári og að samkomulag náist milli flugráðs og landssímans um kostnaðinn á grundvelli þess erindis, sem fjárveitinganefnd var sent frá póst- og símamálastjóra, dags. 17. jan. s. l., og birt er hér með sem fylgiskjal. Nefndin ætlast til, að sá ráðherra, sem er yfirmaður þessara stofnana, beiti sér fyrir því, að verkið verði framkvæmt á þessu ári.

Með tilvísun til ofanritaðs leggur nefndin til, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillgr. skal orða svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að stuðla að því, að samkomulag náist milli landssímastjóra og flugráðs um að flytja á þessu ári loftskeytastangirnar burt af Melunum við Reykjavík.

Alþingi, 7. febr. 1951.

Gísli Jónsson, form.	Helgi Jónasson, fundaskr.	Ingólfur Jónsson, frsm.
Karl Kristjánsson.	Halldór Ásgrímsson.	Jónas G. Rafnar.
Pétur Ottesen.	Hannibal Valdimarsson.	Ásmundur Sigurðsson.

Fylgiskjal I.

PÓST- OG SÍMAMÁLASTJÓRNIN

17. jan. 1951.

Með bréfi, dags. 7. des. 1950, hafið þér, herra fjárveitinganefndar-formaður, óskað umsagnar um þingsályktunartillögu um brottnám loftskeytastanganna á Melunum í Reykjavík, 73. mál, 70. löggjafarþing, 1950.

Mál þetta hefur alllengi verið til meðferðar, athugunar og umræðna milli flugráðs og póst- og símamálastjórnarinnar. Er þetta allflókið mál og örðugt skjótrar úrlausnar án mikils tilkostnaðar og mikilla óþæginda, enda verður að taka tillit til margs, því ekki má lækkun eða niðurrif loftskeytastanganna á Melunum verða til þess að rýra hina víðtæku þjónustu strandarstöðvarinnar í Reykjavík, sem er hin þýðingarmesta á ýmsa lund, ekki síst til öryggis siglingum báta og skipa hér við land, né heldur til þess að hindra eða takmarka framþróun þessarar þjónustu.

Síðastliðið haust, eða nánar tiltekið 11. okt. 1950, komu þeir Einar Pálsson skrifstofustjóri landssímans og Gunnlaugur Briem yfirverkfræðingur landssímans fram með nýja álitsgerð og uppástungur til lausnar á málinu á grundvelli, sem ekki krafðist stórra fjárútláta frá ríkinu. Var álitsgerð þessi send bæði póst- og símamálaráðherra, sem jafnframt er flugmálaráðherra, svo og formanni flugráðs. Hinn 13. des. 1950 óskaði svo ráðherra, að póst- og símamálastjórnin og flugráð tækju málið til meðferðar og sameiginlegra samninga ásamt öðrum atriðum, sem ástæða þætti til. Síðan hafa viðræður og samningar staðið yfir, en er ekki lokið ennþá. Er þó óhætt að segja, að forustumenn beggja þessara stofnana hafa einlægan áhuga og viðleitni til að koma sér saman um heppilega lausn þessara mála, og er þess vænzt, að brátt verði sameiginlegur viðunandi grundvöllur fundinn. Gera má þó ráð fyrir, að ríkissjóður þurfi ef til vill — að minnsta kosti til bráðabirgða — að leggja fram nokkurt fé í þessu skyni. Strax og náðst hefur samkomulag um lausn þessara mála, sem ráðherra getur fallizt á, mun nefndinni verða látin í té umsögn og tillögur.

Virðingarfyllst.

Guðmundur Hlíðdal.

Einar Pálsson.

Til formanns fjárveitinganefndar Alþingis,
hr. Gísla Jónssonar alþingismanns, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

FLUGRÁÐIÐ

Reykjavík, 13. desember 1950.

Með tilvísun til bréfs fjárveitinganefndar, dags. 7. þ. m., varðandi þingsályktunartillögu um brottnám loftskeytastanganna á Melunum, sendir flugráð hér með eftirfarandi útdrátt úr fundargerð sinni þ. 11. þ. m.:

„7. Lagt fram bréf frá fjárveitinganefnd Alþingis, dags. 7. des., þar sem óskað er umsagnar flugráðs um brottnám loftskeytastanganna á Melunum. Í þessu sambandi vill flugráð taka fram eftirfarandi: Þar eð komið hefur fram á fundum, sem haldnir hafa verið um málið, að nauðsynlegt sé vegna öryggis flugsins að lækka loftskeytastengurnar það mikið, að Landssíminn telji notagildi þeirra allverulega skert, telur flugráð einlægast, að flugmálaráðherra fyrirskipi nú þegar brottflutning þeirra, enda hefur Landssíminn nýlega boðizt til slíks flutnings með vissum skilyrðum, sem nær eingöngu eru fjárhagslegs eðlis."

Agnar Kofoed-Hansen.

Til fjárveitinganefndar Alþingis, Reykjavík.

Sþ. **643. Nefndarálit** [111. mál]

um till. til þál. um innlausn á sjóveðskröfum síldveiðisjómanna.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Vill meiri hl. láta afgreiða tillöguna í öðru formi, en minni hl. leggur til, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Nefndin aflaði upplýsinga frá skuldaskilasjóði útvegsmanna, og fylgir bréf sjóðsins sem fylgiskjal I.

Minni hl. telur mál þetta mjög aðkallandi og það svo, að ekki sé sæmandi fyrir þingið að hætta nú störfum um margra mánaða tíma, án þess að gera jafnframt ráðstafanir til þess, að sjómenn, sem Alþingi hefur með lagasetningu sinni hindrað í að knýja fram greiðslu á kaupi sínu, fái leiðrétting mála sinna. Engin stétt launamanna í þessu landi hefur nokkru sinni verið beitt annarri eins óbilgirni og rangsleitni og sjómenn í þessu efni. Sjómenn hafa, sumir hverjir, ekki fengið greitt að fullu kaup sitt fyrir síðast liðin 3 ár, því að með lögum nr. 100 frá 1948, II. kafla, sem verða að skoðast viðauki við l. nr. 85 frá 1948, er ákveðið, að hver sá útvegsmaður, sem sótti um aðstoð, síldarstyrktarlán eða aðra aðstoð, skyldi vera laus við aðför eða uppboð á eignum sínum til fullnustu kröfum, er menn kynnu að eiga á hendur honum, meðan á skuldaskilum stæði, en þau hafa sem kunnugt er staðið fram á þennan dag og eiga enn að standa til 1. júlí 1951, skv. nýsamþykktum lögum. Með þessu lagafyrirmæli voru sjómenn sviptir möguleikum til að hagnýta sér sjóveðsrétt þann, er þeim var tryggður með lögum til að knýja fram greiðslu á kaupi sínu. En með því að lögin um frestun aðfarar eru sett í árslok 1948 og gengu í gildi þegar, er útvegsmenn sóttu um síldarstyrktarlán í janúar 1949, sem langflestir gerðu, voru sjómenn, sem áttu kaupkröfu á þessa útvegsmenn frá árinu 1948 eða jafnvel eldri, hindraðir í að knýja fram greiðslu á kaupi sínu. Athugasemd stjórnar skuldaskilasjóðs útvegsmanna í niðurlagi bréfsins, sem prentað er hér á eftir, er því á misskilningi byggð. Það er rétt fram tekið í greinargerð þingsályktunarinnar á þskj. 202, að sjómenn hafa í s. l. 3 ár verið hindraðir með lagafyrirmælum í að knýja fram greiðslu á kaupi sínu á grundvelli sjóveðsréttarins. Enda er þessi skilningur nú staðfestur með hæstaréttardómi, sem kveðinn var upp 20. des. s. l. og prentaður er hér sem fylgiskjal II.

Minni hl. mælir mjög eindregið með því, að háttvirtir alþingismenn samþykki tillögu þessa og bindi þar með endi á þá rangsleitni, að sjómenn fái ekki greitt kaup sitt ár eftir ár, eins og átt hefur sér stað s. l. 3 ár.

Minni hl. vill benda á, að það gegnir furðu, að samtök sjómanna og heildarsamtök verkalýðsins í landinu skuli ekki hafa skorizt í þetta mál og stöðvað skip þeirra útgerðarmanna, sem ekki hafa gert upp kaup við sjómenn sína frá fyrri vertíðum. Augljóst er þó, að að því rekur nú, að þessi samtök munu láta málið til sín taka, ef Alþingi bindur ekki nú endi á þetta ranglæti.

Alþingi, 7. febr. 1951.

Ásmundur Sigurðsson, frsm. Hannibal Valdimarsson.

Fylgiskjal I.

SKULDASKILASJÓÐUR ÚTVEGSMANNA

Stjórn skuldaskilasjóðs útvegsmanna hefur móttekið bréf háttvirtrar fjárveitinganefndar Alþingis, dags. 16. þ. m., ásamt tillögu til þingsályktunar á þskj. 202.

Spurningum nefndarinnar svarar sjóðsstjórnin á þessa leið:

Svar við 1. sp.

Skýrslum um þetta hefur, að því er bezt er vitað, ekki verið safnað. Þegar skilanefnd hafði með höndum úthlutun á þeim kr. 1 500 000.00, sem veittar voru í fjárlögum 1950 til aðstoðar síldarútvegsmönnum 1949, þá taldi hún ljóst, að upphæðin mundi hvergi nærri nægja til greiðslu allra sjóveðsskulda frá sumarsíldveiðum 1949, og lýsti því ekki sérstaklega eftir þeim, en hafði þann hátt á úthlutun sinni, sem nú skal greina:

Hjá þeim útgerðarmönnum, sem um aðstoð sóttu og til greina komu við úthlutun, var reiknuð út kauptrygging skipshafnar á hverju skipi, svo og aflahlutur. Þau skip, sem aflað höfðu fyrir kauptryggingu, fengu enga aðstoð, þar sem aflahlutur reyndist minni en kauptrygging skipshafnar, fengu menn aðstoð, sem nam 80% af þeim mismun, að frádregnum svo nefndum sumarlánum, þ. e. lánum, sem bankarnir höfðu veitt útgerðarfyrirtækjum í miðri síldarvertíð, gegn ábyrgð ríkissjóðs.

Þessi mismunur, þ. e. kauptrygging skipshafnar að frádregnum aflahlut, reyndist sumarið 1949 hjá 99 skipum, sem skýrslur skilanefndar ná til, kr. 2 750 220.62.

Til greiðslu á þeirri upphæð fengu útgerðarfyrirtækin, eins og áður segir, aðstoð, sem nam 80%, þannig:

Sumarlán 1949 með ríkisábyrgð	713 571.93
Í fjárlögum 1950, úthlutað af skilanefnd	1 488 193.03
	2 201 764.96

Þetta segir vitanlega ekkert um, hve miklar sjóveðskröfur myndu ðust 1949, enda alveg víst, eins og áður segir, að þær voru allmiklu meiri. En skilanefnd hafði ekki nema 1½ milljón kr. til umráða, og að athuguðu máli þótti réttlátast að úthluta þeim á þann hátt, sem hér hefur verið lýst.

Að sjálfsögðu var gengið eftir því, að hinu úthlutaða fé væri einungis varið til innlausnar sjóveðsskuldum, þar sem þær voru fyrir hendi.

Að því er snertir óinnleystar sjóveðskröfur frá sumarsíldveiðum 1950, þá er oss ekki kunnugt, að neinn aðili hafi safnað skýrslum um þær.

Svar við 2. sp.

Því miður er ekki unnt að svara þessu að svo stöddu. Framtöl allmargra fyrirtækja eru svo óglögg, að ekki er unnt að flokka kröfurnar eftir þeim, og sama er að segja um kröfulýsingarnar, auk þess sem ástæða er til að ætla, að verulegum hluta af sjóveðskröfum sjómanna hafi ekki ennþá verið lýst. Er þetta mjög bagalegt og tefur fyrir aðgerðum og ráðstöfunum sjóðsstjórnarinnar, og lét hún því verða eitt af sínum fyrstu verkum að skrifa hverjum einstökum umsækjanda og ganga ríkt eftir því að fá slíka sundurliðun og skilgreiningu á skuldum þeirra. Var þeim veittur frestur til 25. þ. m. til þess að skila þessum upplýsingum. Þegar þessar skýringar verða fyrir hendi, svo viðunandi sé, er fyrst hægt að gera viðhlítandi samanburð á framtölum og lýstum kröfum og taka síðan saman skýrslur um einstaka kröfuflokka. Væntanlega fást þá fullnægjandi upplýsingar um áhvílandi sjóveðskröfur frá sumarsíldveiðunum 1949 og 1950, sbr. 1. tölulið í bréfi yðar. Slíkar upplýsingar fást þó auðvitað aðeins varðandi þau ca. 200 skip, sem sótt hefur verið um aðstoð fyrir, en telja má líklegt, að lítil sjóveð hvíli á öðrum skipum.

Svar við 3. sp.

Samkv. 10. gr. laganna um aðstoð til útvegsmanna (nr. 120 1950) má lán úr skuldaskilasjóði „eigi vera hærra en sem svarar 20% af virðingarverði allra eigna lántakanda".

Óvíst er, að slíkt lán nægi öllum til skuldaskila samkvæmt lögunum. Til þess eru jafnvel líkur, að einstaka skip skuldi mun hærri upphæð í sjóveðshæfum kröfum en sem nemur láni því, er unnt verður að veita því, og auk þess þarf

alltaf nokkurt fé til samninga um greiðslur annarra skulda, ef skuldaskil eiga að geta átt sér stað. Hins vegar mun stjórn skuldaskilasjóðs því aðeins veita útgerðarmönnum og útgerðarfélögum aðstoð, að sýnt sé, að allar fram komnar sjóðveðskröfur á hlutaðeigandi skip séu innleystar eða um þær samið. En þótt svo kunni að fara, að sjóveðskröfur verði ekki innleystar með aðstoð skuldaskilasjóðs, halda sjóveðskröfurnar að sjálfsögðu forgangsrétti sínum í búi viðkomandi útgerðarmanna eða félaga.

Með fyrr nefndum lögum, nr. 120 1950 um aðstoð til útvegsmanna, er svo fyrir mælt, að lánveitingum úr sjóðnum skuli lokið fyrir 1. júlí n. k. Sjóðsstjórnin mun hraða störfum sínum eftir mætti, en hætt er við, að ekki reynist unnt að ljúka skuldaskilum sumra aðstoðarbeiðenda, fyrr en í maí eða júní þ. á.

Með skírskotun til greinargerðar á þskj. 202 vill sjóðsstjórnin vekja athygli á því, að aðför vegna sjóveðskrafna á hendur eigendum síldveiðiskipa var heimil þangað til þeir sóttu um aðstoð, samkvæmt lögum nr. 100 29. des. 1948.

Reykjavík, 20. janúar 1951.

Virðingarfyllst,

f. h. skuldaskilasjóðs útvegsmanna.

Jón G. Maríasson. Magnús Jónsson.

Til fjárveitinganefndar Alþingis.

Fylgiskjal II.

Ár 1950, miðvikudaginn 20. desember, var í Hæstarétti í málinu nr. 135/1950:

Eigendur l/v Huginn R.E. 83
gegn
Guðjóni Sigurðssyni

uppkveðinn svo hljóðandi

Dómur:

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu, dags. 2. nóvember þ. á., að fengnu áfrýjunarleyfi, dags. sama dag. Fyrir Hæstarétti hefur áfrýjandi gert þær dómskröfur, að fellt verði niður sjóveðsréttarákvæði hins áfrýjaða dóms, og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati Hæstaréttar. Af hálfu stefnda er þess krafizt, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Umsókn útgerðarmanns l/v Hugins til skilanefndarinnar er talin glötuð, en upplýst er, að hún var dags. 7. janúar 1949 og barst skilanefndinni svo að segja samtímis í hendur. Verður að telja, að tilætlun útgerðarmannsins hafi verið sú, að verða aðnjótandi hverrar þeirrar aðstoðar, sem lögin gáfu kost á. Með tilliti til þess sambands, sem telja verður að sé milli laga nr. 35/1948 og II. kafla laga nr. 100/1948, verður að líta svo á, að ákvæði 16. gr. laga nr. 100/1948 hafi komið til greina um téða umsókn og þá m. a. frestað því að sjóveðsréttur stefnda fyrntist. Með þessari athugasemd og með tilvísun til 243. gr. siglingalaga, nr. 56/1914, ber að staðfesta sjóveðsréttarákvæði hins áfrýjaða dóms. Ákvæði héraðsdóms um málskostnað í sakaukamálinu staðfestist, en áfrýjandi greiði stefnda kr. 600.00 í málskostnað í Hæstarétti, og hefur stefndi sjóveðsrétt í l/v Huginn R.E. 83 fyrir þeirri kröfu.

Dómsorð:

Sjóveðsréttarákvæði hins áfrýjaða dóms svo og ákvæði hans um málskostnað í sakaaukamálinu staðfestast.

Áfrýjandi, eigendur l/v Hugins R. E. 83, greiði stefnda, Guðjóni Sigurðssyni, kr. 600.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti, og nýtur stefndi sjóveðsréttar í l/v Huginn R. E. 83 til tryggingar þeirri kröfu.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Rétt endurrit staðfestir, 7. janúar 1951.

Hákon Guðmundsson.

Nd. 644. Lög [44. mál]

um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

(Afgreidd frá Nd. 8. febr.)

Samhljóða þskj. 77.

Nd. 645. Frumvarp til laga [175. mál]

um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 12 31. maí 1927, og um afnám laga nr. 17 26. febr. 1943, um breyting á þeim lögum.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

23. gr. laga nr. 12 31. maí 1927 orðist svo:

Oddviti skal hafa að launum um árið fimm krónur fyrir hvern mann í hreppnum samkvæmt manntali þess árs, er hann tekur laun fyrir, og auk þess minnst 2% — tvo af hundraði — af innheimtum útsvörum.

Á laun oddvita, önnur en innheimtulaun, greiðist verðlagsuppbót eftir almennri vísitölu, eins og hún á hverjum tíma er greidd á laun starfsmanna ríkisins. Oddvitar skulu og framvegis njóta sömu og sams konar launahækkana og opinberir starfsmenn hljóta hjá ríkinu og ríkisstofnunum.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 17 26. febr. 1943.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og taka oddvitar laun samkvæmt þeim frá 1. janúar 1951 að telja.

Greinargerð.

Nefndin flytur frumvarp þetta eftir ósk félagsmálaráðuneytisins, og hafa einstakir nefndarmenn óbundnar hendur um fylgi við málið. Frumvarpinu fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Laun hreppsnefndaroddvita hafa alla tíð verið mjög lág, og launabætur þær, sem greiddar hafa verið opinberum starfsmönnum ríkisins og ríkisstofnana og bæjarstjórnir hafa ákveðið sínum starfsmönnum, er ekki talið heimilt að greiða oddvitum, nema samþykki sýslunefndar komi til. Undanfarin ár hafa lögákveðin árslaun þeirra verið ein króna af íbúa hverjum í sveitarfélaginu, og á þá upphæð hefur verið greidd vísitöluuppbót. Vísitalan var, svo sem kunnugt er, 300, þar til lög nr. 22/1950, um gengisskráningu o. fl., voru sett, 19. marz 1950, og hætt var samkvæmt þeim að greina á milli grunnkaups og verðlagsuppbótar.

Sums staðar hafa þó hreppsnefndir útvegað sér heimild sýslunefndar til að greiða oddvitum uppbætur á laun, svipaðar þeim, sem opinberir starfsmenn hafa fengið, og hefur þetta skapað misræmi í launagreiðslum innbyrðis milli oddvitanna.

Samband íslenzkra sveitarfélaga hefur skrifað félagsmálaráðuneytinu um mál þetta og óskað eftir, að laun oddvita yrðu nú hækkuð. Segir m. a. í bréfi sambandsstjórnarinnar á þessa leið:

„Á árinu 1944 var samþykkt á Alþingi 25—30% grunnlaunahækkun til opinberra starfsmanna, og ári síðar voru svo sett launalög, þar sem laun starfsmanna ríkisins voru ákveðin með tilliti til þessarar hækkunar.

Í samræmi við þetta munu laun hjá nokkrum oddvitum hafa verið hækkuð úr kr. 1.00 í kr. 1.30 af íbúa og verðlagsuppbót reiknuð þar af. Samkvæmt þeim útreikningi eru laun oddvita kr. 3,90 eftir gildistöku laga nr. 22 frá 1950, að viðbættri núverandi vísitölu.

Í fjárlögum ársins 1950, 19. gr. 2. tölul., eru tilteknar launauppbætur til starfsmanna ríkisins fyrir það ár, frá 10—17% eftir launaflokkum.

Ef oddvitar njóta sama réttar um launagreiðslur og launahækkanir og starfsmenn ríkisins og laun þeirra væru hækkuð um 17% frá því, sem gengislögin gera ráð fyrir, og miðað væri við 30% hækkun árið 1944, þá bæri þeim kr. 4.56 í grunnlaun af hverjum íbúa í sveitarfélaginu.

Með setningu laganna frá 1943 mun tilgangurinn hafa verið sá að slá því föstu, að laun oddvita skyldu hækka í samræmi við laun starfsmanna ríkisins, en farizt hefur fyrir að taka það skýrum orðum fram í síðari ákvæðum um launauppbætur, að þær næðu einnig til launa oddvita."

Rétt þykir því að hækka laun oddvitanna nú frá 1. janúar 1951 að telja og ákveða þau 5 krónur af íbúa auk verðlagsuppbótar, enda þótt það sé aðeins hærra en laun þeirra ættu að vera, ef stranglega væri fylgt þeirri reglu, sem uppbætur á laun opinberra starfsmanna eru reiknuð eftir, og er það gert af þeim orsökum, að störf þeirra hafa aukizt á síðustu árum jafnhliða auknum afskiptum ríkis og sveitarfélaga á mörgum sviðum.

Með tilliti til annarra kaupgreiðslna verða þau tæpast með réttum rökum talin of há laun, þótt oddviti í 100 manna sveitarfélagi fái 500 krónur í ársþóknun fyrir störf í þágu sveitarfélagsins, auk venjulegs vísitöluálags meðan það helzt.

Þá þykir og rétt að taka af öll tvímæli um það nú, að oddvitar skuli framvegis hljóta sömu launahækkanir og opinberir starfsmenn fá hjá ríki og ríkisstofnunum, enda er slíkt sanngirnismál, sem erfitt er að standa á móti."

Nd. 646. Breytingartillaga [171. mál]

við frv. til l. um rétt erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Við 3. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:

Félagsmálaráðherra veitir atvinnuleyfi samkvæmt lögum þessum, og skulu þau veitt vinnuveitendum, ef sérstakar ástæður ....

Ed. 647. Lög [160. mál]

um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

(Afgreidd frá Ed. 8. febr.)

Samhljóða þskj. 576.

Sþ. 648. Breytingartillaga [92. mál]

við till. til þál. um afnám skömmtunar á byggingarvörum o. fl.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Við tillgr. bætist:

Jafnframt felur þingið ríkisstjórninni að láta framkvæma þannig veitingu gjaldeyris- og innflutningsleyfa fyrir byggingarvörum, meðan innflutningur á þeim er háður leyfisveitingum, að þeir, sem byggja hús, er um getur í 1. málsgr., hafi forgangsrétt að gjaldeyris- og innflutningsleyfum fyrir timbri, sementi, steypustyrktarjárni, þakefni og rúðugleri, sem til byggingarnna þarf.

Nd. 649. Frumvarp til laga [176. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1951.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka að láni allt að 43 millj. króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendum gjaldeyri.

2. gr.

Af láni því, er um ræðir í 1. gr., er heimilt að verja allt að 25 millj. kr. til greiðslu eftirstöðva af kostnaðarverði þeirra 10 togara, sem ríkisstjórnin á í smíðum í Bretlandi, allt að 15 milljónum króna til þess að lána Búnaðarbanka Íslands með sömu kjörum og lánið verður tekið og allt að 3 millj. króna til iðnaðarlána, enda verði ákveðið með lögum um tilhögun iðnaðarlánanna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lántökur erlendis vegna togarasmíðanna nema nú um 71 millj. ísl. kr., og eru þá notaðar til fulls þær lántökuheimildir, sem veittar hafa verið. Af þessu eru tæpar 16 millj. kr. bráðabirgðalán til eins árs, en um 55 millj. eru frambúðarlán, sem kaupendur togaranna taka að sér. Það þarf því að útvega, ef mögulegt er, nýtt lán erlendis, til þess að greiða upp nefnd bráðabirgðalán vegna togaranna. Enn fremur þarf lánsfé til þess að brúa bilið á milli kostnaðarverðs togaranna annars vegar og erlendu lánanna, að viðbættri útborgun kaupendanna, hins vegar. Þykir vissara að gera ráð fyrir, að á þurfi að halda allt að 25 millj. kr. í þessu skyni, þó komið geti til mála, að ekki þurfi alveg svo háa fjárhæð. Er þess vegna ætlazt til, að 25 millj. af þeim 43 millj. kr., sem frumvarpið gerir ráð fyrir að teknar verði að láni, gangi til þess að standa undir togarakaupunum. Jafnframt yrði þá bráðabirgðalánið, tæpar 16 millj. krónur, sem tekið var samkvæmt lögum nr. 88 1950, greitt upp. Sú lánsheimild yrði þá ekki notuð framar.

Athugað hefur verið um lánsfjárþörf landbúnaðarins til þeirra framkvæmda, sem stofnlánadeildum Búnaðarbankans er ætlað að lána til. Kemur þá í ljós, að á næstu misserum verður að útvega Búnaðarbankanum nýtt starfsfé, sem nemur mörgum tugum milljóna kr., ef unnt á að vera að halda áfram svipaðri lánastarfsemi og nú til þessara framkvæmda.

Það væri mikið áfall fyrir þjóðina, ef nú þyrfti að minnka lánveitingar til slíkra framkvæmda í landbúnaðinum og þar með draga stórkostlega úr þeim. Þess vegna er farið fram á, að heimilað verði, að allt að 15 millj. kr. af því fé, sem tekið yrði að láni, verði endurlánað Búnaðarbankanum til þess að auka starfsfé stofnlánadeilda hans. Yrði þó aðeins um bráðabirgðaráðstöfun að ræða á meðan leitað yrði leiða til þess að útvega meira fjármagn.

Það hefur verið sýnt fram á, að iðnaðurinn þarf aðgang að meiru lánsfé en verið hefur til þessa. Liggur fyrir Alþingi frumvarp til laga um stofnun sérstaks iðnaðarbanka. Einmitt nú stendur yfir á vegum ríkisstjórnarinnar allsherjarathugun á bankakerfi landsins og bankalöggjöf. Það þykir því ekki tímabært að setja nýja löggjöf um fyrirkomulag lánastarfsemi til iðnaðarins nú á þessu þingi, þar sem það er eitt þeirra málefna, sem til athugunar koma við þá endurskoðun, sem yfir stendur, hvernig þeirri lánastarfsemi verði heppilegast fyrir komið í bankakerfinu. Hins vegar þykir rétt, að nú þegar verði heimiluð lántaka vegna iðnaðarins, og yrði þá síðar lögfest, á hvern hátt það lán yrði notað til þess að bæta úr lánaþörf iðnaðarins. Með þessu móti vinnst það, að hægt er að nota tímann til þess að leita fyrir sér um lánið, á meðan endurskoðun á bankakerfinu og bankalöggjöfinni fer fram.

Ed. 650. Nefndarálit [109. mál]

um frv. til l. um breyt. á erfðalögum, nr. 42 23. maí 1949.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Ég er sammála flm. um meginatriði frv. þessa, en tel rétt að gera á því nokkrar minni háttar breytingar. Erfðaréttur fjarskyldra ættingja, sem engar sérstakar skyldur hafa við arfleifanda, er að mínu áliti ekki í samræmi við núverandi þjóðfélagshætti. Erfðaréttur og framfærsluskylda fór saman að fornum lögum og er í eðli sínu nátengt. Er því fullkomlega eðlilegt, að sú stofnun, sem samkv. landslögum hefur að mestu leyti með höndum framfærslu gamalmenna og öryrkja, fái rétt til arfs á eftir nánum skyldmennum og á undan þeim, sem engar slíkar skyldur höfðu við arfleifanda, hvorki að lögum né samkvæmt viðteknum venjum.

Mjög er algengt, að systkini sjái hvort öðru farborða, eftir því sem geta leyfir, þótt ekki hvíli á þeim slík framfærsluskylda að lögum. Ég tel því rétt að rýmka ákvæði frv. um þetta efni. Jafnframt virðist mér, að vel mætti auka rétt manna til þess að ráðstafa hluta eigna sinna með arfleiðsluskrá frá því, sem frv. gerir ráð fyrir.

Samkv. framansögðu tel ég rétt, að frv. verði samþ. með breytingum í þá átt, sem að framan greinir. Meiri hluti nefndarinnar vill hins vegar ekki takmarka erfðaréttinn umfram það, sem gert er með lögunum frá 1949, og leggur til, að frv. verði fellt. Afgreiðsla frv. við 2. umræðu sker úr um það, hvort sjónarmiðið deildin fellst á. Verði frv. vísað til 3. umræðu, mun ég leggja fram breytingartillögur mínar fyrir þá umræðu.

Alþingi, 8. febr. 1951.

H. Guðmundsson.

Ed. 651. Nefndarálit [26. mál]

um frv. til l. um öryggisráðstafanir á vinnustöðum

Frá iðnaðarnefnd.

Frv. þetta var borið fram sem stjórnarfrumvarp árið 1948. Hafði það verið samið af milliþinganefnd, sem lét fylgja því langa og ýtarlega greinargerð. Náði málið ekki fram að ganga á því þingi. Árið 1949 er frv. flutt á ný sem stjórnarfrv. óbreytt, og er þá heldur eigi útrætt á því þingi. Frv. er enn flutt óbreytt á yfirstandandi Alþingi. Hefur því verið allverulega breytt í neðri deild og sent þannig til efri deildar.

Nefndin hefur nú rætt frv. á nokkrum fundum, en auk þess ræddi form. við form. milliþinganefndarinnar, sem samdi frv. á sínum tíma, og forstjóra verksmiðjueftirlits ríkisins. Afhentu þeir til nefndarinnar langa og ýtarlega skýrslu út af þeim breytingum, sem samþykktar voru í neðri deild, ásamt mörgum breytingartillögum, er þeir óskuðu, að teknar yrðu upp í frv. við meðferð þess í efri deild. Var skýrsla þessi undirrituð af öllum þeim aðilum, sem starfað höfðu að undirbúningi frumvarpsins. Kynnti nefndin sér öll þessi gögn. Nefndinni var fyllilega ljóst, að ekki ynnist tími til þess á yfirstandandi þingi að jafna þann ágreining, sem að framan greinir, eða fá samkomulag um afgreiðslu málsins, m. a. vegna þess, að óskað er viðtækra upplýsinga um það, hvort ekki sé rétt og eðlilegt að sameina skipaeftirlitið og verksmiðjueftirlitið undir eina stjórn, samfara því sem hugsað er að setja á stofn embætti öryggismálastjóra. Eiga þessar stofnanir margt sameiginlegt, sem beinlínis ætti að heyra undir væntanlegan öryggismálastjóra og öryggisráð, en mjög mikil áherzla er lögð á það af þeim, sem að undirbúningi frv. standa, að ákvæði um öryggisráð verði sett aftur inn í frv. Þykir líklegt, að sameining þessara stofnana geti haft verulegan sparnað í för með sér og enda ef til vill komið enn meiri festu á öryggismálin. Vill nefndin því láta rannsaka gaumgæfilega þetta atriði, áður en frv. er samþykkt. Þá telur nefndin rétt, að fyrir liggi nokkru gleggri upplýsingar um það, hvaða kostnað ríkissjóður hefði af því, að frv. næði fram að ganga óbreytt.

Rétt þykir að benda á, að mörg ákvæði frv. eru þess eðlis, að þau eiga beinlínis heima í reglugerð, svo sem 12. gr. o. fl. Ýmis önnur ákvæði eru í frv., sem frekar ættu heima í öðrum lögum, svo sem V. kafli frv. o. fl. Lítur nefndin því svo á, að málið þurfi allmiklu betri undirbúning, enda bendir afgreiðsla sú, sem málið hefur hlotið, eindregið til þess. Leggur nefndin því til, að málið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti athuga frv. á ný og m. a., hvort ekki sé hagkvæmt og eðlilegt að sameina skipaskoðun ríkisins og verksmiðjueftirlit undir eina öryggismálastofnun og hve mikið það kynni að spara í útgjöldum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 9. febr. 1951.

Gísli Jónsson, form., frsm.
Rannveig Þorsteinsdóttir, fundaskr.
Páll Zóphóníasson.
Jóhann Þ. Jósefsson.
Steingr. Aðalsteinsson, með fyrirvara.

Nd. 652. Nefndarálit [138. mál]

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 9. febr. 1951.

Gunnar Thoroddsen, form., frsm. Bjarni Ásgeirsson, fundaskr. Emil Jónsson.
Skúli Guðmundsson. Sigurður Guðnason.

Nd. 653. Frumvarp til laga [177. mál]

um samkomudag reglulegs Alþingis 1951.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1951.)

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1951 skal koma saman fyrsta dag októbermánaðar, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Alþingi, er nú situr, mun eigi ljúka störfum fyrir 15. febrúar þ. á. Ber því nauðsyn til að ákveða með lögum annan samkomudag reglulegs Alþingis 1951 en ráðgerður er í 35. gr. stjórnarskrárinnar. Er lagt til, að Alþingi verði kvatt til fundar eigi síðar en 1. október n. k.

Sþ. 654. Tillaga til þingsályktunar [178. mál]

um rekstur gömlu togaranna.

Flm.: Sigurður Guðnason, Steingrímur Aðalsteinsson, Einar Olgeirsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um það, að þeir af gömlu togurunum, sem sjófærir geta talizt, verði tafarlaust gerðir út til veiða.

Varðandi framtíðarrekstur gömlu togaranna skal ríkisstjórnin láta athuga, hvort hagkvæmt sé að láta setja olíukyndingu í umrædda togara, og ef svo telst til, skal hún hlutast til um, að veitt verði nauðsynleg leyfi til þeirra framkvæmda og enn fremur beita sér fyrir því, að bankarnir greiði fyrir framkvæmdinni með nauðsynlegum lánveitingum.

Greinargerð.

Svo sem kunnugt er og m. a. hefur verið staðfest við atvinnuleysisskráningu, er atvinnuleysi nú orðið mjög tilfinnanlegt, svo að til stórvandræða horfir. Við

slíkt ástand virðist það nokkuð fjarri réttu lagi, að stórvirk og verðmæt framleiðslutæki, eins og gömlu togararnir þrátt fyrir allt eru, skuli vera látin ónotuð, þegar hægt væri með skynsamlegum rekstri þeirra að gera allt í senn: veita stórum hópi verkamanna og sjómanna atvinnu, afla þjóðinni erlends gjaldeyris, sem hún er mjög þurfandi fyrir, og skapa fiskiðnaðarfyrirtækjum í landi grundvöll til starfsemi.

Kröfurnar um útgerð gömlu togaranna verða líka, að vonum, stöðugt háværari. Þannig hafa verkamannafélagið Dagsbrún, almennur fundur verkamanna og sjómanna í Hafnarfirði og fulltrúaráð verklýðsfélaganna í Reykjavík nýlega gert um þetta samþykktir, þar sem krafizt er, að togararnir verði gerðir út. Einnig hefur verið borin fram tillaga um þetta efni í bæjarstjórn Reykjavíkur.

Ýmsir gömlu togaranna eru nú í sjófæru ásigkomulagi, og væri hægt að hefja tafarlaust veiðar á þeim og sjálfsagt að það sé gert. Hvað framtíðarrekstur snertir er talið, að einn helzti örðugleikinn við útgerð gömlu togaranna sé sá, að alltof dýrt sé að kynda þá með kolum, saman borið við olíukyndingu nýju togaranna. Ýmsir útgerðarmenn hafa því undanfarið verið að athuga um möguleika til þess að setja olíukyndingu í gömlu togarana. Sumir útgerðarmenn telja, samkv. tilboðum, sem fengizt hafa, að kostnaður við slíka breytingu mundi verða um 200 þús. kr. á hvert skip, aðrir telja kostnaðinn verða nokkru meiri, en hvort sem er, þá virðist þetta ekki vera sérlega há fjárhæð, þegar um það er að ræða að gera slík atvinnutæki sem gömlu togarana starfhæf. Samt sem áður munu bollaleggingar um þetta hafa strandað á því, að ekki hafa fengizt nauðsynleg leyfi til þessara framkvæmda. Enn fremur munu vera erfiðleikar á útvegun lánsfjár til þessara framkvæmda.

Það virðist því vera full ástæða til þess, að ríkisvaldið láti þetta mál til sín taka, og er ætlunin með þessari þáltill. að leggja fyrir ríkisstjórnina að greiða fram úr málinu, þannig að útgerð gömlu togaranna verði hafin tafarlaust.

Sþ. 655. Breytingartillögur [100. mál]

við brtt. á þskj. 593 (Endurskoðun íslenzkrar áfengislöggjafar).

Frá Skúla Guðmundssyni.

1. Við tillögugreinina bætist:
   Enn fremur felur Alþingi ríkisstjórninni að afnema nú þegar sérréttindi nokkurra viðskiptavina áfengisverzlunar ríkisins og tóbakseinkasölu ríkisins, sem eru í því fólgin, að þeir fá þar keypt vínföng og tóbak fyrir lægra verð en aðrir kaupendur þurfa að borga fyrir þær vörur.
2. Við fyrirsögn till. bætist: o. fl.

Nd. 656. Breytingartillaga [144. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 67 5. júní 1947, um eignakönnun.

Frá fjármálaráðherra.

Við 1. gr. Greinina skal orða svo:

Eignakönnunarskattur samkvæmt II. kafla laganna, að frádreginni 1 milljón króna af kostnaði við framkvæmd þeirra, skal renna að hálfu í ríkissjóð og að hálfu í hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóði.

Ed. 657. Frumvarp til laga [76. mál]

um breyting á áfengislögum, nr. 33/1935.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Við 16. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgr., svo hljóðandi:

Enn fremur er þeim heimilt að rannsaka, hvort bifreiðar hafi áfengi meðferðis, þó að það sé löglega keypt, enda liggi fyrir rökstuddur grunur um, að áfengið sé ætlað til ólöglegrar sölu.

Nú finnst áfengi í bifreið, og skal þá refsa eiganda þess sem hann væri sekur um ólöglega áfengssölu, nema hann færi sterkar líkur fyrir því, að áfengið sé ekki ætlað til sölu.

2. gr.

Á eftir 1. mgr. 36. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Brot gegn 4. mgr. 16. gr. varða sektum, er nema í fyrsta sinn fimmföldu og í annað sinn tíföldu söluverði þess áfengis, sem ætlað er til ólöglegrar sölu. Brjóti nokkur oftar ákvæði þeirrar málsgreinar eða geri sér ólöglega áfengissölu að atvinnu, varðar það auk sektar fangelsi allt að 3 mánuðum. Hafi bifreiðarstjóri ítrekað gerzt sekur um ólöglega áfengissölu, varðar það hann missi réttar til að stjórna bifreið um stundarsakir, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru eða brot er margítrekað.

Áfengi, sem flutt er eða geymt ólöglega í bifreið, skal gert upptækt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 658. Nefndarálit [99. mál]

um frumvarp til laga um verkstjóranámskeið.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt málið á fleiri fundum, og fengið þá skólastjóra Helga H. Eiríksson og formann verkstjórafélagsins Jóhann Hjörleifsson á fundi til sín.

Allir nefndarmenn eru sammála um það, að hverjum, sem verk þarf að láta vinna, sé áríðandi að hafa á því góða verkstjórn. Oft getur verkstjórnin ráðið miklu um það, hver kostnaður verður við verkið. Ríkissjóð, sem þarf árlega að láta framkvæma fjölda verka undir stjórn verkstjóra, getur því munað það miklu, hvernig verkstjórarnir eru. Öllum kemur því saman um það, að þá þurfi að fá sem bezta. En hvernig verður það gert? Fæst það bezt með því fyrirkomulagi, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu? Það dregur nefndin í efa. Eftir frumvarpinu er ætlunin að veita þeim bóklega þekkingu við iðnskólann hér í Reykjavík. Er þar að ræða um þekkingu, sem að mestu leyti má fá í ýmsum öðrum skólum, og hennar vegna virðist ekki ástæða til að setja upp sérstakan verkstjóraskóla. Nefndin telur, að meiri muni oft brestur á kunnáttu verkstjóra í því verklega, sem við kemur starfinu, og úr því er ekki bætt, að minnsta kosti ekki verulega, með frumvarpinu. Verkstjórastörfin krefjast misjafnrar verkþekkingar. Verkstjóri, sem stjórnar lagningu rafmagnslínu, þarf aðra þekkingu en hinn, sem mest stjórnar vélavinnu við hafnargerðir o. s. frv. Þá fjölbreytni, sem þarf í námið, er vart hægt

að fá með námi eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, enda þó sveigt sé að því í greinargerð, hvernig þeir, er undirbúið hafa frumvarpið, hafi hugsað sér það.

Nefndin telur, að ekki náist trygging fyrir því, þó frumvarpið yrði gert að lögum, að frá skólanum kæmu dugandi verkstjórar. Kennslan þurfi að vera meira verkleg og meira sniðin við hæfi nemendanna miðað við það, hvers konar verkstjórn þeir ætla að taka að sér að námi loknu. Fyrir því sér nefndin ekki ástæðu til að samþykkja frumvarpið nú, en leggur til, að það verði afgr. með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

„Í trausti þess, að ríkisstjórnin athugi ásamt forstjórum þeirra ríkisfyrirtækja, er flesta verkstjóra hafa í þjónustu sinni, á hvern hátt verkstjórum verði hagkvæmast veitt sú alhliða menntun og þjálfun, sem þeim er nauðsynleg í starfi sínu, og leggi niðurstöður þeirrar athugunar fyrir næsta þing, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

Alþingi, 12. febrúar 1951.

Gísli Jónsson, form.	Rannveig Þorsteinsdóttir, fundaskr.	Páll Zóphóníasson, frsm.
Steingr. Aðalsteinsson.	Jóhann Þ. Jósefsson.	

Sþ. 659. Tillaga til þingsályktunar [179. mál]

um verndun fiskimiða fyrir Vestfjörðum.

Flm.: Sigurður Bjarnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hraða sem mest má verða setningu reglugerðar um verndun fiskimiða fyrir Vestfjörðum, á svæðinu frá Horni að Látrabjargi, á grundvelli laga nr. 44 frá 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins.

Greinargerð.

Í 1. gr. laga nr. 44 frá 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, segir, að sjávarútvegsmálaráðuneytið skuli með reglugerð ákvarða takmörk verndarsvæða við strendur landsins innan endimarka landgrunnsins, þar sem allar veiðar skuli háðar íslenzkum reglum og eftirliti. Hinn 22. apríl 1950 var á grundvelli laga þessara gefin út reglugerð um verndun fiskimiða fyrir Norðurlandi, og nær sú reglugerð til ýmissa þýðingarmikilla hrygningar- og uppeldisstöðva nytjafiska.

Vestfirðingar hafa undanfarin ár orðið fyrir miklum áföllum af völdum botnvörpuveiða á miðum sínum. Er nú svo komið, að um margra ára skeið hafa fiskigöngur á grunnmið þeirra, sem vélbátaflotinn aðallega sækir á, orðið stórum tregari. Má raunar segja, að algert aflaleysi verði þar stöðugt algengara. Hefur það hin óheillavænlegustu áhrif á alla afkomu almennings í hinum vestfirzku útgerðarstöðvum. Til þess ber þess vegna brýna nauðsyn, að fiskimiðin fyrir Vestfjörðum fái svipaða vernd og Norðurlandsmiðin.

Að sjálfsögðu er rétt að miða slík verndarsvæði við vísindalegar rannsóknir, en vegna þeirrar hættu, sem Vestfjarðamiðunum er nú búin, er nauðsynlegt, að athugunum í sambandi við setningu reglugerðar um verndun þeirra verði hraðað svo sem mest má verða.

Ed. 660. Lög [81. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1947.

(Afgreidd frá Ed. 12. febr.).

Samhljóða þskj. 133.

Ed. 661. Frumvarp til laga [18. mál]

um meðferð opinberra mála.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Samhljóða þskj. 18 með þessum breytingum:

13. gr. hljóðar svo:

Í málum samkvæmt 5. gr., 3. málsgr., kveður héraðsdómari meðdómendur til að frumprófi loknu eða síðar, ef þá reynist ástæða til. Taka meðdómendur þátt í rannsókn, málsmeðferð og dómsuppsögn. Héraðsdómari stýrir dómi og kveður einn upp úrskurði, þá er efni verða til, skipar sækjanda og verjanda, ákveður málshöfðun, gefur út stefnur, nefnir skoðunar- og matsmenn, spyr sökunaut, heitfestir vitni og spyr þau, sér um samningu dóms og áfrýjun og kemur yfir höfuð fram út á við fyrir hönd dómsins. Í fjölskipuðum dómi löglærðra manna framkvæma þeir allir þessar athafnir.

48. gr. hljóðar svo:

Nú er rannsókn háð vegna brots, er varðað getur annaðhvort 20000 króna sekt eða sekt og upptöku eignar, og er þá rétt að gera leit í húsum sakaðra manna, geymslustöðum, hirzlum, skipum og öðrum farartækjum að munum, sem hald skal á leggja, eða annars til öflunar sakargagna.

Leit má gera hjá öðrum mönnum en sökuðum, þegar slíkt brot hefur verið framið þar eða sakaður maður handtekinn eða gildar ástæður eru til að ætla, að þar finnist munir, sem hald ber að leggja á, eða önnur sakargögn, þar á meðal bækur, bréf og önnur skjöl.

100. gr. hljóðar svo:

Dómari lætur vitni fyrst gera grein fyrir heiti sínu, aldri, stöðu og heimilisfangi eða dvalarstað. Síðan brýnir hann alvarlega fyrir því skyldu þess til að gefa sönn og rétt svör við spurningum sínum og draga ekkert undan, er máli skiptir, hvort sem það varðar málsatvik, hæfi þess, sönnunargildi vitnisburðar eða annað. Loks minnir dómari vitni á þýðingu vitnisburðar um málsúrslit og skýrir fyrir vitninu með tilvísun til viðeigandi ákvæða hegningarlaga þá refsiábyrgð, er vitni kann að baka sér með vísvitandi eða gáleysislega röngum framburði, og þá siðferðislegu ábyrgð, sem röngum framburði er samfara.

Að þessu loknu lætur dómari vitni festa með þeim hætti, er nú greinir, heit um sannan framburð sinn:

1. Ef vitni lýsir sig, að gefnu tilefni frá dómara, trúa á guð, og heit samkvæmt því samræmist trúarsannfæring þess, þá skal það lyfta upp hægri hendi sinni og hafa upp eftir dómara þessi orð: Ég sver það og vitna til guðs míns, að ég skal segja það, er ég veit sannast og réttast, og ekkert undan draga. Svo hjálpi mér guð, sem ég satt segi.
2. Nú má ekki svo með fara, sem í 1. tölul. segir, og festir vitni þá heit sitt með þeim hætti, að það lyftir upp hægri hendi sinni og hefur upp eftir dómara þessi

orð: Ég lýsi yfir því og legg þar við drengskap minn og heiður, að ég skal segja það, er ég veit sannast og réttast, og ekkert undan draga.

3. Nú er annar háttur hafður á heitfestingu en sá, er í 1. og 2. tölulið segir, í landi, þar sem vitni hefur dvalizt, svo sem hönd lögð á helga bók, og er þá dómara rétt að hafa þann hátt á, ef hann telur vitni munu fyrir það leggja ríkari helgi og virðingu á heitfestingu.

Dómari getur frestað heitfestingu þar til á síðara stigi málsmeðferðar, og auk þess getur hann látið heitfestingu niður falla, ef sönnunaratriði máls má telja vafalaus. Nú fer heitfesting fram eftir á samkvæmt ákvæðum þessarar málsgreinar, og breytir dómari þá heitstaf til samræmis við það.

139. gr. hljóðar svo:

Til sakarkostnaðar í opinberum málum telst:

1. Ferðakostnaður dómara og sækjanda og skipaðs verjanda, ef því er að skipta, enda skal greiða þeim óhjákvæmilegan kostnað af ferðalagi vegna rannsóknar og meðferðar málsins.
2. Þóknun skipaðs sækjanda og verjanda.
3. Þóknun fyrir aðstoð vegna málsins, svo sem skjalaþýðingar, dómtúlkun, afnot muna annarra manna o. s. frv.
4. Gæzlu-, varðhalds- og flutningskostnaður ákærða, þar til framkvæmd refsingar hefst samkvæmt ákvæðum dómsins.
5. Þóknun til vitna, mats- og skoðunarmanna.
6. Þingvotta- og birtingargjöld.
7. Kostnaður af kyrrsetningu samkvæmt 144. gr. og fullnustu dóms með aðför.
8. Annar óhjákvæmilegur kostnaður.

Réttargjöld, gjald fyrir eftirrit beinlínis í þágu málsins, stimplun dómsgerða eða staðfestingu skal eigi greiða.

163. gr. hljóðar svo:

Sektir samkvæmt 159.—161. gr. og 41. gr. renna í ríkissjóð.

Kæra má sérstaklega refsiákvæði samkvæmt 159., 160. og 161. gr., en ella fer um áfrýjun eftir 175. gr.

175. gr. hljóðar svo:

Skylt er dómsmálaráðherra að áfrýja dómi án kröfu ákærða:

1. Ef ákærða er dæmd 5 ára refsivist eða meira.
2. Ef stórstakar ástæður eru til, svo sem ef telja má mann ranglega sýknaðan eða sakfelldan, refsingu að mun of háa eða of lága, réttindi eða eign ranglega dæmda af manni, mann ranglega mæltan undan þessum viðurlögum, eða ranglega hallað á hann í forsendum dóms, þótt hann sé sýknaður, ef það hefur almenna þýðingu að fá úrlausn æðra dóms eða töluverð vafaatriði þykja annars vera í máli, hvort sem þau varða lög eða staðreyndir.

Skylt er dómsmálaráðherra að áfrýja eftir kröfu ákærða:

1. Ef ákærða er dæmd refsing eða upptaka eignar fyrir fyrsta sinni framið brot.
2. Ef dæmd refsing nemur 5000 króna sekt eða þriggja mánaða refsivist.
3. Ef ákærði er sviptur réttindum eða réttindamissi leiðir af sakfellingu hans.
4. Ef ákærða er mælt upptaka eignar, er nemur 5000 krónum. Jafnan er þriðja manni, sem með dómi skal sæta upptöku eignar, rétt að áfrýja að hætti einkamála, ef dómsmálaráðherra vill láta við dóminn sitja.

Lögráðamaður kemur í stað ákærða um ákvarðanir um áfrýjun, sbr. 177. gr., ef ákærði er yngri en 18 ára eða sviptur sjálfræði.

Að ákærða önduðum, koma maki hans, foreldri, barn, kjörbarn og systkin í stað hans um áfrýjun. Rétt er dómsmálaráðherra að áfrýja ákærða til hagsbóta eftir andlát hans.

Nd. 662. Breytingartillaga [171. mál]

við brtt. á þskj. 646. (Atvinnuréttindi erlendra manna).

Frá Stefáni Jóh. Stefánssyni.

Brtt. orðist þannig:

Upphaf gr. orðist þannig:

Félagsmálaráðherra veitir atvinnuleyfi samkvæmt lögum þessum, að fengnum tillögum verklýðsfélags á staðnum í hlutaðeigandi starfsgrein, og skulu þau veitt vinnuveitendum, ef sérstakar ástæður ...

Ed. 663. Frumvarp til laga [171. mál]

um rétt erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Í lögum þessum er maður talinn „erlendur“, ef ekki er skylt að leyfa honum landsvist á Íslandi samkvæmt landslögum eða þjóðréttarreglum.

Í lögum þessum telst sá maður „stunda atvinnu“ hér á landi, sem vinnur einhverja vinnu fyrir reikning annars aðila, enda sé sá eigi fullábyrgur félagi hans um þann atvinnurekstur eða það fyrirtæki, sem fyrir er unnið.

„Á Íslandi“ merkir í lögum þessum bæði á landi og í landhelgi Íslands.

2. gr.

Óheimilt er hverjum þeim, einstökum manni, félagi eða stofnun, sem rekur atvinnu, stofnsetur eða starfrækir eitthvert fyrirtæki, hverju nafni sem það nefnist, að taka erlenda menn í þjónustu sína hér á landi gegn kaupgreiðslu, í peningum eða hlunnindum, hvort heldur er um langan tíma eða skamman, án sérstaks atvinnuleyfis.

3. gr.

Félagsmálaráðherra veitir atvinnuleyfi samkvæmt lögum þessum, að fengnum tillögum verklýðsfélags á staðnum í hlutaðeigandi starfsgrein, og skulu þau veitt vinnuveitendum, ef sérstakar ástæður þykja mæla með því, svo sem ef um erlenda sérfræðinga er að ræða eða aðra kunnáttumenn, sem ekki verða fengnir innanlands, eða ef atvinnuvegi landsins skortir vinnuafl, sem ekki er fáanlegt innanlands.

Sé verulegur skortur á fólki til nauðsynlegra heimilisstarfa og hjúkrunarstarfa, getur félagsmálaráðherra veitt atvinnuleyfi fyrir erlent fólk til slíkra starfa.

4. gr.

Atvinnuleyfi samkvæmt 3. gr. skulu bundin við ákveðið starf og ákveðinn tíma. Leyfi skulu eigi veitt til lengri tíma en eins árs í senn.

5. gr.

Þrátt fyrir framangreind ákvæði er mönnum heimilt að ráða til sín í vinnu erlenda frændur sína að feðgatali eða niðja, kjörbörn, fósturbörn og systkini, án sérstaks atvinnuleyfis.

Sendimönnum erlendra ríkja er heimilt að hafa erlenda menn í einkaþjónustu sinni.

Enn fremur má ráða erlenda menn á íslenzk skip innan þeirra takmarka, sem í lögum segir.

6. gr.

Þegar sérstaklega stendur á, getur félagsmálaráðherra, ef sérstakar ástæður mæla með því, veitt erlendum mönnum leyfi til að stunda atvinnu á Íslandi, án þess að leyfið sé veitt ákveðnum vinnuveitanda (sjálfstætt atvinnuleyfi), og þurfa þá atvinnurekendur þeir, sem leyfishafi vinnur hjá, ekki að sækja um atvinnuleyfi fyrir hann samkvæmt 3. gr.

Við veitingu slíkra leyfa skal m. a. taka tillit til:

1. Hve lengi hinn erlendi maður hefur dvalið hér á landi,
2. hvort hann er hér heimilisfastur.
3. hvort hann er kvæntur íslenzkri konu eða á hér náin skyldmenni án þess að 1. mgr. 5. gr. nái til,
4. hvort hann ætli sér að vinna sams konar störf hjá fleiri aðilum en einum, þannig að fleiri atvinnuleyfi en eitt þyrfti, ef leyfi væru veitt samkvæmt ákvæðum 3. gr.

Leyfi samkvæmt þessari grein skal því aðeins veita, að hin almennu skilyrði 3. gr. um sérþekkingu og/eða eftirspurn eftir vinnuafli séu fyrir hendi.

Atvinnuleyfi samkvæmt þessari grein eru bundin við ákveðna starfsgrein og ákveðinn tíma, og skulu slík leyfi eigi veitt til lengri tíma en tveggja ára í senn.

7. gr.

Erlendum mönnum er óheimilt að vinna sjálfstætt eða starfrækja atvinnufyrirtæki án leyfis félagsmálaráðherra (atvinnurekstrarleyfi), nema þar sem starfinn er framkvæmdur samkvæmt sérstakri löggildingu eða leyfi annarra stjórnvalda lögum samkvæmt.

Leyfi samkvæmt þessari grein skal því aðeins veita, að:

1. Umsækjandi sé heimilisfastur á Íslandi og hafi verið það síðasta árið,
2. um nytsamlegan atvinnurekstur sé að ræða,
3. umsækjandi sé fjárráður og hafi forræði á búi sínu,
4. umsækjandi hafi óflekkað mannorð.

Leyfi samkvæmt þessari grein eru bundin við ákveðna starfrækslu og ákveðinn tíma, og skal eigi veita slík leyfi til lengri tíma en þriggja ára í senn.

8. gr.

Leyfi samkvæmt lögum þessum má binda öllum þeim skilyrðum um löggæzlu, hollustuhætti, framfærslu, iðnnám eða aðra sérmenntun og sérhvað annað, sem ráðherra telur nauðsynlegt eða heppilegt ríkis eða almennings vegna.

Fyrirmæli laga þessara taka ekki til:

1. Erlendra manna, sem stunda nám í skólum, sem íslenzka ríkið á eða styrkir,
2. erlendra manna, sem dveljast hér við rannsókna- eða vísindastörf,
3. þeirra manna erlendra, er hér höfðu aðsetur, er lög nr. 13 31. maí 1927 komu til framkvæmda og hafa dvalið hér samfleytt síðan.

9. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða atvinnurekendur og erlenda starfsmenn þeirra sektum frá 200—50 000 kr. til ríkissjóðs. Sömu refsingu varðar það, ef ekki eru haldin skilyrði eða brotin ákvæði, er sett kunna að verða í leyfi, sem veitt eru samkvæmt lögum þessum. Auk þess ber aðila að flytja ólöglega innflutt starfsfólk, sem hefur verið synjað um atvinnuleyfi, úr landi eða sjá því fyrir flutningi innan þess tíma, er ráðherra tiltekur, ríkissjóði að kostnaðarlausu.

Enn fremur er heimilt að stöðva með lögbanni, án þess að trygging sé sett, þær framkvæmdir, er nota skyldi hið erlenda vinnuafl til, ef byrjað er á þeim, þar til hinir erlendu menn eru farnir úr landi eða tryggt þykir, að þeir verði farnir innan ákveðins tíma. Þegar atvinnuleyfi eru veitt innlendum atvinnurekendum, ber

jafnframt að tilkynna hinum erlendu starfsmönnum leyfisveitingar eða synjanir, er þá varða.

Félagsmálaráðherra getur afturkallað leyfi, sem veitt eru samkvæmt lögum þessum, ef brotin eru ákvæði laganna eða skilyrðum, sem sett eru í leyfunum er ekki fullnægt, svo og ef veruleg breyting verður á leyfistímanum á eftirspurn og framboði vinnuafls.

10. gr.

Rétt er félagsmálaráðherra að láta flytja þá erlenda menn, ásamt skylduliði, af landi brott, er teknir eru að stunda atvinnu eða atvinnurekstur hér á landi gagnstætt ákvæðum laga þessara, hvort sem þeir eru á sínum vegum eða annarra, og skal sá flutningur vera á kostnað þess, er hefur ráðið þá til sín, en ella á eigin kostnað þeirra.

11. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

Í reglugerð getur ráðherra sett nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara. Svo má þar og kveða á um sektir fyrir brot á reglugerð og meðferð á málum vegna þeirra brota.

12. gr.

Með lögum þessum, sem öðlast gildi þegar í stað, eru úr gildi numin lög nr. 13 31. maí 1927, um rétt erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi, svo og önnur ákvæði, er fara í bága við lög þessi.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 664. Tillaga til þingsályktunar [180. mál]

um að tryggja atvinnuvegunum rekstrarvörur.

Flm.: Finnur Jónsson, Gylfi Þ. Gíslason, Emil Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar fara fram athugun á því, hverjar birgðir eru til í landinu af helztu vörutegundum, sem nauðsynlegar eru til rekstrar sjávarútvegs, landbúnaðar og iðnaðar. Jafnframt geri ríkisstjórnin ráðstafanir til þess, fyrir milligöngu sendiráða Íslands erlendis eða með milliríkjasamningum, að tryggja innflutning á slíkum vörum til landsins, enda beini hún gjaldeyri landsmanna einkum til kaupa á slíkum vörum.

Greinargerð.

Svo sem vitað er, verður með hverjum degi sem líður erfiðara að fá keyptar í öðrum löndum ýmsar rekstrarvörur, sem nauðsynlegar eru til rekstrar sjávarútvegs, landbúnaðar og iðnaðar. Er hér um margar vörutegundir að ræða, en þó einkum þær, sem svo nauðsynlegar eru til framleiðslunnar, að vöntun hverrar einnar varðar stöðvun viðkomandi atvinnuvegar. Verður því eigi hér farið út í nánari upptalningu, þar eð öllum, sem við innflutningsmál fást, er málið kunnugt. Verður eigi annað séð en sjávarútvegur geti tafizt eða stöðvazt vegna vöntunar á veiðarfærum, ræktun stöðvist vegna skorts á girðingarefni, þó eigi væri annað, og ýmiss konar iðnaður vegna skorts á alls konar járni svo og atvinnureksturinn yfirleitt vegna vöntunar á varahlutum. Segja má, að um ærið verkefni væri hér að ræða fyrir

ríkisstjórnina, fyrst að rannsaka þetta mál og síðan hefjast handa til úrbóta, en engin ástæða er til að láta sér verkefnið vaxa í augum, þar eð hér er mjög mikið í húfi. Augljóst virðist, að auðvelt væri að fela skömmtunarskrifstofunni og fjárhagsráði athugun málsins, en fyrirgreiðsla sendiráðanna erlendis svo og milliríkjasamningar eru leiðir, sem áður hafa verið notaðar með ágætum árangri. Þá er og augljóst, að í þessu ískyggilega útliti ber bráða nauðsyn til að verja gjaldeyri landsmanna framar öllu til kaupa á rekstrarvörum fyrir atvinnuvegina, til þess að forða þeim frá stöðvun í lengstu lög.

Eigi er vitað, að ríkisstjórnin hafi enn látið sig þessi mál nokkru skipta, en þar eð ástandið í þessum málum fer hríðversnandi, telja flm., að þegar beri að hefjast handa til úrbóta. Það megi engan tíma missa.

Nánar í framsögu.

Nd. 665. Nefndarálit [22. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 5. apríl 1948, um bráðabirgðabreyt. nokkurra laga o. fl.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Árið 1935 voru sett lög um verkamannabústaði og þrem árum síðar lög um byggingarsamvinnufélög. Árið 1946 voru þessi lög endurskoðuð, felld saman og gefin út sem lög um opinbera aðstoð við byggingu íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum. Var þá jafnframt bætt í löggjöfina sérstökum kafla um íbúðabyggingar sveitarfélaga.

Í löggjöfinni um verkamannabústaði er svo fyrir mælt, að stofna skuli byggingarsjóð til að bæta úr húsnæðisþörf verkamanna og annarra þeirra íbúa kaupstaða og kauptúna, sem hvorki hafa tekjur né eiga eignir yfir visst mark. Byggingarsjóðurinn skiptist í deildir, eina fyrir hvern kaupstað eða kauptún, þar sem viðurkennd hefur verið þörf fyrir opinbera aðstoð við byggingar verkamannabústaða. Fjár til byggingarsjóðs er aflað með framlögum frá þeim kaupstöðum og kauptúnum, sem verkamannabústaði reisa. Fara þau eftir ákvörðun sveitarstjórnar og miðast við íbúafjölda á hverjum stað, en eru þó háð vissum takmörkunum, sem lögin setja. Ríkið greiðir í byggingarsjóðinn árlega fjárhæð til jafns við framlög kaupstaða og kauptúna. Auk þess leggur ríkissjóður byggingarsjóði verkamanna til sérstakt framlag, sem nemur árlega allt að hálfri milljón króna. Enn fremur getur byggingarsjóðurinn tekið lán til útlánastarfsemi sinnar með ábyrgð ríkisins, en sveitar- eða bæjarfélag, sem hlut á að máli, stendur þá í bakábyrgð fyrir þeim lánum, sem veitt eru byggingarfélagi í kaupstaðnum eða kauptúninu. Lán úr byggingarsjóði mega nema allt að 85—90% af kostnaðarverði húsanna. Vextir eru tveir af hundraði og lánstími 42—75 ár.

Tilgangur byggingarsamvinnufélaga er að reisa með sem hagfelldustum kjörum íbúðarhús fyrir félagsmenn sína til eigin afnota fyrir þá. Byggingarsamvinnufélagi er aflað fjár með frjálsum framlögum hvers félagsmanns í stofnsjóð, er skulu nema minnst einum fimmta hluta af andvirði þess húsnæðis, sem ákveðið verður að félagið komi upp fyrir hann. Enn fremur hafa félögin rétt til að afla fjár með lántöku. Ríkið ábyrgist lán, sem tekin eru í þessu skyni, og mega þau nema allt að 80% af byggingarkostnaði þeirra húsa, er félögin reisa. Byggingarsamvinnufélög veita síðan félagsmönnunum lán til að koma upp húsum til eigin afnota fyrir þá.

Í þeim kafla laganna, sem fjallar um íbúðabyggingar sveitarfélaga, er svo fyrir mælt, að sveitarstjórn skuli safna skýrslum um fjölskyldur þær, er búi í heilsuspillandi íbúðum, og semja áætlun um, hversu mörgum íbúðum þurfi að koma upp

til að bæta úr þörfum þeirra. Skýrslur þessar og áætlanir skal senda ríkisstjórninni. Síðan segir svo um skyldur ríkisins:

„Nú færir sveitarstjórn félagsmálaráðuneytinu sönnur á ... að nauðsyn sé slíkra íbúðabygginga sem hér um ræðir, og skal þá ríkissjóður lána þeim sveitarfélögum, sem reisa slíkar íbúðir, 75% af byggingarkostnaði hverrar íbúðar, en þar skal ekki lóð meðtalin. Lán þessi skulu vera til 50 ára með 3% ársvöxtum, og greiðast vextir og afborganir með jöfnu árlegu gjaldi. Ríkissjóður leggur enn fremur fram 10% af byggingarkostnaðinum sem vaxtalaust lán til 50 ára. Lán þessi eru afborgunarlaus fyrstu 15 árin, en greiðast síðan með jöfnum árlegum greiðslum á 35 árum. Ef sveitarstjórn ákveður að afskrifa þau 15%, sem sveitarsjóður leggur fram án atbeina ríkissjóðs, er ríkisstjórninni heimilt að gefa eftir vaxtalausa lánið."

Ekki verður með réttu talið, að hér séu smátt skömmtuð loforð löggjafans, þar sem það eitt, að sveitarstjórn færði félagsmálaráðuneytinu sönnur á, að þörf væri á slíkum íbúðabyggingum af hálfu sveitarfélags, átti að leggja ríkinu þær skyldur á herðar að lána 85 af hundraði af byggingarkostnaði húsanna til 50 ára, hvernig sem fjárhag ríkisins væri háttað, og jafnframt gefið undir fótinn með það að 10% af byggingarkostnaðinum yrði gefinn eftir af ríkinu fyrir fullt og allt. Þrátt fyrir þessar fjárhagslegu skuldbindingar mun reynslan hafa sýnt, að byggingarkostnaður íbúða, sem reistar voru samkvæmt þessum reglum, reyndist sízt minni en sambærilegra íbúða í verkamannabústöðum.

Því miður kom bráðlega í ljós, að örðugra reyndist að framkvæma þessi fyrirheit en löggjafinn mun hafa gert sér grein fyrir, þegar þau voru samþykkt, og er það raunar ekki einsdæmi úr löggjöf frá þeim tíma. Þær inneignir, sem þjóðin átti við lok stríðsins, gengu furðu fljótt til þurrðar. Nær engu af stríðsgróðanum var varið til að styðja byggingar verkamannabústaða, en fé og efni var fest í miklum mæli í öðrum byggingum. En þegar stríðsgróðanum var að mestu leyti ráðstafað, voru sett lagaákvæði um íbúðabyggingar sveitarfélaga, sem fólu í sér þær fjárhagslegu skuldbindingar, sem fyrr er drepið á, án þess að fjárhagsgrundvöllur slíkrar löggjafar væri tryggður. Bankarnir gátu ekki fullnægt eftirspurn eftir lánsfé, og greiðsluhalli varð hjá ríkinu vegna hallarekstrar atvinnuveganna og margháttaðra framkvæmda á vegum ríkisins og ríkisstofnana. Af þessu leiddi, að árið 1948 var lögfest með samkomulagi þriggja flokka svo hljóðandi ákvæði:

„Ákvæði III. kafla laga nr. 44 1946 varðandi fjárframlög og lánveitingar af hálfu ríkissjóðs til sveitarfélaga koma því aðeins til framkvæmda, að sérstök heimild sé veitt til þess í fjárlögum hverju sinni, enda nær skylda sveitarfélaga til íbúðarhúsabygginga samkvæmt tilvitnuðum kafla laganna ekki framar en tilskilinn styrkur eða lánveiting af hálfu ríkissjóðs kemur til."

Augljóst er, að lagaákvæði þetta felur ekki í sér bann við því, að íbúðir séu reistar af hálfu sveitarfélaga, en takmarkar aðeins skyldu ríkisins til fjárframlaga í þessu efni við fjárveitingar í fjárlögum hverju sinni.

Þingmönnum er ljóst, að þörf er á opinberri aðstoð við bygginginu íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum. Fyrir atbeina núverandi ríkisstjórnar og þeirra flokka, sem hana styðja var ⅓ hluti af gengishagnaði bankanna samkvæmt lögum nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., lagður fram til byggingarsjóðs verkamannabústaða og til íbúðabygginga sveitarfélaga. Nemur þetta framlag samtals nálega 7 milljónum króna. Og þegar stóreignaskattur innheimtist, sem samkvæmt sömu lögum er einvörðungu lagður á mestu auðkýfinga landsins, munu þessi framlög hækka upp í 9—10 millj. kr. — En svo bar við, að þeir þingmenn, er skipa minni hluta nefndarinnar, og flokkar þeirra, snerust gegn þeirri lagasetningu, þar sem þessi framlög voru tryggð sem lánsfé til nýrra íbúða fyrir efnalitla alþýðumenn í kaupstöðum og kauptúnum.

Með frv. þessu er lagt til, að lagaákvæðið frá 1948, sem takmarkar skyldur ríkissjóðs til fjárframlaga vegna íbúðabygginga sveitarfélaga við fjárveitingu í fjárlögum, falli niður, en í þess stað verði fylgt að nýju ákvæðum laganna frá 1946, án

þess að nokkur grein sé gerð fyrir því af flm. frv. eða minni hl. nefndarinnar, hvar taka eigi fé til framkvæmdanna umfram fjárveitingu Alþingis hverju sinni.

Með tilliti til þess, að lagaákvæði það, sem fella á úr gildi samkvæmt þessu frv., nær ekki til verkamannabústaða, ekki til byggingarsamvinnufélaga og kemur ekki í veg fyrir það, að reistar verði íbúðir samkvæmt III. kafla laga um opinbera aðstoð við byggingu íbúðarhúsa í kaupstöðum. og kauptúnum, ef fé er veitt til þess í fjárlögum, — og enn fremur með tilliti til þess, að gjalda ber varhuga við því, að stofnað sé til stórfelldra útgjalda af hálfu ríkisins utan fjárlaga, getur meiri hluti nefndarinnar ekki fallizt á að samþykkja þetta frv., en leggur til, að deildin afgreiði það með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ.

Þar sem 1. liður 1. greinar laga nr. 50 1948, um bráðabirgðabreyting nokkurra laga o. fl., tekur hvorki til verkamannabústaða né byggingarsamvinnufélaga, og þar sem framlög úr ríkissjóði til framkvæmda eiga að fara eftir ákvæðum fjárlaga, telur deildin ekki rétt að lögfesta þetta frumvarp og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 10. febr. 1951.

Páll Þorsteinsson, form., frsm.	Kristín L. Sigurðardóttir, fundaskr.	Helgi Jónasson.

Sþ. 666. Þingsályktun [164. mál]

um ríkisábyrgð á láni fyrir Hvammstangahrepp til jarðarkaupa.

(Afgreidd frá Sþ. 12. febr.)

Samhljóða þskj. 561.

Sþ. 667. Þingsályktun [167. mál]

um ríkisábyrgð á lánum til að ljúka byggingu þriggja sjúkrahúsa.

(Afgreidd frá Sþ. 12. febr.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir Akureyrarbæ lán, sem tekið yrði erlendis til að fullgera fjórðungssjúkrahús á Akureyri og næmi allt að 2½ millj. ísl. króna eða jafngildi þeirrar upphæðar í erlendum gjaldeyri. Enn fremur heimilast ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir Akranesbæ og Keflavíkurbæ allt að 750 þús. kr. lán til hvors, til þess að fullgera til notkunar sjúkrahúsin á þessum stöðum. Lán þessi skulu endurgreiðast af framlögum þeim, er næstu ár verða veitt af fjárlagafé til sjúkrahúsa þessara.

Sþ. 668. Þingsályktun [145. mál]

um handritamálið.

(Afgreidd frá Sþ. 12. febr.)

Alþingi ályktar að lýsa yfir því, að jafnskjótt sem handritin íslenzku fást afhent frá Danmörku, muni íslenzka ríkið reisa byggingu yfir handritin eða búa þeim húsnæði á annan hátt, þar sem tryggð verði örugg geymsla þeirra og góð

starfsskilyrði. Einnig lýsir Alþingi yfir þeirri fyrirætlun að veita fé til vinnu við handritin, þar á meðal styrki til erlendra fræðimanna, sem hér vildu starfa að rannsókn þeirra.

Alþingi ályktar jafnframt að fela ríkisstjórninni að hefja nú þegar í samráði við landsbókavörð, þjóðskjalavörð og Háskóla Íslands, undirbúning fyrrgreindra ráðstafana.

Nd. 669. Breytingartillaga [177. mál]

við frv. til l. um samkomudag reglulegs Alþingis 1951.

Frá Jörundi Brynjólfssyni og Pétri Ottesen.

Við 1. gr. Fyrir orðið „fyrsta“ kemur: tíunda.

Nd. 670. Frumvarp til laga [181. mál]

um ráðstafanir vegna hafnarframkvæmda í Rifi á Snæfellsnesi.

Flm.: Sigurður Ágústsson, Emil Jónsson.

1. gr.

Alþingi heimilar ríkisstjórninni:

a. að taka lán vegna hafnarframkvæmda í Rifi á Snæfellsnesi, allt að þrem milljónum króna;
b. að skipa fimm manna nefnd, sem fari með stjórn Rifshafnar og annist byggingarframkvæmdir þar, eins og þær verða ákveðnar af yfirstjórn hafnarmála.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er í sjálfu sér óþarft að fara mörgum orðum um þau vandkvæði, sem kauptúnin á norðanverðu Snæfellsnesi hafa átt við að stríða undanfarna áratugi vegna þeirra miklu erfiðleika til sjósóknar, sem ófullnægjandi hafnarbætur hafa valdið þeim.

Sérstaklega hafa þessir erfiðleikar mætt mjög á íbúum Hellissands. Engar hafnarbætur hafa verið framkvæmdar síðastl. 7 ár í Krossavík hvað lendingu eða viðlegu snertir, en Krossavíkina hafa sjómenn orðið að nota fram til þessa, þótt heita megi, að illgerlegt sé fyrir vélbáta að hafa þar aðsetur. Það má telja undravert, hvað útvegsmenn og sjómenn á Hellissandi hafa sýnt mikla þrautseigju við að halda uppi róðrum úr Krossavík við erfið skilyrði — og það jafnt á vetrarvertíð sem annan tíma árs.

Þegar þess er gætt, að við Snæfellsnes eru ein aflasælustu fiskimið hér við land, má fullyrða, að það sé þjóðfélagslegur skaði, að ekki skuli þegar hafa verið byggð höfn á norðanverðu Snæfellsnesi, þar sem það er augljóst, að þegar slík höfn hefur verið byggð, mun rísa upp í Ólafsvík og á Hellissandi mikill og öruggur sjávarútvegur, með því að telja má, að fiskimiðin við Snæfellsnes séu einstæð hvað það snertir, að fiskur aflast þar alla tíma árs.

Fjárveitinganefnd tók sér ferð á hendur á síðastl. vori að Rifi ásamt Geir Zoëga vegamálastjóra og flutningsmönnum frumvarps þessa. Veðurfar var hið hagstæðasta, er komið var að Rifi, og má fullyrða, að allir, sem þátt tóku í ferðalaginu, voru á einu máli um það, að skilyrði til hafnargerðar í Rifsósi væru hin ákjósanlegustu.

Alþingi hefur einnig viðurkennt þörfina á þessum hafnarframkvæmdum með því að leggja fram fé til þeirra, bæði á fjárlögum s. l. árs og þá sérstaklega á þessa árs fjárlögum.

Vitamálaskrifstofan hefur á undanförnum árum framkvæmt nauðsynlegan undirbúning í sambandi við þessa hafnargerð.

Þar sem gert er ráð fyrir, að byrjað verði á hafnarframkvæmdunum á þessu ári, er nauðsyn á, að hæstv. ríkisstjórn verði heimiluð lántaka í þessu skyni, svo og að skipuð verði hafnarnefnd fyrir Rifshöfn.

Nd. 671. Nefndarálit [165. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á þrem fundum og sent það fræðslumálastjóra til umsagnar.

Þrátt fyrir hin almennu ákvæði skólalöggjafarinnar nýju hefur á undanförnum árum verið haldið uppi tveggja ára miðskólakennslu við menntaskólann á Akureyri, og hefur Alþingi sett sérstök lög um það efni. En þau lög falla úr gildi á þessu ári. Í frv. er lagt til, að miðskólakennslunni verði enn haldið áfram til vorsins 1953, ef húsrúm leyfir.

Í nefndinni hefur verið unnið að því að ná samkomulagi um afgreiðslu málsins. Niðurstaðan er sú, að borin er fram af hálfu nefndarinnar breytingartillaga þess efnis, að aðalákvæði frv. skuli vera í heimildarformi og að ekki skuli taka í miðskóladeild fleiri nemendur en svo, að bekkir séu óskiptir. Er ætlazt til, að nemendur utan Akureyrar sitji fyrir námsvist í deildinni. Enn fremur eru tekin af tvímæli um það, að eingöngu sé um tveggja ára miðskóladeild að ræða og að utanbæjarnemendur í lærdómsdeild sitji fyrir heimavist.

Tveir nefndarmenn (PÞ og ÁS) skrifa undir nefndarálitið með fyrirvara og munu greiða atkvæði gegn frv., ef breytingartillagan verður felld.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Aftan við lögin komi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Ríkisstjórninni er heimilt til vorsins 1953 að láta tveggja ára óskipta miðskóladeild starfa við menntaskólann á Akureyri, ef húsrúm og aðrar ástæður leyfa. Utanbæjarnemendur lærdómsdeildar sitji fyrir heimavist í skólanum.

Alþingi, 13. febrúar 1951.

Gunnar Thoroddsen, form.
Gísli Guðmundsson, frsm.
Páll Þorsteinsson, fundaskr., með fyrirvara.
Ásmundur Sigurðsson, með fyrirvara.
Kristín L. Sigurðardóttir.

Ed. 672. Breytingartillaga [76. mál]

við frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 33/1935.

Frá Bjarna Benediktssyni.

Við 1. gr. — Upphaf 2. mgr. hljóði svo:
Nú finnst áfengi í bifreið, og skal þá, ef sterkar líkur þykja fyrir því, að það sé ætlað til ólöglegrar sölu, refsa o. s. frv.

Ed. 673. Breytingartillaga [76. mál]

við frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 33/1935.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Við 1. gr. Í stað „sterkar líkur" í síðari málsgr. komi: sönnur.

Ed. 674. Breytingartillaga [76. mál]

við frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 33/1935.

Frá Bjarna Benediktssyni.

Við 1. gr. 2. efnismgr. orðist svo:
Nú finnst áfengi í bifreið, þegar svo stendur á sem í næstu mgr. hér á undan segir, og skal þá refsa eiganda þess sem hann væri sekur um ólöglega áfengissölu, nema hann færi sterkar líkur fyrir því, að áfengið sé ekki ætlað til sölu.

Ed. 675. Breytingartillaga [76. mál]

við frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 33/1935.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Við 1. gr. Í stað orðanna „hann færi sterkar líkur ... áfengið sé ekki ætlað til sölu" komi: sannað sé, að áfengið sé ætlað til lögmætra nota.

Nd. 676. Frumvarp til laga [76. mál]

um breyting á áfengislögum, nr. 33/1935.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Við 16. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgr., svo hljóðandi:
Enn fremur er þeim heimilt að rannsaka, hvort bifreiðar hafi áfengi meðferðis, þó að það sé löglega keypt, enda liggi fyrir rökstuddur grunur um, að áfengið sé ætlað til ólöglegrar sölu.

Nú finnst áfengi í bifreið, þegar svo stendur á sem í næstu málsgr. hér á undan segir, og skal þá refsa eiganda þess sem hann væri sekur um ólöglega áfengissölu, nema hann færi sterkar líkur fyrir því, að áfengið sé ekki ætlað til sölu.

2. gr.

Á eftir 1. mgr. 36. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Brot gegn 4. mgr. 16. gr. varða sektum, er nema í fyrsta sinn fimmföldu og í annað sinn tíföldu söluverði þess áfengis, sem ætlað er til ólöglegrar sölu. Brjóti nokkur oftar ákvæði þeirrar málsgreinar, eða geri sér ólöglega áfengissölu að atvinnu, varðar það auk sektar fangelsi allt að 3 mánuðum. Hafi bifreiðarstjóri ítrekað gerzt sekur um ólöglega áfengissölu, varðar það hann missi réttar til að stjórna bifreið um stundarsakir, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru eða brot margítrekað.

Áfengi, sem flutt er eða geymt ólöglega í bifreið, skal gert upptækt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 677. Lög [177. mál]

um samkomudag reglulegs Alþingis 1951.

(Afgreidd frá Ed. 13. febr.)

Samhljóða þskj. 653.

Ed. 678. Frumvarp til laga [144. mál]

um breyting á lögum nr. 67 5. júní 1947, um eignakönnun.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Eignakönnunarskattur samkvæmt II. kafla laganna, að frádreginni 1 milljón króna af kostnaði við framkvæmd þeirra, skal renna að hálfu í ríkissjóð og að hálfu í hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 679. Frumvarp til laga [182. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna þjóðminjasafnshússins.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1951.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka allt að 550 þúsund króna innlent lán, er varið verði til að ljúka byggingu þjóðminjasafnshússins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Byggingu þjóðminjasafnshússins er senn lokið, og hefur þjóðminjavörður tekið við rekstri þess frá síðustu áramótum. Byggingarkostnaðurinn nemur samtals um 7 milljónum króna, en stærð hússins er 18748 teningsmetrar. Kostar því hver teningsmetri 373 krónur. Ógreiddir reikningar og það, sem óunnið er við bygginguna, nemur innan við 550 þúsund krónum, og er með tillögu þessari farið fram á heimild til lántöku, svo að unnt sé að ljúka byggingunni. Lántökur vegna byggingarinnar nema um 2.5 milljónum króna.

Sþ. 680. Breytingartillögur [179. mál]

við till. til þál. um verndun fiskimiða fyrir Vestfjörðum.

Flm.: Pétur Ottesen.

1. Tillögugreinina skal orða svo:
   Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hraða sem mest má verða setningu reglugerðar um verndun fiskimiða fyrir vestur- og suðvesturströnd landsins, á svæðinu frá Horni að Reykjanesi, á grundvelli laga nr. 44 frá 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, og nái verndun þessi jafnlangt á haf út og ákveðið hefur verið varðandi svæðið frá Horni að Langanesi.
2. Fyrirsögn till. skal orða svo: Till. til þál. um verndun fiskimiða fyrir vestur- og suðvesturströnd landsins.

Sþ. 681. Nefndarálit [112. mál]

um till. til þál. um jöfnunarverð á olíu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur tekið þetta mál til meðferðar á nokkrum fundum og leitað upplýsinga hjá verðlagsskrifstofu fjárhagsráðs. Við umræður um málið komu fram mjög ákveðnar óskir innan nefndarinnar um, að verðjöfnun sú, er þingsályktunartillagan fjallar um, yrði víðtækari og tæki einnig til verðlagningar á benzíni. Nefndin telur sig vanta upplýsingar varðandi þetta atriði og ýmislegt fleira, er snertir allt þetta mál. En þar sem nú er væntanlega komið að þinglokum, þá telur nefndin rétt að fela ríkisstjórninni frekari rannsókn málsins og framkvæmdir, eftir því sem niðurstöður þeirra rannsókna gefa tilefni til.

Einn nefndarmanna (LJós) var ekki á fundi, þegar nefndin tók ákvörðun um afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur því til að tillagan verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Tillgr. orðist þannig:
   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram ýtarlega athugun á verðlagningu á olíu og benzíni, sem flutt er til landsins, með það fyrir augum að lækka álagninguna og ákveða jöfnunarverð á þeim vörum um land allt.

2. Fyrirsögn tillögunnar verði:
Till. til þál. um jöfnunarverð á olíu og benzíni.

Alþingi, 10. febr. 1951.

Jóhann Þ. Jósefsson, form.	Jón Sigurðsson, frsm.	Jón Gíslason, fundaskr.
Stefán Stefánsson.	Finnur Jónsson.	Jörundur Brynjólfsson.

Sþ. 682. Nefndarálit [157. mál]

um till. til þál. um hitaveitu á Reykhólum.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og sent hana raforkumálastjóra til umsagnar. Mælir hann með því, að tillagan nái fram að ganga, og upplýsir jafnframt um kostnað við framkvæmd hennar. Er svar hans birt hér með sem fylgiskjal. Nefndin er sammála um að leggja til, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 14. febr. 1951.

Gísli Jónsson, form., frsm.	Helgi Jónasson, fundaskr.	Ingólfur Jónsson.
Karl Kristjánsson.	Halldór Ásgrímsson.	Ásmundur Sigurðsson.
Pétur Ottesen.	Jónas G. Rafnar.	Hannibal Valdimarsson.

Fylgiskjal.

RAFORKUMÁLASTJÓRI

Reykjavík, 7. febr. 1951.

Sem svar við bréfi háttvirtrar fjárveitinganefndar, dags. í dag, varðandi áætlun um hitaveitu að Reykhólum vil ég taka þetta fram:

a) Ég tel, að fallizt verði á rök greinargerðarinnar á þingskj. 528 um þörf þess, að gerð verði áætlun um hitaveitu að Reykhólum og reynt að forðast algerlega skipulagslausa hagnýtingu á jarðhitanum, og get þess vegna fyrir mitt leyti mælt með því, að þingsályktunartillagan verði samþykkt.

b) Raforkumálaskrifstofan mun væntanlega geta á þessu ári gert áætlun um hitaveitu að Reykhólum, ef henni verður falið það.

c) Frumáætlun með fyrstu kostnaðaráætlun mundi varla kosta meira en kr. 2000.00, en fullnaðaráætlun með þeim aðaluppdráttum, sem framkvæma mætti verkið eftir, sennilega allt að kr. 5000.00.

Virðingarfyllst,

Jakob Gíslason.

Fjárveitinganefnd Alþingis, Reykjavík.

Nd. 683. Frumvarp til laga [183. mál]

um breyting á lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

1. Búendum, sem rétt eiga til upprekstrar á afrétt, er heimil veiði í vötnum á þeim afrétti til búsþarfa á sama hátt og verið hefur, enda sé veiðiréttur í þeim vötnum ekki einkaeign.

2. Nú hafa ferðamenn áfangastað við veiðivatn á afrétti eða almenningi, þar sem veiðiréttur er ekki einkaeign, og mega þeir þá veiða fisk í því vatni til matar sér á ferðalaginu. Eigi er mönnum rétt að gera ferð sína að slíku vatni til að stunda veiði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðari árum hefur umferð um hálendið vaxið til stórra muna, og að sama skapi hefur aukizt veiðiskapur í heiðarvötnum, svo að hætta þykir á, að fiskstofninn gangi til þurrðar, enda eru þess dæmi, að menn hafi farið með stórtæk tæki til veiða í þessum vötnum. Lífsskilyrði fiska í heiðarvötnum eru miklu minni en í byggðavötnum, og er því þeim mun meiri hætta á ofveiði í heiðarvötnunum. Markmið 1. gr. er að veita fiskstofni í heiðarvötnum eðlilega vernd.

Sþ. 684. Breytingartillaga [92. mál]

við till. til þál. um afnám skömmtunar á byggingarvörum o. fl.

Frá Finni Jónssyni.

Við tillöguna bætist:

Leyfi til þess að byggja stærri íbúðir, svo og stærri byggingar, sem eigi er beinlínis þörf vegna framleiðslunnar, verði því aðeins veitt, að innflutt byggingarefni sé afgangs frá þeim byggingum, sem undanþegnar eru fjárfestingarleyfi.

Sþ. 685. Breytingartillaga [92. mál]

við till. til þál. um afnám skömmtunar á byggingarvörum o. fl.

Frá Gísla Guðmundssyni og Halldóri Ásgrímssyni.

Orðin „afnema nú þegar skömmtun á byggingarvörum og“ falli burt.

Nd. 686. Nefndarálit [67. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. á tveimur fundum sínum og einnig leitað umsagnar tollstjórans um það.

Með hliðsjón af álitsgerð tollstjórans leggur nefndin til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Á eftir 5. lið í 48. kafla tollskrárinnar kemur nýr liður, sem verður 5 a (en liður sá í tollskránni, sem er nú undir 5 a, verði 5 b), svo hljóðandi:

	Tolleining	Vörumagnstollur aurar	Verðtollur %
Baðmullargarn	1 kg	7	5

Alþingi, 13. febrúar 1951.

Skúli Guðmundsson, form. Sig. Ágústsson, fundaskr., frsm. Ásg. Ásgeirsson.
Einar Olgeirsson. Jóhann Hafstein.

Ed. 687. Breytingartillögur [18. mál]

við frv. til l. um meðferð opinberra mála.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

1. Við 47. gr. Greinin orðist svo:
   Dómari getur, þegar öryggi ríkisins krefst þess eða um mikilsverð sakamál er að ræða, úrskurðað hlustanir í síma, sem sökunautur hefur eða ætla má hann nota.
2. Við 202. gr. Inn í greinina bætist á undan næstsíðustu málsgr. ný mgr., svo hljóðandi:
   Lög nr. 30 27. júní 1941, um fjarskipti, 19. gr. 2. mgr.

Nd. 688. Frumvarp til laga [18. mál]

um meðferð opinberra mála.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 18 með þessum breytingum:

13. gr. hljóðar svo:
Í málum samkvæmt 5. gr., 3. málsgr., kveður héraðsdómari meðdómendur til að frumprófi loknu eða síðar, ef þá reynist ástæða til. Taka meðdómendur þátt í rann-

sókn, málsmeðferð og dómsuppsögn. Héraðsdómari stýrir dómi og kveður einn upp úrskurði, þá er efni verða til, skipar sækjanda og verjanda, ákveður málshöfðun, gefur út stefnur, nefnir skoðunar- og matsmenn, spyr sökunaut, heitfestir vitni og spyr þau, sér um samningu dóms og áfrýjun og kemur yfir höfuð fram út á við fyrir hönd dómsins. Í fjölskipuðum dómi löglærðra manna framkvæma þeir allir þessar athafnir.

47. gr. hljóðar svo:

Dómari getur, þegar öryggi ríkisins krefst þess eða um mikilsverð sakamál er að ræða, úrskurðað hlustanir í síma, sem sökunautur hefur eða ætla má hann nota.

48. gr. hljóðar svo:

Nú er rannsókn háð vegna brots, er varðað getur annaðhvort 20000 króna sekt eða sekt og upptöku eignar, og er þá rétt að gera leit í húsum sakaðra manna, geymslustöðum, hirzlum, skipum og öðrum farartækjum að munum, sem hald skal á leggja, eða annars til öflunar sakargagna.

Leit má gera hjá öðrum mönnum en sökuðum, þegar slíkt brot hefur verið framið þar eða sakaður maður handtekinn eða gildar ástæður eru til að ætla, að þar finnist munir, sem hald ber að leggja á, eða önnur sakargögn, þar á meðal bækur, bréf og önnur skjöl.

100. gr. hljóðar svo:

Dómari lætur vitni fyrst gera grein fyrir heiti sínu, aldri, stöðu og heimilisfangi eða dvalarstað. Síðan brýnir hann alvarlega fyrir því skyldu þess til að gefa sönn og rétt svör við spurningum sínum og draga ekkert undan, er máli skiptir, hvort sem það varðar málsatvik, hæfi þess, sönnunargildi vitnisburðar eða annað. Loks minnir dómari vitni á þýðingu vitnisburðar um málsúrslit og skýrir fyrir vitninu með tilvísun til viðeigandi ákvæða hegningarlaga þá refsiábyrgð, er vitni kann að baka sér með vísvitandi eða gáleysislega röngum framburði, og þá siðferðislegu ábyrgð, sem röngum framburði er samfara.

Að þessu loknu lætur dómari vitni festa með þeim hætti, er nú greinir, heit um sannan framburð sinn:

1. Ef vitni lýsir sig, að gefnu tilefni frá dómara, trúa á guð, og heit samkvæmt því samræmist trúarsannfæring þess, þá skal það lyfta upp hægri hendi sinni og hafa upp eftir dómara þessi orð: Ég sver það og vitna til guðs míns, að ég skal segja það, er ég veit sannast og réttast, og ekkert undan draga. Svo hjálpi mér guð, sem ég satt segi.
2. Nú má ekki svo með fara, sem í 1. tölul. segir, og festir vitni þá heit sitt með þeim hætti, að það lyftir upp hægri hendi sinni og hefur upp eftir dómara þessi orð: Ég lýsi yfir því og legg þar við drengskap minn og heiður, að ég skal segja það, er ég veit sannast og réttast, og ekkert undan draga.
3. Nú er annar háttur hafður á heitfestingu en sá, er í 1. og 2. tölulið segir, í landi, þar sem vitni hefur dvalizt, svo sem hönd lögð á helga bók, og er þá dómara rétt að hafa þann hátt á, ef hann telur vitni munu fyrir það leggja ríkari helgi og virðingu á heitfestingu.

Dómari getur frestað heitfestingu þar til á síðara stigi málsmeðferðar, og auk þess getur hann látið heitfestingu niður falla, ef sönnunaratriði máls má telja vafalaus. Nú fer heitfesting fram eftir á samkvæmt ákvæðum þessarar málsgreinar, og breytir dómari þá heitstaf til samræmis við það.

139. gr. hljóðar svo:

Til sakarkostnaðar í opinberum málum telst:

1. Ferðakostnaður dómara og sækjanda og skipaðs verjanda, ef því er að skipta, enda skal greiða þeim óhjákvæmilegan kostnað af ferðalagi vegna rannsóknar og meðferðar málsins,

2. Þóknun skipaðs sækjanda og verjanda.
3. Þóknun fyrir aðstoð vegna málsins, svo sem skjalaþýðingar, dómtúlkun, afnot muna annarra manna o. s. frv.
4. Gæzlu-, varðhalds- og flutningskostnaður ákærða, þar til framkvæmd refsingar hefst samkvæmt ákvæðum dómsins.
5. Þóknun til vitna, mats- og skoðunarmanna.
6. Þingvotta- og birtingargjöld.
7. Kostnaður af kyrrsetningu samkvæmt 144. gr. og fullnustu dóms með aðför.
8. Annar óhjákvæmilegur kostnaður.

Réttargjöld, gjald fyrir eftirrit beinlínis í þágu málsins, stimplun dómsgerða eða staðfestingu skal eigi greiða.

163. gr. hljóðar svo:

Sektir samkvæmt 159.—161. gr. og 41. gr. renna í ríkissjóð.

Kæra má sérstaklega refsiákvæði samkvæmt 159., 160. og 161. gr., en ella fer um áfrýjun eftir 175. gr.

175. gr. hljóðar svo:

Skylt er dómsmálaráðherra að áfrýja dómi án kröfu ákærða:

1. Ef ákærða er dæmd 5 ára refsivist eða meira.
2. Ef stórstakar ástæður eru til, svo sem ef telja má mann ranglega sýknaðan eða sakfelldan, refsingu að mun of háa eða of lága, réttindi eða eign ranglega dæmda af manni, mann ranglega mæltan undan þessum viðurlögum, eða ranglega hallað á hann í forsendum dóms, þótt hann sé sýknaður, ef það hefur almenna þýðingu að fá úrlausn æðra dóms eða töluverð vafaatriði þykja annars vera í máli, hvort sem þau varða lög eða staðreyndir.

Skylt er dómsmálaráðherra að áfrýja eftir kröfu ákærða:

1. Ef ákærða er dæmd refsing eða upptaka eignar fyrir fyrsta sinni framið brot.
2. Ef dæmd refsing nemur 5000 króna sekt eða þriggja mánaða refsivist.
3. Ef ákærði er sviptur réttindum eða réttindamissi leiðir af sakfellingu hans.
4. Ef ákærða er mælt upptaka eignar, er nemur 5000 krónum. Jafnan er þriðja manni, sem með dómi skal sæta upptöku eignar, rétt að áfrýja að hætti einkamála, ef dómsmálaráðherra vill láta við dóminn sitja.

Lögráðamaður kemur í stað ákærða um ákvarðanir um áfrýjun, sbr. 177. gr., ef ákærði er yngri en 18 ára eða sviptur sjálfræði.

Að ákærða önduðum, koma maki hans, foreldri, barn, kjörbarn og systkin í stað hans um áfrýjun. Rétt er dómsmálaráðherra að áfrýja ákærða til hagsbóta eftir andlát hans.

202. gr. hljóðar svo:

Frá þeim degi, er lög þessi koma til framkvæmda, eru eftirfarandi lagafyrirmæli úr gildi numin:

Dönsku Lög Kristjáns fimmta, sbr. 1. gr. tilsk. 24. jan. 1838:

1—2—4, 13, 16, 19, 24 til 26.
1—5—12 og 13.
1—6—18.
1—8—1 til 3.
1—10—1.
1—12—1 til 3.
1—13—1 til 8, 12 til 20.
1—15.
1—17.
1—19.
1—20.
6—17—10.

Tilsk. 21. maí 1751, um óbótamála meðhöndlun í Danmörku og Noregi.
Konungsbr. 16. febr. 1787, um varnarþing í sakamálum.
Kgbr. 23. okt. 1795, um þvingun við menn, sem eru undir rannsókn og vilja eigi svara spurningum, sem fyrir þá eru lagðar.
Tilsk. 3. júní 1796, um tilhlýðilega og greiða dómgæzlu, IX. kap.
Opið bréf um vottorð úr kirkjubókum í sakamálum, 5. maí 1797.
Tilsk. 8. marz 1799, að því leyti sem hún varðar almenn lögreglumál.
Tilsk. 31. maí 1799, um eignareið í þjófnaðarmálum.
Opið bréf 28. marz 1800, um reglur fyrir eignareiði í þjófnaðarmálum.
Kancellíbréf 3. maí 1800, um að beita megi valdi til að láta menn mæta við próf í sakamálum.
Tilsk. 11. júlí 1800, með hverri á Íslandi stiftast landsyfirréttur, 19. gr.
Tilsk. 31. maí 1805, um áfrýjun sakamála til lands- og stiftsyfirréttanna í Danmörku og Noregi og á Íslandi.
Tilsk. 24. okt. 1806, um málflutningslaun við undirdóma, að því er opinber mál varðar.
Opið bréf (frá kancellíinu) um, að lagaákvæðin um fatalia appellationis (frest til áfrýjunar) nái ekki til sakamála, 25. jan. 1816.
Tilsk. 27. nóv. 1816, um skipti eftir andlegrar stéttar menn o. fl., 4.—6. gr.
Opið bréf 23. júlí 1819, er ákveður nánar forgangsrétt þann, er sumar kröfur eiga.
Kancellíbréf um háyfirvaldamyndugleika til að ákvarða kostnað í opinberum málum, 30. júlí 1819.
Tilsk. 13. okt. 1819, um breyting á réttarfarinu í opinberum málum.
Kancellíbréf um prófastsdóma, 31. maí 1823.
Kancellíbréf 27. maí 1828, um innheimtu skaðabóta og málskostnaðar hjá dæmdum mönnum.
Tilsk. 24. jan. 1838, viðvíkjandi misgjörningamálum á Íslandi, sbr. tilsk. nr. 12 23. ág. 1904, I. 11.
Tilsk. 8. sept. 1841, innihaldandi nánari reglur um bevísning í misgjörningsmálum.
Lög nr. 20 2. okt. 1891, um ákvarðanir, er snerta nokkur almenn lögreglumál.
Lög nr. 28 26. okt. 1893, um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju o. fl.
Lög nr. 62 14. nóv. 1917, um stefnufrest til íslenzkra dómstóla, 12. og 13. gr.
Lög nr. 112 18. maí 1935, um hæstarétt, 22., 23. og 30. gr., að því leyti sem hún tekur til opinberra mála.
Lög nr. 30 27. júní 1941, um fjarskipti, 19. gr. 2. mgr.
Svo eru öll önnur fyrirmæli í lögum, er fara í bága við lög þessi, úr gildi numin.
Sérstök meðferð almennra lögreglumála er úr lögum numin.

Ed. 689. Lög [144. mál]

um breyting á lögum nr. 67 5. júní 1947, um eignakönnun.

(Afgreidd frá Ed. 15. febr.)

Samhljóða þskj. 678.

Nd. 690. Frumvarp til laga [161. mál]

um lán til hraðfrystihúsa og um afnám laga nr. 38 1948 um breyting á lögum nr. 81 1947, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Lög nr. 38 5. apríl 1948, um breyting á lögum nr. 81 1947, um útflutningsgjald af sjávarafurðum eru felld úr gildi.

2. gr.

Helmingi þeirra tekna, sem renna í Fiskveiðasjóð Íslands vegna ákvæða 1. gr. á árunum 1951—55, skal þrátt fyrir ákvæði laga nr. 34 1943 lánað gegn síðari veðrétti til hraðfrystihúsa, sem byggð eða endurbyggð hafa verið á tímabilinu frá 31. des. 1945 til 31. des. 1949 og eigi hafa fengið lán úr Stofnlánadeild sjávarútvegsins. Til hvers hraðfrystihúss má þó ekki lána hærri upphæð en 25% af stofnkostnaði þess, og ekki hærri en svo, að áhvílandi lán samtals fari ekki fram úr 75% af stofnkostnaði.

3. gr.

Til lánveitinga samkvæmt 2. gr. er Fiskveiðasjóði Íslands heimilt að taka allt að 5 millj. kr. bráðabirgðalán, sem ríkissjóður ábyrgist, en endurgreiðist ásamt vöxtum af útflutningsgjaldi því, er lána skal samkv. sömu grein, jafnóðum og það er greitt til sjóðsins.

4. gr.

Lán samkvæmt 2. gr. endurgreiðast með jöfnum afborgunum á 15 árum. Fyrstu fimm árin eru þau vaxtalaus, en eftir þann tíma eru vextir 4% á ári.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 691. Tillaga til þingsályktunar [184. mál]

um námslánasjóð.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason, Helgi Jónasson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa fyrir næsta reglulegt þing frv. til laga um lánasjóð, er veiti lán íslenzkum námsmönnum, er nám stunda erlendis.

Greinargerð.

Um veitingu námsstyrkja af opinberu fé er þeirri reglu yfirleitt fylgt að veita engum styrk lengur en um fjögurra ára skeið. Fjöldi námsmanna nýtur þó styrks um skemmri tíma, og margir fá engan námsstyrk.

Flestar greinar háskólanáms, a. m. k. á Norðurlöndum og víðar í Evrópu, krefjast 5 ára náms og nokkrar jafnvel lengri námstíma. Er því auðsætt, að flestum íslenzkum námsmönnum, sem slíkt nám stunda, reynist róðurinn örðugur undir lokin. Langfæstir þeirra eru svo staddir, að þeir komist hjá því að stofna til verulegra skulda. Þess eru einnig mörg dæmi, að efnilegir námsmenn, sem lokið höfðu meginhluta náms síns, hafi orðið að hætta námi sökum fjárskorts.

Vegna hinna miklu útgjalda, sem nú hafa hlaðizt á þá ísl. námsmenn, sem stunda nám í Ameríku og Sviss, er t. d. svo ástatt um þá, að enda þótt fæstir þeirra hafi enn eytt fjórum árum í nám sitt þar, hafa allmargir þeirra orðið að stofna til mikilla og þungbærra skulda, í flestum tilfellum með óhagstæðum vaxta- og greiðslukjörum.

Til þess að fá nokkra bót ráðna á vandkvæðum þeirra námsmanna, sem nám stunda erlendis, teljum við æskilegt, að stofnaður verði sérstakur sjóður, er fengið yrði það hlutverk að veita íslenzkum námsmönnum í öðrum löndum hagstæð námslán, einkum þó þeim, sem stundað hafa langt háskólanám, en eiga skammt eftir til lokaprófs.

Fyrir nálega þrjátíu árum var stofnaður lánasjóður við Háskóla Íslands. Sá sjóður er einungis ætlaður stúdentum háskólans hér. Ársvextir af lánum úr sjóði þessum hafa verið 3½%. — Reynsla sú, sem fengizt hefur af starfsemi lánasjóða stúdenta hér á landi og víða erlendis, sýnir, að telja má til hreinna undantekninga, að slík námslán endurgreiðist eigi skilvíslega og að fullu.

Verði stofnaður slíkur lánasjóður, er hér um ræðir, teljum við, að í framtíðinni mætti að verulegu leyti draga úr veitingu óafturkræfra námsstyrkja af opinberu fé.

Nd. 692. Breytingartillögur [165. mál]

við brtt. á þskj. 671 (Menntaskólar).

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni og Helga Jónassyni.

1. Í stað „menntaskólann á Akureyri“ komi: menntaskólana á Akureyri og í Reykjavík.
2. Aftan við till. bætist: á Akureyri.

Nd. 693. Lög [138. mál]

um viðauka við lög nr. 28. 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins.

(Afgreidd frá Nd. 16. febr.)

Samhljóða þskj. 537.

Ed. 694. Frumvarp til laga [109. mál]

um breyting á erfðalögum, nr. 42 23. maí 1949.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Í stað orðsins „ríkissjóður“ í lok 33. gr. laganna komi: Tryggingastofnun ríkisins.

2. gr.

Fé því, sem fellur til Tryggingastofnunar ríkisins samkvæmt lögum þessum, skal varið til þess að koma á fót og starfrækja öryrkjastofnun, samkvæmt reglugerð, er tryggingaráð semur og ráðherra staðfestir.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 695. Nefndarálit [84. mál]

um till. til þál. um niðurgreiðslu á mjólk.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur rætt till., og sent hana til umsagnar landbúnaðarráðuneytinu og fjármálaráðuneytinu. Nefndinni barst svarbréf frá landbúnaðarráðuneytinu, þar sem talið er eðlilegt og sanngjarnt, að meðan sá háttur sé á hafður að greiða niður neyzlumjólk, sé það gert víðar en nú er. Mjólk mun nú aðeins niðurgreidd, sé hún frá viðurkenndum mjólkurbúum, en ráðuneytið telur eðlilegt, að niðurgreiðslan nái einnig til þeirrar mjólkur, er seld er í mjólkurbúðunum — eins og till. hljóðar um — eftir mati landbúnaðarráðuneytisins, að fengnum till. framleiðsluráðs landbúnaðarins. Ráðuneytið leggur til, að tillögunni verði breytt í það horf. Einnig bárust nefndinni upplýsingar um það, að fjármálaráðherra liti svipað á málið og landbúnaðarráðuneytið. Nefndin féllst á sjónarmið landbúnaðarráðuneytisins og leggur því til, að till. verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar, að meðan sá háttur er á hafður, að ríkissjóður greiðir niður útsöluverð á neyzlumjólk, þá skal það gert á þeim stöðum í landinu, þar sem mjólk er seld í mjólkurbúðum. Niðurgreiðslan á hverjum stað fer eftir mati landbúnaðarráðuneytisins, að fengnum tillögum framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Alþingi, 16. febr. 1951.

Gísli Jónsson, form. Helgi Jónasson, fundaskr., frsm. Karl Kristjánsson.

Pétur Ottesen. Hannibal Valdimarsson. Halldór Ásgrímsson.

Ásmundur Sigurðsson. Ingólfur Jónsson, með fyrirvara. Jónas G. Rafnar.

Nd. 696. Frumvarp til laga [185. mál]

um landshöfn í Rifi á Snæfellsnesi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Ríkissjóður lætur gera og starfrækja á sinn kostnað hafnarmannvirki í Rifi á Snæfellsnesi. Takmörk hafnarinnar skulu ákveðin í reglugerð. Ráðherra ákveður gerð og fyrirkomulag hafnarinnar í samráði við vitamálastjóra. Til hafnarmannvirkja teljast: Hafnargarðar, hafskipa- og bátabryggjur, verbúðir, uppfyllingar, dráttarbrautir, vélar, sem notaðar eru við byggingu hafnarinnar eða til fermingar og affermingar í höfninni, lönd, sem höfninni eru nauðsynleg vegna byggingar mannvirkjanna, starfrækslu þeirra eða annars, er nauðsynlegt má teljast fyrir fjárhagsafkomu hafnarinnar, einnig allar nauðsynlegar leiðslur, svo sem vatns- og rafmagnsleiðslur, holræsi o. fl.

2. gr.

Til greiðslu kostnaðar, er leiðir af fyrirmælum 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs allt að 3 millj. kr. Að öðru leyti greiðist kostn-

aðurinn úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum. Skal miða hafnargjöld á hverjum tíma, eftir því sem fært þykir, við það, að tekjur hafnarinnar nægi til þess að greiða vexti og afborganir að ⅔ hlutum stofnkostnaðarins, auk árlegs rekstrarkostnaðar.

3. gr.

Sérhver er skyldur til að láta af hendi til landshafnarinnar mannvirki, er þarf til að gera höfnina og svo víðáttumikið land, sem hafnarstjórn og ráðherra telja, að þurfi til þess að geta veitt útvegsmönnum og öðrum aðstöðu til notkunar hafnarinnar og undir brautir og vegi í þarfir hennar, svo og leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bætur, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaður við matið greiðist úr sjóði hafnarinnar. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann krafizt yfirmats, en gera skal hann það innan 14 daga frá því er matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum.

Kostnaðinn við yfirmatið greiðar sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr sjóði landshafnarinnar.

4. gr.

Í stjórn hafnarinnar eiga sæti 5 menn, er ráðherra skipar til fjögurra ára í senn.

5. gr.

Með strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram bryggjur eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi nema samkvæmt leyfi stjórnar landshafnarinnar. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarstjórn beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarstjórn öðru eintakinu.

Sá, sem fengið hefur slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því. Þessi ákvæði gilda einnig um þau mannvirki, er þegar hafa verið gerð á hafnarsvæðinu.

Brot gegn þessari grein varða sektum frá 500—20000 kr., og hafnarstjórn getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Eignum og tekjum hafnarsjóðs má aðeins verja í þágu hafnarinnar, sbr. 1. og 2. gr. Ríkissjóður ábyrgist skuldbindingar hafnarinnar, og hafnarstjórn ber ábyrgð á eignum hennar.

7. gr.

Hafnarstjórn má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarinnar né kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stórlán til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán, eða fresta borgunartímanum og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarmannvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig á landshöfninni, og farmi þeirra:
   a. Skipagjald, ákveðið með tilliti til stærðar skipa þeirra, er hafna sig.

b. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
c. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
d. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarinnar.
e. Allt að 1% af andvirði afla þeirra skipa og báta, sem leggja afla sinn á land innan hafnarsvæðisins eða hafa þar uppsátur.
f. Leigu af verbúðum og öðrum mannvirkjum og af grunnum og lendum hafnarinnar.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar skulu ákveðin í reglugerð, sem ráðherra setur að fengnum tillögum hafnarstjórnar, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkv. tölulið 2 a. Gjöld þessi má taka lögtaki.

9. gr.

Reikningsár hafnarinnar er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir nóvemberlok hvers árs ber hafnarstjórn að leggja frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári fyrir ráðherra til samþykktar ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjalda- og tekjuliðum .

11. gr.

Nú hefur hafnarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar framkvæmdir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki ráðherra þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins geti komið til, áður en gengið er endanlega frá fjárhagsáætlun.

12. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum framkvæmdum utan áætlunar eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarstjórn að tilkynna það ráðuneytinu í tæka tíð og leita samþykkis þess, til þess að víkja megi frá áætluninni.

Eigi má hefja verkið né stofna til umframgreiðslu, fyrr en samþykki ráðherra er fengið.

13. gr.

Við lok hvers reikningsárs og ekki síðar en fyrir febrúarlok skal hafnarstjórn gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða af tveim endurskoðendum, sem ráðherra skipar til 4 ára í senn. Hafnarstjórn sendir þá síðan til ráðherra til úrskurðar.

14. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

15. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara að hætti opinberra mála.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir beiðni ríkisstjórnarinnar, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Til sjávarútvegsnefndar hefur verið vísað frv. til laga um ráðstafanir vegna hafnarframkvæmda í Rifi á Snæfellsnesi á þskj. 670. Réttara þykir, að sá háttur verði á hafður, að um þessa hafnargerð verði sett nánari lagafyrirmæli nú þegar heldur en gert er ráð fyrir í frv. á þskj. 670, og því er þetta frv. flutt. Er þá ekki gert ráð fyrir, að hitt frumvarpið verði sérstaklega afgreitt frá nefndinni. Hér eru þrædd að mestu lög þau, er sett voru 1946, um landshöfn í Keflavík og Njarðvík, með þeim breytingum þó, sem við eiga vegna breyttra staðhátta. Með þessari hafnargerð í Rifi er að því stefnt að leysa meðal annars til frambúðar þörf Ólafsvíkur og Hellissands til hafnarbóta."

Sþ. 697. Breytingartillögur [179. mál]

við till. til þál. um verndun fiskimiða fyrir Vestfjörðum.

Flm.: Finnbogi R. Valdimarsson, Jóhann Jósefsson.

1. Aftan við tillgr. bætist:
   Jafnframt skorar Alþingi á ríkisstjórnina að láta eins fljótt og unnt er merkja aðal þorskneta- og línuveiðasvæði vélbátaflotans á vetrarvertíð hvarvetna við landið, auglýsa þau svæði fyrir erlendum og innlendum togveiðiskipum, aðvara þau um að fara ekki inn á þau til togveiða á þeim tíma, þegar neta- og línuveiðar eru stundaðar þar, og halda uppi öflugri gæzlu á þessum svæðum til verndar veiðarfærum bátaflotans.
2. Fyrirsögn till. verði: Till. til þál. um verndun fiskimiða bátaflotans.

Sþ. 698. Nefndarálit [168. mál]

um till. til þál. um landhelgisgæzlu og björgunarstörf á Breiðafirði og sunnan við Snæfellsnes.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur athugað tillögu þessa, en ekki getað orðið á eitt sátt um afgreiðslu hennar. Minni hlutinn leggur til, að tillagan verði samþykkt óbreytt, en meiri hlutinn hyggst að breyta henni.

Í nokkrum verstöðvum sunnan- og vestanlands hagar svo til, að segja má, að afkoma bátaútvegsins á þeim stöðum velti á því, hversu farnast um aflabrögð á vetrarvertíðinni, þ. e. á tímabilinu frá 1. janúar til mailoka. Að minnsta kosti hefur þetta verið svo nú um hálfs áratugs skeið, sem síldveiðar hafa brugðizt fyrir Norðurlandi. Það eru að sjálfsögðu grundvallarskilyrði þess, að vetrarvertíðin gefi góða raun, að mikil fiskigengd sé á miðunum og góðar gæftir. En þar kemur og fleira til greina, einkum og sér í lagi það, að varðbátar séu á þessum svæðum til gæzlu landhelginnar og veiðarfæra fiskibátanna utan landhelgi. Svo sem alkunnugt er, sækir mikill grúi erlendra botnvörpuskipa á þessi mið á vetrarvertíðinni og gerir mikinn usla í fiskigöngunum og veldur löngum stórfelldum veiðarfæratöpum. Gæzlubátar gætu komið hér að miklu liði og með nærveru sinni dregið mjög úr

veiðarfæratjóninu með því að aðvara hin erlendu veiðiskip, en þó því aðeins kemur þetta að liði, að gæzlubátunum sé ekki ætlað allt of stórt svæði til eftirlits og yfirferðar.

Annar þáttur í hlutverki þessara gæzlubáta er björgunarstarfsemin. Þráfaldlega kemur það fyrir, einkum í vondum veðrum, að vélbilun eigi sér stað eða bátunum hlekkist á á annan hátt. Ber þá brýna nauðsyn til, að hjálp sé jafnan tiltæk.

Nú er landhelgisgæzlunni og björgunarstarfseminni þannig hagað við suðvestur- og vesturströndina á þessari vertíð, að eitt skip er við gæzlu við Vestmannaeyjar, stærsta skip gæzluflotans, tveir bátar í Faxaflóa og eitt skip fyrir Vestfjörðum. Staðbundin gæzla er því engin á Breiðafirði og fyrir gæzlu þar ekki séð að öðru leyti en því, að gæzlubátar á Faxaflóa eða Vestfjarðaskipið skreppa þangað við og við, en hvort tveggja er, að slík gæzla á Breiðafjarðarmiðum kemur að harla litlum notum og að mjög er skert með þessu öryggi það og gagnsemi, sem gæzlan veitir í Faxaflóa og fyrir Vestfjörðum. Þetta ástand á vetrarvertíðinni í Breiðafirði er því gersamlega óviðhlítandi. Frá verstöðvunum við Breiðafjörð eru nú gerðir út milli 20—30 stórir vélbátar og um 40 opnir vélbátar. Auk þess sækja útilegubátar víðs vegar að mjög á þessi mið og stunda fiskveiðar þar. Hér er því um að ræða mikla útgerð, og það veltur ekki á litlu, að íbúum þessara byggðarlaga notist að þeim miklu fiskigöngum, sem ávallt eru á Breiðafjarðarmiðum á þessum tíma. En hér er eins ástatt og í Faxaflóa og við Vestfirði, að togarar flykkjast á þessi mið og valda þar stórtjóni, ef fiskibátarnir eiga þar einskis athvarfs að leita hjá gæzlubátunum. En þar sem þessi togveiðaánauð varir á þessum tíma óslitið nótt og dag svo að vikum skiptir og mánuðum, er hér áríðandi verkefni fyrir einn gæzlubát, er þar sé að staðaldri, og má ekki minna vera. Þarf því engan að undra, þótt sjómenn í verstöðvunum við Breiðafjörð, sem eru tilneyddir að leggja línur sínar innan um þennan ófögnuð og verða daglega fyrir fiski- og veiðarfæratjóni af þessum völdum, láti til sín heyra og beri fram vandkvæði sín. Hér er vissulega mikið í húfi. Alþingi getur ekki daufheyrzt við kalli fiskimannanna um hjálp og aðstoð í þessu efni. En sú aðstoð ein kemur þeim að nokkrum notum og haldi, að einum bát sé falið gæzlu- og björgunarstarf á þessu svæði vertíðarlangt. Það eru því eindregnar tillögur okkar, sem að þessu nefndaráliti stöndum, að tillagan verði samþykkt í því formi, eins og flutningsmaður hennar, þingmaður Snæfellinga, hefur borið hana fram, og að ríkisstjórnin, að fenginni samþykkt á tillögunni, hlutist til um, að undinn verði bráður bugur að því að leigja bát til gæzlunnar.

Alþingi, 16. febr. 1951.

Pétur Ottesen, frsm. Ingólfur Jónsson, Jónas G. Rafnar.

Ásmundur Sigurðsson.

Sþ. 699. Nefndarálit [113. mál]

um till. til þál. um niðurgreiðslu á olíu til rafstöðva.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur rætt þetta mál á nokkrum fundum, en ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Einn nefndarmanna (ÁS) vildi láta samþykkja till. óbreytta, og annar (IngJ) vildi enga afstöðu taka til málsins á þessu stigi; þriðji nefndarmaður (PO) var fjarstaddur, er málið var afgreitt. Gera þeir því hver í sínu lagi grein fyrir afstöðu sinni, annaðhvort með nál. eða á annan hátt.

Meiri hl. nefndarinnar er ljóst, að verð á raforku framleiddri með dieselvélum er nú mjög miklu hærra en verð á raforku, sem framleidd er í vatnsorkuverum. Þótt verð á rafmagni verði ávallt háð breytingum, hvort heldur það er framleitt með olíu eða vatnsafli, má þó telja víst, að rafmagn, sem framleitt er með dieselvélum, verði jafnan dýrara en rafmagn, sem framleitt er í vatnsorkuverum. Er því sýnilegt, að sá hluti þjóðarinnar, sem enn um mörg ár verður að framleiða rafmagn með dieselvélum, er miklu verr settur að þessu leyti en hinn hluti þjóðarinnar, sem fyrir aðstoð ríkisvaldsins hefur þegar fengið rafmagn frá vatnsorkuverum eða á þess kost að fá það innan skamms tíma. Kemur þetta ekki einasta óréttlátlega niður á hverju heimili, sem þannig er ástatt um, heldur einnig á hverju því iðjuveri, sem nota þarf raforku við rekstur. Sé hér um allverulegan verðmismun að ræða, eins og nú á sér stað, er ljóst, að sá atvinnurekstur, sem þannig er neyddur til að sætta sig við hærra rafmagnsverð, stendur margfalt verr að vígi en hinn, sem nýtur þar betri kjara. Er ljóst, hvaða áhrif það hefur á afkomu þeirra, sem við slíkt verða að búa. Það er því sýnt, að Alþingi verður að gera allt, sem í þess valdi stendur, til þess að rafmagnið, sem nú er eitt af frumskilyrðum fyrir bættri afkomu og betri lífskjörum, verði sem allra fyrst látið neytendum í té, hvar sem þeir eru á landinu, með svo sanngjörnu verði sem unnt er og með svo litlum verðmismun, sem frekast er kostur á, án tillits til þess, á hvern hátt það er framleitt. En þessum jöfnuði má koma á að eftirfarandi leiðum:

1. með því að hlutast til um, að verð á olíu til rafmagnsframleiðslu verði jafnan svo lágt sem frekast má verða;
2. með niðurgreiðslu á olíu til rafmagnsframleiðslu á líkan hátt og ætlazt er til í þáltill.;
3. með jöfnunarverði á öllu rafmagni, án tillits til þess, hvar það er framleitt eða á hvern hátt.

Hvað 1. atriðið snertir, þá hefur fjárveitinganefnd aflað sér upplýsinga um það, að ríkisstofnanirnar kaupa nú með föstum samningi hráolíu fyrir allt að 125 kr. lægra verð hverja smálest í Reykjavík en olíufélögunum er leyft að selja hana á sama stað til almennings. Mundi slík verðlækkun á olíu til rafmagnsframleiðslu lækka mjög verulega rafmagn, sem þannig er framleitt, ef unnt væri á einn eða annan hátt að koma henni við. Væntir meiri hl. n. þess, að ríkisstjórnin láti nú þegar fara fram athugun á því, hvort ekki sé eðlilegt og unnt að lækka olíuverð til framleiðslu á dieselraforku, og ef svo skyldi reynast, þá að hlutast til um, að svo verði gert.

Um 2. atriðið, þ. e. að greiða niður olíu úr ríkissjóði á þann hátt, sem farið er fram á í þáltill., er það að segja, að engar upplýsingar liggja fyrir um það, hversu miklu þetta mundi nema fyrir ríkissjóðinn. Kæmi það yfirleitt til greina að greiða niður olíu úr ríkissjóði til verðjöfnunar, þyrftu að sjálfsögðu að liggja fyrir upplýsingar um það, hve mikið magn þyrfti að greiða niður á öllu landinu og að hve miklu leyti, til þess að ná jöfnunarverði. Viðmiðun sú, sem gerð er í þáltill., er engan veginn eðlilegur mælikvarði, og mundi, ef notuð yrði, kalla á margvíslegar aðrar kröfur. Þó ber einnig að líta á það, að það er á engan hátt æskilegt, að ríkissjóður taki nú á sig víðtækari niðurgreiðslur á vörum, og miklu heppilegra að stefna að því að draga hér úr en að auka við, nema alveg sérstaklega knýjandi ástæður séu fyrir hendi, og þá því aðeins, að fram hafi farið fullkomin athugun á málinu, m. a., hvort ekki væri unnt að ná sama árangri að öðrum heppilegri leiðum.

Um 3. atriðið, þ. e. jöfnunarverð á öllu rafmagni, gildir það sama, að hér skortir allar upplýsingar um það, hve mikið magn þarf að greiða niður og hvaða áhrif það kynni að hafa til hækkunar á það rafmagn, sem nú er selt frá vatnsorkuverum eða verður selt frá þeim á næstu árum. En fyrr en slíkar upplýsingar liggja fyrir er ógerlegt að gera ákveðnar tillögur um verðjöfnun. Meiri hl. n. þykir því rétt, að ríkisstjórnin láti fara fram heildarrannsókn á öllum framansögðum atriðum í sam-

bandi við þetta mál og að henni verði lokið sem fyrst, enda verði Alþingi látnar í té allar upplýsingar um þetta, er það kemur saman á ný á þessu ári, ásamt áliti ríkisstjórnarinnar og ábendingum um það, á hvern hátt bæta megi úr þeim vanda, sem hér er á höndum. Í þessu felst að sjálfsögðu engin skuldbinding frá einstökum nefndarmönnum um fylgi við eina eða aðra tillögu um úrlausn, þótt fram kæmu, þar sem afstaða nefndarmanna er að sjálfsögðu háð þeim upplýsingum, sem fyrir kunna þá að liggja. Meiri hl. n. leggur því til, að þáltill. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Tillgr. skal orða svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar athuga, á hvern hátt gerlegt þætti að draga úr framleiðslukostnaði rafmagns með dieselvélum, svo að það verði eigi dýrara en rafmagn, sem framleitt er með vatnsafli, og hve mikið það mundi kosta árlega að greiða þann verðmismun, sem hér er á, miðað við eðlilegt og sanngjarnt olíuverð. Einnig skal athuga, hvort gerlegt þyki að ákveða jafnaðarverð á rafmagni, þannig að sama verð gildi um land allt, hvort sem rafmagnið er framleitt með vatnsafli eða dieselvélum. Niðurstöður framangreindra athugana ásamt áliti ríkisstjórnarinnar verði síðan lagðar fyrir næstkomandi Alþingi.

Alþingi, 17. febr. 1951.

Gísli Jónsson, form., frsm.	Helgi Jónasson, fundaskr.	Jónas G. Rafnar.
Halldór Ásgrímsson.	Hannibal Valdimarsson.	Karl Kristjánsson.

Fylgiskjal I.

INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS

Reykjavík, 31. okt. 1950.

Fjárveitinganefnd Alþingis, Reykjavík.

Eftir samtal við hv. fjárveitinganefnd upplýsist hér með, að samkvæmt samningi við Olíufélagið h.f., dags. 3. apríl 1950, er núgildandi **gasolíuverð** pr. 1000 kg:

1.	Á Hvalfirði (minnst 30 tonn)	kr. 480.40
2.	Til skipa í Reykjavík	— 530.50
3.	Til húsakyndinga í Reykjavík	— 545.50
4.	Á tunnum í Reykjavík	— 560.50

Úti á landi afsláttur frá útsöluverði á hverjum stað kr. 20 pr. tonn frá útsöluverði.

Brennsluolía (Fuel Oil). Sama og ísl. togarar fá í Hvalfirði á hverjum tíma. Í Reykjavík kr. 55.00 hærra. Gildir einnig til húsakyndinga.

Smurningsolíur og feiti. Afsláttur miðaður við álagningu fyrir gengislækkunina, í Reykjavík 15% afsláttur af skipaolíum, 20% afsláttur af landvélaolíum.

Benzín. 3½ eyrir í afslátt af lítra, hvar sem er á landinu, auk þess 11 aurar á lítra, ef benzínið er afgreitt frá dælu, er kaupandi annast sjálfur.

Auk þess er veittur 1% afsláttur af öllum viðskiptum og gerður upp eftir árið við Innkaupastofnun ríkisins.

Allir afslættir eru miðaðir við álagningarheimildir, er giltu, þegar samningurinn var gerður.

Virðingarfyllst.

Innkaupastofnun ríkisins.

Finnur Jónsson.

Fylgiskjal II.

VERÐGÆZLUSTJÓRINN

Reykjavík, 18. jan. 1951.

Samkvæmt beiðni yðar höfum vér athugað verð það, er var á gasolíu þ. 3. apríl s. l., og reyndist þágildandi hámarksverð sem hér segir:

Til báta	kr. 653.00	pr. tonn
Til húsakyndinga	— 671.00	— —
Á tunnum	— 683.00	— —

Verðið til báta er miðað við afhendingu frá „tank" í Reykjavík eða annarri innflutningshöfn.

Samkvæmt símtali undirritaðs í dag við skrifstofustjóra Olíufélagsins h.f., hr. Jóhann G. Stefánsson, var söluverð þeirra á þessum tíma til togara, afgreitt af „tank" í Hvalfirði, kr. 568.00 pr. tonn.

Virðingarfyllst.
Fulltrúi verðgæzlustjóra.
Ingólfur Guðmundsson.

Til fjárveitinganefndar Alþingis.

Fylgiskjal III.

Reykjavík, 24. jan. 1951.

Verðlagsskrifstofa fjárhagsráðs hefur móttekið heiðrað bréf yðar frá 11. þ. m. varðandi tillögu til þingsályktunar um jöfnunarverð á olíu.

Varðandi fyrsta atriði bréfs yðar um sölu á olíu á einstökum verzlunarstöðum, vonum vér, að yður nægi eftirfarandi upplýsingar:

Sala á hráolíu nam á síðastliðnu ári sem hér segir: Í Reykjavík, Hafnarfirði og Hvalfirði 36100 tonn. Á öðrum verstöðvum við Faxaflóa og á Suðurnesjum, þar sem birgðageymar eru og verðið er 3½ eyri hærra pr. lítra, 10160 tonn. Á öðrum stöðum á landinu, þar sem birgðageymar eru og verðið er 4½ eyri hærra pr. lítra, 31730 tonn.

Um annað atriði bréfsins er það að segja, að enda þótt oft hafi af verðlagsyfirvöldunum verið rætt um jöfnunarverð bæði á olíum og benzini, hafa einatt verið um það skiptar skoðanir, hvort heppilegt væri að framkvæma slíka verðjöfnun og einnig hvernig framkvæmdinni yrði bezt hagað.

Um þriðja atriði bréfsins er það að segja, að verðlagsyfirvöldin hafa aldrei ákveðið álagningu á benzíni og hráolíu á sama hátt og aðrar vörur, hvorki prósentuálagningu eða magnálagningu. Ákvarðanir um hámarksverð á vörum þessum hafa á undanförnum árum verið byggðar á nákvæmum rannsóknum á raunverulegum dreifingarkostnaði olíufélaganna. Hafa þessar rannsóknir verið gerðar af löggiltum endurskoðanda og ávallt fengnar skýrslur frá honum um málið, þegar þurft hefur að gera breytingar á hámarksverðinu. Ekki er heldur hægt að segja, að mismunur söluverðsins í Reykjavík og innkaupsverðsins sé hin raunverulega álagning í venjulegri merkingu þess orðs, sökum þess, að mismunur verðsins í Reykjavík og annars staðar á landinu hefur ávallt verið ákveðinn miklu lægri en kostnaði við flutningana nemur. Hefur sá háttur verið hafður á, að frá heildardreifingarkostnaði félaganna hefur verið dreginn sá tekjuauki, sem stafar af hærra verði utan Reykjavíkur, en það, sem flutningskostnaðurinn hefur farið fram úr þeim tekjuauka, hefur komið inn í hinn almenna dreifingarkostnað og þar af leiðandi

haft veruleg áhrif á Reykjavíkurverðið. Hefur því verið um jöfnunarverð að ræða að nokkru leyti.

Um smurningsolíur til útgerðarinnar er það að segja, að undanfarin ár hefur verðlagningu hennar verið hagað þannig, að reiknað hefur verið með 38% álagningu, en síðan gengisbreytingin varð hefur þó ekki verið leyft að reikna þessa álagningu á allt kostnaðarverð vörunnar, heldur aðeins á það verð, sem vera mundi á vörunni, ef gengisbreytingin hefði ekki orðið, en það samsvarar því, að álagningin sé 22 til 24% á allt verðið. Þessar tölur sýna þó ekki hina raunverulegu álagningu, því hjá olíufélögunum er smurningsolían seld á sama verði alls staðar á landinu, og er jöfnunarverðið fundið á þennan hátt og flutningskostnaðurinn innanlands því tekinn af álagningunni.

Varðandi álagningu þá, sem leyfð er á brennsluolíur og benzín á hinum ýmsu stöðum umfram Reykjavíkurverðið, vísast til meðfylgjandi tilkynningar.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis.

Fylgiskjal IV.

VERÐGÆZLUSTJÓRINN

Reykjavík, 3. febr. 1951.

Samkvæmt samtali í gær og með tilvísun til bréfs dags. sama dag, leyfi ég mér hjálagt að senda hæstvirtri fjárveitinganefnd

1. endurrit af bréfi dags. 18. jan. s. l.;
2. afrit af bréfi, sem verðlagsskrifstofa fjárhagsráðs hefur sent allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis.

Það leikur enginn vafi á því, að þær upplýsingar, sem gefnar eru í bréfi hr. fulltrúa Ingólfs Guðmundssonar, eru réttar miðað við 3. apríl 1950.

Út af fyrirspurn hæstvirts formanns fjárveitinganefndar um það, hvernig standi á hinu háa verði, sem samþykkt hefur verið til innanlandsnotkunar, skal ég taka fram, að mitt álit er, að það fyrirkomulag, sem haft er um verðlagningu á brennsluolíum, sé ekki rétt og beri að breyta því fyrirkomulagi, þannig að ákveðin væri álagningarprósenta, en síðan fengju olíufélögin sannsýnilegan afgreiðslukostnað pr. tonn innifalinn í verðinu. Olíufélögin verða síðan að haga rekstri sínum þannig, að umrædd álagning og afgreiðslukostnaður nægi á sama hátt og aðrir innflytjendur verða að láta sína álagningu nægja til reksturs fyrirtækisins.

Skýringin á þessu háa olíuverði er sem sé engin önnur en sú, að reksturskostnaður á hverjum tíma hefur verið látinn ráða olíuverðinu. Má vel vera, að reksturskostnaður pr. tonn nemi allt að þeim mismun, sem er á samningsverði Innkaupastofnunar ríkisins og útsöluverði félaganna til almennings.

Virðingarfyllst.

Verðgæzlustjórinn.

Pétur Pétursson.

Til fjárveitinganefndar Alþingis.

Sþ. **700. Nefndarálit** [113. mál]

um till. til þál. um niðurgreiðslu á olíu til rafstöðva.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu málsins. Vill meiri hl. breyta till. í þá átt að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka möguleika á lækkun framleiðsluverðs á rafmagni með dieselvélum, svo og jöfnunarverð á rafmagni um land allt. Ég vil hins vegar samþykkja till. óbreytta.

Það skal að vísu viðurkennt, að samkvæmt upplýsingum, sem fram hafa komið um olíuverð, afslátt til vissra fyrirtækja o. fl., eru miklar líkur til, að verðlag á olíu sé til muna of hátt, og megi því lækka á kostnað þeirra, er olíusöluna hafa með höndum, án þess að hagsmunir þeirra séu skertir um of. Hafa þessar upplýsingar komið fram bæði á Alþingi og víðar. Munu ýmis gögn því viðvíkandi birt sem fylgiskjöl með nefndaráliti meiri hl., og er því sleppt hér. Sýnist það mál nú liggja þannig fyrir, að sjálfsagt sé fyrir ríkisstjórnina að láta taka það til rannsóknar, án þess að til þurfi að koma fyrirskipun frá Alþingi. Hins vegar skal á það bent, að í fyrsta lagi mun sú rannsókn taka nokkurn tíma, og enn fremur það, að olíur ýmiss konar eru nú svo stór hluti rekstrarkostnaðar dieselrafstöðvanna, að engar líkur eru til þess, að á þann hátt yrði því marki náð, að slík rafmagnsframleiðsla geti staðizt samanburð við það rafmagn, sem framleitt er með vatnsorku. Sérstaklega er verð olíunnar orðið tilfinnanlegt, síðan gengislækkunin var gerð.

Með raforkulögunum, sem samþykkt voru á Alþingi 1946, var tekin upp ný stefna í raforkumálum, þar sem ákveðið var, að ríkið skyldi algerlega taka forustu í þeim. Síðan hefur stórfé verið lagt til raforkuframkvæmda, ýmist sem bein framlög úr ríkissjóði eða með lánsfé, sem ríkið er í ábyrgð fyrir. Hafa samkvæmt þessum lögum verið byggðar bæði virkjanir og rafmagnsveitur til að framleiða og leiða orkuna til og um einstakar byggðir. Enn sem komið er hefur aðeins viss hluti þjóðarinnar notið þessarar fyrirgreiðslu af hálfu hins opinbera. Er það sá hlutinn, er býr á þeim svæðum, er skilyrði til framkvæmda eru bezt, og má það teljast eðlilegt vegna fjárhags fyrirtækjanna. Hins vegar verður því ekki neitað, að á fjölmörgum þeim stöðum, er ekki hafa getað fengið slíkar framkvæmdir, er þörfin engu síður aðkallandi, og allvíða hefur nýting framleiðslunnar beinlínis verið því háð, að þetta mál væri leyst.

Í slíkum tilfellum hefur eina leiðin því verið sú að byggja dieselstöðvar. Það, sem till. fer fram á, er því aðeins það að rétta þeim aðilum nokkra hjálparhönd, sem ekki hafa getað fengið að njóta þeirra hlunninda, er raforkulögin hafa skapað öðrum. Þar sem útflutningsframleiðslan á flestum þessum stöðum er einnig háð rafmagnsframleiðslunni, eins og fyrr er sagt, er einmitt mjög aðkallandi, að hér verði úr bætt hið fyrsta.

Þá skal enn fremur á það bent, að ríkið sjálft rekur olíuflutninga til hafna úti um land með olíuflutningaskipi sínu, „Þyrli“. Á þessum flutningum hefur verið verulegur hagnaður ætíð síðan þeir hófust, allt að einni milljón króna árlega. Sýnist mjög eðlilegt, að þessi gróði væri fyrst og fremst notaður til slíkrar niðurgreiðslu, sem hér er farið fram á, þar sem hann er beinlínis fenginn að nokkru leyti a. m. k. af þeim aðilum, er hér um ræðir. Samkvæmt framansögðu tel ég, að breytingartillaga meiri hlutans muni á engan hátt ná þeim tilgangi, sem að er stefnt, ef samþykkt verður, og legg því til, að þáltill. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 17. febr. 1951.

Ásmundur Sigurðsson.

Nd. 701. Frumvarp til laga [67. mál]

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Á eftir 5. lið í 48. kafla tollskrárinnar kemur nýr liður, sem verður 5 a (en liður sá í tollskránni, sem nú er undir 5 a, verði 5 b), svo hljóðandi:

	Tolleining	Vörumagnstollur Aurar	Verðtollur %
Baðmullargarn	1 kg	7	5

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 702. Nefndarálit [151. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1948.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og borið það saman við ríkisreikninginn 1948. Eru tölur rétt upp teknar úr ríkisreikningnum í frumvarpið.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Hins vegar óskar hún eftir upplýsingum frá ráðherra í sambandi við þær athugasemdir endurskoðenda, sem þeir telja „til eftirbeytni“ eða „athugunar framvegis“.

Einn nefndarmanna (BrB) var ekki viðstaddur, þegar málið var afgreitt í nefndinni, og skrifar hann því ekki undir nefndarálitið.

Alþingi, 19. febrúar 1951.

Bernh. Stefánsson, form., frsm. Gísli Jónsson, fundaskr. Karl Kristjánsson.

Þorst. Þorsteinsson.

Ed. 703. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [109. mál]

í málinu: Frv. til l. um breyt. á erfðalögum, nr. 42 23. maí 1949.

Frá Bernharð Stefánssyni.

Í trausti þess, að ríkisstjórnin undirbúi löggjöf um stofnun og rekstur hælis fyrir öryrkja, sem misst hafa hluta starfsgetu sinnar, og leggi tillögur sínar um það efni og um fastan tekjustofn í þessu skyni fyrir næsta Alþingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. 704. Frumvarp til laga [165. mál]

um breyting á lögum nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Aftan við lögin komi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Ríkisstjórninni er heimilt til vorsins 1953 að láta tveggja ára óskipta miðskóladeild starfa við menntaskólann á Akureyri, ef húsrúm og aðrar ástæður leyfa. Utanbæjarnemendur lærdómsdeildar sitji fyrir heimavist í skólanum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 49 frá 17. maí 1949, um breyting á lögum um menntaskóla, nr. 58 frá 7. maí 1946.

Nd. 705. Nefndarálit [182. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna þjóðminjasafnshússins.

Frá fjárhagsnefnd.

Byggingarkostnaður þjóðminjasafnshússins nemur um 7 milljónum króna, og mælir nefndin með, að lántökuheimild fyrir 550 þús. kr. verði veitt.

Alþingi, 20. febrúar 1951.

Skúli Guðmundsson, form. Sig. Ágústsson, fundaskr. Ásg. Ásgeirsson, frsm.

Jóhann Hafstein. Einar Olgeirsson.

Nd. 706. Lög [18. mál]

um meðferð opinberra mála.

(Afgreidd frá Nd. 20. febr.)

Samhljóða þskj. 688 (sbr. 18).

Ed. 707. Frumvarp til laga [165. mál]

um breyting á lögum nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Aftan við lögin komi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Ríkisstjórninni er heimilt til vorsins 1953 að láta tveggja ára óskipta miðskóladeild starfa við menntaskólana á Akureyri og í Reykjavík, ef húsrúm og aðrar ástæður leyfa. Utanbæjarnemendur lærdómsdeildar sitji fyrir heimavist í skólanum á Akureyri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 49 frá 17. maí 1949, um breyting á lögum um menntaskóla, nr. 58 frá 7. maí 1946.

Nd. 708. Nefndarálit [79. mál]

um frv. til l. um veiting ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, eftir atvikum, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Þar sem gera má ráð fyrir, að Alþingi verði slitið mjög bráðlega, gæti svo farið, ef frumvarpinu yrði breytt, að málið næði ekki fram að ganga á þessu þingi. Til þeirra málaloka vill nefndin ekki stofna. Hins vegar er nefndin algerlega andstæð því, að veiting ríkisborgararéttar sé undir öllum kringumstæðum bundin við það, að umsækjandi sé af íslenzku foreldri kominn eða ættaður frá Norðurlöndum.

Fyrir þinginu liggja nú margar umsóknir um íslenzkan ríkisborgararétt frá fólki, sem er af öðru þjóðerni. Ýmsir þessara umsækjenda hafa átt hér heima um langt skeið, sumir yfir 20 ár. Margir þessara manna hafa kynnt sig að góðu einu, og hefði því verið rétt að sinna erindum þeirra. En eins og áður segir, þar sem breyting á frumvarpinu mundi verða málinu að falli, væri engum greiði með því gerður. Þess vegna hefur nefndin þennan hátt á um afgreiðslu málsins að þessu sinni.

Alþingi, 20. febr. 1951.

Jörundur Brynjólfsson, form., frsm.	Jóhann Hafstein, fundaskr.	Jónas G. Rafnar.
	Finnur Jónsson.	

Nd. 709. Breytingartillaga [76. mál]

við frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 33/1935.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Í stað orðanna „nema hann færi sterkar líkur fyrir því“ í 2. efnismálsgr. kemur: nema sannað sé.

Ed. 710. Frumvarp til laga [76. mál]

um breyting á áfengislögum, nr. 33/1935.

(Eftir eina umr. í Nd.)

1. gr.

Við 16. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgr., svo hljóðandi:

Enn fremur er þeim heimilt að rannsaka, hvort bifreiðar hafi áfengi meðferðis, þó að það sé löglega keypt, enda liggi fyrir rökstuddur grunur um, að áfengið sé ætlað til ólöglegrar sölu.

Nú finnst áfengi í bifreið, þegar svo stendur á sem í næstu málsgr. hér á undan segir, og skal þá refsa eiganda þess sem hann væri sekur um ólöglega áfengissölu, nema sannað sé, að áfengið sé ekki ætlað til sölu.

2. gr.

Á eftir 1. mgr. 36. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Brot gegn 4. mgr. 16. gr. varða sektum, er nema í fyrsta sinn fimmföldu og í annað sinn tíföldu söluverði þess áfengis, sem ætlað er til ólöglegrar sölu. Brjóti nokkur oftar ákvæði þeirrar málsgreinar, eða geri sér ólöglega áfengissölu að atvinnu, varðar það auk sektar fangelsi allt að 3 mánuðum. Hafi bifreiðarstjóri ítrekað gerzt sekur um ólöglega áfengissölu, varðar það hann missi réttar til að stjórna bifreið um stundarsakir, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru eða brot margítrekað.

Áfengi, sem flutt er eða geymt ólöglega í bifreið, skal gert upptækt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 711. Nefndarálit [168. mál]

um till. til þál. um landhelgisgæzlu og björgunarstörf á Breiðafirði og sunnan við Snæfellsnes.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur rætt málið og leitað umsagnar forstjóra Skipaútgerðar ríkisins um till. Mætti hann hjá nefndinni og gaf henni þær upplýsingar, að nú væru fimm skip við landhelgisgæzlu og aðstoð og væri þeim ráðstafað á eftirfarandi hátt: Við gæzlu á svæðinu frá Reykjanesi að Öndverðanesi væru tvö skip, „Hermóður“ og „Sæbjörg“. Fyrir Vestfjörðum, þar með talinn Breiðafjörður, væri eitt skip, „María Júlía“. Fyrir Norður- og Austurlandi væri eitt skip, „Óðinn“, og á svæðinu frá Vestra Horni að Reykjanesi væri eitt skip, „Ægir“, sem þó væri að mestu leyti bundinn við gæzlu við Vestmannaeyjar á aðalvertíðinni þar. Breytt væri um verksvið skipanna að lokinni vetrarvertíð og gæzla þá aukin fyrir Norðurlandi vegna síldveiða, en dregið úr henni á sama tíma á Suðurlandi. Ef framkvæma ætti þáltill., mundi það kosta um 70 þús. kr. á mánuði, eða um 250 þús. til maíloka. Nefndin ræddi þessi atriði öll og gat ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Minni hluti nefndarinnar (PO, IngJ, JR og ÁS) vildi láta samþykkja tillöguna óbreytta, og hefur hann þegar gefið út um það nál. Á þetta gat meiri hlutinn ekki fallizt. Hann viðurkennir að fullu nauðsyn á, að vernda beri landhelgi og fiskimið eftir fremsta megni og að aðstoða beri skip eftir því sem þörf er á og því verður við komið, en þál. óbreytt skipar fyrir um það að leigja skip, sem upplýst

er, að kosti um ¼ millj., án þess að athugað sé, hvort ekki sé hægt að bæta úr því, sem hér er farið fram á, með þeim skipakosti, sem fyrir er við gæzluna. Vill meiri hl. n. leggja áherzlu á, að gengið sé að fullu úr skugga um það atriði, áður en skipi er bætt við, eins og farið er fram á í till. Reynist það ógerlegt, leggur meiri hl. til, að skip verði leigt um tíma til þessara starfa. Meiri hl. n. vill benda á, að skömmu fyrir áramót var ákveðið að veita 6 millj. króna til þess að standast kostnað við landhelgisgæzluna. Þá komu engar raddir fram frá einstökum þingmönnum, hvorki í fjvn. né utan hennar, um að þessi upphæð þætti of lág til þess að gæzla gæti farið fram að eðlilegum hætti. Hefði sjálfsagt orðið að sjá fyrir tekjum á móti frekari útgjöldum á þessu sviði, svo framarlega sem þau næmu verulegri upphæð. Síðan fjárlög voru afgreidd, hafa aðstæður í landhelgisgæzlunni ekkert breytzt, skipastóllinn óbreyttur og verkefnin þau sömu. Það er því beinlínis eðlilegt, að fram fari á því athugun, hvort ekki sé unnt að skipuleggja gæzluna þannig, að viðunandi sé, með þeim skipakosti, sem fyrir er, og fyrir það fé, sem til þess er ætlað í fjárlögum.

Með tilvísun til þessa leggur meiri hl. nefndarinnar til, að þáltill. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Tillgr. skal orða svo:
   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að landhelgisgæzlu og aðstoð við fiskibáta verði hagað þannig, að veiðisvæði, sem mjög mikil þörf er á að vernda, svo sem svæðin umhverfis Snæfellsnes og á Breiðafirði, fái nauðsynlega gæzlu. Skal fyrst og fremst lögð áherzla á að framkvæma þetta með þeim skipastóli, sem nú starfar við landhelgisgæzluna, en takist það ekki, verði skip leigt, eftir því sem þörf er á.
2. Fyrirsögn till. orðist svo:
   Tillaga til þingsályktunar um aukna landhelgisgæzlu og aðstoð til fiskibáta.

Alþingi, 19. febrúar 1951.

Gísli Jónsson, form., frsm. Helgi Jónasson, fundaskr. Hannibal Valdimarsson.
Karl Kristjánsson. Halldór Ásgrímsson.

Sþ. 712. Fyrirspurn [186. mál]

til ríkisstjórnarinnar um launaflokkun opinberra starfsmanna o. fl.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

1. Hvaða reglur gilda hjá Landssíma Íslands um færslu starfsfólks milli launaflokka eftir starfsaldri?
2. Hefur ákvæðum 36. greinar laga um laun starfsmanna ríkisins frá 1945 um, að konur skuli að öðru jöfnu hafa sama rétt og karlar við skipun í starfsflokka og flutning milli launaflokka, verið framfylgt?
3. Ef svo skyldi ekki vera, hyggst þá ráðherra símamála gefa fyrirmæli um, að fyrrnefndu lagaákvæði verði framfylgt hér eftir?

Ed. 713. Breytingartillaga [76. mál]

við frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 33/1935.

Frá Gísla Jónssyni, Karli Kristjánssyni og Bernharð Stefánssyni.

Við 1. gr. Í stað orðanna „nema sannað sé“ í 2. efnismálsgr. kemur: nema hann færi sterkar líkur fyrir því.

Nd. 714. Nefndarálit [95. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt mál þetta á fjórum fundum. Kirkjumálaráðherra hefur komið á fund hennar og einnig varaformaður kirkjuráðs, prófessor Ásmundur Guðmundsson. Enn fremur hefur formaður nefndarinnar átt viðræður við biskup um málið eftir heimkomu hans 16. þ. m. Hjá þessum aðilum hafa verið skiptar skoðanir. Ráðherrann hefur lagt áherzlu á, að málið gengi fram á þessu þingi. Biskup og kirkjuráð telja nauðsynlega gagngera endurskoðun á löggjöfinni um skipun prestakalla, áður en framkvæmd sé niðurlagning einstakra prestakalla, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Eftir ýtarlegar umræður í nefndinni náðist samkomulag um málið á þeim grundvelli, að nefndin mælir með afgreiðslu þess með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó koma ákvæði þeirra um fækkun prestakalla ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1952; þá koma þau til framkvæmda jafnóðum og prestaköll losna. Prestaköll, sem leggja skal niður samkvæmt lögum þessum, skulu ekki auglýst til umsóknar fyrir 1. janúar 1952.
2. Við bráðabirgðaákvæði bætist ný málsgrein svo hljóðandi:
   Ríkisstjórnin skal nú þegar efna til endurskoðunar á löggjöfinni um skipun prestakalla, og skal kostað kapps um að ljúka endurskoðuninni svo fljótt, að frv. um heildarskipun prestakalla verði lagt fyrir Alþingi næsta haust. Við þá endurskoðun skal hafa náið samband við biskupinn yfir Íslandi, kirkjuráð, Prestafélag Íslands og prestastefnu.

Alþingi, 19. febrúar 1951.

Gunnar Thoroddsen, form., frsm. Páll Þorsteinsson, fundaskr. Kristín L. Sigurðardóttir.
Gísli Guðmundsson. Ásmundur Sigurðsson.

Ed. 715. Frumvarp til laga [187. mál]

um breyting á lögum nr. 56 25. maí 1950, um breyting á lögum nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu.

Flm.: Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Við bráðabirgðaákvæði laganna bætist:

1. Þau ákvæði laga þessara, er snerta leigu á einstökum herbergjum, sem leigð eru út frá íbúðum, falla úr gildi 1. október 1950.
2. Þann 14. maí 1951 falla úr gildi ákvæði laganna um atvinnuhúsnæði.
3. Önnur ákvæði laganna falla úr gildi 14. maí 1952.

Bæjar- og sveitarstjórnum er heimilt að ákveða, að þau ákvæði laganna, sem greinir í 3. tölulið, skuli gilda áfram fyrir hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélag.

Nú verða lögin í gildi á einhverjum stöðum eftir 14. maí 1952, og skulu þá hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélög greiða allan kostnað af framkvæmd laganna frá þeim tíma.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðasta Alþingi var samþykkt að fella húsaleigulögin frá 1943 úr gildi í þremur áföngum, þannig:

1. Þau ákvæði laganna, sem snerta leigu á einstökum herbergjum, sem leigð eru út frá íbúðum, féllu úr gildi 1. október 1950.
2. Þann 14. maí 1951 eiga að falla úr gildi:
   a. Ákvæði laganna um atvinnuhúsnæði.
   b. Ákvæði laganna um leiguíbúðir, sem eru í því sama húsi sem húseigandi býr sjálfur í.
3. Önnur ákvæði laganna eiga að falla úr gildi 14. maí 1952.

Þó er bæjarstjórn heimilt að ákveða, að þau ákvæði laganna, sem greinir í 2. tölulið b. og 3. tölulið, um leiguhúsnæði til íbúðar, annað en einstök herbergi, sem leigð eru út frá íbúðum, skuli gilda áfram fyrir hlutaðeigandi bæjarfélag.

Öllum var ljóst, að afnám húsaleigulaganna hlaut að hafa í för með sér stórfellda örðugleika fyrir þann mikla fjölda fólks, sem verður að búa í leiguhúsnæði, og að mjög torvelt eða gersamlega ókleift mundi reynast að vernda þetta fólk gegn óhóflegri leigu, þegar hundruðum eða jafnvel þúsundum fjölskyldna yrði sagt upp húsnæði á sama tíma.

Mun óttinn við þessar afleiðingar hafa valdið því, að stjórnarflokkunum þótti heppilegra að koma hluta af ábyrgðinni á hendur hlutaðeigandi bæjarstjórna, með því að leggja það á þeirra vald, hvort framlengja skyldi hin almennu ákvæði laganna um leiguíbúðir.

Í bæjarstjórn Reykjavíkur hefur verið borin fram tillaga þess efnis, að bæjarstjórnin notaði heimild laganna til að láta gilda áfram þau ákvæði þeirra, sem falla eiga úr gildi 14. maí 1951, um leiguíbúðir, sem eru í því sama húsi sem húseigandi býr sjálfur í. Tillaga þessi var afgreidd með þeim einkennilega hætti, að þótt 7 atkvæði væru greidd með henni, en ekkert á móti, náði hún ekki samþykki, þ. e. var felld með hjásetu meiri hlutans.

Nú þegar liggja fyrir upplýsingar um hátt á þriðja hundrað uppsagnir á leiguhúsnæði fjölskyldna, sem búa í sama húsi og húseigandi, og mun tala þess fólks, sem þessar uppsagnir taka til, nema talsvert á 2. þúsund.

Í frumvarpi þessu er lagt til, að niður falli b-liður 2. töluliðs 7. gr. laganna, þannig, að ákvæðið um leiguíbúðir, sem eru í sama húsi og húseigandi býr í sjálfur, framlengist um eitt ár, þ. e. til sama tíma og önnur ákvæði laganna um leiguíbúðir almennt eiga að vera í gildi. Gefst þá nokkurt tóm til að búa sig undir að mæta þeim erfiðleikum, sem afnám laganna hlýtur að hafa í för með sér.

Bréf stjórnar Leigjendafélags Reykjavíkur, dags. 20. þ. m., fylgir hér á eftir.

Fylgiskjal.

LEIGJENDAFÉLAG REYKJAVÍKUR

Reykjavík, 20. febrúar 1951.

Af því sem fram hefur farið á tveim bæjarstjórnarfundum, virðist svo sem bæjarstjórn Reykjavíkur ætli ekki að nota heimild þá, sem bæjarstjórnum er veitt í 7. gr. laga nr. 56 frá 25. maí 1950, til þess að ákveða, að þau ákvæði húsaleigulaganna, sem greinir í 2. tölulið 7. gr. nefndra laga, skuli gilda áfram eftir 14. maí 1951.

Eins og vér höfum áður bent hinu háa Alþingi á, svo og einstökum þingmönnum, mun fjöldi fólks verða húsnæðislaus þann 14. maí n. k., ef ákvæði húsaleigulaganna um leiguíbúðir í húsum, sem eigandinn býr sjálfur í, falla úr gildi þann 14. maí n. k., og af því mun leiða hin mestu vandræði fyrir þetta fólk, og sjáum vér ekki ástæðu til að endurtaka þau rök, sem vér höfum áður borið fram gagnvart hinu háa Alþingi viðvíkjandi þessu. En vér viljum taka fram, að oss er kunnugt um, að mörgum leigjendum hefur verið sagt upp húsnæði þeirra frá 14. maí n. k. að telja. Margir hafa tilkynnt húsaleigunefnd uppsagnirnar, en þó mun það vera frekar lítill hluti þeirra, sem sagt hefur verið upp.

Þar eð hér er mjög mikið í húfi fyrir fjölda fólks, leyfum vér oss hér með virðingarfyllst að skora á hið háa Alþingi að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að firra vandræðum í þessu efni. En það teljum vér, að hið háa Alþingi geti enn gert, þó skammt muni eftir þingtímans, með því að framlengja framangreind lagaákvæði með nýjum lögum, eða ef ekki yrði talinn tími til þess, áður en þingslit fara fram, þá með því að fela ríkisstjórninni með þingsályktun að framlengja umrædd lagaákvæði með bráðabirgðalögum. Enda væntum vér þess, að fyrir næsta Alþingi verði af ríkisstjórnarinnar hálfu lagt frumvarp til nýrra húsaleigulaga, sem verði þannig úr garði gert, að allir megi sem bezt við una.

Virðingarfyllst,

í stjórn Leigjendafélags Reykjavíkur.

Til Alþingis.

Sþ. 716. Nefndarálit [111. mál]

um till. til þál. um innlausn á sjóveðskröfum síldveiðisjómanna.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Þáltill. þeirri, sem hér um ræðir, var vísað til fjvn. 8. jan. s. l. Nefndin tók till. fyrir á fyrsta fundi, sem haldinn var eftir þinghlé, og var þá samþykkt einróma að senda hana til umsagnar til stjórnar skuldaskilasjóðs og til Alþýðusambands Íslands, til þess m. a. að fá upplýst eftirfarandi atriði:

1. Hve hárri upphæð óinnleystar sjóveðskröfur næmu, sem til hafa orðið á sumarsíldveiðum árin 1949 og 1950, með sundurliðun fyrir hvert ár.

2. Hve hárri upphæð aðrar óinnleystar sjóveðskröfur næmu, sem borizt höfðu í sambandi við skuldaskilin.
3. Hvort ekki mætti treysta því, að allar þessar kröfur verði greiddar í sambandi við skuldaskilin, og hvað gert væri ráð fyrir að langur tími liði, þar til greiðslan gæti farið fram.

Óskaði nefndin eftir svörum svo fljótt sem unnt væri og eigi síðar en 25. jan. s. l. Svör frá báðum fyrrnefndum aðilum höfðu borizt nefndinni 20. jan., og voru þau lesin upp á næsta fundi þ. 23. s. m. Einn nefndarmanna (ÁS) óskaði þá eftir því, að málið yrði afgreitt samstundis á þann veg að leggja til, að þáltill. yrði samþykkt óbreytt. Á þetta gat meiri hluti nefndarinnar ekki fallizt. Vildi hann láta fresta afgreiðslu málsins þar til frekari upplýsingar lægju fyrir frá stjórn skuldaskilasjóðsins, sem væntanlegar voru skömmu eftir 25. jan. Þann 7. febrúar gefur minni hluti nefndarinnar (ÁS) út nál. á þskj. 643 og tekur þar fram, að meiri hluti nefndarinnar vilji láta fella tillöguna. Eru þessi ummæli minni hlutans byggð á algerðum misskilningi og alveg tilefnislaus. Var honum bent á þetta á fundi, og er þess vænzt, að hann leiðrétti þessa missögn. Að loknum þeim fresti, sem ákveðinn hafði verið til að lýsa skuldakröfum, aflaði nefndin sér enn upplýsinga frá stjórn skuldaskilasjóðs og fékk þá upplýst eftirfarandi:

1. Stjórn sjóðsins hafði enn orðið að framlengja frest til þess að lýsa skuldakröfum, þar sem innkomnar kröfur voru ekki í samræmi við innsenda reikninga útvegsmanna.
2. Eftir að frestur sá, sem nú hefur verið gefinn, er útrunninn, er fyrst hægt að bera saman innsendar kröfur og reikninga, til þess að sannprófa þannig (og e. t. v. einnig á annan hátt), hvort kröfurnar eru réttar. Fyrr en því verki er lokið, er ekki hægt að segja neitt um það með vissu, hve hárri upphæð ógreiddar sjóveðskröfur nema. En það er frumskilyrði fyrir því, að hægt sé að greiða kröfurnar, að vitað sé um, hvort þær séu réttmætar, hver sé eigandi þeirra og hversu há upphæðin er. Ekkert liggur ljóst fyrir um þessi atriði enn sem komið er.
3. Jafnskjótt og þessi gögn liggja fyrir, mun stjórn sjóðsins gera allt, sem í hennar valdi stendur, til þess að vinna úr þeim og hraða uppgjöri og greiðslum, og væntir, að því geti orðið lokið fyrir 1. júlí n. k.

Með lögum nr. 120 frá 1950, um aðstoð til útvegsmanna, er gert ráð fyrir því, að ríkissjóður aðstoði útvegsmenn til þess að semja um skuldir bátaútvegsins og greiða þær. Skal þessu lokið fyrir 1. júlí n. k. Eins og fram er tekið hér að framan, hefur stjórn sjóðsins gert allt, sem unnt er, til þess að fá fram réttar kröfur sjómanna. Tafir, sem á hafa orðið, eru þess vegna eingöngu því að kenna, að kröfunum hefur ekki verið að fullu lýst. Upplýst er, að kauptrygging að frádregnum aflahlut á 99 skipum árið 1949 var 2.75 millj. kr. og að greitt hafi verið upp í þá upphæð 2.2 millj. eða 80%. Hins vegar liggja engar upplýsingar fyrir um það, hvort mismunurinn, ½ millj. kr., hefur verið greiddur af útvegsmönnum eða er enn ógreiddur, eða um hitt, hvort um aðrar og frekari sjóveðskröfur hefur verið að ræða á því ári eða hvort þær hafi verið greiddar. Vitað er, að skipshafnir eiga forgangsrétt í skipi til tryggingar kaupi, en hins vegar liggur ekkert fyrir um það, að hve miklu leyti hann hefur verið tryggður skipshöfnum. Er nauðsynlegt, að allar slíkar upplýsingar liggi fyrir, áður en greiðsla getur farið fram.

Ljóst er af bréfi Alþýðusambands Íslands frá 18. jan., sem birt er hér með sem fylgiskjal, að því er algerlega ókunnugt um upphæð ógreiddra launa, sem tryggð eru með sjóveðskröfum, og hefði þó mátt vænta þess, að þetta stéttasamband gæti gefið nokkrar upplýsingar um þetta atriði sérstaklega.

Það, sem nauðsynlegast er til þess að leysa úr þeim vanda, sem hér er og sjómönnum þeim, sem eiga laun ógreidd, er mjög mikill bagi að, er, að flýtt sé svo sem frekast er unnt söfnun allra nauðsynlegustu gagna og að tryggt sé, að hand-

bært fé sé fyrir hendi jafnskjótt og greiðsla getur farið fram. Vill meiri hluti nefndarinnar leggja á þetta áherzlu og leggur því til, að þáltill. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að innköllun skulda í sambandi við skuldaskil bátaútvegsins og uppgjöri verði hraðað svo sem frekast er unnt og handbært verði nauðsynlegt fé til þess að greiða viðurkenndar sjóveðskröfur jafnskjótt og uppgjör liggur fyrir hjá stjórn skuldaskilasjóðsins.
2. Fyrirsögnin orðist svo:
   Tillaga til þingsályktunar um uppgjör og greiðslur á sjóveðskröfum sjómanna.

Alþingi, 19. febrúar 1951.

Gísli Jónsson, form., frsm.	Helgi Jónasson, fundaskr.	Pétur Ottesen.
Halldór Ásgrímsson.	Karl Kristjánsson.	Jónas Rafnar.
	Ingólfur Jónsson.	

Fylgiskjal.

ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Reykjavík, 18. janúar 1951.

Vér höfum móttekið heiðrað bréf háttvirtrar fjárveitinganefndar Alþingis, dags. 16. þ. m., þar sem óskað er umsagnar Alþýðusambandsins um meðfylgjandi tillögu til þingsályktunar, um innlausn á sjóveðskröfum síldveiðisjómanna, ásamt nokkrum upplýsingum varðandi þetta mál.

Þótt tillaga þessi gangi allmikið skemmra um innlausn á sjóveðskröfum en Alþýðusambandið hefði óskað og hún eingöngu bundin við sjóveðskröfur síldveiðisjómanna, mælir Alþýðusambandið eindregið með því, að tillagan verði samþykkt.

Varðandi tvær fyrri spurningarnar höfum vér snúið oss til skuldaskilasjóðs, þar sem stjórn hans mun vera sá einasti aðili, sem getur gefið þær upplýsingar, er byggja mætti á varðandi þetta mál.

Talið var af starfsmanni skuldaskilasjóðs, að það mundi kosta nokkra vinnu, til þess að fljótlega verði hægt að veita umbeðnar upplýsingar, og teldum vér, að eðlilegra væri og vænlegra til árangurs og skjótrar fyrirgreiðslu, að háttvirt fjárveitinganefnd sneri sér beint til skuldaskilasjóðs um að fá nefndar upplýsingar.

Þriðju spurningunni eigum vér eðlilega mjög erfitt með að svara. Hvort óhætt sé að treysta því, að allar þessar kröfur verði greiddar, í sambandi við skuldaskilin, og þá hve langan tíma taka mundi, þar til greiðsla hefði farið fram, getum vér á engan hátt svarað.

Vér teljum, að þar um geti hið háa Alþingi sjálft svo og hæstvirt ríkisstjórn gefið greinabezt svör.

Virðingarfyllst,

f. h. Alþýðusambands Íslands

Jón Sigurðsson.

Til fjárveitinganefnar Alþingis, Reykjavík.

Sþ. 717. Breytingartillaga [73. mál]

við brtt. á þskj. 642. (Brottnám loftskeytastanganna á Melunum).

Frá Jóhanni Jósefssyni.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi felur ríkisstjórninni að láta fjarlægja loftskeytastengurnar á Melunum á þessu ári svo fljótt sem því verður við komið vegna veðurs.

Sþ. 718. Breytingartillögur [179. mál]

við brtt. á þskj. 680 (Verndun fiskimiða).

Frá Halldóri Ásgrímssyni.

1. Við 1. Á eftir orðunum „frá Horni að Reykjanesi" komi: og fyrir norðausturströnd landsins, á svæðinu frá Langanesi að Glettingsnesi.
2. Við 2. Liðurinn orðist svo:
   Fyrirsögn till. orðist svo: Till. til þál. um verndun fiskimiða fyrir norðaustur-, vestur- og suðvesturströnd landsins.

Ed. 719. Nefndarálit [59. mál]

um frv. til l. um vinnumiðlun.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur rætt málið á nokkrum fundum og ekki getað komið sér saman um afgreiðslu þess. Vill meiri hl. (RÞ, HG og FRV) láta afgreiða málið með rökstuddri dagskrá. Á þetta getur minni hl. ekki fallizt. Leggur hann til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 22. febrúar 1951.

Gísli Jónsson, frsm.	Lárus Jóhannesson, fundaskr.

Sþ. 720. Tillaga til þingsályktunar [188. mál]

um aðstoð til frumbýlinga.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga, með hverjum hætti unnt sé að láta þeim í té, er búskap hefja í sveit, fjárhagsaðstoð til nauðsynlegra kaupa á bústofni og verkfærum, og leggja síðan tillögur sínar í þessu efni fyrir næsta þing.

Greinargerð.

Sakir hins háa verðlags, sem nú er á öllu í landinu, er þeim mönnum flestum, er búskap vilja hefja, um megn að afla sér af eigin rammleik nauðsynlegasta bústofns og allra nauðsynlegustu verkfæra.

Fullvíst er, að nú mundu miklu fleiri menn fara að búa í sveit, ef þeir sæju einhver ráð til þess að afla sér þeirra nauðsynlegustu fjármuna, er til þess þarf. Lítill bústofn og nauðsynlegustu verkfæri, svo sem heyvinnuverkfæri og jarðyrkjuáhöld, kosta nú svo tugum þúsunda skiptir, auk alls annars, sem kaupa þarf og hverjum bónda er nauðsynlegt. Slík fjárráð hefur allur þorri manna ekki, og sízt ungir menn.

Það er til lítils að vera að tala um fólksfjölgun í sveitum, ef ekki eru gerðar þær ráðstafanir, sem gera þarf, til þess að fólkið geti stofnað heimili í sveit. Á engur ríður meira en að greiða svo fjárhagslega fyrir þessu fólki, að ef það hefur áhuga á og vilja til að hefja búskap, þá sé því gert það mögulegt. Þá virðist það og ljóst, að í mörgum kauptúnum og sumum kaupstöðum landsins skortir fólkið verkefni og afkomumöguleika. Við eigum nóg landrými til þess að unnt sé að stofna heimili í sveit og lifa á moldinni með aukinni tækni og ræktun. Í sveitum landsins getur lifað góðu lífi mörgum sinnum fleira fólk en nú býr þar. En til þess að greiða götu þeirra kauptúnabúa, er kynnu að hafa hug á að flytja sig í sveit og fara að búa, þarf vafalaust að veita þeim mörgum hverjum fjárhagslegan stuðning. Fáum fjármunum mundi betur varið en þeim, er gengju til þessarar fyrirgreiðslu.

Vil ég vænta þess, að Alþingi og ríkisstjórn bregðist vel við þessu máli. Mun fátt þýðingarmeira eða fremur aðkallandi.

Ed. 721. Nefndarálit [175. mál]

um frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 12 31. maí 1927, og um afnám laga nr. 17 26. febr. 1943, um breyt. á þeim lögum.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Tveir nm. (LJóh og FRV) voru fjarstaddir, er málið var afgreitt.

Alþingi, 22. febrúar 1951.

Rannveig Þorsteinsdóttir, form., frsm. Gísli Jónsson. H. Guðmundsson.

Nd. 722. Nefndarálit [176. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Undirritaðir nefndarmenn mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 22. febrúar 1951.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Sig. Ágústsson, fundaskr. Jóhann Hafstein.

Sþ. 723. Breytingartillaga [113. mál]

við brtt. á þskj. 699 (Niðurgreiðsla á olíu til rafstöðva).

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Aftan við brtt. bætist nýr tölul., svo hljóðandi:
Fyrirsögn tillögunnar orðist svo:
Till. til þál. um jafnaðarverð á rafmagni.

Nd. 724. Nefndarálit [176. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Ég legg til, að frumvarpið verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Í stað „43 millj. króna“ komi: 50 millj. króna.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Af láni því, er um ræðir í 1. gr., er heimilt að verja allt að 25 millj. króna til greiðslu eftirstöðva af kostnaðarverði þeirra 10 togara, sem ríkisstjórnin á í smíðum í Bretlandi, allt að 12 millj. króna til þess að lána Búnaðarbanka Íslands, allt að 7 millj. króna til verkamannabústaða og samvinnubyggingarfélaga og allt að 6 millj. króna til Iðnlánasjóðs, með sömu kjörum og lánið verður tekið.
3. Á eftir 2. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán til breytingar á kolakyndingu gömlu togaranna í olíukyndingu fyrir þá kaupstaði, kauptún eða einstaklinga, sem sótt hafa um nýsköpunartogara, en ekki fá úrlausn.

Alþingi, 23. febrúar 1951.

Ásg. Ásgeirsson.

Nd. 725. Breytingartillaga [79. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá Sigurði Bjarnasyni.

Við 1. gr.

a. Á eftir 9. tölul. kemur nýr liður:
   Knauf, Edvard Carl Walter, blikksmiður á Ísafirði, fæddur 28. marz 1910 í Þýzkalandi.
b. Á eftir 26. tölulið kemur nýr liður:
   Vroomen, Pieter Martin Hubert, prestur í Reykjavík, fæddur 13. ágúst 1906 í Hollandi.

Nd. **726. Frumvarp til laga** [59. mál]

um breyting á lögum nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Á Íslandi skulu vera þau prestaköll, sem nú skal greina:

I. Norður-Múlaprófastsdæmi. 1. Skeggjastaðir: Skeggjastaðasókn. 2. Hof í Vopnafirði: Hofs- og Vopnafjarðarsóknir. 3. Kirkjubær í Hróarstungu: Kirkjubæjar-, Hofteigs-, Eiríksstaða-, Möðrudals-, Sleðbrjóts- og Hjaltastaðasóknir. 4. Valþjófsstaður: Valþjófsstaðar- og Áss-sóknir. 5. Desjarmýri: Desjarmýrar-, Njarðvíkur- og Húsavíkursóknir.

II. Suður-Múlaprófastsdæmi. 6. Seyðisfjörður: Seyðisfjarðar- og Klyppsstaðarsóknir. 7. Vallanes: Vallaness-, Þingmúla- og Eiðasóknir. 8. Norðfjörður: Nes- og Brekkusóknir. 9. Eskifjörður: Búðareyrar- og Eskifjarðarsóknir. 10. Kolfreyjustaður: Kolfreyjustaðar- og Búðasóknir. 11. Eydalir: Eydala- og Stöðvarsóknir. 12. Djúpivogur: Hofs- og Djúpavogs-, Berufjarðar- og Berunessóknir.

III. Austur-Skaftafellsprófastsdæmi. 13. Bjarnanes: Bjarnaness-, Stafafells- og Brunnhólssóknir. 14. Kálfafellsstaður: Kálfafellsstaðar- og Hofssóknir.

IV. Vestur-Skaftafellsprófastsdæmi. 15. Kirkjubæjarklaustur: Prestsbakka- og Kálfafellssóknir. 16. Þykkvabæjarklaustur: Þykkvabæjar-, Langholts- og Grafarsóknir. 17. Mýrdalsþing: Víkur-, Reynis- og Skeiðflatarsóknir.

V. Rangárvallaprófastsdæmi. 18. Holt undir Eyjafjöllum: Eyvindarhóla-, Ásólfsskála- og Stóradalssóknir. 19. Breiðabólstaður í Fljótshlíð: Breiðabólstaðar- og Hlíðarendasóknir. 20. Landeyjaþing: Kross- og Akureyjarsóknir. 21. Oddi: Odda-, Stórólfshvols- og Keldnasóknir. 22. Landprestakall: Skarðs-, Haga- og Marteinstungusóknir. 23. Kálfholt: Kálfholts-, Hábæjar- og Árbæjarsóknir. 24. Vestmannaeyjar: Ofanleitissókn.

VI. Árnesprófastsdæmi. 25. Stórinúpur: Stóranúps-, Hrepphóla- og Ólafsvallasóknir. 26. Hruni: Hruna- og Tungufellssóknir. 27. Torfastaðir: Torfastaða-, Haukadals-, Bræðratungu-, Úthlíðar- og Skálholtssóknir. 28. Mosfell í Grímsnesi: Mosfells-, Miðdals-, Stóru-Borgar- og Búrfellssóknir. 29. Þingvellir: Þingvalla- og Úlfljótsvatnssóknir. 30. Hraungerði: Hraungerðis-, Laugardæla- og Villingaholtssóknir. 31. Stokkseyri: Stokkseyrar-, Eyrarbakka- og Gaulverjabæjarsóknir. 32. Arnarbæli: Kotstrandar-, Hjalla- og Strandarsóknir.

VII. Kjalarnesprófastsdæmi. 33. Staður í Grindavík: Staðar- og Kirkjuvogssóknir. 34. Útskálar: Útskála-, Hvalsness-, Keflavíkur- og Innri-Njarðvíkursóknir. 35. Hafnarfjörður: Hafnarfjarðar-, Bessastaða- og Kálfatjarnarsóknir. 36. Mosfell í Mosfellssveit: Lágafells-, Brautarholts- og Viðeyjarsóknir. 37. Reynivellir: Reynivalla- og Saurbæjarsóknir.

VIII. Reykjavíkurprófastsdæmi: 38. Dómkirkjuprestakall: Dómkirkjusókn. 39. Hallgrímsprestakall: Hallgrímssókn. 40. Nesprestakall: Nessókn. 41. Laugarnesprestakall: Laugarnessókn.

IX. Borgarfjarðarprófastsdæmi. 42. Saurbær á Hvalfjarðarströnd: Saurbæjar- og Leirársóknir. 43. Akranes: Akraness- og Innrahólmssóknir. 44. Hestþing: Hvanneyrar-, Bæjar-, Lundar- og Fitjasóknir. 45. Reykholt: Reykholts-, Stóra-Áss-, Gilsbakka- og Síðumúlasóknir.

X. Mýraprófastsdæmi: 46. Stafholt: Stafholts-, Hjarðarholts-, Hvamms- og Norðtungusóknir. 47. Borg: Borgar-, Borgarness-, Álftaness-, Álftártungu- og Akrasóknir.

XI. Snæfellsnesprófastsdæmi. 48. Miklaholt: Miklaholts-, Rauðamels-, Kolbeinsstaða- og Staðarhraunssóknir. 49. Staðastaður: Staðastaðar-, Búða- og Hellnasóknir. 50. Nesþing: Ólafsvíkur-, Brimilsvalla- og Ingjaldshólssóknir. 51. Setberg: Setbergs- og Bjarnarhafnarsóknir. 52. Helgafellsþing: Stykkishólms-, Helgafells-, Breiðabólstaðar- og Narfeyrarsóknir.

XII. Dalaprófastsdæmi. 53. Suðurdalaþing: Snóksdals-, Kvennabrekku-, Stóravatnshorns- og Hjarðarholtssóknir. 54. Hvammur í Hvammssveit: Hvamms-, Staðarfells-, Dagverðarness-, Skarðs- og Staðarhólssóknir.

XIII. Barðastrandarprófastsdæmi. 55. Staður á Reykjanesi: Reykhóla-, Garpsdals-, Staðar- og Gufudalssóknir. 56. Flatey: Flateyjar- og Múlasóknir. 57. Brjánslækur: Brjánslækjar- og Hagasóknir. 58. Sauðlauksdalur: Sauðlauksdals-, Breiðuvíkur- og Saurbæjarsóknir. 59. Patreksfjörður: Eyra- og Stóra-Laugardalssóknir. 60. Bíldudalur: Bíldudals- og Selárdalssóknir.

XIV. Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi. 61. Þingeyri: Þingeyrar-, Rafnseyrar-, Álftamýrar- og Hraunssóknir. 62. Dýrafjarðarþing: Mýra-, Núps- og Sæbólssóknir. 63. Holt í Önundarfirði: Holts-, Flateyrar- og Kirkjubólssóknir. 64. Staður í Súgandafirði: Staðarsókn í Súgandafirði.

XV. Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi. 65. Ísafjörður: Ísafjarðar- og Hnífsdalssóknir. 66. Bolungavík: Hólssókn. 67. Ögurþing: Ögurs- og Eyrarsóknir. 68. Vatnsfjörður: Vatnsfjarðar-, Nauteyrar- og Unaðsdalssóknir. 69. Staður í Grunnavík: Staðarsókn, Hesteyrarsókn og Staðarsókn í Aðalvík.

XVI. Strandaprófastsdæmi. 70. Árnes: Árnessókn. 7. Staður í Steingrímsfirði: Staðar-, Hólmavíkur-, Kaldrananess- og Kollafjarðarnessóknir. 72. Prestsbakki: Prestsbakkasókn, Óspakseyrarsókn og Staðarsókn í Hrútafirði.

XVII. Húnavatnsprófastsdæmi. 73. Melstaður: Melstaðar-, Kirkjuhvamms-, Staðarbakka- og Núpssóknir. 74. Tjörn á Vatnsnesi: Tjarnar- og Vesturhópshólasóknir. 75. Breiðabólstaður í Vesturhópi: Breiðabólstaðar- og Víðidalstungusóknir. 76. Þingeyraklaustur: Þingeyra-, Undirfells- og Blönduóssóknir (Blönduóshreppur). 77. Bergsstaðir: Bergsstaða-, Bólstaðarhlíðar-, Auðkúlu- og Svínavatnssóknir. 78. Höskuldsstaðir: Höskuldsstaða-, Holtastaða-, Hofs- og Spákonufellssóknir.

XVIII. Skagafjarðarprófastsdæmi. 79. Hvammur í Laxárdal: Hvamms- og Ketusóknir. 80. Reynistaðarklaustur: Reynistaðar- og Sauðárkrókssóknir. 81. Glaumbær: Glaumbæjar- og Víðimýrarsóknir. 82. Mælifell: Mælifells-, Reykja-, Goðdala- og Ábæjarsóknir. 83. Miklibær: Miklabæjar-, Silfrastaða- og Flugumýrarsóknir. 84. Hólar: Viðvíkur-, Hóla-, Hofstaða- og Rípursóknir. 85. Fell í Sléttuhlíð: Fells- og Hofssóknir. 86. Barð í Fljótum: Barðs- og Knappsstaðasóknir.

XIX. Eyjafjarðarprófastsdæmi. 87. Grímsey: Miðgarðasókn. 88. Siglufjörður: Siglufjarðarsókn. 89. Ólafsfjörður: Ólafsfjarðarsókn. 90. Vellir í Svarfaðardal: Valla-, Stærra-Árskógs-, Hríseyjar-, Tjarnar-, Urða- og Upsasóknir. 91. Möðruvallaklaustur: Möðruvalla-, Bægisár-, Bakka- og Glæsibæjarsóknir. 92. Akureyri: Akureyrar- og Lögmannshlíðarsóknir. 93. Grundarþing: Grundar-, Munkaþverár-, Kaupangs-, Saurbæjar-, Möðruvalla- og Hólasóknir.

XX. Suður-Þingeyjarprófastsdæmi. 94. Laufás: Laufáss-, Svalbarðs-, Grenivíkur- og Þönglabakkasóknir. 95. Háls í Fnjóskadal: Háls-, Illugastaða-, Draflastaða- og Brettingsstaðasóknir. 96. Vatnsendi: Þóroddsstaðar-, Ljósa-

vatns- og Lundarbrekkusóknir. 97. Skútustaðir: Skútustaða- og Reykjahlíðarsóknir. 98. Grenjaðarstaður: Grenjaðarstaðar-, Ness-, Einarsstaða- og Þverársóknir. 99. Húsavík: Húsavíkursókn.

XXI. Norður-Þingeyjarprófastsdæmi. 100. Skinnastaðir: Skinnastaða-, Garðs-, Snartarstaða- og Víðihólssóknir 101. Raufarhöfn: Svalbarðs- og Raufarhafnarsóknir. 102. Sauðanes: Sauðanessókn.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin l. nr. 20 2. júní 1917, um niðurlagning Njarðvíkurkirkju og sameining Keflavíkur- og Njarðvíkursókna, og l. nr. 36 27. júní 1925, um skiptingu Ísafjarðarprestakalls í tvö prestaköll, svo og l. nr. 27 26. okt. 1917, l. nr. 37 31. maí 1927, l. nr. 19 1. febr. 1936 og l. nr. 63 11. júní 1938, öll um breyt. á l. nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla, og önnur lagaákvæði, er kynnu að koma í bága við lög þessi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó koma ákvæði þeirra um fækkun prestakalla ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1952; þá koma þau til framkvæmda jafnóðum og prestaköll losna. Prestaköll, sem leggja skal niður samkvæmt lögum þessum, skulu ekki auglýst til umsóknar fyrir 1. janúar 1952.

Bráðabirgðaákvæði.

Heimilt er kirkjumálaráðuneytinu, ef það telur nauðsyn á, að fela öðrum sóknarpresti en þeim, er veitingu hefur fyrir prestakalli, sem niðurlagt prestakall sameinast samkv. lögum þessum, að þjóna fyrst um sinn einni eða fleiri sóknum í hinu niðurlagða prestakalli.

Ríkisstjórnin skal nú þegar efna til endurskoðunar á löggjöfinni um skipun prestakalla, og skal þá kostað kapps um að ljúka endurskoðuninni svo fljótt, að frv. um heildarskipun prestakalla verði lagt fyrir Alþingi næsta haust. Við þá endurskoðun skal hafa náið samband við biskupinn yfir Íslandi, kirkjuráð, Prestafélag Íslands og prestastefnu.

Sþ. 727. Tillaga til þingsályktunar [189. mál]

um þorskveiðitilraunir með herpinót.

Flm.: Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að stjórn fiskimálasjóðs kaupi í Noregi herpinót til þorskveiða í tilraunaskyni, og verði þær tilraunir framkvæmdar annaðhvort á vegum sjóðsins eða af öðrum, sem sjóðsstjórnin felur að hafa þær með höndum.

Greinargerð.

Einn þáttur hinnar nýju tækni á sviði fiskveiðanna er að nota herpinót til þorskveiða. Á síðastliðnu ári hófu Norðmenn þorskveiðar með herpinót. Hafa tilraunir þeirra á þessu sviði borið þann árangur, að á þessu ári færast þeir mjög í aukana um þessar veiðar. Það er einkum við Lófót sem þessi veiðiaðferð hefur verið stunduð, en þar hagar að sumu leyti svipað til, að kunnugra manna sögn, um fiskigöngur og fiskveiðaaðstöðu og hér á vetrarvertíðarsvæðunum við suðvestur-

strönd landsins. Það er t. d. alkunnugt, að þegar fiskur er í göngu meðfram suðurströndinni, er hann þar í mjög þéttum torfum. Sama máli gegnir um ýmis önnur veiðisvæði, einkum þegar mikil síldisgengd er. Það benda því allar líkur til þess, að veiðiaðferð þessi geti orðið Íslendingum að miklu gagni, eins og komið er á daginn hjá frændum vorum, Norðmönnum. Það er þess vegna ekki áhorfsmál fyrir Íslendinga að gera tilraun með þessa veiðiaðferð og ganga úr skugga um nothæfni hennar hér. Það liggja því rík rök að því, að vakin sé athygli á þessari merkilegu nýjung. Málinu er með tillögunni beint inn á þá braut, að ríkisstjórnin eigi frumkvæði að því, að hér verði hafizt handa og að fiskimálasjóður beri kostnað af tilraunum þessum, en það er eitt af hlutverkum hans að standa undir tilraunum með nýjar veiðiaðferðir. Þá er ráð fyrir því gert, að stjórn fiskimálasjóðs hafi með höndum framkvæmd þessa máls, annaðhvort á eigin spýtur eða feli hana öðrum.

Nd. 728. Nefndarálit [156. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 122 28. des. 1950, um breyt. á l. nr. 50/1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frumvarp þetta er stjórnarfrumvarp, fram borið í hv. efri deild, og var þar gerð á því nokkur breyting.

Nefndin hefur rætt frumvarpið allrækilega á fundum, en gat ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hlutinn vill láta samþykkja frumvarpið óbreytt eins og það kom frá efri deild. Enda þótt hann telji þá breytingu, sem þar var gerð, sízt til bóta, þá sá meiri hlutinn sér ekki fært að koma með brtt., sem valdið gæti ágreiningi, þar sem gera má ráð fyrir, að störfum Alþingis muni nú senn lokið, og var þá við búið, að frumvarpið yrði ekki afgreitt á þessu þingi. Minni hlutinn (JÁ og KS) var frumvarpinu andvígur og mun skila sérstöku nefndaráliti.

Alþingi, 23. febrúar 1951.

Páll Þorsteinsson, form.	Helgi Jónasson, frsm.	Gylfi Þ. Gíslason.

Sþ. 729. Tillaga til þingsályktunar [190. mál]

um lánsfé til íbúðabygginga.

Flm.: Jóhann Hafstein og Gunnar Thoroddsen.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka möguleika til þess að efla almenna lánastarfsemi til íbúðabygginga og leggja tillögur í þessu máli fyrir næsta þing.

Greinargerð.

Húsnæðisskortur er svo alvarlegt þjóðfélagslegt vandamál, að sjálfsagt er, að ríkisvaldið beiti sér fyrir aðgerðum, sem að því stefna að greiða úr vandanum. Þessi staðreynd hefur líka verið viðurkennd af löggjafarvaldinu fyrr og síðar með margháttuðum aðgerðum hér að lútandi.

Hitt er jafnvíst, að eins og ástandið í þessum efnum er nú, þarf alvarlegra aðgerða við til frekari úrbóta, sérstaklega vegna þess, hversu öll sund virðast nú lokuð fyrir flestum, sem vilja ráðast í að byggja, til þess að útvega sér lán til framkvæmdanna. Þessi þingsályktunartillaga miðar að því, að reynt verði að bæta úr þessu atriði.

Því miður er húsnæðiseklan mjög tilfinnanleg, ekki aðeins í þéttbýlinu, heldur einnig í sveitum, þar sem byggja þarf upp í stórum stil, bæði vegna þess, hversu húsakostur er lélegur, og vegna eðlilegrar nýbýlafjölgunar.

Með lánafrumvarpi ríkisstjórnarinnar á þskj. 649 er bent á þörf landbúnaðarins og farið fram á lánsheimild til úrbóta á því sviði. Mun ekki af veita og sú lánsheimild, sem farið er fram á, hvergi fullnægja þeirri þörf, til viðbótar byggingarlána, sem fyrir hendi er í sveitunum.

En fólkið í kaupstöðum og kauptúnum á ekki síður í vök að verjast. Eftirfarandi upplýsingar frá hagfræðingi Reykjavíkurbæjar sýna að nokkru leyti viðhorfið í Reykjavík:

„Íbúðir verkamannabústaðanna, sem nú eru í smíðum, eru 3 herbergi og eldhús, auk tveggja herbergja í kjallara, er fylgja neðri hæðinni, og tveggja herbergja í risi, er tilheyra efri hæðinni. Stærð íbúðarhæðarinnar er 80 m², en rúmmál hennar allrar 356 m³. (Hvert hús er 1425 m³, og í því eru fjórar íbúðir.)

Í byggingu eru nú 10 hús með 40 íbúðum, og var byrjað á þeim haustið 1949. Þrjú húsanna eru nú tilbúin að öðru leyti en því, að eftir er að dúkleggja. Hin eru komin skemmra áleiðis. — Leyfi hefur nú verið fengið fyrir byggingu 5 húsa í viðbót, og verður væntanlega byrjað á þeim strax og frost er úr jörðu.

Byggingarkostnaður þeirra húsa, sem nú eru í byggingu, er áætlaður 160 þús. kr. á íbúð, og hefur þá ekki verið gengið að fullu frá aukaherbergjunum, kjallaraherbergin aðeins kústuð út, en loftherbergin búin undir forskalningu. Er gert ráð fyrir, að kosti 10 þús. kr. í viðbót að ljúka við þau. Kostnaðarverð íbúðar væri samkvæmt því 170 þús kr., eða 477 kr. pr. m³. Er þá verðhækkun af völdum gengisbreytingarinnar ekki að fullu komin fram.

Láta mun nærri, að lágmark almenns byggingarkostnaðar fyrir gengislækkunina hafi verið 400 kr. pr. m³, en hækkun hans vegna gengisbreytingarinnar sé ca. 30%, og þá er miðað við eðlilegar ástæður í báðum tilfellum. Byggingarkostnaðurinn ætti samkvæmt því nú að vera ca. 520 kr. pr. m³, og bæri þá sennilega einnig að skoða þá upphæð sem lágmark. Fer nú stöðugt í vöxt, að menn verði að kaupa ýmislegt af efni til húsanna með óeðlilega háu verði, en hins vegar mun oft hægt að komast að betri kjörum en áður með fagvinnu, t. d. með útboðum, sem lítið tíðkaðist áður. Þykir mér sennilegt, að þegar fullt tillit er tekið til gengisbreytingarinnar, en að öðru leyti miðað við hinar mismunandi aðstæður, sem efnisvöntunin hefur í för með sér, sé rétt að miða við 500—550 kr. á m³, eftir aðstæðum.

Meðalstærð íbúða í húsum, sem byggð hafa verið í bænum á undanförnum árum, hefur verið nokkuð yfir 300 m³. Tala og stærð íbúða í bæjarbyggingunum og verkamannabústöðunum hefur verið sem hér segir (miðað við árslok 1948):

		Tala íbúða	Rúmmál m³	Per íbúð m³
Bæjarbygg.	Hringbr.	48	14 176	295.3
—	Lönguhl.	32	10 000	312.5
—	Skúlag.	72	14 000	194.4
—	Höfðab.	104	13 152	126.5
Verkam.búst.	Vesturbæ	172	37 130	215.9
—	Austurbæ	160	39 157	244.7

Eins og sýnt er fram á í „Húsnæðismál og byggingarstarfsemi í Reykjavík 1928—47“, mun nú þurfa að byggja hér í bæ 500—600 íbúðir á ári, til þess að húsnæðisaukningin haldist í hendur við fólksfjölgunina og hægt sé jafnframt að

útrýma smátt og smátt herskálaíbúðum og lökustu kjallaraíbúðunum. Miðað við 300 m³ pr. íbúð, sem er svipað og í bæjarbyggingunum við Hringbraut og Löngu-hlíð, en mun minna en í hinum nýju verkamannabústöðum, þyrfti þá að koma upp árlega 150 til 180 þús. m³ af íbúðarhúsnæði. Reiknað með 500 kr. pr. m³ næmi byggingarkostnaðurinn 75—90 millj. kr. Væri hins vegar reiknað með 350 m³ pr. íbúð, eða svipaðri stærð og í nýju verkamannabústöðunum, næmi byggingarkostnaðurinn 87.5—105 millj. kr. — Miðað við 550 kr. pr. m³ væru samsvarandi tölur byggingarkostnaðarins í heild 82.5—99.0 millj. og 86.25—115.5 millj. kr., eins og sést á eftirfarandi yfirliti:

Tala íbúða	Meðal-stærð m³	Rúmmál alls m³	Byggingarkostnaður miðað við 500 kr. pr. m³	550 kr. pr. m³
500	300	150 þús.	75 millj. kr.	82.5 millj. kr.
500	350	175 —	87.5 — —	96.25 — —
600	300	180 —	90.0 — —	99.0 — —
600	350	210 —	105.0 — —	115.5 — —

Á undanförnum árum hafa 60—65% af rúmmáli allra nýbygginga í bænum verið íbúðarhúsnæði. — Áætlun um eðlilega aukningu annars húsrýmis en til íbúðar er erfitt að gera, en óhætt mun að fullyrða, að sú byggingarstarfsemi megi ekki vera minni hlutfallslega en udanfarið, miðað við byggingu íbúðarhúsa, sbr. vöntun á skólum, sjúkrahúsum (og heilsuverndarstöð), gisthúsum, skrifstofubyggingum, samkomuhúsum, félagsheimilum, auk bygginga fyrir atvinnurekstur ýmiss konar. Eru þá enn ótalin fjölmörg aðkallandi verkefni fyrirtækja Reykjavíkurbæjar."

Nú hefur tala byggðra íbúða í Reykjavík undanfarin ár ekki verið 500—600, eins og þörfin segir til um, heldur miklu minni. Var 366 íbúðir árið 1949. Yfirlit frá síðasta ári liggur ekki enn fyrir, en færri munu þær vera.

Það er enn fremur staðreynd, að margir þeir, sem fengið hafa fjárfestingarleyfi til að byggja, hafa gefizt upp vegna fjárskorts, þar sem þeir áttu ekki kost neinna lána. Hefur Reykjavíkurbær m. a. tekið að sér að aðstoða slíka leyfishafa með byggingu 24 íbúða í Bústaðavegshverfinu.

Ástandið er í stórum dráttum þannig, að lánastofnanirnar eru að mestu lokaðar fyrir fólki, ef um byggingarframkvæmdir er að ræða. Veðdeild Landsbankans er sögð lána 50—55 kr. á rúmmetra, en þau lán eru veitt í veðdeildarbréfum, sem erfitt er að selja og e. t. v. ómögulegt, nema með miklum afföllum. Þetta ástand er með öllu óviðunandi, og með þessu móti bregzt veðdeildin algerlega hlutverki sínu.

Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hefur töluvert aðstoðað með byggingarlán, eftir því sem hann hefur haft fé til, en það hrekkur að sjálfsögðu mjög skammt, enda lánar hann ekki nema 50—80 kr. á rúmmetra.

Það er hvorki fyrirhyggja né hagsýni að ætlast til þess, að kynslóðin, sem byggir fyrir framtíðina, geti ekki krafið framtíðina um eðlilega hlutdeild í byggingarkostnaðinum. Það mætti segja, að í jafnlítt húsuðu landi og hér hefur verið, væri það ein frumskylda þjóðfélagsins að styðja borgarana til sjálfshjálpar í þessu máli með heilbrigðri og framsýnni lánastarfsemi.

Bæjarstjórn Reykjavíkur stofnaði til athugunar á þessu máli fyrir um ári síðan, en það er augljóst, að úrræðin hljóta fyrst og fremst að vera í höndum ríkisvaldsins. Að sjálfsögðu væri æskilegast, að opinberir aðilar og fjármálastofnanir legðust á eitt um lausn þessa vandamáls, en forgangan verður að vera hjá ríkisvaldinu.

Ed. 730. Nefndarálit [67. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið á fundi sínum í dag, og mælir hún með því, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 24. febrúar 1951.

Bernh. Stefánsson, form. Gísli Jónsson, fundaskr. Þorst. Þorsteinsson, frsm.
Karl Kristjánsson. Brynj. Bjarnason.

Ed. 731. Nefndarálit [59. mál]

um frv. til l. um vinnumiðlun.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur klofnað um málið. Meiri hluti nefndarinnar telur eðlilegt, að ríkisstjórnin geti ákveðið, að vinnumiðlunarskrifstofa starfi í kaupstað um lengri eða skemmri tíma, ef hún telur þess þörf með tilliti til hins almenna atvinnuástands í landinu, enda þótt bæjarstjórn hafi ekki ákveðið að svo skuli vera. Samkvæmt gildandi lögum er það nú á valdi ráðherra að ákveða þetta, og á sama hátt ber ráðherra að fylgjast með starfi vinnumiðlunarskrifstofa og gæta þess, að starfsemin nái tilgangi sínum og fyllstu hagsýni sé gætt. Ekki verður annað séð en að ráðherra geti einnig ákveðið að leggja niður vinnumiðlunarskrifstofur, ef bæjarstjórnir óska ekki eftir, að þær starfi áfram, og hann álítur, að ekki séu nægileg verkefni fyrir slíka stofnun.

Með tilliti til þessa og með tilliti til þeirra hagsmuna, sem ríkisvaldið hefur að gæta í sambandi við hagnýtingu og tilfærslu vinnuafls í landinu, telur meiri hl. ekki heppilegt, að ríkisstjórnin sé útilokuð frá þeim íhlutunarrétti, sem hún hefur samkvæmt núgildandi lögum um þessi mál, en telur hins vegar sjálfsagt vegna hins aukna kostnaðar, sem starfræksla vinnumiðlunarskrifstofanna hefur haft í för með sér, að athugun fari fram á rekstri þeirra og að þeirri athugun lokinni séu teknar þær ákvarðanir um framtíðarstarfið, sem heppilegar þykja.

Fyrir því leggur meiri hlutinn til, að frumvarpið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem deildin lítur svo á, að nauðsynlegt sé, að ríkisstjórnin hafi áfram heimild til þess að kveða á um stofnun og starfrækslu vinnumiðlunarskrifstofu í kaupstöðum landsins, og í trausti þess, að ráðherra láti fara fram athugun á starfsemi vinnumiðlunarskrifstofa, sem nú eru starfandi, og geri þær breytingar á vinnumiðlunarstarfseminni, sem sú athugun gefur tilefni til, telur deildin ekki ástæðu til að afgreiða frumvarpið, en tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 23. febrúar 1951.

Rannveig Þorsteinsdóttir, form., frsm. H. Guðmundsson. F. R. Valdimarsson.

Ed. 732. Nefndarálit [6. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast allt að 2250000 króna lán til útgerðarmanna, er stunda síldveiðar á þessu sumri.

Frá fjárhagsnefnd.

Frv. þetta er staðfesting á bráðabirgðalögum, er ríkisstjórninni þótti nauðsynlegt að fá gefin út á s. l. sumri vegna aflabrests á síldveiðiflotanum, til tryggingar því, að skipin hættu ekki veiðum á miðri síldarvertíð. Var frv. útbýtt í Ed. þ. 11. okt. síðastl. og vísað til 2. umr. og fjárhagsnefnar þ. 17. s. m. Hefur það legið hjá nefndinni síðan af eftirfarandi ástæðum:

Þann 11. okt. s. l. var útbýtt í Nd. frv. til laga um breyting á lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins. Er frv. það einnig staðfesting á bráðabirgðalögum, sem gefin voru út á s. l. sumri af sömu ástæðum og frv. það á þskj. 6, sem hér um ræðir. Var því vísað til 2. umr. og sjávarútvegsnefndar 16. okt. Þann 18. des. s. l. er gefið út nefndarálit og jafnframt útbýtt breytingartillögum, sem tryggja skyldu hlutatryggingasjóðnum auknar tekjur til þess, á þann hátt að mæta þeim greiðslum, sem fram höfðu farið úr sjóðnum á árinu, samkvæmt ákvæðum bráðabirgðalaganna. Það hefur ávallt verið einróma álit nefndarinnar, að afgreiðsla þessa frv. væri svo háð afgreiðslu og meðferð frumvarpsins á þskj. 2, að afgreiðslu þess úr nefnd í fyrri deild yrði að fresta, þar til endanlega yrði séð, hvernig frv. um hlutatryggingasjóðinn yrði afgreitt, og þess vegna hefur dregizt að afgreiða mál þetta, svo sem raun ber vitni um. Þar sem frv. um hlutatryggingasjóðinn hefur nú fengið samþykki Nd. og ágreiningslaust verið sent til sjávarútvegsnefndar þessarar deildar, þykir sýnt, að það nái fram að ganga óbreytt, og því engin ástæða til að tefja þetta mál lengur í nefndinni.

Samkvæmt síðustu málsgr. 10. gr. laga nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins, má aldrei ganga nær sjóðnum en svo, að eftir standi stofnfé hans. Var lögð á það rík áherzla, þegar lögin voru til umræðu í þinginu, að einmitt þetta ákvæði næði fram að ganga og síðan virt í framkvæmd. Nú hefur þótt brýn nauðsyn bera til þess að gera undanþágu frá þessu ákvæði fyrir árið 1950. Skal það út af fyrir sig ekki gert hér að umræðuefni. Hitt er ljóst, að þótt nauðsynlegt hafi þótt að skerða stofnfé sjóðsins, þá er og rík nauðsyn til þess að afla sjóðnum tekna á ný, svo að stofnféð sé a. m. k. aftur fyrir hendi svo fljótt sem verða má. Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti athuga þegar á þessu ári, á hvern hátt haganlegast verði að afla sjóðnum tekna til að mæta þeim greiðslum, sem hér hafa farið fram úr sjóðnum, samkvæmt ákvæðum bráðabirgðalaganna, mælir nefndin með því, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 24. febrúar 1951.

Bernh. Stefánsson, form. Gísli Jónsson, fundaskr., frsm. Karl Kristjánsson.
Þorst. Þorsteinsson. Brynj. Bjarnason.

Nd. 733. Nefndarálit [176. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar (EOl).

Það er almennt hættulegt fyrir þjóðina að taka erlend lán, nema um sé að ræða að nota fé til arðbærra fyrirtækja, helzt slíkra, er framleiða gjaldeyri. Og það

ber því aðeins að taka slík lán, að ekki fylgi þeim aðrir skilmálar en venjulegir fjármálaskilmálar um vexti og afborganir. Þó gegnir nú nokkuð sérstöku máli sökum þess, hvernig ástatt er um stjórnarfar í landinu.

Bændur og verkamenn sem og allar aðrar vinnandi stéttir hafa brýna þörf fyrir að byggja yfir sig íbúðarhús og önnur þau hús, sem nauðsynleg eru atvinnurekstri til sveita og sjávar.

Það væri hægt að framleiða nægan erlendan gjaldeyri til þess að kaupa byggingarefni, ef öll framleiðslutæki landsmanna fengjust notuð til fulls. En það er ríkisstjórnin, sem hindrar landsmenn í því að nota tækin að fullu til framleiðslu til útflutnings með þeirri einokun, sem hún viðheldur á utanríkisverzlun Íslendinga.

Það er nægilegt vinnuafl til að byggja þær byggingar, sem þarf að reisa til sjávar og sveita, og þorri þeirra verkamanna, sem til þessa þarf, ganga nú atvinnulausir. Vinnuafli þjóðarinnar er þannig sóað til einskis, þegar hægt væri að nota það til lífsnauðsynlegrar framleiðslu.

Það hefur verið upplýst á Alþingi, samkvæmt heimild í bréfi fjárhagsráðs til allsherjarnefndar Sþ., að amerísk yfirvöld, sem sökum samnings ríkisstjórnarinnar við Bandaríkjastjórn (Marshallsamningsins 1948) hafa fengið vald yfir því, hvernig vissir íslenzkir sjóðir eru notaðir, hafi sett það að skilyrði fyrir að veita umbeðin leyfi, að fjárfesting, m. a. til íbúðarhúsa, væri háð takmörkun, sem að því er heyrzt hefur er skorin svo við nögl, að á næsta ári sé aðeins leyfð bygging 300 íbúða á öllu landinu, þegar byggja þyrfti minnst 500—600 íbúðir í Reykjavík einni.

Með Marshallsamningnum virðist íslenzka þjóðin þannig ofurseld vaxandi húsnæðisskorti til sjávar og sveita, sökum þess, að amerísk yfirvöld og íslenzkar eftirlitsnefndir þeirra (fjárhagsráð og ríkisstjórn) banna Íslendingum að nota til fulls vinnuafl sitt og tæki í eigin þágu. Með þessari harðstjórn á efnahagssviðinu er leitt atvinnuleysi yfir verkamenn, einkum þá, sem að byggingum vinna, og vaxandi húsnæðisskortur yfir allan almenning, jafnt til sjávar sem sveita.

Svo virðist samkvæmt þeim yfirlýsingum, sem ráðherrar hafa gefið við umræður þessa máls, að taki Íslendingar erlent lán til bygginga, þá komi það ekki undir hið ameríska eftirlit viðvíkjandi fjárfestingunni.

Ástandið í landinu virðist því líta þannig út í þessum málum:

Eftir að amerískt auðvald með eins konar kaldri hersetu hefur tekið fjárhagsráð og Landsbankann undir sína efnahagslegu yfirstjórn, segir nú fjárhagsráði fyrir verkum og takmarkar svo lánveitingar úr Landsbankanum, að Íslendingar fá ekki fullnýtt vinnuafl sitt sakir lánsfjársveltu, er Íslendingum ekki annað eftirskilið til þess að fá að nota sitt eigið vinnuafl til bygginga og til að afla sér byggingarefnis en að taka lán erlendis í þessu skyni, og mun hér um að ræða möguleika í Englandi. Er slíkt þó vissulega hart og væri óþarft, ef þjóðin byggi ekki við svo ömurlegt stjórnarfar sem raun ber vitni um. Verður þá að reyna að stuðla að því, að erlendi gjaldeyririnn verði eingöngu hagnýttur til efniskaupa, en baráttan hert fyrir því, að íslenzkt vinnuafl fái notazt til fulls.

Ég legg því til, að frv. sé samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Í stað „43“ komi: 55.
2. Við 2. gr. Í stað orðanna „enda verði ákveðið með lögum um tilhögun iðnaðarlánanna“ komi: og sé sú upphæð falin Iðnlánasjóði Íslands, unz iðnaðarbanki verður stofnaður, og 12 millj. króna til þess að lána byggingarsjóði verkamanna, byggingarsamvinnufélögum og sveitarfélögum þeim, er byggja til þess að útrýma heilsuspillandi íbúðum, enda noti þessi félög fé eingöngu til kaupa á erlendu efni til íbúðarhúsabygginga.

Alþingi, 26. febrúar 1951.

Einar Olgeirsson.

Nd. **734. Breytingartillaga** [176. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku.

Frá Gunnari Thoroddsen, Jóni Pálmasyni og Sigurði Bjarnasyni.

Við 2. gr. Í stað orðanna „til iðnaðarlána, enda verði ákveðið með lögum um tilhögun iðnaðarlánanna“ kemur: til stofnunar Iðnaðarbanka.

Ed. **735. Breytingartillögur** [95. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Við 1.—3. gr. Greinarnar falli niður.
2. Við bráðabirgðaákvæði. Fyrri málsgr. falli niður.
3. Við fyrirsögn frv. Í stað „breyting á lögum“ komi: viðauka við lög.

Nd. **736. Breytingartillaga** [176. mál]

við brtt. á þskj. 724 (Heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku).

Frá Emil Jónssyni.

Við tölul. 3. Niðurlag málsliðsins frá og með orðunum „fyrir þá kaupstaði“ falli niður.

Sþ. **737. Breytingartillaga** [73. mál]

við brtt. á þskj. 717 (Brottnám loftskeytastanganna á Melunum).

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta svo fljótt sem unnt er fjarlægja loftskeytastangirnar á Melunum í Reykjavík, enda verði jafnframt tryggt, að síma-þjónustan í sambandi við öryggismálin í landinu verði á engan hátt skert.

Sþ. **738. Frumvarp til laga** [76. mál]

um breyting á áfengislögum, nr. 33/1935.

(Eftir eina umr. í Ed.)

1. gr.

Við 16. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgr., svo hljóðandi:

Enn fremur er þeim heimilt að rannsaka, hvort bifreiðar hafi áfengi með-ferðis, þó að það sé löglega keypt, enda liggi fyrir rökstuddur grunur um, að áfengið sé ætlað til ólöglegrar sölu.

Nú finnst áfengi í bifreið, þegar svo stendur á sem í næstu málsgr. hér á undan segir, og skal þá refsa eiganda þess sem hann væri sekur um ólöglega áfengissölu, nema hann færi sterkar líkur fyrir því, að áfengið sé ekki ætlað til sölu.

2. gr.

Á eftir 1. mgr. 36. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Brot gegn 4. mgr. 16. gr. varða sektum, er nema í fyrsta sinn fimmföldu og í annað sinn tíföldu söluverði þess áfengis, sem ætlað er til ólöglegrar sölu. Brjóti nokkur oftar ákvæði þeirrar málsgreinar, eða geri sér ólöglega áfengissölu að atvinnu, varðar það auk sektar fangelsi allt að 3 mánuðum. Hafi bifreiðarstjóri ítrekað gerzt sekur um ólöglega áfengissölu, varðar það hann missi réttar til að stjórna bifreið um stundarsakir, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru eða brot er margítrekað. Áfengi, sem flutt er eða geymt ólöglega í bifreið, skal gert upptækt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 739. Breytingartillögur [6. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast allt að 2250000 króna lán til útgerðarmanna, er stunda síldveiðar á þessu sumri.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „er síldveiðar stunda á þessu sumri“ komi: er síldveiðar stunduðu sumarið 1950.
2. Við fyrirsögn frv. Í stað orðanna „er stunda síldveiðar á þessu sumri“ komi: er síldveiðar stunduðu sumarið 1950.

Ed. 740. Frumvarp til laga [191. mál]

um breyting á lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.

Flm.: Hermann Jónasson.

1. gr.

2. töluliður 31. gr. laganna orðist svo:

Milli fastra veiðivéla, hvort heldur eru sömu megin ár eða sín frá hvoru landi, skal jafnan vera 100 m bil eftir endilangri á, þar sem skemmst er á milli þeirra. Þó má bilið aldrei vera skemmra en fimmföld lengd veiðivélar. Lengd veiðivélar skal telja frá föstum árbakka út að yzta enda vélar, hvort sem girðing er á allri þeirri leið eða ekki. Leiðari, er liggur frá fastri veiðivél, telst hluti hennar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

2. töluliður 31. gr. laganna hefur verið túlkaður svo, að eyrar í ám skuli taldar sem árbakki, þegar um er að ræða lengd veiðivéla. Þar sem þessi túlkun laganna er ekki í samræmi við upphaflegan tilgang þeirra, þykir ástæða til að breyta orðalaginu svo, að ekki verði villzt um það markmið, sem stefnt er að með ákvæði greinarinnar.

Ed. 741. Nefndarálit [171. mál]

um frv. til l. um rétt erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp þetta er flutt af heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar að beiðni félagsmálaráðuneytisins. Nefndin hefur rætt frumvarpið á nokkrum fundum og haft um afgreiðslu þess samráð við starfsmenn útlendingaeftirlitsins og við félagsmálaráðuneytið. Einn nm. (LJóh) tók ekki þátt í afgreiðslu málsins vegna veikinda. Mælir nefndin með því, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. 2. mgr. falli niður.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Óheimilt er hverjum þeim manni, félagi eða stofnun, sem rekur atvinnu eða starfrækir eitthvert fyrirtæki, hverju nafni sem það nefnist, að flytja til landsins og/eða taka erlenda menn í þjónustu sína gegn kaupgreiðslu í peningum eða hlunnindum, hvort heldur er um langan tíma eða skamman, án leyfis félagsmálaráðherra.
   Erlendum mönnum er óheimilt að ráða sig í vinnu eða gegna þjónustu hjá öðrum, nema atvinnuleyfi hafi verið veitt samkvæmt 3. gr. eða 5. gr. laga þessara.
3. Við 5. gr. Greinin falli niður.
4. Við 6. gr. (verður 5. gr.). Aftan við greinina komi ný grein, svo hljóðandi:
   Leyfi samkvæmt lögum þessum má binda öllum þeim skilyrðum um löggæzlu, hollustuhætti, framfærslu, iðnnám eða aðra sérmenntun og sérhvað annað, sem ráðherra telur nauðsynlegt eða heppilegt ríkis eða almennings vegna.
5. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
   Ekki þarf að sækja um atvinnuleyfi fyrir:
   1. Erlenda menn, sem stunda nám í skólum, sem íslenzka ríkið á eða styrkir.
   2. Erlenda menn, sem dvelja hér við rannsóknar- eða vísindastörf.
   3. Erlenda menn í einkaþjónustu sendimanna erlendra ríkja.
   4. Erlenda menn, er verið hafa íslenzkir ríkisborgarar frá fæðingu, en misst hafa íslenzkan ríkisborgararétt.
   5. Erlenda menn, er hér höfðu aðsetur, er lög nr. 13 31. maí 1927 komu til framkvæmda, og hafa dvalið hér samfleytt síðan.
6. Við 9. gr. Í stað „200—50000 kr.“ í 1. málsl. 1. málsgr. komi: 50—50000 kr.
7. Við 12. gr. Greinin orðist svo:
   Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 13 31. maí 1927, um rétt erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi, svo og önnur ákvæði, er fara í bága við lög þessi.

Alþingi, 26. febrúar 1951.

Rannveig Þorsteinsdóttir, form., frsm. Brynj. Bjarnason. H. Guðmundsson.

Páll Zóphóníasson, með fyrirvara.

Ed. 742. Nefndarálit [185. mál]

um frv. til l. um landshöfn í Rifi á Snæfellsnesi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþ. óbreytt. Einn nefndarmanna (StgrA) var ekki viðstaddur, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 27. febr. 1951.

Jóhann Þ. Jósefsson, form. Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskr., frsm. Bernh. Stefánsson.

Hannibal Valdimarsson.

Ed. 743. Nefndarálit [2. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frv. þetta er staðfesting á bráðabirgðalögum frá 19. ágúst 1950. Með tilvísun til nefndarálits fjárhagsnefndar um 6. mál, á þskj. 732, mælir nefndin með því, að frv. verði samþ. óbreytt. Þó er fylgi tveggja nefndarmanna (JJós og HV) við málið bundið því skilyrði, að yfirlýsing fáist frá ráðherra við meðferð málsins í deildinni, að tekin verði upp í næsta fjárlagafrv. hæfileg fjárhæð til endurgreiðslu á fé því, er tekið hefur verið af stofnfé síldveiðideildar hlutatryggingasjóðs.

Einn nefndarm. (StgrA) var ekki viðstaddur, þegar málið var afgreitt, og skrifar því ekki undir nál.

Alþingi, 27. febr. 1951.

Jóhann Þ. Jósefsson, form. Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskr. Bernh. Stefánsson, frsm.

Hannibal Valdimarsson.

Nd. 744. Nefndarálit [156. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 122 28. des. 1950, um breyt. á l. nr. 50/1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Í 3. gr. þessa frumvarps er ákveðið, að ef dráttur verður í eitt ár eða lengur hjá sveitarfélagi á greiðslu framlags til Tryggingastofnunar ríkisins, geti ráðherra lagt hald á allt að 25% álagðra útsvara, unz skuldin er að fullu greidd. Minni hl. nefndarinnar getur ekki fallizt á að heimila ráðherra slíkt harðræði gegn sveitarfélögum. Er erfitt að sjá, hvaða skynsemi og sanngirni er í því að veita kröfum Tryggingastofnunarinnar þannig algeran forgangsrétt fram yfir öll önnur útgjöld sveitarfélaga, svo sem launagreiðslur, verklegar framkvæmdir og aðrar nauðsynjar. Hitt væri nær, að Alþingi gerði ráðstafanir til þess að afla sveitarfélögum fleiri og öruggari tekjustofna en þau nú hafa.

Við leggjum því til, að 3. gr. frv. verði felld niður, og munum greiða atkvæði gegn frv., ef sú breyting fæst ekki samþykkt.

BREYTINGARTILLAGA.

Við 3. gr. Greinin falli niður.

Alþingi, 28. febr. 1951.

Kristín L. Sigurðardóttir, frsm. Jónas Árnason.

Nd. 745. Frumvarp til laga [192. mál]

um heimild til ráðstöfunar á fé mótvirðissjóðs.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, sbr. 3. gr. laga nr. 47/1949, að lána allt að 120 millj. króna af fé mótvirðissjóðs til Sogs- og Laxárvirkjana og Áburðarverksmiðjunnar h.f.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkv. ósk fjármálaráðherra, en einstakir nefndarmenn áskilja sér óbundið atkvæði um málið. Frv. fylgdu svo hljóðandi athugasemdir:

„Eins og áður hefur verið skýrt frá á Alþingi, hefur ríkisstjórnin og flokkar þeir, sem að henni standa, ákveðið að beita sér fyrir því, að af fé mótvirðissjóðs verði lánað verulegt fjármagn til Sogsvirkjunar, Laxárvirkjunar og áburðarverksmiðju. Er samkomulag um, að lán úr mótvirðissjóði, að meðtöldum Marshalllánum, verði hlutfallslega jafnhá til þessara þriggja fyrirtækja, miðað við stofnkostnað.

Svo sem kunnugt er, þarf samþykki Efnahagssamvinnustjórnarinnar í Washington (E. C. A.), sem féð hefur lagt fram, til þess að ráðstafa sjóðnum. Enn fremur þarf lagaheimild, sbr. 3. gr. laga nr. 47/1949.

Það þarf á fé að halda til allra þessara fyrirtækja, áður en Alþingi kemur saman á ný. Er því lagt til, að Alþingi veiti ríkisstjórninni heimild þá, sem í frumvarpinu er farið fram á.“

Sþ. 746. Þingsályktun [84. mál]

mu niðurgreiðslu á mjólk.

(Afgreidd frá Sþ. 28. febr.)

Alþingi ályktar, að meðan sá háttur er á hafður, að ríkissjóður greiðir niður útsöluverð á neyzlumjólk, þá skal það gert á þeim stöðum í landinu, þar sem mjólk er seld í mjólkurbúðum. Niðurgreiðslan á hverjum stað fer eftir mati landbúnaðarráðuneytisins, að fengnum tillögum framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Sþ. 747. Þingsályktun [112. mál]

um jöfnunarverð á olíu og benzíni.

(Afgreidd frá Sþ. 28. febr.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram ýtarlega athugun á verðlagningu á olíu og benzíni, sem flutt er til landsins, með það fyrir augum að lækka álagninguna og ákveða jöfnunarverð á þeim vörum um land allt.

Sþ. 748. Þingsályktun [157. mál]

um hitaveitu á Reykhólum.

(Afgreidd frá Sþ. 28. febr.)

Samhljóða þskj. 528.

Sþ. 749. Þingsályktun [168. mál]

um aukna landhelgisgæzlu og aðstoð til fiskibáta.

(Afgreidd frá Sþ. 28. febr.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að landhelgisgæzlu og aðstoð við fiskibáta verði hagað þannig, að veiðisvæði, sem mjög mikil þörf er á að vernda, svo sem svæðin umhverfis Snæfellsnes og á Breiðafirði, fái nauðsynlega gæzlu. Skal fyrst og fremst lögð áherzla á að framkvæma þetta með þeim skipastóli, sem nú starfar við landhelgisgæzluna, en takist það ekki, verði skip leigt, eftir því sem þörf er á.

Sþ. 750. Breytingartillaga [111. mál]

við brtt. á þskj. 716 (Innlausn á sjóveðskröfum síldveiðisjómanna).

Frá Finni Jónssyni.

Fyrir orðin „uppgjör liggur fyrir hjá stjórn skuldaskilasjóðsins“ komi: kröfulýsingar hafa borizt stjórn skuldaskilasjóðs fyrir greiðslukröfum, er hún metur gildar.

Sþ. 751. Breytingartillaga [111. mál]

við brtt. á þskj. 716 (Innlausn á sjóveðskröfum síldveiðisjómanna).

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Í stað orðanna „og uppgjör liggur fyrir hjá stjórn skuldaskilasjóðsins“ í niðurlagi tillgr. kemur: og skuldaskilum er það langt komið, að hægt sé að inna þessar greiðslur af hendi.

Sþ. **752. Frumvarp til fjáraukalaga** [150. mál]

fyrir árið 1948.

(Eftir 2. umr.)

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir árið 1948, eru veittar kr. 101 105 163.11 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. gr.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. A. eru veittar:

1.	Sími	kr.	802 760.55
	en tekjur fóru kr. 2 591 601.27 fram úr fjárlagaáætlun.		
2.	Áfengisverzlun ríkisins	—	1 241 593.23
	af kr. 12 134 849.15 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
3.	Tóbakseinkasala ríkisins	—	141 560.41
	af kr. 6 326 899.05 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
4.	Ríkisútvarpið	—	917 043.36
	af kr. 1 320 301.24 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
5.	Viðtækjaverzlunin	—	168 853.95
	af kr. 478 414.85 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
6.	Viðgerðarstofa ríkisútvarpsins og viðtækjasmiðja	—	25 585.92
	af kr. 57 138.07 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
7.	Ríkisprentsmiðjan Gutenberg	—	249 720.52
	en tekjur fóru kr. 173 868.67 fram úr fjárlagaáætlun.		
8.	Áburðarsala ríkisins	—	30 612.77
	af kr. 208 912.71 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
9.	Grænmetisverzlun ríkisins	—	154 412.89
	af kr. 287 520.44 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
10.	Landssmiðjan	—	218 356.18
	af kr. 363 674.29 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
11.	Vífilsstaðabúið	—	304 839.47
	en tekjur urðu kr. 328 388.80.		
12.	Kleppsbúið	—	225 856.66
	en tekjur urðu kr. 228 984.69.		
13.	Bessastaðabúið	—	111 093.09
	en tekjur urðu kr. 112 206.83.		
14.	Skólabúið á Reykjum í Ölfusi	—	266 247.80
	en tekjur urðu kr. 375 060.17.		
15.	Skólabúið á Hólum	—	222 773.48
	en tekjur urðu kr. 257 862.73.		
16.	Skólabúið á Hvanneyri	—	427 304.11
	en tekjur urðu kr. 449 994.27.		
		Kr.	5 508 614.39

Til	viðbótar	við	gjöldin	í	7. gr.		eru	veittar	.....	kr.	1 093 970.73
—	—	—	—	-	8. —		—	—	.....	—	42 930.24
—	—	—	—	-	10. —	I.	—	—	.....	—	712 646.79
—	—	—	—	-	10. —	III.	—	—	.....	—	936 073.21
—	—	—	—	-	11. —	A.	—	—	.....	—	1 637 737.78
—	—	—	—	-	11. —	B.	—	—	.....	—	1 671 896.41
—	—	—	—	-	11. —	C.	—	—	.....	—	803 974.95
—	—	—	—	-	11. —	D.	—	—	.....	—	468 903.02

Til	viðbótar	við	gjöldin	í	12.	gr.		eru	veittar	kr.	2 069 732.87
—	—	—	—	-	13.	—	A.	—	—	—	3 882 437.62
—	—	—	—	-	13.	—	B.	—	—	—	2 262 126.63
—	—	—	—	-	13.	—	D.	—	—	—	657 271.05
—	—	—	—	-	14.	—	A.	—	—	—	855 002.30
—	—	—	—	-	14.	—	B.	—	—	—	2 162 176.84
—	—	—	—	-	15.	—	A.	—	—	—	182 242.63
—	—	—	—	-	16.	—	A.	—	—	—	570 091.15
—	—	—	—	-	16.	—	D.	—	—	—	586 807.23
—	—	—	—	-	18.	—		—	—	—	875 734.09
—	—	—	—	-	19.	—	1.	—	—	—	10 175 024.37
—	—	—	—	-	19.	—	2.	—	—	—	1 556 192.75
										Kr.	38 711 587.05
Til eignaaukningar samkv. 20. gr. Út eru veittar										—	62 393 576.06
20. gr. Inn fór kr. 86 816 307.14 fram úr fjárlagaáætlun.											
										Kr.	101 105 163.11

Ed. 753. Frumvarp til laga [193. mál]

um breyting á lögum nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm, o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1951.)

1. gr.

1. málsgrein 4. gr. laga nr. 35/1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm, orðist svo:

Fjárhagsráð getur ákveðið hámarksverð á vörur og verðmæti, þar á meðal hámark álagningar umboðslauna og annarrar þóknunar, er máli skiptir um verðlag í landinu. Verðlagsákvarðanir sínar getur fjárhagsráð numið úr gildi með auglýsingu.

2. gr.

Af yfirdráttarheimild þeirri, er Ísland hefur sem þátttakandi í Greiðslubandalagi Evrópu, að fjárhæð fimmtán milljónir dollara, heimilast ríkisstjórninni, ef hún telur nauðsynlegt, að nota allt að fjórum milljónum dollara á fjárhagsárum greiðslubandalagsins 1950/51 og 1951/52.

Jafnóðum og heimildin er notuð, skal andvirðið í krónum greitt inn í sérstakan reikning í Landsbanka Íslands og því varið, þegar er gjaldeyrisástæður leyfa, til endurgreiðslu á yfirdráttarláninu, enda má ekki nota féð til annars.

3. gr.

31. gr. laga nr. 100 29. desember 1948 er úr gildi numin.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Ágreiningur hefur orðið um skilning á 1. málsgr. 4. gr. laga nr. 35/1950, og þykir því rétt að taka af allan vafa um það, hvernig skilja beri lagagrein þessa, með því að ákveða, að fjárhagsráði sé ekki skylt að ákveða hámarksverð eða hámarks-

álagningu á öllum vörum og hafi rétt til að nema úr gildi með auglýsingu verðlagsákvarðanir sínar.

II. Ísland hefur sem þátttakandi í Greiðslubandalagi Evrópu heimild til yfirdráttarláns, allt að 15 millj. dollara, til vörukaupa og greiðslu á þjónustu frá löndum, sem eru í bandalaginu. Þótt ríkisstjórnin geri ekki ráð fyrir nú að nota heimild þessa, þykir henni rétt að afla heimildar Alþingis til þess að mega nota til bráðabirgða af yfirdráttarheimild þessari allt að 4 millj. dollara, ef hún síðar teldi það nauðsynlegt.

III. 31. gr. laga nr. 100/1948 fjallar um 20% gjald af matsverði bifreiða, sem ganga kaupum og sölum. Gjald þetta átti að hefta óeðlilegan sölugróða af bifreiðum. Sem tekjustofn hefur þessi skattur brugðizt að mestu leyti, og með því að telja má, að svartur markaður bifreiða sé að mestu úr sögunni, er óeðlilegt að halda svo háu gjaldi á sölu bifreiða. Enn fremur verður að teljast sanngjarnt, að þessum skatti sé létt af bifreiðaeigendum, sem nú verða að sæta verðhækkun á varahlutum í bifreiðar í sambandi við stuðning við bátaútveginn á þessu ári.

Nd. 754. Frumvarp til laga [194. mál]

um breyting á lögum nr 50/1950, um togarakaup ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1951.)

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að lána kaupendum togaranna allt að 90% af andvirði þeirra. Heimilast henni að nota til þess lán það, er um ræðir í 1. gr. laga þessara, og taka til viðbótar þau lán, sem með þarf. Lánin skulu kaupendur fá með eigi lakari kjörum en ríkissjóður fær þau. Þó skal heimild sú, sem ríkisstjórninni er veitt í XVII. lið 22. gr. fjárlaga fyrir árið 1951, halda gildi sínu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í 2. gr. laga nr. 6/1950 er gert ráð fyrir, að væntanlegir kaupendur hinna 10 togara, sem ríkisstjórnin lét smíða í Bretlandi, fái ekki nema allt að 75% andvirðis þeirra að láni. Nefnd sú, er ríkisstjórnin fól sölu skipanna, komst brátt að raun um, að skipin voru óseljanleg með 25% útborgun. Hvarf ríkisstjórnin þá að því ráði að krefjast útborgunar á 10% af andvirði skipanna, en veita hitt að láni. Hafa fjórir togarar verið seldir með þessum kjörum fremur en hafna kauptilboðum og láta skipin óseld. Æskir ríkisstjórnin, að Alþingi fjalli um málið, áður en teknar verða ákvarðanir um sölu fleiri skipa, þar eð hér er um hærri lánveitingu að ræða en gert er ráð fyrir í lögum nr. 50/1950.

Ríkisstjórnin telur þó, að 22. gr. XVII fjárlaga ársins 1951 heimili, að þau skip, er þar um ræðir, verði látin af hendi með öðrum kjörum en þetta frv. gerir ráð fyrir, ef til kemur.

Nd. 755. Frumvarp til laga [6. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast allt að 2250000 króna lán til útgerðarmanna, er síldveiðar stunduðu sumarið 1950.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast bráðabirgðalán til þeirra útgerðarmanna, er síldveiðar stunduðu sumarið 1950, og Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h.f. veita.

2. gr.

Samanlögð ábyrgð ríkissjóðs vegna þessara lánveitinga má ekki fara fram úr kr. 2 250 000.00.

3. gr.

Það, sem ríkissjóður kann að greiða af lánunum vegna þessarar ábyrgðar, endurgreiðist honum af fé síldveiðideildar hlutatryggingasjóðs.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 756. Breytingartillögur [137. mál]

við frv. til laga um endurskoðun fasteignamatsins frá 1942.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Á árinu 1951 skal fara fram endurskoðun fasteignamatsins frá 1942 í því skyni að samræma það þeim verðlagsbreytingum og framkvæmdum, er orðið hafa í landinu frá árinu 1940, sbr. 1. gr. laga nr. 63/1945.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Til að framkvæma endurskoðun og samræmingu fasteignamatsins skipar fjármálaráðherra 3 menn í hverju sýslu- og bæjarfélagi. Tveir nefndarmanna skulu skipaðir eftir tilnefningu sýslunefndar eða bæjarstjórnar, en hinn þriðja skipar ráðherra án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Á sama hátt skal skipa varamenn, er taka sæti í nefndinni í forföllum aðalmanna.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Fjármálaráðherra skipar 3 menn í yfirmatsnefnd samkv. lögum þessum og 3 til vara. Hann tilnefnir formann nefndarinnar. Nefnd þessi skal endurskoða og samræma mat héraðsnefnda.
4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Til grundvallar endurskoðun fasteignamatsins skulu héraðsnefndir leggja fasteignamat það, sem nú er í gildi, en til viðbótar því skulu metnar allar ræktunarframkvæmdir, er gerðar hafa verið frá því að síðasta fasteignamat fór fram, svo skulu og metin þau hús og mannvirki, er reist hafa verið frá því að síðasta fasteignamat fór fram, en kunna að hafa fallið undan aukafasteignamati.

5. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
Yfirmatsnefnd, sem skipuð er samkvæmt 3. gr., skal gera skrá um mat allra fasteigna í hverju sýslu- og bæjarfélagi eins og það er við gildistöku laga þessara, ásamt skrá um allar ræktunarumbætur, er gerðar hafa verið síðan 1940, samkvæmt spjaldskrá Búnaðarfélags Íslands. Skulu skrár þessar sendar viðkomandi héraðsnefndum áður en þær hefja störf sín.
6. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
Héraðsnefndir skulu meta ræktunarumbætur þær, er gerðar hafa verið síðan árið 1940, og ákveða þær breytingar á matsverði fasteignanna, sem rétt þykir að gera vegna verðlagsbreytinga, er orðið hafa eftir að síðasta fasteignamat fór fram, sbr. 1. gr. laga þessara.
7. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
Héraðsnefndir skulu hefja störf sín strax eftir að þeim hafa borizt skrár þær, er um getur í 5. gr., og hafa lokið störfum eigi síðar en 12 vikum eftir að skrárnar bárust þeim í hendur. Nefndirnar skulu gera skrár um mat allra fasteigna, hver í sínu umdæmi, og skal matið liggja frammi í hverju sveitar- og bæjarfélagi eigi skemmri tíma en 3 vikur. Héraðsnefndir skulu auglýsa í hverju bæjar- og sveitarfélagi, hvar skráin liggur frammi.
8. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
Nú er eigandi fasteignar eða umboðsmaður hans óánægður með mat fasteignar sinnar, og getur hann þá innan fjögurra vikna frá því að matið var lagt fram í hans sveitar- eða bæjarfélagi sent héraðsnefndinni rökstudda kröfu um breytingu á matinu. Héraðsnefnd úrskurðar kæru innan tveggja vikna frá því, að hún barst henni. Úrskurði héraðsnefndar getur viðkomandi aðili skotið til yfirmatsnefndar áður en 2 vikur eru liðnar frá því að úrskurður héraðsnefndar barst honum, en yfirmatsnefnd tekur fullnaðarákvörðun um matið.
9. Við 9. gr. Greinin falli burt.
10. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
Skylt er sýslumönnum, bæjarfógetum og öðrum embættismönnum ríkisins að gefa héraðsnefndum og yfirmatsnefnd allar þær upplýsingar varðandi fasteignir í viðkomandi umdæmum, er nefndirnar telja sig þurfa og óska eftir.
11. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
Þegar eftir að héraðsnefndir hafa lokið störfum og úrskurðað kærur, samkvæmt 8. gr., skulu þær senda yfirmatsnefndinni skrár um mat allra fasteigna í umdæmum sínum. Yfirmatsnefndin endurskoðar og samræmir mat héraðsnefndanna, og að því loknu skal nefndin, svo fljótt sem við verður komið, gefa út sundurliðaða skrá yfir matsverð allra fasteigna á landinu. Skal bókin eða bækurnar löggiltar af fjármálaráðherra, sem ákveður hvenær hið endurskoðaða fasteignamat gengur í gildi, og skulu matsbækurnar sendar ókeypis öllum sýslumönnum, bæjarfógetum, skattstjórum, hreppstjórum og lögreglustjórum, er gegna hreppstjórastörfum, bæjarstjórum og oddvitum.
12. Við 12. gr. Greinin orðist svo:
Kostnaður við endurskoðun matsins, þar með talin laun matsmanna, greiðist úr ríkissjóði eftir reikningum, er fjármálaráðherra úrskurðar.
Ríkissjóður fær endurgreiddan kostnað við endurskoðun fasteignamatsins af fasteignaskatti samkv. lögum nr. 66/1921, sem innheimtur verður eftir 1. jan. 1952. Eftir að sá kostnaður hefur verið greiddur að fullu, skal fasteignaskattur samkvæmt nefndum lögum, renna til bæjar- og sveitarfélaga, þar sem hann er á lagður, enda annist þá bæjar- og sveitarfélögin um innheimtu skattsins.
13. Við 13. gr. Greinin falli burt.
14. Við fyrirsögn frv. bætist: o. fl.

Ed. 757. Lög [175. mál]

um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 12 31. maí 1927, og um afnám laga nr. 17 26. febr. 1943, um breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Ed. 1. marz.)

Samhljóða þskj. 645.

Ed. 758. Frumvarp til laga [171. mál]

um rétt erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Í lögum þessum er maður talinn „erlendur“, ef ekki er skylt að leyfa honum landsvist á Íslandi samkvæmt landslögum eða þjóðréttarreglum.

„Á Íslandi“ merkir í lögum þessum bæði á landi og í landhelgi Íslands.

2. gr.

Óheimilt er hverjum þeim manni, félagi eða stofnun, sem rekur atvinnu eða starfrækir eitthvert fyrirtæki, hverju nafni sem það nefnist, að flytja til landsins og/eða taka erlenda menn í þjónustu sína gegn kaupgreiðslu í peningum eða hlunnindum, hvort heldur er um langan tíma eða skamman, án leyfis félagsmálaráðherra.

Erlendum mönnum er óheimilt að ráða sig í vinnu eða gegna þjónustu hjá öðrum, nema atvinnuleyfi hafi verið veitt samkvæmt 3. gr. eða 5. gr. laga þessara.

3. gr.

Félagsmálaráðherra veitir atvinnuleyfi samkvæmt lögum þessum, að fengnum tillögum verklýðsfélags á staðnum í hlutaðeigandi starfsgrein, og skulu þau veitt vinnuveitendum, ef sérstakar ástæður þykja mæla með því, svo sem ef um erlenda sérfræðinga er að ræða eða aðra kunnáttumenn, sem ekki verða fengnir innanlands, eða ef atvinnuvegi landsins skortir vinnuafl, sem ekki er fáanlegt innanlands.

Sé verulegur skortur á fólki til nauðsynlegra heimilisstarfa og hjúkrunarstarfa, getur félagsmálaráðherra veitt atvinnuleyfi fyrir erlent fólk til slíkra starfa.

4. gr.

Atvinnuleyfi samkvæmt 3. gr. skulu bundin við ákveðið starf og ákveðinn tíma. Leyfi skulu eigi veitt til lengri tíma en eins árs í senn.

5. gr.

Þegar sérstaklega stendur á, getur félagsmálaráðherra, ef sérstakar ástæður mæla með því, veitt erlendum mönnum leyfi til að stunda atvinnu á Íslandi, án þess að leyfið sé veitt ákveðnum vinnuveitanda (sjálfstætt atvinnuleyfi), og þurfa þá atvinnurekendur þeir, sem leyfishafi vinnur hjá, ekki að sækja um atvinnuleyfi fyrir hann samkvæmt 3. gr.

Við veitingu slíkra leyfa skal m. a. taka tillit til:

1. Hve lengi hinn erlendi maður hefur dvalið hér á landi,
2. hvort hann er hér heimilisfastur,
3. hvort hann er kvæntur íslenzkri konu eða á hér náin skyldmenni án þess að 1. mgr. 5. gr. nái til,

4. hvort hann ætli sér að vinna sams konar störf hjá fleiri aðilum en einum, þannig að fleiri atvinnuleyfi en eitt þyrfti, ef leyfi væru veitt samkvæmt ákvæðum 3. gr.

Leyfi samkvæmt þessari grein skal því aðeins veita, að hin almennu skilyrði 3. gr. um sérþekkingu og/eða eftirspurn eftir vinnuafli sé fyrir hendi.

Atvinnuleyfi samkvæmt þessari grein eru bundin við ákveðna starfsgrein og ákveðinn tíma, og skulu slík leyfi eigi veitt til lengri tíma en tveggja ára í senn.

6. gr.

Leyfi samkvæmt lögum þessum má binda öllum þeim skilyrðum um löggæzlu, hollustuhætti, framfærslu, iðnnám eða aðra sérmenntun og sérhvað annað, sem ráðherra telur nauðsynlegt eða heppilegt ríkis eða almennings vegna.

7. gr.

Erlendum mönnum er óheimilt að vinna sjálfstætt eða starfrækja atvinnufyrirtæki án leyfis félagsmálaráðherra (atvinnurekstrarleyfi), nema þar sem starfinn er framkvæmdur samkvæmt sérstakri löggildingu eða leyfi annarra stjórnvalda lögum samkvæmt.

Leyfi samkvæmt þessari grein skal því aðeins veita, að:

1. Umsækjandi sé heimilisfastur á Íslandi og hafi verið það síðasta árið,
2. um nytsamlegan atvinnurekstur sé að ræða,
3. umsækjandi sé fjárráður og hafi forræði á búi sínu,
4. umsækjandi hafi óflekkað mannorð.

Leyfi samkvæmt þessari grein eru bundin við ákveðna starfrækslu og ákveðinn tíma, og skal eigi veita slík leyfi til lengri tíma en þriggja ára í senn.

8. gr.

Ekki þarf að sækja um atvinnuleyfi fyrir:

1. Erlenda menn, sem stunda nám í skólum, sem íslenzka ríkið á eða styrkir,
2. erlenda menn, sem dvelja hér við rannsóknar- eða vísindastörf,
3. erlenda menn í einkaþjónustu sendimanna erlendra ríkja,
4. erlenda menn, er verið hafa íslenzkir ríkisborgarar frá fæðingu, en misst hafa íslenzkan ríkisborgararétt,
5. erlenda menn, er hér höfðu aðsetur, er lög nr. 13 31. maí 1927 komu til framkvæmda, og hafa dvalið hér samfleytt síðan.

9. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða atvinnurekendur og erlenda starfsmenn þeirra sektum frá 50—50 000 kr. til ríkissjóðs. Sömu refsingu varðar það, ef ekki eru haldin skilyrði eða brotin ákvæði, er sett kunna að verða í leyfi, sem veitt eru samkvæmt lögum þessum. Auk þess ber aðila að flytja ólöglega innflutt starfsfólk, sem hefur verið synjað um atvinnuleyfi, úr landi eða sjá því fyrir flutningi innan þess tíma, er ráðherra tiltekur, ríkissjóði að kostnaðarlausu.

Enn fremur er heimilt að stöðva með lögbanni, án þess að trygging sé sett, þær framkvæmdir, er nota skyldi hið erlenda vinnuafl til, ef byrjað er á þeim, þar til hinir erlendu menn eru farnir úr landi eða tryggt þykir, að þeir verði farnir innan ákveðins tíma. Þegar atvinnuleyfi eru veitt innlendum atvinnurekendum, ber jafnframt að tilkynna hinum erlendu starfsmönnum leyfisveitingar eða synjanir, er þá varða.

Félagsmálaráðherra getur afturkallað leyfi, sem veitt eru samkvæmt lögum þessum, ef brotin eru ákvæði laganna eða skilyrðum, sem sett eru í leyfunum, er ekki fullnægt, svo og ef veruleg breyting verður á leyfistímanum á eftirspurn og framboði vinnuafls.

10. gr.

Rétt er félagsmálaráðherra að láta flytja þá erlenda menn, ásamt skylduliði, af landi brott, er teknir eru að stunda atvinnu eða atvinnurekstur hér á landi gagnstætt ákvæðum laga þessara, hvort sem þeir eru á sínum vegum eða annarra, og skal sá flutningur vera á kostnað þess, er hefur ráðið þá til sín, en ella á eigin kostnað þeirra.

11. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

Í reglugerð getur ráðherra sett nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara. Svo má þar og kveða á um sektir fyrir brot á reglugerð og meðferð á málum vegna þeirra brota.

12. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 13 31. mai 1927, um rétt erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi, svo og önnur ákvæði, er fara í bága við lög þessi.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 759. Tillaga til þingsályktunar [195. mál]

um framkvæmd áfengislaganna.

Flm.: Skúli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að nú þegar verði stöðvuð útgáfa vínveitingaleyfa, sem ekki er heimilt að veita samkv. ákvæðum 16. gr. reglugerðar nr. 126 frá 7. ágúst 1945, um sölu og veitingar áfengis, er um ræðir í lögum nr. 33 9. jan. 1935 og lögum nr. 3 4. apríl 1923.

Greinargerð.

Í 2. málsgr. 17. gr. áfengislaganna, nr. 33 frá 1935, segir svo:

„Ekkert félag manna má hafa um hönd í félagsskap áfengisveitingar né heldur má áfengisnautn fara fram í félagsherbergjum, hvort sem þau eru í húsi félagsins eða annarra, nema leyfi lögreglustjóra komi til.“

Í reglugerð nr. 126, um sölu og veitingar áfengis, sem út var gefin af fjármálaráðuneytinu 7. ágúst 1945 og enn gildir, eru nánari fyrirmæli um framkvæmd þeirrar heimildar, sem lögreglustjórar hafa til að gefa út vínveitingaleyfi. Ákvæðin um þetta eru í 16. grein reglugerðarinnar, sem hljóðar svo:

„Lögreglustjórar geta ekki neytt heimildar þeirrar til að leyfa, að áfengi sé um hönd haft í félagsskap, sem ræðir um í 17. gr. 2. mgr. áfengislaganna, nema í veizlum, samsætum og öðrum slíkum samkvæmum, þar sem sýnt er, að félagsskapurinn í heild eða einstakir þátttakendur í honum hafa ekki fjárhagslegan hagnað af. Slík leyfi má ekki veita skemmtifélögum.

Ekki má heldur veita slík leyfi til vínnautnar í samkvæmum, sem haldin eru á veitingastöðum, ef ætla má, að til þeirra sé stofnað í tekjuskyni fyrir veitingahúsið.

Leyfi samkvæmt 17. gr., 2. mgr., áfengislaganna skulu vera skrifleg, og skal þess getið í þeim, hvert tilefni leyfisins sé og hvar samkvæmið verði haldið. Samrit af leyfinu skal hlutaðeigandi lögreglustjóri tafarlaust senda til fjármálaráðuneytisins.“

Um nokkurra mánaða skeið að undanförnu hefur verið allmikið rætt og ritað í blöð um útgáfu vínveitingaleyfa. Af upplýsingum, sem þar hafa komið fram, er

ljóst, að við útgáfu slíkra leyfa hefur ekki verið farið eftir framangreindum fyrirmælum gildandi laga og reglugerðar um þau efni. Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur gefið út mörg vínveitingaleyfi, sem notuð hafa verið til fjáröflunar fyrir þau félög, er leyfin hafa fengið, eða til hagnaðar fyrir veitingahús, en slíkt er ekki heimilt samkvæmt reglugerðinni. Skemmtifélög hafa líka fengið vínveitingaleyfi þrátt fyrir bann reglugerðarinnar.

Vissulega hefði mátt vænta þess, að sá embættismaður, sem hér á hlut að máli, hefði tekið upp nýja starfshætti strax þegar honum var bent á það, að meðferð hans á þessum málum væri í ósamræmi við gildandi lög. Sú hefur þó ekki orðið raunin, og þess hefur ekki heldur orðið vart, að dómsmálaráðherra hafi gert ráðstafanir til leiðréttingar á þessum málum, þótt honum hafi verið tilkynnt og því fullkunnugt, að við framkvæmd þeirra hefur ekki verið farið eftir lögum.

Eins og mál þetta liggur fyrir, þykir flm. rétt að bera fram þessa þingsályktunartillögu. Er þar lagt til, að ríkisstjórninni verði falið að hlutast til um, að nú þegar verði stöðvuð útgáfa ólöglegra vínveitingaleyfa.

Sþ. 760. Tillaga til þingsályktunar [196. mál]

um búrekstur á prestssetursjörðum o. fl.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um endurbyggingu prestssetra í landinu, að því er tekur til íbúðarhúsa, peningshúsa svo og annarra bygginga, vegna búrekstrar á þeim, svo og ræktunar að því marki, að hvert prestssetur framfleyti meðalbúi miðað við ræktunarbúskap og búrekstrarskilyrði á hverjum stað.

Jafnframt fari athugun fram á því, hver prestssetur, að þessum umbótum fengnum, geti látið land til nýbýlastofnana. Jafnframt verði fyrir því séð, ef endurskoðun sú, sem fyrir liggur varðandi prestakallaskipan í landinu, gerir ráð fyrir, að einhverjar af núverandi prestssetursjörðum verði lagðar niður sem prestssetur, þá verði þeim ráðstafað í erfðaábúð til bænda.

Greinargerð.

Alþingi hefur þegar ákveðið, að prestakallaskipun landsins skuli endurskoðuð á þessu ári. Samhliða þeirri endurskoðun er nauðsynlegt, að fram fari ýtarleg athugun á þeim atriðum, sem í þáltill. þessari felast. — Nánar í framsögu.

Ed. 761. Breytingartillögur [171. mál]

við frv. til l. um rétt erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 2. gr. Fyrir „og/eða“ í fyrri málsgr. komi: eða.
2. Við 5. gr.
   a. Aftan af 3. tölul. 2. mgr. falli orðin: „án þess að 1. mgr. 5. gr. nái til“.
   b. Fyrir „og/eða“ í næstsíðustu mgr. komi: eða.
3. Við 6. gr. Greinin verði 7. gr.
4. Við 7. gr. Greinin verði 6. gr.
5. Við 8. gr. 2. tölul. falli niður (og breytist liðatalan samkv. því).

Ed. **762. Nefndarálit** [193. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm, o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarp þetta er undarleg samsuða. Það fjallar um þrennt, breytingu á lögum um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm og lögum nr. 100 1948, þess efnis, að fella niður sölugjald af bifreiðum, og loks er nýtt lagaákvæði um heimild til lántöku hjá Greiðslubandalagi Evrópu, að upphæð 4 millj. dollara.

Meginefni frv. er að fara þess á leit við Alþingi, að það staðfesti ráðstafanir, sem stjórnin er þegar búin að gera, meðan þing hefur setið á rökstólum, án þess að spyrja það. Í fyrsta lagi að undanskilja verðlagseftirliti fjölmarga vöruflokka, sem eigendum fisks, sem aflað er af vélbátum, skal leyft að flytja inn fyrir helminginn af andvirði fisksins í erlendum gjaldeyri. Í öðru lagi að taka eyðslulán hjá Greiðslubandalagi Evrópu til kaupa á almennum neyzluvörum.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. vill láta samþykkja það án efnisbreytinga, en ég er algerlega andvígur þeirri stefnu, sem í því felst, og tel hana háskalega fyrir efnahag þjóðarinnar.

Vöruflokkar þeir, sem undanþegnir eru verðlagseftirliti, hafa þegar verið birtir. Er hér að langmestu leyti um almennar neyzluvörur að ræða og sumpart vörur, sem beinlínis verður að telja til nauðsynja. Það er blátt áfram gert ráð fyrir, að vörur þessar verði seldar með svartamarkaðsverði. Að öðru leyti hefur stjórnin samkv. frv. heimild til að leggja verðlagseftirlitið niður með öllu, enda virðist það ætlun hennar. Hins vegar hefur það þegar sýnt sig, að þetta ráð dugar skammt til þess að tryggja rekstur bátaflotans, og framkvæmdin bendir þegar ótvírætt í þá átt, að meginhlutinn af sölugróða þessara vara komi aldrei til skila til þeirra, sem eru raunverulegir framleiðendur fisksins. Af þessum ástæðum er ég algerlega andvígur 1. gr. frumvarpsins.

Lántöku til kaupa á neyzluvörum tel ég blátt áfram glæfraspil, og ekki bætir úr skák, að nokkur hluti lánsins skal greiðast í dollurum. Að stofna til slíkra skulda, án þess að um leið séu gerðar ráðstafanir til þess að auka gjaldeyristekjurnar, er vísasti vegurinn til að glata með öllu efnahagslegu sjálfstæði landsins. Það getur orðið erfitt að stöðva sig á þeirri braut. Slík eyðslulán hljóta að kalla á ný eyðslulán, ef ekki verður stórbreyting til batnaðar á viðskiptajöfnuði landsins.

Hins vegar tel ég rétt að taka nauðsynleg lán til að koma upp framleiðslutækjum til hagnýtingar á vinnuafli þjóðarinnar við framleiðslu á verðmætum, og þá fyrst og fremst þeim, sem miða að því að bæta gjaldeyrisjöfnuð landsins. Sömuleiðis til innflutnings á byggingarefni, þar sem gjaldeyrisskortur hefur verið færður sem ástæða fyrir óhæfilegum samdrætti í byggingarstarfsemi í landinu. Það er allt annars eðlis að taka lán fyrir byggingarvörum en almennum neyzluvörum, þar sem byggingar eru varanleg verðmæti, sem spara okkur gjaldeyri í framtíðinni.

3. greininni, um niðurfellingu sölugjalds af bifreiðum, er ég samþykkur.

Samkvæmt ofansögðu legg ég til, að á frumvarpinu verði gerðar eftirfarandi

BREYTINGAR:

1. Við 1. gr. Greinin falli niður.
2. Við 2. gr. Á eftir orðunum „allt að fjórum milljónum dollara“ komi: til kaupa á framleiðslutækjum, efnivörum til framleiðslutækja og byggingarefni.

Alþingi, 2. marz 1951.

Brynjólfur Bjarnason.

Ed. 763. Nefndarálit [193. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm, o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins.

Einn nm. (BrB) vill breyta frv. í meginatriðum efnislega og leggur fram sérálit.

Annar nm. (GJ) leggur til, að 2. og 3. gr. frv. verði bornar fram í tveim sérstökum frumvörpum, og gefur út sérálit.

Meiri hlutinn viðurkennir að vísu, að formgallar eru á frumvarpinu, eins og það nú liggur fyrir, og að efni þess gæti farið betur, með því að vera í fleiri en einu frumvarpi. Hins vegar telur meiri hlutinn, að úr þessu megi bæta með breytingum á formi frv., og telur rétt að hafa þá aðferð til verksparnaðar fyrir afgreiðslu málsins á Alþingi, þar sem komið er að þingslitum.

ÞÞ tekur fram, að hann sé andvígur 3. gr. frv.

Samkv. framansögðu leggur meiri hlutinn til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Framan við meginmál gr. bætist:
   Aftan við 20. gr. sömu laga bætist svo hljóðandi

Bráðabirgðaákvæði.

2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Fyrir orðin „skulu gilda“ í 1. gr. l. nr. 112 1950 kemur: skulu, önnur en 31. gr., gilda.
3. Við fyrirsögn. Fyrir orðin „o. fl.“ kemur: og l. nr. 112 1950, um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Alþingi, 2. marz 1950.

Bernh. Stefánsson, form. Karl Kristjánsson, frsm. Þorst. Þorsteinsson.

Ed. 764. Nefndarálit [193. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm, o. fl.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á einum fundi og ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Vill meiri hl. láta samþykkja það með nokkrum breytingum. Á þetta get ég ekki fallizt af eftirfarandi ástæðum:

Frv. er borið fram sem breyting á lögum nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm, eins og fyrirsögnin ber með sér. Aðeins 1. gr. frv. er þó efnislega tengd þeim lögum. 2. gr. frv. er nýtt og alveg óskylt mál, sem að vísu mætti tengja við þau lög sem bráðabirgðaákvæði, þar sem fyrirmælin eru tímabundin, en greinin á þó ekkert skylt við þessi lög og því langeðlilegast að bera þá grein fram í sérstöku frv. 3. gr. er breyting á lögum nr. 112 15. des. 1950 og á því að berast fram sem sérstakt frv. til breyt. á 1. gr. þeirra laga.

Ég er efnislega samþykkur ákvæðum frv., en ég tel hins vegar rétt og nauðsynlegt að fella niður úr því 2. og 3. gr., en að nefndin beri jafnframt fram frv. um

heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að auka yfirdrátt Íslands sem þátttakanda í Greiðslubandalagi Evrópu, og enn fremur annað frv. til laga um breyting á lögum nr. 112 15. des. 1950, um framlengingu á gildi III. kafla laga nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna. Þarf þessi sjálfsagða meðferð á málinu ekki að tefja afgreiðslu þess sem nokkru nemur, en þinginu aðeins til sóma að gera á frv. þessar breytingar.

Ég legg því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Greinin falli niður.
2. Við 3. gr. Greinin falli niður.

Alþingi, 2. marz 1951.

Gísli Jónsson,
fundaskr.

Ed. 765. Nefndarálit [182. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna þjóðminjasafnshússins.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. þetta á fundi sínum í dag og er sammála um, að fullgera skuli húsið nú þegar og að sjálfsögðu verði að greiða vangoldna reikninga fyrir vinnu eða efni til hússins, og leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 2. marz 1951.

Bernh. Stefánsson, form. Gísli Jónsson, fundaskr. Þorst. Þorsteinsson, frsm.
Karl Kristjánsson. Brynjólfur Bjarnason.

Nd. 766. Frumvarp til laga [171. mál]

um rétt erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Í lögum þessum er maður talinn „erlendur“, ef ekki er skylt að leyfa honum landsvist á Íslandi samkvæmt landslögum eða þjóðréttarreglum.

„Á Íslandi“ merkir í lögum þessum bæði á landi og í landhelgi Íslands.

2. gr.

Óheimilt er hverjum þeim manni, félagi eða stofnun, sem rekur atvinnu eða starfrækir eitthvert fyrirtæki, hverju nafni sem það nefnist, að flytja til landsins eða taka erlenda menn í þjónustu sína gegn kaupgreiðslu í peningum eða hlunnindum, hvort heldur er um langan tíma eða skamman, án leyfis félagsmálaráðherra.

Erlendum mönnum er óheimilt að ráða sig í vinnu eða gegna þjónustu hjá öðrum, nema atvinnuleyfi hafi verið veitt samkvæmt 3. gr. eða 5. gr. laga þessara.

3. gr.

Félagsmálaráðherra veitir atvinnuleyfi samkvæmt lögum þessum, að fengnum tillögum verklýðsfélags á staðnum í hlutaðeigandi starfsgrein, og skulu þau veitt vinnuveitendum, ef sérstakar ástæður þykja mæla með því, svo sem ef um erlenda sérfræðinga er að ræða eða aðra kunnáttumenn, sem ekki verða fengnir innanlands, eða ef atvinnuvegi landsins skortir vinnuafl, sem ekki er fáanlegt innanlands.

Sé verulegur skortur á fólki til nauðsynlegra heimilisstarfa og hjúkrunarstarfa, getur félagsmálaráðherra veitt atvinnuleyfi fyrir erlent fólk til slíkra starfa.

4. gr.

Atvinnuleyfi samkvæmt 3. gr. skulu bundin við ákveðið starf og ákveðinn tíma. Leyfi skulu eigi veitt til lengri tíma en eins árs í senn.

5. gr.

Þegar sérstaklega stendur á, getur félagsmálaráðherra, ef sérstakar ástæður mæla með því, veitt erlendum mönnum leyfi til að stunda atvinnu á Íslandi, án þess að leyfið sé veitt ákveðnum vinnuveitanda (sjálfstætt atvinnuleyfi), og þurfa þá atvinnurekendur þeir, sem leyfishafi vinnur hjá, ekki að sækja um atvinnuleyfi fyrir hann samkvæmt 3. gr.

Við veitingu slíkra leyfa skal m. a. taka tillit til:

1. Hve lengi hinn erlendi maður hefur dvalið hér á landi,
2. hvort hann er hér heimilisfastur,
3. hvort hann er kvæntur íslenzkri konu eða á hér náin skyldmenni,
4. hvort hann ætli sér að vinna sams konar störf hjá fleiri aðilum en einum, þannig að fleiri atvinnuleyfi en eitt þyrfti, ef leyfi væru veitt samkvæmt ákvæðum 3. gr.

Leyfi samkvæmt þessari grein skal því aðeins veita, að hin almennu skilyrði 3. gr. um sérþekkingu eða eftirspurn eftir vinnuafli sé fyrir hendi.

Atvinnuleyfi samkvæmt þessari grein eru bundin við ákveðna starfsgrein og ákveðinn tíma, og skulu slík leyfi eigi veitt til lengri tíma en tveggja ára í senn.

6. gr.

Erlendum mönnum er óheimilt að vinna sjálfstætt eða starfrækja atvinnufyrirtæki án leyfis félagsmálaráðherra (atvinnurekstrarleyfi), nema þar sem starfinn er framkvæmdur samkvæmt sérstakri löggildingu eða leyfi annarra stjórnvalda lögum samkvæmt.

Leyfi samkvæmt þessari grein skal því aðeins veita, að:

1. Umsækjandi sé heimilisfastur á Íslandi og hafi verið það síðasta árið,
2. um nytsamlegan atvinnurekstur sé að ræða,
3. umsækjandi sé fjárráður og hafi forræði á búi sínu,
4. umsækjandi hafi óflekkað mannorð.

Leyfi samkvæmt þessari grein eru bundin við ákveðna starfrækslu og ákveðinn tíma, og skal eigi veita slík leyfi til lengri tíma en þriggja ára í senn.

7. gr.

Leyfi samkvæmt lögum þessum má binda öllum þeim skilyrðum um löggæzlu, hollustuhætti, framfærslu, iðnnám eða aðra sérmenntun og sérhvað annað, sem ráðherra telur nauðsynlegt eða heppilegt ríkis eða almennings vegna.

8. gr.

Ekki þarf að sækja um atvinnuleyfi fyrir:

1. Erlenda menn, sem stunda nám í skólum, sem íslenzka ríkið á eða styrkir,
2. erlenda menn í einkaþjónustu sendimanna erlendra ríkja,

3. erlenda menn, er verið hafa íslenzkir ríkisborgarar frá fæðingu, en misst hafa íslenzkan ríkisborgararétt,
4. erlenda menn, er hér höfðu aðsetur, er lög nr. 13 31. maí 1927 komu til framkvæmda, og hafa dvalið hér samfleytt síðan.

9. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða atvinnurekendur og erlenda starfsmenn þeirra sektum frá 50—50 000 kr. til ríkissjóðs. Sömu refsingu varðar það, ef ekki eru haldin skilyrði eða brotin ákvæði, er sett kunna að verða í leyfi, sem veitt eru samkvæmt lögum þessum. Auk þess ber aðila að flytja ólöglega innflutt starfsfólk, sem hefur verið synjað um atvinnuleyfi, úr landi eða sjá því fyrir flutningi innan þess tíma, er ráðherra tiltekur, ríkissjóði að kostnaðarlausu.

Enn fremur er heimilt að stöðva með lögbanni, án þess að trygging sé sett, þær framkvæmdir, er nota skyldi hið erlenda vinnuafl til, ef byrjað er á þeim, þar til hinir erlendu menn eru farnir úr landi eða tryggt þykir, að þeir verði farnir innan ákveðins tíma. Þegar atvinnuleyfi eru veitt innlendum atvinnurekendum, ber jafnframt að tilkynna hinum erlendu starfsmönnum leyfisveitingar eða synjanir, er þá varða.

Félagsmálaráðherra getur afturkallað leyfi, sem veitt eru samkvæmt lögum þessum, ef brotin eru ákvæði laganna eða skilyrðum, sem sett eru í leyfunum, er ekki fullnægt, svo og ef veruleg breyting verður á leyfistímanum á eftirspurn og framboði vinnuafls.

10. gr.

Rétt er félagsmálaráðherra að láta flytja þá erlenda menn, ásamt skylduliði, af landi brott, er teknir eru að stunda atvinnu eða atvinnurekstur hér á landi gagnstætt ákvæðum laga þessara, hvort sem þeir eru á sínum vegum eða annarra, og skal sá flutningur vera á kostnað þess, er hefur ráðið þá til sín, en ella á eigin kostnað þeirra.

11. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

Í reglugerð getur ráðherra sett nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara. Svo má þar og kveða á um sektir fyrir brot á reglugerð og meðferð á málum vegna þeirra brota.

12. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 13 31. maí 1927, um rétt erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi, svo og önnur ákvæði, er fara í bága við lög þessi.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 767. Frumvarp til laga [156. mál]

um breyting á lögum nr. 122 28. desember 1950, um breyting á lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Upphaf 24. gr. laganna orðist svo:

Grunnupphæðir iðgjalda og framlaga til tryggingasjóðs samkvæmt IV. kafla laganna, 2.—5., skulu vera sem hér segir til ársloka 1954.

2. gr.

26. gr. laganna orðist svo:

Í stað ákvæða síðasta málsl. fyrstu málsgr. 109. gr. laganna skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

Nú greiðir sveitarsjóður iðgjald iðgjaldsgreiðanda samkv. 1. málsgr. 109. gr. laganna, og tekur þá sveitarstjórn ákvörðun um, hvort og á hvern hátt hún krefur hann um endurgreiðslu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 122 1950 og gefa þau út svo breytt.

Ed. 768. Nefndarálit [165. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á nokkrum fundum sínum og leitað álits fræðslumálastjóra og rektors menntaskólans í Reykjavík, er komu á fundi nefndarinnar. Einnig var á fundi með nefndinni stjórn Landssambands framhaldsskólakennara.

Nefndin var ekki sammála um afgreiðslu frv. Vill meiri hl. (RÞ, HV og FRV) fella það, en við undirritaðir leggjum til, að frv. verði samþykkt, þar sem það, ef að lögum verður, er aðeins heimild fyrir ríkisstjórnina. Treystum við því, að ríkisstjórnin láti athuga rækilega, áður en til framkvæmda kemur, hvern kostnað slíkt fyrirkomulag hefur í för með sér. Enn fremur verði athugað, hvort fjölgun sú í skólunum tveimur, sem þar er ráðgerð, sé nokkuð varhugaverð frá heilbrigðislegu sjónarmiði.

Alþingi, 2. marz 1951.

Þorst. Þorsteinsson, form., frsm. Sig. Óli Ólafsson.

Ed. 769. Nefndarálit [128. mál]

um frv. til l. um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h.f.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Þetta frv. hefur fengið fullnaðarafgreiðslu í neðri deild Alþingis, og teljum við ekki rétt, að það sé stöðvað í efri deild.

Um þörfina á banka, sem sérstaklega sinni lánsþörf iðnaðarins, þarf ekki að deila, og teljum við, að ekki megi lengur úr hömlu dragast að koma á fót þeim banka, er hér ræðir um.

Meiri hlutinn í nefndinni vill fresta málinu að þessu sinni og bíða eftir athugun á bankamálunum í heild, en við teljum, að þótt nú væri samþykkt að stofna bankann, þyrfti það ekki að trufla athugun á bankamálunum yfir höfuð. Hins vegar er reynsla fengin fyrir því, að þarfar umbætur í einu og öðru eru oft látnar bíða of lengi með skírskotun til heildarathugana á ýmsum málum, og gæti svo farið hér, að biðin eftir endanlegri niðurstöðu í bankamálum landsins reyndist lengri

en heppilegt þætti fyrir þá aðkallandi umbót varðandi lán til iðnaðarins, sem hér er stefnt að með þessu frv.

Samkvæmt framanrituðu leggjum við til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 2. marz 1951.

Jóhann Þ. Jósefsson, frsm. Steingr. Aðalsteinsson.

Ed. 770. Nefndarálit [115. mál]

um frv. til l. um sölu lögveðs án undangengins lögtaks.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. þetta á mörgum fundum og m. a. rætt það við fulltrúa úr dómsmálaráðuneytinu, tollstjórann í Reykjavík og borgarfógetann í Reykjavík. Nefndin getur ekki samþykkt frv. eins og það liggur fyrir, en leggur til, að það verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Nú eru gjöld tryggð með lögveði í sérstaklega tilgreindum eignum, fasteignum eða lausafé, og gjaldhæðin er ákveðin samkvæmt lögum eða reglugerðum, staðfestum af ráðherra, og má þá, ef gjöldin eru ekki greidd á réttum gjalddaga og lögtaksréttur er ekki fyrndur, selja lögveðið á nauðungaruppboði, en birta skal áður með mánaðar fyrirvara almenna áskorun um greiðslu gjaldanna í dagblaði eða á annan venjulegan hátt og tilkynna skrásettum eiganda lögveðsins með ábyrgðarbréfi, sem borið sé út, að óskað verði uppboðs á veðinu, verði skuldin eigi greidd innan 30 daga frá dagsetningu tilkynningarinnar.

Alþingi, 2. marz 1951.

Rannveig Þorsteinsdóttir, form., frsm. Lárus Jóhannesson, fundaskr. H. Guðmundsson.

Brynj. Bjarnason. Páll Zóphóníasson.

Ed. 771. Lög [185. mál]

um landshöfn í Rifi á Snæfellsnesi.

(Afgreidd frá Ed. 2. marz.)

Samhljóða þskj. 696.

Ed. 772. Lög [2. mál]

um breyting á lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins.

(Afgreidd frá Ed. 2. marz.)

Samhljóða þskj. 2.

Ed. **773. Lög** [67. mál]

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 2. marz.)

Samhljóða þskj. 701.

Ed. **774. Lög** [151. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1948.

(Afgreidd frá Ed. 2. marz.)

Samhljóða þskj. 483.

Nd. **775. Lög** [79. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Nd. 2. marz.)

Samhljóða þskj. 636.

Ed. **776. Lög** [95. mál]

um breyting á lögum nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

(Afgreidd frá Ed. 2. marz.)

Samhljóða þskj. 726.

Nd. **777. Breytingartillaga** [176. mál]

við brtt. á þskj. 734 (Heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku).

Frá Gunnari Thoroddsen, Jóni Pálmasyni og Sigurði Bjarnasyni.

Brtt. orðist svo:

Við 2. gr. Í stað orðanna „til iðnaðarlána, enda verði ákveðið með lögum um tilhögun iðnaðarlánanna“ kemur: til stofnunar iðnaðarbanka eða til iðnlánasjóðs, enda komi jafnhátt framlag annars staðar að.

Nd. **778. Breytingartillögur** [137. mál]

við frv. til l. um endurskoðun fasteignamatsins frá 1942.

Frá Jóni Pálmasyni og Jóni Sigurðssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Samkvæmt 1. gr. laga nr. 70 frá 12. apríl 1945 heimilast fjármálaráðuneytinu að fyrirskipa hækkun á skattmati fasteigna í landinu samkvæmt 2. gr.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Verði heimild 1. gr. notuð, skal skattmat fasteigna í Reykjavík, Akureyri og Hafnarfirði margfaldað með þremur, en annars staðar á landinu með tveimur, þó með þeim undantekningum, sem ákveðnar eru í 3. gr.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Þær undantekningar eru frá hækkun á skattmati fasteigna samkvæmt 2. gr., að engin hækkun er heimil á jarðir, sem eru í eyði, afréttarlönd, eða hús, sem hætt er að nota. Einnig geta yfirskattanefndir, að fengnum tillögum undirskattanefnda, undanskilið hækkuninni þær jarðir, sem mjög illa eru settar með samgöngur eftir þær samgöngubætur, sem orðið hafa síðan fasteignamatið frá 1942 gekk í gildi.
4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Fjármálaráðuneytið skal brýna fyrir öllum skattanefndum að fylgjast vel með því, að millimat sé framkvæmt eins og ætlazt er til, og gefa út reglur um framkvæmd þess. Ber Búnaðarfélagi Íslands að gefa skýrslur um unnar jarðabætur á tímabilinu, sem liðið er frá því er fasteignamat fór fram, svo að jarðabæturnar geti orðið metnar í samræmi við matið yfirleitt.
5. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Fasteignaskattur skal renna til bæjar- og sýslusjóða, þar sem hann er á lagður, frá þeim tíma, er þessi lög koma til framkvæmda.
6. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta í ársbyrjun 1952.
7. 7.—15. gr. frumvarpsins, að báðum meðtöldum, falli burt.
8. Fyrirsögn frumvarpsins orðist þannig:
   Frumvarp til laga um hækkun á skattmati fasteigna.

Ed. 779. Nefndarálit [86. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 2. marz 1951.

Jóhann Þ. Jósefsson, form., Vilhjálmur Hjálmarsson, frsm., Bernh. Stefánsson, fundaskr.
Hannibal Valdimarsson. Steingr. Aðalsteinsson.

Ed. 780. Breytingartillaga [193. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm, o. fl.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist: en jafnan skal þó fjárhagsráð leita álits og umsagnar verðgæzlunefndar, sbr. 2. gr., áður en verðlagsákvæði eru felld úr gildi.

Ed. 781. Frumvarp til laga [193. mál]

um breyting á lögum nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm, og lögum nr. 112 1950, um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

1. málsgrein 4. gr. laga nr. 35/1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm, orðist svo:

Fjárhagsráð getur ákveðið hámarksverð á vörur og verðmæti, þar á meðal hámark álagningar umboðslauna og annarrar þóknunar, er máli skiptir um verðlag í landinu. Verðlagsákvarðanir sínar getur fjárhagsráð numið úr gildi með auglýsingu.

2. gr.

Aftan við 20. gr. sömu laga bætist svo hljóðandi

Bráðabirgðaákvæði.

Af yfirdráttarheimild þeirri, er Ísland hefur sem þátttakandi í Greiðslubandalagi Evrópu, að fjárhæð fimmtán milljónir dollara, heimilast ríkisstjórninni, ef hún telur nauðsynlegt, að nota allt að fjórum milljónum dollara á fjárhagsárum greiðslubandalagsins 1950/51 og 1951/52.

Jafnóðum og heimildin er notuð, skal andvirðið í krónum greitt inn í sérstakan reikning í Landsbanka Íslands og því varið, þegar er gjaldeyrisástæður leyfa, til endurgreiðslu á yfirdráttarláninu, enda má ekki nota féð til annars.

3. gr.

Fyrir orðin „skulu gilda“ í 1. gr. l. nr. 112 1950 kemur: skulu, önnur en 31. gr., gilda.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 782. Breytingartillögur [193. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm, og l. nr. 112 1950, um framlenging á gildi III. kafla l. nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá Brynjólfi Bjarnasyni.

1. Framan við 1. gr. frv. bætist ný grein, svo hljóðandi:

   5. gr. laga nr. 70 1947 orðist svo:

   Til húsbygginga og annarra mannvirkja þarf leyfi fjárhagsráðs.

   Þó skal heimilt að byggja hagkvæmar smáíbúðir án fjárfestingarleyfis, en ráðherra skal með reglugerð ákveða stærðartakmörk þeirra.

   Enn fremur skal ákveðið í reglugerð, að tilteknar minni háttar framkvæmdir, svo sem bygging útihúsa í sveitum og verbúða, séu heimilar án fjárfestingarleyfis.

   Nánari ákvæði um fjárfestingarleyfi séu sett í reglugerð.

2. Aftan við fyrirsögn frv. bætist: o. fl.

Nd. 783. Breytingartillaga [192. mál]

við frv. til l. um heimild til ráðstöfunar á fé mótvirðissjóðs.

Frá fjármálaráðherra.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:
Ríkisstjórninni heimilast enn fremur að verja allt að 50 millj. kr. af fé mótvirðissjóðs til greiðslu á skuldum ríkissjóðs við Landsbanka Íslands.

Ed. 784. Nefndarálit [139. mál]

um frv. til l. um forfallahjálp húsmæðra.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. þetta og hefur sent það til umsagnar til Sambands ísl. sveitarfélaga, sem mælir með því, að frv. verði samþykkt. Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Leggur minni hl. (GJ og LJóh) til, að frv. verði fellt, en við undirrituð leggjum til, að það verði samþ. með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Í stað orðsins „bæjarstjórnum“ komi: sveitarstjórnum.
2. Við 2. gr. Í stað orðsins „bæjarstjórn“ komi: sveitarstjórn.
3. Við 4. gr. Í stað orðsins „bæjarstjórn“ á tveimur stöðum komi: sveitarstjórn.
4. Við 5. gr. Í stað orðsins „bæjarstjórn“ á tveimur stöðum komi: sveitarstjórn.
5. Við 6. gr. Í stað orðsins „bæjarfélögum“ komi: sveitarfélögum.
6. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkissjóður endurgreiðir einn þriðja hluta af halla þeim, sem sveitarsjóðir og sýslusjóðir kunna að verða fyrir af starfrækslu forfallahjálpar húsmæðra.
7. Við 10. gr. Í stað orðsins „bæjarstjórnum“ komi: sveitarstjórnum.
8. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi, 2. marz 1951.

Rannveig Þorsteinsdóttir, form., frsm. H. Guðmundsson. F. R. Valdimarsson.

Sþ. 785. Tillaga til þingsályktunar [197. mál]

um læknisferju fyrir Súðavíkurlæknishérað í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Flm.: Sigurður Bjarnason.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja allt að 150 þús. kr. til byggingar læknisferju fyrir Súðavíkurlæknishérað í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Greinargerð.

Mörg undanfarin ár hefur læknir ekki fengizt í tvö læknishéruð í Norður-Ísafjarðarsýslu. Ræðir hér um Ögurhérað og Hesteyrarhérað, en í þessum byggðarlög-

um eru sjö hreppar héraðsins af níu. Hafa íbúar þeirra því lengstum orðið að sækja læknishjálp til Ísafjarðar.

Nú hefur þessum tveimur læknislausu læknishéruðum verið steypt saman í eitt hérað, Súðavíkurlæknishérað, með læknissetri í Súðavík. Er ætlunin, að læknir þar þjóni öllum sveitum hins víðlenda héraðs. Nær umdæmi Súðavíkurlæknis þannig frá Arnarnesi um allt Djúpið allt norður til Grunnavíkur- og Sléttuhrepps.

Til þess að það fólk, sem þessi byggðarlög byggir, geti notið nokkurs öryggis um læknisþjónustu, er óumflýjanlegt, að til sé traust og góð læknisferja, er jafnan sé tiltæk, er læknis er þörf. En það hefur iðulega komið fyrir undanfarin ár, meðan læknir var sóttur til Ísafjarðar, að erfitt eða ógerlegt var að fá báta til þess að flytja lækni eða sjúklinga eins fljótt og nauðsyn bar til. Ferðir fiskibáta, sem leigðir hafa verið til einstakra sjúkraflutninga og læknisvitjana, hafa einnig oft orðið svo dýrar, að hlutaðeigendur hafa vart risið undir kostnaði við þær.

Því mun varla mótmælt, að til þess er ætlazt, að almenningur í strjálbýli eigi kost læknishjálpar á svipaðan hátt og þeir, sem í þéttbýli búa. Mikið brestur þó á, að svo sé í hinum strjálbýlustu héruðum landsins. Hitt mun sanni nær, að fólk sé þar ofurselt hryggilegu öryggisleysi í þessum efnum.

Tillögu þessari, ef samþykkt verður, er ætlað að koma á nokkrum umbótum í þessum efnum í byggðarlögum, sem lengi hafa átt við stórfellda örðugleika að etja af völdum læknisleysis. Með slíkri læknisferju yrði auðið að tryggja mjög mikið aukið öryggi til handa íbúum eins víðlendasta og strjálbýlasta læknishéraðs landsins. Jafnframt ætti hún að hafa þau áhrif, að kostnaður við læknisvitjanir lækkaði þar verulega.

Flutningsmaður hefur aflað sér upplýsinga um, að kleift muni að fá byggðan á komandi sumri 8 tonna vélbát, hraðskreiðan og traustan, hentugan til sjúkraflutninga, fyrir allt að 150 þús. kr. Er því lagt til, að ríkisstjórninni verði á þessu ári heimilað að verja þeirri upphæð til smíði slíkrar ferju.

Nd. 786. Nefndarálit [6. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast allt að 2250000 króna lán til útgerðarmanna, er síldveiðar stunduðu sumarið 1950.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundi sínum í dag. Samþykkti nefndin að mæla með frumvarpinu.

Alþingi, 3. marz 1951.

Skúli Guðmundsson, form. Sig. Ágústsson, fundaskr., frsm. Einar Olgeirsson.
Ásg. Ásgeirsson. Jóhann Hafstein.

Nd. 787. Lög [171. mál]

um rétt erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi.

(Afgreidd frá Nd. 3. marz.)

Samhljóða þskj. 766.

Nd. 788. Frumvarp til laga [192. mál]

um heimild til ráðstöfunar á fé mótvirðissjóðs.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, sbr. 3. gr. laga nr. 47/1949, að lána allt að 120 millj. króna af fé mótvirðissjóðs til Sogs- og Laxárvirkjana og Áburðarverksmiðjunnar h.f. Ríkisstjórninni heimilast enn fremur að verja allt að 50 millj. kr. af fé mótvirðissjóðs til greiðslu á skuldum ríkissjóðs við Landsbanka Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 789. Frumvarp til laga [176. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka að láni allt að 43 millj. króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendum gjaldeyri.

2. gr.

Af láni því, er um ræðir í 1. gr., er heimilt að verja allt að 25 millj. kr. til greiðslu eftirstöðva af kostnaðarverði þeirra 10 togara, sem ríkisstjórnin á í smíðum í Bretlandi, allt að 15 milljónum króna til þess að lána Búnaðarbanka Íslands með sömu kjörum og lánið verður tekið og allt að 3 millj. króna til stofnunar iðnaðarbanka eða til iðnlánasjóðs, enda komi jafnhátt framlag annars staðar að.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 790. Nefndarálit [30. mál]

um frv. til l. um iðnaðarmálastjóra.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Frv. um iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráð iðnaðarins hefur Gísli Jónsson, þm. Barð., flutti á nokkrum þingum í efri deild, en til neðri deildar hefur það ekki komizt fyrr en nú. Ed. hefur þó gert gagngerar breyt. á hinu upphaflega frv., þannig að öll ákvæði um framleiðsluráð hafa verið felld niður, en eftir standa aðeins ákvæðin um iðnaðarmálastjóra.

Fyrir ári skipaði þáverandi iðnaðarmálaráðherra 5 manna nefnd til þess að athuga þetta mál. Skilaði hún áliti 18. okt. 1950 og sendi með því frv. til l. um iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráð iðnaðarins.

Iðnaðarnefnd Nd. hefur rætt málið við flm. og formenn Landssambands iðnaðarmanna og Félags íslenzkra iðnrekenda. Formennirnir tveir telja frv. eins og það liggur fyrir frá Ed. gagnslítið og mæla ekki með samþykkt þess. Hins vegar mæla þeir eindregið með samþykkt málsins á grundvelli tillagna hinnar stjórnskipuðu nefndar.

Meiri hl. iðnaðarnefndar leggur til, að frv. verði samþ. með þeim breytingum, sem umrædd nefnd stakk upp á, og flytur brtt. í samræmi við það. Álit nefndarinnar, dags. 18. okt. 1950, er prentað hér sem fylgiskjal.

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Fyrir 2. gr. koma tvær nýjar greinar, svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkvæmt því):
   a. (2. gr.) Ráðherra skipar iðnaðarmálastjóra til þess að fara með störf þau, sem honum eru ætluð í lögum þessum, og setur honum erindisbréf. Skal hann hafa verkfræðilega menntun og sérþekkingu á iðnaðarmálum og taka laun samkv. III. fl. launalaga.

      Ráðherra skipar og framleiðsluráð iðnaðarins iðnaðarmálastjóra til aðstoðar. Það skal skipað þrem mönnum, einum samkvæmt tilnefningu Félags íslenzkra iðnrekenda, einum samkvæmt tilnefningu Landssambands iðnaðarmanna, en formann skipar ráðherra án tilnefningar. Framleiðsluráð skal skipað til fjögurra ára í senn. Fasta starfsmenn iðnaðarmálastjóra skipar ráðherra enn fremur, að fengnum tillögum iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráðs. Laun og annar kostnaður við störf þessi greiðist úr ríkissjóði, og veitist til þess fé árlega í fjárlögum.

      Ráðherra ákveður þóknun framleiðsluráðsmanna.

   b. (3. gr.) Iðnaðarmálastjóri og framleiðsluráð iðnaðarins eru ráðunautar ríkisstjórnarinnar í málum, er varða iðnaðarframleiðslu.
2. Aftan við fyrirsögn II. kafla bætist: og framleiðsluráðs iðnaðarins.
3. Fyrir 4. gr. koma tvær nýjar greinar, svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkvæmt því):
   a. (5. gr.) Sameiginleg verkefni iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráðs eru:
      1. Að stuðla að sem fullkomnastri hagnýtingu hráefna, sem landið á yfir að ráða, úr lofti, jörðu eða sjó.
      2. Að gera árlegar tillögur til ríkisstjórnarinnar um heildartilhögun á sviði iðnaðarmála, einkum með eftirfarandi atriði fyrir augum:
         a) að iðnaðurinn í landinu verði ekki afskiptur við skiptingu á vinnuafli, rekstrarfé, fjárfestingu og hvers konar opinberri aðstoð.
         b) að framleiðslunni sé beint að þeim greinum, sem hagfelldastar eru fyrir þjóðina og samrýmast bezt þörfum hennar á hverjum tíma.
         c) að afurðir þær, sem þjóðin aflar, séu ekki látnar af hendi fyrr en þær hafa verið fullunnar, svo að þær skili sem mestum erlendum gjaldeyri, séu þær fluttar úr landi, en spari sem mestan gjaldeyri, séu þær notaðar innanlands.
      3. Að stuðla að umbótum á vinnslu og meðferð framleiðslunnar m. a. með því:
         a) að fylgjast með nýjungum, sem fram koma utan lands og innan í iðnaðarmálum, og láta þær iðnrekendum í té.
         b) að leiðbeina iðnrekendum um endurbætur á vélum, húsakynnum og vinnutilhögun í iðjuverum.
         c) að leiðbeina iðnrekendum um meðferð hráefna og á hvern hátt gera megi þau sem verðmætust, t. d. með blöndun annarra efna.
         d) að beita sér fyrir endurbótum á hinum ýmsu sviðum iðnaðarins.

4. Að leitast við að hafa áhrif á, að ekki sé fluttur inn fullunninn varningur, ef unnt er og hagkvæmt að vinna hann hérlendis, heldur sé hann fluttur inn á því stigi, sem hann er ódýrastur, en þó hæfur til að fullvinnast í innlendum iðjuverum.
5. Að fylgjast með framleiðslu, eftirspurn og sölumöguleikum á íslenzkum iðnaðarvörum á hverjum tíma, svo og með innflutningi á sams konar vörum, gæðum þeirra og verðlagi.
6. Að vinna að aukinni hagnýtingu markaða fyrir íslenzkar iðnaðarvörur utan lands og innan.
7. Að gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um ný iðjuver, sem hagkvæmt þykir að reist verði á vegum ríkisins eða styrkja ber af opinberu fé, svo og endurbætur og stækkun eldri iðjuvera.
8. Að gera tillögur um sölu iðjuvera ríkisins, ef hagkvæmara eða eðlilegra þykir, að þau séu starfrækt af öðrum aðilum.
9. Að fylgjast með rekstri og fjárreiðum iðjuvera ríkisins og gera tillögur til úrbóta, ef sýnt þykir, að rekstri og stjórn sé ábótavant.

b. (6. gr.) Til þess að fá heildaryfirlit um iðnaðarmálin í landinu lætur iðnaðarmálastjóri og framleiðsluráð gefa út árlega skýrslu, m. a. um eftirfarandi atriði:
   a) Skrásetningu allra iðnfyrirtækja, sem til eru í landinu.
   b) Hversu margir menn starfa við fyrirtækið og hversu mikinn tíma ársins það er starfrækt og á hvaða árstímum.
   c) Hve mikil vinnulaunagreiðsla er.
   d) Tegund og magn framleiðslu.
   e) Úr hvaða efnum er unnið og hvaða meðferð þau hafa fengið.
   f) Hve mikill hráefniskostnaðurinn og hráefnisþörfin er og hvernig hann skiptist í erlendan og innlendan gjaldeyri.
   g) Hve mikill innflutningstollur er á efni, sem notað er til framleiðslunnar.
   h) Hve mikill framleiðslutollur er greiddur.
   i) Hve mikill útflutningstollur er greiddur, ef varan er flutt úr landi.
   j) Hvert sé verðlag vörunnar, þegar hún hefur verið fullunnin, og hvernig það er samanborið við verðlag á sams konar innfluttum vörum.
   k) Hve mikill gjaldeyrir sparast við framleiðslu vörunnar fyrir innlendan markað og hve miklum erlendum gjaldeyri varan skilar í útflutningi.

4. Fyrir 5. gr. kemur nýr kafli (verður III. kafli) í þremur greinum, svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkvæmt því):

Almenn ákvæði.

a. (7. gr.) Skylt er stofnunum þeim, er hafa með höndum vinnslu eða sölu íslenzkra afurða, að láta ráðinu í té allar upplýsingar, er því geta að gagni komið við störf þess og þær geta veitt. Sama gildir um þær opinberar stofnanir, sem skýrslum safna, og þá einstaklinga, er skyldur hafa um skýrslugerðir til slíkra stofnana.

   Framleiðsluráð lætur búa til skýrsluform til útfyllingar fyrir þá aðila, er það óskar upplýsinga frá.

   Upplýsingar um tæknilegt fyrirkomulag og skipulagningu einstakra verksmiðja og iðnfyrirtækja, er iðnaðarmálastjóri, starfsfólk hans eða framleiðsluráð kann að komast að í starfi sínu, en leynt á að fara, skulu þessir aðilar gæta fyllstu þagnarskyldu um.

b. (8. gr.) Atvinnudeild háskólans og aðrar þær stofnanir, sem starfræktar eru fyrir opinbert fé, skulu veita framleiðsluráði alla nauðsynlega aðstoð, er

þær mega með rannsóknum og tilraunum, er að gagni mega verða við störf þess og iðnaðarmálastjóra.

c. (9. gr.) Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði, er nauðsynleg þykja um framkvæmd laga þessara, þ. á m. um gjöld fyrir veitta aðstoð til iðjuvera.

5. Aftan við 6. gr. (verður 10. gr.) kemur svo hljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Nú sameinast landssamtök handiðnaðarmanna og iðnrekenda, eða hefja samstarf með þeim hætti, að þau stofni til sameiginlegs iðnaðarþings á svipuðum félagslegum grundvelli og með tilsvarandi hlutverki á sviði iðnaðarmála og búnaðarþing og fiskiþing hafa nú í sínum greinum, og fellur þá niður réttur ráðherra til að skipa framleiðsluráð, en iðnaðarþing kýs allt ráðið. Á sama hátt ræður þá nýkosið framleiðsluráð iðnaðarmálastjóra, en hann starfsfólk sitt í samráði við framleiðsluráð. Þó skal fjárhagsáætlun iðnaðarþings og framleiðsluráðs lögð fyrir ráðherra til samþykktar.

Samtímis og breyting þessi á sér stað, skal fara fram endurskoðun laga þessara og þau samræmd hinum nýju aðstæðum og reynslu þeirri, sem þá hefur fengizt.

Alþingi, 3. marz 1951.

Gunnar Thoroddsen, form., frsm. Emil Jónsson. Sigurður Guðnason.

Bjarni Ásgeirsson, með fyrirvara.

Fylgiskjal.

Þann 9. marz þ. á. skipaði Jóhann Þ. Jósefsson, er þá fór með iðnaðarmál í ríkisstjórninni, 5 manna nefnd „til að athuga og koma sér saman um æskilegar breytingar á frumvarpi því til laga um iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráð, sem nú liggur fyrir Alþingi, þskj. 9", en frumvarp þetta hafði Gísli Jónsson, þingmaður Barðstrendinga, flutt á undanförnum þingum.

Þessir menn voru skipaðir í nefndina: Guðmundur H. Guðmundsson samkvæmt tilnefningu Landssambands iðnaðarmanna, Páll S. Pálsson samkvæmt tilnefningu Félags íslenzkra iðnrekenda, Baldvin Jónsson samkv. tilnefningu fjárhagsráðs, Ásgeir Þorsteinsson samkvæmt tilnefningu rannsóknaráðs ríkisins og Kristjón Kristjónsson tilnefndur af ráðherra og jafnframt skipaður formaður nefndarinnar.

Í forföllum Ásgeirs Þorsteinssonar hefur Þorbjörn Sigurgeirsson framkvæmdastjóri rannsóknaráðsins starfað í nefndinni.

Nefndin hefur í sumar rætt þetta mál á allmörgum fundum.

Hún er sammála um, að mál það, sem hér er flutt, sé þýðingarmikið fyrir þróun iðnaðarstarfseminnar í landinu og að mikil nauðsyn sé, að það nái sem fyrst fram að ganga.

Nefndin kynnti sér rækilega álit og tillögur ýmissa aðila, er til hafði verið leitað, þegar málið var til meðferðar á Alþingi.

Hún hafði hliðsjón af því, að fyrir dyrum standa allvíðtækar breytingar á núgildandi lögum um iðju og iðnað, og gengur í frumvarpi því, er hún sendir frá sér, út frá því, að þær breytingar nái fram að ganga.

Nefndin hefur í meginatriðum tekið upp breytingartillögur þær, er meiri hluti iðnaðarnefndar Ed. flutti á þskj. nr. 346 1947—48, enda voru þær í samræmi við óskir Landssambands iðnaðarmanna, Félags íslenzkra iðnrekenda og rannsóknaráðsins.

Að öðru leyti er ekki hægt að segja, að um teljandi efnisbreytingar sé að ræða, nema þá helzt með það í huga að sneiða hjá árekstrum við önnur gildandi lög, svo sem lögin um náttúrurannsóknir.

Þó hefur 6. gr. hins upphaflega frumvarps verið felld burt, en hún var um tilskot ágreiningsmála til ríkisstjórnarinnar.

Loks skal svo getið bráðabirgðaákvæða, sem nefndin leggur til, að sett verði inn í lögin.

Tilgangur flutningsmanns er greinilega sá, að á fót rísi í iðnaðinum stofnun hliðstæð þeim, sem nú eru fyrir hendi hjá hinum aðalatvinnugreinum þjóðarinnar, og viðurkenna það allir, að slíks sé full þörf og að því beri að stefna.

Hins vegar verður ekki sagt, að því marki sé náð, eins og frumvarpið er byggt upp frá hendi flutningsmanns. Þar er gert ráð fyrir, að ríkisvaldið skipi yfirstjórn iðnaðarmálanna, að vísu með nokkurri íhlutun iðnsamtakanna í landinu. Útvegur og landbúnaður hafa aftur á móti komið á félagslegum samtökum, sem kjósa og ráða alla yfirstjórn mála sinna, og ríkisvaldið hefur um langan aldur viðurkennt þau samtök og stofnanir þær, sem á vegum þeirra starfa, falið þeim meðferð og framkvæmd fjölmargra mikilvægra mála og veitt þeim viðunandi fjárráð til starfseminnar.

Nefndin telur, að sams konar þróun muni og verði að eiga sér stað um iðnaðinn. Stefna beri að því, að iðnaðarframleiðendur myndi heilsteypt allsherjarsamtök, stofni til sameiginlegs iðnaðarþings, kjósi sjálfir yfirstjórn mála sinna, ráði iðnaðarmálastjóra o. s. frv.

En þar sem enn skortir nokkuð á, að sams konar aðstæður séu fyrir hendi í iðnaðinum eins og hinum atvinnuvegunum, má telja viðunandi í svipinn lausn þá, sem felst í frumvarpinu. Þegar hins vegar iðnaðarmenn sjálfir hafa komið félagsmálaskipulagi sínu í svipað horf og landbúnaður og sjávarútvegur, er ekkert, sem mælir gegn því, að þeir fái sömu yfirráð mála sinna og aðrir atvinnuvegir, en íhlutun ríkisvaldsins hverfi að sama skapi úr sögunni.

Að þessu stefna bráðabirgðaákvæðin, sem nefndin leggur til, að bætist við frumvarpið, og telur undirstöðuatriði, að samþykkt verði.

Þá virðist sjálfsagt að gera ráð fyrir því, að víðtæk endurskoðun þurfi að fara fram á ákvæðum þeim, sem nú verða sett, þegar hið breytta viðhorf kemur til framkvæmda, og þykir rétt, að slík endurskoðun sé ákveðin í lögum þessum.

Reykjavík, 18. október 1950.

Kristjón Kristjónsson. Guðm. H. Guðmundsson. Páll S. Pálsson.
Þorbjörn Sigurgeirsson. Baldvin Jónsson.

Til iðnaðarnefndar efri deildar Alþingis.

Sþ. 791. Breytingartillögur [189. mál]

við till. til þál. um þorskveiðitilraunir með herpinót.

Frá Finni Jónssyni.

1. Aftan við tillögugreinina bætist:
   Jafnframt verði stjórn fiskimálasjóðs einnig falið að annast, að í sumar eða á næsta hausti verði gerðar alvarlegar tilraunir til að veiða síld í sams konar herpinót og Norðmenn nota á heimamiðum sínum á reknetamiðum í Faxaflóa og umhverfis Reykjanes.
2. **Fyrirsögn till. verði:**
   Tillaga til þingsályktunar um þorskveiðitilraunir og síldveiðitilraunir með herpinót.

Nd. 792. Nefndarálit [194. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1950, um togarakaup ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „taka til viðbótar þau lán, sem með þarf" komi: önnur lán, sem heimilað er að taka í því skyni.
2. Á eftir 1. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi:
   Á eftir 2. gr. laganna komi ný grein, er orðist svo:
   Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast allt að 2 millj. króna lán til kaupa á gömlum togurum og til að setja olíukyndingu í þá, gegn 1. veðrétti í skipunum, enda fari ábyrgðin ekki fram úr 75% af kostnaðar- eða matsverði skipanna með olíukyndingu.

Tveir nefndarmanna (ÁÁ og EOl) áskilja sér rétt til að flytja viðbótartillögur um breytingar á frv.

Alþingi, 3. marz 1951.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Sig. Ágústsson, fundaskr. Jóhann Hafstein.
Ásg. Ásgeirsson. Einar Olgeirsson.

Nd. 793. Nefndarálit [193. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm, og lögum nr. 112 1950, um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á fundi í dag, og mælir meiri hl. nefndarinnar með því, að það verði samþykkt óbreytt. Ásgeir Ásgeirsson er ósamþykkur 1. gr. frv. og mun greiða atkvæði gegn henni. Einar Olgeirsson mun gefa út sérstakt nál.

Alþingi, 3. marz 1951.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Sig. Ágústsson, fundaskr. Jóhann Hafstein.
Ásg. Ásgeirsson.

Nd. 794. Nefndarálit [193. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm, og l. nr. 112 1950, um framlenging á gildi III. kafla l. nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar (EOl).

Ég er andstæður 1. gr. þessa frv., sem gefur fjárhagsráði heimild til þess að setja hámarksverð á allar vörur, er því eða ríkisstjórninni kann að sýnast, og legg ég því til, að 1. gr. sé felld burt.

2. gr. þessa frv. á alls ekki heima í þessum lögum, heldur ætti að vera sérstök lög eða tengd við þau frv. um lántöku, sem nú er verið að samþykkja í þinginu. Það er óskapnaður að setja þessi yfirdráttarákvæði inn í lög um verðlagsdóm. Efnislega get ég því aðeins samþykkt þessa 2. gr., að tryggt sé, að öllu þessu lánsfé sé varið til kaupa á framleiðslutækjum, efni í framleiðslutæki eða byggingarefni í íbúðarhús og önnur mannvirki, sem spara eða skapa gjaldeyri fyrir seinni tímann. Það stofnar fjárhagslegu sjálfstæði þjóðarinnar í voða að nota ekki lánsfé, sem nú væri tekið erlendis, fyrst og fremst í gjaldeyrisskapandi fyrirtæki. Ríkisstjórnin yrði með þessari lántöku og gjöfum þeim, er hún fær á þessu ári, búin að fá að gjöf og láni frá Marshallstofnunum og Greiðslubandalagi um 500 milljónir króna alls, og þegar athugað er, hve litlu af því fé hefur verið varið til beinlínis gjaldeyrisskapandi fyrirtækja, þá sést, hvílík þörf er á að gæta nú vel að um ráðstöfun þess fjár, sem hér um ræðir.

3. gr. frv. er ég samþykkur.

Ég legg því til, að frv. verði samþykkt svo fremi, að gerðar verði á því eftirfarandi

BREYTINGAR.

1. Við 1. gr. Greinin falli niður.
2. Við 2. gr. Á eftir orðunum „allt að fjórum milljónum dollara“ komi: til kaupa á framleiðslutækjum, efnivörum til framleiðslutækja og byggingarefni.

Ég mundi gera tillögur um að skipta frv. upp í þrennt, ef nokkur von væri til þess, að hún yrði samþykkt, en þar sem ekki hefur fengizt samkomulag um slíka tillögu í n., þrátt fyrir að viðurkennt sé, að þannig yrði afgreiðsla málsins skaplegust frá formlegu sjónarmiði, ber ég enga tillögu fram um slíkar formsbreytingar.

Alþingi, 3. marz 1951.

Einar Olgeirsson.

Ed. 795. Nefndarálit [128. mál]

um frv. til l. um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h.f.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt málið á einum fundi og ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Vill minni hl. (JJós og StgrA) láta samþykkja frv. óbreytt. Á þetta gat meiri hl. ekki fallizt. Hann lítur svo á, að áður en horfið er að því ráði að stofna nýjan banka, sem ætlazt er til, að ríkissjóður leggi í allmikið fé, þurfi ýmsar víðtækari upplýsingar að liggja fyrir en þær, sem koma fram í greinargerð frv., svo sem upplýsingar um heildarlánsþörf atvinnuveganna og hvernig lánsfé bankanna skiptist á milli þeirra á ýmsum tímum. Enn fremur sýnist vera rétt að fá álit sérfræðinga á

gildandi bankalöggjöf og tillögur þeirra um endurbætur á henni í heild miðað við breyttar aðstæður og viðhorf í landinu. Nefndin hefði að sjálfsögðu getað sent frv. til umsagnar til aðila, sem ástæður hefðu haft til að gefa ýmsar upplýsingar hér að lútandi, en tími hefði ekki unnizt til þess á þessu þingi að afla allra slíkra gagna og því síður að vinna úr þeim. Meiri hl. álítur því eðlilegast, að ríkisstjórninni verði falið að afla þessara gagna og leggja þau fyrir næsta þing. Verður þá augljósara, hvort rétt þyki að samþykkja stofnun nýs banka og taka þá upp í fjárlagafrv. næsta árs þá fjárhæð, sem ákveðið kann að verða, að ríkissjóður leggi fyrirtækinu. Meiri hl. leggur því til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að rétt þykir, áður en samþykkt eru lög um stofnun Iðnaðarbanka, að fá upplýst um heildarlánsþörf atvinnuveganna hvers fyrir sig og hvernig lánsfé banka og sparisjóða skiptist árlega á milli þeirra, og enn fremur, að fyrir liggi álit sérfræðinga á bankalöggjöf landsins í heild og tillögur þeirra til breytinga á lögunum, og í trausti þess, að ríkisstjórnin láti sem fyrst afla þessara upplýsinga og leggi þær fyrir næsta þing, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 3. marz 1951.

Gísli Jónsson, form., frsm.	Rannveig Þorsteinsdóttir, fundaskr.	Páll Zóphóníasson.

Ed. 796. Nefndarálit [176. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið á fundi í dag. Leggur hún til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarmanna (BrB) var ekki viðstaddur afgreiðslu málsins í nefndinni.

Alþingi, 3. marz 1951.

Bernh. Stefánsson, form.	Gísli Jónsson, fundaskr.	Karl Kristjánsson. frsm.
	Þorst. Þorsteinsson.	

Ed. 797. Nefndarálit [192. mál]

um frv. til l. um heimild til ráðstöfunar á fé mótvirðissjóðs.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin tók fyrir mál þetta og ræddi það á fundi sínum í dag og var sammála um að mæla með því, að það verði samþykkt.

Einn nefndarmanna (BrB) var ekki viðstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. marz 1951.

Bernh. Stefánsson, form.	Gísli Jónsson, fundaskr.	Þorst. Þorsteinsson, frsm.
	Karl Kristjánsson.	

Nd. 798. Breytingartillaga [194. mál]

við brtt. á þskj. 792 (Togarakaup).

Frá Emil Jónssyni og Ásgeiri Ásgeirssyni.

Aftan við tölul. 2 bætist:

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast allt að 2 milljón króna lán fyrir eigendur eldri togara til þess að setja í þá olíukyndingu, þó ekki yfir 75% af breytingarkostnaði, með þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

Ed. 799. Frumvarp til laga [194. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1950, um togarakaup ríkisins.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að lána kaupendum togaranna allt að 90% af andvirði þeirra. Heimilast henni að nota til þess lán það, er um ræðir í 1. gr. laga þessara, og önnur lán, sem heimilað er að taka í því skyni. Lánin skulu kaupendur fá með eigi lakari kjörum en ríkissjóður fær þau. Þó skal heimild sú, sem ríkisstjórninni er veitt í XVII. lið 22. gr. fjárlaga fyrir árið 1951, halda gildi sínu.

2. gr.

Á eftir 2. gr. laganna komi ný grein, er orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast allt að 2 millj. króna lán til kaupa á gömlum togurum og til að setja olíukyndingu í þá, gegn 1. veðrétti í skipunum, enda fari ábyrgðin ekki fram úr 75% af kostnaðar- eða matsverði skipanna með olíukyndingu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 800. Breytingartillaga [76. mál]

við frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 33/1935.

Frá dómsmálaráðherra.

Við 1. gr. Fyrir orðin „nema hann færi sterkar líkur fyrir því“ í 2. efnismálsgr. kemur: nema hann sanni með sterkum líkum.

Nd. 801. Lög [193. mál]

um breyting á lögum nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm, og lögum nr. 112 1950, um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

(Afgreidd frá Nd. 3. marz.)

Samhljóða þskj. 781.

Nd. **802. Nefndarálit** [30. mál]

um frumvarp til laga um iðnaðarmálastjóra.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Frv. þetta var upphaflega fram borið í hv. efri deild, og voru gerðar allmiklar breytingar á því þar. Málið kom síðan til neðri deildar, og hefur iðnaðarnefnd deildarinnar haft það til athugunar. Nefndin fékk formenn Landssambands iðnaðarmanna og Félags íslenzkra iðnrekenda á sinn fund til viðræðu um málið. Lýstu þeir báðir óánægju sinni með frv. eins og það var afgreitt frá hv. Ed., en töldu æskilegt, að því yrði breytt, og vísuðu í því efni til frumvarps, sem samið hafði verið af þeirri stjórnskipuðu nefnd, sem um getur í fylgiskjali með áliti meiri hl. iðnaðarnefndar Ed. á þskj. 306. Fékk iðnaðarnefnd einnig það frumvarp til athugunar.

Iðnaðarnefnd hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu frv. Meiri hl. n. vill flytja áðurnefnt frumvarp stjórnskipuðu nefndarinnar sem breytingartillögur við frv. En undirritaður telur aðra afgreiðslu málsins réttari og hagkvæmari.

Í því frv., sem meiri hl. nefndarinnar vill taka til flutnings, eru ýmis ákvæði, sem minni hl. telur vafasamt að verði til nota, þótt lögfest væru. T. d. um slíkt má nefna ákvæði frv. um verkefni iðnaðarmálastjóra. Um það segir svo m. a.:

„Hann undirbýr tillögur og áætlanir um ný iðjuver, er ríkissjóður lætur reisa eða styrkir aðra til að koma upp, svo og um endurbætur eða stækkanir iðjuvera, sem starfrækt eru af ríkissjóði eða hann styrkir með lánum, framlögum eða á annan hátt. Skal hann og hafa eftirlit með slíkum framkvæmdum fyrir hönd ríkissjóðs.“

Um þetta vill minni hl. taka fram, að hann telur heppilegra, að rekstur iðnaðarfyrirtækja svo og annar atvinnurekstur sé yfirleitt í höndum einstaklinga og félaga, einkum samvinnufélaga, heldur en ríkisins. Þó skal það viðurkennt, að ríkisrekstur getur átt rétt á sér og jafnvel verið óhjákvæmilegur, einkum þegar um mjög stór fyrirtæki er að ræða. En ekki er skynsamlegt að gera ráð fyrir, að iðnaðarmálastjóra yrði falið að annast undirbúning að stofnun slíkra stórra iðjuvera eða eftirlit með rekstri þeirra. Má hér t. d. nefna stærstu iðjuver ríkisins, síldarverksmiðjurnar og rafveiturnar. Þau fyrirtæki hafa sérmenntaða menn í sinni þjónustu, sem hafa unnið að uppbyggingu þeirra og stjórna rekstrinum. Hjá slíku verður ekki komizt. Sama gildir um fleiri fyrirtæki, þótt smærri séu, svo sem landssmiðju, ríkisprentsmiðju o. s. frv. Einnig um nýtt stórt iðjuver, sem nú á að reisa með þátttöku ríkisins, áburðarverksmiðjuna. Iðnaðarstarfsemin er og verður mjög fjölþætt, og til hennar þarf því sérmenntaða menn í mörgum greinum. Undirbúningur að stofnun margra iðnaðarfyrirtækja, sem ætlað er að gegna ýmiss konar og ólíkum verkefnum, getur því aldrei orðið falinn einum og sama manni, þótt hann hafi verkfræðilega menntun.

Minni hl. telur hins vegar, að væntanlegur iðnaðarmálastjóri og sú stofnun, sem hann veitir forstöðu, eigi að veita iðnaðinum hliðstæða þjónustu og Búnaðarfélag Íslands og Fiskifélag Íslands hafa um langan tíma veitt landbúnaði og sjávarútvegi. Verður að teljast eðlilegt og heppilegt, að slíkri almennri leiðbeininga- og upplýsingastarfsemi fyrir iðnaðinn verði komið á fót og að ríkið leggi fram fé til þeirrar þjónustu. En minni hl. vill benda á það, að Alþingi hefur ekki sett lög um störf búnaðarmálastjóra og fiskimálastjóra, sem veita forstöðu upplýsinga- og leiðbeiningastofnunum fyrir landbúnað og sjávarútveg. Verður ekki heldur séð, að þörf sé fyrir löggjöf frá Alþingi um iðnaðarmálastjórann. Að vísu hefur því verið haldið fram, að vegna þeirrar sundurgreiningar, sem er á félagssamtökum iðnaðarins, geti verið þörf fyrir lagasetningu um þessi efni. Iðnaðarmenn hafa félag, sem nefnist Landssamband iðnaðarmanna, og iðnrekendur annað, Félag íslenzkra iðnrekenda. Munu þó allmargir iðnrekendur vera utan þess. En þrátt fyrir þessa skiptingu á félagssamtökum iðnaðarins telur minni hl. enga ástæðu til að óttast það, að iðnaðarmenn og iðnrekendur geti ekki auðveldlega komið sér saman um að setja á fót upp-

lýsinga- og leiðbeiningastofnun, sem þjónaði báðum aðilum og nyti fjárhagslegs stuðnings frá ríkissjóði. Og þannig telur minni hl. heppilegast, að slík stofnun og starf iðnaðarmálastjóra verði byggt upp, af sjálfum félagssamtökum iðnaðarins, án óþarfa afskipta löggjafarvaldsins. Þannig hafa hliðstæðar stofnanir fyrir hina aðalatvinnuvegina, landbúnað og sjávarútveg, risið af grunni, og hefur það vel gefizt.

Með skírskotun til framanritaðs er það tillaga minni hl., að frumvarpið verði afgreitt frá þingdeildinni með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Neðri deild Alþingis telur eðlilegt, að ríkið leggi fram fé til styrktar upplýsinga- og leiðbeiningastarfsemi í þágu iðnaðarins, og mælir með því, að ríkisstjórnin setji fjárframlag í þessu skyni í frumvarp til fjárlaga fyrir næsta ár, ef slíkri starfsemi verður haldið uppi af félagssamtökum iðnaðarins. En með skírskotun til þess, að Alþingi hefur ekki sett lög um störf búnaðarmálastjóra og fiskimálastjóra, sem veita forstöðu þeim stofnunum, er annast upplýsinga- og leiðbeiningastarfsemi fyrir landbúnað og sjávarútveg, telur deildin ekki ástæðu til að setja lög um störf iðnaðarmálastjóra, sem félagssamtök iðnaðarins væntanlega ráða í sína þjónustu, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 4. marz 1951.

Skúli Guðmundsson.

Sþ. 803. Nefndarálit [188. mál]

um till. til þál. um aðstoð til frumbýlinga.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin ræddi till. þessa á einum fundi, og náðist ekki samkomulag um afgreiðslu hennar. Meiri hl. nefndarmanna vildi samþykkja till. óbreytta, en minni hl., 3 nefndarmenn, sá sér ekki fært að samþykkja till. að svo stöddu. — Einn nm. (IngJ) var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. marz 1951.

Helgi Jónasson, fundaskr., frsm. Halldór Ásgrímsson. Hannibal Valdimarsson.

Pétur Ottesen. Karl Kristjánsson.

Ed. 804. Frumvarp til laga [115. mál]

um sölu lögveða án undangengins lögtaks.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Nú eru gjöld tryggð með lögveði í sérstaklega tilgreindum eignum, fasteignum eða lausafé, og gjaldhæðin er ákveðin samkvæmt lögum eða reglugerðum, staðfestum af ráðherra, og má þá, ef gjöldin eru ekki greidd á réttum gjalddaga og lögtaksréttur er ekki fyrndur, selja lögveðið á nauðungaruppboði, en birta skal áður með mánaðar fyrirvara almenna áskorun um greiðslu gjaldanna í dagblaði eða á annan

venjulegan hátt og tilkynna skrásettum eiganda lögveðsins með ábyrgðarbréfi, sem borið sé út, að óskað verði uppboðs á veðinu, verði skuldin eigi greidd innan 30 daga frá dagsetningu tilkynningarinnar.

2. gr.

Uppboðið fari fram að hætti nauðungaruppboða.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 805. Nefndarálit [178. mál]

um till. til þál. um rekstur gömlu togaranna.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur rætt tillöguna á einum fundi. Tveir nefndarmenn (ÁS og HV) vildu láta samþykkja till. óbreytta, en á þetta gat meiri hl. ekki fallizt, þar sem engar upplýsingar liggja fyrir um það, hvaða útgjöld þál. kæmi til að hafa í för með sér fyrir ríkissjóðinn, og engar tekjur bent á á móti til að mæta slíkum útgjöldum. Auk þess hefur neðri deild þegar samþykkt heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast allt að 2 millj. króna lán til kaupa á gömlum togurum og til að setja oliukyndingu í þá. Þykir rétt að fá nokkra reynslu á þessu, áður en ríkissjóður tekur á sig frekari skuldbindingar hér að lútandi. Meiri hl. leggur því til að vísa tillögunni til ríkisstjórnarinnar. — Tveir nefndarmenn (PO og IngJ) voru fjarstaddir, er málið var afgreitt.

Alþingi, 5. marz 1951.

Gísli Jónsson, form., frsm. Helgi Jónasson, fundaskr. Jónas G. Rafnar.
Karl Kristjánsson. Halldór Ásgrímsson.

Ed. 806. Breytingartillögur [176. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku.

Frá Brynjólfi Bjarnasyni.

1. Við 1. gr. Í stað „43“ komi: 55.
2. Við 2. gr. Aftan við greinina bætist: og enn fremur allt að 12 millj. króna til þess að lána byggingarsjóði verkamanna, byggingarsamvinnufélögum og sveitarfélögum þeim, er byggja til þess að útrýma heilsuspillandi íbúðum, enda noti þessi félög féð eingöngu til kaupa á erlendu efni til íbúðarhúsabygginga.

Sþ. **807. Nefndarálit** [174. mál]

um till. til þál. um endurbætur á hafnargarðinum á Dalvík.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd hefur rætt tillögu þessa og sent hana vita- og hafnarmálastjóra til umsagnar. Umsögn vita- og hafnarmálastjórans hefur borizt nefndinni, dags. 15. f. m., og er prentuð sem fylgiskjal með þessu nefndaráliti.

Nefndin telur ekki þörf fyrir þingsályktun vegna óhjákvæmilegra aðgerða á skemmdum á hafnargarðinum á Dalvík og skírskotar um það til umsagnar vita- og hafnarmálastjórans, enda óvenjulegt, að Alþingi blandi sér þannig í þessi málefni.

Einn nefndarmanna (IngJ) var fjarstaddur afgreiðslu málsins í nefndinni.

Leggur nefndin til, að málið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að það hefur ekki verið venja, að Alþingi segi fyrir um skiptingu fjár úr hafnarbótasjóði til einstakra hafna, og rök hafa ekki komið fram fyrir því, að æskilegt sé, að sá háttur verði upp tekinn, og þar sem ábyrgð sú, sem farið er fram á í þingsályktunartillögunni, er heimil samkvæmt ákvæðum hinna almennu hafnarlaga, sér Alþingi ekki ástæðu til þess að samþykkja þingsályktun þessa og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 5. marz 1951.

Gísli Jónsson, form.	Helgi Jónasson, fundaskr.	Karl Kristjánsson, frsm.
Hannibal Valdimarsson.	Halldór Ásgrímsson.	Ásmundur Sigurðsson.
Pétur Ottesen.	Jónas G. Rafnar.	

Fylgiskjal.

VITA- OG HAFNARMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 15. febrúar 1951.

Með bréfi, dags. 14. þ. m., hefur háttvirt fjárveitinganefnd óskað umsagnar minnar um tillögu til þingsályktunar um endurbætur á hafnargarðinum á Dalvík, á þskj. 623, og í því sambandi óskað sérstaklega svars við tveim spurningum, svo hljóðandi:

a) Teljið þér heppilegt, að fjárveitinganefnd og Alþingi taki nú upp þá stefnu að skipta framlögum úr hafnarbótasjóði, eins og farið er fram á í tillögunni, en eins og yður er kunnugt, hefur nefndin ekki gert það undanfarin ár?

b) Teljið þér ekki, að heimild sú, sem farið er fram á í tillögunni, sé fyrir hendi í hinum almennu hafnarlögum og heimildin fyrir þeim í tillögunni sé þannig óþörf?

Spurningum þessum leyfi ég mér að svara þannig:

a) Ég hef ávallt verið þeirrar skoðunar, að ráðherra, sem fer með stjórn hafnarmála, þurfi að hafa sem frjálsastar hendur um meðferð hafnarbótasjóðs, þ. e. a. s. lánveitingar úr sjóðnum samkvæmt l. nr. 25/1945. Eftir að fjárveitinganefnd — og Alþingi — lýkur störfum, geta oft komið fyrir þau tilvik, sem ófyrirsjáanleg eru meðan Alþingi situr, og þá æskilegt, að ráðherra hafi í sinni hendi einhverja möguleika til aðstoðar, ef honum þykir ástæða til. Skoðun mín er óbreytt hvað þetta snertir.

b) Ríkissjóður hefur jafnan styrkt meiri háttar viðgerðir á hafnarvirkjum, að minnsta kosti eins og um nýbyggingu væri að ræða, en stundum meira (sbr.

Bolungavík og Bakkafjörð). Hér í þessari þingsályktunartillögu er aðeins farið fram á ríkisábyrgð á ⅗ hlutum kostnaðar, og tel ég, að ríkisstjórnin hafi heimild til þess samkvæmt hinum almennu hafnarlögum, nr. 29/1946, án þess að sérstök viðbótarheimild þingsins komi til.

Í þessum svörum mínum við spurningum háttvirtrar fjárveitinganefndar felst það, sem ég hef um þingsályktunartillöguna að segja.

Virðingarfyllst,
Emil Jónsson.

Til fjárveitinganefndar Alþingis.

Sþ. 808. Nefndarálit [149. mál]

um till. til þál. um aðstoð til eflingar atvinnulífinu í Flatey á Breiðafirði.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Tillagan var rædd á nokkrum fundum í nefndinni og síðan send atvinnumálaráðuneytinu og fjármálaráðuneytinu til umsagnar. Svar barst frá atvinnumálaráðuneytinu, þar sem upplýst var, að hreppsnefnd Flateyjarhrepps hefði sótt um lán úr bjargráðasjóði, hraðfrystihús Flateyjar farið fram á ríkisábyrgð fyrir láni, til þess að ljúka við útbúnað þess, og h/f Sigurfari fengið nokkurt rekstrarlán í Landsbankanum til útgerðar á þessari vertíð.

Eftir svari frá fjármálaráðuneytinu var lengi beðið, en það kom aldrei.

Þegar til kom, fékkst ekki samkomulag um að samþykkja till. óbreytta. Töldu þeir Gísli Jónsson, Helgi Jónasson, Karl Kristjánsson, Jónas Rafnar og Halldór Ásgrímsson ekki ástæðu til þess, en við undirritaðir leggjum til, að svo verði gert. — Þeir Pétur Ottesen og Ingólfur Jónsson voru ekki á fundi, er tillagan var afgreidd frá nefndinni.

Það, sem gerzt hefur í þessu máli, síðan tillagan var fram borin, er það, að mat hefur farið fram á eignum hraðfrystihúss Flateyjar og unnið er að því, að fyrirtækið fái nokkurt lán. Þá hefur Sigurfari h/f fengið rekstrarlán í Landsbankanum, og tókst með því að koma bát félagsins á veiðar á þessari vertíð. Einnig hefur Flateyjarhreppi verið veitt 50000 króna lán úr bjargráðasjóði.

Þó að þannig hafi nokkuð verið gert til að afstýra sárustu neyð í Flatey á Breiðafirði í augnablikinu, er það álit okkar, sem að þessu nefndaráliti stöndum, að því, sem mestu máli skiptir af því, sem tillagan fór fram á, hafi ekki verið sinnt, — nefnilega því að gera ráðstafanir til að tryggja hraðfrystihúsinu á staðnum nægilegt hráefni til vinnslu með útvegun tveggja vélbáta í viðbót eða með ríkisútgerð togara, sem síðan legðu afla á land, þar sem vinnuafl og atvinnutæki væru ónotuð eða illa nýtt.

Meðan svo er tekið á vandamálum atvinnulífsins sem hér hefur verið gert, eru mestar líkur til, að bjargráðalán til hreppsfélagsins verði skammgóður vermir og nýtt lán til hraðfrystihússins verði ekki nema augnablikshjálp, sem síðan geri vandamálið aðeins stærra og óviðráðanlegra með áframhaldandi rekstrartöpum.

Í málum sem þessum varðar mestu, að svo djúpt sé skorið, að ekki þurfi að skera aftur í bráð. Hálfkákið er stundum verst, og í þessu tilfelli benda allar líkur til, að þeirri fjárhagslegu hjálp, sem í té hefur verið látin, verði að mestu á glæ kastað, þar eð undirstöðuna vantar eftir sem áður. Þess vegna leggja undirritaðir til, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 5. marz 1951.

Hannibal Valdimarsson, frsm. Ásmundur Sigurðsson.

Ed. 809. Nefndarálit [165. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. þetta ýtarlega á mörgum fundum, og hafa mætt á fundum nefndarinnar stjórn Landssambands framhaldsskólakennara, rektor Menntaskólans í Reykjavík, Pálmi Hannesson, og fræðslumálastjóri, Helgi Eliasson. Þá hafði nefndin samband við formann milliþinganefndar í skólamálum, prófessor Ásmund Guðmundsson.

Rektor Menntaskólans í Reykjavík er því meðmæltur fyrir hönd síns skóla, að frumvarpið nái fram að ganga, en allir aðrir skólamenn, sem nefndin ræddi við, lögðu eindregið gegn því.

Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Minni hl. (SÓÓ og ÞÞ) vilja láta samþykkja frv., en við undirrituð leggjum til, að það verði fellt.

Frumvarp þetta er um það að veita ríkisstjórninni heimild til þess að láta tveggja ára óskipta miðskóladeild starfa við menntaskólana á Akureyri og í Reykjavík til vorsins 1953. Hér er um að ræða allverulega breytingu á skólakerfi landsins, byggða á undanþágu, sem samþykkt var á Alþingi 19. maí 1949 til handa Menntaskóla Akureyrar. Eins og þetta mál liggur nú fyrir, er raunverulega um það að ræða að gera hina tvo fjögurra vetra menntaskóla að 6 vetra skólum, þar sem yngstu nemendurnir ljúki á tveim vetrum því námi, sem nemendur á þeirra aldri hafa 3 vetur til í öðrum skólum. Gegn þessu skipulagi hefur mjög verið mælt af ýmsum þeim skólamönnum, sem nefndin ræddi við, og telja þeir, að með því sé ofboðið getu flestra unglinga á þessu þroskaskeiði, þannig að þeir bíði þess seint bætur. Að vísu er ekki gert ráð fyrir þessu nema með eina deild við hvorn skóla fyrst í stað, en eftir þeirri þróun, sem það mundi sýna, ef frv. það, sem hér liggur fyrir, yrði að lögum, gæti ekki liðið á löngu þar til þær deildir yrðu fleiri og skipulag menntaskólanna þá nákvæmlega eins og það var, að því er Menntaskólann í Reykjavík snerti, áður en hin nýja skólalöggjöf gekk í gildi, með því kapphlaupi, sem þá var um það að komast inn í þessa skóla. Telur meiri hlutinn, að með því að samþykkja frv. sé farið inn á hættulega braut og að með því sé höggvið stórt skarð í fræðslukerfi landsins, sem enn er þó ekki fengin fullnaðarreynsla á.

Ef starfrækt yrði gagnfræðadeild við báða menntaskólana, er stórkostlega gengið á rétt þeirra nemenda, sem með því að standast landspróf öðlast réttindi til þess að fá inngöngu í menntaskóla, þegar húsrúm það, sem skólar þessir hafa yfir að ráða, er notað handa nemendum gagnfræðadeildar. Rektor Menntaskólans í Reykjavík upplýsti, að hann hefði verið að því kominn á síðastliðnu hausti að neita nokkrum nemendum um rúm í skólanum og Menntaskóli Akureyrar getur ekki nú sem stendur tekið við nærri því öllum þeim nemendum, sem óska eftir vist í heimavist skólans, vegna þess að heimavistin er að nokkru setin gagnfræðanemendum. Búizt er við, að enn þá aukist aðsókn að menntaskólunum, og má því búast við því, að fyrr en varir verði farið að neita landsprófsnemendum um skólavist, og því fremur, ef skólarnir verða jafnframt gagnfræðaskólar. Mundu þá eðlilega þeir nemendur, sem stundað hafa nám í gagnfræðadeildum skólanna, sitja fyrir skólavist, en það væru börn úr bæjum þeim, sem menntaskólarnir eru staðsettir í. Takmarkanirnar mundu því fyrst og fremst koma niður á nemendum víðs vegar að af landinu, sem ætlað var með skólalöggjöfinni nýju að tryggja jafnréttisaðstöðu við nemendur úr Reykjavík og frá Akureyri.

Þá er alveg víst, að breyting sú, sem gert er ráð fyrir með frv., mundi kosta ríkissjóð stórfé, að nokkru leyti sökum þess, að kostnaðurinn við hinar nýju deildir menntaskólanna flyzt yfir á ríkið, að þeim hluta, sem bæirnir greiða kostnað við gagnfræðaskólana, og að nokkru leyti sökum þess, að óhjákvæmilega mundu koma

fram kröfur um launahækkanir kennara við lærdómsstig þau, sem eru hliðstæð við gagnfræðadeildir menntaskólanna.

Alþingi, 5. marz 1951.

Rannveig Þorsteinsdóttir, fundaskr., frsm. Hannibal Valdimarsson. F. R. Valdimarsson.

Fylgiskjal I.

FRÆÐSLUMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 5. marz 1951.

Samkvæmt ósk meiri hl. menntamálanefndar Ed. Alþingis staðfestast hér með bréflega meginatriði máls míns á fundi nefndarinnar hinn 2. þ. m. um það, hvers vegna ég tel, að óheppilegt sé, að haldin verði miðskóladeild við menntaskólana á Akureyri og í Reykjavík, en farið er fram á, að Alþingi veiti heimild til þessa, sbr. þskj. 707.

Á téðum fundi menntamálanefndar Ed. vísaði ég fyrst til A-liðs umsagnar minnar og greinargerðar, er ég sendi menntamálanefnd Nd. hinn 7. f. m., um frumvarpið eins og það var lagt fram í þeirri deild á þskj. 564, um breyting á lögum um menntaskóla. Bréfið fylgir hér með í samriti. Enn fremur tók ég fram við menntamálanefnd Ed. eftirfarandi atriði um frumvarpið eins og það liggur nú fyrir.

1. Meiri hluti barna í landinu lýkur nú burtfararprófi úr barnaskóla — barnaprófi — einu ári fyrr en fyrir fáum árum, og koma börn því ári yngri til gagnfræðanáms en áður.
2. Það er andlegur þrældómur að ætla unglingum — frá 13 ára aldri — að ljúka miðskólaprófi, sem er þriggja ára nám, á 2 árum, nema um afburða duglega og þroskaða unglinga sé að ræða. Má í því sambandi benda á það, að til undirbúnings tveggja ára gagnfræðanámi í menntaskólanum í Reykjavík þurfti nám í úrvals 8. bekk í barnaskólunum, sem sízt var léttara en nú er í 1. bekk gagnfræðaskóla, eða í sérstakri undirbúningsdeild. Úr öllum þessum hópi voru svo valdir 25 duglegustu nemendurnir til náms í 1. bekk menntaskólans.
3. Alþingismönnum er a. m. k. kunnugt um raddir í þá átt, að nýju fræðslulögin stefni að því að hneppa æsku landsins í skólafjötra og einhæft bóklegt nám. Þetta er að vísu mesti misskilningur, en verði lögfestar miðskóladeildir í menntaskólunum, þá fer ekki hjá því, að kennsluaðferðir, námsstörf og próf beinast inn á enn einskorðaðri brautir en nú er og hneppa störf skólanna í fjötra, sem a. m. k. allir hugsandi menn hljóta að fordæma.
4. Ég benti á það, að vel þyrfti að vanda val þeirra nemenda, sem fara ættu til menntaskólanáms eða annars langskólanáms. Þar væru þekkingar- og minnisprófin ekki einhlít. Aðrir hæfileikar og þroski þyrfti að koma þar til greina, og væru rannsóknir dr. Matthíasar Jónassonar mikilvægur liður í því að finna sem réttastar leiðir í þessu efni.
5. Þótt ég telji víst, að húsnæði í menntaskólanum á Akureyri verði sízt of mikið fyrir lærdómsdeildir þar, þá eru þó enn lakari húsnæðisskilyrði í menntaskólanum í Reykjavík.
6. Hvað sem fjármálum eða öðru líður, þá tel ég, að í skólalöggjöf og skólastörfum beri að leggja höfuðáherzluna á efniviðinn, sem unnið er með, þ. e. nemendurna, og gera ekki kröfur til þeirra, sem ekki eru í samræmi við aldur þeirra, hæfni og þroska.

Helgi Elíasson.

Til menntamálanefndar Ed., Alþingi.

Fylgiskjal II.

Hluti af bréfi fræðslumálastjóra til menntmn. Nd., dags. 7. febr. 1951.

.... legg ég til:

A. Í fyrsta lagi: Að frumvarpið verði fellt eða því vísað frá með rökstuddri dagskrá.

.....

Greinargerð eða rökstuðning fyrir A-lið tillögu minnar er að finna í fylgiskjölum þeim (II—V), sem prentuð eru með nefndaráliti háttv. menntamálanefndar Alþingis 1948—49, þskj. 611, um frv. til laga um breyt. á l. um menntaskóla, og fylgir það hér með. Vegna greinargerðar frv., eins og það liggur nú fyrir Alþingi, vil ég enn fremur benda á — og/eða ítreka — eftirfarandi:

1. Ríkissjóður greiðir einn allan kostnað við rekstur menntaskóla, en helming rekstrarkostnaðar miðskóla.
2. Skýrsla grg. frv. um nemendur sýnir, að 18 miðskóladeildarnemendur hafa verið látnir sitja fyrir 39 lærdómsdeildarnemendum um heimavist.
3. Á sama tíma og sótt er fast af M.A. að fá fé til aukinna bygginga fyrir skólann, kemur fram ótti um það, að ekki verði hægt að nýta allt það húsnæði, sem skólanum er nú talið nauðsynlegt, nema með því að fara inn á verksvið annarra skóla. (Á sama tíma fæst ekkert gert í húsnæðisvandamálum Menntaskólans í Reykjavík.) Að vísu er ég þeirrar skoðunar, að þegar heimavistarhús M.A. verður fullbúið, þá muni ekki standa á lærdómsdeildarnemendum að fylla það. Og vart trúi ég öðru en að kennarar M.A. telji þörf á húsnæði því, er fæst þegar heimavistin flytur úr skólahúsinu, fyrir sérgreinastofur, söfn o. fl. Þessa mun ekki vanþörf.
4. Það er síður en svo æskilegt, að verið sé að láta nemendur hraða námi umfram aldur sinn, og reynsla erlendis og hérlendis hefur sýnt, að það getur verið misskilinn metnaður eða sparnaður að láta þá „hlaupa yfir bekk". Þótt nemendur geti lært námsefni, sem ætlað er eldri nemendum, þá borgar sig ekki að láta lærdóminn hlaupa fram úr andlegum og líkamlegum þroska. Það er álit sérfróðra uppeldis- og sálfræðinga, að ekki ætti að láta nemendur taka próf um aldur fram, nema um afburða þroska — andlegan og líkamlegan — sé að ræða.
5. Miðskólanám er þriggja ára nám, svo að M.A. yrði 7 ára skóli, ef frumvarpið verður að lögum.

Fylgiskjal III.

Hvað kostar miðskóladeild í menntaskóla ríkissjóð meir en sama deild í héraðs- eða gagnfræðaskóla?

I. Í kennaralaunum:		
a. Mismunur á föstum grunnlaunum menntaskólakennara í 9 mán. og gagnfræðaskólakennara í 8 mán. verður (28800—24000) ..	kr.	4800.00
b. Mism. á kennsluskyldu menntask.kennara og gagnfræðaskólakennara (30—27), 3 st. á viku í 36 vikur á 23.10	—	2494.40
c. Launauppbót og verðlagsuppbót á a+b, 41.45% af kr. 7298.40	—	3025.19
d. Mismunur á stundakennslu menntaskólakennara og gagnfræðaskólakennara (þ. e. það, sem á vantar kennslustundafjölda í einni deild (35—30 st.)), kr. 32.67—27.58 = 5.09, 5 st. í 32 vikur	—	914.40
Samtals	kr.	11237.99
II. Annar rekstrarkostnaður á deild a. m. k.	—	10000.00
Alls I+II	kr.	21237.99

Fylgiskjal IV.

MILLIÞINGANEFND Í SKÓLAMÁLUM

Reykjavík, 14. marz 1949.

Menntamálaráðuneytið hefur með bréfi, dags. 1. þ. m., sent skólamálanefndinni til umsagnar frumvarp til laga á þskj. 302 um breyting á lögum um menntaskóla, nr. 58 frá 7. maí 1946.

Skólamálanefndin leggur eindregið á móti því, að umrætt frumvarp verði lögfest. Breyting sú, sem þar er farið fram á, er mjög varhugaverð og getur orðið örlagarík, einkum fyrir miðskóla og gagnfræðaskóla, bæði í sveitum og kaupstöðum. Mundi hún rífa niður sumt af því mikilvægasta, sem nefndin vildi byggja upp með hinni nýju skólalöggjöf, og raska skólakerfinu.

Máli sínu til stuðnings vill nefndin benda á eftirfarandi atriði:

1. Nefndinni er það kunnugt, að fái Menntaskóli Akureyrar (M. A.) að halda gagnfræðadeild — eða öllu heldur miðskóladeild — þá mun koma sams konar krafa frá Menntaskólanum í Reykjavík; krafa, sem yrði að sinna, því að auðsætt er, að hið sama verður að gilda í þessum efnum fyrir menntaskólana báða. Hefur Menntaskólinn í Reykjavík alltaf farið eftir reglugerð og lögum, starfar 1. bekkur gagnfræðadeildar ekki í vetur, og munu síðustu gagnfræðingar útskrifast þaðan í vor.

2. Skólamálanefnd vantreystir auðvitað á engan hátt menntaskólum til að annast gagnfræðanám, en hún vill greina það frá þeim af þeirri ástæðu, að með því móti verður skólakerfi landsins samfelldara og hagkvæmara og menntaskólarnir skipaðir samstæðari og þroskaðri nemendum. Takist ekki samfelldum 4 ára menntaskóla að móta til góðs nemendur sína, þá mun það trauðla takast heldur, þótt hann verði 6 eða 7 ára skóli.

3. Það mun vera sameiginlegt álit miðskóla og gagnfræðaskóla, að vegur þeirra sé til muna aukinn með því, að þeim sé treyst til þess að búa efnilega nemendur undir nám í menntaskóla og kennaraskóla. Hafa þeir talið sér það mikinn ávinning. Úr honum mundi það draga, ef menntaskólarnir fengju í reyndinni eins konar forréttindi að þessum undirbúningi, og mundu skólar gagnfræðastigsins telja sér sýnt vantraust með þessu móti.

4. Ef menntaskólarnir yrðu jafnframt miðskólar, þá mundi aftur hefjast hið óhugnanlega kapphlaup aðstandenda um að koma börnum sínum inn í þá og Reykvíkingar og Akureyringar standa öðrum landsmönnum miklu betur að vígi í þeim efnum. Kæmist þá aftur á óeðlilegt misrétti. Virðist nefndinni, að þetta mundi sízt verða til þess að hamla gegn því, að aðstandendur efnilegra nemenda í dreifbýlinu flyttu til Akureyrar eða Reykjavíkur sökum þess, að þeir teldu sér þá auðveldara fjárhagslega að standast kostnað við námsdvöl barna sinna.

5. Frumvarpið gerir ráð fyrir, að landspróf — þar mun vera átt við miðskólapróf samkv. núgildandi reglugerð — gildi til upptöku í 3. bekk M. A., en að öðru leyti starfi skólinn með sama fyrirkomulagi og hingað til. Ef þetta yrði lögfest, þá tækju nemendur M. A. raunverulega tvisvar próf, sem veitti rétt til lærdómsdeildarnáms, þ. e. miðskólapróf og 3.-bekkjarpróf M. A. Mundi þetta torvelda samstarf menntaskólanna og valda ósamræmi. Hlýtur öllum að vera ljóst, hversu fráleitt þetta er, t. d. vegna nemenda, sem flyttu búferlum milli Reykjavíkur og Akureyrar. Ekki kemur annað til mála en að lærdómsdeild M. A. verði í samræmi við ákvæði laganna um menntaskóla — eins og er í Menntaskólanum í Reykjavík, — þ. e. 4 ár, svo sem miðskólaprófið veitir réttindi til, enda raskar það á engan hátt því, sem nefndinni virðist aðalatriði frumvarpsins, þ. e. langdvöl nemenda í M. A.

6. Þeir, sem að frumvarpinu standa, hafa sýnilega ekki gert sér það ljóst, að ef M. A. fengi að hafa miðskóladeild, þá yrði hún að taka við börnum að loknu barnaprófi, sem lokið er á því ári, er þau verða 13 ára, þ. e. ári fyrr en fullnaðarprófi var lokið eftir eldri fræðslulögum. Þessi skipan um barnapróf er þegar komin á í flestum kaupstöðum landsins — m. a. á Akureyri — og í allmörgum þorpum.

M. A. yrði þá að hafa þessa nemendur í 3 ár áður en þeir kæmust í núverandi 3. bekk, eða 7 ár alls til stúdentsprófs.

7. Oftast er mjög erfitt að ákveða það um börn á 13. ári, hvort rétt sé og æskilegt, að þau leggi stund á langskólanám. Enda mun það almennt álit uppeldisfræðinga, að heppilegt sé, að ákvörðun um slíkt sé frestað, unz börnin hafa náð meiri þroska. Ber nútímaskólalöggjöf helztu menningarþjóða einnig vitni um þá skoðun.

8. Ríkissjóður ber allan kostnað við stofnun og rekstur menntaskóla, en ekki nema helming stofnkostnaðar skóla gagnfræðastigsins og reksturs að frátöldum launum fastra kennara. Auk þess eru laun menntaskólakennara nokkru hærri en laun gagnfræðaskólakennara. Ef umrætt frumvarp yrði að lögum, mundi það því hafa aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð. Enn fremur má telja víst, að aðrir miðskólar og gagnfræðaskólar mundu fara fram á, að ríkissjóður greiddi einnig allan kostnað við stofnun og rekstur þeirra.

9. Þess má geta, að í Svíþjóð hefur á undanförnum árum farið fram endurskoðun skólakerfisins. Tillögur skólamálanefndar Svía voru birtar síðastl. vor. Þar er lagt til, að menntaskólar verði þriggja ára skólar, en upp í efsta bekk gagnfræðaskólanna fari fram val á þeim nemendum, sem fara eiga í menntaskóla, og kennslan síðasta veturinn í gagnfræðaskólanum samsvari í raun og veru námi í 1. bekk menntaskóla. Í Svíþjóð er með öðrum orðum stefnt í gagnstæða átt við umrætt frumvarp um 6 ára, eða réttara sagt 7 ára, samfelldan menntaskóla. Sænskir menntaskólakennarar eru sömu skoðunar og skólamálanefndin hér á landi og vinna að því, að menntaskólar verði fjögurra ára skólar.

Í þessu sambandi vill skólamálanefnd láta í ljós það álit sitt, að 1. bekkur fjögurra ára menntaskóla eigi að vera það þungur, að eigi komist aðrir nemendur upp úr honum en þeir, sem menntaskólarnir telja, að vel séu hæfir til langskólanáms.

10. Sökum þess, að miðskólapróf hefur ekki verið hagkvæmur undirbúningur undir 3. bekk M. A., hafa héraðs- og gagnfræðaskólar á Vestur- og Norðurlandi til þessa yfirleitt ekki talið sér hentugt að miða kennslu sína við miðskólapróf. Þeir hafa því sent ýmsa efnilega nemendur til Akureyrar — stundum um miðjan vetur — til þess að vera þar í menntaskólanum og taka þar próf. Í vetur eru þessir skólar að byrja á því að búa nemendur sína undir að ljúka miðskólaprófi hjá sér í þeirri von, að eigi þurfi að láta þá taka það í menntaskólunum.

11. Viðvíkjandi greinargerð frumvarpsins vill skólamálanefndin taka þetta fram:

a. Það er vitanlegt — enda svo ráð fyrir gert í lögunum um fræðsluskyldu og skólakerfi — að það tekur allmörg ár að koma hinni nýju skólalöggjöf í framkvæmd til fulls. Þótt hin nýju lög hefðu ekki komið, þá hefði nemendafjöldi og skólahaldskostnaður samt aukizt jafnt og þétt. Skólahús hefði þurft að byggja hvort eð var — og kennurum hefði orðið að fjölga í hlutfalli við nemendatölu. Það er því fullkominn misskilningur, að hið nýja skólakerfi valdi eitt öllum auknum skólahaldskostnaði fyrir þjóðarheildina. Hitt mun sönnu nær, að hið hagfellda skólakerfi auðveldar einstaklingum að standast kostnað við námsdvöl skjólstæðinga sinna, og samræmi er fengið um skiptingu skólahaldskostnaðar milli ríkissjóðs og sveitarsjóða. Með umræddu frumvarpi yrði ríkissjóði óhjákvæmilega gert að greiða meiri kostnað af gagnfræðanámi en skólalöggjöfin nýja gerir ráð fyrir, eins og þegar hefur verið bent á.

b. Um langdvöl í sama skóla hefur þegar verið rætt hér að framan. Því má þó bæta við, að nokkur þroskaauki og víðsýni getur fengizt af því fyrir nemendur, að vera ekki öll sín þroskaár undir sömu stjórn og aga.

c. Það, sem sagt er um hina góðu aðstöðu hér í Reykjavík til gagnfræðanámsins, er hin mesta fjarstæða. Hvergi á landinu mun aðstaðan lakari í húsnæðismálunum. Báðir gagnfræðaskólar bæjarins búa við mjög lélegt bráðabirgðahúsnæði. Tvísett er í allar stofur skólanna, og 1. bekkur, fyrir 13 ára börn, er allur til húsa í barnaskólum bæjarins. Á þessu verður að vísu ráðin örlítil bót, þegar hið

nýja gagnfræðaskólahús með 11 almennum kennslustofum verður tekið til notkunar.

d. Þótt hið nýja heimavistarhús M. A. muni rúma um 170 nemendur, þegar það verður fullbyggt, þá má gera ráð fyrir því, að svo margir sæki menntaskólann, að ekki verði einu sinni unnt að fullnægja eftirspurn utanbæjarnemenda. Síðastliðinn vetur voru 20 utanbæjarnemendur í 1. bekk gagnfræðadeildar M. A., þar af aðeins 1 í heimavist. Í 2. bekk voru 37 utanbæjarnemendur, þar af 9 í heimavist. Þetta kemur ekki vel heim við það, sem sagt er í greinargerðinni.

e. Nefndin ber síður en svo brigður á, að agi og góð stjórn hafi verið og sé í M. A., en þrátt fyrir það telur hún, að skólanum verði hagur að því að losna við yngstu nemendurna — börnin — svo að hópurinn verði samstæðari en verið hefur. Það verður því spor áfram en ekki aftur á bak, ef farið verður eftir núgildandi lögum án breytinga.

f. Um samþykktir eða áskoranir þær, sem getur í greinargerðinni, þarf eigi margt að segja. Þær eru hver annarri líkar og munu vart byggðar á nákvæmri athugun á því, sem verða mun, ef hin nýja skólalöggjöf fær að njóta sín eftir því, sem efni standa til. Telur skólamálanefndin líklegra, að fólk almennt kjósi frekar að halda sem lengst börnum sínum og unglingum frá kaupstöðunum, sé kostur á hliðstæðri kennslu annars staðar.

12. Skólamálanefndin hefur kynnt sér efni eftirtalinna gagna, sem send hafa verið menntamálanefnd Nd. Alþingis varðandi þetta frumvarp:

1. Bréf frá Þorsteini M. Jónssyni skólastjóra, dags. 13. febr. 1949.
2. Ályktun kennarafundar G. A. hinn 7. s. m.
3. Afrit af fundargerð fræðsluráðs Akureyrar á fundi 10. s. m.
4. Vottorð héraðslæknis 10. febr. 1949 um húsnæði Gagnfræðaskóla Akureyrar.
5. Bréf fræðslumálastjóra, dags. 20. ág. f. á., þar sem ræðir um það, hvort heimila skuli, að M. A. hafi 1. bekk gagnfræðadeildar í vetur.

Nefndin fellst á þau rök, er þar koma fram.

Enn fremur hefur skólamálanefnd haft til athugunar ályktun kennarafundar M. A., dags. 13. febr., ásamt greinargerð, og kemur afstaða nefndarinnar fram í því, er segir um áðurnefnt frumvarp í heild.

F. h. Milliþinganefndar í skólamálum.

Ásmundur Guðmundsson. Helgi Elíasson.

Fylgiskjal V.

Úr gerðabók F. M. K. (Félags menntaskólakennara).

„Á aðalfundi félagsins, er haldinn var í Reykjavík dagana 24.—28. júní 1945, voru eftirfarandi tillögur samþykktar:

„Fundur í Félagi menntaskólakennara telur, að frumvörp þau, er milliþinganefnd í skólamálum hefur lagt fram, stefni í rétta átt og séu í samræmi við þá þróun, sem orðið hefur í skólamálum landsins hin síðari ár. Jafnframt leggur fundurinn áherzlu á, að varast beri, að ákvæðum hins fyrirhugaða skólakerfis verði beitt þannig, að þau bindi um of starfsháttu hinna einstöku skóla, t. d. megi ekki miða kennslu í hinum lægri skólum eingöngu eða aðallega við undirbúning undir menntaskólana; enn fremur verði ákvæðum um aldurstakmark beitt með fyllstu varúð, þegar í hlut eiga framúrskarandi gáfaðir og þroskaðir nemendur.“

.....“

Fylgiskjal VI.

LANDSSAMBAND FRAMHALDSSKÓLAKENNARA

Reykjavík, 23. febrúar 1951.

Stjórn Landssambands framhaldsskólakennara hefur athugað frv. á þskj. 564, um breytingu á lögum um menntaskóla, ásamt greinargerð flutningsmanna og rökstuðningi Menntaskólans á Akureyri. Þá er stjórninni og kunnugt um þær breytingar, sem frv. hefur tekið við meðferð háttv. neðri deildar. Stjórn Landssambandsins leyfir sér hér með að skora á háttv. Alþingi að höggva ekki það skarð í nýlega stofnað fræðslukerfi landsins, sem samþykkt þessa frv. mundi hafa í för með sér. Í því sambandi bendir stjórnin á fyrri rökstuðning sinn gegn sams konar aðgerðum, sbr. bréf dags. 2. maí 1949.

Til viðbótar skal fyrst og fremst tekið fram, að þau rök Menntaskólans á Akureyri, að hann geti veitt þá fræðslu á tveimur árum, sem aðrar menntastofnanir þurfa til 3 ár, eru, eins og gefur að skilja, algerlega staðlausir stafir. Kennarar Menntaskólans á Akureyri hafa enn enga reynslu fengið um það, hve skjótt þeim mundi takast að mennta barnaprófsbörn, svo að þau geti staðizt landspróf miðskóla. Aðrir skólar hafa engu síður kennt úrvalsbörnum með eldra fullnaðarprófinu á tveimur árum undir sama próf og náð hliðstæðum árangri.

Tilgangur skólalöggjafarinnar er ekki hvað sízt sá, að nemendur þurfi yfirleitt ekki að sækja langt að til miðskóla- og gagnfræðanáms. Stofnun miðskóladeildar við Menntaskólann á Akureyri er spor í öfuga átt. Á Akureyri er gagnfræðastigið vel sett með húsrúm, og í Norðlendingafjórðungi, utan Akureyrar, fer þegar fram miðskólakennsla við 2 héraðsskóla og a. m. k. 4 kaupstaðarskóla. Allir þessir skólar hafa þegar sýnt, að þeir eru verkinu vaxnir, og allir geta þeir án aukakostnaðar aukið tölu miðskólanemenda. Heimavistarhúsnæði Menntaskólans á Akureyri réttlætir vitanlega á engan hátt slíka undanþágu, enda ber skýrsla skólans sjálfs með sér, að nú þegar væru aðeins 28 rúm ófyllt af menntadeildarnemum, þó að allar vistarverur væru fullgerðar. Virðist engin ofrausn, þótt skólinn eigi þessi fáu rúm til að mæta óhjákvæmilegum vexti menntaskólans sjálfs.

Menntaskólinn í Reykjavík hefur ekki einu sinni upp á neinar heimavistir að bjóða, né heldur ónotað húsnæði, sem réttlæti stofnun miðskóladeildar við þann skóla. Alkunnugt er, hve forustumenn þess skóla hafa talið nauðsynlegt að auka húsrými hans vegna aukinnar aðsóknar að menntaskólanámi. Það hljóta því að vera önnur rök, sem að því hníga að taka upp í frv. þetta sams konar undanþágu við Menntaskólann í Reykjavík. Þótt enn sé þrengra um húsrúm fyrir gagnfræðanámið í höfuðstaðnum en vera ætti og mun þrengra en á Akureyri og á Norðurlandi yfirleitt, þá má vissulega segja slíkt hið sama um menntaskólanámið hér. Á báðum stöðunum eiga menntaskólarnir fyrir höndum að sinna hratt vaxandi aðsókn að menntaskólanámi, svo að þeim er hvorugum þörf né rétt að seilast eftir viðfangsefnum annarra námsstiga.

Í rökstuðningi Menntaskólans á Akureyri er að því vikið, að kerfi fræðslulaganna hafi verið sniðgengið, t. d. með menntaskólanámi á tveim stöðum og með starfrækslu unglingadeilda við barnaskólana í Reykjavík.

Það er misskilningur, að fræðslulöggjöfin sé hér sniðgengin. Með framhaldsnámi við gagnfræðaskólann á Ísafirði og héraðsgagnfræðaskólann á Laugarvatni er fram haldið þeirri stefnu, sem þessi skólalöggjöf markar í þá átt að dreifa framhaldsskólakennslu um landið. Þessi stefna kemur m. a. fram í 1. gr. laga um menntaskóla, þar sem gert er ráð fyrir stofnun menntaskóla í sveit, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum. Reynsla sú, sem þegar er fengin af starfrækslu menntaskóladeilda fyrir fyrrnefnda skóla, bendir aðeins til þess, að hagkvæmt muni að dreifa einnig a. m. k. nokkrum hluta menntaskólanáms meir en gert hefur verið.

Í tveimur barnaskólum Reykjavíkur starfa nú unglingadeildir. Er það í fullu samræmi við lög um gagnfræðanám, enda eru til þeirra ráðnir gagnfræðakennarar.

Þar er því ekki um neina sniðgöngu á skólakerfinu að ræða, heldur bráðabirgðatilhögun, sem lögin sjálf gera ráð fyrir að gripið sé til, meðan nægilegar skólastofnanir eru að komast á laggirnar. Slík bráðabirgðatilhögun í Reykjavík styður því á engan hátt stofnun miðskóladeilda við menntaskólana.

Þá vill stjórn Landssambandsins leyfa sér að vekja athygli hins háa Alþingis á því, að færi svo, að stofnað yrði til miðskólanáms við menntaskóla, yrði skiljanlega að tryggja öllum miðskólakennurum sömu laun fyrir starf sitt, hvort sem það færi fram í gagnfræðaskóla, héraðsskóla eða menntaskóla.

Um nýtt skólakerfi má að sjálfsögðu lengi deila. Skólakerfi þetta var vandlega undirbúið af milliþinganefnd og háttvirtu Alþingi. Reynslan ein verður að skera úr því, hvort vel eða illa hefur tekizt um löggjöf þessa, og enn er vitanlega allt of snemmt að segja, hvernig sá dómur verður. Hins vegar verður úrskurður reynslunnar a. m. k. tafinn með þeim hringlanda í skólalöggjöfinni, sem hér er stofnað til. Leiði reynslan í ljós verulega galla á skólakerfinu eða framkvæmd þess, ber að sjálfsögðu að rannsaka orsök þeirra gaumgæfilega og leita eftir leiðum til að uppræta gallana. Ekkert slíkt liggur enn fyrir. Ber því að forðast ónauðsynlegar undanþágur eins og þá, sem hér er borin fram, en ganga með einhug að framkvæmd settrar löggjafar, svo að hún megi sem fyrst koma að fullum notum.

Um leið og stjórn Landssambands framhaldsskólakennara sendir háttvirtri menntamálanefnd efri deildar þetta álit sitt, leyfir hún sér að óska viðtals við nefndina, þegar umrætt frv. verður tekið fyrir til athugunar.

Virðingarfyllst.

F. h. stjórnar Landssambands framhaldsskólakennara,

Helgi Þorláksson, form.	Sigurður Ingimundarson, varaform.	Helgi Tryggvason, ritari.

Til menntamálanefndar efri deildar Alþingis.

Fylgiskjal VII.

Yfirlýsing frá gagnfræðaskólakennurum.

Undirritaðir kennarar, sem starfa við miðskóladeildir gagnfræðaskólanna í Reykjavík, telja sjálfsagt, að öllum kennurum, er starfa við miðskóladeildir, verði tryggð sömu laun, hvort sem þær deildir eru í gagnfræðaskólum, héraðsskólum — eða menntaskólum, ef til þess kemur.

Vér teljum sérstaka ástæðu til að taka þetta fram nú, þar eð fyrir Alþingi liggur frumvarp (á þingskjali 564), sem gerir ráð fyrir, að miðskóladeildir verði starfræktar við menntaskólana. Ef frumvarp þetta yrði samþykkt, væri raskað þeim grundvelli launalaga, sem réttlætir launamun kennara menntaskóla og gagnfræðaskóla.

Reykjavík, 23. febrúar 1951.

Sveinbjörn Sigurjónsson. Skúli Þórðarson. Árni Guðnason. Guðmundur Þorláksson. Ástráður Sigursteindórsson. Guðrún Helgadóttir. Adolf Guðmundsson. Jón Guðjónsson. Vignir Andrésson. Gunngeir Pétursson. Skarphéðinn Haraldsson. Stþ. Guðmundsson. Bína Kristjánsson. Björn Bjarnason. Björn Þorsteinsson. Ingólfur Davíðsson. Sverrir Kristjánsson. Óskar Magnússon frá Tungunesi. Sigurður Ingimundarson. Sverrir Arngrímsson.

Nd. 810. Breytingartillaga [30. mál]

við frv. til l. um iðnaðarmálastjóra.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Fyrirsögn frv. orðist svo:
Frumvarp til laga um iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráð iðnaðarins.

Sþ. 811. Nefndarálit [184. mál]

um till. til þál. um námslánasjóð.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað málið og leggur til, að tillagan verði samþykkt óbreytt. (JS, MK og StSt voru ekki viðstaddir, er málið var afgreitt.)

Alþingi, 5. marz 1951.

Jóhann Þ. Jósefsson, form.	Jón Gíslason, fundaskr.	Jörundur Brynjólfsson, frsm.

Finnur Jónsson.

Ed. 812. Breytingartillögur [176. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku.

Frá Haraldi Guðmundssyni og Hannibal Valdimarssyni.

1. Við 1. gr. Í stað „43 millj. króna“ komi: 50 millj. króna.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Af láni því, er um ræðir í 1. gr., er heimilt að verja allt að 25 millj. króna til greiðslu eftirstöðva af kostnaðarverði þeirra 10 togara, sem ríkisstjórnin á í smíðum í Bretlandi, allt að 12 millj. króna til þess að lána Búnaðarbanka Íslands, allt að 7 millj. króna til verkamannabústaða og samvinnubyggingarfélaga og allt að 6 millj. króna til iðnlánasjóðs, með sömu kjörum og lánið verður tekið.

Sþ. 813. Nefndarálit [178. mál]

um till. til þál. um rekstur gömlu togaranna.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Vill meiri hlutinn afgreiða það með rökstuddri dagskrá, en minni hlutinn telur hins vegar rétt, að till. verði samþykkt.

Nú um alllangan tíma hafa gömlu togararnir legið bundnir í höfn. Hefur mörgum ofboðið að sjá þessi atvinnutæki liggja þannig aðgerðarlaus, enda verða sífellt háværari kröfurnar um það, að hafizt sé handa um að gera þá út til veiða.

Bæði ríkið, Reykjavíkurbær og einstaklingar hafa nú lagt stórfé í fiskiðjufyrirtæki. Má þar til nefna Fiskiðjuver ríkisins, Faxaverksmiðjuna og Hæring. Nú standa þessi dýru fyrirtæki ónotuð, vegna þess að þau vantar hráefni til vinnslu. Sér hver maður, hverjar afleiðingar það hefur að láta allt það fjármagn standa óarðbært. Hér er búið að byggja fyrirtæki, sem bæði áttu að tryggja fjölda fólks atvinnu og skapa gjaldeyri fyrir þjóðarbúið. Jafnframt þessu hefur atvinnuleysið farið mjög í vöxt á síðustu mánuðum, svo sem staðfest hefur verið með atvinnuleysisskráningum þeim, er fram hafa farið.

Þá ber enn fremur þess að geta, að verðlag sjávarafurða fer nú hækkandi á heimsmarkaðinum. Má þar sérstaklega nefna síld og síldarafurðir, er hækka nú mjög í verði, og einnig hraðfrystan fisk, fiskmjöl o. fl. Eykur sú staðreynd stórum líkurnar fyrir því, að rekstur togaranna geti beinlínis orðið arðbær, og því meiri ástæða til að láta þá ekki lengur liggja við landfestar.

Þá er ekki síður ástæða til að benda á þá miklu þörf, sem þjóðin hefur nú fyrir auknar gjaldeyristekjur. Nú er fyrirhugað að auka neyzluvöruinnflutning til landsins til stórra muna, að nokkru fyrir Marshallfé og einnig fyrir yfirdrátt eða lán hjá Greiðslubandalagi Evrópu. Hefur Alþingi nýlega veitt ríkisstjórninni heimild til slíkrar skuldasöfnunar, allt að 65 millj. kr. Mega það teljast furðulegir stjórnarhættir að ætla þjóðinni að lifa á slíkum lánum, en láta togara og verksmiðjur standa og liggja hreyfingarlaus og þar með dýrasta verðmætið, vinnukraftinn, ónotað, jafnframt því sem tekjuskortur sverfur að fjölda heimila vegna atvinnuleysisins.

Við leggjum því til, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 5. marz 1951.

Ásmundur Sigurðsson, frsm. Hannibal Valdimarsson.

Ed. 814. Nefndarálit [139. mál]

um frv. til laga um forfallahjálp húsmæðra.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur rætt frv., en ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Vill meiri hl. láta samþykkja það með nokkrum breytingum. Á þetta gat minni hl. ekki fallizt. Mál þetta er algert nýmæli og að ýmsu leyti mjög merkilegt. Það er hins vegar svo yfirgripsmikið og vandasamt, að sýnilegt er, að það þarf enn miklu betri undirbúning, áður en það er tekið í lög. Og með því að sýnilegt er, að málið nær ekki fram að ganga á þessu þingi, þótt það yrði samþykkt í fyrri deild nú, þykir ekki ástæða til að bera fram víðtækar breytingar á frv., eins og minni hl. mundi gera, ef vonir stæðu til, að það næði fullnaðarafgreiðslu. Minni hl. leggur því til, að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar til frekari undirbúnings.

Alþingi, 5. marz 1951.

Gísli Jónsson, frsm. Lárus Jóhannesson, fundaskr.

Ed. 815. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [96. mál]

í málinu: Frv. til l. um breyt. á l. nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Í trausti þess, að ríkisstjórnin hlutist til um, að leyfi til fjárfestingar til bygginga almennt verði rýmkað eftir því sem þörf er á og tiltækilegt þykir og að framkvæmd 5. gr. laga nr. 70 5. júní 1947 verði nú þegar með þeim hætti, að leyfðar verði hindrunarlaust byggingar hagkvæmra smáíbúða og aðrar minni háttar byggingar, svo sem útihús í sveitum, verbúðir o. fl., tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Ed. 816. Lög [156. mál]

um breyting á lögum nr. 122 28. des. 1950, um breyting á lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

(Afgreidd frá Ed. 5. marz.)

Samhljóða þskj. 767.

Ed. 817. Nefndarálit [194. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1950, um togarakaup ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin ræddi frv. á fundi sínum í dag. Bent var á, að eðlilegt hefði verið að breyta 1. gr. frv. þannig, að skýrt kæmi fram, að atvinnuþörf einstakra staða á landinu væri ekki ein látin ráða, er þeim skipum yrði úthlutað, sem enn eru óseld, heldur yrði jafnhliða höfð hliðsjón af því, hvaða skilyrði væru fyrir hendi til útgerðar togara á viðkomandi stöðum og hver líkindi væru til þess, að þeir aðilar, sem fengju skipin með hinum vægustu kjörum, gætu staðið undir rekstrinum án frekari aðstoðar ríkissjóðs, þannig að eigi komi augsýnilega til rekstrarstöðvunar, þótt frekari aðstoð kæmi ekki til. Enn fremur var bent á það af einum nefndarmanni, að heppilegra mundi vera að binda hámark ábyrgðar ríkissjóðs samkv. 2. gr. frv. við kostnað þann, sem breyting á skipunum kynni að hafa í för með sér, og að ábyrgðin yrði ekki veitt, nema fyrir lægi meðmæli sérfræðinga, er stjórnin tilnefndi, um að eðlilegt og rétt væri að styðja að slíkum breytingum, svo og að vitað væri fyrir fram um kostnað verksins. En vegna þess, hversu skammur tími er til afgreiðslu málsins, en nefndin álítur, að afgreiða beri það á þessu þingi, vill hún ekki bera fram breytingartillögur við frv. í þessa átt, en treystir hins vegar, að ríkisstjórnin taki til athugunar þessar ábendingar við framkvæmd málsins. Framkomin tillaga frá Haraldi Guðmundssyni var einnig rædd í nefndinni. Vildi einn nefndarmanna (BrB) láta samþykkja hana, en á það gátu aðrir nefndarmenn ekki fallizt.

Með tilvísun til þess, er að framan greinir, leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að fylgja breytingartillögum, er fram kunna að koma, eða bera fram breytingartillögur við umræðu málsins.

Alþingi, 5. marz 1951.

Bernh. Stefánsson, form. Gísli Jónsson, fundaskr., frsm. Karl Kristjánsson.
Brynj. Bjarnason. Þorst. Þorsteinsson.

Ed. **818. Breytingartillaga** [194. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1950, um togarakaup ríkisins.

Frá Haraldi Guðmundssyni og Hannibal Valdimarssyni.

Aftan við 2. gr. bætist:

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast allt að 2 milljón króna lán fyrir eigendur eldri togara til þess að setja í þá olíukyndingu, þó ekki yfir 75% af breytingarkostnaði, með þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

Ed. **819. Lög** [86. mál]

um breyting á lögum nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi.

(Afgreidd frá Ed. 5. marz.)

Samhljóða þskj. 138.

Ed. **820. Lög** [182. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna þjóðminjasafnshússins.

(Afgreidd frá Ed. 5. marz.)

Samhljóða þskj. 679.

Ed. **821. Lög** [176. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku.

(Afgreidd frá Ed. 5. marz.)

Samhljóða þskj. 789.

Ed. **822. Lög** [192. mál]

um heimild til ráðstöfunar á fé mótvirðissjóðs.

(Afgreidd frá Ed. 5. marz.)

Samhljóða þskj. 788.

Sþ. **823. Nefndarálit** [166. mál]

um till. til þál. um að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til lausnar á atvinnuvandræðum Bílddælinga.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hlutinn (GJ, KK, HÁ, HelgJ og JR) vildi ekki afgreiða málið að svo stöddu, en minni hlutinn (HV og ÁS) vill samþykkja tillöguna óbreytta. Ingólfur Jónsson og Pétur Ottesen voru ekki á fundi.

Eins og sýnt er fram á í greinargerð tillögunnar, hefur atvinnuástand á Bíldudal verið þannig síðustu mánuði, að hreint neyðarástand verður að teljast. Kemur þetta mjög glöggt fram í bréfi því frá 8. nóv. 1950, er verkalýðsfélagið Vörn sendi Alþingi og birt var sem fylgiskjal með greinargerð tillögunnar. 7. febrúar s. l. hefur verkalýðsfélagið, að nýafstaðinni atvinnuleysisskráningu fyrir janúar, sent Alþingi annað bréf, er sýnir greinilega, hve atvinnuástandið er slæmt, þrátt fyrir það að allmargir af þeim, er fyrr voru skráðir, hafi þá verið farnir suður á land í atvinnuleit. Er bréf þetta birt hér með sem fylgiskjal.

Liggur því ljóst fyrir, að mikil þörf er á aðstoð hins opinbera til þess að koma í gang atvinnulífi á staðnum, er byggðist á framleiðslu og gjaldeyrisöflun. Við leggjum því til, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 6. marz 1951.

Ásmundur Sigurðsson, frsm. Hannibal Valdimarsson.

Fylgiskjal.

VERKALÝÐSFÉLAGIÐ VÖRN

Bíldudal, 7. febrúar 1951.

Greinargerð um atvinnuleysisskráningu á Bíldudal fyrir nóvember og desember 1950 og janúar 1951.

Að tilhlutan Verkalýðsfélagsins Varnar var atvinnuleysisskráning framkvæmd á Bíldudal í janúarlok og febrúarbyrjun 1951, fyrir mánuðina nóvember og desember 1950 og janúar 1951. Niðurstöður skráningarinnar urðu þessar:

Fyrir nóvember 1950:
Alls skráðir 21. Þar af —

13	fjölskyldumenn með samtals 41 á framfæri (þar af 28 börn):	
	Samanlögð vinnulaun yfir mánuðinn	kr. 3958.00
	Meðallaun yfir mánuðinn	— 304.00
	Til framfærslu hvers einstaklings (54)	— 73.00
7	einhleypir karlar: Samanlögð vinnulaun yfir mánuðinn	— 1920.00
	Meðallaun yfir mánuðinn	— 274.00
1	kona: Vinnulaun yfir mánuðinn	— 492.00

Fyrir desember 1950:
Alls skráðir 24. Þar af —

15	fjölskyldumenn með samtals 54 á framfæri (þar af 40 börn):	
	Samanlögð vinnulaun yfir mánuðinn	— 6753.00
	Meðallaun yfir mánuðinn	— 450.00
	Til framfærslu hvers einstaklings (69)	— 98.00
7	einhleypir karlar: Samanlögð vinnulaun yfir mánuðinn	— 3322.00
	Meðallaun yfir mánuðinn	— 475.00
2	konur: Samanlögð vinnulaun yfir mánuðinn	— 555.00
	Meðallaun yfir mánuðinn	— 278.00

Fyrir janúar 1951:
Alls skráðir 30. Þar af —

14	fjölskyldumenn með samtals 48 á framfæri (þar af 34 börn):	
	Samanlögð vinnulaun yfir mánuðinn	— 4246.00
	Meðallaun yfir mánuðinn	— 303.00
	Til framfærslu hvers einstaklings (62)	— 68.00
10	einhleypir karlar: Samanlögð vinnulaun yfir mánuðinn	— 740.00
	Meðallaun yfir mánuðinn	— 74.00

6 konur með 1 barn á framfæri:

Samanlögð vinnulaun yfir mánuðinn	kr.	263.00
Meðallaun yfir mánuðinn	—	44.00
Til framfærslu hvers einstaklings (7)	—	38.00

Þetta skal tekið fram í sambandi við niðurstöður þessar:

Er skráning fór fram, höfðu um 20 menn ráðið sig til sjóróðra á 2 bátum, er hófu róðra héðan frá Bíldudal í janúar. Flestir þeirra voru atvinnulausir í nóvember og desember og hafa haft mjög rýrar tekjur í janúar. Þessir menn komu ekki til skráningar.

Allmargir, sem atvinnulausir voru í nóv. og des., fóru suður á land um áramótin í atvinnuleit. Enginn þeirra tók því þátt í skráningu þessari fyrir nóv. og des., og því síður fyrir janúar.

Um það bil er skráning fór fram, var að hefjast vinna við bryggjugerð hér, og munu þar vinna um 10 menn, þar af 6—7, er atvinnulausir hafa verið að undanförnu. Þessir menn komu ekki til skráningar, hvorki fyrir janúar, þótt þeir væru enn atvinnulausir þann mánuð, né heldur fyrir nóv. eða des.

Loks létu enn margir hjá líða að taka þátt í skráningunni, þótt eins væri ástatt um tekjur þeirra og hjá þeim, sem skráðir voru.

Um aðra vinnu er ekki að ræða hér sem stendur en við bryggjugerðina, bátana tvo og þann afla, sem þeir bera að landi, sem til þessa hefur verið mjög lítill.

Jafnframt skráningu þessari safnaði félagið skýrslum um atvinnutekjur verkafólks á s. l. ári. Bárust skýrslur frá 23.

11 fjölskyldumenn með 41 á framfæri höfðu samanlagt kr. 95462.00.
Meðalárstekjur kr. 8678.00 eða ca. kr. 1836.00 á einstakling.
7 einhleypir karlar höfðu samanlagt kr. 46246.00.
Meðalárstekjur kr. 6607.00.
5 konur með 1 á framfæri höfðu samanlagt kr. 27009.00.
Meðalárstekjur kr. 5402.00 eða ca. kr. 4501.00 á einstakling.

Afkoma verkafólks og sjómanna á Bíldudal hefur ótvírætt verið mun verri s. l. ár en um ára eða áratuga skeið að undanförnu, og eru þó horfur um atvinnu á þessu ári sízt betri.

F. h. Verkalýðsfél. „Varnar"

Ingimar Júlíusson.

Sþ. 824. Fjáraukalög [150. mál]

fyrir árið 1948.

(Afgreidd frá Sþ. 6. marz.)

Samhljóða þskj. 752.

Sþ. 825. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [73. mál]

í málinu: Till. til þál. um brottnám loftskeytastanganna á Melunum í Reykjavík.

Frá Jóhanni Jósefssyni.

Með því að þessi þingsályktunartillaga er flutt til þess að fá ríkisstjórnina til að framkvæma yfirlýstan vilja Alþingis, sem þegar í maímánuði 1950 heimilaði brottflutning loftskeytastanganna, og þar sem flugmálaráðuneytið hefur nú brugðið við, meðan tillagan er til meðferðar, og samkvæmt tilkynningu þess í blöðum og útvarpi 27. febrúar s. l. heitið því, að stengurnar verði fjarlægðar þegar er veður leyfir á

þessu ári, og hið sama hefur nú við þessa umræðu um tillöguna verið staðfest af ráðherra þeim, er með flugmálin fer, telur Alþingi, að tilgangi tillögunnar sé með þessu náð og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Sþ. 826. Þingsályktun [92. mál]

um afnám skömmtunar á byggingarvörum o. fl.

(Afgreidd frá Sþ. 6. marz.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að afnema nú þegar skömmtun á byggingarvörum og gefa frjálsa byggingu hæfilegra íbúðarhúsa, er menn byggja til eigin afnota, enn fremur byggingu útihúsa í sveitum og verbúða. Leyfi til þess að byggja stærri íbúðir, svo og stærri byggingar, sem eigi er beinlínis þörf vegna framleiðslunnar, verði því aðeins veitt, að innflutt byggingarefni sé afgangs frá þeim byggingum, sem undanþegnar eru fjárfestingarleyfi.

Sþ. 827. Lög [76. mál]

um breyting á áfengislögum, nr. 33/1935.

(Afgreidd frá Sþ. 6. marz.)

1. gr.

Við 16. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgr., svo hljóðandi:

Enn fremur er þeim heimilt að rannsaka, hvort bifreiðar hafi áfengi meðferðis, þó að það sé löglega keypt, enda liggi fyrir rökstuddur grunur um, að áfengið sé ætlað til ólöglegrar sölu.

Nú finnst áfengi í bifreið, þegar svo stendur á sem í næstu málsgr. hér á undan segir, og skal þá refsa eiganda þess sem hann væri sekur um ólöglega áfengissölu, nema hann sanni með sterkum líkum, að áfengið sé ekki ætlað til sölu.

2. gr.

Á eftir 1. mgr. 36. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Brot gegn 4. mgr. 16. gr. varða sektum, er nema í fyrsta sinn fimmföldu og í annað sinn tíföldu söluverði þess áfengis, sem ætlað er til ólöglegrar sölu. Brjóti nokkur oftar ákvæði þeirrar málsgreinar, eða geri sér ólöglega áfengissölu að atvinnu, varðar það auk sektar fangelsi allt að 3 mánuðum. Hafi bifreiðarstjóri ítrekað gerzt sekur um ólöglega áfengissölu, varðar það hann missi réttar til að stjórna bifreið um stundarsakir, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru eða brot er margítrekað. Áfengi, sem flutt er eða geymt ólöglega í bifreið, skal gert upptækt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 828. Lög [6. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast allt að 2250000 króna lán til útgerðarmanna, er síldveiðar stunduðu sumarið 1950.

(Afgreidd frá Nd. 6. marz.)

Samhljóða þskj. 755.

Nd. **829. Lög** [115. mál]

um sölu lögveða án undangengins lögtaks.

(Afgreidd frá Nd. 6. marz.)

Samhljóða þskj. 804.

Ed. **830. Lög** [194. mál]

um breyting á lögum nr 50/1950, um togarakaup ríkisins.

(Afgreidd frá Ed. 6. marz.)

Samhljóða þskj. 799.

Ed. **831. Breytingartillögur** [59. mál]

við frv. til l. um vinnumiðlun.

Frá Haraldi Guðmundssyni og Hannibal Valdimarssyni.

1. Við 1. gr. Á eftir orðunum „Í kaupstað hverjum er" komi: félagsmálaráðherra eða.
2. Við 3. gr.
   a. Á eftir orðunum „Nú ákveður" í upphafi gr. komi: félagsmálaráðherra eða.
   b. Í stað orðsins „hún" komi: bæjarstjórn.
3. Við 7. gr. Greinin orðist þannig:
   Í fjárlögum skal ákveða framlög ríkissjóðs til vinnumiðlunar. Þau skulu þó ekki nema meiru en ⅓ af kostnaði hverrar vinnumiðlunarskrifstofu, sem starfrækt er í samræmi við lög þessi. Allur annar kostnaður við rekstur þeirra greiðist úr hlutaðeigandi bæjarsjóði.

Ed. **832. Breytingartillögur** [165. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla.

Frá Hannibal Valdimarssyni og Rannveigu Þorsteinsdóttur.

Við 1. gr.

1. Orðin „tveggja ára" falli niður.
2. Eftir orðunum „ástæður leyfa" komi: enda séu þar kenndar allar sömu námsgreinar og í bóknámsdeildum gagnfræðaskólanna.

Ed. **833. Lög** [59. mál]

um vinnumiðlun.

(Afgreidd frá Ed. 6. marz.)

Samhljóða þskj. 447.

Sþ. 834. Nefndaskipun.

(70. löggjafarþing.)

Fastanefndir.

A.

Í sameinuðu þingi.

1. Fjárveitinganefnd:

Gísli Jónsson, formaður,
Helgi Jónasson, fundaskrifari,
Pétur Ottesen,
Halldór Ásgrímsson,
Ásmundur Sigurðsson,
Ingólfur Jónsson,
Hannibal Valdimarsson,[1])
Karl Kristjánsson,
Jónas Rafnar.

Til hennar vísað:

1. Frv. til fjárlaga fyrir árið 1951 (1, n. 253 (meiri hl.), n. 265 (1. minni hl.), n. 267 (2. minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Gísli Jónsson.
   Frsm. 1. minni hl.: Hannibal Valdimarsson.
   Frsm. 2. minni hl.: Ásmundur Sigurðsson.
2. Till. til þál. um byggingu þurrkvíar á Patreksfirði (60, n. 317).
   Frsm.: Gísli Jónsson.
3. Till. til þál. um brottnám loftskeytastanganna á Melunum í Reykjavík (121, n. 642).
   Frsm.: Ingólfur Jónsson.
4. Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1947 (132, n. 531).
   Frsm.: Halldór Ásgrímsson.
5. Till. til þál. um niðurgreiðslu á mjólk (136, n. 695).
   Frsm.: Helgi Jónasson.
6. Till. til þál. um innlausn á sjóveðskröfum síldveiðisjómanna (202, n. 643 (minni hl.), n. 716 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Ásmundur Sigurðsson.
   Frsm. meiri hl.: Gísli Jónsson.
7. Till. til þál. um handritamálið (378, n. 625).
   Frsm.: Pétur Ottesen.
8. Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1948 (482, n. 622).
   Frsm.: Halldór Ásgrímsson.
9. Till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til hitaveitu á Sauðárkróki (310, n. 556).
   Frsm.: Gísli Jónsson.
10. Till. til þál. um aðstoð til eflingar atvinnulífinu í Flatey á Breiðafirði (478, n. 808 (minni hl.)).
    Frsm. minni hl.: Hannibal Valdimarsson.
    Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
11. Till. til þál. um athugun á fjárþörf landbúnaðarins (226).
    Nefndarálit kom ekki.

---

1) Í fjarveru hans frá þingbyrjun til 28. okt. tók sæti hans í nefndinni Guðmundur Í. Guðmundsson.

12. Till. til þál. um ríkisábyrgð á láni fyrir Akureyrarkaupstað til að fullgera fjórðungssjúkrahús á Akureyri (570, n. 631).
    Frsm.: Jónas Rafnar.
13. Till. til þál. um niðurgreiðslu á olíu til rafstöðva (207, n. 699 (meiri hl.), n. 700 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Gísli Jónsson.
    Frsm. minni hl.: Ásmundur Sigurðsson.
14. Till. til þál. um ríkisábyrgð á láni fyrir Hvammstangahrepp til jarðarkaupa (561, n. 641).
    Frsm.: Karl Kristjánsson.
15. Till. til þál. um aðstoð til byggingar ódýrra leiguíbúða (494).
    Nefndarálit kom ekki.
16. Till. til þál. um hitaveitu á Reykhólum (528, n. 682).
    Frsm.: Gísli Jónsson.
17. Till. til þál. um að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til lausnar á atvinnuvandræðum Bílddælinga (566, n. 823 (minni hl.)).
    Frsm. minni hl.: Ásmundur Sigurðsson.
    Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
18. Till. til þál. um landhelgisgæzlu og björgunarstörf á Breiðafirði og sunnan við Snæfellsnes (583, n. 698 (minni hl.), n. 711 (meiri hl.)).
    Frsm. minni hl.: Pétur Ottesen.
    Frsm. meiri hl.: Gísli Jónsson.
19. Till. til þál. um ríkisábyrgð fyrir Suðurfjarðahrepp til þess að ljúka endurbyggingu á hafskipabryggju á Bíldudal (600).
    Nefndarálit kom ekki.
20. Till. til þál. um breytingu á gjaldskrá landssímans (609).
    Nefndarálit kom ekki.
21. Till. til þál. um endurbætur á hafnargarðinum í Dalvík (623, n. 807).
    Frsm.: Karl Kristjánsson.
22. Till. til þál. um rekstur gömlu togaranna (654, n. 805 (meiri hl.), n. 813 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Gísli Jónsson.
    Frsm. minni hl.: Ásmundur Sigurðsson.
23. Till. til þál. um aðstoð til frumbýlinga (720, n. 803 (meiri hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Helgi Jónasson.
    Nefndarálit kom ekki frá minni hl.

2. Allsherjarnefnd:

Jóhann Jósefsson, formaður,[1])
Jón Gíslason, fundaskrifari,
Jón Sigurðsson,
Lúðvík Jósefsson,[2])
Jörundur Brynjólfsson,
Stefán Stefánsson,
Finnur Jónsson.

Til hennar vísað:

1. Till. til þál. um skipun nefndar til að gera tillögur um aukna atvinnu í kaupstöðum og kauptúnum (15, n. 162 (minni hl.), n. 168 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Finnur Jónsson.
   Frsm. meiri hl.: Jörundur Brynjólfsson.

1) Meðan hann dvaldist erlendis 15. nóv. til 7. des. tók sæti hans í nefndinni Ingólfur Jónsson, og gegndi hann jafnframt formannsstörfum sama tíma.
2) Í fjarveru hans frá þingbyrjun til 24. okt. og 2. til 7. marz tók sæti hans í nefndinni Magnús Kjartansson.

Fastanefndir Sþ.: Allsherjar- og utanríkismálanefndir.

2. Till. til þál. um friðun rjúpu (26, n. 57 (meiri hl.), n. 66 (1. minni hl.), n. 70 (2. minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Jóhann Jósefsson.
   Frsm. 1. minni hl.: Magnús Kjartansson.
   Frsm. 2. minni hl.: Jón Sigurðsson.
3. Till. til þál. um vélræna upptöku á þingræðum (61, n. 639).
   Frsm.: Finnur Jónsson.
4. Till. til þál. um réttarrannsókn á slysum, sem orðið hafa á íslenzkum togurum (73).
   Nefndarálit kom ekki.
5. Till. til þál. um innflutning ávaxta (84).
   Nefndarálit kom ekki.
6. Till. til þál. um aukna framleiðslu rafmagnstækja (85).
   Nefndarálit kom ekki.
7. Till. til þál. um skipun nefndar til að athuga vandamál vélbátaflotans (126).
   Nefndarálit kom ekki.
8. Till. til þál. um uppeldisheimili handa vangæfum börnum og unglingum (222, n. 476).
   Frsm.: Jörundur Brynjólfsson.
9. Till. til þál. um talstöðvaþjónustu landssímans (135, n. 401).
   Frsm.: Jóhann Jósefsson.
10. Till. til þál. um endurskoðun íslenzkrar áfengislöggjafar (180, n. 593).
    Frsm.: Jóhann Jósefsson.
11. Till. til þál. um aukningu á dagskrárfé útvarpsins (137, n. 210 (meiri hl.), n. 223 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Finnur Jónsson.
    Frsm. minni hl.: Lúðvík Jósefsson.
12. Till. til þál. um afnám skömmtunar á byggingarvörum o. fl. (157, n. 624 (meiri hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Jóhann Jósefsson.
    Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
13. Till. til þál. um gæðamat iðnaðarvara (181, n. 493).
    Frsm.: Finnur Jónsson.
14. Till. til þál. um lánsfjárútvegun til iðnaðarins (296).
    Nefndarálit kom ekki.
15. Till. til þál. um jöfnunarverð á olíu (206, n. 681).
    Frsm.: Jón Sigurðsson.
16. Till. til þál. um viðbúnað vegna ófriðarhættu (298, n. 491).
    Frsm.: Jón Sigurðsson.
17. Till. til þál. um endurheimt handrita og forngripa (320, n. 520).
    Frsm.: Jörundur Brynjólfsson.
18. Till. til þál. um friðun Faxaflóa (321).
    Nefndarálit kom ekki.
19. Till. til þál. um Grænlandsmálið (379).
    Nefndarálit kom ekki.
20. Till. til þál. um námslánasjóð (691, n. 811).
    Frsm.: Jörundur Brynjólfsson.

3. Utanríkismálanefnd:

Hermann Jónasson,
Ólafur Thors,
Bjarni Ásgeirsson, formaður,
Bjarni Benediktsson,
Finnbogi R. Valdimarsson,
Jóhann Jósefsson, fundaskrifari,
Stefán Jóh. Stefánsson.

Fastanefndir Sþ.: Utanríkismála-, kjörbréfa- og þingfararkaupsnefndir. — *Ed.:* Fjárhagsnefnd.

Varamenn:
Eysteinn Jónsson,
Gunnar Thoroddsen,
Páll Zóphóníasson,
Jóhann Hafstein,
Einar Olgeirsson,
Björn Ólafsson,
Ásgeir Ásgeirsson.

Til hennar vísað:
Till. til þál. um verndun fiskimiða fyrir Vestfjörðum (659).
Nefndarálit kom ekki.

4. Kjörbréfanefnd:
Þorsteinn Þorsteinsson, formaður,[1])
Rannveig Þorsteinsdóttir, fundaskrifari,
Lárus Jóhannesson,
Sigurður Guðnason,
Gísli Guðmundsson.

Nefndin rannsakaði kjörbréf 2. (vara)þm. S-M., Björns Stefánssonar, 11. landsk. (vara)þm., Ingólfs Flygenrings, 4. (vara)þm. Reykv., Soffíu Ingvarsdóttur, og 1. landsk. (vara)þm., Kristins Andréssonar, og lét uppi munnleg álit um þau.

5. Þingfararkaupsnefnd:
Rannveig Þorsteinsdóttir, formaður,
Þorsteinn Þorsteinsson, fundaskrifari,[1])
Bjarni Ásgeirsson,
Áki Jakobsson,
Jónas Rafnar.

B.

Í efri deild.

1. Fjárhagsnefnd:
Bernharð Stefánsson, formaður,
Þorsteinn Þorsteinsson,[1])
Karl Kristjánsson,
Gísli Jónsson, fundaskrifari,
Brynjólfur Bjarnason,[2])

Til hennar vísað:
1. Frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947 (3, n. 64).
Frsm.: Þorsteinn Þorsteinsson.
2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum (4, n. 39 (meiri hl.)).
Frsm. meiri hl.: Bernharð Stefánsson.
Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
3. Frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 62/1939, um tollskrá o. fl. (5, n. 69 (minni hl.), n. 72 (meiri hl.)).
Frsm. minni hl.: Brynjólfur Bjarnason.
Frsm. meiri hl.: Bernharð Stefánsson.
4. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast allt að 2 250 000 kr. lán til útgerðarmanna, er stunda síldveiðar á þessu sumri (6, n. 732).
Frsm.: Gísli Jónsson.
5. Frv. til l. um skyldu bæjar- og sveitarsjóða til að greiða uppbót á laun skólastjóra og kennara við barnaskóla (7, n. 40 (meiri hl.), n. 41 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Karl Kristjánsson.
Frsm. minni hl.: Gísli Jónsson.

---

1) Í veikindaforföllum hans frá 8. nóv. til 5. des. tók sæti hans í nefndinni Ingólfur Flygenring.
2) Meðan hann dvaldist erlendis, 21. nóv. til 12. des., tók sæti hans í nefndinni Kristinn Andrésson.

Fastanefndir Ed.: Fjárhagsnefnd.

6. Frv. til l. um aðstoð til bænda á óþurrkasvæðunum à Austur- og Norðurlandi (24, n. 97 (minni hl.), n. 98 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Gísli Jónsson.
   Frsm. meiri hl.: Karl Kristjánsson.
7. Frv. til l. um viðauka við l. nr. 50 25. maí 1950, um togarakaup ríkisins (51, n. 59).
   Frsm.: Gísli Jónsson.
8. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt (55, n. 297 (meiri hl.), n. 318 (1. minni hl.), n. 319 (2. minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Karl Kristjánsson.
   Frsm. 1. minni hl.: Gísli Jónsson.
   Frsm. 2. minni hl.: Þorsteinn Þorsteinsson.
9. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1951 með viðauka (8, n. 365).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
10. Frv. til l. um tekjuskattsviðauka árið 1951 (9, n. 366).
    Frsm.: Bernharð Stefánsson.
11. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1951 (108, n. 398).
    Frsm.: Þorsteinn Þorsteinsson.
12. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit (123).
    Nefndarálit kom ekki.
13. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 1939, um tollskrá o. fl. (171, n. 508 (meiri hl.), n. 606 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Gísli Jónsson.
    Frsm. minni hl.: Brynjólfur Bjarnason.
14. Frv. til l. um framkvæmd á viðskiptasamningum við Pólland, dags. 14. júní 1948 og 7. apríl 1949 (46, n. 506).
    Frsm.: Gísli Jónsson.
15. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 27. júní 1921, um fasteignaskatt (156, n. 503).
    Frsm.: Þorsteinn Þorsteinsson.
16. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt (208).
    Nefndarálit kom ekki.
17. Frv. til l. um innflutning jeppabifreiða (221).
    Nefndarálit kom ekki.
18. Frv. til l. um útreikning vísitölu framfærslukostnaðar (49, n. 304 (meiri hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Gísli Jónsson.
    Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
19. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit (170, n. 505).
    Frsm.: Gísli Jónsson.
20. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl. (309, n. 449).
    Frsm.: Gísli Jónsson.
21. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 101 30. des. 1943, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (254, n. 367).
    Frsm.: Þorsteinn Þorsteinsson.
22. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 102 30. des. 1943, um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra (255, n. 368).
    Frsm.: Þorsteinn Þorsteinsson.
23. Frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands (276, n. 420 (meiri hl.)).

Frsm. meiri hl.: Gísli Jónsson.
Nefndarálit kom ekki frá minni hl.

24. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 67 5. júní 1947, um eignakönnun (359, n. 418).
Frsm.: Þorsteinn Þorsteinsson.

25. Frv. til l. um framlenging á gildi III. kafla l. nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna (391, n. 419 (minni hl.), n. 425 (meiri hl.)).
Frsm. minni hl.: Brynjólfur Bjarnason.
Frsm. meiri hl.: Gísli Jónsson.

26. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt (62, n. 434).
Frsm.: Þorsteinn Þorsteinsson.

27. Frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1947 (133, n. 592).
Frsm.: Bernharð Stefánsson.

28. Frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1948 (483, n. 702).
Frsm.: Bernharð Stefánsson.

29. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl. (701, n. 730).
Frsm.: Þorsteinn Þorsteinsson.

30. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna þjóðminjasafnshússins (679, n. 765).
Frsm.: Þorsteinn Þorsteinsson.

31. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm, o. fl. (753, n. 762 (1. minni hl.), n. 763 (meiri hl.), n. 764 (2. minni hl.)).
Frsm. 1. minni hl.: Brynjólfur Bjarnason.
Frsm. meiri hl.: Karl Kristjánsson.
Frsm. 2. minni hl.: Gísli Jónsson.

32. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku (789, n. 796).
Frsm.: Karl Kristjánsson.

33. Frv. til l. um heimild til ráðstöfunar á fé mótvirðissjóðs (788, n. 797).
Frsm.: Þorsteinn Þorsteinsson.

34. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1950, um togarakaup ríkisins (799, n. 817).
Frsm.: Gísli Jónsson.

Nefndin flutti:

Frv. til l. um viðauka við l. nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins (336).
Frsm.: Bernharð Stefánsson.

Nefndin skilaði áliti um málið á þskj. 486.
Frsm.: Gísli Jónsson.

Meiri hl. nefndarinnar flutti:

Frv. til l. um breyt. á og viðauka við l. nr. 117/1950, um breyt. á l. nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl. (611).
Frsm.: Bernharð Stefánsson.

2. Samgöngumálanefnd:

Þorsteinn Þorsteinsson,[1])
Karl Kristjánsson, fundaskrifari,
Eiríkur Einarsson, formaður,[2])
Vilhjálmur Hjálmarsson,[3])
Steingrímur Aðalsteinsson.

---

1) Í veikindaforföllum hans 8. nóv. til 5. des. tók sæti hans í nefndinni Ingólfur Flygenring.
2) Í veikindaforföllum hans 19. jan. til 7. marz tók sæti hans í n. Sigurður Óli Ólafsson.
3) Í fjarveru hans frá þingbyrjun til 5. nóv. tók sæti hans í nefndinni Björn Stefánsson.

Fastanefndir Ed.: Samgöngumála-, landbúnaðar- og sjávarútvegsnefndir.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947 (30).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Frv. til l. um stjórn flugmála (413, n. 439 (meiri hl.), n. 440 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Eiríkur Einarsson.
   Frsm. minni hl.: Steingrímur Aðalsteinsson.

Í samvinnu við samgöngumálanefnd Nd. tók nefndin til íhugunar styrk til flóabátaferða. Er álit samvinnunefndarinnar um það efni á þskj. 281 (frsm.: Sigurður Bjarnason).

3. Landbúnaðarnefnd:

Páll Zóphóníasson, formaður,
Þorsteinn Þorsteinsson,[1])
Vilhjálmur Hjálmarsson,[2])
Eiríkur Einarsson, fundaskrifari,[3])
Finnbogi R. Valdimarsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 112 30. sept. 1947, um loðdýrarækt (81, n. 332).
   Frsm.: Páll Zóphóníasson.
2. Frv. til ábúðarlaga (107, n. 142).
   Frsm.: Vilhjálmur Hjálmarsson.
3. Frv. til l. um rétt manna til kaupa á ítökum (99, n. 145).
